

**ÚRSKURÐARNEFND
Í
VÁTRYGGINGAMÁLUM**

Samantekt úrskurða 2012

Mál nr. 3/2012**M
og
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Starfsmaður féll af steyptri gólfplötu í húsbyggingu.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 3.1.2012, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags 18.1.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 24.1.2006 var M við störf hjá V í nýbyggingu. Vann M ásamt tveimur samstarfsmönnum við að mæla fyrir veggfestingum fyrir veggjaeiningu á holplötu. Hafði M verið á rörapalli sem lá upp að brún holplötunnar. Fór M upp á holplötuna til að aðstoða samstarfsmennina. Er hann stóð við brún holplötunnar mun vindhviða hafa feykt honum til þannig að hann féll niður af plötunni um 3,8 m ofan í húsgrunninn. M slasaðist við fallið. Engar fallvarnir voru við brún plötunnar.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá váttryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt gögnum málsins liggur ekki fyrir með skýrum hætti hvernig framkvæma skyldi það verk sem M vann við. Þannig liggur m.a. ekki fyrir með skýrum hætti hvort unnt hefði verið að færa til vinnupallinn sem M hafði staðið á og hvort ætlast hafi verið til að hann skyldi færður til þannig að verkið væri unnið af pallinum eða á brún holplötunnar ofan við vinnupallinn. Verður við það að miða að M hafi verið á umræddum stað við brún plötunnar vegna starfs síns. Þar voru engar fallvarnir. Í gátlista sem unninn var af hálfu V vegna slyssins kemur fram varðandi úrbætur að uppsetning rörapalla verði samkvæmt reglugerð og fallvarnir verði settar upp á holplötu. Öryggisbúnaði var því áfátt og ber V ábyrgð á að svo var. M átti á hinn bóginn að gera sér ljósa grein fyrir að fallvarnir vantaði við brún plötunnar og varasamt gat verið að standa nálægt brúninni eins og veðri mun hafa verið háttað. Hann sýndi því nokkuð aðgæsluleysi þannig að hann ber einnig nokkra ábyrgð á því tjóni sem hann varð fyrir. Að öllu virtu þykir rétt að hann fái tjón sitt bætt að 2/3 hlutum úr ábyrgðartryggingu V hjá X, en beri tjón sitt sjálfur að 1/3.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist að 2/3 hlutum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 30. mars 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 7/2012**M
og
vátryggingafélagið X v/ innbústryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna brunaskemmda á tölvu.****Gögn.**

3. Málskot, móttækið 4.1.2012, ásamt fylgigögnum.
4. Bréf X, dags 20.1.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í málskoti er atviki því sem er til úrlausnar í máli þessu lýst svo að leslampi, sem hafi staðið á skrifborði, hafi verið færður að tölvu. Svo virðist sem við það hafi skemmdir orðið á tölvunni af völdum hita frá lampanum. Í tjónaskýrslu frá tölvuverkstæði er ástandi tölvunnar og væntanlegri viðgerð lýst svo: „Plastcover framan á tölvu og að aftan hefur bráðnað saman. Taka þarf alla vélina í sundur ásamt öllum íhlutum til þess að skipta um þessa varahluti.“

M hefur krafist bóta fyrir tjónið úr innbústryggingu sinni sem hann hefur hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir í málinu um tjónið sem varð á tölvu M. Ekki verður annað ráðið en plast utan um tölvuna hafi bráðnað saman af völdum hita frá leslampa sem hafi verið færður að tölvunni. Samkvæmt yfirlitsmynd, sem er hluti af vátryggingarskilmálum innbústryggingar X, bætir vátryggingin m.a. tjón af völdum bruna og eldsvoða. Jafnframt er þó tekið fram að vátryggingin bæti ekki sviðnun eða bráðnun sem ekki verður talin eldsvoði, svo sem þegar hlutur sviðnar frá straujárnri, frá glóð vegna tóbaksreykinga, eldstæðum eða þess háttar. Með vísan til þessa undanþáguákvæðis í skilmálunum verður að telja að vátryggingin taki ekki til þess tjóns sem varð á tölvu M, en það varð við það að plasthlíf utan um tölvuna bráðnaði saman vegna hita frá lampa án þess að um eldsvoða hafi verið að ræða að séð verður. Tjón M fæst því ekki bætt úr innbústryggingunni hjá X.

Niðurstaða.

Tjón á tölvu í eigu M bætist ekki úr innbústryggingu hjá X.

Reykjavík, 21. febrúar 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 8/2012**M
og
váttryggingafélagið X v/ kaskótryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um bótaskyldu er kaskótryggð bifreiði féll í Hvítá í Borgarfirði hinn
16.8.2011.****Gögn.**

5. Málskot, móttakið 5.1.2012, ásamt fylgigögnum.
6. Bréf X, dags. 26.1.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M var skráður umráðamaður bifreiðarinnar A sem er af gerðinni Porsche Cayenne. Skömmu fyrir miðnætti hinn 16.8.2011 ók stefnandi A norður Borgarfjarðarbraut í átt að Stafholtstungum. Er hann átti skammt ófarið að brúnni yfir Hvítá fór A út af veginum hægra megin og fór um 50 m vegalengd meðfram veginum að árbakkanum og valt þar út í ána. Lenti hún fyrst á hægri hlið en hafnaði svo á toppinum í grunnu og lyggnu vatni rétt upp við árbakkann.

Í skýrslu lögreglunnar í Borgarnesi, sem rannsakaði vettvang eftir slysið, segir að M hafi strax í byrjun orðið margsaga um atvik. Er haft eftir M að hann hafi verið á leið til að taka eldsneyti á A. Hann hafi fyrst lagt leið sína í Reykholt en þar hafi verið búið að loka bensínafgreiðslunni. Hann hafi svo verið á leið í söluskálann Baulu er atvikið varð. Hann hafi ekki verið á leið í langferðalag og ekki þurft sérstaklega á eldsneyti að halda, en kvaðst þá einnig hafa ætlað að kaupa sér sælgæti og snakk til að hafa með sjónvarpinu um kvöldið. Kvaðst M hafa verið á 50 km hraða á klst. Hafi hann verið að reyna að ná í geisladisk sem hann hafi ætlað að nota og því litið af veginum. Þá hafi A farið út af. Kvaðst M telja að hann hafi ekki stigið á hemla A er hann varð þess var að A var að fara út af veginum heldur þess í stað stigið á eldsneytisgjöfina. M kvaðst svo halda að hraði A hafi verið um 60-70 km á klst. er hún fór út af veginum. Síðar er hann hafi áttað sig á vegalengdinni frá því A fór út af veginum og þar til hún valt fram af árbakkanum taldi hann sig hafa verið á 80-90 km hraða á klst.

Fram kemur í lögregluskýrslunni að sérstaka eftirtekt hafi vakið að í ferli A frá því hún fór út af veginum og að bakkanum þar sem hún valt svo niður í ána hafi ekki með nokkru móti verið hægt að greina hemlaför né ummerki í hjólförunum sem gáfu til kynna að A hafi verið gefið inn, þ.e.a.s að M hafi óvart stigið á eldsneytisgjöf í stað hemlafetils. Þá segir í lögregluskýrslunni að ef M hefði stigið á eldsneytisgjöf A, sem er u.þ.b. 300 hestöfl, á fyrrgreindum 50 m vegarkafli sem hún fór utan vegar að ánni sé nánast óhugsandi að A hefði nánast lekið ofan af bakkanum niður í ána. Þess í stað hefði hún farið mun lengra út í ána þar sem straumur hafi verið mun þyngri. Ekkert hliðarskrið hafi verið í hjólförum A utan þess að greina hafi mátt los í mól þar sem ekið hafði verið út af malbikinu út á vegöxlina. Líklegt sé að greina hefði mátt hliðarskrið ef A hefði verið hemlað eða ef gerð hefði verið tilraun til að beygja aftur inn á veginn. Hafi hjólförin legið frá þeim stað er A var ekið út af veginum og beint niður að ánni, líkast því að A hafi verið ekið þangað af ásettu ráði.

Í sjálfstæðri skýrslu sinni um atvikið kveðst M vera haldinn sykursýki og þar sem hann dvaldist í Borgarfjarðarhéraði umrætt kvöld hafi hann gefið sér frekar háan insúlínskammt þar sem hann hafði eldað mikið, en hann hafi ekki átt strimla til notkunar við mælingar á blóðsykri og því hafi hann ekki getað mælt blóðsykurinn hjá sér. Hafi honum fundist hann þurfa á sykri að halda vegna lækkaðs blóðsykurs. Hann hafi ekki fundið nein sætindi í húsinu þar sem hann dvaldist og því ákveðið að fara í verslun N1 í Reykholti til að kaupa eitthvað sætt til að koma blóðsykrinum upp og einnig til að eiga eitthvað með sjónvarpinu um kvöldið. Hann hafi svo séð er hann ók af stað að lítið hafi verið eftir af bensíni á A. Er hann kom að N1 í Reykholti hafi verslunin þar verið lokuð. Hann hafi þá snúið við og ákveðið að fara í Baulu. Er hann hafi verið kominn að Hvítá hafi hann farið að finna fyrir einkennum sykurfalls. Hann hafi stressast og farið að vesenast í útvarpi sem fljótlega hafi dottið út. Hann hafi svo farið að reyna að ná í geisladisk sem hafi verið fastur á milli sæta til að róa sig niður. Hafi hann verið orðinn stressaður og liðið eins og hann væri ölvaður. Í þessu ástandi hafi hann ekki gert sér grein fyrir hraða A og hann hafi jafnvel ruglast á milli hraðamæla en í bifreiðinni hafi verið mælar sem sýndu hraðann bæði í mílum og kílómetrum. Mjög dimmt hafi verið og hann sjái mjög illa í myrkri. Hann hafi farið að gramsa eftir einhverju sætu og þá fundið „snickers“ í hanskahólfinu sem hann hafi alls ekki búist við að finna þar sem hann hafði verið í aðhaldi í um 10 mánaða skeið. Telur M að hann hafi misst meðvitund og dottið út, en rankað við sér í bifreiðinni á hvolfi. Hann hafi getað losað sig úr öryggisbelti, fundið síma sinn sem hafi verið í lokuðu hólfi á milli sætanna og náð að hringja í neyðarlínuna. Sjúkrabifreið hafi svo komið á vettvang um 30 mínútum síðar. Hafi verið hlúð að honum og blóðsykurinn mældur sem hafi mælst 10,2. M kvað sykursýki sína hafa alla tíð verið feimnismál og hann hafi ekki rætt um það við hvern sem er. Hafi það verið stór ástæða þess að hann minntist ekki á sykurfallið við lögregluna sem kom á vettvang.

Að beiðni X var fyrirtækið B fengið til að rannsaka atvikið og tilurð þess. Í niðurstöðukafla greinargerðar fyrirtækisins um atvikið segir m.a. svo:

- „1) Ökuhraðinn sem [M] segist hafa verið á fyrir óhappið hefur verið á reiki á bilinu 50-90 km/klst.....
- 3) Uppgefinn ökuhraði [M] í endanlegri útgáfu á að hafa verið 80-90 km/klst.
- 4) Við vettvangsrannsókn er fjarlægð frá vegstíku að þeim stað sem bifreiðin byrjar að fara út af veginum það stuttur að útilokað er að aka bifreiðinni á 80-90 km/klst án þess að bifreiðin myndi skrika verulega til og akstursferill að bakka árinnað passar engan veginn við atvikalýsingu [M]. Bifreiðin hefur verið komin tiltölulega skamma vegalengd (nokkra metra) frá vegstíkunni norðan megin við pípuhliðið er hún tók beina stefnu niður að ánni.
- 5) Á uppgefnum ökuhraða hefði bifreiðin skrikað til í vegkantinum sem og á grasinu þar sem viðnám malar og grass er mun minna en á malbikuðum vegi. Bifreiðin hefði einnig farið mun lengra frá bakkanum og út í ána en hún gerði hefði bifreiðin verið á uppgefnum hraða. Ef hraðinn er tekinn niður um helming hefði bifreiðin samt sem áður skotist lengra á bakkanum og hafnað lengra út í ánni.
- 6) För á vélarhlíf og þaki bifreiðarinnar eru mjög stutt benda eindregið til þess að bifreiðin hafi verið á mjög lítilli ferð.
- 7) För á árbakkanum eftir hægri hjól bifreiðarinnar sýna einnig að bifreiðin hafi verið á mjög lítilli ferð.
- 8) Fjarlægð frá árbakkanum skv. myndum frá lögreglu að bifreiðinni er lítil sem bendir einnig til að bifreiðin hafi verið á mjög lítilli ferð.“

M hafði kaskótryggt A hjá váttryggingafélaginu X. M hefur krafist bóta úr kaskótryggingunni vegna þess tjóns sem varð á bifreiðinni. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt greinum 4.3. og 4.4. í skilmálum kaskótryggingarinnar hjá X bætir váttryggingin tjón vegna veltu og hrops og útafaksturs. Í 8. gr. sameiginlegra skilmála X, sem einnig gilda um kaskótrygginguna, segir að váttryggður eigi enga kröfu á hendur félaginu, ef váttryggingaratburður verður rakinn til ásetnings váttryggðs nema hann hafi ekki vegna aldurs eða andlegs ástands gert sér grein fyrir afleiðingum gerða sinna. Síðastgreint ákvæði á sér stoð í 1. og 4. mgr. 27. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ekki er um það deilt að A var ekið út af Borgarfjarðarbraut uns hún hrapaði og valt ofan í Hvítá. Þegar litið er til fyrirliggjandi lögregluskýrslu og annarra rannsóknargagna er ljóst að engin verksummerki voru á vettvangi sem bentu til að M hafi misst stjórn á A eða hann hafi reynt að koma í veg fyrir að bifreiðin hafnaði í ánni. Á hinn bóginn var af verksummerkjum ekki annað ráðið en A hafi verið ekið á litlum hraða út af veginum og beint að árbakkanum þar sem hún valt út í ána. Framburður M um tildrög slyssins og hraða bifreiðarinnar hefur verið misvísandi og við heildstætt mat á atvikum verður að telja skýringu hans á því að atvikið megi rekja til þess að hann hafi fengið sykurfall í sömu andrá og A fór út af veginum ekki trúverðuga. Samkvæmt þessu og þegar litið er til ferils A og hvernig hún lá í ánni þykir mega slá föstu að M hafi af vilja stjórnað A út af veginum uns hún hafnaði í ánni. Samkvæmt því hefur M fyrirgert rétti sínum til bóta úr kaskótryggingunni, sbr. 8. gr. hinna sameiginlegu skilmála váttryggingarinnar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr kaskótryggingu A hjá X.

Reykjavík, 28. febrúar 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 12/2012**M
og
vátryggingafélagið X v/ kaskótryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um hvort skemmdir á bifreið megi rekja til skemmdarverka.****Gögn.**

7. Málskot, móttakið 6.1.2012, ásamt fylgigögnum.
8. Bréf X, dags. 30.1.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Skemmdir urðu á hægri hurð og hægra frambretti á bifreiðinni A sem er í eigu M. Samkvæmt gögnum málsins mun dóttir M hafa farið á bifreiðinni til vinnu sinnar hinn 17.7.2011. Að loknum vinnudegi um kl. 23.00 hafi hún farið og sótt tvo kunningja sína. Er annar þeirra hafi reynt að opna hægri framdyr A hafi verið óvænt fyrirstæða og hurðin líklega beyglast. Er dóttir M athugaði bifreiðina hafi komið í ljós að sparkað hafi verið í hurðina og hægra frambretti, enda fótspor verið á hurðinni. Fyrrgreindir kunningjar dóttur M hafa lýst skemmdunum og tilurð þeirra á sama veg.

A var kaskótryggð hjá vátryggingafélaginu X og hefur M krafist bóta úr vátryggingunni vegna þeirra skemmda sem urðu á A. X hefur hafnað bótaskyldu. Kveður X að skemmdirnar hafi orðið þar sem styrkur er hvað mestur í hurðinni og brettinu og þær hafi ekki getað orðið við það að sparkað hafi verið í þessa hluta A. Á ljósmyndurm af skemmdunum sem liggja fyrir í málinu sé ekki að sjá sparkför á A né ákomur sem mögulega geti verið eftir spark.

Álit.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum þykir mega fallast á það með X að útilokað sé að skemmdir á A hafi orðið við það að sparkað hafi verið í hana. Verður því að telja ósannað að þær hafi orðið af völdum skemmdarverks. Svo virðist sem skemmdirnar hafi orðið við það að hurðin hafi af einhverjum ástæðum spennst upp. Ekkert liggur fyrir um að það hafi orðið af völdum atviks sem fellur undir bótasvið kaskótryggingarinnar hjá X. Tjónið telst því ekki bótaskyldt úr vátryggingunni.

Niðurstaða.

Tjón á A bætist ekki úr kaskótryggingu bifreiðarinnar hjá X.

Reykjavík, 28. febrúar 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 19/2012**M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Fiskikar féll á starfsmann er unnið var við löndun úr fiskiskipi hinn 16.12.2009.****Gögn.**

9. Málskot, móttakið 13.1.2012, ásamt fylgigögnum.
10. Bréf X, dags. 30.1.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M vann fyrir skipaafgreiðsluna V við löndun úr fiskiskipi. Stæða af þremur fiskikörum var dregin með hjálp krana frá síðu skipsins og undir lestaropið. Rakst þá neðsta karið í hlífðargrind yfir lensibrunn og við það hvolfdist stæðan yfir M og varð hann fyrir líkamstjóni af þeim sökum.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá vátryggingafélaginu X. X hefur viðurkennt bótaskyldu að helmingi en telur að M skuli bera sjálfur helming tjónsins vegna meðábyrgðar sinnar á því að slysið varð, en hann hafi ekki farið að fyrirmælum um að halda sér í hæfilegri fjarlægð frá stæðunni er hún var dregin eftir lestargólfinu.

Álit.

Fyrir liggur að aðstæður voru ekki fullnægjandi í lest skipsins er stæðan var dregin eftir lestargólfinu þannig að hún rakst í hlífðargrindina með þeim afleiðingum að stæðan hvolfdist yfir M. Ekki er um það deilt að slysið verður rakið til atvika sem V ber ábyrgð á. Slysið var ekki rannsakað af Vinnueftirlitinu á sínum tíma og rannsókn lögreglu var mjög takmörkuð. Engin skýrsla virðist hafa verið tekin af M um það hvernig slysið bar að höndum og hvernig verkið hafði verið skipulagt af hálfu V. Af gögnum málsins verður því ekki talið sannað með fullnægjandi hætti að M hafi sýnt af sér saknæma háttsemi í umrætt sinn þannig að skerða beri bætur til hans. Hann á því rétt á óskertum bótum fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

M á rétt á óskertum bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 28. febrúar 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 22/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar atvinnureksturs T

**Vatnstjón þegar tenging gaf sig við kæliraft og vatn flæddi út á gólf og niður á næstu hæð þ.
24.11.2011.**

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 20.1.2012 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V dags. 13.2.2012 ásamt fylgiskjölum 1-2

Málsatvik.

M segir að vatnstjón hafi orðið sem rekja megi til vinnubragða starfsmanna T, en tenging við kæliraft hafi gefið sig og nokkur þúsund lítrar af kælivatni flæddi út á loft á 4 hæð húss, yfir allt gólfíð og niður á 3. hæð hússins. M byggir á því að pípulagningameistarinn sem bar ábyrgð á verkinu hefði átt að ganga úr skugga um að rörið mundi ekki dragast úr tengirónni við það að róin var hert. Lekinn hefði því ekki orðið hefði pípulagningameistarinn og starfsmenn hans sýnt eðlilega aðgæslu. M gerir kröfu til bóta og hafnar því að um óhappatilvik hafi verið að ræða. V hafnar bótaskyldu og segir að notuð hafi verið tengi af viðurkenndri gerð og hafi öll vinnubrögð pípulagningameistara verið samkvæmt venju og tjónið verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi T. Þá telur V að M hafi ekki sannað eða lagt fram gögn sem sanni að skilyrði skaðabótaábyrgðar sé fyrir hendi.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið um tildrög óhappsins en það sem segir í tjónstilkynningu þar sem segir "Rörið hefur líklegast dregist aðeins út þegar róin var hert, án þess að píparinn tæki eftir því." V segir að T hafi skipt um öll tengi í þessu kerfi og ekki sjáist á skrófaða tenginu hvort það hafi dregist til þegar búið var að skrófa það saman. Ekkert mat liggur fyrir eða óháð skoðunargerð á því hvað raunverulega gerðist. Miðað við fyrirbyggjandi gögn er ekki sannað að T hafi valdið tjóninu með saknæmri háttsemi sinni eða starfsmanna sinna. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu T hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu T hjá V.

Reykjavík 6.3 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 23/2012**M
og
váttryggingafélagið X v/ slysáttryggingar ökumanns.****Ágreiningur um skerðingu bóta úr slysáttryggingu ökumanns vegna stórkostlegs gáleysis.****Gögn.**

11. Málskot, móttakið 20.1.2012, ásamt fylgigögnum.
12. Bréf X, dags.13.2 .2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 27.11.2009 varð árekstur á Goðanesi á Akureyri á móts við hús nr. 2 með bifreiðinni A og hópibifreiðinni B. Í lögregluskýrslu er aðstæðum á vettvangi lýst svo að myrkur hafi verið en götulýsing, hálka og eljagangur. Mikið sjáanlegt tjón er sagt hafa orðið á báðum bifreiðum og að A hafi verið ónýtt. Segir í lögregluskýrslu að A hafi verið ekið suður Goðanes og B til norðurs. Goðanes liggja frá Baldursnesi í norður og síðan í sveig til vesturs vestan við Goðanes 2. Syðst á götunni sé einnig blindhæð og beygja á götunni sé það kröpp að sýna þurfi sérstaka aðgæslu við akstur eftir götunni, einnig við bestu aðstæður. Snjór hafi verið á götunni en búið að moka upp í snjóruðninga bæði austan og vestan götunnar. För eftir bifreiðirnar á vettvangi hafi horfið vegna snjókomu og umferðar. Við komu á vettvang hafi þó mátt sjá skriðför eftir A sem hafi legið yfir á öfugan vegarhelming.

M var ökumaður og eigandi A. Í lögregluskýrslu er haft eftir M að hann muni ekkert eftir slysinu svo heitið geti.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið yfir hæðina á Goðanesi og verið byrjaður að aka beygjuna er hann veitti A athygli. Hafi A verið ekið á mjög miklum hraða og hafi hún komið nánast þversum á veginum í hliðarskriði eftir beygjuni og verið komin yfir á öfugan vegarhelming.

Tvö ónafngreind vitni gáfu sig fram við lögreglu á vettvangi. Þau kváðu A hafa verið ekið austur Goðanes og síðan í beygjuna til suðurs. Þá hafi A verið ekið á miklum hraða og á hliðarskriði í beygjuni. Stuttu síðar hafi þau heyrt mikinn hávaða og áttað sig á að árekstur hafði orðið.

Farþegi í A kvað þá hafa ekið tvo hringi eftir Goðanesi sér til skemmtunar þar sem nýfallinn snjór hafi verið ofan á þjöppuðum snjó og því verð talsvert hált, en þeir hafi einnig verið að prófa A sem hafi verið fjór hjóladríf. Í fyrri hringnum hafi allt gengið vel og engin umferð verið. Í seinni hringnum hafi M ekið á 60-70 km hraða á klst. suður Goðanes þegar B hafi skyndilega komið á móti og M ekki ráðið við neitt og hafi A hafnað framan á B.

M varð fyrir líkamstjóni við áreksturinn og hefur krafist bóta úr slysáttryggingu ökumanns A hjá váttryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu þar sem M hafi valdið slysinu með háttsemi sem metin verður til stórkostlegs gáleysis.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 90. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins ef váttryggður hefur valdið því af stórkostlegu gáleysi að váttryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið. Af gögnum málsins þykir nægilega í ljós leitt að M ók bifreiðinni sinni langt yfir leyfilegum hraða og miklum mun hraða en aðstæður leyfðu. Hafði hann enga stjórn á bifreiðinni er B bar að úr gagnstæðri átt. Rann A þannig á miklum hraða yfir á öfugan vegarhelming þar sem hún hafnaði á B. Aksturslag M var hættulegt og fyrirsjáanlegt að það var til þess fallið að valda slysi. M var því valdur að slysinu með háttsemi sem verður metin honum til stórkostlegs gáleysis. Eftir atvikum öllum þykir rétt að ábyrgð X á tjóni M skerðist að nokkru eða um 1/3 þannig tjónið verði bætt að 2/3 hlutum úr slysatryggingunni hjá X.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist að 2/3 hlutum úr slysatryggingu ökumanns A hjá X.

Reykjavík, 28. febrúar 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 27/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar bifreiða

Umferðaróhapp á Suðurlandsvegi milli Bæjarháls og Hádegismóa þ. 6.4.2009

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 25.1.2012 ásamt fylgiskjölum 1-17
2. Bréf V dags. 16.2.2012 ásamt fylgiskjölum 1-3

Málsatvik.

Verið var að flytja vinnuskúr á flutningabifrei og þegar bifreiðin ók undir brúna milli Hádegismóa og Bæjarháls rakst vinnuskúrinn í brúna og brak brotnaði af honum og fór á bifreið M. M krefst bóta vegna þess að M hafi orðið fyrir höggi á bak og háls við umrætt umferðaróhapp. Af hálfu M eru lögð fram gögn sem M telur sýna fram á orsakatengsl milli umrædds slyss og þeirra afleiðinga sem M telur sig hafa orðið fyrir og byggir bótakröfu sína á. V hafnar bótaskyldu og telur ekki sýnt fram á orsakatengsl milli umferðaróhappsins og meintra einkenna M. V segist ekki ætla að una niðurstöðu örorkumats sem fyrir liggur í málinu og hafi ákveðið að fara fram á nýtt mat. V telur því spurning um hvort tímabært sé fyrir Úrskurðarnefnd í Vátryggingamálum að taka mál þetta til skoðunar.

Álit.

Þar sem fyrir liggur að V hefur ákveðið að afla viðbótargagna, sem geta skipt máli varðandi niðurstöðu máls þessa, er ekki tímabært fyrir Úrskurðarnefnd í Vátryggingamálum að taka mál þetta til úrskurðar og er málinu vísað frá af þeim sökum að ekki er tímabært að úrskurða í málinu.

Niðurstaða.

Málinu er vísað frá nefndinni

Reykjavík 6.3. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 28/2012
M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.

Starfsmaður varð fyrir áfallastreituröskun er móðir hans slasaðist á vinnustað.

Gögn.

13. Málskot, móttekið 25.1.2012, ásamt fylgigögnum.
14. Bréf X, dags. 20.2.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 20.2.2009 var M við störf í matvælaverksmiðju V. K, móðir M, vann einnig á vinnustaðnum og vann í umrætt sinn við gerð hrásalats. Við það verk var tekið majónes úr sérstakri tunnu þar sem það var geymt undir loftþrýstingi. Vildi þá til það slys að lok sprakk af tunnunni þeyttist í K og samstarfskonu hennar. Við slysið mun K hafa slasast alvarlega. V hafði ábyrgðartryggingu hjá vátryggingafélaginu X vegna starfsemi sinnar. X mun hafa viðurkennt bótaskyldu úr ábyrgðartryggingunni vegna líkamstjóns K.

Í fyrirbyggjandi vottorði geðlæknis kemur fram að hann hafi séð M 25.11.2009. Hafi M sagst hafa orðið vitni að því er K varð fyrir fyrrgreindu slysi. Hann svæfi 4 klst. að hámarki á hverri nóttu og endurupplifði slysið stöðugt. Kvað lækniþetta vera dæmigerð einkenni áfallastreituröskunar, auk þess sem hann kvað hjartaeinkenni sem hafi greinst hjá honum tengjast kvíða hans eftir slys K.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X sem og slysatryggingu launþega. X hefur hafnað bótaskyldu úr báðum vátryggingunum.

Álit.

Í lögregluskýrslum vegna slyssins og öðrum gögnum varðandi rannsókn á slysinu verður ekki séð að M sé getið sem vitni að slysinu. Verður að telja ósannað að hann hafi verið vitni eða beinlínis séð er móðir hans varð fyrir slysinu. Verður ekki talið að V beri skaðabótaábyrgð á þeim sjúkdómseinkennum sem læknir telur að M hafi fengið í kjölfar slyssins. Tjón M af völdum þessara einkenna fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Samkvæmt 9. gr. í skilmálum slysatryggingar launþega hjá X greiðir félagið nánar tilteknar bætur vegna slyss sem vátryggður verður fyrir, en skv. 8. gr. skilmálanna er með hugtakinu slys átt við „skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans.“ Af gögnum málsins verður ekki ráðið að sjúkdómseinkennum þau sem M býr við og rakin verða til slyss K teljist vera meiðsl á líkama hans í skilningi téðs ákvæðis í vátryggingarskilmálunum. Tjón M telst því ekki heldur bótaskyld úr slysatryggingu launþega hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega eða ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 9. mars 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 30/2012
M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.

Starfsmaður í álveri slasaðist á milli mótabotns og árekstrargrindverks.

Gögn.

15. Málskot, móttakið 26.1.2012, ásamt fylgigögnum.
16. Bréf X, dags. 13.2.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 26.7.2007 var M var við störf í álveri V. Vann hún við að ganga frá mótabotni og notaði til þess krana. Er hún strekkti á keðjum þeim sem héldu mótabotninum áður en hún lyfti þeim með krananum til að flytja á annan stað kveður hún botninn hafa lyfst frá jörðu sem hafi ruggað til og frá í loftinu. Hún hafi verið staðsett á milli eins konar hliðs, árekstrargrindverks, og mótabotnsins og hafi hún klemmst á milli botnsins og grindverksins. Hlaut hún áverka, einkum á mjöðmum.

M kveðst hafa unnið hjá V í tæpan mánuð þegar slysið varð og hún hafi ekki unnið áður ein við verkið. Telur hún að slysið megi rekja til ófullnægjandi verkstjórnar og hún hafi verið sett í hættulegt verkefni án nægra leiðbeininga og þjálfunar. Þá hafi verið brugðist við í kjölfar slyssins með auknum öryggisráðstöfunum, m.a. ítarlegri fræðslu og grindverkið hafi verið fært til.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt gögnum málsins mun M hafa sótt eins dags nýliðanámskeið áður en hún hóf störf hjá V og naut leiðsagnar svonefnds „fóstra“ fyrstu dagana í starfi. Einnig sótti hún vinnuvélanámskeið hjá Vinnueftirliti ríkisins. Þá mun M hafa fengið í hendur „Handbók nýliða“ þar sem m.a. er fjallað um kranavinnu og öryggisatriði tengd henni. Slysið mun hafa verið tilkynnt lögreglu og Vinnueftirliti ríkisins. Í gögnum málsins er ekki að finna lögregluskýrslu um slysið. Í eftirlitsskýrslu Vinnueftirlitsins kemur fram að skoðun hafi verið takmörkuð og athugasemdir kunni að koma síðar í skýrslu. Ekki liggur fyrir að Vinnueftirlitið hafi gert sérstakar athugasemdir vegna slyssins. Slysið mun hafa verið rætt á sérstökum öryggisfundum hjá V og brugðist við til að koma frekar í veg fyrir slys eins og hér um ræðir. Af gögnum málsins virtum verður ekki talið að slysið verði rakið til ónógrar verkstjórnar eða ófullnægjandi leiðbeininga til M við framkvæmd starfans eða annarra atvika sem V ber ábyrgð á. Líkamstjón M telst því ekki bótaskyld úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist ekki úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 6.mars 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 32/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. húseigendatryggingar

Vatn flæðir inn í hús þ. 14.1. 2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 27.1.2012 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V dags. 20.2.2012 ásamt fylgiskjölum 1-2

Málsatvik.

Í asahláku kom vatn inn í kjallara í húsi M og segir M að engum dyljist að vatnið komi utanfrá. M segir að húsið standi neðarlega og halli frárennislagna sé lítill. M krefst bóta úr húseigendatryggingu sinni hjá V vegna þess tjóns sem hann varð fyrir vegna þessa. V hafnar bótaskyldu og vísar í grein 3.1. í vátryggingaskilmálum þar sem segir m.a. að vátryggingin bæti ekki tjón vegna utanaðkomandi vatns s.s. grunnvatns, úrkomu, flóða eða vatns frá þakrennum eða frárennislisleiðslum þeirra. V segir að niðurstaða skoðunarmanns hafi verið sú að um utanaðkomandi vatn hafi verið að ræða sem hafi komist inn í hús M í umrætt sinn, en slík tjón falla að mati V ekki undir trygginguna.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á að tjón það sem M varð fyrir í umrætt sinn falli undir húseigendatryggingu hans hjá V. sbr. grein 3.1. í vátryggingaskilmálum aðila. M á því ekki rétt á bótum úr húseigendatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr húseigendatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 6.3 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 33/2012**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vélaverkstæðis.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna viðgerðar á dráttarvél 11.5.2011.****Gögn.**

17. Málskot, móttakið 23.1.2012, ásamt fylgigögnum.

18. Bréf X, dags 17.2.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Starfsmaður M vann við að skipta um glussarör á dráttarvélinni A. Til að skipta um rörið mun starfsmaðurinn hafa þurft að komast á bak við hrólúgeymi A. Mun hann af þeim sökum hafa þurft að hífa „rúmlega 600 kílóa tanka“ undan A. Mun starfsmaðurinn hafa tekið þrjár 200 lítra tunnur til að dæla olúnni í á meðan viðgerð stóð. Hafi hann kíkt ofan í tunnurnar gegnum gat á þeim og talið þær nægilega hreinar. Daginn eftir að lokinni viðgerð hafi olúnni verð dælt að nýju á olúgeymi vélarinnar. Hafi þá óhreinindi úr tunnunum borist í olúgeyminn sem leiddu til bilunar í vél A.

M kveðst bera ábyrgð á biluninni og krefst þess að tjón af völdum bilunarinnar verði bætt úr ábyrgðartryggingu sinni hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Gögn málsins eru mjög takmörkuð. Engin gögn liggja fyrir um bilunina í vél A, svo sem hvers konar óhreinindi eiga að hafa komist úr tunnunum í olúgeymi A og með hvaða hætti þau eiga að hafa valdið bilun eða skemmdum í vélinni. Ekkert er haft eftir eiganda A um tjónið og tildrög þess. Af fyrirliggjandi gögnum verður að telja ósannað að bilunin verði rakin til atvika sem M ber ábyrgð á og að tjón af hennar völdum skuli bætast úr ábyrgðartryggingu M hjá X.

Niðurstaða.

Tjón vegna vélarbilunar í A bætist ekki úr ábyrgðartryggingu M hjá X.

Reykjavík, 6. mars 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 35/2012
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingafélagið V-2 v. B

Árekstur á Smárahvammsvegi þ. 14.12.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 26.1.2012 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V-1 dags. 20.2.2012.
3. Bréf V-2 dags. 20.2.2012.

Málsatvik.

A var ekið á hægri akrein á Smárahvammsvegi til norðurs og skipti ökumaður yfir á vinstri akrein og hægði á A til að taka U beygju til vinstri við gatnamót Smárahvammsvegur við Hagasmára, en þá ók B aftan á A. Ökumaður A segist hafa skipt um akrein við gatnamót sem eru ofar í götunni þar sem Hagasmári og Smárahvammsvegur mætast einnig. Ökumaður B segir á framhlið tjónstilkynningar að hann hafi bremsað og runnið um það bil 50 metra á lítilli ferð.

Álit.

Miðað við fyrirliggjandi gögn m.a. teikningu á framhlið tjónstilkynningar og framburð ökumanns B verður ekki annað séð en að ökumaður B aki aftan á A og beri því alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök.

Reykjavík 6.3. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 37/2012**M
og
váttryggingafélagið X v/ sumarbústaðatryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna frostsKemmda á heitum potti við sumarbústað.****Gögn.**

19. Málskot, móttakið 25.1.2012, ásamt fylgigögnum.
20. Bréf X, dags. 13.2.2012.

Málsatvik.

Hinn 14.3.2011 tilkynnti M til váttryggingafélagsins X um tjón sem hafði orðið 11.3.2011 á sumarbústað í hans eigu við Iðavelli við Geysi er lagnir í bústaðnum höfðu frostsprungið. Tjón sem hafði orðið í bústaðnum var bætt úr sumarbústaðatryggingu sem M hafði hjá X. Hinn 5.9.2011 krafðist M bóta vegna viðgerðar á heitum potti við sumarbústaðinn, en potturinn mun einnig hafa orðið fyrir frostsKemmdum í umrætt sinn. Tjónið mun mega rekja til bilunar í tengikassa RARIK sem leiddi til þess að hiti fór af. X hefur hafnað bótaskyldu.

Þegar váttryggingin var keypt kveður M að honum hafi verið tjáð að váttryggingarsvið sumarbústaðatryggingarinnar hjá X væri það viðtækasta á markaðnum og ekki komi fram í váttryggingarskilmálum að heitur pottur falli ekki undir trygginguna auk þess sem hann sé hluti af fasteignamati hússins.

Álit.

Í gr. 19.2. í skilmálum sumarbústaðatryggingar X er fjallað um frostsprungur. Segir í ákvæðinu að váttryggingin bæti tjón af völdum frostsprungna á innanhúss vatnsleiðslukerfi sumarbústaðarinnar og tjónið sem verður við það að hitakerfi hússins bilar óvænt og skyndilega. Samkvæmt gögnum málsins verður ekki séð að tjón á téðum heitum potti hafi orðið af völdum frostsprungna á innanhúss vatnsleiðslukerfi sumarbústaðarinnar né heldur vegna óvæntrar og skyndilegrar bilunar í hitakerfi hússins. Tjón á pottinum verður því ekki bætt á grundvelli gr. 19.2 í váttryggingarskilmálunum eða öðrum ákvæðum þeirra að séð verður. Tjóni fæst því ekki bætt úr váttryggingunni. Ekki verður séð að upplýsingagjöf við töku váttryggingarinnar geti breytt þessari niðurstöðu. Þá hefur það heldur ekki áhrif á gildissvið váttryggingarinnar í þessu sambandi þótt þess sé ekki beinlínis getið í skilmálunum að tjón á heitum potti vegna frostsKemmda bætist ekki.

Niðurstaða.

Tjón M vegna frostsKemmda á heitum potti bætist ekki úr sumarbústaðatryggingu hjá X.

Reykjavík, 6. mars 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 39/2012
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingafélagið V-2 v. B og C

Árekstur á gatnamótum Austursíðu og Bugðusíðu á Akureyri þ. 8.4.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 27.1.2012 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V-1 dags. 24.2.2012 ásamt ljósmyndum
3. Bréf V-2 dags. 15.2.2012.

Málsatvik.

A var ekið norður Austursíðu og beygt til vesturs Bugðusíðu í veg fyrir B sem ók suður Austursíðu og lenti framendi B fyrst á framenda A og síðan á vinstra framhorn C, en C var kyrrstæð á Bugðusíðu við gatnamót Bugðusíðu og Austursíðu. Áreksturinn var allharður og voru allar bifreiðarnar óökufærar eftir áreksturinn. Tvö vitni gáfu sig fram á vettvangi og sögðu að B hefði verið ekið of hratt og ekki undir 70 km. hraða þegar áreksturinn varð. Ökumaður A segist hafa ekið til vinstri þegar henni fannst færi til þess en rétt verið lögð af stað þegar hún hafi séð B stefna á sig en hún muni ekki hvað gerðist síðan. Ökumaður B segist hafa ekið á um 60 km. hraða og A hafi skyndilega verið ekið í veg fyrir B og hann hafi reynt að afstýra árekstri með því að reyna að fara á milli A og C en það ekki tekist. Ökumaður C segist hafa verið búin að vera kyrrstæð nokkra stund og séð til ferða B sem hafi verið ekið yfir hámarkshraða. Lögð er fram skýrsla frá Aðstoð og Öryggi þar sem fram kemur að B hafi verið ekið á 89 km. hraða í umrætt sinn.

Álit.

Ökumaður A beygir til vinstri í veg fyrir umferð og ber því sök á árekstrinum. Tvö vitni og ökumaður C bera öll á þann veg að ökumaður B hafi ekið of hratt og yfir leyfilegan hámarkshraða á umræddum stað. Framburður vitnana og ökumanns C fær stuðning í skýrslu Aksturs og Öryggi þar sem komist er að þeirri niðurstöðu á grundvelli mælinga að B hafi verið ekið í umrætt sinn á 89 km. hraða. Miðað við fyrirliggjandi gögn telst því nægilega sannað að B hafi verið ekið of hratt í umrætt sinn og beri því einnig ábyrgð á árekstrinum. Eðlilegt þykir að virtum öllum gögnum málsins að ökumaður A beri helming sakar og ökumaður B beri helming sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber helming sakar og ökumaður B ber helming sakar.

Reykjavík 9.3. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 40/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. slysatrygginga ökumanns A

Aftanákeyrsla á Laugarásvegi í Reykjavík þ.18.3.2011

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 30.1.2012 ásamt fylgiskjölum 1-11
2. Bréf V dags. 14.2.2012 ásamt fylgiskjölum 1-2

Málsatvik.

M ók bifreið sinni A eftir Laugarásveginum og bíllinn rann til í hálfu við gatnamót og rakst aftana á bíl sem var kyrrstæður við gatnamótin. M leitaði sama dag til læknis vegna verkja. M krefst bóta úr slysatryggingu ökumanns hjá V vegna tekjutaps og bendir á að samtímagögn sýni fram á tjón M. V telur ósannað að óvinnufærni M á þeim tíma sem um ræðir megi rekja til slyssins og fyrirbyggjandi gögn sanni það ekki. V bendir á að áreksturinn hafi ekki verið harður og fyrirbyggjandi vottorð fullnægi ekki þeim kröfum sem V gerir til sönnunar á orsakatengslum milli óvinnufærni M og slyssins auk þess sem stöðugleikapunktur hafi verið náð á þeim tíma sem krafa er gerð um bætur vegna meintrar óvinnufærni.

Álit.

Ekki liggur fyrir sérstakt mat á ástandi M þrátt fyrir afstöðu V í málinu. Miðað við fyrirbyggjandi gögn telst ekki nægjanlega sannað að M hafi verið óvinnufær á umræddum tíma og á hún því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns hjá V.

Reykjavík 6.3. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 42/2012**M****og****vátryggingafélagið X v/ slysatryggingar launþega.****Ágreiningur um að bótaskyldur tjónsatburður hafi orðið og upphaf tilkynningarfrests.****Gögn.**

21. Málskot, móttakið 31.1.2012, ásamt fylgigögnum.

22. Bréf X, dags. 23.2.2012.

Málsatvik.

Hinn 31.7.2008 leitaði M til A augnlæknis þar sem honum fannst hann ekki sjá nógu vel með „kontaktlinsum“ sínum. Við gleraugnamælingu hafi linsurnar reynst fulldaufar. Skoðun umræddan dag hafi að öðru leyti reynst eðlileg. M leitaði svo á ný til A hinn 14.10.2008 þar sem honum fannst hann sjá verr með hægra auga þegar hann notaði linsur. Fannst honum hann sjá vel í byrjun eftir að hann hafði sett í sig linsu, en svo versnaði sjónin þegar hann hafði haft hana í nokkra stund og sá þá óskýrara. Við skoðun á auganu mátti sjá vægan roða við mót slímhimnu og hornhimnu („limbus“) og svolítinn gráma „centralt“ í hornhimmunni. Ekki hafi verið að sjá sár eða sýkingu í hornhimmunni og engin innri bólga. Niðurstaða A var sú að sennilega væri nokkur þroti í hornhimmunni hægra megin.

Hinn 30.10.2008 leitaði M til B augnlæknis vegna móðu fyrir hægra auga sem hann hafði þá nýlega orðið var við um miðjan dag og fannst honum þetta gerast frekar við skjá- eða tölvuvinnu. Hafði M notað linsur frekar mikið. Sýndi augnskoðun bólgugráma og bjúg í hornhimnu, svo og krónískar bólgubreytingar í slímhimnu sem voru sagðar tengjast ofnotkun á snertilinum. Fékk M ný gleraugu og mælt var með að hann hætti linsunotkun um tíma. Þá var hafin meðferð með bólgueyðandi steraaugndropum. M kom til eftirlits hjá B hinn 13.11.2008 og fannst þá sjónin betri og minni sveiflur í henni. Mátti þá sjá vægan en vissan bata. M kom aftur til eftirlits hjá B hinn 28.11.2008 og fannst honum þá sjónin kannski eitthvað verri en líðan samt verið góð. Ákveðið var að hætta allri lyfjameðferð viku síðar. Hinn 8.1.2009 kom M svo til B í eftirlitsskoðun og linsumátun. Útlit hornhimnu var svipað og mátaðar voru nýjar linsur í hann með góðum árangri. Hinn 22.1.2009 kom M aftur til B og kvartaði um meiri móðu og sjóntruflun fyrir auganu. Virtist sem M hafi versnað eftir að hafa hætt sterameðferðinni og hann hafði ekki byrjað að nota linsur aftur. Útlit hornhimnu var sagt vera „í raun svipað og áður, e.t.v. örlítill versnun á gráma/öri í hornhimmunni.“ Ákveðið var að hefja sterameðferð að nýju. Hinn 26.2.2009 kom á ný til B. Hafði lyfjameðferð breytt litlu og kvað M sjónina í lagi fyrst á morgnana en síðan komi móðan sem ekki vilji fara. Skann af yfirborði hornhimmunnar sýndi greinilega óreglu í hornhimnu. Í áliti í læknisvottorði B segir að hér sé um frekar óvenjulegt tilfelli að ræða. Ekki liggi fyrir hver orsökina sé fyrir ofangreindri bólgu og örmyndun í hornhimmunni. Nærtækast sé að kenna mikilli linsunotkun um, annað hvort beint eða óbeint. Taldi B ekki líklegt að umrædd örmyndun í hornhimmunni ætti eftir að batna mikið með tilliti til þess hve einkennin væru búin að vera lengi án sérstaks bata.

Ákveðið var að senda M til annars augnlæknis, D. Í vottorði D kemur fram að hann hafi séð M fyrst í mars 2009. Þá hafi ekki verið ljóst hvað olli versnandi sjón á auganu, en sjón hafi þá verið 1,5 en með vaxandi sjónskekkju, auk þess sem B hafi lýst gráma og bjúg í hornhimnu sem virðist fara stækkandi fremur en hitt. Við sögutöku hafi M þó sagt fljótlega frá því að hann hefði fengið korn í hægri auga þá um sumarið en einkenni hefðu horfið fremur fljótt og hann hefði ekki tengt þetta saman. Við skoðun hafi auga verið hvítt en í miðju „cornea“ á u.þ.b. 100 „míkrona“ dýpi hafi verið lagskiptur grámi sem virtist bundinn við byggingarvef hornhimnu („stroma“). Annað hefði verið eðlilegt. Þekjufrumutalning hafi verið framkvæmd og verið eðlileg sem jafnframt hafi útilokað byggingargalla í hornhimnu. Í desember 2009 hafi sjón versnað að mati M og hún þá mælst 0,7 og samkvæmt yfirborðsskönnun var yfirborðið orðið óreglulegra. Að auki hafi þá fyrst orðið vart „kornóttra útfellinga djúpt í hornhimnu á þessu svæði og æðar eru farnar að vaxa inn á svæðið með hvítum blóðkornum í kring, þ.e. hornhinnubólgu/keratitis.“ Segir í læknisvottorði D að allur gangur í kjölfar augnslyss M hafi verið hægur og erfiður viðfangs og lítill vafi sé á að sjónskerðing eftir slysið verði varanleg. Hvað orsakatengsl varðar segir í vottorðinu að þá sé lítill sem engin vafi á að svo sé. Þar segir enn fremur að þrátt fyrir að raunveruleg sjónskerðing hafi fyrst mælst veruleg rösku ári eftir slysið þá geti basi smogið inn í líkamsvefi og valdið skaða löngu eftir að upphaflegt slys átti sér stað.

Samkvæmt tilkynningu um vinnuslys, dags. 9.11.2010, var tjónþoli í vinnu í ágúst 2008. Hafi hann þá verið að bora í loft þegar korn þeyttist í auga hans. Hann hafi verið með linsur og hafi kornið farið undir hana. Afleiðingar atviksins séu óþægindi í auganu og skert sjón.

Með yfirlýsingu, dags. 18.10.2011, kveður móðir M að um miðjan ágúst 2008 hafi hún tekið á móti M eftir að hann hafði fengið steypuryk í augað og hafi hún reynt að aðstoða M við að skola rykið úr auganu. Er hann hafi tekið linsuna úr auganu þá hafi lítill steinn verið í linsunni og augað eldrautt.

Samkvæmt yfirlýsingu vinnufélaga M, dags. 19.10.2011, hafi þeir í kringum 13.-14.8.2008 verið að vinna í tilteknu húsi í Ásbrú á Keflavíkurflugvelli. Síðdegis hafi M verið að bora í steyp loft fyrir ofan kerfisloft. Taldi hann að M hafi verið að færa til plötur í kerfisloftinu til að komast betur að steypa loftinu til að bora í steypa loftið. Nokkru síðar hafi hann séð M þar sem hann hafi verið að skoða auga sitt í spegli og hafi M sagt að hann hefði fengið eitthvað í augað, líklega pínulítinn stein eða steypuryk. M hafi reynt nokkuð lengi að ná steininum úr auganu án árangurs og hafi augað verið orðið eldrautt.

Með fyrrgreindri tjónstilkynningu, sem mun hafa borist váttryggingafélaginu X 11.11.2010, krafðist M bóta úr slysatryggingu launþega hjá félaginu. X hefur hafnað bótaskyldu og borið því við að ósannað sé að atvik það sem lýst er í tjónstilkynningunni hafi yfir höfuð átt sér stað eða það hafi orsakað þau einkenni sem M búi við í auganu, þau hafi ekki orðið af völdum slyss eins og það hugtak er skilgreint í váttryggingarskilmálum og váttryggingarrétti og loks hafi atvikið verið tilkynnt félaginu of seint þannig að M hafi glatað rétti sínum til bóta, sbr. 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 (vsl.).

Álit.

Að álitu augnlæknisins B var hér um að ræða frekar óvenjulegt tilfelli og ekki hafi legið fyrir hver hafi verið orsök fyrir bólgu og örmyndun í hornhimnu í hægri auga M. Þó

væri nærtækast að kenna mikilli linsunotkun um, beint eða óbeint. Niðurstaða augnlæknisins A, sem M leitaði fyrst til, var að ekki hafi verið að sjá sár eða sýkingu í hornhimnunnni, en sennilega væri nokkur þroti í henni. Augnlæknirinn D kvað ekki hafa verið ljóst hvað hafi valdið versnandi sjón er hann sá M fyrst í mars 2009. Við sögutöku hefði þó komið fljótt í ljós að M hefði fengið korn í auga sumarið 2008, en einkenni hefðu horfið fremur fljótt og M hefði ekki tengt versnandi ástand augans við þetta atvik. Rannsóknir á auganu hafi útilokað byggingargalla á hornhimnunnni og í desember 2009 hafi yfirborð hornhimnunnar verið orðið óreglulegra auk þess sem þá hafi orðið vart einkenna hornhimnubólgu eins og nánar er lýst í fyrirbyggjandi vottorði og að framan greinir. Þá var það álit D að lítill sem enginn vafi sé á því að orsakatengsl séu á milli ástands augans og þess atviks sem átti að hafa gerst er M fékk steinryk í augað við vinnu sína í ágúst 2008. Í þessu sambandi verður ekki heldur litið fram hjá því í sem fram kemur í vottorði D að þrátt fyrir að raunveruleg sjónskerðing hafi fyrst mælst veruleg rösku ári eftir slysið þá geti basi smogið inn í líkamsvefi og valdið skaða löngu eftir að upphaflegt slys átti sér stað.

Móðir M og vinnufélagi hans hafa borið að um miðjan ágúst 2008 hafi M fengið rykkorn eða stein í augað er hann í vinnu sinni vann við að bora í steipt loft og augað hafi orðið eldrautt á eftir.

Með vísan til þess sem hér er rakið verður að telja nægilega sannað að M hafi fengið aðskotahlut, steinryk eða steinkorn, í hægri auga sem hafi valdið skaða á hornhimnu augans. Um er að ræða utanaðkomandi atvik sem olli meiðslum á auganu. Verður því að telja að áverkinn hafi hlotist af völdum slyss í skilningi skilmála slysatryggingarinnar.

Samkvæmt 1. mgr. 124. gr. vsl. glatar sá sem á rétt til bóta úr slysatryggingu þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á. M var lengi til rannsóknar hjá augnlæknum vegna einkenna sinna. Langan tíma tók að grafast fyrir um orsakir einkennanna og ekki hefur verið sýnt fram á að þrátt fyrir langvinna lækni meðferð hafi M mátt gera sér grein fyrir að áverkinn væri varanlegur fyrr en í kjölfar þeirra rannsókna sem D framkvæmdi í desember 2009. Tilkynning um tjónið barst X hinn 11.11.2010. Þá var ekki liðið ár frá því M mátti sannanlega gera sér grein fyrir að hann byggi við varanleg einkenni í auganu. Hann hefur því ekki glatað rétti sínum til bóta úr slysatryggingunni.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr slysatryggingu launþega hjá X.

Reykjavík, 9. mars 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 44/2012
M vegna bifreiðarinnar A og
Vátryggingafélagið V v. heimilistryggingar H

Skoteldur skemmdi bifreið þ. 31.12.2011

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 3.2.2012 ásamt fylgiskjali 1-2
2. Bréf V dags. 20.2.2012 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

H var að skjóta skoteldi á gamlárskvöld. M segir að hann hafi skotið upp bátslaga áramótatertu á bílaplani en hinum megin í götunni hafi A bifreið M verið lagt. M segir að bílaplanið sem H notaði sem undirstöðu fyrir skoteldinn hafi verið þakið ís og snjó auk þess sem um halla hafi verið að ræða og þess vegna hafi skoteldurinn aldrei staðið á jafnsléttu. M segir að skoteldurinn hafi lagst á hliðina og hafi tæmt sig á A, sem varð fyrir skemmdun vegna þess. M gerir kröfu um bætur í heimilistryggingu H vegna þessa. V hafnar bótaskyldu og hefur eftir H að hann hafi sett skoteldinn á götuna fyrir utan innkeyrslu þess húss þar sem hann var gestkomandi og hafi skoteldurinn verið lagður ofan á harðan sléttan snjó sem hafi ekki hallað og A hafi staðið um 4 metra frá skotstaðnum. V telur það ekki gáleysi að kveikja í umræddum skoteldi sem um ræðir enda hafi H farið eftir leiðbeiningum á skoteldinum. Þá hafi H ekki getað brugðist við þegar skoteldurinn féll á hliðina og skotin lentu á A. V telur að um óhappatilvik hafi verið að ræða í umrætt sinn.

Álit.

Ekki er ágreiningur um það að A varð fyrir tjóni vegna þess að skot úr skoteldi sem H tendraði lentu á A. Eins og atvikum er lýst þá getur það ekki talist ásættanlegur frágangur á skoteldi að setja hann ofan á snjó jafnvel þó hann sé hallalaus og sléttur. Skoteldar eru hættulegir og það ber að ganga það vel frá þeim áður en þeir eru tendraðir að hvorki fólki né munum stafi hætta af. Þess gætti H ekki í umrætt sinn og ber því ábyrgð á því tjóni sem varð á A. M á því rétt á bótum úr heimilistryggingu H hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum vegna tjóns á A úr heimilistryggingu H hjá V.

Reykjavík 6.3. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 48/2012**M og****Vátryggingafélagið V v.frjálsrar ábyrgðartryggingar og slysatryggingar launþega.****Maður slasaðist þegar kassar duttu á hann þ. 25.2.2006****Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 3.2.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-9
2. Bréf V dags. 2.3.2012 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M var að vinna við fiskþökkunarvél þ.25.2.2006, þegar kassar féllu á hendi M og hann slasaðist. Slysið var ekki tilkynnt til Vinnueftirlitsins. M segir í málskoti að lyfta með kassa sem búið var að raða á hafi verið á leiðinni niður þegar samstarfsmaður hans hafi fært plötu handvirkt úr stað og við það hefðu kassar fallið og einn á hendi M. Í tilkynningu um slys til Tryggingarstofnunar ríkisins, sem M undirritar segir að M hafi verið að vinna við sjálfvirka kassastöflun þegar kassar hafi dottið af bretti sem verið var að færa til. Í tilkynningu til Vinnueftirlitsins segir að M hafi farið að laga til á brettinu þegar kassi datt en þá hafi annar kassi dottið á hendina á honum. Í tilkynningu um vinnuslys til VÍS sem undirrituð er af lögmanni M skv. Umboði segir “Þegar fulla brettið fór duttu kassar af brettinu. M fór að laga, þá dettur annar kassi á hendina á honum er hann er að taka kasaa með þeim afleiðingum að þumalfingur brotnar.” M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu vinnuveitanda síns og slysatryggingu launþega. Af hálfu M er því haldið fram að krafa um bætur úr launþegatryggingunni sé ekki fyrnd sbr. 1.mgr. 124.gr. laga nr. 30/2004 vátryggingasamningalaga. Í því sambandi er á það bent að M sé útlendingur sem hafi ekki verið kynntur réttur sinn af vinnuveitanda, en það hefði verið nauðsynlegt. Þá heldur M því fram að slysið hafi orðið vegna þess að annar starfsmaður færði til plötu, en sá starfsmaður hafi verið óvanur. M telur að vinnuveitandi hans hafi ekki gert ráðstafanir til að tryggja fullt öryggi starfsfólks. V hafnar bótaskyldu og bendir á að M hafi starfað hjá vinnuveitanda sínum um árabíl. V viðurkennir að ekki hafi verið tilkynnt um slysið til Vinnueftirlits en vísar til málavaxtalýsingar í tilkynningu til Tryggingarstofnunar ríkisins 28.9.2006, sem málsskotsaðili undirriti þá vísar V einnig til tilkynningar til Vinnueftirlits ríkisins 6.10.2008 varðandi málavexti. Á grundvelli ofangreindra lýsinga á málavöxtum segir V að fullyrðingar M um að samstarfsmaður hans eða saknæmur vanbúnaður af hálfu vátryggingartaka sé að öllu leyti ósannaður og rangur. V hafnar því bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu á þeim forsendum að ekkert bendi til þess að saknæm eða ólögmat háttsemi vinnuveitanda hafi orsakað tjón M nema fullyrðingar M á síðari stigum málsins. Þá segir V að ekkert bendi til þess að verkstjórn hafi verið ábótavant. Varðandi slysatrygginguna byggir V á því að vátryggingartaki hafi glatað rétti sínum til bóta vegna vanrækrar tilkynningaskyldu til félagsins í samræmi við 1.mgr. 124.gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004 og efnislega samhljóða ákvæðis skilmála umræddrar tryggingar. V byggir á því að M hafi verið ljósar afleiðingar slyssins ekki síðar en 20.6.2007 en slysið hafi ekki verið tilkynnt til V fyrr en 10.1.2011.

Álit.

Slys M var ekki tilkynnt til Vinnueftirlits og er það ámælisvert. Miðað við lýsingar sem M gefur á málavöxtum varðandi slysið og fram koma m.a. í tilkynningu til Tryggingastofnunar ríkisins, í tilkynningu til Vinnueftirlitsins og í tilkynningu til V verður ekki annað séð en slysið verði ekki rakið til vinnuveitanda M eða starfsfólks hans. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að vinnuaðstöðu, öryggi og verkstjórn hafi verið ábótavant. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu vinnuveitanda síns hjá V. Í því sambandi er tekið fram að útilokað er annað en að leggja málavaxtalýsingu sem fram koma í ofangreindum tilkynningum til grundvallar en ekki síðari tíma

frásögn M sem kemur fram í málskoti hans. M mátti vera ljósar varanlegar afleiðingar slyssins ekki síðar en 20.6.2007, en slysið var tilkynnt þ. 10.1.2011. M hefur því glatað rétti sínum til bóta vegna vanrækrar tilkynningaskyldu sbr. 1.mgr. 124.gr. laga .nr. 30/2004 um váttryggingasamninga. M á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá atvinnurekenda sínum eða úr frjálsri ábyrgðartryggingu vinnuveitanda síns hjá V.

Reykjavík 3.4. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 49/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. bifreiðanna A og B

Árekstur á bifreiðastæði við Bónus í Njarðvík þ. 23.12.2011

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 6.2.2012 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V dags. 16.2.2012 ásamt fylgiskjölum 1-2

Málsatvik.

Árekstur varð á bifreiðastæði við Bónus í Njarðvík. Ökumaður A kveðst hafa stövað bifreið sína og síðan opnað hurðina, en þá hafi B ekið á hurðina. Af hálfu M er lögð fram teikning og fleiri gögn. Í bréfi V kemur fram að ökumaður B hafi ekið eftir akstursleið bifreiðastæðisins og hafi hann staðsett bifreið sína hægra megin á akstursleiðinni í samræmvi við ákvæði 1.mgr. 14.gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Álit.

Ekki verður annað séð miðað við fyrirbyggjandi gögn en að ökumaður A hafi opnað hurð bifreiðarinnar A í veg fyrir umferð og án þess að gæta að aðstæðum.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök.

Reykjavík 6.3. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 50/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar A

Bifreið skemmdist þegar henni var ekið ofan í holu á vegi á Álftanesi þ. 8.1.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 26.1.2012 ásamt ljósmyndum.
2. Bréf V dags. 22.2.2012 ásamt fylgiskjali

Málsatvik.

M ók bifreið sinni ofan í holu á Arnarnesvegi í Salahverfi og skemmdi hægra framdekk. M segir að þegar hann ók ofan í holuna hafi fylling verið farin úr henni og hún full af vatni. M segir að það hefði þurft að ganga betur frá holunni af hálfu A. Þá segir M að fleiri bifreiðar en hans hafi orðið fyrir tjóni vegna þess hve illa gengið var frá holunni. A segist ekki hafa vitað af holunni fyrr en kl. 1.30 umræddan dag og holan hafi verið merkt með keilu og viðgerðarmaður frá A hafi farið með viðgerðarefni og sett í holuna. A segir að viðgerðarefnið hafi farið upp úr holunni og því hafi hún verið betur merkt með tveim keilum í viðbót, en mikið vatnsveður hafi verið í umrætt sinn. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V en V hafnar bótaskyldu og segir tjónið ekki verða rakið til sakar af hálfu A, en af hálfu A hafi verið brugðist við með eðlilegum hætti miðað við aðstæður.

Álit.

Ekki er sýnt fram á að A eða starfsmenn A hafi sýnt af sér vanrækslu eftir að holan myndaðist. Fyrir liggur að holan var merkt með viðvörunarmerki strax og vitað var um hana. Þá liggur einnig fyrir að af hálfu A var gerð tilraun til að gera við holuna til bráðabirgða en það mistókst og voru þá sett fleiri viðvörunarmerki. Miðað við aðstæður verður ekki séð að A eða starfsmenn A hafi sýnt af sér vanrækslu í umrætt sinn þannig að leiði til bótaábyrgðar A. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 9.3 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 51/2012
M
og
vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.

Ágreiningur um bótaskyldu er starfsmaður slasaðist við að slípa samskeyti á álstykki.

Gögn.

23. Málskot, móttekið 6.2.2012, ásamt fylgigögnum.
24. Bréf X, dags 20.2.2012.

Málsatvik.

Hinn 24.1.2011 var M að störfum í vélsmiðju V. Vann hann við að slípa samskeyti á álstykki. Við verkið notaði hann rafknúinn slípirokk með gróftenntu trésagarblaði. Festist þá blaðið í álstykkinu og við það mun slípirokkurinn hafa kastast af miklu afli í brjóstakassa M og síðan lent á handarbaki vinstri handar og skorist þar djúpt niður.

Í umsögn Vinnueftirlits ríkisins er haft eftir verkstjóra hjá V að slípirokkur sá sem M notaði sé of öflugur og að loftrokkur henti betur til verksins. Þar kemur einnig fram að slípirokkurinn sem M notaði hafi verið alveg nýr og í góðu ástandi. Í öryggisleiðbeiningum frá framleiðanda rokksins segir að í hann megi hvorki setja trésagarblöð né tennt blöð. Að mati Vinnueftirlitsins var talið að rekja mætti slysið til þess að trésagarblað hafi verið notað sem slípiskífa framan á rokkinn, ekki hafi verið farið eftir leiðbeiningum framleiðanda um bann við notkun á tenntum slípiskífum og verklagsreglur hafi ekki verið til staðar þrátt fyrir ákvæði um slíkt í áhættumati. Þá var í umsögninni m.a. vísað til 4. og 5. gr. reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja, en ákvæði þessi fjalla um áhættumat og forvarnir á vinnustað í tengslum við notkun tækja.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu. Kveðst X hafa eftir V að engar rökréttar skýringar liggi fyrir hvers vegna framleiðandi slípirokksins banni notkun tennta skífa, en framleiðendur annarra sambærilegra slípirokka banni ekki slíka notkun. Þá hafi í upphafi verks verið ljóst að engin venjuleg tæki dygðu til verksins og annar aðili sem hefði unnið sama verk um árabíl hefði framkvæmt það á sambærilegan hátt.

Álit.

Að mati Vinnueftirlits ríkisins mátti rekja slysið til þess að í slípirokkinn var notað trésagarblað sem framleiðandi rokksins hafði bannað að notað væri. Þá hafi skort verklagsreglur um framkvæmd verksins í áhættumati. Var því ekki gætt ákvæða 4. og 5. gr. reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja. Þrátt fyrir staðhæfingar V um að ekki hafi verið unnt að vinna verkið með öðrum hætti en gert var hefur mati Vinnueftirlitsins um orsakir slyssins ekki verið hnekk. V ber ábyrgð á því sem úrskæiðis fór við framkvæmd verksins og tjónið telst því bótaskyld úr ábyrgðartryggingu V hjá X. Ekki eru efni til að skerða bætur til M vegna hugsanlegrar meðábyrgðar hans.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 9. mars 2012.
Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 53/2012
M og
V v. fjölskyldutryggingar

Kona datt á skautum þ. 9.1.2009

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 8.2.2012
2. Bréf V dags. 27.2.2012 ásamt fylgiskjölum 1-3

Málsatvik.

M segist hafa verið í hokký leik og dottið og meitt sig þ.9.1.2009 eftir að önnur stúlka hafi skautað á hana. M segist hafa tilkynnt V um slysið nokkrum dögum síðar, en nú kannist V ekkert við að hafa fengið tilkynningu frá M um slysið. Samkvæmt áverkavottorði sem lagt hefur verið fram í málinu, leitaði M fyrst lækni þ.18.1.2009 og þar segir m.a. að M hafi dottið harkalega á hnakkann, en verið með hjálm en fengið mikinn hnykk á hálsinn. M var áfram með höfuðverk þegar hún leitaði til læknis í fyrsta skipti vegna slyssins. M krefst bóta úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V vegna afleiðinga slyssins. V hafnar bótaskyldu og telur að ekki hafi verið um slys að ræða í skilningi váttryggingaskilmála þar sem ekki sé um að ræða skyndilegan utanaðkomandi atburð. Þá bendir V á að lýsing M á málavöxtum sé með öðrum hætti í málskoti en í tjónstilkynningu svo sem rakið er hér að framan.

Álit.

Fyrir liggur að M lýsir málsatvikum með mismunandi hætti í málskoti og áverkavottorði. Lýsingin í áverkavottorðinu er gefin nokkrum dögum eftir slysið og þykir rétt að leggja hana til grundvallar. Samkvæmt áverkavottorðinu var M á skautum og datt harkalega á hnakkann. V ber ekki fyrir sig að ofangreindur framburður M sé ósannur en telur að ekki hafi verið um slys að ræða þar sem ekki hafi verið um skyndilegan utanaðkomandi atburð að ræða. M var á skautum og slasast við fallið sem verður að telja skyndilegan utanaðkomandi atburð. M á því rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 9.3. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 54/2012
M
og
vátryggingafélagið X v/ frítímaslysátryggingar.

Ágreiningur um heimild til endurupptöku.

Gögn.

25. Málskot, móttekið 2.2.2012, ásamt fylgigögnum.
26. Bréf X, dags. 5.3.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M skar sig á vinstri hendi hinn 12.1.2003. Hlaut hún stungusár í lófann rétt fyrir ofan eða á milli litlafingurs og baugfingurs. Daginn eftir var M skoðuð af lýtalækni sem framkvæmdi samdægurs aðgerð á hendinni vegna grunsemda um taugaskaða og jafnvel sinaskaða. Við aðgerðina fundist ekki greinileg merki um tauga- eða sinaskaða, en töluvert hafði blætt inn í lófann og orðið þrýstingur vegna blæðingarinnar á sinar og taugar. Hinn 7.10.2004 mat lækurinn A, sérfræðingur í bæklunarskurðlækningum, örorku M af völdum slyssins 2%. M hafði frítímaslysátryggingu hjá vátryggingafélaginu X og fékk hún greiddar bætur úr vátryggingunni í samræmi við metna örorku.

Hinn 13.10.2011 leitaði M til læknisins B. Hún kvaðst hafa verið með dofa í litlafingri og baugfingri frá slysinu og ekki getað rétt almennilega úr þessum tveimur fingrum. Þessi einkenni hafi verið óbreytt frá slysinu þar til fyrir þremur dögum áður en hún leitaði til B. Þá hafi dofinn aukist verulega og fært sig ofar þannig að hann sé kominn upp á miðjan vinstri handlegg að innan.

M kveður forsendur fyrir fyrrgreindu mati A hafa verið rangar jafnframt sem matið sé að engu hafandi vegna tengsla A við X sem ráðgefandi lækur. Hefur M krafist endurupptöku á málinu. X hefur hafnað endurupptöku.

Álit.

Ekkert hefur komið fram í gögnum málsins sem styður það að örorkumat A hafi verið rangt á þeim tíma er það var framkvæmt. Þá hafa heldur ekki komið fram haldbær rök fyrir því að ekki hafi mátt styðjast við matið þegar tjónið var gert upp við M á sínum tíma. Samkvæmt skilmálum slysátryggingarinnar skal örorkan að jafnaði metin einu ári eftir slys, annars þegar lækur telur að varanlegar afleiðingar slyssins hafi komið í ljós, en þó ekki síðar en þremur árum eftir slysdag. Þegar M krafðist endurupptöku málsins á árinu 2011 var löngu liðinn sá tími sem fresta mátti matinu samkvæmt fyrrgreindu ákvæði í vátryggingarskilmálunum. Er því ekki fyrir hendi réttur til að taka málið upp að nýju.

Niðurstaða.

Réttur til endurupptöku málsins er ekki fyrir hendi.

Reykjavík, 27. mars 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 55/2012**M****og****vátryggingafélagið X v/ brunatryggingar sumarbústaðar.****Ágreiningur um bætur vegna tjóns á sumarbústað sem eyðilagðist í bruna.****Gögn.**

27. Málskot, móttækið 8.2.2012, ásamt fylgigögnum.

28. Bréf X, dags 27.2.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 25.11.2010 eyðilagðist sumarbústaður í smíðum í eigu M í bruna. Sumarbústaðurinn var brunatryggður sem hús í smíðum vátryggingafélaginu X. Vátryggingarfjárhæð nam 10.114.843 krónum. Samkvæmt fyrirbyggjandi mati löggilts fasteignasala er markaðsvirði bústaðarins talið nema 8.000.000 krónum.

Samkvæmt gr. 13.1 í skilmálum brunatryggingarinnar skal vátryggingarbótum varið til að gera við hús sem skemmst hefur eða til að byggja það upp að nýju. Í gr. 13.2 segir að félaginu sé heimilt að veita undanþágu frá byggingarskyldu að höfðu samráði við skipulagsyfirvöld gegn því skilyrði að 15% dragist frá bótafjárhæðinni. Frádrætti þessum skal þó ekki beitt ef endurbygging er ekki heimil af skipulagsástæðum eða af öðrum ástæðum sem tjónþola er ekki sjálfrátt um. Þá segir í gr. 13.3 að hafi ákvörðun verið tekin um að veita undanþágu frá byggingarskyldu og telji félagið brunabótamat húseignar greinilega hærra en markaðsverð húseignarinnar er félaginu heimilt að miða bótafjárhæð við markaðsverð viðkomandi húseignar að lóð meðtalinni.

M hyggst ekki endurbyggja bústaðinn og kveður eigendur lóðar í reynd meina sér endurbyggingu. Af fyrirbyggjandi gögnum má ráða að viðkomandi skipulagsyfirvöld geri ekki athugasemdir við það að sumarbústaðurinn verði ekki endurbyggður en viðkomandi byggingarlóð hafi á hinn bóginn ekki verið felld niður. Krefst M þess að fá vátryggingarfjárhæðina að fullu greidda. X kveður að bætur eigi að miðast við metið markaðsverð eignarinnar að frádregnum 15% þar sem veitt hefur verið undanþága frá byggingarskyldu. Hefur X innt af hendi bætur samkvæmt þessu að fjárhæð 6.800.000 krónur.

Álit.

Eins og mál þetta liggur fyrir þykir mega miða við að veitt hafi verið undanþága frá byggingarskyldu að höfðu samráði við byggingaryfirvöld. Hins vegar hefur ekki verið sýnt fram á að endurbygging sé óheimil af skipulagsástæðum eða af öðrum ástæðum sem vátryggðum (tjónþola) er ekki sjálfrátt um. Þá hefur ekki verið hnekkkt fyrirbyggjandi mati um að markaðsverð eignarinnar nemi 8.000.000 krónum. Ber því að leggja þá fjárhæð til grundvallar við ákvörðun bóta, sbr. gr. 13.3 í skilmálunum. Eins áður getur þá segir í umræddu skilmálaákvæði að félaginu sé heimilt, þegar það telur brunabótamat greinilega hærra en markaðsverð, að miða bótafjárhæð við markaðsverð. Ekki verður séð, svo ótvírætt geti talist, að X sé heimilt að draga 15% frá bótafjárhæðinni þegar hún miðast við markaðsverð eins og heimilt er þegar bótafjárhæðin miðast við vátryggingarfjárhæðina skv. gr. 13.2 í skilmálunum. Slíkt verður heldur ekki leitt af

ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga um brunatryggingar nr. 48/1994, sbr. 2. gr. laga nr. 150/1994 um breytingu á þeim, en í því ákvæði er að finna efnislega samhljóða ákvæði og eru í greinum 13.2 og 13.3 í skilmálum X. Ber X því að greiða M markaðsverði eignarinnar óskert.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum fyrir sumarbústað sinn sem nemur óskertu markaðsverði hans.

Reykjavík, 9. mars 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 57/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs (H)****Meiðsl á dreng er féll úr krana á byggingarlóð þann 16.03. 2006.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 08.02. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 28.02. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Málið varðar 9 ára dreng M sem krifraði upp í byggingarkrana og féll niður. Fallið mun hafa verið um 2,5 metrar. Foreldrar M telja H bera ábyrgð á óhappi þessu þar sem byggingarsvæðið hafi verið ógirt og aðgengi barna opið auk þess sem íbúðarbyggð hafi verið nálægt. Kraninn hafi verið ólokaður og aðgengi barna að honum auðvelt sbr. nánar umfjöllun í gögnum málsins.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það vísar m.a. til þess að vátryggingartaki hafi “aldrei fyrr heyrt af þessu slysi og skilur ekki hvers vegna tilkynning um það komi rúmlega fjórum árum síðar. Að hans sögn voru tveir kranar á svipuðu svæði annars vegar þeirra krani og svo annar á leið nr. 16-18. Ekki er hins vegar ljóst í hvorum krananum barnið var að krifra þegar slysið varð.” Vátryggingartaki telur að svæðið hafi verið girt við götu en vissulega hafi fótgangandi getað farið inn á svæðið. Engin sérstök hættu hafi verið á svæðinu umfram það sem almennt gerist á byggingarsvæðum og því ekki þörf á að girða umhverfis alla lóðina. Aldrei hafi kvartanir eða ábendingar borist frá Umhverfissviði borgarinnar. Félagið telur að ekki hafi verið sýnt fram á að slysið verði rakið til sakar vátryggingartaka. Það að barn fari inn í iðnaðarhverfi, virði viðvaranir að vettugi og klifri upp í krana geti ekki verið á ábyrgð vátryggingartaka. Auk þess hafi ekki verið sýnt fram á að slysið hafi orðið við krana vátryggingartaka. Greiðsluskyldu er því hafnað.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ekki hefur verið sýnt fram á að rekja megi óhapp M til sakar vátryggingartaka eða starfsmanna hans eða aðstæðna sem hann ber skaðabótaábyrgð á. Ekki hefur verið sýnt fram á að nauðsynlegt hafi verið að girða umhverfis allt byggingarsvæðið sökum mögulegrar hættu fyrir börn og vegfarendur.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 27. mars 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 58/2012
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingafélagið V-2 v.B

Árekstur bifreiða á Hlíðarbergi þ. 27.12.2011

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 9.2.2012 ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V-2 dags. 24.2.2012 ásamt fylgiskjölum 1-5
3. Bréf V-1 dags. 5.3.2012 ásamt fylgiskjölum 1-3.

Málsatvik.

Báðum bifreiðunum var ekið eftir Hlíðarbergi A ók til norðurs en B til suðurs. Ökumaður B segir að A hafi verið ekið mjög hratt og hafi hann þá hægt á bifreið sinni og séð þegar ökumaður A hafi misst stjórn á bifreiðinni og vinstri afturendi A hafi síðan skolið á vinstri framenda B. Ökumaður A segist hafa ákveðið að aka upp í snjótroðning þar sem gatan hafi verið full þröng fyrir tvo jeppa til að mætast, en þá hafi afturhluti A runnið til hliðar og árekstur orðið. Vitni segir að eftir áreksturinn hafi A verið ekið að því er virtist upp á gangstétt og stefnt á dreng, en ökumaður náð stjórn á bifreiðinni og sveigt burt frá drengnum og stöðvað aksturinn stutt þar frá.

Álit.

Miðað við gögn málsins þá verður ekki annað séð en að A hafi ekið of hratt miðað við aðstæður sem leiddi til þess að ökumaður missti stjórn á A og árekstur varð. Ökumaður A ber því alla sök á árekstrinum, en ekki er sýnt fram á að ökumaður B hafi hagað akstri sínum með þeim hætti í umrætt sinn að sök verði felld á hann að hluta eða öllu leyti. Ökumaður A ber því alla sök.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök.

Reykjavík 3.4. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 59/2012**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Árekstur á gatnamótum Hlíðarvegs og Króksbrekku á Ísafirði hinn 12.1.2012.****Gögn.**

29. Málskot, móttakið 9.2.2012, ásamt fylgigögnum.

30. Bréf X, dags. 5.3.2012.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið til vesturs eða upp Króksbrekku og beygt áleiðis til hægri norður Hlíðarveg. Bar þá að bifreiðina B sem var ekið suður Hlíðarveg. Rákust þá saman vinstra framhorn A og aftanverð vinstri hlið B. Bjart var af degi, en snjóþekja og háлка á akbraut þegar áreksturinn varð. Lögregla kom á vettvang og gerði skýrslu um áreksturinn.

Ökumaður A kvaðst hafa litið til suðurs eftir umferð á Hlíðarvegi en enga séð. Þegar hann hafi verið kominn áleiðis inn á Hlíðarveg hafi hann séð hvar B var ekið suður Hlíðarveg norðan gatnamótanna. B hafi verið ekið mjög innarlega á veginum, þ.e. vinstra megin við akstursstefnu. Hann hafi hemlað en í þann mund hafi B verið beygt til hægri en afturhorn hennar hafnað á framhorni A.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið nálægt miðju akbrautar þar sem bifreiðum hafi verið lagt vestan megin á Hlíðarvegi. Er hann hafi nálgast Króksbrekku hafi A skyndilega verið ekið rösklega af henni inn á Hlíðarveg. Hann hafi beygt til hægri en árekstri hafi ekki verið forðað.

Álit.

Leiðir bifreiðanna áttu ekki að skerast er þær mættust á Hlíðarvegi. Er ökumaður A beygði til hægri bar honum að aka sem næst hægri brún akbrautar og taka beygjuna eins krappa og unnt var, sbr. 3. mgr. 15. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Að sama skapi bar ökumanni B að vera með ökutæki sitt eins langt til hægri og unnt var með tilliti til annarrar umferðar og aðstæðna að öðru leyti, sbr. 1. mgr. 14. gr. ufl. Á vettvangi mátti greina hjólför sem ökumaður A kvað vera eftir B og að þau sýndu staðsetningu B á akbrautinni þegar áreksturinn varð. Lögregla kvað á hinn bóginn ekki unnt að staðfesta að svo væri. Af fyrirliggjandi gögnum, þ. á m. ljósmyndum, verður ekki með óyggjandi hætti úr því skorið hvort áreksturinn verður rakinn til þess að A hafi ekki verið ekið sem næst hægri brún akbrautar eins og unnt var eða að B hafi ekki verið ekið eins langt til hægri eins og unnt var. Er því ósannað hvor ökumanna eigi í reynd sök á árekstrinum. Samkvæmt þessu og atvikum öllum, sbr. 89. gr. ufl., ber að skipta sök að jöfnu á milli ökumannanna.

Niðurstaða.

Hvor ökumanna skal bera helming sakar.

Reykjavík, 27. mars 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 60/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs
og slysatryggingar launþega****Vinnuslys við fall í ker með heitri raflausn þann 10.08. 2009.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 13.02. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 02.03. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M var við vinnu sína í álveri þegar hann féll niður í ker með 900°C heitri raflausn með þeim afleiðingum að hann, sem sumarstarfsmaður, hlaut brunasár sbr. fyrirliggjandi gögn.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann gerir kröfu um viðurkenningu á bótaskyldu nefndra vátrygginga. M gerir m.a. alvarlegar athugasemdir við þann drátt sem varð á afgreiðslu ágreiningsmáls þessa hjá vátryggingafélaginu sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu vegna ábyrgðartryggingar sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. Félagið telur ósannað að rekja megi slysið til vanbúnaðar á vinnustað eða ófullnægjandi vinnuaðstæðna eða verkstjórnar. Slysið verði rakið til stórkostlegs gáleysis M.

Vátryggingafélagið lætur þess getið í bréfi til nefndarinnar að “í ljósi þess mikla dráttar sem varð á málinu af hálfu félagsins var hins vegar ákveðið að fallast á greiðsluskyldu úr slysatryggingu launþega þrátt fyrir að félagið telji að bótaréttur hefði átt að falla niður í heild sinni eða að hluta vegna hins stórkostlega gáleysis.”

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu ábyrgðartryggingar atvinnureksturs. Ósannað er að rekja megi slysið til vanrækslu starfsmanna vátryggingartaka eða ófullnægjandi vinnuaðstæðna sem vátryggingartaki ber ábyrgð á.

Ljóst er af umfjöllun vátryggingafélagsins að félagið hefur nú samþykkt bótaskyldu vegna slysatryggingar launþega. Vegna þessa þarf ekki að fjalla frekar um þann þátt máls þessa.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir hendi samkvæmt slysatryggingu launþega. Bótaskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt ábyrgðartryggingu atvinnureksturs.

Reykjavík 27. mars 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 62/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. sjúkdómatryggingar.

Kona greindist með MS sjúkdóm þ. 29.5.2009.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 14.2.2012 ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V dag.s 1.3.2012.

Málsatvik.

M er með sjúkdómatryggingu hjá V og var greind með MS sjúkdóm þ. 29.5.2009. M segist hafa átt samtál við starfsmann V í ágúst 2009 og segir að starfsmaður V hafi gefið henna rangar upplýsingar og því hafi hún ekki tilkynnt um sjúkdóminn strax. Af hálfu M er því haldið fram að ekki beri að miðað tímaviðmiðun hvað 1.mgr. 124.gr. laga um vátryggingasamninga varðar nr. 30/2004 við greiningardag heldur við þann tíma þegar hún eftir því sem best verður skilið fór að verða alvarlega vör við afleiðingar sjúkdómsins. V hafnar því að starfsmenn félagsins hafi veitt rangar eða villandi upplýsingar sem hafi orðið til þess að M látið hjá líða að tilkynna um sjúkdóminn innan tilkynningafrestsins. V bendir á að greining á sjúkdómnum hafi legið fyrir þ. 29.5.2009 en tilkynning um kröfu um bætur úr tryggingunni hafi ekki komið fyrir en 4.3.2011 eða tæpum 2 árum síðar og sé því réttur M til töku tryggingarbóta fallinn niður.

Álit.

Ekki er sýnt fram á að M hafi verið veittar rangar eða misvísandi upplýsingar af starfsmanni V. M greindist með MS sjúkdóm þ. 29.5.2009 og mátti þá vera ljóst að um varanlegar afleiðingar sjúkdómsins mundi vera að ræða. M tilkynnti hins vegar ekki um sjúkdóminn fyrir en með tilkynningu þ. 4.3.2011 eða tæpum 2 árum síðar. M á því ekki rétt á bótum úr sjúkdómatryggingu sinni hjá V vegna vanrækrar tilkynningaskyldu til félagsins í samræmi við 1.mgr. 124.gr. laga nr. 30/2004 vátryggingasamningalaga.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúkdómatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 3.4. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 63/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Frjálsrar ábyrgðartryggingar R

**Kona slasaðist þegar hún rann á flísunum í anddyri verslunar- og skrifstofuhúsnæðis þ.
25.2.2010**

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 14.2.2012 ásamt fylgiskjölum 1-5
2. Bréf V dags. 12.3.2012

Málsatvik.

M segist hafa verið á leið inn í verslun við Suðurlandsbraut í Reykjavík og hafi runnið á hálum flísunum í anddyri með þeim afleiðingum að hún slasaðist. M segir að bylur hafi verið úti og flísar í anddyri mjög hálar. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu R og telur að aðbúnaður við inngang hússins sem með þeim hætti að eigandi hússins verði talinn bera skaðabótaábyrgð á slysinu. M segir flísar í anddyri hafa verið mjög hálar og engar varnir á flísunum. V hafnar bótaskyldu og segir að snjócoma hafi verið í umrætt sinn og frost. V tekur fram að R sé þjónustuaðili sem leigi umrædda eign og engin fulltrúi R sé á staðnum. V segir að þær flísar sem um ræðir séu enn á sínum stað og M geti látið meta aðstæður allt frá slysdegi en það hafi hún ekki gert. V segir því að ekki sé sýnt fram á að aðbúnaður við inngang hússins sé með þeim hætti að húseigandi verði talinn bera skaðabótaábyrgð á slysi M.

Álit.

Ekki er sýnt fram á að gólfflísar þær sem eru í umræddu húsnæði séu óforsvaranlegar þannig að leiði til skaðabótaábyrgðar húseigenda. Þegar af þeim ástæðum á M ekki kröfu um bætur úr frjálsri ábyrgðartryggingu R hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu R hjá V.

Reykjavík 30.3.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 64/2012**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar og slysátryggingar ökumanns.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns af völdum bifreiðaáreksturs.****Gögn.**

31. Málskot, móttakið 14.2.2012, ásamt fylgigögnum.

32. Bréf X, dags 5.3.2012.

Málsatvik.

Hinn 12.5.2011 mun árekstur hafa orðið er bifreiðinni A var ekið aftan á bifreiðina B sem M kveðst hafa ekið. Báðir ökumenn virðast hafa ekið af vettvangi.

Samkvæmt dagbókarfærslu lögreglunnar í Reykjavík mun ökumaður A hafa tilkynnt að hún hafi ekið aftan á B og vettvangur hafi verið á Vesturlandsvegi fyrir ofan Ártúnsbrekku í Reykjavík. Hafi ökumaður B nauðhemlað fyrir framan A án sjáanlegrar ástæðu. Stúlka hafi ekið B og með henni í bifreiðinni hafi verið önnur stúlka. Þær hafi báðar þrætt fyrir að B hafi verið nauðhemlað. Þegar ökumaður A hafi ætlað að kalla á lögreglu hafi B verið ekið á brott áfram austur Vesturlandsveg. Taldi ökumaðurinn að stúlkurnar í B hafi verið í annarlegu ástandi.

Í ódagsettri tjonstilkynningu M kveður hún að A hafi verið ekið aftan á B á frárein á Höfðabakkabrúnni. Sjáanlegt tjon hafi verið á framstuðara A og á afturstuðara B. Hinn 17.5.2011 leitaði M á slysa- og bráðadeild Landspítalans. Í fyrirliggjandi læknafréfi kemur fram að hún hafi leitað þangað vegna verks í baki og upp í háls eftir umferðaróhapp „síðastliðinn fimmtudag, 13.05“. Segir þar ennfremur að M hafi verið „ökumaður í einkabíl sem ekið var aftan á á Vesturlandsveginum og var að beygja í frárein upp á Höfða þegar keyrt var á hana og töluvert mikið högg, var að hægja á sér þegar hún beygði og bíllinn kom aftan á hennar bíl á fullri ferð.“ Þá segir að M hafi ekki haft mikil óþægindi í fyrstu en síðustu daga verið að fá vaxandi einkenni bæði frá hálsi og lendhrygg. Við læknisskoðun varð vart einkenna frá þessum stöðum.

Bæði A og B voru vátryggðar lögmæltum ökutækjatrýggingum hjá Verði tryggingum hf. (hér eftir nefnt X). M hefur krafist þess aðallega að líkamstjón sitt bætist úr ábyrgðartryggingu A, en til vara að það bætist úr slysátryggingu ökumanns B. X kveðst ekki hafa hafnað bótaskyldu, en málið snúist um sök og sakarskiptingu á grundvelli 89. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Beðið sé eftir fullnægjandi upplýsingum frá M, en þrátt fyrir ítrekaða beiðni hafi hún ekki gefið skýrslu hjá lögreglu um atvikið.

Álit.

Eins og mál þetta er lagt fyrir nefndina er aðallega krafist viðurkenningar á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A. Í tilviki þessu er bótaábyrgð úr ábyrgðartryggingu A háð því að hve miklu leyti ökumaður A teljist eiga sök á árekstrinum. X kveðst ekki hafa átt þess kost að taka afstöðu til sakarskiptingar vegna skorts á gögnum eins og áður er rakið. Ekki verður annað séð en sá skortur á gögnum lúti einnig að rétti M til bóta úr ökumannstryggingu B. Að þessu virtu telst málið ekki nægilega upplýst þannig að það sé tækt til úrskurðar. Ber að vísa málinu, frá sbr. e. lið 4. gr. samþykktu nefndarinnar, sbr. auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005 um samþykktir fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Niðurstaða.

Máli þessu er vísað frá úrskurðarnefnd.

Reykjavík, 27. mars 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál 65/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/frítímaslysátryggingar****Meiðsl í tengslum við hjartastopp 11.05. 2010, ágreiningur um bótaskyldu.****Gögn.**

- 1) Málskot móttækið 14.02. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 01.03. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Efnislega kemur fram í gögnum málsins m.a. að M hafi verið gestkomandi í íbúð vinar síns og var þar í sturtu þegar lögregla “réðist inn í íbúðina og inn í sturtuna þar sem lögreglumenn sneru kæranda niður og handjárnudu á fótum og höndum. Í atganginum misstu lögregluþjónar kæranda í gólfið og við það missti hann meðvitund og fór í hartastopp...” sbr. nánar gögn málsins.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það telur að atvik máls þessa falli ekki undir slyshugtak vátryggingarinnar. M hafi fengið hjartastopp í kjófar margra daga andvöku og neyslu orkudrykkjar með manísku ástandi og geðrofseinkennum sbr. fyrirliggjandi gögn. Til viðbótar vísar félagið til þess að samkvæmt skilmálum bætir vátryggingin ekki slys sem vátryggður verður fyrir í handalögmáli eða við þátttöku í refsiverðum verknaði. M hafi slegist við lögreglu sem kom á vettvang í tengslum við handtöku.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Telja verður að M hafi ekki lent í slysi í umrætt sinn líkt og það er skilgreint samkvæmt vátryggingarskilmálum. Þá virðist M hafa verið þátttakandi í handalögmáli og/eða refsiverðum verknaði með því að ráðast gegn lögreglu við handtöku.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 27. mars 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 66/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. kaskótryggingar dráttarvélarnar A

Tjón varð á dráttarvél þ. 24.1.2012

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 14.2.2012.
2. Bréf V dags. 5.3.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-3

Málsatvik.

M segist í málskoti hafa ekið A út af vegi nr. 48 og lent á harðfenni og við það hafi festingar og frambeisli brotnað. M gerir kröfu til bóta vegna tjónsins úr kaskótryggingu A hjá V. V hafnar bótaskyldu og vísar til tjónstilkynningar þar sem fram komi að búnaður á A hafi gefið sig við snjómokstur, en það tjónsatvik falli ekki undir ákvæði 1.gr. vátryggingaskilmála þeirra sem um ræðir. V segir að síðar eftir að V hafi hafnað kröfu M hafi komið fram ný lýsing á tjónstílvikin

Álit.

Leggja verður til grundvallar lýsingu M á tjónsatburðinum í tjónstilkynningu. Samkvæmt lýsingu M á málavöxtum í tjónstilkynningu á M ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu sinni hjá V þar sem kaskótrygging hans tekur ekki til tjóns á A vegna snjómoksturs.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna tjóns á A þ. 24.1.2012

Reykjavík 3.4.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 70/2012
M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.

Ágreiningur um bótaskyldu (orsakatengsl) vegna líkamstjóns af völdum umferðaróhapps.

Gögn.

33. Málskot, móttækið 15.2.2012, ásamt fylgigögnum.
34. Bréf X, dags 5.3.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 4.10.2011 var M ökumaður bifreiðarinnar A sem var kyrrstæð á gatnamótum Miklubrautar og Lönguhlíðar. Var þá bifreiðinni B ekið aftan á A. Hinn 9.10.2011 leitaði M á bráðamóttöku Landspítalans. Í læknisvottorði spítalans kemur fram að M hafi lýst árekstrinum svo að B hafi komið aftan á A á töluverðum hraða og lent á afturstuðara. Höggið hafi verið mikið, en A hafi þó verið ökufær á eftir. Kvaðst M hafa fengið mikinn hnykk á sig því hann hafi verið að líta aftur þegar áreksturinn varð. Hann hafi svo fundið fyrir vaxandi verkjum yfir herðasvæði hægra megin með leiðni upp í höfuð og einnig hafði hann verki á milli herðablaða og niður í mjóbak. Var M greindur með tognun og ofreynslu á háls- og lendahrygg. M leitað svo til heilsugæslulæknis 10.10.2011. Í vottorði læknisins, dags. 21.10.2011, segir að um harða aftanákeyrslu hafi verið að ræða og M sé óvinnufær með öllu og óvíst hversu lengi.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu B hjá vátryggingafélaginu X vegna tímabundins atvinnutjóns sem hann kveðst hafa orðið fyrir við umferðaróhappið. X hefur hafnað bótaskyldu á þeirri forsendu að ósannað sé að M hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn. Hefur M í þessu sambandi vísað til útreiknings á þyngdarkrafti sem kom á A við áreksturinn, eða 0,76g, en X fékk fyrirtækið D til að reikna út kraftinn.

Álit.

Ekki verður annað ráðið en óumdeilt sé að M eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá X að því marki sem sannað telst að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn. Af gögnum málsins má ráða að áreksturinn hafi ekki verið harður. Í málinu liggur ekki fyrir neitt mat á því tjóni sem kann að hafa orðið á líkama M við áreksturinn. Þegar til þessa er litið, svo og þess að engin gögn liggja heldur fyrir sem sýna fram á með skýrum hætti að hann hafi verið óvinnufær því tímabili sem krafa hans miðast við, verður að telja ósannað að M hafi orðið fyrir líkamstjóni sem er bótaskyld úr ábyrgðartryggingu B.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá X.

Reykjavík, 30. mars 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 71/2012
M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.

Ágreiningur um bótaskyldu (orsakatengsl) vegna líkamstjóns af völdum umferðaróhapps.

Gögn.

35. Málskot, móttækið 15.2.2012, ásamt fylgigögnum.
36. Bréf X, dags 5.3.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 4.10.2011 var M farþegi í bifreiðinni A sem var kyrrstæð á gatnamótum Miklubrautar og Lönguhlíðar. Var þá bifreiðinni B ekið aftan á A. M var þunguð og var skoðuð af læknum fæðingardeildar Landspítalans. Mun hún hafa fundið fyrir hreyfiskerðingu og verkjum með leiðni fram í höfuð og niður á milli herðablaða. Hún kvaðst hafa lent í svipuðu fyrir tveimur árum, en þá hafi skellurinn verið minni og ekki leitað læknis.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum um sjúkrasögu M kemur fram að hún hefur sögu um ýmis stoðkerfiseinkenni allar götur frá árinu 2000 og framan af einkum í tengslum við fimleikakiðkun. Hinn 15.9.2006 er skráð að M hafi verið með tak í bakinu undanfarið sem leiði upp í háls og út í hægri handlegg. Er með væga hryggskekkju um miðjan brjósthrygg og mjög stífa vöðva í hálsi. Hinn 28.10.2010 er M sögð vera slæm af verkjum í herðum og upphandleggjum og hafi einnig verið höfuðverkjagjörn. Hinn 4.11.2010 hafði M verið með krampa aftan í hálsinum. Er einnig með mikla „myagliu“ í hálsi og herðum, bæði verkur við að teygja á vöðvum og við þreifingu, ekki hnakkastíf. M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu B hjá vátryggingafélaginu X vegna þess líkamstjóns sem hún kveðst hafa hlotið við umferðaróhappið. X hefur hafnað bótaskyldu á þeirri forsendu að ósannað sé að M hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn. Hefur M í þessu sambandi vísað til útreiknings á þyngdarkrafti sem kom á A við áreksturinn, eða 0,76g, en X fékk fyrirtækið D til að reikna út kraftinn.

Álit.

Ekki verður annað ráðið en óumdeilt sé að M eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá X að því marki sem sannað telst að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn. Af gögnum málsins má ráða að áreksturinn hafi ekki verið harður. Í málinu liggur ekki fyrir neitt mat á því tjóni sem kann að hafa orðið á líkama M við áreksturinn. Þegar til þessa er litið og sögu M um sjúkdómseinkenni frá hálsi fyrir slysið verður ekki ráðið að hún búi við líkamstjón sem rakið verður til árekstursins 4.10.2011. Við svo búið telst hún ekki eiga rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá X

Reykjavík, 30. mars 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 73/2012
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingafélagið V-2 v. B

Árekstur í Norðurfelli í Reykjavík þ. 29.12.2011

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 20.2.2012 ásamt fylgiskjölum 1-2
2. Bréf V-1 dags. 16.3.2012 ásamt fylgiskjölum 1-2
3. Bréf V-2 dags. 9.3.2012 ásamt fylgiskjölum 1-3

Málsatvik.

Árekstur varð á milli A og B við þrengingu í Norðurfelli í Reykjavík. Ökumaður A segir að aðstæður til aksturs hafi verið mjög slæmar, snjócoma og slæmt skyggni. Ökumaður A segist hafa ekið inn í þrenginguna á hægri ferð og séð B koma á móti sér án þess að draga úr ökuhraða og hafi hún þá ekið A út í kant en ökumaður B ekki séð A fyrr en of seint og hafi ekki náð að stöðva B. Ökumaður B segist hafa verið komin vel inn í þrenginguna og þá séð að A hafi komið beint á móti sér og hafi hún þá reynt að sveigja til hægri eins og mögulegt var en A stefnt beint á móti B um það bil þar sem þrengingunni lýkur.

Álit.

Ökumenn greinir á um málavexti, en á framhlið tjónstilkynningar, sem báðir ökumenn undirrita, er teikning sem sýnir að B er komin alveg inn í þrenginguna á veginum, en A er við enda hennar. Af því má ætla að B hafi verið komin fyrr inn í þrenginguna og bar ökumanni A því að víkja fyrir B sbr. 19.gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Ökumaður A telst því bera alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök á árekstrinum.

Reykjavík 30.3 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 74/2012
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingafélagið V-2 vB

Árekstur bifreiða í Skipagötu á Akureyri þ. 29.1.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 20.2.2012 ásamt fylgiskjölum 1-5
2. Bréf V-1 dags. 8.3.2012 ásamt fylgiskjölum 1-2.
3. Bréf V-2 dags. 19.3.2012 ásamt fylgiskjölum 1-6

Málsatvik.

A var ekið suður Skipagötu fyrir framan var bifreiðin B sem stöðvaði við gatnamótin Hofsbót og ákvað ökumaður A að aka inn á bifreiðastæði til að aka þannig framhjá B á leið sinni áfram suður Skipagötu. Ökumaður A segir að þegar hún hafi verið komin svo gott sem framhjá B þá hafi farþegahurð B verið opnuð utan í vinstri hlið A. Ökumaður B segir að B hafi verið kyrrstæð þar sem hún ætlaði að hleypa inn farþega þegar A hafi reynt að troðast framúr hægra megin frá, en til þess að gera það hafi A farið á bílastæði og jafnvel upp á gangstétt og slengt afturhlið A í farþegahurð A sem hafi staðið opin.

Álit.

Á framhlið tjonstilkynningar sem báðir ökumenn undirrita segir m.a. "Bíl A var ekið framúr bíl B hægra megin frá á opna bílhurð." Ökumaður A ók hægra megin framúr B með því að fara inn á bílastæði og ók þar á opna bílhurð á kyrrstæðri bifreið (B) miðað við það sem fram kemur á framhlið tjonstilkynningar og vísað er til hér að ofan. Ökumaður A ber því alla sök á árekstrinum

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök á árekstrinum.

Reykjavík 11.4. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 75/2012
M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar atvinnureksturs.

Ágreiningur um bótaskyldu er skemmdir urðu á ljósleiðaralögn í ljósleiðarabrunni.

Gögn.

- 37. Málskot, móttakið 16.2.2012, ásamt fylgigögnum.
- 38. Bréf X, dags 12.3.2012.

Málsatvik.

Hinn 8.9.2011 voru starfsmenn M að bora inn í ljósleiðarabrunn fyrir nýjum ljósleiðara með þeim afleiðingum að borinn laskaði eldri ljósleiðaralögn. Lögnin var í eigu A. M hafði í gildi frjálsa ábyrgðartryggingu hjá vátryggingafélaginu X vegna starfsemi sinnar. A krafðist bóta úr ábyrgðartryggingunni hjá X vegna þeirra skemmda sem urðu á ljósleiðaralögninni. X hefur hafnað greiðslu bóta úr vátryggingunni. Svo virðist sem M hafi síðan bætt A tjónið.

Álit.

Samkvæmt gögnum málsins virðist ekki um það deilt að umrædd ljósleiðaralögn teljist vera fjarskiptavirki í skilningi 14. tölul. 3. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003. Samkvæmt síðari másl. 3. mgr. 71. gr. laganna er þeim sem veldur skemmdum á fjarskiptaviki skylt að bæta allt tjón sem af skemmdunum leiðir, bæði beint og óbeint, nema hann sýni fram á að ekki hafi verið komist hjá tjóni þó að fyllstu aðgæslu hafi verið gætt.

Ljóst er að starfsmenn M ollu tjóni á ljósleiðaralögninni. Ekki hefur verið sýnt fram á samkvæmt gögnum málsins að ekki hafi verið komist hjá tjóni þótt starfsmennirnir hefðu sýnt fyllstu aðgæslu. M, sem vinnuveitandi þeirra, ber því fébótaábyrgð á því tjóni sem A varð fyrir.

Samkvæmt 2. gr. þeirra vátryggingarskilmála sem gilda um ábyrgðartrygginguna tekur vátryggingin til skaðabótaábyrgðar sem fellur á vátryggðan vegna slysa á mönnum eða skemmda á munum vegna starfsemi þeirrar sem getið er í skírteini eða iðgjaldskvittun. Ekkert liggur fyrir um að umrætt verk, sem unnið var við þegar tjónið varð, falli utan þeirra starfsemi M sem vátryggingunni er ætlað að taka. Ekkert bendir til að ljósleiðaralögn sú sem varð fyrir skemmdum hafi með einhverju móti verið í vörslum M eða starfsmanna hans. Þótt sérstakur skildagi fyrir jarðýtur, vélskóflur, skurðgröfur og aðrar þess háttar vinnuvélar sé í gildi verður ekki séð að í því felist að hinir almennu skilmálar eigi ekki að gilda um vátrygginguna, þ. á m. fyrrgreint ákvæði 2. gr. Að öllu virtu telst tjónið bótaskyldt úr ábyrgðartryggingunni. Skiptir í því sambandi ekki máli þótt M kunni að hafa bætt A tjónið. Hagsmunum X var ekki raskað af þeim sökum.

Niðurstaða.

Tjón á ljósleiðaralögn í eigu A er bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu M hjá X.

Reykjavík, 30. mars 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 76/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/A****og****Vátryggingafélagið Z v/B****Árekstur Birkimel við Þjóðarbókhöðuna þann 24.01. 2012.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 21.02. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélags X til nefndarinnar, dags. 16.03. 2012.
- 3) Bréf vátryggingafélags Z til nefndarinnar, dags. 16.03. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Áreksturinn varð við Birkimel á mót við Þjóðarbókhöðuna. Ökumaður A ók norður Birkimel þegar B var bakkað úr stæði. Ágreiningur er um hvort B hafi ekið í veg fyrir A og/eða hvort B hafi verið kyrrstæður.

M telur að ökumaður A eigi að bera ábyrgð á árekstrinum sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélögin telja ljóst að B hafi bakkað út á götuna í veg fyrir A. Það var og niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.

Álit.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður B ábyrgð á árekstrinum fyrir að bakka í veg fyrir A. Ósannað er að B hafi verið kyrrstæð það lengi að unnt sé að leggja ábyrgð á A.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 27. mars 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 77/2012
M og
Vátryggingafélagi V v. Frjálsrar ábyrgðartryggingar S

Kona sem vann við þrif lenti í tannhjóli færibandis og slasaðist þ. 16.12.20120

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 21.2.2012 ásamt fylgiskjölum 1-11
2. Bréf V dags. 12.3.2012 ásamt fylgiskjali 1-2.

Málsatvik.

M vann við þrif í frystihúsi S, sem starfsmaður hreingerningarfyrirtækis. M segist hafa verið að ljúka við að þrifa saltfiskvinnslulínu og hafi komið auga á fiskúrgang sem var fastur í bandinu og reynt að losa hann með vinstri hendi án þess að stöðva færibandið. Það hafi orðið til þess að hanski M festist í tannhjóli í færibandinu og hendin dregist með inn í það og M slasast. M hafði unnið við þrif í frystihúsinu í fjóra mánuði þegar slysið varð. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu S vegna slyssins og telur aðbúnaði og öryggi áfátt hjá S, sem leiði til bótaskyldu S gagnvart M. Í lögregluskýrslu er haft eftir M að það hafi verið mistök af sinni hálfu að slökkva ekki á færibandinu. Verkstjóri á vegum S segir að hann hafi ítrekað bent starfsfólki hreingerningarfyrirtækisins að slökkva á öllum færiböndum í töflu í verkstjórnarkompum og sýnt þessa rofa ítrekað. Í skýrslu Vinnueftirlitsins segir m.a. að aðstæður á slysstað séu góðar og M hafi unnið þetta verk áður. V hafnar bótaskyldu og segir að vátryggingataki hafi hvorki sýnt saknæma né ólögmdæta háttsemi í tengslum við atvikið, en það sé forsenda bótaskyldu hans. Þá segir V að starfsfólki sé ítrekað bent á að stöðva færibandið þegar unnið sé við þrif þess og segir að í lögregluskýrslu vegna atviksins viðurkenni M að það hafi verið mistök að slökkva ekki á færibandinu. Þá bendir V á að M sé ekki starfsmaður S heldur hreingerningarfyrirtækis sem tekið hafi að sér þrif á staðnum og einnig kennslu og þjálfun starfsfólks. Þá kemur fram að bæði S og talsmenn hreingerningarfyrirtækisins sem M vann hjá í umrætt sinn segja að M hafi ekki fylgt reglum m.a. þeim að slökkva ekki á færibandinu meðan hún vann við þrif á því.

Álit.

Ekki er sýnt fram á að eitthvað sé athugavert við færibandið sem M vann við í umrætt sinn eða aðstæður á verkstað. Af því leiðir að ekki er sýnt fram á sök S sem leitt gæti til skaðabótaskyldu hans vegna slyss M. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu S hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu S hjá V.

Reykjavík 30.3 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 78/2012
M
og
vátryggingafélagið X v/ slysátryggingar ökumanns.

Ágreiningur um hvort réttur til að krefjast bóta úr slysátryggingu hafi verið fallinn niður.

Gögn.

39. Málskot, móttækið 23.2.2012, ásamt fylgigögnum.
40. Bréf X, dags. 13.3.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 3.9.2009 missti M stjórn á bifhjóli sem hann ók. Hann féll í götuna og fékk m.a. högg á hægri öxl. Daginn eftir, 4.9.2009, leitaði M á slysadeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri vegna versnandi einkenna í öxlinni, en þá fann hann fyrir miklum verkjum við að hreyfa liðinn. Við skoðun sást engin klár aflögun en hliðlægur viðbeinsendi stóð hærra hægra megin heldur en hann gerði vinstra megin. Talið var líklegast að um væri að ræða tognun á mótum herðablaðs og viðbeins, í svokölluðum „acromioclacicular“ lið. Fékk M ráðleggingar um hreyfingar til að koma í veg fyrir frosna öxl ásamt því að fá lyfseðil fyrir bólgueyðandi lyfi til að taka meðfram æfingum.

Hinn 26.7.2010 leitaði M til heilsugæslulæknis á heilsugæslustöð. Er þá haft eftir M að hann sé alltaf með lúaverk í hægri öxl með leiðni niður í handlegginn. Svo virðist sem frekari rannsókn hafi farið fram á öxlinni hinn 4.8.2010. Segir um þá rannsókn í læknisvottorði að engir brotáverkar greinist. „Humeroscapular“ liðurinn er eðlilegur, „subacromiala“ bilið er ekki þrengt, en „AC“ liðurinn er talvert gliðnaður og mælist liðbilið allt að 10 mm, en sá vinstri er eðlilegur.

Hinn 7.7.2011 gerði M kröfu um bætur að því er virðist úr ábyrgðartryggingu bifjólans (á væntanlega að vera úr slysátryggingu ökumanns bifjólans) hjá vátryggingafélaginu X. X hafnaði bótaskyldu þar sem ársfrestur til að krefjast bóta úr vátryggingunni hafi verið liðinn samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 124. gr. glatar sá sem á rétt til bóta úr slysátryggingu þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á. Þegar litið er til þess sem fyrir liggur í gögnum málsins um einkenni þau sem M býr við í öxlinni og lýst er hér að framan verður ekki talið að M hafi getað gert sér grein fyrir að um varanlegar afleiðingar væri að ræða sem leitt gæti til bóta úr slysátryggingunni fyrr en niðurstöður rannsóknarinnar 4.8.2010 lágu fyrir. Er M tilkynnti um slysið til X hinn 7.7.2011 var ekki ár liðið frá því hann vissi um kröfu sína. M hafði því ekki glatað rétti sínum til bóta úr slysátryggingunni.

Niðurstaða.

M hefur ekki glatað rétti til bóta úr slysátryggingu ökumanns hjá X.

Reykjavík, 30. mars 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 80/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Frjálsrar ábyrgðartryggingar P

Starfsmaður festi hægri fót á lokfestingu gufuketils og snéri sig þ. 27.9.2006

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 24.2.2012 ásamt fylgiskjölum 1-11
2. Bréf V dags. 17.3.2012 ásamt fylgiskjali

Málsatvik.

M starfar sem viðhaldsmaður hjá P og varð fyrir því að festa hægri fót sinn á lokfestingu gufuketils og varð fyrir snúningsáverka á hægri hné. M telur að slysið megi rekja til ófullnægjandi aðstæðna á vinnustað og bein orsakatengsl séu á milli saknæmra aðstæðna á vinnustað og þess að M varð fyrir tjóni. Þá segir M að vinnupallur sem unnið var á í umrætt sinn hafi verið ófullnægjandi. V hafnar bótaskyldu og segir að M sé lærdur bifvélavirki og hafi unnið hjá P frá árinu 1998. V segir að lokfestingin sem M festi sig í sé hluti varanlegs og venjulegs búnaðar gufuketilsins og sé þessi umbúnaður ekki andstæður lögum eða reglugerðum. Þá bendir V á að ekki hafi verið um fall að ræða úr hæð sbr. lýsingu á tildrögum slyssins.

Álit.

Í tilkynningu um slysið segir M. "Var að vinna uppá gufukatlinum í P. Festi hægri fótinn í lokfestingunni snérist á hné svo að liðþófi rifnaði." Ekki hefur verið sýnt fram á að eitthvað hafi verið athugavert við aðstæður á verkstað eða búnað umrædds gufuketils. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að slys M stafi af atvaramálum sem P ber skaðabótaábyrgð á. Af þeim sökum á M ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu P hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu P hjá V.

Reykjavík 30.3 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 81/2012
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingafélagið V-2 B

Árekstur bifreiða í porti við JL húsið í Reykjavík þ. 26.11.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 24.2.2012 ásamt fylgiskjölum nr. 1-4
2. Bréf V-1 dags. 9.3.2012
3. Bréf V-2 dags. 27.3.2012

Málsatvik.

Árekstur varð í porti við JL húsið í Reykjavík. Ökumaður A segist hafa ekið eftir Eiðsgranda frá Seltjarnarnesi og tekið eðlilega beygju til hægri inn í portið við JL húsið og þá hafi B komið á móti á leið út úr portinu og hafi síðan tekið of víða beygju vegna of mikils hraða og hálfu. Ökumaður A segist hafa sveigt til hægri til að reyna að koma í veg fyrir árekstur en það ekki dugað til. Ökumaður B segist hafa verið að beygja út úr portinu þegar A hafi ætlað að beygja inn í portið og tekið beygju of snemma og of skarpt og ekið í veg fyrir B. Ökumaður B segir að B hafi verið á réttum vegarhelmingi.

Álit.

Þegar áreksturinn varð var mikil hálfka eins og báðir ökumenn lýsa og aðstæður til aksturs voru því að mörgu leyti erfiðar. Við þær aðstæður bar ökumönnum að sýna sérstaka varúð, sem hvorugur ökumaður þykir hafa sýnt í þessu tilviki. Af gögnum málsins verður ekki ráðið nákvæmlega um aðdraganda árekstursins. Með vísan til þess að hvorugur ökumaður þykir hafa sýnt nægjanlega varúð við þær aðstæður sem voru fyrir hendi og ekki verður nákvæmlega ráðið hver aðdragandi árekstursins var þá þykir rétt að hvor ökumaður beri helming sakar.

Niðurstaða.

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík 17.4.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 84/2012
M
og
vátryggingafélagið X v/ slysatryggingar launþega.

Ágreiningur um upphaf frests til að tilkynna um vátryggingaratburð.

Gögn.

41. Málskot, móttakið 2.3.2012, ásamt fylgigögnum.
42. Bréf X, dags. 26.3.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 8.12.2009 var M við störf hjá fyrirtækinu V. Vann hann við að færa til bretti og verið var að lyfta bretti ofan af öðru bretti. Við það festist vinstri hönd M við brettið þannig að mikið tog mun hafa komið á upphandlegginn og upphandleggsvöðvi slitnaði.

M leitaði samdægurs á slysa- og bráðadeild Landspítalans. Hafði hann þá verki í upphandlegg ofan við olnbogann og fannst eins og olnboginn væri „deformeraður“ og minnkaður kraftur. Var greining lækna spítalans slit á „biceps“ vöðva. Við endurkomu hinn 22.1.2010 hjá læknum bæklunardeildar spítalans var upphandleggurinn „eðlilegri skoðunar en áður og vöðvinn afmarkar sig greinilega við átak og spennist upp og er sjúklingur frekar fráhræfður aðgerð.“ Við svo búið var M útskrifaður úr eftirliti.

Með tilkynningu, dags. 5.10.2011, krafðist M bóta úr slysatryggingu launþega sem V hafði í gildi hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu þar sem tjónið hafi verið tilkynnt félaginu of seint þannig að M hafi glatað rétti sínum til bóta, sbr. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 (vsl.).

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 124. gr. vsl. glatar sá sem á rétt til bóta úr slysatryggingu þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á. Fyrir liggur að sjálfan slysdaginn varð ljóst að upphandleggsvöðvi („biceps“ vöðvi) hafði slitnað. Þótt gögn séu um margt óljós varðandi endurkomu M á bæklunardeild Landspítalans 22.1.2010 er engu að síður ljóst að þá stóð honum til boða einhver aðgerð væntanlega í því skyni að freista þess að bæta að einhverju marki líðan M í handleggnum. Verður samkvæmt gögnum málsins að ætla að við það tímamark hafi M átt að gera sér grein fyrir að hann búi við varanlegar afleiðingar af völdum slyssins. Þegar tjónið var svo tilkynnt X í október 2011 var meira en ár liðið frá því M vissi um þau atvik sem krafa hans er reist á. Réttur hans til bóta úr slysatryggingunni er því fallinn niður.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá X.

Reykjavík, 11. apríl 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 86/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Fjölskyldutryggingar.

Þjófnaður úr húsi í Hafnarfirði þ. 13.1.2012

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 28.2.2012 ásamt fylgiskjölum 1-5
2. Bréf V dags. 16.4.2012 ásamt fylgiskjölum 1-3

Málsatvik.

M tilkynnti innbrot í íbúð sína. Í lögregluskýrslu segir að gluggi á norðurhlið hússins hafi verið brotinn upp og búið að róta í skápum og skúffum á öllum hæðum hússins. Fjölmörgum munum hafði verið stolið samkvæmt lögregluskýrslu, sem voru á ýmsum stöðum í húsinu. Skoðunarmaður V segir að greinileg ummerki séu um að opnanlegt gluggafag hafi verið spent upp og þjófarnir farið þar inn í húsið. M krefst bóta úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V. V hafnar bótaskyldu og bendir á að ummerki um spennijárn á gluggafagi sé ekki á þeirri mynd sem lögreglan tók þegar hún kom á staðinn, en hins vegar séu slík ummerki þegar tjónaskoðunarmaður kom á staðinn. Í því sambandi vísar V til ljósamynda af umræddum glugga. V segir að gluggi á húsinu sem vísað er nákvæmar til hafi verið skilinn eftir opinn af húsráðendum þegar þeir yfirlögðu húsið fyrir þjófnaðinn. V segir að brotið hafi verið gegn þeirri varúðarreglu að læsa skuli öllum íbúðarhúsum, geymslum og öllum gluggum og krækja þá aftur sbr. gr. 4.5.7. vátryggingaskilmála. Þá vísar V til 9.kafla vátryggingaskilmálanna þar sem segir að sé varúðarreglum ekki fylgt geti ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta sbr. 26.gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004.

Álit.

Af gögnum málsins verður ráðið að farið hafi verið inn um opnanlegan glugga sem ekki var lokaður eða kræktur aftur. Með því var brotið gegn varúðarreglu í grein 4.5.7 í vátryggingaskilmálum. Ljóst er að mannaferðir voru stopular í umræddu húsi megin hluta dagsins, en farið var inn um ólæstan og ókræktan glugga á jarðhæð. Þjófnaðinn á þeim tækjum sem stolið var má því rekja til þess að framangreind varúðarregla var ekki virt og verður að virða M það til sakar. Sök M telst það veruleg að réttur hans til bóta úr vátryggingunni hefur fallið niður sbr. 9.kafla vátryggingaskilmála þeirra sem hér ræðir um.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 30.3. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 87/2012**M
og
váttryggingafélagið X v/ innbútryggingar.****Ágreiningur um niðurfellingu innbútryggingar vegna vanskila.****Gögn.**

43. Málskot, móttakið 28.2.2012, ásamt fylgigögnum.
44. Bréf X, dags. 16.3.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M hafði í gildi innbútryggingu hjá váttryggingafélaginu X. Hinn 1.1.2011 mun váttryggingin hafa verið á gjalddaga fyrir váttryggingartímabilið 1.1.2011 til 31.12.2011. Hinn 1.2.2011 var M send innheimtuviðvörðun þar sem iðgjald var þá enn í vanskilum og hann hvattur til greiðslu skuldarinnar svo komast mætti hjá frekari innheimtuaðgerðum. Skuldin var enn ógreidd 6.4.2011 og var M þá send lokaaðvörðun. Í aðvörðuninni segir svo, orðrétt: „Vinsamlega greiðið skuldina innan 14 daga frá dagsetningu þessa bréfs. Að öðrum kosti falla váttryggingarnar niður og/eða verða sendar í lögfræðilega innheimtu eftir því sem við á.“ Er iðgjaldið var enn ógreitt 16.5.2011 var váttryggingin felld niður.

Hinn 6.6.2011 skemmdist innbú M af völdum bruna. Hann hefur krafist bóta fyrir tjón sitt úr innbútryggingunni hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu þar eð innbútryggingin hafi verið fallin niður er tjónið varð.

M kveður á hinn bóginn að vegna veikinda hafi hann ekki getað greitt innan þess frests sem mælt var fyrir um í fyrrgreindri lokaaðvörðun. Telur M að ábyrgð X hafi átt að haldast í þrjá mánuði til viðbótar með vísan til 2. mgr. 33. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga (vsl.), en samkvæmt því ákvæði helst ábyrgð félagsins í þrjá mánuði til viðbótar eftir lok 14 daga greiðslufrests í lokaaðvörðuninni, ef sýnt er fram á að váttryggingartaki hafi ekki getað greitt fyrir lok frestsins vegna ófyrirséðra hindrana sem honum verður ekki kennt um. Til stuðnings því að hann gat ekki greitt innan frestsins vísar M til læknisvottorðs, dags. 17.10.2011, þar sem segir að M sé með sykursýki, langvinnan lungnasjúkdóm, háþrýsting og undanfarin tvö ár hafi borið á stigvaxandi afleiðingum þessara veikinda. Greinileg minnisskerðing, sinnuleysi og framtaksleysi sé til staðar og hafi verið undanfarin ár í auknum mæli. Kveður læk'nirinn það vera mat sitt að M hafi undanfarið verið það veikur að hann hafi ekki getað gert sér grein fyrir afleiðingum þess að taka ekki upp póst sem borist hefur inn á heimili hans né haft hugsun á að greiða af hefðbundnum tryggingum.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 33. gr. vsl. getur félagið, ef iðgjald hefur ekki verið greitt þegar greiðslufresti lýkur skv. 1. mgr. 32. gr. og það ber ábyrgð, losnað undan ábyrgðinni með því að senda nýja tilkynningu þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga. Ennfremur er tekið fram í ákvæðinu að tilkynningin skuli skýrlega bera með sér að váttryggingin falli niður ef iðgjaldið er ekki greitt innan hins tilskilda frests.

Eins og að framan greinir sendi X innheimtuviðvörðun til M 1.2.2011 þar sem M var hvattur til að greiða iðgjaldsskuldina svo komast mætti hjá frekari innheimtuaðgerðum. Þá var send lokaadvörðun 6.4.2011 sem X byggði niðurfellingu innbústryggingarinnar á. Kom þar fram, ef skuldin væri ógreidd að liðnum 14 daga frestinum, yrðu váttryggingarnar felldar niður og/eða sendar í lögfræðilega innheimtu eftir því sem við á. Þegar litið er til orðalags advörðunarinnar verður ekki ráðið með skýrum hætti hvort X ætlaði að fella váttrygginguna niður að liðnum greiðslufrestinum eða innheimta iðgjaldið með lögsókn á hendur M. Ráðagerð X í þessum efnum var enn óljósari þegar litið er til þess að áður hafði félagið sent innheimtuviðvörðun þar sem M var varaður við því að greiðslufall gæti leitt til frekari innheimtuaðgerða eða málshöfðunar á grundvelli réttarfarslaga. Í lokaadvörðuninni 6.4.2011 kom því ekki fram með nægilega skýrum hætti, eins og áskilið er í 1. mgr. 33. gr. vsl., að váttryggingin myndi falla niður ef iðgjaldið var ekki greitt innan hins tilskilda frests. Lagaskilyrði voru því ekki fyrir hendi til að fella innbústrygginguna niður eins og X gerði. Ber því að líta svo á að váttryggingin hafi verið í gildi þegar brunatjónið varð 6.6.2011. Að fenginni þessari niðurstöðu er ekki þörf á að taka afstöðu til þess hvort ábyrgð M hafi átt að haldast lengur eins og mælt er fyrir um í 2. mgr. 33. gr. vsl.

Niðurstaða.

Innbústrygging M samkvæmt fjölskyldutryggingu hjá X var ekki fallin niður vegna vanskila er innbú hans skemmdist í bruna 6.6.2011.

Reykjavík, 30. mars 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 89/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Fjölskyldutryggingar.

Fartölvu var stolið úr húsi þ. 16.9.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 28.2.2012 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V dags. 14.3.2012 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Samkvæmt tjonstilkynningu gekk nafngreind stúlka inn í íbúð M og bað um vatnsglas og labbar því næst inni í forstofuherbergið til að athuga hvort hún hafi gleymt buxum og tekur fartölvu af borðinu og stingur inn á sig og labbar út í bíl sem beið eftir henni fyrir utan. M gerir kröfu til að fá bætur vegna þjófnaðarins á fartölvunni. V hafnar bótaskyldu og segir umrætt atvik ekki falla undir bótasvið skilmála tryggingarinnar. Forsenda bótaskyldu sé að eðlileg aðgát sé viðhöfð af hálfu vátryggðs en það hafi ekki verið í umrætt sinn. Þá segir V að ekki verði annað séð en sú sem tók tölvuna hafi verið gestkomandi með leyfi vátryggðs og farið um íbúðina óáreitt. Þjófnaðurinn hafi því verið framkvæmdur með vitneskju vátryggðs.

Álit.

Það tilvik sem hér um ræðir fellur ekki undir innbrotsþjófnað í skilningi skilmála tryggingarinnar sem hér um ræðir. Ekki verður annað séð en stúlkan sem tók umrædda fartölvu hafi haft fjálsa för um húsnæði M. Miðað við fyrirliggjandi gögn og málavexti hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu úr þeirri vátryggingu sem hér um ræðir. M á því ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 30.3.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 90/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/brunatryggingar húseigna****Ágreiningur um bótaskyldu vegna brunatjóns þann 16.01. 2009.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 29.02. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 20.03. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M hefur áður skotið ágreiningsmáli sínu við vátryggingafélagið til úrskurðarnefndar í vátryggingamálum sbr. málskot nr. 420/2011. Því máli var vísað frá nefndinni með vísan til þess að vátryggingafélagið veitti ekki samþykki sitt fyrir því að nefndin fjallaði um bótafjárhæð máls þessa sbr. 2. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

M telur rétt að nefndin endurupptaki mál þetta, hann telur að málið varði ágreiningur um bótaskyldu sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann gerir kröfu um viðurkenningu á bótaskyldu umfram tjón það sem hann telur að matgerð kveður á um. Hann telur sig eiga rétt til aukinna bóta.

Sem fyrr gerir vátryggingafélagið athugasemd við málskotið. Það telur að kvörtun M snúist um bótafjárhæð. Með vísan til nefndrar 2. mgr. 3. gr. samþykktu nefndarinnar krefst félagið frávísunar máls þessa. Félagið samþykkir ekki að nefndin úrskurði um bótafjárhæð í máli þessu.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að ágreiningur máls þessa fjalli um bótafjárhæð þ.e. ákvörðun um hver bótafjárhæðin skuli vera og um leið umfang tjónsins. Með vísan til þess að vátryggingafélagið veitir ekki samþykki sitt fyrir því að nefndin úrskurði í málinu og að teknu tilliti til 2. mgr. 3. gr. samþykktu nefndarinnar er máli þessu vísað frá nefndinni.

Niðurstaða.

Frávísun.

Reykjavík 30. mars 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 91/2012
M
og
vátryggingafélagið X. v/ frítímaslysaftryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu er kona féll á skíðum og slasaðist.

Gögn.

45. Málskot, móttakið .3.2012, ásamt fylgigögnum.
46. Bréf X, dags. 12.3.2012.

Málsatvik.

Hinn 8.2.2011 var M á skíðum á Ítalíu. Féll hún þá á skíðunum og hlaut samfallsbrot á hrygg. M hafði í gildi frítímaslysaftryggingu hjá vátryggingafélaginu X og í tilkynningu til félagsins 25.2.2011 mun M hafa lýst atvikum svo: „Var á skíðum og datt, fékk högg upp hryggjarúluna með þeim afleiðingum að hryggjarliður lumbar 1 brotnaði.“ Í málskoti lýsir M málsatvikum nánar á þann veg að hún hafi óvænt farið út úr braut á skíðum og ekki náð beygju. Þegar hún hafi ætlað að komast inn í brautina aftur hafi skyndilega verið um að ræða 1,5 m brún niður á brautina. Hafi hún lent á brautinni standandi en fallið síðan með fyrrgreindum afleiðingum.

X hefur hafnað bótaskyldu úr slysaftryggingunni þar sem ósannað sé að skyndilegur utanaðkomandi atburður hafi valdið tjóni M. Í því sambandi telur félagið orsök fallsins óljósa, en jafnvægismissir á skíðunum sé mögulega skýringin, en ekki hafi verið sýnt fram á að jafnvægismissinn sé að rekja til einhverra annarra atvika en innri orsaka í líkama M.

Álit.

Samkvæmt gr. 4.1 í skilmálum slysaftryggingarinnar greiðir félagið að nánari skilyrðum fullnægðum bætur vegna slyss sem vátryggður verður fyrir í frístundum, við heimilisstörf, skólanám eða almennar íþróttaiðkanir. Með hugtakinu „slys“ í skilmálunum er einkum átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans.

Eins og M lýsti atvikinu í upphaflegri tilkynningu sinni til X þá datt hún er hún var að renna sér á skíðum og hlaut við það samfallsbrot á hrygg. Ekki verður um villst að M varð fyrir meiðslunum við skyndilegan utanaðkomandi atburð. Af hálfu X hefur ekki verið sýnt fram á að fallið megi rekja til innri veikleika í líkama M þannig að slysið verði ekki rakið til utanaðkomandi atburðar. Ekkert í gögnum málsins styður þær vangaveltur X að slysið hafi mögulega hlotist af völdum jafnvægismissis sem megi rekja til sjúkdómseinkenna eða annars kona veikleika í líkama M. Tjón M telst því bótaskyldt úr slysaftryggingunni.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr frítímaslysaftryggingu hjá X vegna slyss sem hún varð fyrir á skíðum 8.2.2011.

Reykjavík, 30. mars 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 93/2012
M
og
Vátryggingafélagið V v. Sólarhringsslysatryggingar starfsmanna F

Kona slasaðist þegar hún datt af hestbaki þ. 21.5.2009.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 1.3.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-4
2. Bréf V dags. 19.3.2012 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M fell af hestbaki þ.21.5.2009 og slasaðist. M leitaði strax til læknis vegna meiðsla og tekin var röntgenmynd af M sem sýndi samfallsbrot á l.lendahryggsbol sem 20% samfall. M var ráðlögð hvíld og taka verkjastillandi lyfja. M krefst bóta úr sólarhringsslysatryggingu sinni sem starfsmaður F. Í bréfi lögmanns M kemur fram að tilkynnt hafi verið um slysið þ.27.12.2010 eða einu ári og sjö mánuðum eftir að slysið átti sér stað. Lögmaður M segir að það sé fyrst þ.21.12.2010 sem mögulegt sé að marka upphaf tilkynningarfrests og vísar lögmaðurinn í því sambandi til vottorðs læknisins sem skoðaði M sama dag og slysið varð þar sem segir að frekari meðferð á ávekrum M hafi ekki verið fyrirhuguð. Lögmaður M heldur því fram að M hafi ekki getað áttað sig á skömmu eftir slysið að um varanlegt mein var að ræða vegna slyssins og ekki fyrr en þ. 21.12.2010. V hafnar bótaskyldu og telur tilkynningarfrestart skv. 124.gr. laga um vátryggingasamninga hafa verið liðinn. V segir að M hafi fengið högg á höfuðið og hlotið beinbrot við slysið. Í ljósi þess hvað alvarleg meiðsl M voru telur V að M hafi fengið vitneskju um þau atvik sem krafa um bætur er reist á strax í kjölfar slyssins eða þ. 21.5.2009. Þar sem slysið hafi ekki verið tilkynnt V fyrr en þ. 25.1.2011 þá hafi tilkynningarfrestartur verið löngu liðin.

Álit.

Lögmaður M segir að tilkynning um slys M hafi verið tilkynnt með ódagsettri tilkynningu, en samkvæmt gögnum sem liggja fyrir í málinu þá sendir starfsmaður lögmanns M tilkynningu til V í tölvubréfi dags. þ. 29.12.2010 og síðan aftur þ. 25.1.2011. Ekki skiptir máli varðandi niðurstöðu í málinu hvort V barst tjónstilkynning vegna M þ.29.12.2010 eða þ. 25.1.2011.

Miðað við fyrirliggjandi gögn þá liggur ekkert fyrir sem bendir til þess að M hafi ekki átt að gera sér grein fyrir varanlegum afleiðingum vegna slyssins strax á slysdegi og samkvæmt því er slysið tilkynnt þegar ársfresturinn skv. 124.gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004 var liðinn fyrir nokkru. Ekki hafa verið lögð fram gögn af hálfu M sem geta réttlætt það að slysið var ekki tilkynnt fyrr en að ofan greinir. M á því ekki rétt á bótum úr sólarhringsslysatryggingu starfsmanna F hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sólarhringsslysatryggingu starfsmanna Landsbankans hjá V.

Reykjavík 11.4. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 94/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/vatnstjónstryggingar****Ágreiningur um bótauppgjör vegna vatnstjóns 01.09. 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 06.03. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 27.03. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gera grein fyrir aðdraganda máls þessa.

M er ósammála tilboði félagsins varðandi uppgjör á þeim vatnsskemmdum sem urðu á íbúð hans sbr. takmarkaða umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið telur að það hafi boðið sanngjarnar bætur. Það telur að engin rök standi til þess að bæta heilt parket á herbergjum íbúðarinnar þar sem skillistar voru meira að segja fyrir hendi fyrir tjónið sbr. umfjöllun félagsins í nefndu bréfi til nefndarinnar.

Álit.

Athygli vekur hve gögn máls þessa eru takmörkuð. Málið er illa upplýst gagnvart úrskurðarnefndinni en þó ekki þannig að koma þurfi til frávísunar.

Mikilvægt er í ágreiningsmáli um mögulegt umfang tjóns vegna vatnsskemmda að upplýst sé um fyrirkomulag húss/íbúðar fyrir og eftir tjónsatburð. Krafa M er skýr en hún er takmörkuð við þá umfjöllun sem fram kemur í málskotinu. Viðbrögð vátryggingafélagsins við málskotinu varpa fyllra ljósi á viðfangsefnið. M rökstyður umfjöllun sína t.d. ekki með vitnisburði annarra aðila t.d. fagaðila/söluaðila.

Þegar tekið er mið af ofanrituðu og fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á að M eigi rétt á frekari bótagreiðslu en félagið hefur boðið fram.

Niðurstaða.

Ekki hefur verið sýnt fram á frekari bótaskyldu.

Reykjavík 11. apríl 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 95/2012**M****og****vátryggingafélagið X v/ farangurstryggingar í kreditkortatryggingu.****Ágreiningur um bótaskyldu er farangur var tekinn ófrjálstri hendi á lestarstöð.****Gögn.**

47. Málskot, móttakið 7.3.2012, ásamt fylgigögnum.

48. Bréf X, dags. 20.3.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 2.1.2011 kom M á Penn Station lestarstöðina í New York. Er hann hafði stigið út úr leigubifreið ásamt eiginkonu sinni mun maður hafa komið, tekið tvær ferðatöskur þeirra hjóna og tölvutösku, sem var hnýtt við aðra ferðatöskuna. Kveðst M hafa litið svo á að maðurinn væri að bjóða aðstoð sína við að selflytja töskurnar að afgreiðsluborði á lestarstöðinni sem hann hefði þegið. Eiginkona M mun hafa farið frá til að ganga frá lestartíðum. Maðurinn hafi svo hlaupið á brott með töskurnar. M hafi þá staðið einn eftir og ekki þorað að skilja eftir þann farangur sem hann hafði í höndunum til að hlaupa manninn uppi. Enginn hafi heldur brugðist við er hann hrópaði. M gaf skýrslu hjá lögreglu um atvikið.

M hefur krafist bóta úr farangurstryggingu greiðslukortatryggingar hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu. Ber félagið fyrir sig í fyrsta lagi að tjónið sé því aðeins bótaskyldt að það hafi orðið af völdum þjófnaðar en ekki gripdeildar eins og átti sér stað í umræddu tilviki. Í öðru lagi hafi M sýnt stórkostlegt gáleysi með því að afhenda ókunnugum manni töskurnar. Loks í þriðja lagi sé tjónið ekki bótaskyldt að því marki sem eiginkona M hafi orðið fyrir tjóni þar sem lögheimili hennar hafi verið skráð í Washington DC frá 1.1.2011 og atvikið hafi orðið í Bandaríkjunum, en vátryggingin taki einungis til tjóns þegar vátryggður sem býr utan Íslands ferðast til annarra landa, en ekki á ferðalögum innan dvalarlandsins eins og raunin hafi verið í umrætt sinn.

Álit.

Samkvæmt gr. 5.1 í skilmálum vátryggingarinnar er vátryggt gegn tjóni sem verður á einkamunum af völdum þjófnaðar. Hugtakið þjófnaður er ekki skilgreint í skilmálunum að séð verður. Í lögfræðilegri merkingu er hugtakið þjófnaður einhliða og ólögmaet (heimildarlaus) taka fjármuna eða orkuforða, sem er eign annars manns að einhverju eða öllu leyti, með leynd úr vörslum umráðamanns til að slá eign sinni á verðmætin í auðgunarskyni. Samkvæmt almennum málskilningi þýðir hugtakið það að stela, auðgunarbrot framið í leyni eða stuld, sbr. Íslenska orðabók M-Ö, 3. útg. 2002. Það að stela merkir samkvæmt sömu heimild að taka eitthvað (laumulega) ófrjálstri hendi eða slá eign sinni á eitthvað sem einhver annar á. Þegar litið er til þess að hugtakið þjófnaður kann að hafa nokkuð rúma merkingu samkvæmt almennum málskilningi, þ.e.a.s. þegar einhver tekur eitthvað ófrjálstri hendi þótt laumulega sé verður ekki talið að hugtakið í skilningi vátryggingarskilmálans beri að túlka svo þröngt að það taki ekki til þess atviks er ókunnur maður tók við farangurstöskum M og eiginkonu hans og hljóp svo á brott með þær. Verður því fallist á það með M að tjónið hafi orðið af völdum þjófnaðar í skilningi vátryggingarskilmálans.

Svo virðist sem M hafi þegið aðstoð hins ókunnuga manns jafnskjótt og hann steig út úr leigubífreiddinni. Í hraðri atburðarás þykir varhugavert að virða það M til svo alvarlegs lasts að hafa þegið aðstoð mannsins að það verði virt honum til stórkostlegs gáleysis. Ábyrgð X á tjóni M verður því ekki skert eða felld niður af þeim sökum.

Í gr. 1.6 í váttryggingarskilmálunum segir að váttryggður sem búi utan Íslands sé váttryggður þegar hann ferðast til annarra landa, en ekki á ferðalögum innan dvalarlandsins. Samkvæmt gögnum málsins má ráða að M og eiginkona hans hafi verið á leið frá Íslandi um New York til Washington DC þar sem eiginkonan hugðist dvelja um nokkurra mánaða skeið. Verður því ekki betur séð en þau hafi verið á leið til dvalarstaðarins áður en dvöl hennar þar skyldi hefjast. Þá hófst dvöl hennar í Washington DC ekki við það eitt að hún skráði lögheimili sitt þar né heldur að við það hafi búseta hennar flust þangað. Verður samkvæmt þessu að líta svo á að eiginkona M hafi ekki hafið búsetu í Bandaríkjunum né heldur verið á ferð innan dvalarlandsins þegar atvik gerðust. Hún telst því einnig vera váttryggð og þar með eiga rétt á að fá tjón sitt bætt úr váttryggingunni.

Niðurstaða.

M og eiginkona hans eiga rétt á bótum úr farangurstryggingu kreditkortatryggingar hjá X.

Reykjavík, 11. apríl 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 96/2012
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingafélagið V-2 v. B

Árekstur bifreiða á Daltúni á Sauðárkróki þ. 13.1.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 29.2.2012 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V-1 dags. 26.3.2012.
3. Bréf V-2 dags. 29.3.2012.

Málsatvik.

Árekstur varð milli A og B á Daltúni Sauðárkróki. Bifreiðunum var ekið úr gagnstæðum áttum. Ökumaður A segist hafa ekið mjög hægt vegna mikillar hálfu en vegurinn hafi verið ein glæra og séð þar sem B kom á móti A og hafi árekstur orðið með bifreiðunum þannig að afturendi B lenti á vinstra afturhorni A. Ökumaður A segir að ökumaður B hafi ekið of hratt miðað við aðstæður. Ökumaður B segir að það hafi verið illa mokað og mjög erfitt að mætast á þessum stað og hafi hún reynt að aka eins utarlega og henni var unnt en samt hafi árekstur orðið.

Álit.

Ekki liggur fyrir nákvæmlega hver staðsetning bifreiðanna var þegar árekstur varð eða aðdragandi árekstursins. Sök verður því ekki lögð á annan ökumann umfram hinn og er því sök skipt til helminga.

Niðurstaða.

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík 17.4. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 97/2012**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.****Tjón á vörulyftara er vöruflutningabifreið hafði verið ekið frá dyrum vöruskemmu.****Gögn.**

49. Málskot, móttakið 6.3.2012, ásamt fylgigögnum.

50. Bréf X, dags. 29.3.2012.

Málsatvik.

Hinn 16.11.2011 var unnið við að flytja vörubretti inn í flutningsrými vöruflutningabifreiðarinnar A úr vöruskemmu eða hafnarhúsi í eigu M. Gólf í dyrum vöruskemmunnar mun vera í 130 cm hæð eða í svipaðri eða sömu hæð og gólfíð í flutningsrými A. Við verkið var notaður vörulyftarinn B í eigu M. Í umrætt sinn hafði B verið ekið með bretti inn í flutningsrýmið. Er stjórnandi B hugðist aka út úr flutningsrýminu og inn í vöruskemmuna hafði A verið ekið nokkra metra frá dyrum skemmunnar með þeim afleiðingum að B féll úr flutningsrýminu til jarðar. Í lögregluskýrslu er haft eftir stjórnanda A að hann hafi fært A frá skemmuni í einhverju ógáti og kvaðst enga skýringu geta gefið á því.

Nokkrar skemmdir urðu á B við atvikið og hefur M krafist bóta úr lögboðinni ábyrgðartryggingu A hjá vátryggingafélaginu X vegna tjónsins. X hefur hafnað bótaskyldu þar sem tjónið verði ekki rakið til notkunar B heldur aðgæsluleysis stjórnanda A við akstur úr flutningsrými B.

Álit.

Fyrir liggur samkvæmt gögnum málsins að ökumaður A færði bifreiðina frá afgreiðsludyrnum. M ók svo B út úr flutningsrýminu án þess að hafa áttað sig á að gólf flutningsrýmisins nam ekki lengur við gólf skemmunnar. Ekki virðist um það deilt að A var kyrrstæð þegar óhappið varð. Að öllu athuguðu verður ekki séð að óhappið verði rakið til þess að A hafi verið á ferð eða að öðru leyti til hættueiginleika A sem vélknúins ökutækis. Óhappið verður því ekki rakið til notkunar í skilningi 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Skráður eigandi A verður því ekki gerður ábyrgur fyrir tjóninu skv. 1. mgr. 90. gr. laganna, en þar segir að skráður eða skráningarskyldur eigandi (umráðamaður) vélknúins ökutækis ber ábyrgð á því og er fébótaskyldur skv. 88. og 89. gr.

Í 3. mgr. 90. gr. ufl. er á hinn bóginn tekið fram að auk ábyrgðar skv. 1. og 2. mgr. fari um bótaábyrgð eftir almennum skaðabótareglum. Stjórnandi A kvaðst í einhverju ógáti hafa fært A frá húsinu og kvaðst enga skýringu geta gefið á því. Telja verður að hann hafi vitað eða mátt vita að lyftaranum hafi verið ekið inn í flutningsrýmið og honum yrði síðan ekið þaðan aftur og inn í vöruskemmuna. Stjórnandi A sýndi því gáleysi er hann ók A frá dyrum vöruskemmunnar. Þótt tjónið telist ekki hafa hlotist af notkun A sem vélknúins ökutækis í skilningi 88. gr. ufl. stendur hin saknæma háttsemi stjórnanda A í það nánnum tengslum við stjórnök hans á A og þar með notkun A sem ökutækis þannig að hin lögmælt ábyrgðartrygging sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 91. gr. ufl. verður talin taka til tjónsins að því marki sem stjórnandinn telst bera ábyrgð á því. Stjórnandi B sýndi ekki næga aðgæslu er hann ók út úr flutningsrými A án þess að hafa gefið því gætur að

A hafði verið færð úr stað frá dyrum vöruskemmunnar. Verður tjónið sem varð á B því einnig rakið til gáleysis stjórnanda hans. Eftir atvikum þykir rétt að skipta sök þannig að tjónið verði að helmingi rakið til sakar stjórnanda A og að helmingi til sakar stjórnanda B. Samkvæmt þessu telst tjón M vegna skemmda á lyftaranum bótaskyldt að hálfu úr ábyrgðartryggingu A, en af gögnum málsins þykir mega ráða að þau tengsl hafi verið á milli M og stjórnanda B að M verði að sæta skerðingu á bótum úr ábyrgðartryggingunni vegna sakar stjórnanda B.

Niðurstaða.

Tjón M bætist að hálfu úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Reykjavík, 17. apríl 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 98/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/brunatryggingar fasteignar****Ágreiningur um bótaskyldu vegna brunatjóns 09.12. 2004, ágreiningur um fyrningu.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 22.03. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 23.03. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Íbúðarhús M brann. Fyrirliggjandi gögn geta þess m.a. að M hafi verið ákærður fyrir eignaspjöll í umrætt sinn. Hann hafi verið sýknaður af refsikröfu ákærvaldsins í málinu, á árinu 2006, vegna þess að talið var ljóst að M hafi á verknaðarstundu verið ósakhæfur.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. takmarkaða umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það telur málatilbúnað M óljósan. Félagið telur kröfu M fyrnda kv. 29. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954. Félagið vísar og til þess að bótaréttur sé ekki fyrir hendi sökum þess að M hafi af ásetningi valdið tjónsatburði máls þessa.

Álit.

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Með vísan til 29. gr. laga um vátryggingarsamninga er krafa M á hendur vátryggingafélaginu fyrnd.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 30. mars 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 99/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Fjölskyldutryggingar

Kæra vegna þess að munum var stolið af heimili þ. 29.4.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 5.3.2012 ásamt fylgiskjölum nr. 1-5
2. Bréf V dags. 21.3.2012.

Málsatvik.

M leitaði til lögreglu til að fá aðstoð til að stöðva það að kunningjakona M bæri út eigur hennar. M segir að umrædd kunningjakona hafi fengið að búa hjá M í nokkra daga og hafi kunningjakonan komið til M allslaus. Í lögregluskýrslu segir að M hafi margbeðið kunningjakonuna að fara af heimili M og síðan kallað til lögreglu en þegar lögreglan kom á staðinn hafi kunningjakonan tekið ákveðana muni sem hún greinir frá í skýrslu sinni hjá lögreglu. M krefst bóta úr fjölskyldutryggingu sinn hjá V vegna þjófnaðar kunningjakonunar á munum úr íbúð M. V hafnar bótaskyldu og telur ósannað að einhverju hafi verið stolið frá M í umrætt sinn og þá hverju. Þá vísar V til vátryggingaskilmála greinar 13.2. varðandi sök vátryggðs vegna m.a. ölvunar eða fíkniefnaneyslu, en V segir að samkvæmt framburði M þá hafi hún og kunningjakona hennar verið í töluverðri fíkniefnaneyslu í umrætt sinn.

Álit.

Af hálfu M er ekki sýnt fram á með fullnægjandi gögnum að munum hafi verið stolið af heimili hennar. Þá liggur fyrir að M tók kunningjakonuna inn á heimili sitt og ber sjálf að þær hafi verið í neyslu í umrætt sinn. Þar sem ekki hefur verið sýnt fram gegn andmælum V að einhverjum munum M hafi verið stolið af heimili hennar í umrætt sinn á M þegar af þeirri ástæðu ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 11.4. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 101/2012

M
og
X v/ óvátryggðs ökutækis.

Ágreiningur um endurkröfu á hendur ökumanni óvátryggðs ökutækis.**Gögn.**

51. Málskot, móttækið 2.3.2012, ásamt fylgigögnum.
52. Bréf X, dags 14.3.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 16.1.2011 var bifreiðinni A ekið út af á Vesturlandsvegi á móts við vegamót Akrafjallsvegur. M var stjórnandi A í umrætt og janframt eigandi hennar. A var óvátryggð. Í lögregluskýrslu sem gerð var um atvikið segir að A hafi lent utan í vegvísi sem þarna hafi verið og við það skemmt hann. Lögregluþjónn, sem annaðist rannsókn á vettvangi, hefur áréttað síðar að það hafi verið alveg ljóst að A hafi lent utan í vegvísinum í umrætt sinn. Öll verksummerki á staðnum hafi staðfest það.

Vegagerðin, sem eigandi vegvísisins, fékk tjón sitt bætt hjá X sem ábyrgðaraðila óvátryggðra ökutækja hér á landi. X hafa endurkafið M um þær bætur sem X innti af hendi vegna tjónsins á vegvísinum. M hefur neitað endurkröfunni þar sem hann telur að A hafi ekki valdið tjóninu á vegvísinum, heldur önnur bifreið sem á sama tíma hafi einnig farið þarna út af veginum og nær skiltinu. Kveður hann vitni vera að því.

Álit.

Í lögregluskýrslu er skýlaust greint frá því að tjón á vegvísinum hafi orðið þegar A var ekið út af veginum. Engin haldbær gögn hafa verið lögð fram sem benda til annars. Er því nægilega sannað að M hafi valdið tjóninu á umræddum vegvísi. X eiga því endurkröfu á M vegna tjónsins.

Niðurstaða.

X eiga endurkröfu á M vegna tjóns sem varð á vegvísi af völdum A hinn 16.1.2011.

Reykjavík, 11. apríl 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 102/2012**M****og****H fyrir hönd erlendra váttryggjenda ábyrgðartryggingar fyrir stjórnendur tiltekins banka****Ágreiningur vegna stjórnendatryggingar, krafa um frávísun.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 02.03. 2012.
- 2) Bréf umboðsmanns váttryggjenda til nefndarinnar, dags. 28.03. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Skilanefnd og slitastjórn umrædds banka hefur lýst þeirri afstöðu sinni að M sé bótaskyldur sem stjórnarmaður vegna útgreiðslu fjármuna úr bankanum í október 2008 sbr. gögn málsins. M telur fráleitt að hann halda því fram að hann beri skaðabótaábyrgð. Hann hyggst grípa til varna.

H (váttryggjendur M) hafna gildi váttryggingarinnar vegna “sviksamlegs skorts á upplýsingum og rangri upplýsingagjöf við töku váttryggingarinnar” sbr. fyrirliggjandi gögn. M getur ekki fallist á afstöðu H, hann telur sig njóta váttryggingaverndar.

H veitir ekki samþykki sitt fyrir því að úrskurðarnefndin fjalli um málið og gerir kröfu um frávísun sbr. samþykktir nefndarinnar og fyrri álit í sambærilegum málum.

Álit

Með hliðsjón af því að H samþykkir ekki að úrskurðarnefndin fjalli um ágreiningsmál þetta er málinu vísað frá nefndinni sbr. samþykktir úrskurðarnefndar og nokkur fjöldi sambærilegra mála sem vísað hefur verið frá nefndinni.

Niðurstaða.

Frávísun.

Reykjavík 11. apríl 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 103/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðatryggingar atvinnureksturs v/hestaleigu****Ágreiningur um bótaskyldu vegna falls af hestbaki 23.07. 2010..****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 02.03. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 22.03. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M telur sig eiga bótarétt á hendur vátryggingartaka/hestaleigu sbr. umfjöllun hans í gögnum málsins.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það telur ósannað að slys M verði rakið til sakar starfsmanna vátryggingartaka eða annarra atvika eða aðstæðna sem hann verður talinn bera skaðabótaábyrgð á. Ekkert hafi komið fram sem bendir til þess að um brot á starfsleyfisskilyrðum hesatleigunnar hafi veirð að ræða sem leitt geti til ábyrgðar. Óhapp M hafi orðið vegna óhappatilvikjunar eða eigin sakar M.

Álit.

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ósannað er að rekja megi óhapp M, þ.e. falls af hestbaki, til sakar starfsmanna vátryggingartaka eða aðstæðna sem hann ber ábyrgð á.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 30. mars 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 104/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/húseigendatryggingar (B)****og****vegna ábyrgðartryggingar (T)****Ágreiningur um bótaskyldu vegna skiltis sem fauk af húseign við Faxafen á bifreið sem lagt var í stæði 21.12. 2012.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 09.03. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 01.04. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu vegna ábyrgðarliðs fasteignatryggingar. Eignarhluti vátryggingartaka er í útleigu hjá T. Félagið vísar til þess að umrætt skilti lenti á bifreið M og að það sé á “vegum og umsjá leigutaka”. Skiltið tilheyri leigutaka og þar sem leigusalinn (vátryggingartakinn B) hafi ekki sérstökum skyldum að gegna gagnvart umræddu tilviki né bar ábygd á því telur félagið að B geti ekki borið skaðabótaábyrgð á tjóni M.

Félagið telur og að T (leigutaki) beri ekki skaðabótaábyrgð á umræddu atviki sbr. bréf félagsins í gögnum málsins, dags. 24.01. 2012.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu og tilvísun til úrskurðar nefndarinnar í máli 314/2009.

Álit

Það var hvasst þegar tjónsatvik máls þessa varð en ekki óveður sbr. fyrirliggjandi gögn.

Umrætt skilti var á húseign B. Skiltið er á ábyrgð húseiganda nema ábyrgð vegna þess hafi verið falin öðrum t.d. leigutaka. Engin gögn liggja fyrir því til staðfestingar að leigutakinn T beri ábyrgð með umræddu skilti og að B hafi undaskilið sig mögulegri skaðabótaábyrgð vegna þessa sem húseigandi.

Ljóst er að skiltið fauk á bifreið M þannig að tjón varð á bifreiðinni. Húseiganda í því tilviki sem hér er til umræðu bar að ganga úr skugga um að skiltið væri vel fest og að frágangur þess væri með viðunandi hætti. Ekki hefur verið sýnt fram á að það af hálfu B eða vátryggingafélagsins að festingar og viðhald skiltisins hafi verið með fullnægjandi hætti. Að teknu tilliti til þessa og strangrar ábyrgðar sem hvílir á húseigendum, ber B ábyrgð á tjóni M sbr. þá húseigendatryggingu sem hér er til umræðu.

Ekki er unnt að leggja ábyrgð á leigutakann T miðað við takmörkuð gögn máls þessa. Fullyrðing vátryggingafélagsins um að skiltið hafi verið ”á vegum og ábyrgð” leigutaka er órökstudd.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir hendi úr ábyrgðarlið húseigendatryggingar B.
Ekki hefur verið sýnt fram á skaðbótaábyrgð leigutakans T.

Reykjavík 24. apríl 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 105/2012
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingafélagið V-2 v. B

Ágreiningur um hvort árekstur varð milli bifreiða við Keiluhöllina í Reykjavík þ. 17.9.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 13.3.2012 ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V-2 dags. 16.3.2012
3. Bréf V-1 dags. 10.4.2012 ásamt fylgiskjölum 1-5

Málsatvik.

Ökumaður A segir í tjónstilkynningu dags. 17.9.2011 að B hafi bakkað á A kyrrstæða við Keiluhöllina í Reykjavík, en þar sem myrkur hafi verið hafi tjónið ekki komið í ljós fyrr en daginn eftir. Í lögregluskýrslu segist ökumaður B ekki muna til þess að hún hafi ekið B á umdræddum stað á umræddum tíma. Í tilkynningu til lögreglu dagsetur ökumaður A áreksturinn þ. 3.9.2011. Í upplýsingaskýrslu lögreglu kemur m.a. fram að ekki væri að sjá neina ákomu á afturhöggvara eða afturhluta B. Lögregla tók símaskýrslu af tveim einstaklingum sem bera að B hafi bakkað á A.

Álit.

Misræmis gætir í dagsetningum á tjóninu frá tjónþola. Í tjónstilkynningu segir að tjónið hafi orðið þ. 17.9. 2011 en í tilkynningu til lögreglu segir að það hafi orðið þ. 3.9.2011. Nokkurs ósamræmis gætir í lýsingu vitna af meintum árekstri og verður framburður þeirra ekki lagður til grundvallar niðurstöðu í máli þessu þegar öll gögn málsins eru virt og aðstæður allar. Í upplýsingaskýrslu lögreglu kemur fram að engar ákomur eru á B og verður þegar af þeim sökum að telja ósannað að B hafi bakkað á A svo sem ökumaður og vitni halda fram. Ökumaður B ber því ekki sök á ákomum og tjóni á B eða munum í bifreiðinni.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ekki sök á tjóni á B eða munum í bifreiðinni.

Reykjavík 24.4 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 107/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/A****og****Vátryggingafélagið Y v/B****Árekstur Flatir við Garðaveg 30.01. 2012.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 06.03. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 29.03. 2012.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 10.04. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn gera grein fyrir aðdraganda máls þessa.

A ók bifreið sinni frá Garðavegi inn á Flatir en umferð eftir Flötum nýtur forgangs gagnvart umferð frá Garðavegi sökum biðskyldu. Álitæfni er hvort A hafi virt biðskyldu gagnvart B ellegar hvort B hafi verið ekið ógætilega og yfir á rangan vegarhelming.

Vátryggingafélag A telur að ökumaður B hafi ekið of hratt miðað við aðstæður og farið yfir á öfugan vegarhelming og sjórnlaut á A sem hafi verið orðin kyrrstæð.

Vátryggingafélag B telur, líkt og tjónanefnd vátryggingafélaganna, að ökumaður A eigi að bera ábyrgð á árekstri þessum þar sem biðskylda er fyrir hann þegar ekið er inn á Flatir. Félagið lætur þess getið að bifreiðum hafi verið lagt báðum megin götunnar og “ekki um það að ræða að bifreiðinni” B hafi verið ekið á röngum vegarhelmingi.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstri þessum fyrir að gæta ekki að biðskyldu. Ökumanni A bar að víkja fyrir B, en þessa gætti hann ekki.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 24. apríl 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 108/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Fjölskylduverndartryggingar

Ágreiningur um greiðslu dánarbóta vegna andláts barns þ. 21.5.2011

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 6.3.2012 ásamt fylgiskjölum nr. 1-5
2. Bréf V dags. 29.3.2012 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M sótti um greiðslu dánarbóta úr fjölskylduverndartryggingu sinni hjá V vegna andláts sonar sins vegna slysfara. M segir að hann hafi fylgt leiðbeiningum tryggingarráðgjafa enda einlægur ásetningur sinn að tryggja sig og börnin sín og börnin séu sérstaklega nafngreind sem tryggð þrátt fyrir að hafa átt lögheimili hjá móður. V hafnar bótaskyldu og segir að í 1.gr. vátryggingaskilmála segi að m.a. séu ógift born vátryggingataka tryggð, sem hafi sameiginlegt lögheimili á Íslandi og sameiginlegt heimilshald og búi á sama stað." V segir að á slysdegi hafi M og barnsmóðir hans verið búin að slíta samvistum og barnið átt lögheimili hjá henni en ekki M, þó barnið dveldi að hluta hjá M. Þá segir V að varnið hafi verið vátryggt í heimilistryggingu móður sinnar hjá öðru vátryggingafélagi og fengið greiddar dánarbætur vegna slyssins.

Álit.

Af gögnum málsins kemur fram það skilyrði í 1.gr. vátryggingarskilmála þeirra sem hér ræðir um, að vátryggðir eru m.a. börn sem hafa sameiginlegt lögheimili á Íslandi, sameiginlegt heimilishald og búa á sama stað. Fyrir liggur að ekki var uppfyllt ofangreint ákvæði vátryggingarskilmálanna þar sem barnið átti lögheimili hjá móður. M á því ekki rétt á bótum úr ofangreindri tryggingu sinni hjá V vegna slyssins.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr fjölskylduverndartryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 24.4. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 110/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar F

Kona datt í brottfararsal Leifsstöðvar á Keflavíkurflugvelli þ. 15.6.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 6.3.2011 ásamt fylgiskjölum 1-4.
2. Bréf V dags. 28.3.2012 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.

M segist hafa verið að fara erlendis í vinnuverð þegar slysið varð en þá hafi hún verið að koma út af kvennasalerninu í brottarrými Leifsstöðvar og runnið í bleytu á gólfinu sem þá hefði verið skúrað nýlega og slasast. M gerir kröfu um bætur úr frjálsri ábyrgðartryggingu F hjá V vegna slyssins og byggir á því að hún hafi runnið í polli en gólfið hafi verið nýskúrað og engar merkingar hafi verið sem vöruðu við blautu og hálu gólfi. M telur að slysið megi rekja til bótaskyldrar háttsemi starfsmanns F þar sem aðstæður á slysstað hafi verið óforsvaranlegar og um saknæma og ólögsmæta háttsemi starfsmanns F að ræða. Í lögregluskýrslu segir að ekki hafi verið sjáanlegur pollur á gólfinu en lykt hafi fundist glampað hefði á gólfið sem benti til þess að það væri nýskúrað. V hafnar bótaskyldu þar sem ekki þyki sýnt að tjónið verði rakið til vátryggingartaka.

Álit.

Engin gögn liggja fyrir í málinu sem sýna fram á eða benda til þess að F eða einhver á vegum F hafi framkvæmt verk sín með þeim hætti að leiddi til bótaskyldu fyrir F. Þegar af þeim sökum á M ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu F hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu F hjá V.

Reykjavík 17.4. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 111/2012**M
og
vátryggingafélagið X v/ kæli- og frystivöruþryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á vörum í kæli- frystitækjum vegna vatnsleysis.****Gögn.**

53. Málskot, móttakið 9.3.2012, ásamt fylgigögnum.

54. Bréf X, dags 29.3.2012.

Málsatvik.

M rekur matvöruverslun. Um hádegisbil hinn 14.12.2011 var tilkynnt í útvarpi að vatn yrði tekið af í hverfinu þar sem verslunin er staðsett kl. 18 síðdegis og vatnslaust yrði fram eftir kvöldi. Einnig var fyrirsvarsmönnum verslunarinnar tilkynnt símleiðis um fyrirhugað vatnsleysi. Gerðar voru ráðstafanir til að slökkva á kælum og frystum í versluninni til að afstýra bilun í tækjunum á meðan vatnsleysið varði, en ekki þótti ástæða til að fjarlægja matvæli úr tækjunum þar sem talið var að vatn yrði komið á aftur áður en matvælin færðu að skemmast. Dráttur varð hins vegar á að vatn kæmist á að nýju og ekki tókst að útvega aðra kæligeymslu. Skemmdir höfðu því orðið á matvælunum er vatn komst á að nýju um kl. 6 morguninn eftir.

M hafði kæli- og frystivöruþryggingu hjá vátryggingafélaginu X vegna starfsemi sinnar og krafðist bóta úr vátryggingunni vegna þeirra skemmda sem urðu á matvælunum vegna atviksins. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 1. gr. þeirra vátryggingarskilmála sem gilda um kæli- og frystivöruþryggingu M hjá X bætir vátryggingin tjón vegna skemmda á vörum sem geymdar eru í tilgreindum frysti- og kæligeymslum á vátryggingarstaðnum af völdum þess að kælimiðill streymir út og/eða hiti hækkar vegna skyndilegrar og ófyrirsjáanlegrar bilunar í kælivélum, straumrofs eða annarra skyndilegra og ófyrirsjáanlegra atvika. Fyrir liggur að vatn var tekið af hverfi því þar sem verslun M er til húsa með nokkrum fyrirvara. Þótt vatnsleysi hafi varað lengur en ráð var fyrir gert í upphafi verður ekki talið að matvælin hafi orðið fyrir skemmdum af völdum skyndilegs og ófyrirsjáanlegs atviks eins áskilið er svo tjónið falli undir gildissvið vátryggingarinnar. Af þeirri ástæðu telst tjónið ekki bótaskyldt úr vátryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kæli- og frystivöruþryggingu hjá X.

Reykjavík, 17. apríl 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 112/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs L (söluaðila skotelda)****Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss sem varð við notkun skotelts 31.12. 2010.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 08.03. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 04.04. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn gera grein fyrir aðdraganda máls þessa.

M var að kveikja í stórrí skotertu þegar skot hljóp úr tertunni í auga hans með þeim afleiðingum að hann hlaut augnskaða sbr. fyririlggjandi gögn.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í gögnum málsins. Hann telur bótaskyldu fyrir hendi vegna ágalla á söluhlut L sbr. lög um skaðsemisábyrgð. Hann telur að söluvaran hafi verið “stórhættuleg”.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. Það vísar til þess að M hafi verið að nota “rísa skotertu” sem ber heitið “Örlygsstaðabardagi” hún mun vera með þeim stærstu sem seldar eru hjá L. Félagið telur ósannað að slysið verið rakið til skaðsemisábyrgðar eða sakar starfsmanna L eða aðildarfélaga hans eða annarra atvika eða aðstæðna sem þessir aðilar beri skaðabótaábyrgð á. Krafa vegna skaðsemisábyrgðar verði ekki gerð ef ágallinn var ekki fyrir hendi þegar vörinni var dreift eða ef ekki var unnt að finna ágallann á grundvelli fræðilegrar eða tæknilegrar þekkingar sem völ var á þegar dreifingin fór fram. Sönnunarbyrði hvílir á M sjálfum í þessu tilviki enda þótt sú sönnunarbyrði sé eðli máls samkvæmt erfiðleikum bundin þegar um flugeldaslys er að ræða og leifar ekki varðveittar. Sönnunarbyrði verði ekki felld á söluaðila nema gallar hafi verið staðreyndir svo er ekki í þessu tilviki að álití félagsins. L hafi upplýst að engar kvartanir hafi borist vegna galla hvorki í umræddri skotertu eða í “seinkurum” en slíkar tertur hafi verið til sölu í allnokkur ár. Langflest slys hljótist af rangri meðferð flugeldanna. Ítarlegar leiðbeiningar eru fyrir hendi og öryggisreglum fylgt. Þá fylgi öllum flugeldum hlífðargleraugu án endurgjalds en M var ekki með slík gleraugu. Að álití félagsins er ekkert komið fram um að meiri líkur en minni séu á að slysið verði rakið til galla í tertunni eða að seinkari hafi verið gallaður eða vantað. Félagið telur ljóst að M hafi bogað yfir tertunni þegar hann kveikti í þræðinum án þess að nota hlífðargleraugu. Hvoru tveggja er í andstöðu við öryggisleiðbeiningar.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyririlggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ekki hefur verið sýnt fram á að skotertan hafi verið gölluð eða að skilyrði ábyrgðar samkvæmt lögum um skaðsemisábyrgð nr. 125/1991 séu uppfyllt. Telja verður að M hafi ekki gætt nægjanlegrar varúðar í umrætt sinn.

Frásagnir aðila sem voru með M í umrætt sinn og yfirlýsing aðila, sem aflað var eftir að vátryggingafélagið hafnaði bótaskyldu, sem lýsir tilviki að því tagi sem hér er til umræðu, breytir ekki ofanritaðri niðurstöðu.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 24. apríl 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 114/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar ökutækis****Ágreiningur um orsakatengsl vegna umferðaróhapps 14.04. 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 12.03. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 27.03. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn gera grein fyrir aðdraganda máls þessa.

M var farþegi í bifreið sem var kyrrstæð við loftdælu á bensínstöð við Suðurlandsbraut þegar bakkað var á bifreiðina úr bifreiðastæði sbr. fyrirliggjandi gögn. Ágreiningur er um hvort M hafi sýnt fram á orsakatengsl milli óhappsins og áverka sem M telur sig hafa orðið fyrir við áreksturinn.

Vátryggingafélagið vísar m.a. til þess að lítið tjón varð á bifreiðinni. Málið var því sett í “hraðaútreikning” eða svokallað “PC crash” sbr. gögn máls þessa.

Félagið telur ljóst að höggið hafi verið mjög lítið og að kraftar sem verkuðu á M hafi verið “minniháttar”. Félagið mótmælir sönnunargildi læknisvottorðs í málinu því forsendur þess sé frásögn M. Þau einkenni sem M telur sig hafa orðið fyrir þurfi ekki að koma við áverka heldur getur verið um slítbreytingar að ræða. Félagið vekur og athygli á því að M hafi lent í bílslysi á árinu 2009. Hann hafi talið sig orðinn góðan af því slysi, en í mars 2010 hafi M verið metinn til 30% varanlegrar örorku vegna þess slyss. Í málskoti sé hins vegar dregið úr þessari frásögn hans. Félagið telur að orsakatengsl séu ósönnuð milli óhappsins og þeirra verkja sem M kveðst búa við. Það telur “engar líkur til þess að umrætt óhapp geti valdið tjónþola varanlegu heilsutjóni.”

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á að orsakatengsl séu á milli þeirra áverka sem M telur sig búa við í dag og umrædds umferðaróhapps. Ósannað er að M hafi hlotið varanleg meiðsl í umræddu óhapp.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 11. apríl 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 115/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Heimilisverndartryggingar

Kona missteig sig og féll þ. 1.5.2010

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 12.3.2012 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V dags. 30.3.2012 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M lýsir málsatvikum þannig að hún hafi verið að sópa gólf á heimili sínu er hún ran og missteig sig og við það hafi hún fallið aftur á bak og hægri fótur runnið undir sófa og skorðast þar og M orðið fyrir meiðslum. M gerir kröfu til bóta úr heimilisverndartryggingu sinni hjá V og byggir á því að hún hafi orðið fyrir bótaskyldu slysi í umrætt sinn og vísar til dómafordæma í því sambandi. V hafnar bótaskyldu og telur ósannað að M hafi runnið til í umrætt sinn enda slíkt ekki hægt á sléttu og þurru gólf. Þá byggir V á því að árstilkynningarfræsturinn sbr. 124.gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004. V segir að slysið hafi ekki verið tilkynnt fyrir en þ. 23.9.2011, en M hafi leitað til læknis daginn eftir umrætt atvik.

Álit.

Eins og málavöxtum er lýst verður ekki annað séð en tjón M sé vegna óhappatilviks þar sem engin utanaðkomandi atburður eða atvik verður til þess að hún varð fyrir því tjóni sem um ræðir. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr heimilisverndartryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr heimilisverndartryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 17.4. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 116/2012**M
og
vátryggingafélagið X v/ heimilistryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu úr heimilistryggingu vegna innbrots.****Gögn.**

55. Málskot, mótttekið 12.3.2012, ásamt fylgigögnum.
56. Bréf X, dags 28.3.2012, ásamt fylgigögnum.
57. Viðbótargögn.

Málsatvik.

Með kauptilboði, sem samþykkt var 9.5.2011, keypti M húsnæði að A í Kópavogi. M kveðst starfa sem gull- og silfursmiður og hugðist hún nýta húsnæðið sem vinnustofu og íbúðarhúsnæði, en annars býr hún á bænum B í Borgarfirði. Sennilega á tímabilinu 15.-18.9.2011 var brotist inn í húsnæðið og hluta af búslóð M stolið.

M hafði innbústryggingu hjá vátryggingafélaginu X og hefur krafist bóta úr vátryggingunni vegna þess tjóns sem hún varð fyrir við innbrotið. X hefur viðurkennt að um innbrot hafi verið að ræða. Hins vegar verði að líta á húsnæðið sem geymsluhúsnæði utan heimilis og því beri að bæta tjónið einungis með 5% af vátryggingarfjárhæðinni.

Álit.

Í málinu hefur verið lagt fram vátryggingarskírteini fjölskyldutryggingar sem M hafði hjá X vátryggingartímabilið 1.6.2011 til 1.5.2012. Vátryggingarstaður er sagður vera að A í Kópavogi. Þessa skráningu í vátryggingarskírteininu verður að skilja svo að vátryggingin taki til tjóns vegna innbrotsþjófnaðar sem verður á vátryggingarstaðnum að A fyrir allt að þeirri vátryggingarfjárhæð sem tilgreind er í vátryggingarskírteininu. X getur því ekki, eins og vátryggingarskírteinið er úr garði gert, borið það fyrir sig að um hafi verið að ræða þjófnað úr geymslu utan íbúðar og bætur takmarkist því við 5% af vátryggingarfjárhæðinni né heldur aðrar takmarkanir á vátryggingarfjárhæðinni sökum þess að búsmunirnir voru utan lögheimilis M.

Niðurstaða.

M, á rétt á óskertum bótum úr innbústryggingu samkvæmt fjölskyldutryggingu hjá X vegna innbrotsþjófnaðar úr húsnæði hennar að A.

Reykjavík, 17. apríl 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 117/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar hunda****Ágreiningur um bótaskyldu vegna hunds sem rispaði bifreið 29.06. 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 12.03. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 27.03. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn gera grein fyrir aðdraganda máls þessa.

Hundur vátryggðs olli tjóni á bifreið. Hundurinn mun hafa verið bundinn við kerru sem lagt var við hlið bifreiðarinnar. Hann mun hafa hoppað ítrekað utan í bifreiðina þannig að hún rispaðist.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það telur að M hafi haft bifreiðina að láni þegar tjónið varð. Félagið vísar til ákvæðis skilmála þess efnis að vátryggingin bætir ekki “tjón á munum sem vátryggður hefur til afnota, til geymslu eða eru af öðrum orsökum í hans vörslu.” Í upphaflegri tjónstilkynningu M, sem félagið telur að leggja skuli til grundvallar, komi fram að M hafi haft afnot af bifreiðinni þegar tjónsatvikið átti sér stað. M hafi ekið bifreiðinni og haft hund sinn með í för og á palli bifreiðarinnar var búnaður M. Í fyrstu atvikalýsingu M hafi komið fram að hún hafi haft bifreiðina að láni og hafði afnot af henni. Í nýrri frásögn M hafi komið fram að M hafi ekið bifreiðinni og síðan afhent eiganda lykla hennar á áfangastað. Félagið telur að M hafi ekki lagt fram nein gögn sem sýna að hún hafi haft bifreiðina undir höndum með öðrum kringumstæðum en getið er um í skilmálum og nefnt hefur verið.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

Álit.

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa er bótaskylda ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir. Telja verður að M hafi haft afnot bifreiðarinnar í umrætt sinn í skilningi skilmála. Hér var því um undanskilda áhættu að ræða sem fellur utan bótaskylds vátryggingarinnar.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 11. apríl 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 118/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. brunatryggingar lausafjár

Bilun í vararafstöð þ. 20.12.2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 12.3.2012 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V dags. 30.3.2012.

Málsatvik.

M segir að bilun hafi orðið í vararafali sem hafi verið knúinn frá dráttarvél og því lokaður í annann endann af drifbúnaði og í hinn endann af tengikassa fyrir rafbúnað og ekki hafi sést að hann hafi brunnið yfir fyrr en hann var tekinn í sundur haustið 2011. Tveir einstaklingar undirrita yfirlýsingu þar sem þeir segja að rafallinn hafi brunnið. M krefst bóta úr brunatryggingu sinni hjá V vegna þessa tjóns og segist hafa talið sig tryggðan fyrir tjóni sem því sem hér ræðir um. M telur að eldur hafi verið laus þegar umrætt tjón varð og því eigi hann rétt á bótum úr brunatryggingunni. V hafnar bótaskyldu og telur að eldur hafi ekki orðið laus í umræddu tilviki. Þá vísar V til þess að tjónið hafi ekki verið tilkynnt til V fyrr en tæpu ári eftir að það átti sér stað. Þá segir V að af myndum af rafalnum að dæma þá sjáist að rafallinn hafi sviðnað en ómögulegt sé að segja til um hvort eldur hafi verið laus í honum eða ekki. V tekur fram að það hafi ekki tekið þátt í öflun álita þeirra sem gáfu yfirlýsingar um rafalinn og hafnar því að álit þeirra hafi nokkurt gildi af þeim sökum. V segir að ljóst sé að ekki hafi verið um eldsvoða að ræða í umrætt sinn í skilningi gr.19.1. í vátryggingaskilmálum

Álit.

Að virtum öllum gögnum málsins, þá telst það ekki nægjanlega sannað að eldur hafi verið laus í þeim vararafal sem um ræðir í máli þessu. Þegar af þeim sökum á M ekki rétt á bótum úr brunatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr brunatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 24.4.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 119/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/kaskótryggingar ökutækis****Ágreiningur um bótaskyldu vegna meints þjófnaðar á bifreið í júlí – ágúst 2009.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 12.03. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 16.04. 2012 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ágreiningur máls þessa snýst um það hvort M hafi sýnt fram á að bifreið sinni hafi verið stolið erlendis sbr. fyrirliggjandi gögn.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann telur að höfnum vátryggingafélagsins, dags. 09.03. 2011, sé algjörlega órökstudd og því sé erfitt fyrir hann að kæra afstöðu félagsins til nefndarinnar. Hann telur óljóst hvaða rök félagið leggur til grundvallar höfnun sinni. Í ljósi þessa telur hann einsýnt að félagið eigi að bera hallann í “ætludum óskýrleika málsins”.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins m.a. bréfi til nefndarinnar, dags. 16.04. sl. Félagið vísar í umfjöllun sinni að málsatvikum, vátryggingaratburðinum og fresti til málskots til úrskurðarnefndar skv. 2. mgr. 51. gr. laga um vátryggingarsamninga, varúðarreglu skilmála og laga um vátryggingarsamninga. Skriflega afstaða félagsins var send með bréfi dags. 09.03. sl.

Álit

Málskotið var ekki of seint fram komið skv. 2. mgr. 51. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Málskotsgjaldið var greitt þann 08.03. sl. og gögn móttakin þann 12.03. sl. á skrifstofu nefndarinnar.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ósannað er að bifreið M hafi verið stolið.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 8. maí 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 121/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Heimilistryggingar.

Innbrot og þjófnaður úr húsi þ. 20.11.2011.

Gögn.

1. Málskot móttækið þ. 13.3.2011 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V dags. 26.3.2012.

Málsatvik.

M segir að aðfaranótt 20.12.2011 hafi verið brotist inn á heimili sitt og innbúsmunum stolið. M vísar í lögregluskýrslu um að svefnherbergisgluggi á jarðhæð hafi verið spenntur upp og greinileg ákoma hafi verið á tréverki og gluggasillu við læsingar og brot í rúðunni. V fékk fyrirtækið, Aðstoð og Öryggi til að gera skýrslu um málið og er niðurstaðan sú að um sviðsett innbrot hafi verið að ræða af þeim ástæðum sem rakin eru í skýrslunni. Lögmaður M mótmælir niðurstöðu í skýrslu Aðstoð og Öryggi og telur þær niðurstöður sem þar er komist að ekki standast. V hafnar bótaskylda og segir að lögheimili M sé annað en sá staður þar sem brotist var inn og því sé greiðsluskylda V brostin þegar af þeim sökum. Þá vísar V til rannsóknar Aðstoð og Öryggi og telur athugasemdir M engu breyta um þá niðurstöðu sem þar er komist að og M hafi ekki lagt fram gögn sem hnekki niðurstöðu í skýrslu Aðstoð og Öryggi.

Álit.

M hefur ekki tekist að hnekkja staðhæfingum sem fram koma í skýrslu Aðstoð og Öryggi eða þeirri meginniðurstöðu sem komist er að í skýrslunni og rakin er hér að framan. Þá hefur M ekki brugðist við þeirri málsástæðu V að lögheimili M sé annað en sá staður þar sem brotist var inn og greiðsluskylda félagsins brostin af þeim sökum. Af virtum öllum gögnum málsins verður því ekki með vísan til þess sem hér greinir hægt að fallast á að M eigi rétt á bótum vegna þessa atviks úr heimilistryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr heimilistryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 17.4.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 122/2012
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingafélagið V-2 v. B

Árekstur bifreiða á hringtorgi við Dalveg og Digranesveg í Kópavogi þ. 5.12.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 16.3.2012 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V-1 dags. 30.3.2012
3. Bréf V-2 dags. 16.4.2012

Málsatvik.

Árekstur varð með A og B á hringtorgi við Dalveg og Digranesveg í Kópavogi. Báðum bifreiðunum var ekið inn í hringtorgið af Dalvegi. A ók í ytri hring en B í innri hring. Ökumaður A segir að ökutækin hafi komið samhliða að hringtorginu og hafi B ekið utan í A en ökumaður A hafi reynt að koma í veg fyrir tjón með því að beygja til hægri. Ökumaður B segist hafa ekið í innri akrein þegar A hafi ekið á hlið B. Farþegi í B ber með sama hætti og ökumaður B.

Álit.

Ekki er upplýst um staðsetningu bifreiðanna þegar árekstur varð. Ökumenn greinir á um aðdraganda árekstursins og með hvaða hætti hann varð. Miðað við fyrirbyggjandi gögn eru ekki forsendur til að leggja sök á annan ökumann umfram hinn og er því sök skipt til helminga.

Niðurstaða.

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík 8.5. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 123/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar strætisvagnsins A og bifreiðin B****Ágreiningur um bótaskyldu vegna umferðaróhapps 16.09. 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 14.03. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 04.04. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn gera grein fyrir aðdraganda máls þessa.

M var farþegi í strætisvagninum A sem ekið var í vesturátt eftir Miklubraut þegar B var ekið í veg fyrir vagninn, er B beygði skyndilega inná forgangsakrein fyrir strætisvagna. Óverulegt tjón mun hafa orðið á bifreiðnum sbr. fyrirliggjandi gögn en ökumanni A tókst ekki að koma í veg fyrir árekstur. M kveðst hafa hlotið meiðsl við óhappið sbr. fyrirliggjandi gögn.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það telur að M hafi ekki sýnt fram á að orsakatengsl séu á milli atviksins og þeirra eymsla sem M kvartar undan sbr. gögn málsins. Félagið vísar og til þess að fyrir liggur að M hafði skömmu áður lent í “sambærilegu atviki við það sem hér er til meðferðar og því alls óljóst hvort eymsli þau er M kvartar nú undan sé að rekja til atviks þess er hér er til meðferðar”.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á orsakatengsl milli áreksturs bifreiðanna og þeirra eymsla sem M, farþegi í bifreið A, telur sig hafa orðið fyrir.

Niðurstaða.

Orsakatengsl eru ósönnuð.

Reykjavík 24. apríl 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 124/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. slysatryggingar launþega

Kona meiddist á hné við eða á fótboltavelli þ. 12.5.2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 14.3.2012 ásamt fylgiskjölum 1-7
2. Bréf V dags. 28.3.2012.

Málsatvik.

M sem er kennari var að taka þátt í fótboltamóti með nemendum sínum og er atvikum lýst þannig í málskoti að M hafi verið á hliðarlínunni og verið að hvetja lið sitt þegar hún hafi lent illa í mishæð en þá hafi vinstra hnéd tekið beygju að því hægra og M fallið í jörðina og meitt sig. Í tjónstilkynningu segir að M hafi misstigið sig illa og orðið fyrir áverkum sem nánar er lýst. Í tilkynningu um vinnuslys segir að M hafi verið í fótbolta með umsjónarbekk sínum og hafi M hoppað og lent illa á mishæð og meiðst á hné. M krefst bóta úr launþegatryggingu og telur að hún hafi orðið fyrir slysi. Í því sambandi er á það bent af hálfu M að hún hafi verið að fagna í fótboltaleik og hafi hoppað upp og lent á mishæð og meitt sig og telur að þar hafi verið um slys að ræða samkvæmt skilmálum 8.gr. vátryggingaskilmála. M telur að um utanaðkomandi atburð hafi verið að ræða sem olli slysinu þar sem túnið hafi verið holótt og þýft. V hafnar bótaskyldu og vísar til mismunandi lýsinga af hálfu M á atvikinu sem rakin eru hér að framan. V segir að sú rýmkun sem hafi orðið á slyshugtakinu í vátryggingarétti eigi eingöngu við tilteknar vátryggingar eins og fjölskyldutryggingar en ekki þá tryggingu sem hér ræðir um. Þá segir V að orsakatengsl séu ekki sönnuð þar sem engin samtíma læknisfræðilegum gögnum sé til að dreifa til að staðfesta að svo sé. Þess sé hvergi getið hvenær M leitaði fyrst til læknis en talað sé um nokkrar vikur eftir atvikið.

Álit.

M leitaði ekki til læknis fyrr en nokkrum vikum eftir umrætt atvik og lýsingar hennar á því sem gerðist eru nokkuð misvísandi. Miðað við fyrirliggjandi gögn telst ekki sannað að M hafi orðið fyrir slysi í skilningi 8.gr. vátryggingaskilmála þeirra sem hér um ræðir og þá hefur heldur ekki verið sýnt fram á orsakatengsl þeirra meiðslu sem M varð fyrir og þess atviks sem hér um ræðir. Af ofangreindu virtu á M því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V.

Reykjavík 24.4. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 125/2012

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bónda.

Skemmdir á bifreið eftir að kind hljóp í veg fyrir bifreiðina.**Gögn.**

58. Málskot, móttækið 15.3.2012, ásamt fylgigögnum.

59. Bréf X, dags. 16.4.2012.

Málsatvik.

Hinn 10.11.2011 ók M bifreið sinni, A, eftir Laxárdalsvegi í Dalasýslu. Stökk þá kind upp á veginn í veg fyrir A. Rakst kindin á hægri framhorn A með þeim afleiðingum að kindin drapst og nokkrar skemmdir urðu á A. Eigandi kindarinnar var með ábyrgðartryggingu hjá vátryggingafélaginu X og hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingunni vegna tjónsins sem varð á A.

Álit.

Af fyrirliggjandi ljósmyndum má sjá að girðingar meðfram veginum liggja að hluta niðri og þá einkum vegna snjóalaga. Ekki liggur fyrir í gögnum málsins að lausaganga búfjár hafi verið bönnuð í sveitarfélaginu þar sem óhappið varð. Þá eru ekki skýr sönnunargögn í málinu um það að girt hafi verið meðfram veginum og lokað fyrir ágangi búfjár, t.d. með ristarliði, þannig að fullnægt sé að öllu leyti skilyrðum 50. gr. vegalaga nr. 80/2007 um bann við lausagöngu búfjár á veginum. Telst samkvæmt þessu ósannað að tjónið verði rakið til atvika sem eigandi kindarinnar beri ábyrgð á.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bónda hjá X vegna tjóns á A.

Reykjavík, 15. maí 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 128/2012**Máni Kjartansson (M)****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A****Ágreiningur um bótaskyldu vegna umferðaróhapps þegar lögregla ók á M 22.08. 2010.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 20.03. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 10.04. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ágreiningur máls þessa snýr að því hvort M hafi verið meðvaldur að tjóni sínu þann 22.08. 2010 þegar hann varð fyrir lögreglubifreið.

M telur að slysið verði alfarið rakið til þess að lögreglumaður sem ók bifreiðinni hafi ekki fylgt starfsreglum ríkislögreglustjóra sbr. fyrirliggjandi gögn.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það telur að slysið hafi orðið í beinum tengslum við eftirlit og síðar eftirför lögreglu eins og því er lýst í skýrslum málsins. Horfa verði á atburðarrásina í heild sinni og líta til þeirrar háttsemi M sem leiddi til þess tjóns sem hann varð fyrir. Með háttsemi sinni varð M meðvaldur af tjóninu af stórkostlegu gáleysi að mati félagsins. Framburður M um að hann hafi ætlað að stíga fram fyrir bifreiðina en ekki að stinga áfram af og haupa í burtu er ótrúverðugur þegar litið er til málsatvika. Hann hafi stigið skyndilega út úr bifreið sinni þrátt fyrir að vita af lögreglubifreiðinni á ferð rétt fyrir aftan.

Félagið vísar til þess að engin afstaða hafi verið tekin til háttsemi M í refsímáli gegn lögreglumanninum.

Eins og atvikum er háttað telur félagið að háttsemi M leiði til þess að hafna beri bótaskyldu vegna slyssins með vísan til 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að rekja megi slyss M til stórkostlegs gáleysis hans í tengslum við það að hann reyndi að stinga lögreglu af á bifreið sinni. Hann virðist hafa stigið skyndilega út úr bifreið sinni og í veg fyrir lögreglubifreiðina. Nefndin lítur svo á að eftirför lögreglu og slyss M hafi gerst í samfellu m.ö.o. að um samfellda atburðarrás er að ræða sem hófst með því að lögreglan hugðist stöðva för M, síðan eftirför og til þess er lögreglan ók á M. Með hliðsjón af ofanrituðu fellur bótaréttur M niður með vísan til 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 8. maí 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 129/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/líf- og sjúkdómatryggingar****Ágreiningur um heimild til uppsagnar á vátryggingarsamningi.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 20.03. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 04.04. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn gera grein fyrir aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélagið hafnar bótakröfu M á grundvelli vinnureglna félagsins um áhættumat, vátryggingarskilmála og 83. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

M sækir um bætur úr líf- og sjúkdómatryggingu sem tekin var á árinu 2005. Félagið vísar til bótakröfu M, dags. 06.10. 2010. Þar óskar hann bóta vegna tjónsatviks sem hann varð fyrir 02.09. 2010. Þann dag varð M fyrir því að það leið yfir hann. Hann var í kjölfarið fluttur á bráðamóttöku. Í kjölfar rannsókna kom í ljós gömul blæðing í heila sem orsakaði flog sbr. fyrirliggjandi gögn.

Félagið vísar til þess að við athugun á sjúkraskrá M hafi komið fram tiltekin atvik sem hann upplýsti ekki um í umsókn sinni til félagsins og hefðu skipt máli við mat á umsókn M sbr. fyrirliggjandi gögn. Félagið telur að ef upplýsingar um fyrra heilsufar M hefðu legið fyrir við töku vátryggingarinnar þá hefði ekki verið unnt að samþykkja umsókn hans. Félagið telur ástæðu til að hafna bótaskyldu og um leið segja upp vátryggingarsamningi M sbr. bréf félagsins til M, dags. 21.03. 2011.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að M hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína við töku þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Hann lét ógetið mikilvægra atriða við útfyllingu umsóknar sinnar, líkt og vikið er að í nefndu bréfi vátryggingafélagsins, dags. 21.03. 2011.

Með vísan til ofanritaðs og 83. gr. sbr. og 85. gr. laga um vátryggingarsamninga er vátryggingafélaginu heimilt að segja upp vátryggingarsamningi M.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 24. apríl 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 130/2012
M
og
Vátryggingafélagið V v. Ábyrgðartryggingar A

Drengur slasaðist þegar hann var að leik á hjólabrettarampi þ. 2.5.2011

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 21.3.2012 ásamt fylgiskjölum 1-20
2. Bréf V dags. 13.4.2012 ásamt fylgiskjölum 1-6

Málsatvik.

Sjö ára drengur nemandi í skóla í A kaupstað slasaðist þegar hann var að leika sér í frímínútum á hjólabrettarampi sem var á skólalóðinni. M rann til á rampinum og datt á munninn og slasaðist. Í málskoti M segir að börnum í neðstu bekkjum grunnskólans hafi verið bannað að leika sér við rampinn þar sem þar höfðu orðið slys áður, en aðgangur að rampinum var ekki takmarkaður með neinum hætti. M segir að aðstæður á skólalóðinni með tilliti til hjólabrettarampans hafi verið ófullnægjandi og beri að meta það skólanum og þar með A kaupstað til sakar. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V og segir að hjólabrettarampurinn hafi verið staðsettur þar sem öll börn í grunnskólanum voru að leik allt frá 6 ára gömlum börnum. M segir að mörg slys hafi orðið á rampanum og hann hafi verið hættulegur ungum skólabörnum. M byggir telur að A kaupstaður hafi sýnt af sér saknæma og ólögmdæta háttsemi með því að hafa aðgengi að rampanum með þeim hætti sem um ræðir enda hafi það verið viðurkennt bæði í orði og verki að aðstæður á skólaóðinni hafi verið allsendis ófullnægjandi. Þá bendir M á að fasteignaeigendur og rekstraraðilar fasteigna þurfi að hafa aðgengi og öryggisráðstöfunum með tilliti til þess hvaða starfsemi er rekin í fasteigninni. M telur að að bótaskyldu sé að ræða á grundvelli sakarreglunnar og um alvarlega vanrækslu forsvarsmanna A kaupstaðar sé að ræða.

V hafnar bótaskyldu og segir að í umrætt sinn hafi M verið að hlaupa á rampi á lóð skólans og runnið í bleytu með þeim afleiðingum að hann slasaðist og fékk áverka á munnholi. V hafnar bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A og vísar í því sambandi til bréfs skólastjóra skóla þess sem um ræðir og hafnar því að í þeim ummælum felist viðurkenning á bótaskyldu úr frjálsri ábyrgðartryggingu vátryggingartaka. V mótmælir því að með því að færa umræddan rampa hafi í raun verið viðurkennd saknæm og ólögmdætt háttsemi af hálfu A. Þá vísar V til reglugerðar nr. 942/2002 um öryggi leiksvæða og sbr. 3.mgr. 11.gr. reglugerðarinnar liggi ekkert fyrir sem bendi til þess að leiksvæðið hafi af heilbrigðisnefnd A verið talið vanbúið og ekki í samræmi við kröfur sem settur séu fram í reglugerðinni. V telur því ósannað að leiksvæði það sem hér ræðir um hafi verið vanbúið. Þá vísar V til 1.mgr. 9.gr. áðurnefndrar reglugerðar varðandi ástand leiktækja og bendir á að rampar eins og þeir sem hér ræðir um hafi fengið vottun og uppfylli kröfur sem settar eru fram í staðlaröð sem V vísar til og leggur fram. V telur því að rampinn hafi uppfyllt viðeigandi öryggiskröfur og sé í samræmi við kröfur sem settar eru fram í 1.mgr. 9.gr. ofangreindrar reglugerðar. Þá vísar V til þess að börn sem hefja nám í viðkomandi skóla fái í upphafi skólagöngu munnleg fyrirmæli um að þeim sé óheimilt að leika sér á römpunum nema þau séu á línuskautum eða hjólabretti ásamt því að vera með viðurkenndan öryggisbúnað. V telur því að ósannað sé að slys M verði rakið til vanbúnaðar eða skorts á öryggisráðstöfunum

Álit.

Miðað við fyrirbyggjandi gögn hefur ekki verið sýnt fram á að umræddur hjólabrettarapur uppfylli ekki þá öryggisstaðla sem settir eru um leiktæki. Þá verður ekki séð að forráðamenn þess svæðis sem um ræðir, A kaupstaður, hafi brotið gegn ákvæðum reglna um frágang, leiktæki og öryggi á skólalóðum eða sýnt af sér atferli í þessu sambandi sem leiðir til sakar samkvæmt sakarreglu skaðabótaréttarins á forráðamenn A kaupstaðar þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu A hjá V. Þegar af þeim sökum á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 8.5. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 131/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. sjúkdómatryggingar.

Ósk um iðgjaldafrelsi og bætur úr líf og sjúkdómatryggingu vegna óvinnufærni þ. 7.12.2011 og uppsögn samninga.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 21.3.2012 ásamt fylgiskjölum nr. 1-3
2. Bréf V dags. 4.4.2012 ásamt fylgiskjölum nr. 1-3

Málsatvik.

M sótti um líf og sjúkratryggingu hjá V þ.11.7.2002 og voru þær samþykktar þ. 15.7.s.á. án athugasemda og þeim síðan breytt samkvæmt beiðni þ. 23.4.2003. M leitaði eftir bótum úr tryggingunni vegna slitsjúkdóms á báðum úlnliðum sem leiddu til þess að hann varð að hætta störfum sem stýrimaður á skipi. M fer fram á iðgjaldafrelsi og bætur úr líf- og sjúkdómatryggingu sinni hjá V vegna ofangreinds. V hafnar bótaskyldu og segir að M hafi ekki gefið réttar upplýsingar í umsókn sinni um líf og sjúkratryggingu hjá V og ekki samkvæmt bestu vitund. V segir að hefðu ofangreindar upplýsingar um heilsufar legið fyrir við töku tryggingarinnar þá hefði hún ekki verið samþykkt. V sagði því upp vátryggingarsamningi við M á grundvelli skilmála vátryggingarinnar og með vísan í 83.gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingasamninga, en jafnframt vísar V til 82.gr. og 84 gr. laga um vátryggingasamninga.

Álit.

Fyrir liggur miðað við upplýsingar úr sjúkraskrá M að hann gaf verulega rangar og ófullnægjandi upplýsingar um heilsufar sitt í umsókn við töku líf og sjúkdómatryggingar hjá V. V ber því ekki ábyrgð sbr. 1.mgr. 83.gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingasamninga. Þá var upplýsingagjöf M með þeim hætti að V var heimilt að segja upp vátryggingunni sbr. 1.mgr. 84.gr. laga um vátryggingasamninga. Þá ber einnig í þessu sambandi að vekja athygli á 2.mgr. 85.gr. laga um vátryggingasamninga, en miðað við það tilvik sem hér ræðir um þá þykir V eiga rétt á að hafna bótaskyldu og segja upp tryggingunni þar sem sú takmörkun sem vísað er til í ofangreindri 2.mgr. 85 gr. vaga um vátryggingasamninga gildi ekki í því tilviki sem hér ræðir um sbr. lokasetning tilvísaðrar lagagreinar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum eða iðgjaldafrelsi og V er heimilt að segja upp tryggingunni.

Reykjavík 24.4. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 133/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/A****og****Vátryggingafélagið Y v/B****Árekstur á Austurvegi Selfossi 31.01. 2012.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 21.03. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 14.04. 2012.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 23.04. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélögin telja að ökumaður A beri ábyrgð á árekstri bifreiðanna fyrir að hafa ekið í veg fyrir B.

A kveðst hafa litið eftir umferð um Austurveg og séð til ferða B langt undan og taldi óhætt að aka frá brún akbrautar inn á Austurveg. Þegar hann hafi verið kominn inn á akbrautina hafi hann heyrt flaut og síðan hafi bifreið verið ekið aftan á A. Ökumaður B staðhæfir að A hafi ekið í veg fyrir B. Vitni gaf sig fram við lögreglu sem taldi að A hafi ekki verið ekið í veg fyrir B heldur hafi B verið ekið aftan á A. Fram kemur að A hafi “ ekki ekið í veg fyrir stóra jeppabifreið (B) sem ók aftan á hann. Heldur hafi stjóra jeppanum verið ekið greitt og bilið verið nægjanlegt þegar litla bílnum var ekið af stað úr stæðinu.”

Tjónanefnd vátryggingafélaganna telur að ökumaður A beri ábyrgð árekstrinum fyrir að aka í veg fyrir B.

Óþarft er að geta umfjöllunar M í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstri þessum fyrir að aka í veg fyrir B. Þrátt fyrir frásögn vitnis þykir ekki unnt að leggja ábyrgð á ökumann B. Virðist sem ökumaður A hafi ekki hugað nægjanlega að umferð um Austurveg áður en hann ók af stað og í veg fyrir B. Hann mat fjarlægðina í B ranglega að því er telja verður.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 8. maí 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 135/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. slysastryggingar ökumanns

Ökumaður bifhjóls slasast í umferðaróhapp á Laugarásvegi í Reykjavík þ. 1.7.2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 23.3.2012 ásamt fylgiskjölum 1-8
2. Bréf V dags. 16.4.2012 ásamt fylgiskjali 1-3

Málsatvik.

M segist hafa ekið vélhjóli (vespu) og þegar hann hafi komið að hraðahindrun hafi hann ekið upp á gangstétt til að þurfa ekki að fara yfir hraðahindrunina og síðan hafi hjólið runnið í rigningunni og endað á ljósastaur. M segist hafa ekið hjólinu án ökuréttinda og ekið á 40-45 km. hraða. Farþegi á vélhjólinu ber með sama hætti og M að öðru leyti en því að farþeginn segir að hann telji að M hafi ekki tekið eftir því strax að þeir stefndu á ljósastaur en þegar hann hafi gert það hafi hann reynt að sveigja frá staurnum án árangurs og hann gerir sér ekki grein fyrir á hvaða hraða vélhjólinu var ekið í umrætt sinn. M krefst bóta úr slysastryggingu ökumanns hjá V. Af hálfu M er því haldið fram að V hafi glatað rétti til að bera fyrir sig ábyrgðartakmörkun þar sem V hafi tilkynnt afstöðu sína 9 mánuðum eftir að slysið varð og rúmlega 6 mánuðum eftir að umboð lögmanns var send félaginu. M vísar í því sambandi til 94.gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004. Þá er því haldið fram af hálfu M að hann hafi ekki sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í umrætt sinn sem leitt geti til niðurfellingu bótaréttar M. Af hálfu M er á það bent að vélhjólið sem um ræðir hafi verið aflítið og hannað til að ná 45 km. hraða og M hafi þá verið orðinn 15 ára og uppfyllt skilyrði til að geta fengið ökuréttindi á slíkt bifhjól. Þá er af hálfu M vísað til þess að þó hann hafi brotið umferðarreglur í umrætt sinn m.a. með því að vera með farþega á hjólinu og aka upp á gangstétt þá hafi hann ekki sýnt af sér stórkostlegt gáleysi séu allar aðstæður virtar. Þá er því haldið fram af hálfu M að jafnvel þó talið yrði að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi þá sé fráleitt að bætur til hans verði að öllu leyti felldar niður. V hafnar bótaskyldu og heldur því fram að V hafi ekki vanrækt skyldu sína varðandi tilkynningar á þann hátt að V hafi glatað rétti sínum til að bera fyrir sig að tjóninu hafi verið valdið af stórkostlegu gáleysi. Þá bendir V á að M hafi verið 15 ára á tjónsdegi og ekið bifhjólinu án tilskilinna réttind. Þá telur V að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með aksturslagi sínu og verið auk þess með farþega sem sé bannað skv. 3.mgr. 42.gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þá segir V að M hafi brotið gegn varúðarreglum skilmála slysastryggingar ökumanns.

Álit.

Miðað við framlögð gögn þá glataði V ekki rétti sínum til að bera fyrir sig ábyrgðartakmörkun í máli þessu, en lögregluskýrsla vegna málsins barst V ekki fyrir en í febrúar 2011 og höfnunarbref var sent út af V þ. 31.3.2011. Samkvæmt því tilkynnti V lögmanni M skriflega um afstöðu sína í samræmi við ákvæði 94.gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004 án ástæðulauss dráttar eftir að félagið vissi um þau atvik sem veita heimild til að beita rétti sínum samkvæmt ákvæðinu.

Heimild V til að skerða rétt M til bóta úr slysastryggingu ökumanns er reist á ákvæði 1.mgr. 90.gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004, en samkvæmt því ákvæði má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins hafi vátryggður í öðrum persónuþryggingum en líftryggingum valdið því að

vátryggingaratburður varð. Í umrætt sinn ók M léttu bifhjóli án ökuréttinda og ók þess upp á gangstétt og hafði farþega á hjólinu hvorutveggja andstætt reglum umferðarlaga nr. 50/1987 sem gilda um ökutæki eins og það sem M ók í umrætt sinn. M sýndi því af sér stórkostlegt gáleysi við aksturinn. Þrátt fyrir það að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi verður að horfa til þess að hraði ökutækisins var takmarkaður eða um eða innan við 45 km. á klukkustund. Þegar aðstæður allar og gögn málsins eru virt þykja því ekki efni til að fella niður rétt M til bóta að öllu leyti en talið eðlilegt að hann beri helming tjónsins vegna aksturs bifhjólsins í umrætt sinn, en eigi þá rétt á að fá tjón sitt bætt að hálfu úr slysatryggingu ökumanns hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt að fá tjón sitt bætt að hálfu eða 50% .

Reykjavík 15.5. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 136/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar sveitarfélags****Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á bifreið sem ekið var á brotinn kantstein þann 18.03. 2012.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 27.03. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 10.04. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu, tjónið á bifreiðinni verði ekki rakið til sakar af hálfu vátryggingartaka. Ekki hafi verið vitað um kantsteininn sem brotinn var og hvað þá heldur um að brotin hefðu borist út á götuna. Félagið vísar til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 15/2009 afstöðu sinni til stuðnings.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu vegna þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ósannað er að vátryggingartaki eða starfsmenn hans hafi haft vitneskju um ástand kantsteinsins. M.ö.o. hefur ekki verið sýnt fram á vanrækslu aðila.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 24. apríl 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 137/2012**M
og
vátryggingafélagið X v/ forfallatryggingar.****Ágreiningur rétt til endurgreiðslu á flugfargjaldi sem greitt var með vildarpunktum.****Gögn.**

60. Málskot, móttakið 26.3.2012, ásamt fylgigögnum.
61. Bréf X, dags. 18.4.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 5.10.2011 pantaði M hjá Icelandair flugfar fyrir sig og barnabarn sitt til Osló hinn 17.11.2011. Fargjaldið kveðst M hafa innt af hendi með 38.000 vildarpunktum fyrir sig og 19.000 punktum fyrir barnabarnið eða samtals 57.000 vildarpunktum. Auk þess hafi hún greitt skatta og gjöld með VISA Platinum greiðslukorti. Á farseðlinum kemur fram að unnt sé að framselja rétt samkvæmt honum við tiltekna aðstæður og þá jafngildi 12.000 punktar 10.000 krónum.

Vegna mikilla veikinda bróður M, sem lést brottfarardaginn, gat M ekki farið í ferðina. Hún fékk skatta og gjöld endurgreidd hjá flugfélaginu, en ekki fargjaldið sjálft. Hún hefur krafist þess að fá það endurgreitt úr forfallatryggingu í fjölskyldutryggingu sinni eða samsvarandi tryggingu í VISA Platinum greiðslukortatryggingu hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu þar sem um „punktafargjald“ sé að ræða og vátryggingin endurgreiði ekki punkta. Í athugasemdum X við málskotið kveður M að peningalegt verðgildi vildarpunkta sé breytilegt eftir því til hvers þeir eru nýttir. Telur X að bótaréttur vegna ferðakostnaðar X sem greiddur var með vildarpunktum sé ekki til staðar þar sem punktarnir hafa ekki ákveðið peningalegt verðgildi.

Álit.

Í 2. gr. forfallatryggingar í fjölskyldutryggingu M hjá X segir að vátryggingin bæti fyrirframgreiddan ferðakostnað sem hinn vátryggði á samkvæmt samningi ekki rétt á að fá endurgreiddan ef hann neyðist til að hætta við ferð sína m.a. vegna andláts systkina vátryggðs. Ekki virðist um það deilt að skilyrðum vátryggingarskilmálanna fyrir greiðslu bóta sé fullnægt að öðru leyti en því að X telur að vildarpunktar þeir sem M greiddi ferðakostnaðinn með hafi ekki ákveðið peningalegt verðgildi.

Ekki fer á milli mála að peningaleg verðmæti fólust í þeim vildarpunktum sem M reiddi fram er hún pantaði flugfargjaldið fyrir sig og barnabarn sitt. Fyrrgreint ákvæði í vátryggingarskilmálunum ber að skilja svo að M eigi rétt til að fá þessi verðmæti bætt úr vátryggingunni sem fóru forgörðum hvað sig varðaði við það að hún gat ekki nýtt farseðilinn. Eins og málið liggur fyrir verður hins vegar ekki tekin afstaða til þess hver sú fjárhæð er sem X ber að bæta af þessum sökum.

Í tjónstilkynningu til X kemur fram að VISA greiðslukort hafi verið notað við greiðslu fargjaldsins. Verður að telja að X hafi þar með mátt ætla að tjónstilkynningin fæli í sér einnig kröfu um bætur úr þeirri greiðslukortatryggingu sem greinir í málskötinu. Þykir því mega einnig mega taka afstöðu til greiðsluskyldu úr þeirri vátryggingu í úrskurði þessum. Í þeirri vátryggingu er efnislega samhljóða ákvæði og reynir á í

fjölskyldutryggingunni varðandi bætur úr forfallatryggingu í máli þessu. Með vísan til þess sem að ofan greinir telst M eftir atvikum og að gættum ákvæðum laga um tvítryggingu einnig geta átt rétt til bóta úr greiðslukortatryggingunni vegna þess tjóns sem hér er til umfjöllunar.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr forfallatryggingu fjölskyldutryggingar eða, eftir atvikum, VISA Platinum greiðslukortatryggingar hjá X vegna vildarpunkta sem fóru forgörðum er hún komst ekki í flug til Osló hinn 17.11.2011.

Reykjavík, 15. maí 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 138/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar B

Kona rann til á gólfi í verslun og meiddist þ. 18.12.2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 27.3.2012 ásamt fylgiskjölum 1-5
2. Bréf V dags. 16.4.2012

Málsatvik.

M rann skyndilega á gólfi inni í mjólkurkæli verslunar B. M segist hafa tekið eftir því eftir fallið að hún hafi runnið í fitupolli sem hafi myndast þegar krukka með fetaosti hafi brotnað á gólfinu, en ekki hafi verið hirt um að þrifa olíuna og ostaleifarnar af gólfinu. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu B hjá V. Af hálfu M er því haldið fram að hún hafi látið vita strax af slysinu en það hafi ekki verið tilkynnt og beri B því hallann af sönnunarskortu og vísar M til dóms Hæstaréttar í málinu nr. 385/2003 í því sambandi. M bendir á að B hafi greitt sjúkrakostnað hennar og því viðurkennt bótaskyldu í verki. M telur að slysið megi rekja til óviðunandi aðstæðna í verslun B og á því byggt að starfsmenn hafi sýnt af sér saknæma háttsemi með því að vanrækja að þrifa gólf verslunarinnar með þeim afleiðingum að slyshætta skapaðist. Þá vísar M til dóma Hæstaréttar í málum nr. 419/2007 og 635/2006 auk þess dóms Hæstaréttar sem vísað er til hér að framan. V hafnar bótaskyldu. V hafnar því að greiðsla á sjúkrakostnaði M af hálfu B sé viðurkenning á bótaskyldu. V segir að starfsmenn B hafi ekki orðið vitni að slysinu og þá hafi B upplýst að starfsmenn verslunar B hafi ekki haft vitneskju í aðdraganda slyssins um að krukka hefði brotnað og /eða innihald krukunnar hafi farið í gólfið. V segir að starfsmenn verslunar B hafi því ekki vanrækt skyldur sínar þar sem þeir höfðu ekki sérstaka vitneskju um hættuna. Þá vísar telur V að þeir dómur Hæstaréttar sem M vísar til séu ekki að öllu leyti sambærilegir og séu ekki fordæmisgefandi í þessu máli.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á að starfsmenn B hafi vitað um að krukka með fetaosti hafi brotnað og innihaldið farið á gólfið áður en M datt á gólfinu. Ekki er sýnt fram á að B, starfsfólk B eða aðrir sem B ber ábyrgð á hafi sýnt af sér saknæma háttsemi, sem leiði til bótaskyldu B. Greiðsla B á sjúkrakostnaði M er ekki viðurkenning á bótaskyldu B úr ábyrgðartryggingu B hjá V. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík 8.4. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 139/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/slysátryggingar ökumanns og eiganda****Ágreiningur um orsakatengsl vegna umferðaróhapps við keppni í enduro hjólakeppni í Jósefsdal þann 08.05. 2010.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 27.03. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 14.04. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M var þátttakandi í aksturskeppni er hann ók á grjót og fékk þungt högg og féll af hjólinu sbr. fyrirliggjandi gögn. Ágreiningur er um hvort M hafi sýnt fram á orsakatengsl milli meiðsla og óhappsins.

Vátryggingafélagið telur að M hafi ekki sýnt fram á orsakatengsl sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. Það sé ekki félagsins að sýna fram á orsakatengsl, sönnunarbyrði hafi M. Brjós-klos verði ekki nema í undantekningartilvikum við slys. M hafi ekki leitað læknis fyrir en í júlí 2010 eða tæpum þremur mánuðum frá því að atvikið átti sér stað. Engin skráð lýsing læknis er því á mjóbaksverkjum fyrir en “all löngu eftir atvikið sem tjónþoli hefur lýst”.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann telur orsakatengsl fyrir hendi milli slyssins og afleiðinga sem hann býr við í dag. Breyti ekki framanrituðu þó að tveir mánuðir hafi liðið frá slysi til þess tíma er hann leitaði læknis. Fyrir slysið hafi hann verið “heilsuhraustur og hafði enga fyrri sögu um bakverki eða meiðsl”.

Fyrirliggjandi gögn geta samskipta aðila og sjúkrasögu M.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum eru orsakatengsl ósönnuð milli umrædds óhapps M og afleiðinga sem hann telur sig búa við. Ekki er unnt að staðhæfa, út frá fyrirliggjandi gögnum, að M hafi hlotið þau meiðsl sem hann kveðst hafa orðið fyrir. Hann hefur m.ö.o. ekki sýnt fram á bótaskyldu vátryggingafélagsins.

Niðurstaða.

Orsakatengsl eru ósönnuð. Ekki hefur verið sýnt fram á bótaskyldu vátryggingafélagsins.

Reykjavík 15. maí 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 140/2012
M og
Vátryggingafélaginu V v. ábyrgðartryggingar ökutækis

Kona meiddist þegar strætisvagni var hemlað þ. 24.10.2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 27.3.2010 ásamt fylgiskjölum 1-12.
2. Bréf V dags. 18.4.2012

Málsatvik.

M segist hafa verið farþegi í strætisvagni á leið til vinnu sinnar þegar strætisvagninum hafi verið snarhemað skyndilega og hún kastast úr sætinu og klemmt vinstra hnéð á milli sæta fyrir framan. M segir að ökumaður strætisvagnsins hafi spurt M að því hvort allt væri í lagi og hún svarað játandi. M segir að þegar líða tók frá slysinu hafi henni versnað og hún síðan leitað til læknis þ. 26.5.2010. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu strætisvagnsins og telur sannað að umrætt umferðaróhapp hafi orðið. Þá bendir M á að Sjúkratryggingar Íslands hafi viðurkennt bótaskyldu vegna afleiðinga slyssins. Einnig vísar M til yfirlýsingar Mary Nekeba Mulamba dags. 10.3.2012 þar sem greint er frá slysinu með sama hætti og M gerir. V hafnar bótaskyldu og telur ósannað að atvikið hafi átt sér stað með þeim hætti sem M lýsir. V segir að ekkert sé skráð hjá vátryggingataka um slys eða óhapp þ.24.10.2010. Þá segir V að ökumaður strætisvagnsins kannist ekki við umrætt atvik og því síður að hafa komið til M og spurt hana um líðan hennar eftir meint tilvik. Þá segir V að það hafi enga tilkynningu fengið um slys á öðrum farþegum í þeirri ferð sem um ræðir. Þá segir V að fyrirliggjandi yfirlýsing og vottorð læknis hafi sönnunargildi og yfirlýsing samferðarkonu M sé engan vegin nægjanleg sönnun.

Álit.

Miðað við þau gögn sem fyrir liggja í málinu telst ekki nægjanlega sannað að M hafi orðið fyrir því slysi sem hún vísar til í ferð með strætisvagni þ. 24.10.2010 og kröfur hennar í málinu eru byggðar á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu umrædds ökutækis.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu strætisvagnsins sem hún ferðaðist með þ. 24.10.2010.

Reykjavík 15.5.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 141/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar dvalarhemilis (A)****Vinnuslys við fall í baðherbergi 04.06. 2010.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 27.03. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 26.04. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M var við vinnu sína á dvalarheimilinu A. M var að aðstoða heimilismann í sturtu, þegar hún rann til. Barki á sturtuhaus mun hafa gefið sig og “vatn sprautast út um allt”. M mun hafa ætlað að skrúfa fyrir vatnið og runnið til og gripið í handklæðaofn til að verjast falli og fengið við það hnykk sbr. fyririliggjandi gögn. Sturtubarkar hafi verið vanbúnir og það með vitneskju A og/eða vatnsþrýstingur inn í húsnæðið hafi verið með þeim hætti að slyshætta hafi ávallt verið til staðar við böðun á dvalarheimilinu.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu. Efnislega telur M að aðstæður hafi verið ábótavant og á ábyrgð vinnuveitanda sbr. umfjöllun í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Félagið vísar m.a. til þess að starfsmönnum A hafi á slysdegi verið kunnugt um að vatn gæti lekið eða sprautast úr sturtuáðstöðu vistmanna. Slyshætta hafi verið lítil sem engin, að mati félagsins sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. Fram kemur í umfjöllun vátryggingafélagsins m.a. að haft hafi verið samband við söluaðila búnaðarins “sem gat ekki gefið skýringar á hvers vegna þetta gerðist. Ákveðið var að skipta út börkum eftir því sem þeir gáfu sig. Fengu starfsmenn þá upplýsingar um þetta og um vinnulag ef bakar gæfu sig, þ.e. að starfsmenn skyldu skrá í húsvardabók á hverri deild hvar barkar væru að gefa sig og þá var þeim skipt út...”

Vinnuslys þetta var ekki rannsakað af Vinnueftirlitinu því það var ekki tilkynnt þegar það átti sér stað, tilkynning var ekki send fyrr en í 25. júní 2010.

Álit

Þegar tekið er mið af fyririliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ekki hefur verið sýnt fram á að óhappið megi rekja til vanrækslu starfsmanna vátryggingartaka eða aðstæðna sem hann ber skaðabótaábyrgð á. Ekki hefur verið sýnt fram á að slyshætta hafi verið sýnu meiri gagnvart starfsmönnum en gengur og gerist á baðherbergjum, þar sem unnið er við blöndunartæki, líkt og í því tilviki sem hér er til umræðu. Tjónsatburð máls þessa virðist einkum mega rekja til viðbragða M þegar hún brást við þeirri óvæntu bleytu sem skapaðist.

Það breytir ekki framanrituðu þó að A hafi, í þessu tilviki, brugðist þeirri skyldu sinni að tilkynna strax vinnuslys þetta til Vinnueftirlitsins.

A virðist hafa tekið þá ákvörðun, að höfðu samráði við söluaðila blöndunartækja, að skipta út börkum eftir því sem þeir gáfu sig. Athyglisvert er að staðhæft er að ekki hafi verið unnt að úrskýra hvers vegna blöndunartæki gáfu sig. Ljóst virðist af þeirri takmörkuðu umfjöllun sem fyririliggjandi er að blöndunartækjum var ábótavant. Það nægir þó ekki til stofnunar bótaskyldu í því tilviki sem hér er til umræðu.

Ósannað er að vatnsþrýstingur inn í húsnæðið hafi verið það mikill, með vitneskju A, að unnt sé að fullyrða að augljós slyshætta stafaði af.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 22. maí 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 143/2012

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B
og
vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.

Ágreiningur um bótaskyldu er bifreið rann á aðra bifreið í hálfu á bifreiðastæði.**Gögn.**

- 62. Málskot, móttakið 28.3.2012, ásamt fylgigögnum.
- 63. Tölvuskeyti Y, dags 16.4.2012, ásamt fylgigögnum.
- 64. Bréf X, dags. 16.4.2012.

Málsatvik.

Bifreiðunum A og B hafði verið lagt hlið við hlið í stöðureitum á bifreiðastæði við Hótel KEA við Kaupvangsstræti á Akureyri. Vegna hálfu og klaka mun A hafa runnið til hliðar þannig að vinstri hlið A og hægri hlið B rákust saman. Eigandi B hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A vegna þess tjóns sem varð á B.

Álit.

Tjón varð á tveimur skráningarskyldum ökutækjum er hliðar þeirra rákust saman. Tjónið skiptist því á ökutækin að tiltölu við sök þeirra sem hlut eiga að máli og með hliðsjón af atvikum öllum, sbr. 89. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Gögn málsins um atvik og aðstæður á vettvangi eru mjög takmörkuð. Ekkert liggur heldur fyrir um ástæður þess að A tók að renna til hliðar. Ekki er unnt að sjá af fyrirliggjandi gögnum að tjónið verði rakið til sakar stjórnenda bifreiðanna, annars þeirra eða beggja. Virðist sem um óhappatilvik hafi verið að ræða að önnur bifreiðin rann á hina. Við svo búið fæst tjónið á B ekki bætt úr ábyrgðartryggingu A.

Niðurstaða.

Tjón á B bættist ekki úr ábyrgðartryggingu A.

Reykjavík, 15. maí 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 144/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar sveitarfélags****Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á bifreið sem ekið var í holu á Vesturlandsvegi þann 06.01. 2012.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 28.03. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 16.04. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu, ekki hafi verið sýnt fram á að tjónið á bifreiðinni verði rakið til sakar af hálfu vátryggingartaka. Vátryggingartaki og starfsmenn hans hafi ekki vitað um ástandið þegar tjónið varð sbr. umfjöllun félagsins í nefndu bréfi til nefndarinnar. Félagið vísar til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 15/2009 og nr. 85/2012 afstöðu sinni til stuðnings. Félagið telur að brugðist hafi verið skjótt við af hálfu vátryggingartaka í umræddu tilfelli þegar tilkynning barst um aðstæður.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu vegna þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ósannað er að vátryggingartaki eða starfsmenn hans hafi haft vitneskju um ástand götunnar þegar tjónið varð og/eða að þeir hafi brugðist við seint eða illa. M.ö.o. ekki hefur verið sýnt fram á vanrækslu aðila.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 24. apríl 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 145/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. fjölskyldutryggingar og húseigendatryggingar

Vatnstjón á íbúð þ. 9.3-11.3.2012

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 23.3.2012.
2. Bréf V dags. 13.4.2012.

Málsatvik.

M var að heiman 9-12.3. s.l. Við heimkomuna kom í ljós að byssa á slöngu utanhúss, sem tengd er við krana innanhúss hafði brotnað af í miklu hvassviðri og við þær aðstæður ýrðist vatnið úr slöngunni á svalardyr hússins með þeim afleiðingum að vatnstjón varð innanhúss þar sem paketi á gólfi skemmdist. M krefst bóta úr fjölskyldu- og húseigendatryggingu sinni hjá V og vísar til greinar í húseigendatryggingu 9.1.1. í vátryggingasamningi, þar sem segir m.a. að vátryggingin bæti tjón af völdum vatns, sem óvænt og skyndilega streymir úr leiðslum hússins og á upptök innan veggja þess. V hafnar bótaskyldu en segir ekki ágreining um málsatvik, en skilyrði bótaábyrgðar séu ekki uppfyllt. V bendir á grein 9.1.1. húseigendatryggingarinnar og sambærilegt ákvæði í skilmálum fjölskyldutryggingar og segir að það sé skilyrði að vatn streymi úr leiðslum hússins og það eigi upptök sín innan veggja þess og sé óvænt og skyndilegt. V bendir á að vatnsstreymið sem um ræðir stjórnist af þrýstingi sem myndist af notkun byssunar sem brotnaði af í óveðrinu og því séu upptökin við enda slöngunnar og utan veggja hússins. V bendir á að hefði slangan verið innandyrá þegar atvikið átti sér stað hefði bótaskylda verið fyrir hendi.

Álit.

Gögn málsins eru mjög takmörkuð, en þar sem ekki er ágreiningur um atvikalýsingu kemur það ekki að sök. Slanga staðsett utan hússins var tengd við krana innan dyra og var fullur vatnsþrýstingur á slöngunni þegar húsráðendur yfirgáfu húsið. Vatn streymdi úr slöngunni þegar byssa sem stjórnaði vatnsstreymi úr slöngunni og var staðsett fremst á slöngunni gaf sig. Þar sem vatnið sem tjóninu olli streymdi úr slöngunni vegna þess að byssa fremst á slöngunni utanhúss gaf sig verður ekki séð að skilyrði bótaskyldu samkvæmt grein 9.1.1. húseigendatryggingarinnar og sambærilegu ákvæði hvað varðar fjölskyldutrygginguna séu fyrir hendi, þar sem upptök vatnsstreymisins voru utanhúss en ekki innanhúss. Bótaskylda V er því ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

Tjón M er hvorki bótaskyldt úr húseigenda- eða fjölskyldutryggingu hans hjá V.

Reykjavík 8.5. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 147/2012
(M)
og
(V) v. ábyrgðartryggingar (R)

Bruni áhaldahúss þ. 7.1.2011

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 23.3.2012 ásamt fylgiskjölum 1-7
2. Bréf V dags. 30.4.2012

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu segir að borist hafi tilkynning um eld í húsi á Húsavík, sem er timburhús, byggt á stálgrind og klætt að utan með standandi borðaklæðningu. Þegar lögreglan kom á staðinn logaði eldur á jarðhæð hússins og starfsmaður M á vettvangi sagðist hafa séð eldsúlu stíga upp frá gömlu útvarpi sem stóð upp á verkfæraskáp á austurveggnum, en það sé jafnan skilið eftir í gangi og gerði hann ráð fyrir að það hefði verið í gangi í umrætt sinn. Í lögregluskýrslunni segir að rafmagnstaflan hafi verið lokuð en talsvert hafi bráðnað niður af plastinu við töfluna vegna hita og sjá hafi mátt að það horn sem snéri að útvarpinu hefði orðið fyrir mestum hita. Aðalöryggi rafmagnstöflunar sló út að sögn starfsmanns vegna þess að öryggi í götukassa hafði ekki slegið út. Rafmagnið hafði farið af húsinu um kl. 22 kvöldið áður vegna bilunar í spennistöð og kom á aftur kl. 4.45 og segir í lögregluskýrslu að ýmislegt bendi til að eftir að rafmagnið kom á aftur hafi of mikil spenna verið á rafmagninu og yfirgnæfandi líkur á að kviknað hafi út frá umræddu útvarpstæki eða rafmagnstengingum við austurvegg hússins. Rekstrarstjóri R segir hjá lögreglu að þegar rafmagn hafi komið á aftur í umrætt sinn að morgni 7.1.2011 hafi öryggi fyrir spennustilli slegið út sem olli því að spennan sem fór inn á rafkerfið var allt of há og þær tölur sem komu fram hjá APC varaafgjafa M mjög sennilegar en þar mældist spennan um nóttina frá kl. 4.13 til 7.48 allt að 283 volt og meðaltalsspenna 279.7 volt. M krefst bóta vegna brunans úr ábyrgðartryggingu R hjá V. M telur hafið yfir allan vafa að of há spenna hafi komið inn á raflagnir í áhaldahúsinu í umrætt sinn og það sé á almennu vitorði að of há rafmagnsspenna geti valdið því að eldur kvikni í rafmagnstækjum. Þá vísar M til raforkulaga nr. 65/2003 einkum 1.mgr. og 4.mgr. 9.gr. og 3.mgr. 23.gr. reglugerðar nr. 1040/2005. sbr. einnig tl. 3.3. og 3.4. sömu reglugerðar. Rík eftirlitsskylda hvíli því á dreifingaaðila rafmagns og vísar M í því sambandi til 3.gr. laga nr. 25/1991 um skaðsemisábyrgð og einnig 1.mgr. 5.gr. og 2.tl. 1.mgr. 5.gr. og 10.gr. s.l. M segir að dreifingaraðili beri ábyrgð á skaðsemistjóni beint gagnvart tjónþola sbr. 10 gr. skaðsemisábyrgðarlaganna og samkvæmt grein 4.1.í váttryggingaskilmálum. M heldur því fram að R beri ábyrgð á tjóninu óháð því hvort það verði rakið til sakar vegna þess að 10.gr. laga um skaðsemisábyrgð feli í sér hlutlæga bótareglu. Þá telur M túlkun V á tryggingarskilmálum sbr. d lið greinar 7.1. í váttryggingaskilmálum ekki rétta vegna þess að frumorsök tjónsins var ekki eldsvoði heldur truflanir á rafspennu og því um að ræða tjón sem sé bein afleiðing of hárrar rafspennu og truflana á starfsemi R frumorsök tjónsins hafi því verið umræddra bilana hjá R. Þá vísar M til dóms Hæstaréttar í málinu 7/2002 varðandi hugtakið eldsvoði. Þá vísar M til að V hafi bætt tjón vegna truflunar á rafspennu í umrætt sinn og liggi því fyrir viðurkenning V á bótaskyldu og bótaskylda hljóti að ná til allra sennilegra afleiðinga af of hárra spennu inn á dreifikerfi Húsavíkur. V hafnar bótaskyldu með vísan til ákvæða í gr. 7. d váttryggingaskilmála

Álit.

Samkvæmt 7.gr. váttryggingaskilmála þeirra sem hér ræðir um, sem ber heitið ”Almennar undantekningar vegna skemmda á munum.” segir að váttryggingin taki ekki til ábyrgðar vegna skemmda á munum eða glötunar muna sem hljótist af eldsvoða sbr. d liður greinar 7.1. í váttryggingaskilmálunum.

Hvað svo sem líður upptökum eða orsökum þess tjóns sem hér ræðir um þá liggur fyrir að tjónið varð vegna eldsvoða og undanþáguákvæði 7.gr. váttryggingaskilmálanna sem eiga við í máli þessu taka af öll tvímæli um að tjón eins og það sem hér ræðir um sé ekki bótaskylt. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu R hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu R hjá V.

Reykjavík 22.5 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 148/2012**M
og
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Starfsmaður slasaðist á hendi við þrif á beituskurðarvél.****Gögn.**

65. Málskot, móttækið 29.3.2012, ásamt fylgigögnum.
66. Bréf X, dags. 25.4.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M vann við beituskurð hjá fyrirtækinu V og við verkið notaði hann sérstaka beituskurðarvél. Hinn 9.5.2011 vann M við þrif á vélinni. Tók hann öryggishlíf af vélinni og sprautaði vatni á vélina meðan hún var í gangi og hnífar hennar snérust. Festist slangan í hnífunum og við það dróst hægri hönd M í hnífa vélarinnar og hlaut hann alvarlega áverka á fingrum handarinnar.

M kvað vélina vera þannig úr garði gerða að ekki hafi verið hægt að þrifa hana nema með því að hvolfa henni, sem enginn gerði þar sem hún væri svo þung. Einnig væri hægt að taka af henni öryggishlífina svo hægt væri að komast að hnífunum og þá væri vélin höfð í gangi svo hnífarnir snérust og þannig væri hægt að þrifa þá. Kvaðst M hafa bent eigendum V á að vélin væri hættuleg.

Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins um slysið kemur fram að áhættumat liggi ekki fyrir varðandi notkun vélarinnar. Jafnframt voru gerðar kröfur um eftirfarandi úrbætur á vélinni: „...að rofabúnaður væri samkvæmt reglum um öryggisbúnað véla nr. 492/1987, að sett væri merking á vél um hættulega hnífa sem snúast og að verklagsreglur um notkun vélarinnar væru til staðar.“

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá váttryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu þar sem M hafi ekki farið eftir fyrirmælum um það hvernig vélin skyldi hreinsuð. Hafi M ítrekað verið leiðréttur af yfirmönnum og starfsmönnum þegar sást til hans vera að þrifa vélina í gangi án öryggishlífarinnar. Þá sé alrangt að ekki hafi verið unnt að þrifa vélina án þess að taka af henni öryggishlífina og hafa hana í gangi.

Álit.

Ljóst er að umrædd beituskurðarvél er hættuleg og brýnt að skýrar verklagsreglur séu til staðar varðandi notkun hennar, þ. á m. hvernig staðið skuli að þrifum hennar. Samkvæmt skýrslu Vinnueftirlits ríkisins voru slíkar verklagsreglur ekki til staðar þegar slysið varð. Við svo búið hefur V sönnunarbyrðina um það að M hafi verið gefin önnur fyrirmæli við þrif á vélinni en hann fór eftir. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á af hálfu V eða X að M hafi unnið við þrif á vélinni andstætt þeim fyrirmælum sem honum voru gefin. Af þessum sökum ber V ábyrgð á líkamstjóni M. Jafnvel þótt slysið kunnist einhverju leyti að verða rakið til eigin sakar M eru ekki næg efni til að háttsemi hans verði virt sem stórkostlegt gáleysi. Réttur hans til bóta verður því ekki skertur, sbr. 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 124/2009 um breytingu á þeim. M á því rétt til óskertra bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

M á rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 22. maí 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 149/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar
björgunarsveitar****Ágreiningur um bótaskyldu vegna meiðsla við fall við klifurvegg 28.05. 2008.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 02.04. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinar, dags. 21.05. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M var ásamt félögum sínum úr björgunarsveit að nota klifurvegg sem önnur sveit hefur umsjón með. M heldur því fram að hann hafi tekið í laust grip með þeim afleiðingum að hann féll niður og lenti með vinstri fót á milli dýna sem taka eiga af fallið. Hann hlaut meiðsl á ökla sbr. fyrirliggjandi gögn.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu, sem óþarft er að gera grein fyrir. Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. Það telur ósannað að grip á veggnum hafi verið laust líkt og M heldur fram. Vátryggingartaki kveðst ekki hafa vitað til þess að festur (grip) hafi verið lausar. Félagið telur að rétt hafi verið staðið að hlutum og réttur búnaður notaður. Þarna hafi verið á ferðinni aðilar sem að sögn voru búnir að klifra áður og því ekki um óvana aðila að ræða hvað það varðar og fór til að klifra á eigin vegum og eigin ábyrgð.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á að rekja megi tjónsatburð máls þessa þ.e. fall M til vanrækslu vátryggingartaka eða starfsmanna hans eða aðstæðna sem hann ber skaðabótaábyrgð á. Alls er ósannað að festing hafi verið laus ellegar dýnum verið ábótavant eða ófullnægjandi leiðbeiningar eða umsjón verið fyrir hendi. Hér var um óhappatilvik að ræða sem vátryggingartaki ber ekki skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 5. júní 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 150/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/A****og****Vátryggingafélagið Y v/B - strætisvagn****Árekstur við mætingu bifreiða í Fagrabergi Hafnarfirði 26.01. 2012.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 02.04. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 07.05. 2012.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 07.05. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. Áreksturinn varð við mætingu bifreiðanna.

Vátryggingafélag A telur að ökumaður B (strætisvagnsins) skuli bera ábyrgð á árekstrinum. Félagið telur að B hafi verið í “krappri beygju þegar árekstur átti sér stað og gætti því ekki að umferð sem á móti kom”.

Vátryggingafélag B telur, líkt og Tjónanefnd vátryggingafélaganna, ósannað hver hafi verið staðsetning bifreiðanna þegar áreksturinn varð og því sé rétt að skipta sök til helminga.

Álit

Það var snjór og hálka þegar áreksturinn varð og aðstæður þrengri en vanalega. Fullt til efni var til að gæta aukinnar aðgæslu.

Athygli eður að ökumaður B (strætisvagnsins) lætur þess einungis getið í tjónstilkynningu sinni að hann “var að aka austur Fagrabergið og þegar ég mætti hinni bifreiðinni þá rákust bílarnir saman”. Hann lætur þess ekki getið að hann hafi hugað að því sem framundan var.

Hafa verður og hugfast að ökumaður B var að aka frá strætisvagnaskýli og að því er virðist í beygju líkt og ákomur á bifreiðunum gefa til kynna.

Með hliðsjón af framanrituðu verður að telja að ökumaður B hafi ekki hugað að því sem framundan var er hann ók af stað og vegna þessa ók hann utan í A, sem á móti kom. Hann ber því ábyrgð á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður B, strætisvagnsins, ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 15. maí 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 151/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. starfstengdrar slysa- og sjúkratryggingar.

Kröfugerð vegna sjúkdóms sem greindist þ. 10.10.2006.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 3.4.2012 ásamt fylgiskjölum 1-22
2. Bréf Árna Reynissonar vegna V dags. 9.5.2012 ásamt fylgiskjölum 1-2

Málsatvik.

M keypti starfstengda slysa- og sjúkdómatryggingu þ. 12.9.2006 og var sú trygging endurnýjuð fram til ársins 2009. M segir að skömmu eftir að hún keypti umrædda tryggingu hafi hún leitað til læknis vegna skjálfta í hendi og hafi hún tilkynnt starfsmanni vátryggjanda um það með tilliti til kaupa á umræddri vátryggingu og hafi ekki verið gerð nein athugasemd við það. Sjúkdómur M, Parkinsons veiki varð first vart 25.9.2006 og greindist þ. 10.10.2006. M greiddi fyrir trygginguna frá 25.10.2006. M krefst bóta vegna sjúkdóms síns úr tryggingu sinni hjá V en M er nú öryrki vegna sjúkdómsins. V hafnar bótaskyldu og bendir á að trygging M hafi verið samþykkt af vátryggingafélaginu þ. 25.10.2006 og aðstæður sem voru fyrir hendi fyrir þann tíma séu því ekki bótaskyldar. Þá bendir V á að M hafi first farið til læknis vegna sjúkdómsins þ. 25.9.2006 og fengið greiningu á sjúkdómnum þ. 10.10.2006 og þess vegna verði að líta svo á að sjúkdómurinn hafi verið til staðar áður en umrædd trygging tók gildi og vísar V í því sambandi í grein 4.11. í vátryggingaskilmálum í því sambandi. Af hálfu vátryggingafélagsins er ekki gerð athugasemd við umfjöllun Úrskurðarnefndar í Vátryggingamálum um málið.

Álit.

Því er ekki haldið fram í máli þessu að M hafi gefið rangar upplýsingar við töku umræddrar tryggingar. Tryggingarumsókn M er dagsett þ. 12.9.2006 og var vátryggingaskírteini gefið út dags. þ. 1.11.2006 og þar er tilgreint að upphafsdagur vátryggingarinnar sé 25.10.2006. Af hálfu V var ekki farið fram á athuganir á heilsufari M þegar umsókn hennar barst. Ágreiningurinn í málinu varðar hvort að vátryggingin hafi tekið gildi áður en M greindist með Parkinson sjúkdóm eða ekki. Af hálfu V er því haldið fram að vátryggingin hafi first tekið gildi eftir að M greindist með sjúkdómnum og sé hann því undanskilinn tryggingu þar sem að þær aðstæður hafi legið fyrir þegar tryggingin tók gildi en það hafi verið þ. 25.10.2006.

Í 73.gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004 segir

”Þegar félagið tekur ákvörðun um hvort það veitir vátryggingu og metur áhættu sína skal það leggja til grundvallar heilsu hins vátryggða á því tímamarki er vátryggingartaki afhenti fullbúna umsókn um tiltekna vátryggingu. Félagið getur einnig tekið tillit til þess að heilsu vátryggðs hefur hrakað eftir að umsókn var afhent ef það tengist aðstæðum sem voru fyrir hendi við afhendingu hennar og skýrt er frá við athuganir þess.”

Eins og að framan greinir fóru engar athuganir fram á heilsu vátryggðs eftir að umsókn hennar var afhent V.

Fyrir liggur að V samþykkti beiðni M þ.25.10.2006 en skv. 74.gr. laga um vátryggingasamninga segir að sé ekki annað ákveðið í lögum eða samningi hefjist ábyrgðartíminn þegar vátryggingartakinn hafi samþykkt tilboð hins. Í annarri málsgrein 74.gr. laga um vátryggingasamninga segir að hafi vátryggingartaki sent skriflega beiðni um tiltekna vátryggingu og ljóst er að félagið hefði þegar samþykkt beiðnina beri það ábyrgð við móttöku hennar en

undantekningar á því eru, ef víst þykir að félagið hefði þegar hafnað váttryggingunni. Þá er einnig tekið fram í umræddri lagagrein að félagið beri ekki ábyrgð á afleiðingum atvika sem þegar höfðu átt sér stað á því tímamarki sem umsókn var send ef þessi atvik hefðu komið í ljós við athugun félagsins og leitt til þess að umsókn hefði verið hafnað.

Aðstæður í máli þessu eru með þeim hætti að váttryggingin tók gildi við móttöku skriflegrar váttryggingarbeiðni sbr. 2.mgr. 74.gr. laga um váttryggingasamninga. Engar aðstæður eru fyrir hendi sem koma í veg fyrir að váttryggingin taki gildi á þeim degi miðað við málavexti í málinu. Upphafsdagur váttryggingarinnar er þá þegar beiðni er móttækin þ. 12.9.2006. Váttryggingafélagið fór ekki fram á sérstakar rannsóknir á M eins og að ofan greinir en tók athugasemdalaust á móti váttryggingarumsókn hennar og samþykkti hana síðar án athugasemda.

Þó að sjúkdómur M hafi komið í ljós á þeim tíma frá því að váttryggingarumsókn var afhent váttryggingafélagi og þangað til félagið samþykkti hana formlega þá getur váttryggingafélagið ekki borið fyrir sig að váttryggingin hafi ekki tekið gildi eða fyrir hendi séu atvik sem komi í veg fyrir gildistöku váttryggingarinnar og bótaskyldu V í máli þessu sbr. tilvitnuð ákvæði 73.gr. og 74 gr. laga um váttryggingarsamninga.

M á því rétt á bótum úr starfstengdri slysa- og sjúkratryggingu sinni hjá V

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr starfstengdri slysa- og sjúkratryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 30.5. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 152/2012
(M) og
Vátryggingafélag (V-2) vegna bifreiðar (A) og
(V-1) v. bifreiðar (B)

Árekstur á gatnamótum Sæbrautar og Snorrabrautar þ.6.3.2012.

Gögn.

1. Málskot móttekið þ.4.4.2012 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V-1 og V-2 bæði dagsett þ. 23.4.2012.

Málsatvik.

Árekstur varð á milli A og B á gatnamótum Sæbrautar og Snorrabrautar. Ökumaður A segist hafa verið á beygjuakreininni við Snorrabraut og beðið á rauðu ljósi og séð að lögreglubíll kom vestur Sæbraut með blá ljós logandi. Ökumaður A segist hafa beðið til að sjá hvert lögregubíllinn var að fara og þegar hann hafi séð að lögreglubíllinn mundi aka áfram vestur Sæbraut hafi hann ekið af stað á grænu ljósi til að hreinsa gatnamótin og þegar hann hafi ekið af stað hafi hann heyrt hvell og hefði þá árekstur orðið. Ökumaður B segist hafa verið á vinstri akrein Sæbrautar að bíða á rauðu ljósi þegar hún heyrði í lögreglubíl og sá hann koma og því hafi hún ekið áfram og stoppað við hliðina á A en þegar A fór af stað hefði árekstur orðið.

Álit.

Í umrætt sinn hefðu báðir ökumenn mátt sína meiri varkárni og verður ekki séð að sök verði lögð á annann ökumann umfram hinn vegna þessa umferðaróhapps. Sök skiptis því til helminga.

Niðurstaða.

Hvor aðili ber helming sakar.

Reykjavík 22.5.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 153/2012**M v/bifreiðar****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs vegagerðar (V)****Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á bifreið þann 08.01. 2012 sem ekið var í holu (skemmd á vegi).****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 03.04. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 16.04. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M gaf skýrslu á lögreglustöð þann 13.01. sl. vegna tjóns á bifreið hans. Hann kvaðst hafa verið að aka vestur Arnarnesveg móts við Suðursali í Kópavogi. Hann telur að bifreiðin hafi farið ofan í holu á veginum. Hann telur að veghaldari eigi að bera ábyrgð á því tjóni sem varð á bifreiðinni sbr. umfjöllun í gögnum málsins.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu, tjónið á bifreiðinni verði ekki rakið til sakar af hálfu vátryggingartaka. V hafi gert ráðstafanir skömmu áður en tjónsatvikið varð. Búið var að koma fyrir 3 keilum á staðnum og merkja holuna auk þess sem uppfyllingarefni var komið fyrir en því hafði skolað smám saman uppúr og ekki skilað tilætluðum árangri. Félagið vísar til úrskurðar nefndarinnar í sambærilegu máli nr. 15/2009. Félagið telur að V hafi strax leitast við að bregðast við aðstæðum en vegna slæms veðurfars skilaði það ekki tilætluðum árangri þann daginn. Holan hafi ekki myndast vegna vanrækslu starfsmanna V hvað þá heldur að ekki hafi verið brugðist við í tæka tíð af hálfu starfsmanna V.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu vegna þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ósannað er að V (vátryggingartaki) eða starfsmenn hans hafi sýnt vanrækslu er leitt getur til bótaábyrgðar, miðað við takmörkuð gögn máls þessa.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 15. maí 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 154/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar líkamsræktarstöðvarinnar H og
slyss vegna meðhöndlunar skotelds (G)

Kona varð fyrir líkamstjóni á salerni heilsugæslustöðvar þ. 12.12.2009

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 4.4.2012 ásamt fylgiskjölum 1-13
2. Bréf V dags 23.4.2012 ásamt fylgiskjölum 1-3

Málsatvik.

Málsatvik hvað varðar líkamstjón M á salerni H lýsir hún þannig, að hún hafi runnið í bleytu á gólfi salernis líkamsræktarstöðvar H með þeim afleiðingum að hún hafi lent á vask og hann brotnað. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu H og vísar til 14.gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 og reglur um húsnæði vinnustaða nr. 581/1995 einkum 5.tl. 6.gr. V hafnar bótaskyldu og segir að um sé að ræða salerni út frá þurru svæði í líkamsræktarsal og því litlar sem engar líkur fyrir bleytu á gólfi og telur ósannað að bleyta hafi verið á gólfinu í umrætt sinn. V segir að í umrætt sinn hafi M verið ein ásamt karlkyns vini sínum á líkamsræktarstöðinni og áverkar tjónþola séu þess eðlis að ekki verði séð hvernig hún hafi átt að verða fyrir þeim nema hreinlega með því að sitja uppi á vaskinum. Í læknisvottorði kemur fram að M hafi hlotið skurði á vinstri rasskinn og tveir á hægri rasskinn og skurður á vinstri framhandlegg.

Ekki eru rakin málsatvik vegna slyss vegna meðhöndlunar skotelds þar sem því máli er vísað frá nefndinni.

Álit.

Í 1.mgr. 5.gr. samþykktu fyrir Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum er fjallað um að aðili geti vísað máli til nefndarinnar og greiði málskotsgjald vegna málskotsins. Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum telur í samræmi við það óheimilt að vísa fleiri málum en einu til nefndarinnar í sama málskoti og tekur því til efnislegrar umfjöllunar fyrra málið í málskotinu en vísar því síðara þ.e. slyss vegna meðhöndlunar á skoteldi frá nefndinni á ofangreindum forsendum.

Að virtum gögnum málsins vegna slyss á salerni líkamsræktarstöðvar þ.12.12.2009 og áverkum M í því sambandi er ósannað að hún hafi orðið fyrir þeim áverkum sem hún lýsir á salerni líkamsræktarstöðvar H vegna atviks sem H eða starfsfólk H ber ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu H hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu H hjá V

Máli M gegn G vegna meðhöndlunar á skoteldi er vísað frá nefndinni.

Reykjavík 15.5.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 155/2012**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um líkamstjón af völdum aftanákeyrslu.****Gögn.**

67. Málskot, móttakið 4.4.2012, ásamt fylgigögnum.

68. Bréf X, dags. 23.4.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 7.9.2011 var bifreiðinni A af gerðinni Volkswagen Transporter ekið aftan á bifreiðina B af gerðinni Toyota Auris á Smiðjuvegi í Kópavogi. Málskotsaðili var farþegi í framsæti í B. Í gögnum málsins kemur fram að ökumaður A kvaðst hafa ekið eigi hraðar en á 30 km hraða á klst. og honum fannst höggið við áreksturinn ekki hafa verið mikið. B var kyrrstæð á götunni þegar árekstur varð, en ökumaður hennar kveðst hafa upplifað höggið við áreksturinn sem mikið og hélt að B væri ónýt. M kvað „þrusuhögg“ hafa komið á B við áreksturinn. Af fyrirliggjandi ljósmynd af skemmdum á B má sjá beyglu á afturstuðara. Þá kveður ökumaður A að númeraplata á A hafi beyglast lítillga við áreksturinn.

Í læknisvottorði heimilislæknis á heilsugæslustöð sem M leitaði til hinn 12.9.2011 segir að um talsvert högg hafi verið að ræða og hann hafi samdægurs farið á slysadeild og fengið lbúfen og Parkóðin vegna tognunar. Honum hafi versnað næstu daga og verið slæmur síðustu þrjá daga. Verkur sé neðan við hjartastað er hann hlær og hóstar. Verkir og stirðleiki séu í hálsi og hann eigi erfitt með að horfa til hliða. Einnig séu verkir neðst í mjóbaki „lumbosacralt“ ívið verri vinstra megin. Þá finni M fyrir dofa í lærinu. Í vottorði annars læknis við heilsugæslustöðina, dags. 29.9.2011, segir að M sé með brjós-klos í mjóbaki og þurfi einhverra vikna meðferð og hvíld frá vinnu vegna þess.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá vátryggingafélaginu X. X aflaði útreiknings á þyngdarkrafti sem verkaði á B við áreksturinn og hafi hann verið 1,52 g. X hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingunni þar eð ósannað sé að orsakatengsl séu á milli líkamsáverka M og árekstursins.

Álit.

Ekki virðist um það deilt að M hafi verið farþegi í B þegar áreksturinn varð. Læknisfræðileg gögn um líkamstjón M eru af skörnum skammti. Fyrirliggjandi læknisvottorð eru mjög stuttorð um heilsufar M. Ekkert vottorð liggur fyrir varðandi fyrstu komu M til læknis sjálfan slysdaginn, engin gögn liggja fyrir um fyrri sjúkrasögu M og engrar matsgerðar hefur verið aflað um þá áverka sem M kann að hafa hlotið við áreksturinn. Þá benda fyrirliggjandi upplýsingar um tjón á bifreiðunum til þess að ekki hafi hlotist mikið högg við áreksturinn. Með hliðsjón af framangreindu og mótmælum X verður að telja ósannað samkvæmt fyrirliggjandi gögnum að M hafi orðið fyrir bótaskyldu líkamstjóni við áreksturinn. Hann á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Reykjavík, 15. maí 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 156/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Fjölskyldutryggingar

I-pod talva bilaði sennilega þ. 16.12.2011

Gögn.

1. Málskot móttækið þ. 12.4.2012 ásamt fylgiskjölum 1-2
2. Bréf V dags. 27.4.2012 ásamt fylgiskjölum 1-2

Málsatvik.

Sonur M á I-pod tölvu sem hætti að hlaða sig og var farið með tækið í viðgerð hjá umboðsaðila. Niðurstaða skoðunar /viðgerðar segir M að hafi verið að tækið væri höggskemmt og segir M að tækið sé ekki viðgerðarhæft og ekki í ábyrgð. M telur líklegt að tækið hafi orðið fyrir tjóni 16.12.2011, en tjónið kom í ljós þ.28.12.s.á. M segir að ekki sé hægt að fullyrða hvaða atvik hafi ollið höggskemmdum á tækinu. M leggur fram ástandsskýrslu dags. 2.2.2012 frá þjónustuaðila Apple VAD á Íslandi þar sem segir m.a. að tækið sé höggskemmt og móðurborð bilað. M krefst bóta úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V og byggir á því að tækið hafi orðið fyrir höggskemmd sem sé vegna skyndilegs, ófyrirsjáanlegs atviks. V hafnar bótaskyldu og segir að ekki hafi verið sýnt fram á að tækið hafi orðið fyrir skyndilegu og ófyrirsjáanlegu utanaðkomandi atviki eins og krafa sé um skv. grein 4.1. í vátryggingaskilmálum. Þá bendir V á að engin ummerki séu á tækinu sem bendi til þess að það hafi orðið fyrir höggi og véfengir þá niðurstöðu þjónustuaðilans.

Álit.

Miðað við fyrirbyggjandi gögn þá hefur ekki verið sýnt fram á að umrætt tæki hafi orðið fyrir skyndilegu og utanaðkomandi atviki sem er forsenda bótaskyldu sbr. grein 4.1. í vátryggingaskilmálum þeim sem hér ræðir um. Ekki liggur fyrir í hverju skemmdin er fólgin og þá er ekki getið um einstakt eða sérstakt tilvik sem gæti hafa valdið þeirri skemmd eða þeim skemmdum sem eru á tækinu. Miðað við gögn málsins og atvik eins og þau liggja fyrir á M því ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá M.

Reykjavík 5.6. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 157/2012**M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélags.****Ágreiningur um bótaskyldu er fleki úr lausu skilrúmi í félagsheimili féll á stúlku.****Gögn.**

69. Málskot, móttækið 11.4.2012, ásamt fylgigögnum.

70. Bréf X, dags. 4.5.2012.

Málsatvik.

Hinn 28.1.2003 var M nemandi í tilteknum skóla í sveitarfélaginu S. Tók hún þá þátt í körfuboltamóti sem haldið var í félagsheimili í S á vegum skólans, en svo virðist sem félagsheimilið hafi einnig verið notað sem íþróttahús fyrir skólann. Kveður M að þá hafi fallið ofan á höfuð hennar fleki úr lausu skilrúmi sem hafi verið tyllt upp við vegg undir sófa sem hún hafi setið í. Mun M hafa átt erfitt með að hreyfa höfuðið og kvartað undan verk í hálsi.

M kveður atburðinn mega rekja til vanbúnaðar eða vanrækslu sem S beri ábyrgð á og með bréfi lögmanns 13.2.2012 hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu S hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Gögn málsins eru mjög takmörkuð eða einungis bréfaskipti milli lögmanns M og X auk umboðs. Engra samtímagagna nýtur við. Ekkert liggur fyrir hvernig það atvikaðist að umræddur fleki féll á M, en ekki verður talið að hann hafi átt að vera festur við vegginn sem honum var tyllt upp við. Verður að telja ósannað samkvæmt fyrirliggjandi gögnum að slysið verði rakið til atvika sem S getur borið ábyrgð á. Líkamstjón M fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu S hjá X.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist ekki úr ábyrgðartryggingu S hjá X.

Reykjavík, 22. maí 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 158/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/vinnuvélatryggingar****Skemmdir á sláttuvél 15.09. 2011, ágreiningur um bótaskyldu.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 11.04. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 04.05. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Gögnin séu mjög takmörkuð. Óljóst sé hvers vegna hattur á disk sláttuvélar M hafi brotnað. Félagið vísar til þess að í tjónstilkynningu hafi atvikum verið lýst þannig að verið var að slá “síðastliðið haust og tók þá sá sem var að slá eftir því að sláttuvélin var ekki að slá eins og henni bar..... Einn hattur hafði brotnað af.....” Félagið telur að vísa eigi máli þessu frá nefndinni vegna þess hve illa það er upplýst og málsatvik óljós. Erfitt sé að gera sér grein fyrir atvikum og ekkert liggur fyrir um hvers vegna sláttuvélin bilaði. Fallist nefndin ekki á frávísun telur félagið að hafna eigi bótaskyldu með vísan til 4.3 gr. skilmála þar sem fram kemur að tryggingin bætir ekki “skemmdir af sliti, göllum í smíði eða gerð, rangri samsetningu, broti eða annarri bilum í eða á vinnuvélinni.”

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. takmarkaða umfjöllun hans í málskotinu

Álit

Samkvæmt e lið 4. gr. samþykktu úrskurðarnefndar í vátryggingamálum nr. 1090/2005, fjallar nefndin ekki um mál, sem er það óljóst eða illa upplýst eða krafa aðila svo óskýr að það sé ekki tækt til úrskurðar. Slík frávísun skal rökstudd. Mál sem vísað er frá á þessari forsendu skal, gegn greiðslu málskotsgjalds á ný, taka aftur til meðferðar hafi nauðsynlegra upplýsinga verið aflað og kröfugerð skýrð.

Sem fyrr segir telur vátryggingafélagið að vísa eigi máli þessu frá vegna þess hversu illa mál þetta er upplýst og atvik óljós. Erfitt sé að gera sér grein fyrir málsatvikum og ekkert liggur fyrir um hvers vegna sláttuvélin bilaði.

Með hliðsjón af ofanrituðu og takmarkaðri umfjöllun M í málskotinu er máli þessu vísað frá nefndinni sbr. 4. gr. samþykktu nefndarinnar. Málsatvik eru óljós og illa upplýst þannig að ekki er unnt að taka það til efnislegrar umfjöllunar. M hefur sönnunarbyrði um orsakir tjóns síns og umfang. Hann styður takmarkaða umfjöllun sína engum gögnum.

Niðurstaða.

Frávísun.

Reykjavík 22. maí 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 159/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. slysátryggingar launþega T

Starfsmaður í verslun slasast þegar hún féll niður úr tröppum þ. 25.4.2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 12.4.2012 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V dags. 30.4.2012.

Málsatvik.

M datt úr tröppum þegar hún var við vinnu sína. M leitaði til læknis sama dag og í vottorði læknisins Hauks Valdimarssonar segir að M hafi fengi högg á bak og lent á steingólfi. Sjúkdómsgreining var tognun og ofreynsla á brjóstþrygg, tognun og ofreynsla á lendarhrygg og brot á öðrum ótlilgreindum hlutum lendarhryggs og mjaðmagrindar, samfallsbrot. M leitaði næst til læknisins þ. 11.3.2011 og hafði þá fengið slynk á bakið í byrjun desember að eigin sögn. Samkvæmt læknisvottorði Hlyns Þorsteinssonar byggt á sjúkraskýrslu bráðadeildar LSH Fossvogi segir að greining sjúklings á slysdegi hafi verið “brot á brjóstþrygg og tognun í brjóstbaki og tognun í mjóbaki.” M krefst bóta úr slysátryggingu launþega hjá T og hafnar því að slysið hafi verið tilkynnt of seint til V og tilkynningafrestur sé liðinn. Í því sambandi vísar M til dóms Hæstaréttar í máli 7/2009 og þeirra lagaraka sem varða túlkun á ákvæði 1.mgr. 124. gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004. Þá vísar M til norskra dóma í þessu sambandi. Þá bendir M á að um sé að ræða afar matskennt tímamark varðandi ársfrestinn og telur að slysið hafi ekki verið tilkynnt of seint. V hafnar bótaskyldu og telur orsakatengsl vegna slyssins og þeirra afleiðinga sem M býr við í dag séu ósönnuð. Auk þess telur V að ársfresturinn skv. 124.gr. vátryggingasamningalaga hafi verið liðinn þegar slysið var tilkynnt til V en slysið hafi verið tilkynnt þ. 4.1.2012. V segir að greining sú sem M fékk strax á slysdegi hafi verið brot á brjóskhrygg og tognun í brjóstbaki og mjóbaki og telur V að miða eigi upphaf ársfrestsins við slysdag miðað við fyrirbyggjandi gögn.

Álit.

Samkvæmt þeim vottorðum lækna sem fyrir liggja í málinu verður ekki annað séð en að M hafi strax á slysdegi þ.25.4.2010 fengið upplýsingar um þau atvik sem bótakrafa hennar er reist á. Krafa um bætur barst V ekki fyrr en þ. 4.1.2012 og var því ársfrestur skv. 1.mgr. 124.gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004 liðinn. M á því ekki rétt á bótum úr slysátryggingu launþega hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu launþega hjá V.

Reykjavík 22.4. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 160/2012**M****og****vátryggingafélagið X v/ slysátryggingar ökumanns bifreiðar.****Ágreiningur um bótaskyldu (orsakatengsl) vegna slyss á ökumanni eftir aftanákeyrslu.****Gögn.**

71. Málskot, móttakið 12.4.2012, ásamt fylgigögnum.

72. Bréf X, dags. 4.5.2012.

Málsatvik.

Hinn 27.1.2009 ók M fólksbifreiðinni A) aftan á jeppabifreiðina B á Höfðabakka í Reykjavík. Daginn eftir leitaði M á bráðadeild Landspítalans og greindist með mar á brjóstakassa og tognun og ofreynslu á háls hrygg.

Í sjálfstæðri skýrslu um áreksturinn og afleiðingar hans kveðst M í marga mánuði á eftir oft og títt hafa verið lasin, með verk fyrir brjósti, svima, höfuðverk og á köflum sjóntruflanir. Í september 2009 hafi hún veikst heiftarlega með miklum hóstaköstum sem leiddu til þess að hún hafi fengið mikinn verk fyrir brjóstið. Þá hafi hún farið á læknavaktina í Mosfellsbæ. Taldi læknir að hún væri enn aum eftir slysið og að bringubeinið væri annað hvort tognað eða brákað.

Síðari hluta árs 2010 leitaði M til lækna vegna tíðra höfuðverkjakasta. Hinn 21.12.2010 leitaði M til A taugalæknis af sömu sökum. Í læknisvottorði hans segir að M hafi leitað til hans 23 mánuðum eftir umferðarslysið vegna höfuðverkja sem hafi byrjað um 16 mánuðum eftir slysið. Taldi hann að ekki verði séð klár tengsl milli höfuðverkjanna og slyssins.

Hinn 28.9.2011 mun M hafa leitað til B bæklunarlæknis. Í læknisvottorði hans segir að þar sem M hafi ekki sögu um stoðkerfiseinkenni fyrir umrætt slys verði að telja mjög líklegt að þau einkenni sem M búi við er hann skoðaði hana megi rekja til slyssins, en segja megi að hún hafi fengið vægar tognanir í hálsi, brjóst og lendhrygg en þó hvað verstar í hálsinum og hafi þessar tognanir í hálsi valdið vöðvabólgu þar og spennuhöfuðverkjum.

M hefur með tilkynningu, dags. 2.3.2011, krafist bóta úr slysátryggingu ökumanns A hjá vátryggingafélaginu X. Af hálfu X var reiknuð út þyngdarhröðun ökutækjanna við áreksturinn í svokölluðu „PC Crash“ forriti. Samkvæmt útreikningnum var lílegasta gildi þyngdarhröðunar A -2,17g og B 1,15g. Taldi X ósannað að M byggi við sjúkdómseinkenni sem rekja mætti til árekstursins og einnig hafi ársfrestur til að tilkynna slysið skv. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 verið liðinn er félaginu barst tilkynning í marsbyrjun 2011.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 124. gr. vsl. glatast réttur til bóta úr slysátryggingu ef sá sem rétt á til bótanna gerir ekki kröfu um bætur til félagsins innan árs frá því hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á. Í september 2009 kveðst M hafa um langt skeið kennt

lasleika, sem kom fram með verk fyrir brjósti, svima, höfuðverk og á köflum sjóntruflunum. Læknir sem hún leitaði þá til taldi að bringubein væri annað hvort tagnað eða brákað. Er þetta lá fyrir verður að telja að M hafi mátt gera sér grein fyrir að hún kynni að byggja við varanleg einkenni af völdum slyssins. Á hinn bóginn var X ekki tilkynnt um slysið fyrr en 2.3.2011. Var þá meira en eitt ár liðið frá því M vissi um þau atvik sem krafa hennar er reist á. Með því hefur hún glatað rétti sínum til bóta úr slysatryggingunni.

Ekki verður heldur fram hjá því litið að samkvæmt fyrirliggjandi gögnum verður ekki talið að sýnt hafi verið fram á að sjúkdómseinkenni hennar verði rakin til umrædds slyss, en í því sambandi verður og að hafa í huga að engin matsgerð virðist liggja fyrir um það hverjar teljast vera afleiðingar slyssins fyrir heilsu M. Við svo búið telst M ekki eiga rétt til bóta úr slysatryggingunni hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu ökumanns bifreiðarinnar A hjá X.

Reykjavík, 22. maí 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 161/2012**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar verktaka.****Skemmdir á fjárhúsi og hlöðu er verktaki gróf meðfram húsunum.****Gögn.**

73. Málskot, móttækið 12.4.2012, ásamt fylgigögnum.

74. Bréf X, dags. 14.5.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M býr að bænum A. Í mikilli asahláku í janúar síðastliðnum fór að renna vatn inn í fjárhús og hlöðu og undir hlöðuvegg. Húsin munu hafa fyllst af vatni og taka þurfti fé út úr þeim. Vegna slæmrar veðurspár var nauðsynlegt að grípa til skjótra ráðstafana til að stöðva vatnsagann svo koma mætti fénu aftur í hús. Hinn 16.1.2012 hafði M fengið verktakafyrirtækið V til að vinna verkið. Kveður M að í fyrstu hafi verið hugmyndin að grafa skurð töluvert fyrir ofan hlöðu til að komast fyrir vatnsagann. Fyrirsvarsmenn V hafi aftur á móti haft frumkvæði að því að grafa skurð í einu lagi meðfram hlöðuveggnum að vestan (langhliðinni) og niður með honum að norðan (skammhliðinni) með þeim afleiðingum að norðvesturhorn hlöðunnar hafi sigið niður og til hliðar um 25 cm þannig að öll hlaðan hafi skekkst til vesturs, fjárhúsið rifnað frá hlöðunni og veggir sprungið mikið.

Kveður M að stjórnandi gröfunnar hafi ekki farið að fyrirmælum sínum og grafið allt of nálægt veggjum og niður fyrir sökkul með fyrrgreindum afleiðingum. Hafi stjórnandi gröfunnar þannig valdið tjóninu með gáleysislegum vinnubrögðum. M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá vátryggingafélaginu X. Af hálfu V er því haldið fram að M hafi verið samþykkur því hvernig verkið var unnið og meginástæða tjónsins sé sú að við byggingu hlöðunnar hafi ekki verið grafið niður á burðarhæfan botn og einnig sé sökkulveggur að norðanverðu ekki tengdur saman undir hlöðuopinu sem er um 2,2 m á breidd. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Engin skýr gögn liggja fyrir í málinu, svo sem matsgerð, um ástæður þess að húsin sigu og skemmdust eins lýst er hér að framan. Þá liggja heldur ekki fyrir nein gögn sem sýna fram á með ótvíræðum hætti að stjórnanda gröfunnar hafi orðið á þau mistök við gröftinn að bótaábyrgð verði felld á V. Að öðru leyti verður heldur ekki séð að tjónið verði rakið til atvika sem V ber ábyrgð á. Tjón M fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

Tjón M bætist ekki úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 30. maí 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 162/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/frítímaslysátryggingar****Ágreiningur um bótaskyldu, ágreiningur um hvort M hafi verið þátttakandi í handalögmálum þann 01.01. 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 12.04. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 23.04. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M hlaut meiðsl aðfaranótt 01.01. 2011. Hann kveðst hafa orðið fyrir alvarlegri líkamsárás sbr. fyrirliggjandi gögn. Árásarmaður hans hafi verið dæmdur með dómi Hæstaréttar í júní 2011 í fangelsi og til greiðslu miskabóta. M kveðst ekki hafa verið þátttakandi í handalögmálum, ráðist hafa verið á hann að tilefnislausu og án nokkurs fyrirvara.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það telur að slysið falli utan frítímaslysátryggingar. Ekki verði annað ráðið af gögnum málsins en að tjónsatburðinn megi rekja til handalögmálaí samskiptum milli M og þess sem var dæmdur fyrir alvarlega líkamsárás. Stigmögnum átaka og það sem síðar gerðist þegar á leið breyti ekki þeirri staðreynd að M var þátttakandi í handalögmálum, að mati félagsins. Félagið lætur þess getið að við yfirferð málsins hafi verið farið yfir framburð vitna sem eru ótengd bæði M og þeim sem dæmdur var.

Félagið vekur og athygli á því að höfnunarbréf félagsins er dagsett 08.04. 2011, en málskot hafi ekki verið móttakið fyrr en 12.04. 2012 þegar ársfrestur hafi verið liðinn sbr. 2. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að M hafi verið þátttakandi í handalögmálum í umrætt sinn. Um undanskilda áhættu er að ræða og því er bótaskylda ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Málskot þetta barst úrskurðarnefnd ekki of seint. Greiðsla vegna málskotsins barst nefndinni 07.04. 2012. Frestur til að kerfjast meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd var því ekki liðinn skv. 2. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 15. maí 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 163/2012**M v/bifreiðar****og****Vátryggingafélagið X v/kaskótryggingar bifreiðar**

Ágreiningur um bótaskyldu vegna umferðaróhapps 04.02. 2010 er bifreið M var ekið út af vegi þar sem hún valt.

Gögn.

- 1) Málskot mótttekið 13.04. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 07.05. 2012.
- 3) Málskotsaðila var sent nefnt bréf vátryggingafélagsins til kynningar.
- 4) Bréf nefndarinnar til málskotsaðila, dags. 22.05. 2012 þar sem honum var veitt tækifæri til að taka afstöðu til bréfs vátryggingafélagsins, dags. 07.05. 2012.
- 5) Bréf málskotsaðila, dags. 25.05. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Sonur M ók bifreiðinni í umrætt sinn. Hann missti stjórn á bifreiðinni þannig að hún valt utan vegar austan við Olís í Norðlingaholti á Suðurlandsvegi sbr. fyrirliggjandi gögn.

M er ósammála því að unnt sé að fella niður bótaskyldu vátryggingafélagsins með vísan til þess að ökumaður bifreiðarinnar hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við akstur bifreiðarinnar. Hann gerir m.a. athugasemd við vinnubrögð lögreglu og fyrirliggjandi hraðaútreikning.

Vátryggingafélagið lætur þess getið í nefndu bréfi vegna málskotsins að M hafi verið bent á það að ábyrgðartrygging hafi verið stofnuð vegna bifreiðarinnar samkvæmt bifreiðaskrá en ekki hafi verið beðið um kaskótryggingu, sem aldrei hafi tekið gildi. Félagið segir “hæpið væri að félagið tæki við 2005 árgerð í kaskótryggingu án þess að skoða bifreiðina.” Félagið lætur þess og getið að jafnvel þó að kaskótryggingin hefði verið fyrir hendi “þá hefði félagið hafnað greiðsluskyldu úr kaskótryggingunni vegna stórkostlegs gáleysis við aksturinn með vísan til framburðar ökumanns og vitna en félagið lét ennfremur framkvæma hraðaútreikning. Samkvæmt hraðaútreikningi Magnúsar Þórs Jónssonar þá bendir allt til þess að mesti hámarkshraði hafi verið 155 km/klst mögulegur lármarkshraði 117 km/klst en ætlaður hraði bifreiðarinnar hafi verið 136 km/klst.” Með vísan til framanritaðs telur félagið að bótaréttur úr kaskótryggingu bifreiðarinnar sé ekki fyrir hendi, sem fyrr segir.

M kveðst hafa við kaup á bifreiðinni í gegnum bílasölu verið spurður hvar hann hyggðist vátryggja bifreiðina og hvort hún ætti að vera í kaskótryggingu. Tryggingabeidni hafi verið komið til félagsins þar sem fram komi skýrt fram að bifreiðin skyldi kaskótryggð. Komi í ljós brotalamir hvernig samskiptum og vinnureglum tryggingafélaga og bílasala er háttáð hvað málefni þetta vararð þá komi vart annað til greina en að hann njóti vafans í þeim efnum því beiðni um kaskótryggingu sé skýr.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Gegn neitun vátryggingafélagsins hefur ekki verið sýnt fram á að beiðni um kaskótryggingu hafi verið samþykkt af félaginu sbr. 10. gr. vátryggingarskilmála.

Vátryggingafélagið vísar til þess, sem fyrr segir, að umrædd kaskótrygging hafi ekki tekið gildi. Með hliðsjón af því er bótaskylda ekki fyrir hendi.

Vegna ofanritaðs verður ekki lagt mat á það hvort ökumaður bifreiðarinnar hafi í umrætt sinn sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við akstur bifreiðarinnar sem leitt getur til brottfalls bótaskyldu.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 12. júní 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 164/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. ökutækjanna A og B

Árekstur bifreiða í Skipholti í Reykjavík þ. 26.3.2012

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 13.4.2012 ásamt fylgiskjali
2. Bréf V dags. 14.5.2012 ásamt fylgiskjölum 1-2

Málsatvik.

Árekstur varð milli A og B í Skipholti í Reykjavík, en bifreiðunum var báðum ekið vestur Skipholt í átt að Nóatúni. B var á undan A og var beygt til vinstri í átt að bílastæði og var A þá ekið framúr. Á vettvangi er hálfbrotin miðlína. Ökumaður B gaf ekki stefnuljós. Ökumaður A segir að hann hafi talið að ökumaður B hafi ætlað að hleypa út farþega þar sem bifreiðin hægði á sér en síðan hafi B verið beygt til vinstri án þess að gefa stefnuljós. Ökumaður B segist hafa ekið niður Skipholt og beygt til vinstri til að fara inn á bílastæði þegar hún hafi orðið vör við að A kom inn í hliðina á B bílstjóramegin.

Álit.

Ökumaður A tók þá ákvörðun að aka framúr B þar sem hálfbrotin miðlína er á vegi án þess að gæta nægjanlegrar varúðar við framúraksturinn. Ökumaður A þykir því bera meginsök á árekstrinum. Ökumaður B gætti ekki nægjanlega að aðstæðum áður en hún ók til hl iðar og ber því einnig sök á árekstrinum. Við mat á sakarskiptingu þykir rétt að ökumaður A beri 2/3 sakar en ökumaður B beri 1/3 sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 2/3 sakar og ökumaður B ber 1/3 sakar.

Reykjavík 30.5.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 165/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. slysatryggingu launþega með frítímaáhættu

Kona rann á blautri gangstétt á Kanaríeyjum og slasaðist þ. 30.1.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 2.4.2011 ásamt fylgiskjölum 1-2
2. Bréf V dags. 3.5.2012 ásamt fylgiskjölum 1-2

Málsatvik.

Af hálfu M kemur ekki fram í málskoti lýsing á því sem gerðist, en í bréfi frá V sem M leggur fram dags. 23.2.2012 kemur fram að samkvæmt tjonstilkynningu dags. 19.1.2012 vegna slyss þ. 30.1.2011 hafi M verið á hlaupum í rigningu heim á hótél á Kanaríeyjum daginn fyrir brottför til Íslands og runnið á blautri gangstétt dottið og slasast. Þá segir í sama bréfi að í áverkavottorði hafi M fyrst leitað til læknis vegna slyssins þ. 2.mars 2011 og þá hafi rannsóknir sýnt rifinn liðþófa. Þá segir að vinnuveitandi hafi engar upplýsingar um slysið og V telur tjonatsvikið ósannað og hafnar bótaskyldu. Í málskoti kvartar M yfir því að V skuli hafna bótaskyldu á þeim forsendum sem að ofan greinir og segir að ástæða þess að hún hafi ekki tilkynnt vinnuveitanda um málið hafi verið vegna þess að henni hafi verið sagt upp störfum um leið og hún mætti til vinnu að loknu fríi 2011 og hún hafi viljað láta á það reyna hvort að hún gæti jafnað sig í hnénu þar sem hún hafði nægan tíma eftir að hafa misst vinnuna og tekið bólgueyðandi lyf en þegar það dugði ekki hafi hún leitað til læknis.

Álit.

Þau gögn sem lögð eru fram af hálfu M eru auk málskotsins starfslokasamningur við vinnuveitanda og ofangreint bréf V dags. 23.2.2012. Í málskoti kemur ekki fram nein lýsing á tjonstilviki eða nánari útlistun á því sem gerðist umfram það sem greinir í málsatvikalýsingu. Miðað við fyrirliggjandi gögn sbr. og sjónarmið og röksemdir V er tjonstilvikið ósannað þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega með frítímaáhættu hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slystatryggingu launþega með frítímaáhættu hjá V.

Reykjavík 22.5.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 166/2012**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.****Bifreið rakst í höfuð tjónþola er henni var ekið af smurgryfju á smurstöð.****Gögn.**

75. Málskot, móttekið 16.4.2012, ásamt fylgigögnum.

76. Bréf X, dags. 7.5.2012.

Málsatvik.

Hinn 16.8.2011 vann M á vegum vinnuveitanda síns við að losa úrgangsolíu á smurstöð, en olían var geymd í sérstökum tönkum í gryfju undir gólfi smurstöðvarinnar. Þar sem dælingin virtist ekki ganga eins og til var ætlast taldi M að tankarnir væru opnir að ofanverðu og þyrfti að loka þeim. Fór hann því niður í gryfjuna til að athuga ástand tankanna. Að því loknu fór hann upp stiga upp úr gryfjunni. Í sömu andrá var bifreiðinni A ekið aftur á bak af gryfjunni og rakst hún í höfuð M sem við það hlaut tognunaráverka á höfði, hálsi og baki.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá vátryggingafélaginu X. X hefur viðurkennt bótaskyldu en telur að skerða beri bætur um 1/3 með vísan til 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, þar sem M hafi verið meðvaldur að tjóninu með háttsemi sem verður virt honum til stórkostlegs gáleysis.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 88. gr. ufl. skal sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns. Bætur fyrir líkamstjón eða vegna missis framfæranda má lækka eða fella niður ef sá sem varð fyrir tjóni eða lést var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Hefur sá sem ábyrgð ber á ökutæki, hér X, sönnunarbyrði um það að M hafi verið meðvaldur að tjóninu með háttsemi sem verður virt honum til stórkostlegs gáleysis. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að M hafi verið óheimilt að fara niður í gryfjuna til að kanna ástand olíugeymanna í tengslum við fyrirhugaða dælingu úr þeim. Verður það ekki virt M sérstaklega til gáleysis þótt hann hafi farið niður í gryfjuna. Er M var á leið upp mátti hann gera sér grein fyrir að bifreið var yfir gryfjunni. Var brýnt að M sýndi sérstaka varkárni við uppgönguna. Þó liggur ekkert fyrir hvernig gangsetningu A var háttað og hver var aðdragandi þess að A var ekið af gryfjunni í þeirri andrá sem M var á leið upp úr henni. Að öllu virtu verður ekki ráðið af gögnum málsins að M hafi mátt gera sér ljósa grein fyrir því að A væri á leið af gryfjunni. Er því ósannað að M hafi sýnt af sér háttsemi sem verður metin sem stórkostlegt gáleysi. Á hann því óskertan rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist að fullu úr ábyrgðartryggingu A hjá X,

Reykjavík, 30. maí 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 167/2012**M v/bifreiðar****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar sveitarfélags sem veghaldara (K)****Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á bifreið sem ekið var í holu (skemmd á vegi)
þann 12.04. 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 18.04. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 07.04. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M gaf skýrslu á lögreglustöð þann 13.04. sl. vegna tjóns á bifreið hans. Hann kvaðst hafa verið að aka vestur Grænatún í Kópavogi. Er hann var kominn í gegnum þrengingu á veginum hafi hann fundið mikið högg koma á bifreiðina. Hann hafði ekið ofan í holu í malbikinu með þeim afleiðingum að hjólbarðar sprungu og rifnuðu og ákoma kom á felgur. Hann kvaðst ekki hafa getað greint skemmdina á veginum áður en bifreið hans lenti með hjólin í holu. Dimmviðri hafi verið og engar varúðarmerkingar. Hann telur að veghaldari eigi að bera ábyrgð vegna þessa sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu, tjónið á bifreiðinni verði ekki rakið til sakar af hálfu vátryggingartaka. Engin vitneskja hafi verið hjá starfsmönnum K um skemmdina á þeim tímapunkti sem um ræðir sbr. umfjöllun félagsins í bréfi til nefndarinnar. Skemmdir séu lagaðar “um leið og vitneskja um þær liggja fyrir.” K hafi ekki vitað um skemmdirnar og því ekki getað brugðist við fyrr en vitneskja barst um þær. Félagið vísar til þess að M byggir rökstuðning sinn á því að hann “telji að starfsmenn og verkstjóri bærjarins hafi vitað að skemmdum í malbiki”. Félagið vísar þessum ályktunum M á bug sem röngum og ósönnuðum enda hafi hann ekki fært “nokkra sönnun fyrir þeim nema með getgátum”.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu vegna þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ósannað er að K (vátryggingartaki) eða starfsmenn hans hafi sýnt vanrækslu er leitt getur til bótaábyrgðar, miðað við takmörkuð gögn máls þessa.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 30. maí 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 168/2012

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélags.

Stúlka féll niður af steinvegg við íþróttahús.**Gögn.**

77. Málskot, móttakið 20.4.2012, ásamt fylgigögnum.
78. Bréf X, dags. 2.5.2012.

Málsatvik.

Hinn 5.5.2008 var M, þá á tíunda ári, á leið í skóla úr leikfimitíma í íþróttahúsinu A sem er í eigu sveitarfélagsins S. Mun M hafa ætlað að stytta sér leið í skólann með því að ganga eftir syllu eða kanti eftir endilöngum húsvegg á íþróttahúsinu. Þannig virðist hætta til að við húshorn mun sylla þessi vera í um 30-40 cm hæð frá jörðu en fyrir miðjum húsvegg er hæðin á hinn bóginn orðin um 2,5-3 m, þar sem þar fyrir neðan eru kjallaradyr, svonefndar hleðsludyr. Ekki liggur fyrir í gögnum málsins hver breidd syllunnar er en af ljósmyndum að dæma virðist breidd hennar vart meiri en 20-30 cm. Er M var yfir dyrum þessum mun hún hafa fallið niður af syllunni og brotnaði illa á hægri ökkla. Eftir slysið mun álplötum hafa verið komið fyrir á syllunni til að hindra að gengið væri eftir henni þar sem fallhæðin tekur að aukast.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu S hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Ekkert liggur fyrir að umrædd sylla eða aðstæður við hana hafi brotið gegn ákvæðum byggingarreglugerðar eða frágangur hafi verið með öðrum hætti en samþykktar teikningar gerðu ráð fyrir. Ekki mun hafa verið ætlast til að börn gengju þarna á leið úr A í skólann. Ekki liggur fyrir með skýrum hætti að fyrirsvarsmönnum A hafi mátt vera ljóst að börn hafi gert sér það að leik að ganga eftir syllunni. Af gögnum málsins, einkum ljósmyndum, má það vera hverjum augljóst að stórhættulegt gat verið að ganga eftir syllunni, jafnvel þótt í hlut eigi barn á tíunda ári. Engin ástæða virðist heldur hafa verið til að ganga eftir syllunni nema í leik. Að öllu virtu verður ekki séð samkvæmt fyrirliggjandi gögnum að slysið verði rakið til atvika sem fyrirsvarsmenn A geta borið ábyrgð. Líkamstjón M fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu S hjá X.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist ekki úr ábyrgðartryggingu S hjá X.

Reykjavík, 22. maí 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.
Valgeir Pálsson hrl. Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 169/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar atvinnurekanda (J)

Maður slasast við að taka niður vinnupall þ. 30.7.2007

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 20.4.2012 ásamt fylgiskjölum 1-8
2. Bréf V dags. 11.5.2012

Málsatvik.

M vann hjá J sumarið 2007 þá 16 ára gamall. Þ. 30.6.2007 varð hann fyrir tjóni þegar hann var að taka niður vinnupall. V samþykkti bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu J en hafnaði bótaskyldu úr slysatryggingu launþega. Við uppgjör dró V kr. 426.117 frá tryggingarbótum vegna ábyrgðartryggingarinnar vegna launþegatryggingarinnar. M mótmælir þessu og telur að með því sé tjón hans ekki bætt að fullu. V segir skaðabótaskylda vegna vinnuslyss M hafi verið viðurkennd að fullu og uppgjör farið fram með þeim hætti sem lýst er hér að framan. V segir ástæðu þess að M hafi ekki fengið greiddar bætur úr launþegatryggingu sinni hjá V sé sú að slysið hafi ekki verið tilkynnt fyrr en frestur til þess skv. 1.mgr. 124.gr. laga nr. 30/2004 laga um vátryggingasamninga hafi verið útrunninn og telur V sér heimilt að draga frá slysabætur launþega við uppgjör úr ábyrgðartryggingu vinnuveitanda.

Álit.

Ekki er ágreiningur um að M eigi rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu atvinnurekenda síns J vegna þess tjóns sem hann varð fyrir þ. 30.6.2007. Við uppgjör tjónsins dró V frá kr. 426.117 þar sem félagið taldi sér það heimilt að draga frá þær bætur sem réttur M var til úr launþegatryggingunni þegar ábyrgðartrygging vinnuveitanda var greidd. Ekki er nein lagaheimild eða önnur heimild í vátryggingarétti til að beita frádrætti eins og þeim sem V beitir í máli þessu. M á rétt á að fá tjón sitt bætt að fullu og V ber því að greiða honum það sem frá var dregið og krafist er í máli þessu höfuðstól kr. 426.117

Niðurstaða.

M á rét á því að V fá greitt tjón sitt úr ábyrgðartryggingu J hjá V án þess að dregnar séu frá slysabætur launþega kr. 426.117.

Reykjavík 30.5.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 172/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/málskostnaðartryggingar****Ágreiningur um bótaskyldu í tengslum við umferðaróhapp í september 2008.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 24.04. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 10.05. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Dóttir M lenti í umferðaróhappi árið 2008. Voru dómkvaddir matsmenn fengnir til að meta afleiðingar slyssins en félagið greiddi kostnað vegna þess úr ábyrgðartryggingu tjónvalds. M var ósáttur við matið og óskaði eftir dómkvaðningu matsmanna til þess að meta tjónið að nýju til hækkunar. Niðurstaða seinna matsins var sú sama og í undirmati. Félagið hafnaði að greiða kostnað vegna síðara matsins þar sem M ákvað sjálfur að leita eftir matinu án aðkomu félagsins og þar sem niðurstaða þess mats var í samræmi við fyrirliggjandi mat. M óskaði næst eftir því að málskostnaðartrygging myndi greiða fyrir matskostnaðinn en því hafnar félagið með vísan til þess að ágreiningurinn félli utan skilmála vátryggingarinnar í ljósi þess að um ágreining væri að ræða sem varðar vátryggðan sem stjórnanda eða notanda vélknúins farartækis í skilningi skilmála.

M er ósammála afstöðu félagsins. Hann telur þann atburð sem dóttir hans lenti í falla innan gildissviðs vátryggingarinnar í ljósi þess að dóttir M hafi lent í umferðaróhappi sem tjónþoli og þannig hafi hún ekki verið stjórnandi ökutækis. Þá bendi M á að dóttir hans hafi ekki verið vátryggð, heldur fjölskyldumeðlimur á sama heimili og vátryggður. Félagið hafnar þessari afstöðu M. Í skilmálum sé tilgreint að vátrygging bætir ekki “Málskostnað; sem varðar vátryggðan sem eiganda og notanda eða stjórnanda vélknúins faratækis...” Óumdeilt sé að dóttir M var ökumaður bifreiðar. Ekki sé gerður greinarmunur á því hvort notandi eða stjórnandi er tjónþoli eða tjónvaldur. Félagið vísar og til þess að dóttir M er meðvátryggð og fellur því undir skilgreiningu c-liðar 1. mgr. 2. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 þar sem hún skv. Vátryggingarsamningi á rétt á að krefja félagið um bætur. Þetta er og í takt við skilmála þar sem fram kemur að “meðvátryggður eru maki eða sambúðarmaki vátryggingartaka og ógift börn þeirra enda hafa þau sama lögheimili á Íslandi og vátryggingartaki, sameiginlegt heimilishald og búa á sama stað.”

Félagið ítrekar fyrri afstöðu sína og bendir á að kostnaður vegna matgerðarinnar er sprottinn af umferðarslysi sem dóttir M lenti í er hún var ökumaður og varðar því hana sem stjórnanda vélknúins farartækis í skilningi skilmála. Bótaskylda sé því ekki fyrir hendi.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu sem óþarft er að gera ítarlega grein fyrir. Hann telur dóttur sína sem tjónþola í þessu tilviki ekki vátryggða heldur fjölskyldumeðlim á sama heimili og vátryggður.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu vegna þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Um undanskilda áhættu er að ræða samkvæmt vátryggingarskilmálum. Dóttir M er vátryggð skv. skilmálum og lögum um vátryggingarsamninga. Samkvæmt 2. gr. skilmála er vátryggingartaki vátryggður og meðvátryggðir eru maki eða sambúðarmaki vátryggingartaka og ógift börn þeirra enda hafa þau sama lögheimili á Íslandi og vátryggingartaki, sameiginlegt heimilishald og búa á sama stað. Miðað við fyrirliggjandi gögn verður önnur ályktun ekki dregin en að nefnt ákvæði eigi við. Telja verður og að um undanskilda

áhættu sé að ræða sbr. grein 25.10 þar sem segir að vátryggingin bætir ekki málskostnað sem varðar vátryggðan sem notanda eða stjórnanda vélknúins farartækis.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 30. maí 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 173/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar ökutækis A

Umferðarslys þ. 4.12.2007

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 23.5.2012 ásamt fylgiskjölum 1-15
2. Bréf V dags. 10.5.2012 ásamt fylgiskjölum 1-3

Málsatvik.

M lenti í umferðarslysi þ.4.12.2007 og var bótakrafa send V þ.2.1.2012. V telur að greiðslur frá almannatryggingum eigi að dragast frá greiðslum úr lögboðinni ábyrgðartryggingu en því hafnar M og leggur til grundvallar bótakröfu. Ekki er ágreiningur um greiðsluskyldu úr lögboðinni ökutækjatrýggingu A. Af hálfu V er á það bent að samkvæmt útreikningi tryggingarstærðfræðings V væri reiknað eingreiðsluverðmæti áætlaðs bótaréttar hjá Tryggingarstofnun ríkisins hærri heldur en fram komin krafa í trygginguna og því hafnar V að greiða bætur úr lögboðinni ökutækjatrýggingu hjá félaginu vegna slyssins þ.4.12.2007. Tekið er fram af hálfu V að félagið sé ekki að hafna bótaskyldu úr umræddri tryggingu heldur sé aðeins verið að draga frá skaðabótum áætlaðan rétt M hjá Tryggingastofnun ríkisins sbr. þágildandi 4.mgr. 5.gr. skaðabótalaga. V telur ljóst að hér sé um að ræða ágreining sem snúi að fjárhæð bóta úr tryggingunni og með vísan til 2.mgr. 3.gr. samþykktu Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum fer V fram á frávísun þar sem V fellst ekki á að Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum úrskurði um bótafjárhæðina.

Álit.

Ágreiningur í máli þessu varðar fjárhæð bóta og þar sem vátryggingarfélagið hafnar því að Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum úrskurði um þær, þá er málinu vísað frá sbr. 2.mgr. 3.gr. samþykktu nefndarinnar þar sem tekið er fram að nefndin úrskurði um bótafjárhæðir að fengnu samþykki allra málsaðila. Slíkt samþykki liggur ekki fyrir í þessu máli.

Niðurstaða.

Málinu er vísað frá nefndinni

Reykjavík 30.5.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 174/2012**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.****Árekstur rafknúins reiðhjóls (rafskutlu / -vespu) og bifreiðar á Fróðengi í Reykjavík.****Gögn.**

79. Málskot, móttækið 25.4.2012, ásamt fylgigögnum.

80. Bréf X, dags 8.5.2012.

Málsatvik.

Hinn 14.4.2012 var bifreiðinni A ekið til vesturs botnlangagötu frá húsum nr. 6-10 við Fróðengi með fyrirhugaða akstursstefnu til vinstri suður Fróðengi. Í sömu andrá var B, rafknúnu reiðhjóli, svokallaðri rafskutlu eða rafvespu, ekið suður gangstíg meðfram Fróðengi og áleiðis yfir akbraut þá sem A var ekið eftir. Rákust þá saman hægra framhorn A og B.

Í lögregluskýrslu er haft eftir ökumanni A að hann hafi ekið að gatnamótunum og litið eftir umferð og þá ekki vitað til fyrr en B hafi lent á hægra framhorni A. Ökumaðurinn kvaðst ekki hafa séð B fyrr en óhappið varð.

Stjórnandi B var stúlka á 14. ári, en faðir hennar, M, er eigandi B. Ekkert er haft eftir stjórnanda B í gögnum málsins um óhappið og tildrög þess að öðru leyti en því að í málskoti kveður M að stjórnandinn hafi hægt á sér vegna þess að hún „nálgaðist það að þurfa að fara yfir götu.“ Jafnframt hafi hún ekki getað staðfest að farþegi hafi tjáð henni að varast bifreið, þar sem hún minnst þess ekki að hafa heyrt það.

Farþegi sem var á B kvaðst hafa séð til ferða A rétt áður en óhappið varð og sagt stjórnanda B að stöðva en ekki vitað til fyrr en óhappið varð.

M hefur krafist bóta fyrir tjón sem varða á B úr ábyrgðartryggingu A hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Eins og fyrr getur telst B vera reiðhjól, þ.e. lítið vél- eða rafknúíð ökutæki sem hannað er til aksturs á hraða frá 8 km og upp í 25 km á klst. Farartækjum sem þessum má ekki aka á akbraut, sbr. skilgreiningu í 2. gr. umferðarlaga nr. 40/1987. B telst því ekki til skráningarskyldra vélknúinna ökutækja. Um ábyrgð á tjóni því sem hlaust við árekstur A og B fer því eftir ákvæðum 88. gr. ufl. Samkvæmt 1. mgr. 88. gr. skal sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns. Bætur fyrir tjón á munum má lækka eða fella niður ef sá sem fyrir tjóni varð var meðvaldur að því af ásetningi eða gáleysi, sbr. 3. mgr. 88. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. ufl. gilda ákvæði laganna, nema annað sé ákveðið, um umferð á vegum. Stjórnanda B bar því að hlíta ákvæðum laganna í akstri sínum, jafnvel þótt B sé ekki skráningarskyld vélknúíð ökutæki. Samkvæmt 3. mgr. 25. gr. ufl. skal ökumaður, sem ætlar að aka af gangstétt út á veg, veita umferð í veg fyrir leið hans forgang.

Stjórnandi B gætti ekki þessa ákvæðis er hann ók út á götuna. Þá kvað ökumaður A bifreið sína hafa verið kyrrstæða þegar áreksturinn varð. Þá reyndi farþegi á B að vara stjórnanda þess við ferðum A en það dugði ekki til. Stjórnandi B átti að hafa aldur og þroska til að geta sinnt aðgæsluskyldu sinni áður en hún ók út á akbrautina. Í ljósi þessa verður áreksturinn að rakinn til gáleysis stjórnanda B. Ekki verður séð að ökumaður A hafi getað varist ferðir B áður en óhappið varð. Ekkert bendir til þess að óhappið verði rakið til mistaka eða annarra atvika sem ökumaður A ber ábyrgð á. Stjórnandi B var með tækið að láni frá föður sínum, M, og ekki liggur annað fyrir en það hafi verið með samþykki hans. Því verður M að sæta skerðingu á bótarétti sínum að því marki sem óhappið verður rakið til stjórnanda B. Samkvæmt því sem að framan greinir, sbr. og 3. mgr. 88. gr. ufl. falla niður bætur vegna tjóns á B, þar sem stjórnandi þess telst eiga alla sök á því að óhappið varð. B bætist því ekki úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Niðurstaða.

Tjón á rafknúnu reiðhjóli í eigu M bætist ekki úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Reykjavík, 30. maí 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 176/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra****Ágreiningur um bótaskyldu vegna annmarka við byggingu húseigna
að Kjarnagötu á Akureyri.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 25.05. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 29.05. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ágreiningur er um bótaskyldu og um réttarstöðu aðila í ljósi þess að byggingarstjórinn hefur verið starfsmaður M. Ráðingarsamband er milli M og byggingarstjórans. Fyrir liggur og að M er eigandi fasteignanna sem um ræðir. Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu og vikur í málflutningi sínum einkum að réttarsambandi aðila og 3. mgr. 23. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. umfjöllun félagsins í fyrirliggjandi gögnum. Félagið telur að byggingarstjórinn verði ekki gerður ábyrgur fyrir meintu tjóni M með vísan til 23. gr. skaðabótalaga og dóms Hæstaréttar í máli nr. 482/2003. M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í gögnum málsins. Hann er ósammála afstöðu félagsins. Reglur um samsömun eigi ekki að hafa áhrif í máli þessu. M telur afstöðu félagsins ranga. Hann telur ljóst að gert sé ráð fyrir því að byggingarstjóri sé í samningssambandi við eiganda fasteignar, þ. á m. ráðningarsambandi og að hann geti orðið bótaábyrgur gagnvart eiganda fasteignar samkvæmt almennum reglum.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ekki hefur verið sýnt fram á að byggingarstjórinn hafi vanrækt starfsskyldur sínar á þann veg að hann beri skaðabótaábyrgð á þeim annmörkum sem lýst er að fram hafi komið á hinum nýbyggðu húseignum.

Með hliðsjón af framanrituðu verður ekki tekin afstaða til þess hvort það hafi áhrif á réttarstöðu aðila að byggingarstjórinn er starfsmaður M.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 19. júní 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 177/2012**M****og****Vátryggingafélagið V v. fasteignatryggingar húsfélaganna H
Kona féll um rörbút á bílastæði og meiddist þ. 24.9.2010****Gögn.**

1. Málskot móttakið þ.26.4.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-18
2. Bréf V dags .25.5.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-2
3. Bréf V dags. 7.6.2012.
4. Bréf dags. 30.8.2011 frá Helga Má Ólafssyni ásamt fylgiskjöllum 1-4

Málsatvik.

M gekk eftir gangstétt sem staðsett er á bifreiðataði fyrir aftan strætisvagnaskýli við Arnarbakka í Breiðholti. Á gangstéttinni stóð rörbútur upp úr jörðinni og féll M um rörbútin og meiddist. Lögmaður M krefst bóta og byggir á því að rörbúturinn sé innan lóðamarka húseignarinnar Mariubakki 2-8 í Reykjavík. Í skýrslu lögreglu segir að líklegt sé að rör hafi verið steipt niður til að merkja bílastæði en síðan sagað niður við gangstétt en þó ekki tekist betur til en svo að ryðgaður bútur stóð upp úr gangstéttinni. Í lögregluskýrslunni segir einnig að rörbúturinn sé inn á lóð við bílastæði fjölbýlishúsa við Leirubakka. M byggir á að rörbúturinn sé innan lóðamarka H og að húseigendum að H hafi mátt vera ljóst að umræddur rörbútur var til staðar og því ljós almenn slysaþetta. M telur því að rekja megi slysið til að frágangi rörsins hafi verið verulega ábótavant og haft í för með sér slysaþettu. V hafnar bótaskyldu. V bendir á að húsfélagin H tilheyri fjöleignarhúsinu Mariubakki 2-16 í Reykjavík og um eitt hús sé að ræða sbr. 1.og 3.gr. laga um fjöleignarhús nr. 26/1994 og lóð sé sameiginleg. V segir að eyjan þar sem rörbúturinn er og slysið varð sé á lóðarmörkum Mariubakka 2-16 og Leirubakka 18-32 í Reykjavík. V segir enga nákvæma mælingu liggja fyrir sem sýni hvort slysaþaturinn sé óyggjandi innan lóðamarka vátryggðra húsfélaga og sé slysaþaturinn ekki innan lóðamarka vátryggðra húsfélaga beri þau ekki ábyrgð á slysi M. Þá byggir V á því að þrátt fyrir að sýnt væri fram á að slysaþatur væri innan lóðamarka vátryggðu húsfélaganna þá væri ekki sýnt fram á skaðabótaskyldu eigenda H. Þá segir V að ekki sé um sérstaka gönguleið að ræða og ekki almenna gönguleið, þar sem slysið varð og telur að rörið hafi brotnað en ekki verið sagað niður við gangstétt. Þá segir V að hinum vátryggðu húsfélögum hafi ekki verið kunnugt um ástand rörsins áður en slysið varð.

Álit.

Úrskurðarnefnd óskaði eftir því við aðila málsins að lögð yrðu fyrir nefndina fullnægjandi upplýsingar um það hvort slysið hefði orðið á lóð hinna vátryggðu fasteigna H í Reykjavík, en um er að ræða heildarlóð fyrir Mariubakka 2-16 í Reykjavík. Þó vissar líkur séu fyrir hendi að rörbúturinn sem um ræðir sé innan þeirra lóðarmarka við Mariubakka 2-16 í Reykjavík þá liggur ekki fyrir óyggjandi staðfesting eða mæling framkvæmd af þar til bærur yfirvöldum til að hægt sé gegn andmælum V að skera úr um það hvort rörbúturinn sé innan lóðamarka hinna vátryggðu fasteigna við Mariubakka í Reykjavík. Þegar af þeirri ástæðu er ekki hægt að úrskurða um að M eigi rétt á bótum úr fasteignatryggingu húsfélaganna H í Reykjavík. Af þeim sökum er kröfu M í fasteignatryggingu húsfélaganna H í Reykjavík hafnað.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr fasteignatryggingu húsfélaganna H í Reykjavík.

Reykjavík 19.6 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 179/2012**M****og****Vátryggingafélagið v/starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra****Ágreiningur um bótaskyldu vegna galla á húseign vegna þaks, raka og lagna.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 27.04. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinar, dags. 21.05. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu, sem óþarft er að gera grein fyrir. Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. Það telur að M hafi ekki lagt fram gögn sem veita viðhlítandi stuðning fyrir því að byggingarstjórinn hafi sýnt af sér sök sem leitt hafi til tjóns fyrir M og enn síður er ljóst hvaða tjón kunni að hafa hlotist af því eða hvert sé umfang þess tjóns sem kunni að vera bótaskyld. Félagið telur að orsök raka sé viðhaldsleysi á sprungnum fúgum og varðandi lagnastokk milli hæða telur félagið að ósannaðar séu staðhæfingar um að frágangur stokksins sé ekki í samræmi við uppdrætti, lög og reglugerðir. Lokaúttekt hafi farið fram.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ósannað að er byggingarstjórinn hafi varnækt starfsskyldur sínar og að bygging hússins hafi verið ófullnægjandi sem haft getur bótaskyldu í för mér sér.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 5. júní 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 180/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra

Krafa úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra vegna þakleka sem kom frá á árinu 2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.30.4.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-4
2. Bréf V dags. 30.5.2012

Málsatvik.

M segir að þak á húsi sínu leki og gerir kröfu í starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra hjá V þar sem hann telur að byggingarstjóri beri ábyrgð á því að ekki var gengið nægjanlega vel frá þaki hússins. Í skýrslu byggingarmeistara og byggingariðnfræðings sem lögð er fram í málinu segir að þakið leki og leka megi rekja til þess að illa hafi verið staðið að neglingu þaksaums. Í bréfi Húseigendafélagsins dags. 24.6.2009 segir að frágangur þaks sé óviðunandi með þeim afleiðingum að vatn leki inn í eignina. V hafnar bótaskyldu og telur að framlögð gögn færi ekki fram haldbæra sönnun um umrædda galla, eðli þeirra og orsakir eða hvert tjónið geti verið sem rekja megi til sakar byggingarstjóra. Þá segir V að tjón sé ekki skilgreint með nákvæmri matsgerð þar sem gallar séu sundurliðaðir og greindir. V telur ósannað að vinnubrögð byggingarstjóra hafi verið slæleg og meint sök hans sé ósönnuð.

Álit.

Í málinu liggja ekki fyrir gögn sem sýna fram á sök byggingarstjóra eða hvert umfang þess tjóns er sem M krefst að V bæti úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra. Þegar af þeim ástæðum á M ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra í máli þessu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra hjá V.

Reykjavík 19.6. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 182/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Frjálsar ábyrgðartryggingar R

Bíll varð fyrir skemmdum þegar honum var ekið ofan í holu á gatnamótum Stekkjarbakka og Álfabakka í Reykjavík þ. 30.3.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 30.4.2012 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V dags. 15.3.2012 ásamt fylgiskjölum 1-2

Málsatvik.

M segist hafa ekið norður Stekkjarbakka og á gatnamótum Stekkjarbakka og Álfabakka hafi myndast stór hola og út úr henni hafi staðið vírar í allar áttir og hafi bifreið M lent ofan í holunni og hægra afturdekk bifreiðarinnar hafi eyðilagst. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu R hjá V og segir að starfsmönnum R hafi verið kunnugt um að skemmdir væri komnar í götuna á þessum stað og beri því bótaábyrgð. V hafnar bótaskyldu og segir að R hafi verið ljóst að vægt slit hafi verið á malbikinu á umræddum stöðum þ. 15.3.s.l. og hafi verið ákveðið að skrá slitið inn á viðgerðarlista en þar séu brotaholur í forgangi, en rekstrarstjóri malbiksviðgerða hjá R mat það þannig að ekki stafaði hættu af því sliti sem um ræðir þar sem engar hvassar brúnir voru til staðar að hans mati. Rekstrarstjóri skoðaði aðstæður öðru sinni 2.4.s.l. og mat ástandið þá þannig að þörf væri á bráðabirgðaviðgerð en ekki hafi þá verið skráðar ábendingar um óhappið sem hér ræðir um. V segir að um sé að ræða fjölfarin gatnamót og myndir sem teknar voru bendi ekki til að hættu stafi af því sliti sem um var að ræða. V telur ekki að tjón M verði rakið til vanrækslu R eða saknæmrar háttsemi starfsmanna R eða annars sem R beri ábyrgð á.

Álit.

Miðað við fyrirliggjandi gögn hefur ekki verið sýnt fram á að tjón M verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna R eða vanrækslu R á því að sinna eðlilegu viðhaldi gatna. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu R hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu R hjá V.

Reykjavík 5.6. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 184/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/A****og****Vátryggingafélagið Y v/B****Árekstur þegar ekið var á opna hurð bifreiðar 23.03. 2012.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 02.05. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 29.05. 2012.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 15.05. 2012, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ökumaður A kveðst hafa ekið úr bifreiðastæði þegar hurð á B hafi lent á brettakanti A. Ökumaður B kveðst hafa verið að setja barn í bílstól þegar ökumaður A kom að B. Ökumaður B hafi þá lokað hurðinni til þess að ökumaður A kæmist inn í sína bifreið, en opnað aftur. Síðan hafi ökumaður A ekið af stað en þá hafi hurð B lent utan í brettakanti A.

Tjónanefnd vátryggingafélaganna skipti sök til helminga þar sem hvorugur ökumaður hafi sýnt næga aðgæslu við þær aðstæður sem fyrir hendi voru.

Vátryggingafélag B hafnar að hlíta niðurstöðu Tjónanefndar. Félagið telur að ökumaður A eigi að bera ábyrgð á óhappi þessu. Ökumaður A hafi í engu sinnt þeirri aðgæsluskyldu sem á honum hvíldi við akstur úr kyrrstöðu þrátt fyrir að hann hafi sannarlega haft nægt tilefni til að gæta sérstakrar varúðar eins og atvikum er háttað. Félagið vísar máli sínu til stuðnings til úrskurða úrskurðarnefndar í vátryggingamálum nr. 313/2009 og 268/2008.

M er ósammála afstöðu vátryggingafélags B. Hann telur að hvorgur aðila hafi sýnt næga aðgæslu og að skipta skuli sök til helminga.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A, málskotsaðili, ábyrgð á óhappi þessu. Ökumaðurinn virðist ekki hafa gætt að hurð bifreiðar B áður en hann ók af stað úr bifreiðastæði sínu við hlið B, þrátt fyrir að hann vissi af ökumanni B við hlið bifreiðar sinnar.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á umferðaróhappi þessu.

Reykjavík 5. júní 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 185/2012**M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar húseiganda.****Ágreiningur um bótaskyldu er hurð fyrir bifreiðageymslu lokaðist á bifreið hinn
15.2.2012.****Gögn.**

81. Málskot, móttakið 2.5.2012, ásamt fylgigögnum.
82. Bréf X, dags. 29.5.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M var að bakka bifreið sinni úr stöðureit nærri hurð að bifreiðageymslu í kjallara í tilteknu húsi í Reykjavík. Í sömu andrá mun hurðin hafa verið að lokast og skall hún á afturhluta bifreiðarinnar þannig að stuðari o.fl. varð fyrir skemmdum. Segir í málskoti að M hafi verið að mjaka sér fram og til baka til að komast út og þurfti að fara undir hurðina, en þá hafi hurðin byrjað að lokast. Sjálfvirk lokun sé tvær mínútur og hún hafi ekki haft hugmynd um það. Enginn skynjari sé á hurðinni innanverðri sem valdi því að hurðin stöðvist ekki þegar fyrirstaða er í vegi hennar. M kveðst hafa fengið tiltekinn starfsmann hjá öryggisfyrirtæki til að taka út aðstæður. Hafi hann gert athugasemdir við hurðina og sagt að hún ætti að hafa tvo skynjara, einn hvoru megin. Fyrirkomulag skynjara á hurðinni byði hættunni heim og þyrfti að laga.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu eiganda húseignarinnar hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu og kveður hurðina fara sjálfkrafa upp þegar ekið er að henni utan frá og aðrar dyr séu ætlaðar til þess að aka út úr bifreiðageymslunni. Skynjarar séu neðan á hurðinni og ef einhver fyrirstaða sé fari hurðin sjálfkrafa upp. X hafnar því að umrædd hurð hafi verið vanbúin og kveður hana standast á allan hátt þær kröfur sem til hennar eru gerðar.

Álit.

Engin gögn liggja fyrir í málinu sem staðreyna þá staðhæfingu M að hurðin hafi verið haldin ágalla eða að hún hafi að öðru leyti verið vanbúin þannig að eigandi húseignarinnar beri skaðabótaábyrgð á tjóni M. Við svo búið á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu húseigandans hjá X

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu hjá X.

Reykjavík, 12. júní 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 186/2012**M
og
Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar einstaklings.****Maður lyfti öðrum manni á dansleik, en missti hann svo hann féll í gólfið og meiddist.****Gögn.**

83. Málskot, móttakið 3.5.2012, ásamt fylgigögnum.

84. Bréf X, dags 3.5.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 15.10.2011 kom M á dansleik í samkomuhúsi. Mun þá V hafa komið aftan að M og tekið hann á loft. Tókst þá ekki betur til en svo að V missti M sem við það féll í gólfið og hlaut högg á höfuð og áverka á hægri öxl. Kvaðst V hafa í fögnuði lyft M upp en runnið síðan til á flísum á gólfinu og þeir báðir skollu í gólfið og M orðið fyrir meiðslum. Kvað V að um algert óviljaverk hafi verið að ræða.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu. Um óviljaverk hafi verið að ræða og slysið verði ekki rakið til atvika sem V ber skaðabótaábyrgð á. Þótt V hafi runnið til á gólfinu verði það ekki virt honum til sakar, heldur sé um óhappatvik að ræða.

Álit.

V tók M á loft á flísalögðu gólfi á dansleik. Ekki liggur fyrir hvernig flísar voru á gólfinu eða ástæður þess að V rann til með þeim afleiðingum að þeir féllu báðir í gólfið. Engu að síður virðist ljóst að V tók M á loft sem var óviðbúinn því og án þess að sérstakar ástæður hafi búið þar að baki. Þótt V hafi ekki ætlað að valda M líkamstjóni sýndi hann verulegt gáleysi með því að lyfta honum upp án þess að hafa fullt vald á aðstæðum. V ber því ábyrgð á líkamstjóni því sem M hlaut í umrætt sinn. Ekki verður séð að M sé meðábyrgur fyrir því tjóni sem hann hlaut. Tjón hans bætist því að fullu úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist að fullu úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 19. júní 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 188/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/slysátryggingar sjómanna****Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss 23.06. 2004,
þ.e. ágreiningur um fyrningu kröfu.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 04.05. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinar, dags. 23.05. 2012, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M varð fyrir meiðslum á hné sbr. fyrirliggjandi gögn.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það vísar til þess að slysið hafi fyrst verið tilkynnt félaginu 15.03. 2011. Það getur ekki fallist á að fyrirspurn lögmanns um hvort til séu upplýsingar um tiltekið slys geti talist fullnægjandi tilkynning um slysatilvik enda hafi þeirri fyrirspurn verið svarað með þeim hætti að félagið væri ekki með neitt slys skráð á umbjóðanda lögmannsins frá árinu 2004. Félagið telur mögulega bótakröfu M vegna slyssins frá 23.06. 2004 fyrnda sbr. 29. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954. Það bendir sérstaklega á að M leitaði til bæklunarlæknis í ágúst 2004 og leiddu rannsóknir hans til aðgerðar skömmu síðar líkt og fram kemur í fyrirliggjandi matsgerð. Einhver einkenni sátu þó eftir þrátt fyrir sæmilegan bata. Félagið telur með hliðsjón af framkvæmd Hæstaréttar að við mat á því hvort krafa sé fyrnd sé rétt að líta til þess hvenær hinum slasaða var vísað til sérfræðings. Ljóst sé að heilsufar M hafi verið metið stöðugt á árinu 2004.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í gögnum málsins. M mun hafa lent í 6 slysum á sjó frá 2001 til 2009 sbr. fyrirliggjandi matsgerð. Bótaskylda mun hafa verið viðurkennd vegna allra þeirra nema þess slyss sem hér um ræðir frá árinu 2004. M hafi unnið hjá sama vinnuveitanda allan þennan tíma sem hafi tilkynnt önnur slys en þetta eina til félagsins. M hafi ekki haft ástæðu til að ætla að umrætt slys yrði ekki tilkynnt.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er bótakrafa M á grundvelli nefndrar vátryggingar fyrnd sbr. 29. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi sökum fyrningar.

Reykjavík 12. júní 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 189/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/brunatryggingar húseignar****Ágreiningur um fjarhæð tjóns af völdum bruna á fasteign 22.07. 2011,
er húseign eyðilagðist.****Gögn.**

- 1) Málskot móttækið 02.05. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 18.01. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Málskot vegna ágreinings aðila var fyrst tekið fyrir á árinu 2011 sbr. málskot nr. 432/2011. Með úrskurði, dags. 30.11. 2011, var niðurstaða nefndarinnar sú að vísa skyldi málinu frá með vísan til þess að vátryggingafélagið samþykkti ekki að nefndin úrskurði um fjáhæð bóta í máli þessu sbr. og 4. mgr. 3. gr. samþykktu nefndarinnar.

Vátryggingafélagið lét þess getið í tölvupósti til nefndarinnar, dags. 18.01. 2012, að félagið óski eftir því að málið verði tekið aftur til meðferðar þar sem félagið veitir nú samþykki sitt fyrir því að nefndin fjalli um bótafjárhæð í málinu. Óskað var eftir því að nefndin taki málið til meðferðar með hliðsjón af þeim gögnum sem fyrir lágu þegar nefndin kvað upp fyrrnefndan úrskurð sinn, varðandi frávísun.

Málskot þetta barst nefndinni þann 02.05. sl., sem fyrr segir.

Ágreiningur er milli aðila um fjáhæð bóta fyrir eignina, sem fyrr segir, sbr. fyrirliggjandi gögn. Annar vegar lýtur ágreiningurinn að því hvort við tjónsmatið skuli miðað við verðmæti sökklara sem fyrir eru og burðarbita og aðrar burðarstoðir eins og þær voru fyrir tjónið án tillits til aukinna krafna við endurbyggingu húseigna samkvæmt nýrri stjórnvaldsfyrirmælum, svo sem núgildandi byggingarreglugerð. Hins vegar lýtur ágreiningurinn að því hvort og að hvaða marki skuli taka tillit til þess að fastar innréttingar og veggir munu að einhverju leyti hafa verið úr útskornum við sem og útihurðir sbr. nánar gögn málsins.

M vísar til fyrirliggjandi tjónamats félagsins sem ágreiningur aðila stendur um. M óskar eftir afstöðu nefndarinnar um tvö ágreiningsefni vegna þessa þ.e. varðandi hönnunar- og efniskostnað, vegna aukinna krafna og fyrirmæla opinberra aðila og hins vegar varðandi bætur vegna tréskurðar í hurðum, föstum innréttingum og veggjum sbr. umfjöllun í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur tjónamati vátryggingafélagsins ekki verið hnekk.

Markmið fyrirliggjandi tjónamats var að finna vátryggingaverðmæti eignarinnar á þeim tíma sem matið fór fram sbr. nánar umfjöllun vátryggingafélagsins í bréfi til úrskurðarnefndar, dags. 14.11. 2011. Eingöngu á að bæta þann kostnað við að endurbyggja húseigninaeins og hún var á tjónsdegi að teknu tilliti til vátryggingafjárhæðar sem í gildi var. Ljóst er að endurskoða hefði þurft vátryggingafjárhæð brunatryggingar þessarar ef hún átti að taka tillit til hinna auknu vermæta sem felast í úrskorðnum innréttingum/veggjum svo brunabótamatið taki aukinna verðmæta.

Með hliðsjón af framanrituðu á M ekki kröfu um að fá bætt úr brunatryggingu sinni annað en það sem raunverulega skemmdist í eldsvoðanum og féll undir brunabótamat húseignarinnar, líkt og váttryggingafélagið hefur lagt til grundvallar.

Niðurstaða.

Fyrirliggjandi tjónamati váttryggingafélagsins hefur ekki verið hekkt.

Reykjavík 22. maí 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 190/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/starfsábyrgðartryggingar lögmans****Ágreiningur um bótaskyldu vegna samskipta M og lögmans hans.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 09.05. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 01.06. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M gerir kröfu um að greidd verði tiltekin fjárhæð út úr starfsábyrgðartryggingu lögmans sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið telur bótaskyldu ekki fyrir hendi en aðalkrafa þess er sú að máli þessu verði vísað frá nefndinni með vísan til samþykta úrskurðarnefndar því þar komi fram að nefndin úrskurði um ágreining varðandi bótaskyldu en einungis um bótafjárhæð að fengnu sérstöku samþykki allra málsaðila. Ekki hafi verið leitað eftir slíku samþykki “frá hendi félagsins og er aðalkrafa félagsins í málinu því sú að máli þessu verði vísað frá nefndinni.”

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umföllun í málskotinu.

Álit

Ágreiningur er um bótafjárhæð og um leið bótaskyldu sbr. fyrirliggjandi gögn.

Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. samþykta nefndarinnar nr. 1090/2005 úrskurðar nefndin um bótafjárhæðir að fengnu sérstöku samþykki allra málsaðila. Líkt og fram hefur komið veitir vátryggingafélagið ekki samþykki fyrir því að nefndin fjalli um ágreining um bótafjárhæð máls þessa.

Með hliðsjón af ofanrituðu er máli þessu vísað frá nefndinni sökum þess að samþykki aðila liggur ekki fyrir því að nefndin úrskurði um bótafjárhæðina.

Niðurstaða.

Frávísun.

Reykjavík 12. júní 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 191/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Húseigendatryggingar

Tjón á kaldavatnslögn þ. 19.3.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 9.5.2012 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V dags. 16.5.2012.

Málsatvik.

M varð var við rakaskemmdir í vegg milli sinnar íbúðar og annarrar í húsinu, þegar hann ætlaði að fara að mála og lagfæra íbúðina. M segist hafa haft samband við V sem sendi menn á staðinn, en M segir að þeir hafi tjáð sér að V teldi þetta tjón ekki bótaskyldt. M segir að pípulagningameistari sem hafi komið á staðinn hafi komist að því að leki var úr kaldavatnslögn, röri, sem er á milli íbúðar M og næstu íbúðar við hliðina. V krefst bóta úr húseigendatryggingu sinni hjá V og bendir m.a. á að vatn geti leynst í ákveðinn tíma inn í vegg áður vart verði við leka. V hafnar bótaskyldu og vísar til 2.gr.1.kafla húseigendatryggingarinnar og segir að þar sé ekki að finna að tjón vegna langvarandi leka sé bótaskyldt. Þá segir V að grein 2.1. í 1.kaflanum eigi heldur ekki við um það tjón sem hér ræðir um þar sem þar sé skilyrði bótaskyldu að vökvinn streymi skyndilega og óvænt fram og eigi upptök sín innan útveggja og botnplötu vegna bilunar eða mistaka. V segir að lekinn hafi varað í langan tíma og tjónið falli því ekki undir vátryggingasvið húseigendatryggingar þar sem að skilyrði fyrir bótaábyrgð sé að um óvæntan og skyndilegan atburð sé að ræða vegna bilunar eða mistaka.

Álit.

Miðað við fyrirliggjandi gögn verður ekki annað séð en að um langvarandi leka hafi verið að ræða úr því kaldvatnströri sem um ræðir og því er ekki um bótaskyldu V að ræða úr vatnstjónstryggingu húseigendatryggingarinnar sbr. grein 2 og 2.1. í 1. kafla vátryggingarskilmála. Ekki er umfjöllun um það í málinu eða gerð grein fyrir því hvort að um sameiginlega lögn hússins er að ræða eða sér lögn og engin umfjöllun er um hugsanlega bótaábyrgð samkvæmt lögum um fjöleignahús og koma þau sjónarmið og hugsanleg bótaábyrgð á þeim grundvelli þar af leiðandi ekki til skoðunar í máli þessu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr vatnstjónstryggingu húseigendatryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík 5.6. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 192/2012
M
og
Vátryggingafélagið V v. Frjálsrar ábyrgðartryggingar verslunarinnar A

Maður rann á blautu gólfi verslunar þ. 13.3.2011

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 4.5.2012 ásamt fylgiskjölum 1-14
2. Bréf V dags. 25.5.2012.

Málsatvik.

M segir í skýrslu sinni hjá lögreglu að hann hafi verið kominn inn í verslunina A og ætlað að fara að borga en áttað sig á að hann hafði gleymt veskinu sínu úti í bíl. M segist hafa hlaupið út til að sækja veskið en þegar hann hafi komið inn aftur hafi hann runnið í bleytu á gólfinu og meiðst. M segist ekki hafa séð viðvörunarskilti í versluninni. Vinkona M ber með sama hætti um viðvörunarskilti og M. Afgreiðslustúlka í A segir að M hafi komið hálfhlaupandi inn í búðina aftur eftir að hafa náð í veskið sitt og runnið og dottið, en staðið strax upp aftur og greitt fyrir vörurnar. Afgreiðslustúlkan segist nokkuð viss um að viðvörunarskilti hafi verið á gólfinu, en það séu verklagsreglur í búðinni að sé bleyta þá sé skiltið sett upp. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V og telur að A hafi vanrækt að tryggja öryggi viðskiptavina sinna en óumdeilt sé í málinu að gólfið í versluninni hafi verið blautt og hált. Byggt er á því að ekkert viðvörunarskilti hafi verið í versluninni þegar slysið varð og því haldið fram að það standi A nær að sýna fram á hið gagnstæða hafi svo verið. Þá hafi M farið inn annarsstaðar en viðvörunarskilti sé að jafnaði þannig að þó það hafi verið til staðar hefði það ekki gagnast M. V hafnar bótaskyldu og segir að ekki séu til myndir úr eftirlitsmyndavélum af tilvikinu. V segir að eftir að V hafi hafnað bótaskyldu hafi vinkona M gefið skýrslu hjá lögreglu tveimur og hálfum mánuði eftir að atvikið gerðist og afstaða V lá fyrir. Þá bendir V á að dúkur á gólfi verslunarinnar sé venjulegur og ekki háll. Þá sé góð motta á gólfi sem nái frá dyrum inn í verslunina. V segir A ekki hafa fengið tilkynningu um slys M fyrr en þ. 25.mars 2011. Þá segir V að þó ekkert viðvörunarskilti hefði verið uppi í versluninni þá geti slíkt ekki talist til vanrækslu og þá liggi fyrir að starfsfólki A hafi verið ókunnugt um að bleyta væri á gólfi verslunarinnar.

Álit.

M lýsir atvikum þannig að hann hafi uppgötvað þegar hann ætlaði að greiða fyrir vörur í versluninni A að hann hefði gleymt veskinu sínu og fór hann út til að sækja það og rann á gólfinu þegar hann kom inn aftur. M mátti því vera ljóst ástand gólfsins sem hann hafði þá nýlega gengið og/eða hlaupið um. Ekki hefur verið sýnt fram á að vanbúnaður hafi verið í versluninni sem hafi leitt til þess óhapps sem hér ræðir um. Þegar af þessum ástæðum á M ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 12.6.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 193/2012

M1
og
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
M2
og
váttryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á Hofsbót á Akureyri við gatnamót Strandgötu hinn 25.3.2012.

Mál nr. 193 og 194/2012 eru vegna sama tjónsatviks, þ.e. þess sem að neðan greinir. Málin eru því sameinuð sem mál nr. 193/2012, en mál nr. 194/2012 er fellt niður.

Gögn.

85. Tvö málskot, móttekin 7.5.2012, ásamt fylgigögnum.
86. Bréf X, dags 24.5.2012.
87. Bréf Y, dags 24.5.2012.

Málsatvik.

Bifreiðunum A og B var ekið norður Hofsbót í átt að gatnamótum Strandgötu og mun A hafa verið ekið á undan B. Ein akrein mun vera á götunni til norðurs sem er rúmar tvær bílbreiddir á breidd við gatnamótin. Er A kom að gatnamótunum var hún staðsett nokkuð til vinstri þannig að ein bílbreidd var hægra megin við hana. B var svo ekið að gatnamótunum fram með hægri hlið A. Þá var A beygt til hægri og rákust þá saman hægri hlið A og vinstra framhorn B.

Ökumaður A kvaðst hafa staðsett bifreiðina á miðri akreininni og ekki gefið stefnumerki, hvorki til hægri né vinstri. Hann hafi svo beygt til hægri og við það rekist á B. Í lögregluskýrslu vegna árekstursins er haft eftir ökumanni A að hann hafi hætt við fyrirhugaða akstursstefnu og tekið hægri beygju í staðinn og árekstur orðið. Hann hafi ekki áður orðið var við ferðir B.

Ökumaður B kvað ökumann A hafa ætlað að beygja til vinstri, en skipt snarlega um skoðun og ekið af stað til hægri og rekist á B.

Álit.

Ökumaður A gaf ekki stefnumerki um fyrirhugaða akstursstefnu sína á gatnamótunum. Þá ók hann ekki sem næst hægri brún akbrautar né gaf umferð á eftir sér sérstakan gaum. Með þessu braut ökumaðurinn gegn ákvæðum 2. og 3. mgr. 15. gr. og 2. og 4. mgr. 31. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þó ók ökumaður B hægra megin áleiðis hægra megin fram úr A án þess að ökumaður A hafi beygt til vinstri eða undirbúið greinilega vinstri beygju. Með þessu braut hann gegn 1. mgr. 20. gr. ufl. Báðir ökumenn eiga sök á árekstrinum. Eftir atvikum öllum verður ekki séð að annar eigi meiri sök en hinn. Verður sökinni því skipt að jöfnu á milli þeirra.

Niðurstaða.

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 12. júní 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 195/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/slysátryggingar launþega****Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss árið 2008, orsakatengsl og tilkynningu skv. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 02.05. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 23.05. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ágreiningur er um bótaskyldu vegna vinnuslyss M 28.03. 2008 sbr. fyrirliggjandi gögn.

M lætur þess getið í málskotinu að hún og vátryggingafélagið “hafa óskað eftir því sameiginlega að tiltekinn læknir meti afleiðingar slyssins. Af hálfu vátryggingafélagsins er óskað eftir svári varðandi eftirfarandi: Hvenær M hefði fyrst mátt vera ljóst að um varanlegar afleiðingar væri að ræða af umræddu slysi. Svar matsmanns mun eftir atvikum leysa” deilumál þetta fallist aðilar á svör hans. Þá segir “til að koma í vega fyrir réttaráhrif ákvæðis 2. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga er óskað eftir að nefndin bíði með að úrskurða í málinu þar til matsgerð læknis liggur fyrir.”

Vátryggingafélagið lætur þess getið í bréfi sínu til nefndarinnar að mál þetta sé í nokkurri biðstöðu þar sem félagið hefur lýst sig reiðubúið til að standa að mati á afleiðingum slyssins án viðurkenningar á bótaskyldu. Sérstaklega hafi verið óskað eftir mati á því hvenær M hefði fyrst mátt vera ljóst að um varanlegar afleiðingar væri að ræða. Þá kemur og fram að í “málskotsbréfi liggur fyrir að afstaða matsmanns mun eftir atvikum leysa þann ágreining sem uppi er í málinu.... Eins og atvikum er háttað er því óhjáðmilegt að áskilja rétt til að skila inn frekari athugasemdum og/eða gögnum gefi niðurstaða matsgerðar tilefni til á síðari stigum”.

Álit

Úrskurðarnefndin úrskurðar um ágreining varðandi bótaskyldu sbr. 1. mgr. 3. gr. samþykktar nefndarinnar nr. 1090/2005. Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. úrskurðar nefndin hvort ágreiningur aðila heyri undir nefndina og hvort ágreiningurinn sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að unnt sé að úrskurða í málinu. Telji nefndin svo ekki vera vísar hún málinu frá. Athygli er og vakin á e-lið 4. gr. sömu samþykktar þar sem fram kemur að nefndin geti vísað frá máli sem er það óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óskýr að það sé ekki tækt til úrskurðar.

Líkt og þegar hefur komið fram þá að hafa aðilar máls þessa óskað eftir afstöðu matsmanns í tengslum við 124. gr. laga um vátryggingarsamninga þ.e. hvenær M hefði fyrst mátt vera ljóst að um varanlegar afleiðingar væri að ræða. Báðir aðila telja málið í nokkurri biðstöðu sbr. umfjöllun í gögnum málsins.

Með hliðsjón af framanrituðu er krafa aðila það óskýr að það er ekki tímabært að úrskurða um bótaskyldu þeirrar váttryggingar sem hér um ræðir sbr. 3. mgr. 3. gr. sbr. og e-lið 4. gr. samþykka nefndarinnar. Málinu er því vísað frá.

Niðurstaða.

Frávísun sbr. 3. mgr. 3. gr. og e-lið 4. gr. samþykka úrskurðarnefndar.

Reykjavík 12. júní 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 196/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/A****og****Vátryggingafélagið Y v/B****Árekstur á Snæfellsnesvegi 27.08. 2011 við framúrakstur.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 08.05. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 11.06. 2012.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 24.05. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðunum var ekið í sömu áttina og var A á undan B. B var að aka fram úr A þegar bifreiðarnar rákust saman. Ökumönnum ber ekki saman um aðdraganda og orsök árekstursins. B er hóp bifreið II og A húsbifreið.

Vátryggingafélag A vísar til niðurstöðu Tjónanefndar vátryggingarfélaganna sem lagði alla sök á B sem gætti þess ekki að aka ekki fram úr nema hafa nægilegt hliðarbil milli bifreiðanna.

Vátryggingafélag B telur að B hafi ekki gætt að því að hafa nægjanlegt bil í A þegar hann ekur fram úr bifreiðinni. Félagið telur ósannað að A hafi verið á röngum vegarhelmingi þegar framúraksturinn átti sér stað.

Óþarft er að geta umfjöllunar M.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður B ábyrgð á árekstrinum fyrir að gæta þess ekki að hafa nægjanlegt bil á milli ökutækjanna þegar B ók fram úr A. Ökumaður B hefði þurft að gefa framúrakstur sinn skilmerkilega til kynna með hljóðmerki og gæta þess að nægjanlegt bil væri á milli bifreiðanna. Ósannað er að A hafi verið ekið yfir á rangan vegarhelming.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 19. júní 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 197/2012**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar ökutækis.****Ágreiningur um bótaskyldu (orsakatengsl) vegna líkamstjóns af völdum áreksturs.****Gögn.**

88. Málskot, móttekið 9.5.2012, ásamt fylgigögnum.

89. Bréf X, dags. 11.6.2012.

Málsatvik.

Hinn 10.2.2010 varð árekstur á Vesturlandsvegi í Ártúnsbrekku er bifreiðinni A var ekið af hægri akrein yfir á miðakrein. Rákust þá saman aftanverð vinstri hlið A og hægri hlið bifreiðarinnar B. A mun hafa verið ekið á um 80 km hraða á klst. og B um 80-100 km hraða á klst. Nokkurt tjón mun hafa orðið á bifreiðunum. M var farþegi í B. M kvartaði ekki undan meiðslum á vettvangi.

Hinn 1.3.2010 leitaði hann á slysa- og bráðadeild Landspítalans vegna verkja í baki sem hann rakti til umferðaróhappsins. Hann hafi í byrjun ekki fundið fyrir miklum verkjum en farið að finna fyrir verkjaseyðing og vaxandi verkjum u.þ.b. viku síðar, sé með allslæma verki og treysti sér ekki í leikfími. Við skoðun var hreyfiferill nánast algjörlega eðlilegur. Þreifiefmsli voru sitt hvoru megin við hrygg neðarlega í mjóbaki, en engin þreifiefmsli yfir brjóst- eða háls hrygg. Taugaskoðun var algjörlega eðlileg. Taldist M vera með tognun í lendhrygg.

M leitaði einnig til heimilislæknis á heilsugæslustöð. Kemur fram í vottorði hans að M hafi leitað á heilsugæslustöðina 25.2. og 3.3.2010 og 20.1.2011 vegna einkenna frá mjóbaki sem leiði upp í brjóst og niður á mjaðmir. Einnig kemur fram að hann hafi lyft dálítið og haft af og til vandamál í mjóbaki, en ekkert fundið til er hann lenti í óhappinu fyrir en þá um kvöldið.

Samkvæmt tilvísun heimilislæknis leitaði M til bæklunarlæknis 24.3.2011. Í vottorði bæklunarlæknisins segir að M hafi að eigin sögn fengið verki í bak við slysið og hafi verkirnir verið í brjósthrygg. Auk þess að leita á slysideild og heilsugæslustöð hafi hann verið í sjúkrahjálfun í um sex mánuði og fengið einhvern árangur. Bakverkirnir hafi heldur aukist með tímanum og einnig hafi farið að bera á verkjum í mjóbaki. Við skoðun fundust þreifiefmsli hægra og vinstra megin í hálsi neðarlega og út á herðar, einnig voru þreifiefmsli frá miðju mjóbaki og niður á mót spjaldhryggjar og mjóbaks og út á mjaðmakamba beggja vegna. Var niðurstaða læknisins að um hafi verið ræða tognunaráverka á brjósthrygg skv. upphaflegri lýsingu. Óljóst sé hvort mjóbakseinkenni og hálseinkenni sem virðast koma fram síðar tengist slysinu.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá vátryggingafélaginu X. Fékk X fyrirtækið D til að rannsaka óhappið. Telur X að orsakatengsl milli umferðaróhappsins og þeirra sjúkdómseinkenna sem M hefur séu ósönnuð og hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Ekki virðist vera um það deilt að M eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A að því marki sem hann getur sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn. Gögn málsins um líkamstjón M eru af skornum skammti og virðast að nokkru leyti vera misvísandi um þá áverka sem hann kann að hafa hlotið við óhappið. Ekkert mat liggur fyrir um það hvaða áverka hann hefur hlotið við slysið. Fyrirliggjandi gögn, þ. á m. læknisvottorð og skýrsla D um áreksturinn, verða á hinn bóginn ekki talin taka af öll tvímæli um að M hafi ekki orðið fyrir líkamstjóni. Eins og mál þetta liggur fyrir hefur nefndin ekki forsendur til að taka afstöðu til þess hvort sannað

teljist að M hafi orðið fyrir líkamstjóni í umrætt sinn. Er málið vanreifað að þessu leyti og ekki stutt nægilegum gögnum svo unnt sé að úrskurða í því. Samkvæmt því og með vísan til 3. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005 í B-deild Stjórnartíðinda, er máli þessu vísað frá nefndinni.

Niðurstaða.

Máli þessu er vísað frá.

Reykjavík, 26. júní 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 198/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar SAD cars ehf. (S)
og slysatryggingar launþega****Vinnuslys við fall á gólfi 17.09. 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 10.05. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 15.06. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M mun hafa verið í tímabundnu starfi hjá S frá 01.03. 2011 til 18.09. 2011. Hún kveðst hafa runnið til í olíupolli á verkstæðisgólfi þann 17.09. 2011 sbr. fyrirliggjandi gögn. Óhapp þetta var ekki tilkynnt Vinnueftirlitinu fyrr en 07.10. 2011.

M gerir kröfu um að viðurkennd verði bótaskylda úr slysatryggingu launþega og ábyrgðartryggingu sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann gagnrýnir vinnubrögð vátryggingafélagsins sem hafi ekki svarað öllum bréfum hans sbr. umfjöllun í málskotinu.

Vátryggingafélagið segir að ekki sé ágreiningur um bótaskyldu vegna slysatryggingar launþega þrátt fyrir umfjöllun M í málskotinu en félagið hafnar bótaskyldu ábyrgðartryggingar. Fyrir liggir að M var ein að störfum þegar hún slasaðist og ein til frásagnar. Því hafi ekki verið á móti mælt að M hafi runnið til í olíu á verkstæðisgólfi. Olía geti lekið af vélum eða hafa farið í gólfið þegar olía er bætt á bifreiðar. Þrátt fyrir að S leggi áherslu á að olía sem fari niður sé þrífur upp og húsnæðinu sé haldið þrífalegu er líkast aldrei unnt að koma í veg fyrir að engin olía verði eftir á gólfi, sér í lagi þegar um olíusmit er að ræða. Virðast aðstæður þannig að miðað við eðli starfseminnar, reynslu M og aðbúnað á vinnustað, að M hefði átt að getað forðað slysi með eðlilegri aðgæslu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum verður lagt til grundvallar að ágreiningslaust sé að bótaskylda sé fyrir hendi úr slysatryggingu launþega, líkt og fram kemur í bréfi félagsins til nefndarinnar, dags. 15.06. 2012.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu ábyrgðartryggingar S. Ósannað er að rekja megi slysið til varnrækslu starfsmanna S eða aðstæðna sem S ber skaðabótaábyrgð á. Eðli þeirrar starfsemi sem um ræðir hefur í för með sér að olía getur lekið niður. Mikilvægt er að þrifa gólf eftir því sem unnt er. Þegar um verkstæði er að ræða verða starfsmenn að vera því viðbúnir að olía geti verið á gólfi í einhvern tíma.

Breytir ekki ofanrituðu í þessu tilviki þó að Vinnueftirlitið hafi ekki rannsakað vettvang slyssins.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir hendi úr slysatryggingu launþega.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu S.

Reykjavík 26. júní 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 199/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar A

Maður meiddist í árekstri þ. 28.3.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 10.5.2012 ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V dags. 25.5.2012

Málsatvik.

Árekstur varð með A og annarri bifreið þ. 28.3.2011. Bifreið M var þá ekið um Reykjanesbraut til suðurs þegar A var ekið austur Miklubraut og beygt inn á afrein við Reykjanesbraut í suður og missti ökumaður A stjórn á A með þeim afleiðingum að hún fór yfir umferðareyju sem aðskildi akreinarnar og hafnaði á akrein sem bifreið M var ekið um. M krefst miskabóta skv. 26.gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 frá V. M segir að ökumaður bifreiðarinnar sem ók á bifreið M hafi ekið á meir en 80 km. hraða og misst stjórn á bifreið sinni eftir að hafa sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við aksturinn. V hafnar greiðslu miskabóta og segir enga mælingu liggja fyrir um hraða A í umrætt sinn og hafnar því að ökumaður A hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í umrætt sinn í skilningi 26.gr. skaðabótalaga.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á að ökumaður A hafi í umrætt sinn ekið með þeim hætti að hann hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á miskabótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á miskabótum skv. 26.gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 vegna ábyrgðartryggingar A hjá V.

Reykjavík 12.6. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 200/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Ábyrgðartryggingar Í

Maður varð fyrir vinnuslysi þegar þakbitar slógust í hann þ. 12.5.2009.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 11.5.2012 ásamt fylgiskjölum 1-8
2. Bréf V dags. 29.5.2012 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M byggir á því að hann hafi verið við störf hjá Í við vinnu á þaki og verið að taka við stafla af þakbitum sem hífðir hafi verið á þak hússins. M átti ásamt öðrum að taka á móti bitunum og losa þá úr festingum. Samstarfsmaður M losaði bitana sín megin og gaf kranamanni merki og hann hífði en þá hafði M ekki losað bitana og slógust þeir í hann þannig að hann féll niður um gat við þakið um það bil 1.5 metra. Engar fallvarnir voru til staðar og starfsmönnum ekki gert að nota tilskilinn öryggisbúnað við vinnu að sögn M. Þá var Vinnueftirliti ekki tilkynnt um slysið fyrr en þ. 25.5.2009 eða tveim vikum eftir að það varð. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu Í hjá V og telur öryggi og aðbúnað á vinnustað hafa verið ábótavant. Þá vísar M einnig til að verkstjórn hafi verið ábótavant, engar fallvarnir hafi verið og samstarfsmaður M hafi sýnt af sér gáleysi þegar hann gaf kranastjóra merki um að hífa án þess að ganga úr skugga um að M hefði verið búinn að losa bitana. Í tilkynningu Í til Tryggingarstofnunar ríkisins um slys segir að M hafi kastast fram við slysið með þeim afleiðingum að hann hafi lent á stálbita með hægra hnéd. V hafnar bótaskyldu og bendir á að nokkur ágreiningur sé um málsatvik og byggir V á annarri atvikalýsingu en M. V segir að starfsmenn hafi alltaf átt að standa innan við bitana þegar híft var og hafi M verið í talstöðvarsambandi við kranastjóra. V segir að M hafi ákveðið að fara út á stálbita utan við efnið til að losa keðjukrókinn úr stroffunni þrátt fyrir leiðbeiningar/athugasemdir kranastjórans um að gera það ekki og þegar M hafi verið kominn þangað hafi komið sláttur á keðjur og krók kranans þannig að efnið hafi slegist í M og hafi M lent með hægra hné á samtengingarflangi á stálbita. Þá segir V að engin af samstarfsmönnum M kannist við að hann hafi fallið 1.5 metra og vinna hafi verið á svölum 5 hæðar hússins en ekki þakinu. V telur að Í beri ekki ábyrgð á tjóni M og vísar til málavaxta eins og fram koma hér að framan. Þá telur V að óhappið verði ekki rakið til veðuráðstæðna. Þá segir V að atvik málsins séu í meginatriðum ljós þannig að ekki skipti máli þó að Vinnueftirlitið hafi ekki verið tilkynnt um óhappið samdægurs. V heldur því fram að um hreint óhappatilvik hafi verið að ræða og/eða óaðgæslu M.

Álit.

Ágreiningur er um málsatvik. Fyrir liggur að slys M var ekki tilkynnt til Vinnueftirlitsins svo sem vinnuveitanda ber að gera án ástæðulausrar tafar sbr. 79.gr. laga nr. 46/1980. Engar vitnaskýrslur liggja fyrir í málinu eða annað sem staðfestir eða gerir líklegann þann máltilbúnað sem V byggir á. Oumdeilt er að M varð fyrir slysi í umrætt sinn þó ágreiningur sé um málsatvik. Þar sem V hefur ekki lagt fram gögn sem hnekkja máltilbúnaði M og tilkynnti slysið ekki til Vinnueftirlits svo sem lög kveða á um þykir rétt miðað við fyrirliggjandi gögn að leggja frásögn M til grundvallar og á hann því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu Í þar sem ekki var gætt fyllsta öryggis við losun og hífingu kranans auk þess sem ekki hefur verið sýnt fram á af hálfu Í að fallvarnir eða annar fullnægjandi öryggisbúnaður hafi verið fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu Í hjá V.

Reykjavík 19.6.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 201/2012**M****og****vátryggingafélagið X v/ víðtækrar eignatryggingar fyrir fartölvur.****Ágreiningur um bótaskyldu er fartölvu var stolið úr vinnurými.****Gögn.**

90. Málskot, móttakið 14.5.2012, ásamt fylgigögnum.

91. Bréf X, dags 4.6.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M hefur vinnurými á jarðhæð í vesturenda hússins A. Síðdegis hinn 5.4.2012 kom í ljós að farið hafði verið inn í vinnurýmið og stolið þaðan fartölvu í eigu M auk annarra muna. Í skýrslu lögreglu um atvikið kemur fram að ekki hafi mátt sjá neina ákomu á hurðinni inn í vinnurýmið en M hafi sagt að hurðin væri gömul og það væri auðvelt að „pikka“ upp lásinn.

M hefur krafist bóta úr víðtækri eignatryggingu fyrir fartölvuna hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Skv. 2. gr. í skilmálum vátryggingarinnar bætir vátryggingin beint tjón á hinu vátryggða sem verður vegna skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks sem ekki er gert undanþægt í skilmálunum. Skv. gr. 4.11 bætist ekki tjón af völdum þjófnaðar sem ekki telst innbrotspjófnaður. Er tekið fram að það sé forsenda fyrir bótaskyldu að á vettvangi séu ótvíræð merki um að brotist hafi verið inn. Í 5. gr. skilmálanna er mælt fyrir um varúðarreglur sem vátryggðum ber að hlíta við meðferð á hinu vátryggða. Skv. gr. 5.4 skulu dyr, gluggaop og önnur op inn á þann stað sem hið vátryggða er geymt vera tryggilega læst og lykjar geymdir þannig að óviðkomandi hafi ekki aðgang að þeim. Eins og áður getur voru engin merki á hurðinni fyrir vinnurýminu um að hún hafi verið brotin upp. Ekki verður heldur séð af gögnum málsins að öðru leyti að merki hafi verið um að brotist hafi verið inn í rýmið. Tölvunni hefur því ekki verið stolið við innbrotspjófnað eins og álskilið er svo um bótaskyldt tjón geti verið að ræða. Þá verður enn fremur ráðið af lögregluskýrslu að hurðarlásinn hafi verið orðinn svo slitinn að dyrnar inn í rýmið töldust ekki tryggilega læstar eins og fyrrgreind varúðarregla kveður á um. Að þessu öllu virtu telst tjón M ekki bótaskyldt úr vátryggingunni.

Niðurstaða.

Tjón M er ekki bótaskyldt úr víðtækri eignatryggingu fyrir fartölvur hjá X.

Reykjavík, 19. júní 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 202/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Húseigendatryggingar

Vatnstjón vegna bilunar á frárennislögn þ. 6.5.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 14.5.2012 ásamt fylgiskjölum 1-5
2. Bréf V dags. 9.6.2012 ásamt fylgiskjali 1-3

Málsatvik.

M tilkynnti V að parket á gólfum í húseign hennar væri farið að verpast og skemmast. Við skoðun kom í ljós að skemmdir voru á gólfefnum í gangi, eldhúsi, baði og geymsla. Einnig var þúsning brotin víða upp úr gólfinu. Af hálfu M er því haldið fram að tjónið hafi orðið þegar gat hafi komið á frárennislögn í gólfi og vísað til staðfestingar pípulagningameistara sbr. yfirlýsingu dags. 19.7.2011 en þar segir að göt hafi verið komin á WC leiðslur í grunni húss M. M krefst bóta úr húseigendatryggingu sinni hjá V og bendir m.a. á að engin úttekt hafi verið gerð á frárennislögn hússins af hálfu V en tjónið liggja hins vegar fyrir. V hafnar bótaskyldu og segir að skoðunarmaður frá V hafi farið strax á staðinn og gert var viðvart um tjón og hafi V fallist á að greiða M kr. 300.000 án viðurkenningar á bótaskyldu. V vísar til greinar 9.11. í vátryggingaskilmálum þar sem segir að vátryggingin bæti tjón af völdum vatns, gufu og olíu sem óvænt og skyndilega streymir úr leiðslum hússins og upptök séu innan veggja þess. V telur ósannað að gufa hafi streymt óvænt og skyndilega úr leiðslum hússins. Þá bendir V á að ekki liggja annað fyrir í málinu en að raki hafi komist inn í aflögð miðstöðvarrör út frá biluðum skolplögnum þar sem affall hitaveitunnar rennur í þau. Ekkert liggja fyrir um að það hafi gerst óvænt og skyndilega. Þá telur V ósannað að gat hafi komið á frárennislögn líkt og M heldur fram. Þá bendir V á grein 9.1.9 í vátryggingaskilmálum og segir að vátryggingin bæti ekki tjón vegna grunnlagna sem séu missignar, morknar eða hafa á annan hátt hrörnað af notkun eða ónógrri undirbyggingu. V telur að ákvæðið eigi við í máli þessu þar sem að umræddar lagnir undir húsinu hafi verið óþéttar.

Álit.

Í staðfestingu pípulagningameistara dags. 19.7.2011, sem hann gerir fyrir M segir að göt hafi verið komin á WC leiðslur í grunni hússins. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að þessi göt hafi komið skyndilega eða óvænt. Þegar af þeirri ástæðu með vísan til greinar 9.1.1. í vátryggingaskilmálum þar sem bótaskylda er bundin við að vatn eða gufa streymi skyndilega og óvænt úr leiðslum hússins á M ekki rétt á bótum úr Húseigendatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr Húseigendatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 26.6.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 203/2012**M
og
vátryggingafélagið X v/ slysatryggingar ökumanns bifhjóls.****Ágreiningur um bótaskyldu (orsakatengsl) vegna slyss á ökumanni bifhjóls.****Gögn.**

92. Málskot, móttækið 14.5.2012, ásamt fylgigögnum.
93. Bréf X, dags 29.5.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 14.5.2011 kveðst M hafa tekið þátt í Íslandsmóti í þolakstri á svokölluðu Bolöldusvæði og hafi þá ekið bifhjólinu A. Er hann hafi tekið krappa beygju og rekið vinstri fót í jörðina hafi hann meiðst við það á hné. Hann hafi lokið keppninni, en fundið næstu daga og vikur fyrir verkjum í hnénu. Hinn 14.6.2011 leitaði M til heimilislæknis síns sem sendi hann í segulómun af hnénu. Niðurstöður þeirrar rannsóknar voru eftirfarandi: „Ummerki fersks beináverka greinast ekki. Það er smá vökvi í liðnum. Áverkamerki sjást ekki á femuropatellar lið. Bæði krossbönd afmarkast og eru heil. Fremri hluti mediala menisks er fremur rýr en breytingar sem vekja grun um meniskrifur greinast ekki hvorki medialt né lateralt. Collateral ligament líta eðlilega út. Eðlilegt segulskin er frá infrapatellar sin.“ Hinn 17.8.2011 leitaði M til bæklunarlæknis. Í vottorði læknisins segir að M hafi reynst með hrörnunarbreytingar í báðum hnjám, þetta séu aðallega brjóskbreytingar og vægur óstöðugleiki í vinstra hné eftir áverka í mótorkrossi 14.5.2011. Ekki sé ástæða til viðgerða á aftara krossbandi, en M verði að styrkja mjög lærin, nota spelku við mótörhjólaiðkun og hugsanlega leiði þetta ástand til slitgigtar síðar á ævinni.

M hefur krafist bóta úr slysatryggingu ökumanns A vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Gögn málsins eru mjög af skornum skammti, bæði hvað varðar það atvik sem M kveðst hafa orðið fyrir og hafi valdið áverka á vinstra hné, svo og um tjónið sjálft. M hélt áfram keppni eftir atvikið og samkvæmt gögnum málsins er engum vitnum til að dreifa. Engar matsgerðir liggja fyrir í málinu varðandi tengsl sjúkdómseinkenna hans í hnénu og þess atviks sem hann kveðst hafa orðið fyrir. Eftir atvikum öllum verður að telja ósannað að M hafi orðið fyrir slysi sem bótaskyldt sé úr slysatryggingu ökumanns A. Hann á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingunni.

Niðurstaða.

Líkamstjón M er ekki bótaskyldt úr slysatryggingu A hjá X.

Reykjavík, 12. júní 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 204/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/sjúkdómatryggingar****Ágreiningur um bótaskyldu, hvort skilyrði vátryggingarskilmála séu uppfyllt um bótaskyldan tjónsatburð.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 14.05. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 23.05. 2012.
- 3) Tölvupóstur nefndarinnar til lögmanns M, dags. 05.06. sl., þar sem hjálagt fylgdi nefnt bréf (athugasemdir) félagsins við málskotinu. Frestur M til að veita viðbótarsjónarmið sín var til 11.06. sl.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Í september 2010 móttók félagið tjónstilkynningu frá M þar sem greint var frá kransæðastíflu og hjartaskemmd vegna þess. Í kjölfarið var gagna aflað. Félagið hafnaði bótaskyldu m.a. vegna þess að M gerði kröfu um bætur vegna atburðar sem varð í febrúar 2010 en aðdraganda þess atburðar virðist að áliti félagsins mega rekja til desember 2009 sbr. gögn málsins. Félagið vísar til þess að bætur eru ekki greiddar nema vátryggingaratburður sé staðfestur á gildistíma vátryggingarinnar. Í skilmálum er tilgreint að vátryggingaatburður teljist einungis verða ef vátryggður greinist með einhvern þeirra sjúkdóma, gengst undir einhverja þeirra aðgerða eða hann hendi eitthvert þeirra tilvika sem talin eru upp í skilmálum. Félagið telur að ekki hafi verið staðfest að M hafi greinist með sjúkdóm eða gengist undir aðgerð sem fellur undir ákvæði skilmála. Ekki hafi verið sýnt fram á að hann hafi greinist með bótaskyldan sjúkdóm á öðrum tíma þannig að leiða eigi til bótaskyldu úr sjúkdómatryggingu.

Félagið telur að ekki hafi verið sýnt fram á að þrjú skilyrði skilmála séu uppfyllt varðandi a) dæmigerða hjartakveisuverki (brjóstverki), b) nýjar breytingar á hjartalínuriti og c) hækkun á hjartaensímum. Staðfesting á greiningu þessa hafi ekki borist. M hafi sönnunarbyrði vegna þessa. M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann telur sig hafa fengið hjartaáfall/kransæðastíflu þegar í ágúst 2008 sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann telur að skýra verði óljós ákvæði skilmála neytanda í hag sé vafi um túlkun þeirra. Hann vísar til 36. gr. laga um samningsgerð, umboð og ógilda samninga nr. 7/1936.

M var veitt tækifæri til þess að taka afstöðu til athugasemda vátryggingafélagsins við málskotinu en hann sendi nefndinni ekki viðbótarumfjöllun vegna þessa.

Álit

Samkvæmt skilmálum vátryggingarinnar greiðir félagið bætur ef staðfestur vátryggingaratburður á sér stað á gildistíma vátryggingarinnar. Bótaskyldur vátryggingaratburður er skilgreindur í skilmálum sbr. fyrirliggjandi gögn. Staðfesting þarf í þessu tilviki að liggja fyrir á því að þrjú skilyrði skilmála séu uppfyllt þ.e. a) dæmigerðir hjartakveisuverkir (brjóstverkir), b) nýjar breytingar á hjartalínuriti c) hækkun á hjartaensímum. Staðfesting á greiningu þessa hefur ekki tekist.

Þegar tekið er mið af framanrituðu og fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ósannað er að M hafi fengið bótaskyldan sjúkdóm á gildistíma vátryggingarinnar þannig að leiða eigi til bótaskyldu.

Ekki er unnt að fallast á að vafi sé uppi um túlkun fyrirliggjandi skilmála. Vafi er hins vegar á því hvort skýra megi fyrirliggjandi gögn, t.d. læknisvottorð, á þann veg að uppfyllt séu skilyrði fyrir

bótaskyldu. Vegna þessa reynir ekki á 36. gr. laga um samningsgerð, umboð og ógilda samninga nr. 7/1936.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 26. júní 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 205/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/húseigendatryggingar****Ágreiningur um bótaskyldu, hvort um innbrot hafi verið að ræða að Bjallavaði,
þann 22.02. 2012.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 11.05. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinar, dags. 25.05. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu með vísan til þess að ekki hafi verið sýnt fram á að um innbrot hafi verið að ræða sbr. umfjöllun félagsins. Það telur, líkt og fram komi í skýrslu lögreglu, að um eignaspjöll hafi verið að ræða.

M telur að um innbrot hafi verið að ræða sbr. umföllun í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ósannað er að um innbrot hafi verið að ræða. Engin gögn hafa verið lögð fram sem sýna fram á að um innbrot hafi verið að ræða. Aðili sem M veitti afnot af húseign sinni virðist hafa unnið á henni skemmdarverk sbr. nánar fyrirliggjandi gögn.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 12. júní 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 206/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Fjölskyldutryggingar

Kerra fauk á kyrrstæða bifreið þ. 28.3.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.14.5.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-4
2. Bréf V dags. 29.5.2012

Málsatvik.

Kerra fauk á bifreið M og olli skemmdum á bifreiðinni. Af hálfu M er því haldið fram að handbrensur kerrunnar hafi ekki virkað og þess vegna hafi óhappið orðið. Eigandi kerrunnar sagðist hafa skilið hana eftir í handbrensu og læstri áður en óhappið gerðist. Við skoðun starfsmanns fyrirtækisins Akstur og öryggi ehf kom í ljós þegar hann kom á vettvang að annað hvort virkuðu handbrensur kerrunnar ekki eða kerran hafi ekki verið skilin eftir í handbrensu. M krefst bóta úr fjölskyldutryggingu eiganda kerrunnar hjá V. M telur að ekki hafi verið gengið frá kerrunni nægjanlega tryggilega í umrætt sinn og þess vegna hafi bíllinn hans orðið fyrir tjóni af völdum kerrunnar. V hafnar bótaskyldu og bendir á að kerran hafi ekki verið í notkun þegar óhappið hafi orðið og ekki teljist sök að skilja kerru eftir kyrrstæða á bifreiðastæði. Þá segir V að eigandi kerrunnar hefði ekki haft sérstakar ástæður til að ganga öðruvísi frá kerrunni en með því að nota búnað hennar til þess.

Álit.

Miðað við lýsingu skoðunarmanns frá fyrirtækinu Akstur og öryggi ehf. þá var ekki búið um kerruna með þeim hætti að viðunandi gæti talist. Eiganda og umráðamanni kerru eins og hér um ræðir ber skylda til að ganga úr skugga um að tryggilega sé gengið frá henni þegar hún er skilin eftir á bílastæði. Þess gætti eigandi kerrunnar ekki og ber því sök á því tjóni sem M varð fyrir í urmætt sinn. M á því rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu eiganda kerrunnar.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu eiganda kerru.

Reykjavík 12.6.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 207/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Ábyrgðartryggingar F

Tjón á báti þ. 22-24.4.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 9.5.2012 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V dags. 1-6

Málsatvik.

M segir að ferðahópur á vegum F hafi ollið skemmdum á bát hans þar sem ekki hafi verið gengið frá honum með fullnægjandi hætti þegar komið var að landi úr róðrarferð. Þar hafi báturinn slegist til í nokkrar vikur og hafi botn hans skemmst í fjörugrjótinu. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu F vegna þessa. V hafnar bótaskyldu þá bendir V á að rökstuðningur fyrir bótaskyldu sé afar rýr og málatilbúnaður allur og krefst frávísunar málsins. Þá segir V að verði málinu ekki vísað frá þá beri að hafna kröfum M þar sem hann sé í raun að gera kröfu í eigin ábyrgðartryggingu. Þá byggir V á að sök sé ósönnuð auk þess sem tjónið sé undanskilið samkvæmt skilmálum þeim sem um ræðir í málinu.

Álit.

Gögn málsins eru vægast sagt afar takmörkuð og málið illa upplýst. Ekki er að finna nákvæma lýsingu á því hvert tjónið raunverulega er eða hvert umfang þess er. Miðað við fyrirbyggjandi gögn og málatilbúnað M verður ekki hjá því komist að vísa málinu frá Úrskurðarnefnd í Vátryggingamálum sbr. tl. e í 4. gr. samþykktu fyrir Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum nr. 1090/2005.

Niðurstaða.

Máli þessu er vísað frá.

Reykjavík 19.6.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 209/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Lögboðinnar sjúklingatryggngar bæklunarlæknisins L

Krafa um bætur úr lögboðinni sjúklingatryggingu vegna meintra læknamistaka árið 2008

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 15.5.2012 ásamt fylgiskjölum 1-21
2. Bréf V dags. 12.6.2012 ásamt fylgiskjölum 1-3
3. Bréf lögmanns M dags. 18.6.2012 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M leitaði þ. 15.4.2008 til L vegna óþæginda frá vinstra hné og fór M í aðgerð hjá L þ.23.4.2008. M segir að aðgerðin hafi ekki skilað tilætluðum árangri og fór M því í aðra aðgerð hjá L þ. 22.12.2008. M segist aldrei hafa náð sér eftir þessar aðgerðir og er með stöðuga verki í vinstra hné og telur að mistök hafi átt sér stað við lækni meðferð hans. M gerir kröfu um bætur úr sjúklingatryggingu L vegna þessa og byggir á 1.gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingar sbr. 1.tl. 2.gr. og 4.tl. 2. gr. laganna. Þá vísar M til 3.gr. laga nr. 74/1998 um réttindi sjúklinga og telur M að hann hafi ekki fengið fullkomna lækniþjónustu hjá L. M byggir á því að L hafi gleymt “ræmu” inni í hnélið M eftir aðgerð í apríl 2008 og aðgerð ekki hagað eins vel og unnt var. Til vara byggir M á því að ákveðinn fylgikvilli hafi orðið af fyrri aðgerðinni og heyri það undir 4.tl.2.gr. l.nr. 111/2000. Til þrautavara byggir M á því að V beri alla sönnunarbyrði í málinu. Þá vísar M til þess að ekki hefði verið þörf á síðari aðgerðinni ef sú fyrri hefði heppnast og V hefði borið að afla mats hjá óvilhöllum bæklunarlækni um atriði sem M rekur. Þá vísar M til þess að atriði sem varði meint læknamistök þannig að um sök sé að ræða eigi ekki við skv. lögum nr. 111/2000 þar sem ekki sér gert ráð fyrir því að um sök sé að ræða heldur sé horft á þær afleiðingar sem verði eftir veitta lækniþjónustu. Þá mótmælir M niðurstöðu Landlæknis í málinu sem sé byggð á niðurstöðu bæklunarlæknis sem sé tæplega hlutlaus. V hafnar bótaskyldu og telur ósannað að meint tjón M verði rakið til lækni meðferðar L á árinu 2008. Þá hafnar V alfarið rökstuðningi M og málalíbúnaði. V bendir á að M hafi skotið málinu til Landlæknis eftir eftir höfnun V á bótaskyldu og vísar V til þess sem fram kemur í því máli frá Ríkharði Sigfússyni bæklunarlækni. Þá telur V að einkenni þau sem M kvarti yfir séu einkenni slitsjúkdóms í hné en verði ekki raktar til aðgerðarinnar þ. 23.4.2008. Þá bendir V á að engin gögn hafi verið lögð fram til stuðnings því að um ákveðinn fylgikvilla aðgerðarinnar sé að ræða og á engan hátt hafi verið sýnt fram á að ástandið hafi verið óeðlilegt eftir fyrri aðgerðina í álitserð Ríkharðs Sigfússonar sé hið gagnstæða þvert á móti staðfest. Þá hafnar V því að V beri sönnunarbyrðina í málinu og vísar til þess að það sé meginregla í bótarétti að sá sem telur sig hafa orðið fyrir tjóni verði að sanna það og umfang þess. Þá hafnar V þeirri fullyrðingu lögmanns M í málskoti að álitserð Landlæknis lúti að því hvort um hafi verið að ræða læknamistök þannig að um sök sé að ræða en ákvæði 2.mgr. 12.gr. laga nr. 41/2007 verði ekki skilin með þeim hætti en þar sé heimilað að beina formlegri kvörtun til landlæknis vegna meintrar vanrækslu og mistaka við veitingu heilbrigðisþjónustu.

Álit.

M byggir á því að hann hafi ekki fengið fullnægjandi lækniþjónustu hjá L og L hafi gleymt "ræmu" inni í hnélið hans auk þess sem fylgikvilli hafi orðið af fyrir aðgerð sem M gekkst undir hjá L og öll sönnunarbyrði hvíli á V. Þá mótmælir M niðurstöðu landlæknis í máli hans.

Í álitsgerð Embættis landlæknis í máli M dags. 16.4.2012 segir eftirfarandi:

"Ekki er hægt að sýna fram á að nein staðfestanleg mistök hafi átt sér stað við hvoruga aðgerðina. Segja má að vísu að rifan sem fannst í liðþófanum fyrir síðari aðgerðina hafi hugsanlega verið til staðar við þá fyrri og farið framhjá skurðlækninum. Engu að síður var brugðist við hinum rifna liðþófa í síðari aðgerðinni og rifan fjarlægð. Varanleg óþægindi sjúklings eftir aðgerðirnar báðar má líklega að einhverju marki rekja til slitbreytinga sem lengi hafa verið að búa um sig."

Þá segir í ofangreindri álitsgerð landlæknis:

"Niðurstaða:

Það er niðurstaða landlæknis að hvorki mistök né vanræksla hafi átti sér stað við veitingu heilbrigðisþjónustu er kvartandi hlaut hjá L bæklunarlækni."

Af hálfu M eru ekki lögð fram nein gögn sem hnekkja ofangreindri niðurstöðu landlæknis í málinu. Þá er ekki fullnægt skilyrðum laga nr.111/2000 um að tjónið eigi að bætast úr sjúklingatryggingu. Þegar af þeim ástæðum á M ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu L hjá V eða stöðum rennt undir kröfugerð M að öðru leyti. Sú staðhæfing að V beri alla sönnunarbyrði í málum sem þessum á hvorki stoð í lögum niðurstöðu dómstóla eða réttarvenju í landinu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu L hjá V.

Reykjavík 26.6.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 210/2012**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar eiganda verslunarhúsnæðis.****Kona féll um reiðhjólagrind á gangstétt fyrir framan verslunarhúsnæði.****Gögn.**

94. Málskot, móttækið 15.5.2012, ásamt fylgigögnum.

95. Bréf X, dags 23.5.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M kveðst hinn 18.5.2010 hafa fallið um reiðhjólagrind fyrir framan verslunarhúsnæðið A í Reykjavík og orðið fyrir meiðslum. Kveður M reiðhjólagrindina hafa verið á miðri gangstéttinni og hún hafi hvorki séð hana né vitað af henni áður en hún féll um hana. A er í eigu B.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu eiganda B hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu. Kveður X að B hafi upplýst félagið um að hjólagrind hafi verið við innganginn fyrir utan A sem hafi verið boltuð niður. Alllangt sé síðan sú hjólagrind hafi horfið og ekki sé vitað hver þar hafi verið að verki. B viti ekki hvaðan sú hjólagrind kom sem M féll um eða hvort um sömu hjólagrind hafi verið að ræða sem áður hafði verið boltuð niður við innganginn. Þá hafni B því alfarið að hjólagrindin hafi verið á þeirra vegum úti á miðri gangstétt.

Álit.

M hefur sönnunarbyrðina um það að slysið verði rakið til atvika sem B ber ábyrgð á. Gegn mótmælum B og gögnum málsins að öðru leyti verður að telja ósannað að reiðhjólagrind sú sem M féll um hafi stafað frá B eða að staðsetning hennar á gangstéttinni fyrir framan A hafi verið vegna atvika sem B ber ábyrgð á. Verður því að telja að M hafi ekki sýnt fram á að B beri fébótaábyrgð á slysinu. Líkamstjón hennar fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu B hjá X.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist ekki úr ábyrgðartryggingu B hjá X.

Reykjavík, 12. júní 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 211/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/fjölskyldutryggingar****Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á tönn júlí 2010.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 16.05. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinar, dags. 25.05. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M mun hafa fallið “af baki þannig að kjálkinn kúldist niður í bringu” og við það brotnaði hluti af tönn 47 (jaxli) sbr. fyrirliggjandi gögn. Vátryggingafélagið vísar til þess að vegna þessa hafi rótin á jaxlinum brotnað þannig að tönnin var talin ónýtt.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu með vísan til ákvæðis skilmála um það að “félagið greiðir viðgerðir á heilbrigðum og vel viðgerðum tönnum sem brotna eða laskast við slys”.

Félagið vísar til þess að sú tönn sem um ræðir hafi verið byrjuð í rótþyllingarmeðferð þann 30.06. 2010 en slysið sem um ræðir varð 05.07. 2010. Þar sem “rótþyllingarmeðferð var hafin á tönninni teldist hún ekki heilbrigð og vel viðgerð í skilningi” skilmála.

Félagið vísar til þess að M byggi á því að tannlækir hennar segi að tönnin hafi verið í góðu ástandi og með góða fyllingu og að slysið sé orsök sprungu í tönninni en ekki lélegt ástand hennar. Félagið er ósammála afstöðu M. Tönn sem er í rótþyllingarmeðferð er veikluð.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. takmakaða umfjöllun hans í gögnum málsins. Hann vísar einungis til þess að tannlæknir hans telji að tönnin hafi verið í góðu ástandi og með góða fyllingu. Orsök fyrir sprungu í tönn sé umrætt slys.

Álit

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Engin gögn staðfesta afstöðu M, gegn neitun vátryggingafélagsins.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 12. júní 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 212/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/A****og****Vátryggingafélagið Y v/B****Árekstur á bifreiðastæði við Arahóla þann 03.09. 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 16.05. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 11.06. 2012.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 25.05. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Áreksturinn varð á bílastæði við Arahóla í Reykjavík. Ágreiningur er milli aðila um staðsetningu bifreiðanna. Haft er eftir ökumanni A í frumskýrslu lögreglu að bifreið A hafi verið á öfugum vegarhelmingi þegar áreksturinn varð.

Vátryggingafélag B telur að ökumaður A hafi ekið á röngum vegarhelming. Lögregluskýrsla styður það álit. Félagið telur því að leggja skuli alla sök á ökumann A.

Vátryggingafélag A kveðst ekki leggja fram athugasemdir vegna málskotsins.

Óþarft er að geta umfjöllunar M í málskotinu ellegar frásagna aðila. M gerir athugasemd við frumskýrslu lögreglu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum fyrir að hafa verið á „öfugum vegarhelmingi“ líkt og fram kemur í frumskýrslu lögreglu af vettvangi máls þessa. Lögreglan getur þess og í frumskýrslu sinni að „allt virtist í góðu og aðspurðar sögðu þær (ökumenn) að sátt væri í málinu“. Umfjöllun lögreglu af vettvangi máls þessa hefur ekki verið hnekk.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 19. júní 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 213/2012**M
og
váttryggingafélagið X v/ frítímaslysáttryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu er kona féll í gólfið á heimili sínu.****Gögn.**

96. Málskot, móttakið 16.5.2012, ásamt fylgigögnum.

97. Bréf X, dags 4.6.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Samkvæmt tilkynningu M um slys, dags. 8.3.2012, til váttryggingafélagins X, þar sem M hefur í gildi frítímaslysáttryggingu, kveðst hún hafa dottið á heimili sínu hinn 28.11.2010. Varðandi lýsingu á tildrögum slyssins vísar M til áverkavottorðs og mun þar eiga við áverkavottorð L lækni á Heilbrigðisstofnuninni H, dags. 16.12.2011. Í téðu læknavottorði segir að M hafi verið að vinna við heimilisstörf, hrasað og dottið niður á vinstra hné og sköflung. Hún hafi fengið mikið mar, stokkbólgnað og blánað upp á vinstri fótlegg og hné og niður á fót. Einnig hafi hún fengið hnykk á bakið en hún hafi verði bakveik fyrir og með brjósloseinkenni en versnað mikið við byltuna. Þá kemur fram í vottorðinu að M hafi verið á blóðþynningu vegna hjartaflökts þegar hún datt. Hún búi við bólgur og verki sem hafi valdið henni verkjum og hreyfihindrunum síðastliðið ár og enn. Líkur séu á að um varanlegan skaða sé að ræða.

M hefur krafist bóta úr slysáttryggingunni hjá X. X kveður fyrrgreinda lýsingu á tildrögum slyssins í áverkavottorði L gefa til kynna að atvikið verði ekki rakið til skyndilegs utanaðkomandi atburðar og falli því ekki undir slyshugtak váttryggingarskilmála. Hefur X því hafnað bótaskyldu.

Álit.

Í skilmálum þeim sem um slysáttrygginguna gilda kemur fram að félagið greiði bætur vegna slyss sem váttryggður verður fyrir og að með orðinu slys sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem váttryggður er og gerist án vilja hans. Fyrir liggur samkvæmt því sem að framan greinir að M hrasaði og datt á heimili sínu. Er þannig ljóst að við það að hrasa féll M í gólfið og við það hlaut hún þá áverka sem áður er getið. Þannig var fallið í gólfið og höggið sem hún fékk þá á líkamann sá skyndilegi utanaðkomandi atburður sem meiðslunum olli. Ekkert liggur fyrir um það að innri veikleiki í líkama M hafi átt þátt í því að hún féll. Verður að telja að hún hafi orðið fyrir meiðslunum af völdum slyss eins og það hugtak er skilgreint í skilmálunum. Tjónið er því bótaskyldt úr slysáttryggingunni.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr frítímaslysáttryggingu hjá X.

Reykjavík, 19. júní 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 214/2012**Karl Bartels Jónsson (M)**

og

Vörður tryggingar hf. v/heimilistryggingar vegna slysa**Ágreiningur um bótaskyldu vegna slysa 02.08. 2007 og 17.01. 2011,
124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 16.05. 2012.
- 2) Bréf váttryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 04.06. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Váttryggingafélagið vísar til 1. mgr. 5. gr. samþykkta nefndarinnar og úrskurð nr. 154/2012 um að óheimilt sé að vísa fleiri en einu máli til nefndarinnar í sama málskoti.

Félagið telur að M hafi vanrækt tilkynningarskyldu sína skv. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga. Það telur að M hafi fengið vitneskju um afleiðingar slyssins strax eftir slysið sem varð á Spáni í ágúst 2007, en í síðasta lagi þann dag sem endurkoma til læknis var ráðgerð. Félagið telur að miða skuli tilkynningarfrest við 28.09. 2007 við mat á því hvenær M hafði vitneskju um þau atvik sem krafa hans er reist á. Slysið hafi hins vegar ekki verið tilkynnt til félagsins fyrr en 28.03. 2011. Að mati félagsins er og óljóst hvenær og með hvaða hætti slysið varð og hafnar félagið því jafnframt bótaskyldu á þeirri forsendu að slysið sé ósannað.

Félagið vísar og að hinu síðara slysi sem það telur og ekki bótaskyldt sbr. umfjöllun þess. Í umrætt sinn kveðst M hafa dottið í hálfu og brotið bátsbein á hægri hendi. Félagið telur að einkenni M við komu til læknis 2011 séu að rekja til slyssins 2007. Félagið telur að einkenni M í dag séu að rekja til þess að hann hafi ekki farið að fyrirmælum læknis vegna slyssins 2007 sbr. nánar umfjöllun félagsins.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Í 1.mgr. 5.gr. samþykkta fyrir Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum er fjallað um að aðili geti vísað máli til nefndarinnar og greiði málskotsgjald vegna málskotsins. Úrskurðarnefndin telur í samræmi við það óheimilt að vísa fleiri málum en einu til nefndarinnar í sama málskoti og tekur því til efnislegrar umfjöllunar fyrra málið í málskotinu en vísar því síðara þ.e. slys í janúar 2011 frá nefndinni á ofangreindum forsendum. Til hliðsjónar má nefna úrskurð nefndarinnar í máli 154/2012.

Að virtum gögnum málsins vegna slyssins 2007 verður að telja að M hafi ekki gætt tilkynningarskyldu sinnar til félagsins skv. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga. Hann tilkynnti slysið ekki til félagsins fyrr en á árinu 2011. Í þessu tilviki byrjaði tilkynningarfrestur að líða á árinu 2007.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi vegna slyssins á árinu 2007.

Mál M vegna slyss 2011 er vísað frá nefndinni.

Reykjavík 19. júní 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 215/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. slysátryggingar skólabarna í S

Stúlka handarbrotnaði þegar hún stökk úr rólu þ. 28.9.2010

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 18.5.2012 ásamt fylgiskjölum 1-8
2. Bréf V dags. 31.5.2012

Málsatvik.

M var við leik á útileiksvæði skóla og var að róla í dekkjarólu ásamt öðru barni og skiptust þau á að hoppa úr rólunni. M fípaðist eitthvað í einu stökkinu og datt á jörðina og lenti á vinstri handlegg sem brotnaði. M krefst bóta og telur ljóst að um slys hafi verið að ræða í umrætt sinn og vísar í dóma Hæstaréttar máli sínu til stuðnings. V hafnar bótaskyldu og telur að ekki hafi verið um slys að ræða þar sem að M hafi einfaldlega dottið úr rólunni og vísar til dóma Hæstaréttar í því sambandi. Þá hafnar V öllum vangaveltum um að eitthvað hafi verið ábótavant við umrædda rólu.

Álit.

Í umrætt sinn var M að leik í dekkjarólu og handleggsbrotnaði þegar hún kom hart niður eftir fall úr rólunni. Miðað við þá rúmu túlkun sem Hæstiréttur hefur lagt í slyshugtakið í sambærilegum málum telst M hafa orðið fyrir slysi í umrætt sinn og á því rétt á bótum úr slysátryggingu S hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr slysátryggingu S hjá V.

Reykjavík 19.6.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 217/2012**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um bótaskyldu (orsakatengsl) af völdum aftanákeyrslu.****Gögn.**

98. Málskot, móttakið 21.5.2012, ásamt fylgigögnum.

99. Bréf X, dags. 4.6.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 6.7.2011 var bifreiðinni A ekið aftan á bifreiðina B sem M ók. Áreksturinn varð á Bústaðavegi við Reykjanesbraut í Reykjavík. Ökumaður A kvaðst hafa ekið suður Bústaðaveg og verið rétt búinn að aka af stað við umferðarljós er ökumaður B (M) hafi hemlað. Hann hafi ekki náð að stöðva og lent aftan á B. M kvaðst hafa lagt rólega af stað vegna farms sem vaggaði til á palli bifreiðar fyrir framan. Hann hafi svo hemlað er farmurinn féll af pallinum, en þá fengið létt högg aftan á B.

M leitaði samdægurs á slysa- og bráðadeild Landspítalans vegna verks aftan til í hálsi. Hinn 21.9.2011 leitaði M til L heila- og taugaskurðlæknis vegna verkja í hálsi sem liggja út í vinstri handlegg með dofa í vinstri handlegg og magnleysi sem og verkja í hnakka. Í læknisvottorði L kemur fram að M hafi lent í umferðarslysi fyrir 20 árum og þá tognað í mjóbaki og hálsi. Fyrir 12 árum hafi hann einnig orðið fyrir öðru óhappi. Við skoðun hafi M verið stífur í hálsi en verið með eðlilega krafta, tilfinningu og sinaviðbrögð. Við segulómun af hálsi M, sem framkvæmd var 27.9.2011, hafi komið í ljós brjós-klos C:V-VI vinstra megin og töluverð útbungun á brjós-klinu milli VI. og VII. hálsliða sem hallar yfir til hægri. Þá segir í téðu vottorði L að þar sem M hafi lent í þremur umferðarslysum geti hann ekki fullyrt um hvað orsakaði núverandi brjós-klos.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá vátryggingafélaginu X. Í ljósi lítilla skemmda á B fékk X fyrirtækið D til að reikna út þyngdarkraft sem verkaði á ökutækin við áreksturinn. Í skýrslu D, dags. 13.12.2011, er skemmdum á ökutækjunum lýst svo að á A séu sjáanlegar skemmdir á framhöggvara og á B vinstra megin á afturhöggvara. Þyngdarkraftur á A hafi verið 1,07g og á B 0,91g. Með vísan til þessa, svo og læknisvottorðs L, telur X ósannað að þau einkenni sem M búi við stafi af slysinu 6.7.2011 og hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Ekki er um það deilt að A var ekið aftan á B og ekki virðist heldur um það deilt að X beri fébótaábyrgð á líkamstjóni M að því marki sem hann hefur orðið fyrir slíku tjóni við áreksturinn. Gögn málsins um líkamstjón M eru af skornum skammti og ekkert mat liggur fyrir á því hvaða áverka hann hefur hlotið við slysið. Skemmdir á bifreiðunum, skýrsla D um áreksturinn eða fyrirliggjandi læknisvottorð verða á hinn bóginn ekki talin taka af öll tvímæli um að M hafi ekki orðið fyrir líkamstjóni. Eins og mál þetta liggur fyrir hefur nefndin ekki forsendur til að taka afstöðu til þess hvort sannað teljist að M hafi orðið fyrir líkamstjóni í umrætt sinn. Er málið vanreifað að þessu leyti og ekki stutt nægilegum gögnum svo unnt sé að úrskurða í því. Samkvæmt því og með vísan til 3. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005 í B-deild Stjórnartíðinda, er máli þessu vísað frá nefndinni.

Niðurstaða.

Máli þessu er vísað frá.

Reykjavík, 19. júní 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 219/2012**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar ökutækis.****Ágreiningur um bótaskyldu (orsakatengsl) vegna líkamstjóns af völdum áreksturs.****Gögn.**

100. Málskot, móttakið 21.5.2012, ásamt fylgigögnum.

101. Bréf X, dags. 15.6.2012.

Málsatvik.

Hinn 14.12.2010 var M ökumaður bifreiðarinnar A á Sæbraut í Reykjavík við gatnamót Snorrabrautar sem var ekið aftan á aðra bifreið, B. Við það skall B aftan á jeppabifreiðina C sem var fyrir framan hana.

M leitaði samdægurs á slysa- og bráðadeild Landspítalans og hafði þá eymsli yfir háls hrygg og yfir hrygg tindum C5 og C6, en hreyfigeta í hálsi var eðlileg og engin taugaeinkenni frá handleggjum. Var hann greindur með tognun í háls hrygg og fékk ráðleggingar um hálstognanir.

Engar frekari upplýsingar er að finna í gögnum málsins um þá áverka sem M á að hafa hlotið í slysinu. Hins vegar liggja fyrir gögn um fyrri sjúkrasögu og líkamstjón vegna eldri slysa. Þannig mun M hafa í febrúar 1997 hafa fundið stundum fyrir einkennum í háls hrygg og í mars 1999 og september 2002 mun hann hafa hlotið hálstognun í umferðarslysum. Einnig mun hann hafa haft langa sögu um verk í lendhrygg.

M hefur krafist bóta úr slysatryggingu ökumanns A hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Ekki virðist vera um það deilt að M eigi rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns A að því marki sem hann getur sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn. Gögn málsins um líkamstjón M sem hann er sagður hafa hlotið við ofangreindan árekstur eru nánast engin. Ekkert mat liggur fyrir um það hvaða áverka hann hefur hlotið og hvernig þeir áverkar samrýmast eldri áverkum og sjúkdómseinkennum. Er málið vanreifað að þessu leyti og á engan hátt stutt nægilegum gögnum svo unnt sé að úrskurða í því. Samkvæmt þessu og með vísan til 3. mgr. 3. gr. samþykta fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005 í B-deild Stjórnartíðinda, er máli þessu vísað frá nefndinni.

Niðurstaða.

Máli þessu er vísað frá.

Reykjavík, 26. júní 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 220/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/starfsábyrgðartryggingar lögmanns****Ágreiningur um bótaskyldu, hvort lögmaður hafi brugðist starfsskyldum sínum.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 21.05. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 15.06. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu vegna meist tjóns M. M lenti í slysi árið 2007 við akstur bifeiðar sinnar. Slysið var til kynnt til vátryggingafélags bifreiðarinnar þ.e. X. M mun hafa lagt fram launaseðla vegna vinnu sinnar. Á grundvelli fyrirliggjandi gagna voru bætur greiddar vegna tímabundins atvinnutjóns. Síðar fór fram örorkumat og krafa M sett fram á árinu 2009. Viðkomandi vátryggingafélag (X) gerði athugasemdir vegna þess hvernig tekjur M voru skráðar í skattframtali sbr. fyrirliggjandi gögn. Í mars 2009 hafnaði félagið frekari kröfum M með vísan til 120. gr. laga um vátryggingarsamninga. Í bréfi var bent á að ef ekki yrði krafist meðferðar hjá úrskurðarnefnd eða dómstólum innan árs frá tilkynningu þessari glataðist réttur til bóta.

Vátryggingafélag H vísar til þess að umræddur lögmaður þ.e. H hafi framsent bréf félagsins X til M og ræddi við hann. M hafi því verið ljóst að hann þyrfti að ganga í að leitrétta bókhaldsleg gögn málsins o.fl. sem hann hafi ekki gert. Félagið vísar og til fyllri samskipta aðila í umfjöllun sinni sbr. gögn málsins.

Félagið telur að meint tjón M verði fyrst og fremst rakið til athafnaleysis hans sjálfs. Lögmaður hans H hafi ekki sýnt vanrækslu við að gæta hagsmuna hans. Félagið telur að M hafi verið ljóst hver staða málsins var.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ekki hefur verið sýnt fram á að H, lögmaður M, hafi sýnt af sér saknæma háttsemi við gæslu hagsmuna fyrir M í umrætt sinn. Meint tjón M verður fyrst og fremst rakið til athafnaleysis hans sjálfs.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 26. júní 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 221/2012
M og
Vátryggignafélagið V v. Ábyrgðartryggingar fasteigna A

Maður fellur um mishæð á gangstétt þ. 27.11.2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 21.5.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-5
2. Bréf V dags. 31.5.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-2.

Málsatvik.

M var gestur á veitingastað og gekk út á verönd en nokkrum skrefum fyrir utan dyrnar er mishæð á veröndinni sem M áttaði sig ekki á og datt þegar hann steig fram af henna og meiddist. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V og segir að ekki hafi verið um óhappatilvik að ræða eða aðgæsluleysi heldur sé frágangur við gönguleiðina sem um ræðir ófullnægjandi enda sé búið að gera breytingar frá því að slysið varð. M telur að eigendur hússins hafi sýnt af sér gáleysi sem leiði til skaðabótaskyldu samkvæmt almennu skaðabótareglunni. V hafnar bótaskyldu og telur aðstæður ekki með þeim hætti þar sem tjónið varð að leiða eigi til skaðabótaskyldu. Þá segir V að mishæðin sem sé á gangstéttinni eigi að vera ljós þeim sem um hana fara og í þessu tilviki hafi M þegar farið inn í húsið og því stigið upp það þrep eða misstig sem um ræðir. Þá hafnar V því að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi A

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirbyggjandi gögnum verður ekki séð að rekja megi tjónsatburðinn í máli þessu til saknæmrar vanrækslu starfsmanna vátryggingataka A eða öðrum sem A ber skaðabótaábyrgð á. Sú hönnun á gangstéttinni sem um ræðir í máli þessu er almennt óheppileg þó ekki verði séð miðað við aðstæður að M hafi sýnt fram á að hann eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 26.6. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 222/2012
M
og
vátryggingafélagið X v/ slysatryggingar ökumanns.

Ágreiningur um bótaskyldu (orsakatengsl) af völdum aftanákevrslu.

Gögn.

102. Málskot, móttækið 21.5.2012, ásamt fylgigögnum.

103. Bréf X, dags. 11.6.2012.

Málsatvik.

Hinn 3.11.2010 mun bifreiðin A sem M ók hafa runnið í hálfu aftan á bifreiðina B á Dvergaborgum í Reykjavík. Í lögregluskýrslu er haft eftir ökumanni B að A hafi runnið aftan á B á mjög lítilli ferð. M, sem ökumaður A, mun hafa skýrt frá málsatvikum á sama veg fyrir lögreglu.

M var flutt með sjúkrabifreið á slysa- og bráðadeild Landspítalans. Hún kvartaði undan verkjum í háls- og hnakkasvæði auk andþyngsla. Einnig hafði hún kvartanir um höfuðverk, dreifða kvíðverki og eymsli yfir rófubeini og brjóstbaki. Um veturinn leitaði M í allnokkur skipti á heilsugæslustöð vegna einkenna sem hún rakti til slyssins, einkum verki og stífleika í stoðkerfi. Fyrir slysið hafði M greinst með kvíðaröskun sem hafði verið meðhöndluð með lyfjum, en þeirri lyfjameðferð hafði lokið í mánuðinum fyrir slysið. Eftir slysið finnst M sem kvíði og kvíðaköst haf versnað mikið auk þess sem hún sé döpur og eigi erfitt með svefn. Að áliti heilsugæslulæknis hafi M verið líkamlega hraust stúlka, en upp úr slysinu hafi hún glímt við slæma tognun í baki og mikla verki tengda því auk þess sem andleg líðan hafi versnað sem hjálpi ekki til við verkina.

M hefur krafist bóta úr slysatryggingu ökumanns A hjá vátryggingafélaginu X. Í ljósi lítilla skemmda á bifreiðunum fékk X fyrirtækið D til að reikna út þyngdarkraft sem verkaði á ökutækin við áreksturinn. Í skýrslu D, dags. 26.4.2011, er skemmdum á ökutækjunum lýst svo að á A séu sjáanlegar skemmdir á framhluta hennar, framhöggvara og hægri hlið og á B vinstra megin á afturhöggvara. Þyngdarkraftur á A hafi verið 1,39g og á B 0,98g. Með vísan til þessa telur X að þau einkenni sem M hefur stafi ekki af árekstrinum og hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Ekki virðist vera um það deilt að M eigi rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns A að því marki sem hún hefur orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn. Gögn málsins um líkamstjón M eru af skornum skammti og ekkert mat liggur fyrir á því hvaða áverka hún hefur hlotið við slysið. Skemmdir á bifreiðunum, skýrsla D um áreksturinn eða fyrirbyggjandi læknisvottorð verða á hinn bóginn ekki talin taka af öll tvímæli um að M hafi ekki orðið fyrir líkamstjóni. Eins og mál þetta liggur fyrir hefur nefndin ekki forsendur til að taka afstöðu til þess hvort sannað teljist að M hafi orðið fyrir líkamstjóni í umrætt sinn. Er málið vanreifað að þessu leyti og ekki stutt nægilegum gögnum svo unnt sé að úrskurða í því. Samkvæmt því og með vísan til 3. mgr. 3. gr. samþykka fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005 í B-deild Stjórnartíðinda, er máli þessu vísað frá nefndinni.

Niðurstaða.

Máli þessu er vísað frá.

Reykjavík, 26. júní 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 223/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/A og B****Árekstur á Sæbraut við Snorrabraut þann 22.03. 2012.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 22.05. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinar, dags. 11.06. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Áreksturinn varð á Sæbraut við aðrein frá Snorrabraut. Ágreiningur er meðal ökumanna um atvik. Ökumaður A ekur Snorrabraut að biðskyldu og inn á Sæbraut en ökumaður B ekur Sæbrautina til suðurs. Aðilar gerðu ekki sameiginlega vettvangsteikningu og sýna myndir þeirra mismunandi staðsetningu bifreiðanna.

Vátryggingafélagið leggur ekki fram athugasemdir vegna málskotsins.

Tjónanefnd vátryggingarfélaganna lagði alla sök á A sem hafi borið að veita umferð um Sæbraut forgang.

M telur að ökumaður B eigi að bera ábyrgð á árekstrinum sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann telur að áreksturinn hafi ekki “gerst við biðskyldu þar sem bæði ökutækin voru komin það langt inná brautina frá aðreininni. Lögreglumenn sem komu á tjónastað geta staðfest það.”

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum fyrir að virða ekki biðskyldu gagnvart umferð um Sæbraut. Fyrirliggjandi gögn þ. á m. ákomur á bifreiðunum styðja þá niðurstöðu.

Ósannað er að áreksturinn hafi orðið langt frá biðskyldumerki. Það nægir ekki að vísa til þess í málskoti að „lögreglumenn sem komu á tjónastað geta staðfest það“. Það er ökumanns A að sýna fram á staðhæfingar sínar, það hefur hann ekki gert.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 19. júní 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 224/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Frjálsrar ábyrgðartryggingar A

Girðingarnet af miðeyju Breiðholstbrautar fauk á bifreið þ. 23.2.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 22.5.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-6
2. Bréf V dags. 4.6.2012 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M var að aka bifreið sinni á Breiðholtsbraut við Suðurfell í Reykjavík þegar vindhviða olli því að laust vegrið eins og segir í lögregluskýrslu þ.e. girðingarnet, fór utan í bifreiðina og olli tjóni á henni. Fram kemur einnig í lögregluskýrslunni að við athugun hafi mátt finna að girðingarnetið var áberandi laust. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V og vísar m.a. til 12.gr. og 56.gr. laga nr. 80/2007 þar sem segir m.a. að veghaldari skuli gæta þess að umferð eigi greiða leið um vegi og veghaldari beri ábyrgð á tjóni sem hlýst af slysi sem verði á vegi sem sé opinn almenningi til frjálsrar umferðar þegar tjónið megi rekja til gáleysis veghaldara við veghaldið. M heldur því fram að illa hafi verið hugsað um girðingarnetið á umræddum stað af A og leggur fram tvær ódagsettar óvottfestar yfirlýsingar einstaklinga því til stuðnings. Þá segir M að umrætt girðingarnet hafi ekki verið lagað fyrir en þ. 29.3.2012. V hafnar bótaskyldu þar sem ekki hafi verið sýnt fram á að tjónið verði rakið til sakar A. V vísar til þess að A segist ekki hafa vitað af þessu lausa girðingarneti og ekkert sé skráð um það hjá A eða löreglu fyrir en umrætt tjón hafði átt sér stað. V telur að tjónið verði ekki rakið til saknæmrar og ólögðætrar háttsemi eða athafnaleysi af hálfu A sem hann beri skaðabótaábyrgð á.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á að A hafi vitað af því að girðingarnet var laust áður en tjón það varð sem hér um ræðir. Þær yfirlýsingar sem M leggur fram verða ekki lagðar til grundvallar í málinu enda bæði ódagsettar og óvottfestar, auk þess sem ekkert liggur fyrir um hver aðkoma þeirra tveggja einstaklinga, sem þar um ræðir, er að málinu. Auk heldur kemur ekki fram í yfirlýsingunum að umrætt girðingarnet hafi verið laust. Gegn eindreginni neitun A á því að hafa vitað að girðingarnetið var laust verður því ekki lagt til grundvallar að hann hafi vitað um það fyrir en að umrætt tjón hafi orðið. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V þar sem ekki er sýnt fram á saknæmt eða ólögðætt athafnaleysi af hans hálfu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 26.6. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 225/2012**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um bótaskyldu (orsakatengsl) er bifreið valt.****Gögn.**

104. Málskot, móttakið 22.5.2012, ásamt fylgigögnum.

105. Bréf X, dags. 7.6.2012.

Málsatvik.

Hinn 23.11.2008 valt bifreiðin A á Snæfellsnesvegi í Staðarsveit. M var farþegi í A. Eftir slysið leitaði hún á heilsugæslustöð. Í vottorði heilsugæslulæknis kemur fram að M hafi verið með verki í hægri olnboga og hægra megin í öxl-hálsi. Vöðvabólgur hafi verið áberandi í herðum, meiri eymsli hægra megin en vinstra megin. Hún hafi verið nýbyrjuð í meðferð hjá sjúkranuddara vegna þessa. Sama dag leitaði M einnig á slysa- og bráðadeild Landspítalans. Í læknisvottorði segir að hún hafi verið að byrja að finna fyrir eymslum í herðum hægra megin. Hreyfingar í öxl séu eðlilegar en verkir komi við u.þ.b. 90° „abduction“. Auk axlartognunar sé hún trúlega með byrjandi tognunareinkennum frá hálsi. M hafi átt tíma hjá sjúkranuddara og muni halda því áfram. Einnig leitaði M til sérfræðings í gigtsjúkdómum 11.12.2008 vegna verkja í hálsi og herðum. Segir í vottorði læknisins að engin alvarleg áverkamerki hafi fundist og hafi hún fengið verkjalyf og farið í sjúkranudd. Hafi hún þá verið aum yfir hálsliðum, einkum C5-6, en haft nær eðlilega hreyfingetu í hálsi. Vöðvar í hálsi og herðum hafi verið talsvert aumir. Við skoðun hjá læknum 17.3.2011 hafi eymsli verið enn til staðar en þó vægari. Í vottorði læknis á heilsugæslustöð kemur fram að þar sé ekki að finna færslur þar sem minnst sé á umferðarslysið. Hvað snertir fyrri heilsufar vegna stoðkerfis kemur fram í vottorðinu að M hafi þrívægis á árinu 1994 fengið tognunaráverka á hálsliði.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá vátryggingafélaginu X. Kveður X að M hafi náð sér af einkennum af völdum slyssins. Í ljósi vöðvabólgu sem M bjó við er slysið varð, þess tíma sem leið á milli læknisheimsóknna og að M eignaðist barn í millitíðinni telur M orsakatengsl milli umferðarslyssins og núverandi einkenna einnig vera ósönnuð. Hefur X því hafnað bótaskyldu.

Álit.

Ekki virðist vera um það deilt að M eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A að því marki sem hún hefur orðið fyrir líkamstjóni við slysið. Gögn málsins um líkamstjón M eru takmörkuð og t.d. liggur ekkert mat fyrir á því hvaða áverka hún hefur hlotið við slysið. Fyrirliggjandi læknisvottorð verða á hinn bóginn ekki talin taka af öll tvímæli um að M hafi ekki orðið fyrir líkamstjóni. Eins og mál þetta liggur fyrir hefur nefndin ekki forsendur til að taka afstöðu til þess hvort sannað teljist að M hafi orðið fyrir líkamstjóni í umrætt sinn. Er málið vanreifað að þessu leyti og ekki stutt nægilegum gögnum svo unnt sé að úrskurða í því. Samkvæmt því og með vísan til 3. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005 í B-deild Stjórnartíðinda, er máli þessu vísað frá nefndinni.

Niðurstaða.

Máli þessu er vísað frá.

Reykjavík, 26. júní 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 226/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/frjálsrar ábyrgðartryggingar****Slys við notkun á niðurtogsvél í þreksal 19.08. 2010 er festipinni virðist hafa gefið sig.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 23.05. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinar, dags. 04.07. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M varð fyrir slysi við notkun nefndrar þrekvélar.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það telur að ekki hafi verið sýnt fram á að umrætt tæki hafi verið áfátt eða gallað eða að rekja megi slysið til vanrækslu á viðhaldi líkamsræktartækisins eða gáleysis starfsmanna. Ekki hafi verið sýnt fram á vanbúnað tækisins. Félagið telur að M hafi ekki borið sig rétt að þrátt fyrir að hann hafi þekkt tækið.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vinnueftirlitið skoðaði tækið. Ekki voru gerðar athugasemdir við tækið en “bæta skal við merkingu á togvélinu vegna hættu á að stillipinni sé ekki alveg inni”.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er bótaskylda ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir. Ekki hefur verið sýnt fram á að slysið megi rekja til vanbúnaðar eða vanrækslu starfsmanna vátryggingartaka eða aðstæðna sem hann ber ábyrgð á.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 2. ágúst 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 227/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/sjúklingatryggingar,
v/kvensjúkdómalæknisins A****Ágreiningur um bótaskyldu vegna aðgerðar 09.04. 2010.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 24.05. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 05.06. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M gekkst undir aðgerð (speglun) hjá A á skurðstofu. M mun hafa verið “ruglað saman við aðra víetnamska konu og gekkst því undir óþarfa aðgerð” sbr. fyrirliggjandi gögn. Þegar M vaknaði eftir aðgerðina var henni sagt að hún hafi verið tekin í aðgerð fyrir mistök.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu það telur að M hafi ekki sýnt fram á tjón sitt. Þau gögn sem fyrir liggja sýna ekki fram á andlegar afleiðingar af aðgerðinni að álitni félagsins.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu. Háttsemi umrædds læknis falli undir 1. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000 “og líkamlegt og geðrænt tjón” er bótaskyldt samkvæmt lögnum. M telur sig eiga rétt til bóta vegna “þess líkamlega og geðræna tjóns sem leiddi af mistökum vátryggingartaka.”

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er bótaskylda fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir. Miðað við takmörkuð gögn máls þessa má ljóst vera að alvarleg mistök voru gerð við aðdraganda aðgerðarinnar sem A ber ábyrgð á. Það er ófullnægjandi að tungumálaörðugleikar geti valdið því að framkvæmd er aðgerð hjá kvensjúkdómalækni á einstaklingi án þess að gengið sé úr skugga um að um réttan aðila sé að ræða. Á þeim mistökum ber A ábyrgð sbr. ákvæði laga um sjúklingatryggingu, líkt og getið er í málskotinu.

Með ofangreindri umfjöllun er engin afstaða tekin til tjóns M. Hann hefur sönnunarbyrði um umfang tjóns síns.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir hendi.

Reykjavík 19. júní 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 228/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A

Árekstur bifreiða við Vatnsenda krafa um bætur vegna líkamstjóns þ. 5.10.2009.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 24.5.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-7
2. Bréf V dags. 7.6.2012

Málsatvik.

M ók bifreið sinni við Vatnsenda þegar bifreiðin A kom á móti á öfugum vegarhelmingi og lenti á bifreið M. M gerir kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna meiðsla sem hann telur sig hafa orðið fyrir við áreksturinn. Af hálfu M er bent á að hann hafi í kjölfar slyssins leitað á slysadeild LSH þar sem hann kenndi sér meins í baki. Af hálfu M er vísað til sjúkrasögu M og á því byggt að M búi við þrálát einkenni frá hægri öxl, en hafi verið hraustur ungur maður fyrir umrætt slys. Þá vekur M athygli á að bifreið hans hafi skemmst mikið við áreksturinn. V hafnar bótaskyldu og bendir á að í tjónstilkynningu sé ekki merkt við að það hafi orðið slys á fólki. V bendir á að við komu á slysadeild LSH í kjölfar árekstursins hafi M kvartað undan óþægindum í baki með seiðing út í síðuna báðum megin, en batahorfur hafi verið góðar og M ekki settur í neinar sjúkdómsgreiningar. Þá bendir V á að næst hafi M snúið sér til læknis 16 mánuðum eftir slysdag og kvartað undan verkjum í hægri öxl. Þá vísar V til vottorðs Júlíusar Valssonar læknis frá 28.11.2011 þar sem segir að erfitt sé að segja nákvæmlega til um orsakasamhengi milli núverandi einkenna M frá hægri öxl og umferðarslyssins í október 2009 þar sem M hafi ekki kvartað um einkenni frá öxlinni við fyrstu komu til læknis eftir slysið.

Álit.

M hefur ekki tekist að sýna fram á að orsakatengsl séu á milli árekstursins við Vatnsenda árið 2009 og núverandi einkenna. Í því sambandi má vísa til vottorðs Júlíusar Valssonar læknis frá 28.11.2011, þar sem fram kemur að erfitt sé að segja nákvæmlega til um orsakasamhengi milli núverandi einkenna M og umferðarslyssins í október 2009. Þar sem að M hefur ekki tekist að færa sönnur á orsakatengsl milli núverandi einkenna og umferðarslyssins á hann ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 10.7 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 229/2012
M
og
Vátryggingafélagið V v. Ábyrgðartryggingu H og launþegatryggingar.

Kona varð fyrir líkamstjóni við störf sín í leikskóla þ. 8.2.2010

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 25.5.2012 ásamt fylgiskjölum 1-5
2. Bréf V dags. 11.6.2012.

Málsatvik.

M segist hafa verið að klæða börn og setið á kalli sem var á hjólum og hafi hún staðið aðeins upp en féll í gólfíð þegar hún ætlaði að setjast aftur þar sem að kollurinn færðist úr stað og fékk hún stólbrikina í hnakkann. M gerir kröfu til að viðurkennd verði vinnuveitendaábyrgð H sem og skaðabótaskylda vegna þessa og hún eigi rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu H hjá V. M segir að ákveðinn samstarfsmaður hafi viðurkennt að hafa fært stólinn og byggir M á því að H beri vinnuveitendaábyrgð á vinnubrögðum þess aðila auk þess sem starfsaðstaða hafi verið þröng og óhentug. Þá vísar M til skaðabótalaga nr. 50/1993 23.grein a og laga nr. 124/2009 varðandi sönnunarbyrði vinnuveitanda og greinargerð með þeim lögum nr. 124/2009. Þá telur M að ákveðnum tilgreindum reglum hafi ekki verið fylgt og ekkert áhættumat gert. Hvað varðar launþegatrygginguna þá bendir M á að hún hafi trúað því að vinnuveitandi mundi tilkynna um slysið til V auk þess hafi vinnuveitandi ekki viðurkennt að um vinnuslys sé að ræða og því sé slysið ekki tilkynnt of seint til V. Þá er vísað til bréfs lögmanns M til V dags. 24.4.2012 sem ekki hafi verið svarað af V. V hafnar bótaskyldu hvað varðar ábyrgðartryggingu H þar sem slysið verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi samstarfsmanns M, en V tekur ekki að svo stöddu afstöðu til kröfu um bætur úr launþegatryggingunni og telur það ekki verða gert með fullnægjandi hætti á grundvelli þeirra fáu gagna sem liggja fyrir í málinu. V bendir á að í skýrslu Vinnueftirlits, skýrslu leikskólastjóra og áverkavottorði læknis komi neitt fram sem bendi til þess að starfsmaður hafi fært umræddan koll á meðan M stóð upp og telur V að um óhappatilvik hafi verið að ræða og megi meta það M til gáleysis að gæta þess ekki að líta aftur fyrir sig til að athuga með staðsetningu kollsins sem auðveldlega hafi getað færst úr stað áður en hún settist. V telur að ósannað sé að slysinu hafi verið valdið með saknæmum hætti af hálfu starfsmanns H eða öðrum sem H ber ábyrgð á. Varðandi launþegatrygginguna þá fer V fram á að málinu hvað þá kröfu varðar verði vísað frá með tilvísun til samþykktu Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum þar sem málið sé svo óljóst og illa upplýst að ekki sé hægt að taka tillit til bótaskyldu með fullnægjandi hætti. V segir ómudeilt að slysaatburðurinn sem slíkur sé bótaskyldur úr launþegatryggingunni, en til greina komi að beita ákvæðum 124.gr. laga nr.30/2004 um vátryggingasamninga hvað varðar ársfrest, en til þess að skera úr um það hvenær ársfresturinn hafi byrjað að líða þurfi V að fá upplýsingar úr sjúkraskrá M en V hafi engin gögn sem bendi til annars en miða eigi við slysgagn sjálfan. Til vara hafnar V bótaskyldu úr launþegatryggingu á þeim grundvelli að ársfrestur skv. 124.gr. laga um vátryggingasamninga sé liðinn.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á af hálfu M að umrætt slys verði rakið til H eða aðila sem H ber skaðabótaábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu H hjá V.

Af hálfu M hafa ekki verið lögð fram fullnægjandi gögn varðandi hugsanlega bótaskyldu V úr launþegatryggingu M. Af þeirri ástæðu er málinu hvað varðar rétt M til bóta úr launþegatryggingu vísað frá Úrskurðarnefnd í váttryggingarmálum með vísan til d liðar 4. gr. samþykktar fyrir Úrskurðarnefndina nr. 1090/2005

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu H hjá V.

Ágreiningi um rétt M til bóta úr launþegatryggingu er vísað frá Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum með vísan til tl. d í 4.gr. samþykta Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum nr. 1090/2005.

Reykjavík 26.6. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 230/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra (B)

Ábyrgð byggingarstjóra vegna galla á fasteign þ. 24.4.2007

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.25.5.2012 ásamt fylgiskjölum 1-8
2. Bréf V dags. 12.6. 2012.

Málsatvik.

M keyptu fasteign þar sem B var byggingarstjóri. Við lokaúttekt sem framkvæmd var á húsinu þ.24.7.2007 kom í ljós að breytingar höfðu verið gerðar á húsinu frá samþykktum aðaluppdráttum. Að kröfu M var dómkvaddur matsmaður til að meta meinta galla á húsinu og var Hjalti Sigmundsson húsasmíðameistari og byggingartæknifræðingur dómkvaddur til að framkvæma umbeðið mat. Mat hins dómkvadda matsmanns var lagt fram þ. 14.6.2011, en samkvæmt því var húseign M haldin ákveðnum göllum svo sem nánar er lýst í matsgerðinni. M krefst bóta úr starfsábyrgðartryggingu B hjá V á grundvelli mats hins dómkvadda matsmanns. V viðurkennir bótaskyldu á grundvelli matsins að hluta en ágreiningur er um tvo liði í matinu þ.e. tölulíði 1 og 6 í matinu og verður því ekki fjallað frekar um málsatvik að öðru leyti en varðar þá liði.

Varðandi tl. 1 í matinu þá telur matsmaður að frágangur á brunahólfum á milli bílskúrs og húss sé ófullnægjandi hvað það varðar að aðkoma að geymslu er ekki um miðrymi eins og kveðið sé á um í gr.103.4 í byggingarreglugerð nr. 411/1998. Hurðir á bílskúr séu ekki sjálflokandi. Ekki hafi verið byggt eftir teikningu aðalhönnuðar. Matsmaður telur að til að bæta úr þessu þurfi að setja pumpur á hurðir og setja upp glugga og hurð í op á milli stofu og sólstofu. Metinn er kostnaður séreignar vegna hurðarpumpa og helmingur kostnaðar vegna hurðar og glugga á milli stofu og garðskála hússins. V heldur því fram að matsmaður fjalli ekki nákvæmlega um það sem spurt sé um í matsgerð heldur endurorði hana og breyti. Þá vísar V til þess að matsmaður vísi til greinar í reglugerð sem fjalli um innra skipulag en ekki brunavarnir. V telur að nægjanlegt sé til að tryggja brunavarnir milli geymslu og garðstofu með hurðarpumpu en V felst á að greiða bætur vegna þeirra en V hafnar bótaskyldu umfram það úr tl. 1. M telur að þegar matsbeiðni sé skoðuð í heild þá sé ljóst hvað verið sé að spyrja um og niðurstaða matsmanns varðandi tl. 1 sé í samræmi við það. Þá er því haldið fram af M að teikning sú í sönlýsingu sem V vísar til geti ekki haft meira vægi en samþykkt aðalteikning. Þá vísar M til þess að veggur milli bílskúrs og geymslu sé ekki fullnægjandi eldvarnarveggur eins og fram komi í matsgerð. Þá vísar M til samantektar Sigmunds Eyþórssonar tæknifræðings hjá embætti byggingarfulltrúa í Reykjanesbæ þar sem fram kemur að aðskilnaður milli stofu og sólstofu, sé sé forsenda brunahólfunar milli bílskúrs og íbúðar hafi ekki verið frágengin í samræmi við samþykktar aðalteikningar. M segir að embætti byggingarfulltrúa telji að frágangur á umræddum brunaskilum sé ekki fullnægjandi og ekki í samræmi við samþykktar teikningar og ákvæði byggingarreglugerðar.

Varðandi tl. 6 í matinu kemst dómkvaddur matsmaður að þeirri niðurstöðu að garðskáli leki í rigningu og roki og telur að bæta megi úr því með því að koma fyrir þéttidúk sem límdur sé á gler og upp á vegg við hálsbrún þaks. V bendir á að engar teikningar liggi fyrir um gerð og frágang garðskála og engin ákvæði séu um garðskála í byggingarreglugerð. Þá segir V að miðað við tillögur matsmanns um úrbætur verði ekki ráðið að garðskálinn hafi verið byggður með öðrum hætti en gera megi ráð fyrir varðandi skála af slíkri gerð. V telur að ómögulegt sé að meta gerð skálans til sakar B enda ekki ljóst hvað B hafi gert rangt við byggingu hans. M vísar m.a. til 118.gr. byggingarreglugerðar í þessu sambandi þar sem segi að tryggt skuli að framkvæmdir séu

með tæknilega og faglega fullnægjandi hætti. M telur að frágangur garðskála sé ekki með faglega fullnægjandi hætti enda leki hann í roki og rigningu.

M telur að V sé skylt að greiða bætur úr starfsábyrgðartryggingu B vegna matsliða 1,3,4 og 6 sem og hlutfallslegan mats- og lögmanskostnað.

Álit.

Af hálfu V er viðurkennd bótaskylda hvað varðar t.l. 3 og 4 í matsgerðinni og af sjálfu leiðir að V greiði þá hlutfallslegan mats- og lögmanskostnað.

Hvað varðar ágreining um t.l. 1 þá byggir krafa M á mati dómkvadds matsmanns sem ekki hefur verið hnekkt. Þá verður ekki séð að orðun matsspurningar og niðurtaða matsmanns feli í sér frávik sem rýri þá niðurstöðu sem matsmaður kemst að. Staðfest er með mati hins dómkvadda matsmanns að bygging og frágangur hússins er ekki samræmi við aðaltekningar hússins og ber B bótaábyrgð á því í samræmi við niðurstöðu matsmanns hvað varðar t.l. 1.

Hvað varðar ágreining um t.l. 6 þá er ekki ágreiningur um að garðskálinn leki í roki og rigningu. Ekki liggur hins vegar fyrir hversu mikill sá leki er enda gat matsmaður ekki staðreynt leka í slíku veðri. Ekki liggur fyrir að frágangur og gerð garðskálans sé önnur og lakari en gengur og gerist um garðskála eins og þann sem um ræðir. Þá liggur líka fyrir að garðskálinn er nokkurra ára og verður ekki séð að þær úrbætur sem matsmaður bendir á falli utan eðlilegs og almenns viðhalds og úrbætur á eignum sem þessum. Þá er ekki sýnt fram á eða staðfest með matsgerð hins dómkvadda matsmanns að um galla sé að ræða sem B telst bera ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum vegna t.l.6 í matsgerðinni.

Niðurstaða.

Í málinu er ágreiningur um bótaskyldu hvað varðar t.l. 1 og 6 í matsgerð dómkvadds matsmanns. M á rétt á bótum í samræmi við niðurstöðu matsmanns í t.l 1 en á ekki rétt á bótum hvað varðar t.l. 6.

Reykjavík 26.6. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 231/2012

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á Grensásvegi í Reykjavík við gatnamót Fellsmúla og Skeifunnar 18.4.2012.**Gögn.**

106. Málskot, móttækið 29.5.2012, ásamt fylgigögnum.

107. Bréf X, dags. 1.6.2012.

108. Bréf Y, dags 25.6.2012.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið suður Grensásveg, en á gatnamótum Skeifunnar og Fellsmúla hugðist ökumaður snúa bifreiðinni við. Bar þá að bifreiðina B sem var ekið norður Grensásveg á vinstri akrein og rákust saman hægra afturhorn A og vinstri hlið B.

Í málskoti kveðst ökumaður A hafa tekið víða beygju er hann hugðist snúa við á gatnamótunum. Öll umferð á móti hafi þá verið farin fram hjá og engin bifreið hafi verið sjáanleg. A, sem er stór, hafi verið komin alveg yfir á hægri akrein til norðurs eftir Grensásvegi, en ekið hægt þar sem kantur og ljósastaur hafi verið fyrir framan bifreiðina. Hafi ökumaðurinn þá fundið fyrir höggi á bifreiðina.

Ökumaður B kvaðst hafa komið akandi norður Grensásveg á vinstri akrein á 50-60 km hraða á klst. Við fyrrgreind gatnamót hafi A verið að taka U-beygju og hafi blasað við er hann hafi ekið yfir á grænu ljósi. Sýndist honum nóg svigrúm vera til að aka fram hjá A. Fannst ökumanninum sem A hafi verið ekið aftur á bak er hann var kominn á móts við A.

Álit.

Samkvæmt framburði ökumanns B sá hann A þversum fyrir framan sig er hann var á leið yfir gatnamótin. Hann taldi sig hafa nægilegt svigrúm til að komast fram með A og af þeim sökum virðist hann hafa haldið ótrauður áfram ferð sinni norður Grensásveg. Engu að síður rákust saman hægra afturhorn A og vinstri hlið B. Telja verður ósannað að A hafi ekið aftur á bak í þann mund sem áreksturinn varð. Eins og mál þetta liggur fyrir verður við það að miða að áreksturinn verði ekki rakinn til þess að A hafi verið ekið í veg fyrir B eða ökumaður A hafi á annan hátt ekki gætt nægilegrar varúðar er hann snéri bifreiðinni við. Heldur verði hér að miða við að ökumaður B hafi ekki gætt þess sem skyldi að hafa nægilegt bil á milli bifreiðanna er hann freistaði þess að aka fram hjá A. Í ljósi þessa telst ökumaður B eiga alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann B.

Reykjavík, 10. júlí 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 232/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/almennrar slysátryggingar****Meiðsl við að toga í loftslöngu þann 15.09. 2010.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 29.05. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 18.06. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það telur að ekki séu uppfyllt öll skilyrði slyshugtaksins. Atvikið sé ekki að rekja til utanaðkomandi atburðar því M hafi verið að “toga í loftslöngu sem stóð föst, þegar hún losnar kemur mikill slinkur á öxlina eins og högg og mikill sársauki”. Við mat á því hvort um slys sé að ræða í skilningi slyshugtaksins verði eitthvað í atburðarrásinni að fela í sér frávik frá því sem vátryggður mátti reikna með. Engu slíku sé til að dreifa í máli þessu. M var einfaldlega að toga í slöngu til þess að losa hana og hafði árangur sem erfiði þegar hún losnaði. Félagið telur því ekkert sem bendi til þess að atvik hafi þróast sérstaklega með óvæntum hætti og að það hafi leitt til líkamstjónsins sbr. nánar umfjöllun félagsins í nefndu bréfi. Félagið bendir og á að skilyrði er að atburður hafi gerst án vilja hins vátryggða. Í því felst að atvikið hafi gerst án þess að tjónþoli hafi haft nokkuð um það að segja. M hafi sjálfur togað í slönguna og því hafnar félagið því að meiðslin sem af því hlaust séu gegn vilja M. Félagið telur og ósannað að eymsli M sé að rekja til þess atviks sem M gerir grein fyrir.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á að tjónsatburð máls þessa megi rekja til slyss í merkingu þeirra skilmála sem hér um ræðir.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 2. ágúst 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 233/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Slysátryggingar starfsmanna O

Maður meiddist á fæti við veiðar í Elliðaánum í Reykjavík þ. 23.7.2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 24.5.2012 ásamt fylgiskjölum 1-16
2. Bréf V dags. 19.6.2012.

Málsatvik.

M var við veiðar í Elliðaánum í Reykjavík og var fiskur á og færði M sig og við það steig hann ofan í sprungu eða holu á árbakkanum og ristarbrotnaði illa. Framkvæmd var bráðaaðgerð á fæti M þ.23.7.2010 og var M útskrifaður að aðgerð lokinni en skyldi eftirlit fara fram nokkrum vikum síðar. Tilkynnt var um slysið til V þ. 3.8.2011. M segir að hann hafi fyrst fengið upplýsingar um ástandið á fætinum við endurkomu til læknis þ. 7.9.2010 og þá hafi fresturinn til að tilkynna tjónsatburðinn fyrst farið að líða skv. 124.gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004. Þá vísar M til þess að um hópvátryggingu hafi verið að ræða eðli máls samkvæmt. V hafnar bótaskyldu og bendir á að M hafi ristarbrotnað og þegar hann fór úr veiðistígvélinu hafi hann séð að fóturinn var aflagaður. V telur að M hafi verið fullljóst um afleiðingar slyssins á slysdegi þar sem hann fór í aðgerð á fætinum samdægurs vegna fórbrots. V hafnar því að um hópvátryggingu sé að ræða og vísar í því sambandi til 2.ml.4.mgr. 61.gr. laga um vátryggingasamninga sbr. lög nr. 118/2005 um breytingu á lögum nr. 30/2004 þar sem segir “ Þá gilda ákvæði um hópvátryggingar í þessum hluta laganna ekki um persónuþryggingar launþega samkvæmt kjarasamningum.”

Álit.

M ristarbrotnaði við veiðar og fór í bráðaaðgerð sama dag vegna ristarbrots. Útilokað er annað en þá þegar hafi M verið ljós þau atvik sem hann reisir bótakröfu sína á. Tilkynnt var um slysið þ. 3.8.2011. Þá var ársfresturinn sem kveðið er á um í 124.gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004 liðinn. Með vísan til 2.ml.4.mgr. 61.gr. laga um vátryggingasamninga sbr. lög nr. 118/2005 um breytingu á lögum nr. 30/2004 um vátryggingasamninga liggur fyrir að sú trygging sem M hafði sem starfsmaður O var ekki hópvátrygging. Af framangreindum ástæðum á M ekki rétt á bótum úr slysátryggingu starfsmanna O hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu starfsmanna O hjá V.

Reykjavík 10.7.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 235/2012**M****og****vátryggingafélagið X v/ slysátryggingar sjómanna.****Ágreiningur hvort um slys hafi verið að ræða er sjómaður hlaut meiðsl á líkama.****Gögn.**

109. Málskot, móttakið 30.5.2012, ásamt fylgigögnum.

110. Bréf X, dags. 19.6.2012.

Málsatvik.

Hinn 1.4.2010 var M við störf sem háseti um borð í fiskiskipi. Í tilkynningu útgerðar skipsins um slys til Tryggingastofnunar ríkisins, dags. 23.12.2010, segir að umræddan dag hafi M dottið á milli kara og fengið högg á brjóstkassa og handarkrika. M leitaði til læknis á heilsugæslustöð 14.4.2010 og í læknisvottorði kemur fram að M hafi leitað þangað vegna verkja hægra megin í brjóstholi sem leiddu aftur í bak. Samkvæmt tölvusneiðmynd, sem þá var tekin, greindust m.a. 3 rifbrot hægra megin í „costa III, IV og V anterolateralt“. Í málskoti er tildrögum slyssins lýst á þann veg að M hafi verið á efstu hæð í lest skipsins að setja fisk í kór ásamt samstarfsmanni sínum þegar slinkur hafi komið á skipið vegna ákomu. Hafi hann þá lent á milli tveggja kara sem klemmdust saman.

M hefur krafist bóta úr slysátryggingu sjómanna hjá vátryggingafélaginu X vegna þeirra áverka sem hann hlaut umrætt sinn. X hefur hafnað bótaskyldu á þeirri forsendu að ekki hafi verið um slys að ræða, þar sem ósannað sé að slinkur hafi komið á skipið vegna ákomu. Kveður X að svo virðist einfaldlega sem M hafi dottið þar sem hann var í lest skipsins án frekari útskýringa og snerting við karið geti í þessu samhengi ekki talist vera utanaðkomandi atburður í merkingu skilmála.

Álit.

Skv. gr. 9.1 í skilmálum X fyrir slysátryggingu sjómanna greiðir félagið bætur fyrir slys sem vátryggður verður fyrir við störf um borð í skipinu eins og nánar greinir í ákvæðinu. Í 3. gr. skilmálanna segir að með hugtakinu slys sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans. Samkvæmt gögnum málsins virðist ekki um það deilt að M hafi dottið þar sem hann var við störf í lest skipsins. Ekkert liggur fyrir um það að M hafi af vilja látið sig falla eða fallið verði með einhverju móti rakið til sjúkleika hans eða annars líkamlegs innri veikleika. Fall M og það högg sem hann fékk í kjölfarið á brjóstkassann, er hann lenti á milli fiskikaranna, verður að teljast utanaðkomandi atburður í skilningi vátryggingarskilmálanna. Umfjöllun í málgögnum um mögulegan slink á skipið eða að það hafi orðið fyrir ákomu getur í tilviki þessu ekki haft þýðingu þegar lagt er mat á það hvort M hafi orðið fyrir meiðslum af völdum utanaðkomandi atburðar eða ekki. Líkamstjón M er því bótaskyld úr slysátryggingunni.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr slysátryggingu sjómanna hjá X.

Reykjavík, 10. júlí 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 237/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/sjúklingaryggingar vegna starfsemi
svæfingarlæknis (A)****Ágreiningur um bótaskyldu vegna sýkingar í tengslum við aðgerð 31.03. 2010
vegna kiðtáa (hallux valgus).****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 30.06. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 18.06. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Samkvæmt gögnum málsins fór M í aðgerð vegna kiðtáa. Aðgerðina framkvæmdu bæklunarskurðlæknir og vátryggður svæfingarlæknir (A).

Vátryggingafélagið vísar til þess að samkvæmt gögnum hafi verið um hefðbundna aðgerð að ræða sem gekk eðlilega fyrir sig. Rétt tæplega hálfum mánuði eftir aðgerðina kom M til eftirlits hjá bæklunarskurðlækninum. Félagið telur að ekki verði ráðið af vinnublaði hans að eitthvað hafi þá verið athugavert. Við endurkomu þann 20.05. 2010 er tilgreind greinileg erting eftir stungu, engin roði og ekki mikil bólga. Félagið vísar til þess að aðgerðin hafi tekist vel, A hafi ekki skaðað M frá aðgerðinni og geti því ekki staðfest hvort staður þar sem M hefur óþægindi frá sé þar sem hann sprautaði eða að aðrir þættir hafi valdið óþægindum. Engin sýking hafi verið fyrir hendi við fyrsta eftirlit 13.04. 2010. Engin gögn liggja fyrir um meðhöndlun sýkingar. Ekki liggja fyrir hvort sýking hafi verið staðfest með blóðprufu. Ástæður sýkingar geta verið fleiri en tengdar deyfingu við aðgerð og miðað við þau atriði sem fram hafa komið sé fjarri að öll líkindi séu að þau séu að rekja til aðkomu A. Félagið telur skilyrði 1.-4. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu ekki vera fyrir hendi. Varðandi umfjöllun M um orsakatengsl þá vísar félagið til þess að M undirgekkst aðgerðina vegna verkja í fótum. Óvinnufærni og ákveðinn batatími var ætlaður. Upplýsingar liggja fyrir um endurkomu M til læknis frá aðgerð til ársbyrjunar 2011. Engar upplýsingar séu um varanlegar afleiðingar af völdum sýkingar eða hvaða einkenni í fótum M sé að rekja til annarra þátta. Ekki verði ráðið að skilyrði 1. tl. og 4. tl. 2. gr. nefndra laga séu fyrir hendi á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er bótaskylda ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir. Ekki hefur verið sýnt fram á að skilyrði fyrir bótaskyldu samkvæmt lögum um sjúklingatryggingu séu fyrir hendi.

Athygli vekur það sem segir í bréfi vátryggingafélagsins til nefndarinnar að "...Í málinu liggja fyrir gögn frá þeim bæklunarskurðlækni er framkvæmdu umrædda aðgerð en vátryggður svæfingarlæknir hefur ekki skadað málskotsaðila eftir aðgerðina og getur því ekki staðfest hvort staður þar sem málskotsaðili hefur óþægindi frá sé þar sem hann sprautaði eða að aðrir þættir hafi valdið óþægindum..." Það verður að telja einkennilegt að afstaða A skuli ekki liggja fyrir með skýrum hætti í máli þessu.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 2. ágúst 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 238/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/fasteignatryggingar (glertryggingar)****Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á gleri.****Gögn.**

- 1) Málskot móttækið 30.05. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 12.06. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það vísar til 1. gr. skilmála glertryggingar þar sem segir að vátryggingin bætir tjón á gleri í vátryggðri húseign ef það brotnar eftir að það er ísett og endanlega komið fyrir á sínum stað og svo lengi sem það er á sama stað. Þá segir enn fremur í 2. gr. að vátryggingin bæti ekki tjón ef flísast úr gleri eða það rispast án þess að brotna.

Félagið telur greiðsluskyldu aðeins fyrir hendi ef gler brotnar. Vátryggingin bætir ekki tjón af völdum eldsvoða, eldingar eða annarrar áhættu sem lögboðin brunatrygging og viðlagatrygging tekur til. Fyrir liggur að um er að ræða brunablett í gleri sem er ekki greiðsluskýlt að áliti félagsins.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Skemmdir séu á stofuglugga (gleri) og ekki er vitað hvernig þær komu til en að utanverðu eru brunablettir í gleri, “Glerið er ekki brotið, ekki rispáð og greinilegur brunablettur (bráðnað inn í glerið)...”

Álit

Samkvæmt skilmálum bætir vátryggingin tjón á gleri í vátryggðri húseign ef það brotnar. Það skilyrði skilmála er ekki fyrir hendi m.ö.o. glerið brotnaði ekki. Vegna þessa er umrætt tjón ekki bótaskýlt.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 26. júní 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 239/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar, munatjón.

Eldur kviknaði í jakka manns á veitingastað þ. 8.6.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 23.5.2012 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V dags. 22.6.2012 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.

M segir að það hafi kviknað í jakka sínum frá opnum eldi á sprittkertum sem loguðu við enda borðs á veitingastað þar sem hann var gestkomandi og hafi hann brennst á hendi við að kæfa eldinn. M krefst bóta kr. 80.000 vegna skemmda á jakkanum. V hafnar bótaskyldu og bendir á að ekki sé upplýst um um tildrög þess að eldur læstist í jakka M. Þá vísar V til að M verði að sanna að hann hafi orðið fyrir tjóni og umfang tjónsins. Þá segir V að ekki sé upplýst um galla á kertinu eða að tjón hans verði rakið til vátryggingataka. Loks bendir V á að M krefji bóta fyrir munatjón kr. 80.000 en samkvæmt vátryggingaskírteini sé eigin áhætta vátryggingataka kr. 85.000 og sé fjárhæð bótanna því undir eigin áhættu vátryggingataka og því sé ekki tryggt fyrir þeirri áhættu sem M krefur bóta fyrir sbr. 2.ml.4.mgr. 44.gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004.

Álit.

Mál þetta er illa upplýst og fyrir liggur að eigin áhætta er meiri en það tjón sem um ræðir. Þegar af þeirri ástæðu er málinu vísað frá Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Niðurstaða.

Málinu er vísað frá

Reykjavík 10.7 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 240/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar ökutækja A og B

Árekstur bifreiðar og dráttarvélar á Sauðárkróksbraut þ. 9.5.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 31.5.2012 ásamt fylgiskjölum 1-2
2. Bréf V dags. 13.6.2012 ásamt fylgiskjölum 1-3

Málsatvik.

Árekstur varð með A og B á Sauðárkróksbraut við Háholtsafleggjarann. Báðum ökutækjunum var ekið til suðurs og ætlaði A að fara fram úr B og hóf framúrakstur en á sama tíma var B ekið í vinstri beygju að Háholtsafleggjara og árekstur varð. Ökumaður A sagðist hafa ekið á um 85 km. hraða og séð B og ætlað framúr þegar B var beygt í veg fyrir A. Ökumaður A segir að ökumaður B hafi ekki gefið stefnuljós áður en hann byrjaði að beygja. Ökumaður B segist hafa litið í spegil B og ekki séð neina umferð ökutækja á eftir sér, hann hafi því hægt á B og gefið stefnuljós til að kynna að hann ætlaði að beygja B til vinstri og síðan beygt en þá tekið eftir B. Bremsuför eftir A mældust 15 metrar. Í lögregluskýrslu segir að brotin lína sé á milli akreina á Sauðárkróksbraut þar sem óhappið varð og biðskyldumerki er við afleggjarann. Í bréfi V kemur fram að á vettvangi sé hálfbrotin miðlína.

Álit.

Ökumaður A braut gegn ákvæði 1.mgr. 22 gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þegar hann ók fram úr B á gatnamótum. Miðað við fyrirliggjandi gögn ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum fyrir að reyna framúrakstur á gatnamótum. Ekki eru skilyrði til sakarskiptingar miðað við fyrirliggjandi gögn.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök.

Reykjavík 26.6. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 241/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/slysátryggingar ökumanns (A)****Ágreiningur um orsakatengsl vegna umferðarslyss 03.06. 2010.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 31.05. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 18.06. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. M mun hafa ekið bifreið sinni A eftir Reykjanesbraut þegar vélarhlíf losnaði og lenti á framrúðu bifreiðarinnar. Við þetta hlaut M högg á bakið sbr. gögn málsins.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það telur ósönnuð orsakatengsl milli tjóns M og umferðaróhappsins.

Vátryggingafélagið vísar og til þess það telur að ársfrestur M skv. 51. gr. og 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 hafi verið liðinn þegar málinu var vísað til nefndarinnar með bréfi, dags. 25.05. 2012, sem móttakið var af úrskurðarnefndinni 31.05. 2012.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum hefur M ekki sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Orsakatengsl eru ósönnuð.

Niðurstaða.

Orsakatengsl eru ósönnuð.

Reykjavík 14. ágúst 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 243/2012**M1 og M2
og
váttryggingafélagið X v/ stjórnendaábyrgðartryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns af völdum meints umboðsleysis framkvæmdastjóra við gerð hluthafasamninga.****Gögn.**

111. Málskot, móttækið 29.5.2012, ásamt fylgigögnum.

112. Bréf X, dags 15.6.2012, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M (M1 og M2) gerðu hinn 2.4. og 23.4.2006 hluthafasamninga við fyrirtækið A) um kaup á tilteknum fjölda hluta A í dótturfélagi þess, B. Í samningunum voru valréttarákvæði sem heimiluðu M að selja hlutina á nánar tilgreindu gengi á árunum 2009, 2010 og 2011, fyrst 1.7.2009. D, framkvæmdastjóri A, undirritaði samningana fyrir hönd A. Með tilkynningu 17.6.2006 munu M hafa sent tilkynningu til A um að þeir hygðust nýta sér að fullu söluréttinn. Þú A var tekið til gjaldþrotaskipta 2.7.2009 og lýstu M kröfum í búið á grundvelli umræddra hluthafasamninga. Með dómi Hæstaréttar Íslands í nánar tilgreindu máli var komist að þeirri niðurstöðu að í fundargerðum stjórnar A sé ekki að finna bókun um að D hafi verið veitt umboð til að undirrita hluthafasamningana fyrir hönd A, en gerð þeirra hafi verið óvenjulegar eða mikils háttar ráðstafanir í skilningi 2. mgr. 68. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Til að D teldist hafa haft heimild til að gera slíkan samning verði að sýna fram á að stjórnin hafi, á þeim tíma sem um ræðir, falið honum umboð til þess. Síðari framburður fyrrverandi stjórnarformanns A í þá veru þótti ekki fullnægjandi. Þegar af þeirri ástæðu þótti ósannað að D hefði haft umboð til að gera téða samninga. Var þannig staðfest krafa skiptastjóra A um að hafna bæri kröfum M í búið.

Með því að D hafði ekki umboð til að gera umrædda hluthafasamninga hafa M krafist bóta úr stjórnendaábyrgðartryggingu stjórnarmanna og yfirmanna A hjá váttryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Krafa M í máli þessu er reist á úrlausn Hæstaréttar í fyrrgreindu dómsmáli. Með dómi Hæstaréttar var leyst úr ágreiningsmálinu á þeirri forsendu að ekki þótti sannað að D hefði haft umboð til að undirrita hluthafasamninga þá sem hér um ræðir fyrir hönd A. Af forsendum dómsins einum saman þykir ekki unnt að fullyrða að D hafi ekki haft umboð stjórnar til að gera hluthafasamningana við M. Þegar af þeirri ástæðu verður ekki talið að M eigi rétt til bóta úr stjórnendaábyrgðartryggingunni hjá X.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt á bótum úr stjórnendaábyrgðartryggingu A hjá X.

Reykjavík, 26. júní 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 244/2012

M ökumaður A

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar bifreiðar B

Ágreiningur um bótaskyldu, orsakatengsl, vegna áreksturs 24.03. 2011,
á Hringbraut við Tannagarð þegar ekið var aftan á bifreið M.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 01.06. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinar, dags. 18.06. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Upphaflega sendi M inn eitt málskot vegna ágreinings um tvö slys þ.e. slys sem varð 07.09. 2010 og hins vegar slys 24.03. 2011. Með tölvupósti lögmanns M, dags. 20.06. 2012, var óskað eftir því að úrskurðarnefndin myndi aðeins taka fyrir umferðarslysið 24.03. 2011 í málskoti þessu en fram kom að nýtt málskot verði sent vegna slyssins 07.09. 2010. Með hliðsjón af ofanrituðu fjallar málskot þetta um ágreining aðila vegna slyssins frá 2011, en vátryggingafélagið telur ósönnuð orsakatengsl milli óhappsins og ástands M.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það telur ósannað að þau einkenni sem M kveðst búa við verði rakin til áreksturs aðila. Félagið lét framkvæma svonefndan PC crash úrreikning sem valdið hefur ágreiningi milli aðila. Niðurstaða félagsins er sú að mjög ólíklegt sé að M hafi orðið fyrir varanlegum líkamlegum einkennum vegna þessa áreksturs. Höggið sem kom hafi verið “afar mjúkt og að mjög lítinn hraða þurfti til að framkalla þær skemmdir sem urðu á bifreiðunum... “ Að öllu virtu telur félagið að orsakatengsl séu ósönnuð milli óhappsins og þeirra verkja sem M kveðst búa við í dag. Félagið telur “engar líkur til þess að umrætt óhapp geti valdið tjónþola varanlegu heilsutjóni”.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann gagnrýnir mjög framkvæmd umrædds álits þ.e. PC crash, sem aflað hafi verið einhliða af félaginu. Álitið hafi ekkert sönnunargildi að áliti M. M telur ljóst að orsakatengsl séu á milli áverka hennar og slyssins.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ekki hefur verið sýnt fram á orsakatengsl milli árekstursins og þeirra einkenna sem M telur sig búa við.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 26. júní 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 245/2012
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. reiðhjóls A og
Vátryggingafélagið V-2 v. B

Árekstur milli reiðhjóls og bifreiðar á ljósastrýðum gatnamótum þ. 3.4.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 4.6.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-2
2. Bréf V-1 dags. 18.6.2012
3. Bréf V-2 dags. 18.6.2012 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Árekstur varð á ljósastrýðum gatnamótum Dalvegjar og Nýbýlavegjar í Kópavogi. B sem er bifreið var ekið vestur Nýbýlaveg og á hjólreiðamann ökutæki A sem hjólaði þvert yfir Nýbýlavegin frá Dalvegi til norðurs. Hjólreiðamaðurinn A segist hafa farið yfir á gulu ljósi og ekki komið auga á B fyrr en í þann mund að árekstur varð. A segir að það hafi verið stór sendiferðabíll á vinstri akrein Nýbýlavegjar sem hafi stoppað fyrir sér og hann því hjólað áfram en þá hafi B verið ekið á A. Ökumaður B segist hafa verið kyrrstæður á rauðu ljósi við Nýbýlaveg á leið í vestur. Hann hafi ekið af stað þegar grænt ljós hafi logað fyrir sína akstursstefnu en þurft að bíða eftir bifreið sem hafði ekið inn á gatnamótin á gulu ljósi en þegar hann hefði ekið af stað þá hafi A hjólað á B. Vitni að árekstrinum sem segist hafa verið í sendiferðabíll við hliðina á B segist hafa séð A hjóla inn á gatnamótin á rauðu ljósi og hafi hann séð hann og náð að stoppa en ökumaður B hefði ekki séð hann og ekið áfram og á A sem hafi verið hjólað í veg fyrir B.

Álit.

Áreksturinn varð á ljósastrýðum gatnamótum Dalvegjar og Nýbýlavegjar. Samkvæmt framburði vitnis fór A yfir gatnamótin á rauðu ljósi. Engin gögn í málinu hnekkja þessum framburði vitnisins. Af þeim sökum og að virtum öllum gögnum málsins bætist reiðhjólíð ekki sbr. 3.mgr. 88.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 úr ábyrgðartryggingu B, en líkamstjón hjólreiðamannsins A bætist að fullu úr ábyrgðartryggingu B.

Niðurstaða.

Reiðhjólíð (A) bætist ekki sbr. 3.mgr. 88.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 en líkamstjón hjólreiðamannsins A bætist að fullu úr ábyrgðartryggingu B

Reykjavík 26.6.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 247/2012**M
og
vátryggingafélagið X v/ sjúkdómatryggingar.****Ágreiningur um rétt félagsins til að skerða bætur vegna rangrar upplýsingagjafar við töku
vátryggingar.****Gögn.**

113. Málskot, móttakið 4.6.2012, ásamt fylgigögnum.

114. Bréf X, dags 13.6.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 30.10.2001 sótti M um sjúkdómatryggingu hjá vátryggingafélaginu X. Í vátryggingarumsókninni svaraði M neitandi spurningu hvort hún reykti eða hafi reykt síðastliðna 12 mánuði. X samþykkti beiðnina og mun iðgjald hafa verið ákveðið í samræmi við fyrrgreindar upplýsingar um að M reykti ekki og hafi ekki reykt í 12 mánuði fyrir töku vátryggingarinnar.

Árið 2011 greindist M með krabbamein sem var bótaskyld úr sjúkdómatryggingunni. Í tengslum við afgreiðslu bótakröfunnar aflaði X upplýsinga úr sjúkraskrá M á heilsugæslustöð þar sem heimilislæknir hennar hefur aðsetur. Þar kemur fram að M hafi leitað til læknis á heilsugæslustöðinni 9.1.2001 og er þá haft eftir M að hún hafi hætt að reykja í 12 ár, en byrjað að fíkta aftur fyrir um tveimur árum og sé farin að reykja a.m.k. hálfan pakka daglega síðastliðið ár. Hún vilji hætta að reykja og sé búin að reyna ítrekað undanfarið með hjálp ýmissa nikótínlyfja en ekki gengið. Fékk M lyfseðil og ráðleggingar. Með hliðsjón af þessum upplýsingum úr sjúkraskránni skerti X bætur til M vegna rangra upplýsinga við töku vátryggingarinnar sem nemur hlutfallslegri lækkun miðað við hvert iðgjald hefði verið fyrir þá sem reykja í stað þess að miðað var við iðgjald fyrir þá sem ekki reykja.

M hefur ekki sætt sig við afstöðu X. Hún kveðst í einhver ár hafa fíktað við reykingar, þ.e. reykt um 5-10 sígarettur á dag í tvo daga aðra hvora helgi en hætt í ágúst 2000. Hún hafi fallið eina helgi í janúar 2001, en sölumaður vátryggingarinnar hafi talið óþarft að minnast á það í vátryggingarumsókninni. Þá hafi læknir ekki haft rétt eftir henni í sjúkraskránni í janúar 2001.

Álit.

M ritaði undir vátryggingarumsóknina eigin hendi og staðfesti að hún hafi svarað spurningum rétt samkvæmt bestu vitund. Ekkert liggur fyrir um það að sölumaður vátryggingarinnar hafi heimilað að upplýsingagjöf í umsókninni mætti vera með þeim hætti sem hún staðhæfir. Þá er heldur ekkert fyrirbyggjandi í gögnum málsins sem gefur tilefni til að ætla að rangt hafi verið haft eftir M er hún leitaði til læknis á heilsugæslustöðina 9.1.2001. Verður því að telja að M hafi ekki veitt réttar upplýsingar um reykingar sína síðustu 12 mánuðina fyrir töku vátryggingarinnar sem hafði í för með sér að hún var sett í iðgjaldsflokk með þeim sem ekki reyktu. Vanrækti M upplýsingagjöfina með þeim hætti að hún telst ekki óveruleg.

Samkvæmt 2. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga má fella ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta hafi vátryggingartaki eða vátryggður vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt. Við mat á ábyrgð félagsins skal litið til þess hvaða þýðingu vanrækslan hefur haft fyrir mat þess á áhættu, til þess hve sökin var mikil, með hvaða hætti vátryggingaratburður hefur orðið og til atvika að öðru leyti, sbr. 3. mgr. 83. gr. laganna. Þegar litið er til þess að hinar röngu upplýsingar leiddu til þess að M var sett í áhættuflokk með lægra

iðgjaldi en ella hefði verið þykir mega fallast á ákvörðun X um skerðingu bóta á þann hátt sem gert hefur verið. M á því ekki rétt á frekari bótum úr sjúklingatryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum úr sjúklingatryggingu sinni hjá X.

Reykjavík, 26. júní 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 248/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Slysátryggingar K

Kona ökklabrotnaði þegar nemandi á snjóbretti lenti á henni þ. 20.1.2009.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 4.6.2012 ásamt fylgiskjölum 1-11
2. Bréf V. Dags 27.6.2012 ásamt fylgiskjali

Málsatvik.

M stóð við gangstíg við norðurhorn skóla sem hún starfaði við og var að fylgjast með nemendum, þegar einn nemandinn kom niður brekku á snjóbotu og lenti á M. Við það féll M og við myndatöku á slysadeild LSH reyndist M hafa ökklabrotnað á hægri ökkla. M krefst bóta úr slysatryggingu K hjá V og bendir á að M hafi leitað til bæklunarskurðlæknis 4.11.2009 og farið síðan í rannsókn hjá nafngreindum lækni síðast 9.3.2011, en þá telur M að hún hafi mátt vita um afleiðingar slyssins. V hafnar bótaskyldu og bendir á að félagið hafi tekið við tjónstilkynningu vegna slyssins þ. 29.11.2011, en tilkynningin er dagsett 23.11.2011. V telur að slysið hafi því verið tilkynnt of seint til launþegatryggingar þeirrar sem K hafi hjá V. Vísað er til 1.mgr. 124.gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004 í þessu sambandi.

Álit.

M ökklabrotnaði vegna þess áverka sem hún hlaut þ. 20.1.2009 og var ljóst að hún hafði ökklabrotnað á slysadeild skömmu eftir slysið. Miðað við þær upplýsingar hafði M vitneskju um þau atvik sem bótakrafa hennar er reist á fljótlega eftir slysið, en slysið var ekki tilkynnt til V fyrr en með tilkynningu sem er dagsett þ. 23.11.2011. Þá var ársfresturinn skv. 1.mgr. 124.gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004 liðinn. M á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu K hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu K hjá V.

Reykjavík 2.8. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 249/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. slysatryggingar launþega A

Starfsmaður féll úr stiga niður á gólf og slasaðist þ. 24.9.2009.

Gögn.

1. Málskot móttækið þ. 4.6.2012 ásamt fylgiskjölum 1-11
2. Bréf V. dags 18.6.2012 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M var við vinnu sína hjá A og ætlaði að sækja tvo 25 kg. mjölpoka úr stæðu í mjölgeymslu. Við það notaði hann gaffallyftara sem hann staðsetti fyrir framan stæðuna. Þar sem kassar voru staðsettir fyrir framan komst lyftarinn ekki að stæðunni til að taka niður bretti. M stillti því lyftaranum upp með laust bretti sem nam við efstu stæðuna og notaði síðan langan lausan stiga til að klifra upp að brettinu með mjölpokunum. Stiginn náði ekki nógu hátt upp og hafði M ekki jafnvægi sem skyldi og lítið sem ekkert hald og féll M úr stiganum og niður á gólf og brotnaði á báðum fótum. M krefst bóta úr slysatryggingu launþega A hjá V og telur að um slys hafi verið að ræða sem sé bótaskyld úr tryggingunni þar sem að utanaðkomandi atburður hafi valdið tjóni M. V hafnar bótaskyldu og telur ljóst að orsök atviksins sé ekki að rekja til utanaðkomandi atviks, heldur innra ástands í líkama M þ.e. jafnvægismissis. V telur því að umræddur atburður falli ekki undir slyshugtak 8.gr. skilmála slysatryggingar launþega. V bendir á að M hafi staðið kyrr í stiganum þegar hann missti jafnvægið.

Álit.

M missti jafnvægið þegar hann var við vinnu sína í lausum stiga og féll niður á gólf og slasaðist. Áverkinn sem M varð fyrir varð þegar hann lenti í gólfinu. Óumdeilt er að M missti jafnvægið, en ekkert bendir til að það hafi verið vegna svima, sjúkdóma eða annars sérstaks líkamlegs ástands M. Þar sem M varð fyrir því tjóni sem um ræðir þegar hann lenti í gólfinu eftir fall úr stiganum varð hann fyrir slysi í skilningi 8.gr. skilmála slysatryggingar launþega og á rétt á bótum úr slysatryggingu launþega A hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr slysatryggingu launþega A hjá V.

Reykjavík 21.8.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 250/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/A****og****Vátryggingafélagið Y v/B****Árekstur á gatnamótum Fellsmúla og Háaleitisbrautar 09.05. 2012.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 05.06. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 18.06. 2012.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 25.06. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ökumaður A var á hægri beygjuakrein en ökumaður B á vinstri beygjuakrein Fellsmúla. Báðir voru með fyrirhugaða akstursstefnu inn á Háaleitisbraut til suðurs. Bifreiðarnar rákust saman í beygjunni sem þarna er. Ágreiningur er hvor þeirra hafi ekið á hinn.

Vátryggingafélögin vísa til niðurstöðu Tjónanefndar vátryggingarfélaganna sem taldi að skipta skuli sök til helminga þar sem ósannað er um stöðu bifreiðanna í aðdraganda árekstursins.

M telur að leggja skuli alla sök á ökumann B sbr. umföllun hans í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum verður sök skipt til helminga. Ekki er unnt að staðhæfa að annar ökumaður hafi ekið á eða í veg fyrir hinn. Rétt þykir að skipta sök til helminga vegna þeirrar óvissu sem er um nákvæma staðsetningu bifreiðanna við áreksturinn.

Niðurstaða.

Sök er skipt til helminga.

Reykjavík 2. ágúst 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 251/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. A og B

Árekstur á hringtorgi á Nýbýlavegi í Kópavogi þ. 14.5.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 5.6.2012 ásamt fylgiskjölum nr. 1-6
2. Bréf V dags. 25.6.2012.

Málsatvik.

Árekstur varð á hringtorgi á Nýbýlavegi í Kópavogi. Ökumaður A segist hafa ekið af Kársnesbraut inn í innri akrein hringtorgsins og ætlað áfram austur Nýbýlaveg og gefið stefnuljós til hægri. Ökumaður A segir að hún hafi ekki séð til ferða B fyrir en B hafi ekið í veg fyrir A og ekki séð kerruna sem B var með. Ökumaður B segist hafa ekið á ytri akrein á hringtorginu og ætlað að aka Hafnarfjarðarveg til norðurs og ekið á undan A, sem hafi ekið á kerruna sem B dró við útkeyrslu úr hringtorginu við Nýbýlaveg.

Álit.

Ökumaður A ekur inn í innri akrein á hringtorgi og ætlar sér að aka út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótum frá því að hún ók inn á hringtorgið. Ökumaður A ekur síðan á keru sem B dró þegar hún ætlaði að aka út úr hringtorginu. Ökumaður A sýndi ekki næga varúð við aksturinn þar sem hún ekur á kerru sem dreginn var af ökutæki B sem komið var framhjá gatnamótunum. Ekki verður séð miðað við fyrirbyggjandi gögn að ökumaður B hafi hagað akstri sínum með þeim hætti að á hann verði felld sök í málinu. Ökumaður A ber því alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök.

Reykjavík 24.7.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 253/2012**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar fasteignareiganda.****Kona slasaðist er hún féll í stiga í verslunar- og skrifstofuhúsnæði.****Gögn.**

115. Málskot, móttækið 6.6.2012, ásamt fylgigögnum.

116. Bréf X, dags 22.6.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 19.1.2012 átti M erindi í fyrirtæki í húseign í Reykjavík sem er í eigu H. Að erindinu loknu gekk M niður stiga í húsinu. Er hún var á milli 3. og 4. hæðar rann hún skyndilega, sennilega úr 3. eða 4. tröppu ofan frá talið, svo hún datt og náði ekki að stöðva sig fyrir en á stigapalli fyrir neðan stigann. Við fallið hlaut M lemstur víða um líkamann, m.a. úlnliðs- og handarbrot á vinstri hendi. M veit ekki nákvæmlega hvað varð til þess að hún rann umrætt sinn. Hún kveður yfirborð stigans vera úr svörtu gljáfægðu efni og að enginn hálkuborði hafi verið fremst á stigaprepunum til að varna því að fólk renni í stiganum. Stiginn sé því mjög háll sértaklega ef bleyta kemur á hann, jafnvel í litlu magni. Auk þess sé gólfefnið hart og tröppubrúnirnar hvassar sem er til þess fallið að gera tjónið enn meira en ella detti fólk í stiganum. Telur M að H sé ábyrgur fyrir hinu hættulega ástandi stigans og hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu H hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Ekki liggur fyrir að gólfefni á umræddum stiga sé annarrar gerðar en jafnan má finna á stigum í atvinnuhúsnæði eins og hér um ræðir. Ekki liggja heldur fyrir í málinu neinar álits- eða matsgerðir því til sönnunar að gólfefnið sé óhæft til notkunar á stigum eða að notkun þess eða gerð og frágangur stigans fari í bága við byggingarreglugerð eða önnur stjórnvaldsfyrirmæli. Þá er ekki ljóst, eins og áður getur, hvað varð til þess að M rann í stiganum og datt. Að öllu athuguðu verður að telja ósannað að yfirborð stigans hafi verið svo varhugavert að ábyrgð verði lögð á H vegna líkamstjóns M. Tjónið fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu H hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu H hjá X.

Reykjavík, 10. júlí 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 254/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/slysatryggingar ökumanns****Umferðarslys í Vestfjarðagöngum þegar ökumaður ók á vegg 18.12. 2010.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 06.06. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinar, dags. 25.06. 2012, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M var á leið til Ísafjarðar af skólaskemmtun Grunnskólans á Flateyri. Á leið sinni um Vestfjarðagöng ók M utan í vegg. M taldi sig hafa dottað og því ekið á vegginn og slasast.

M telur bótaskyldu fyrir hendi, hún hafi lent í slysi sem bótaskyld sé skv. nefndri vátryggingu. Um slys hafi verið að ræða er falli undir slyshugtakið eins og það er skilgreint í vátryggingarétti sbr. og dóm Hæstaréttar Íslands frá 28.10. 2010 í máli nr. 289/2010 sbr. nánar umfjöllun í málskotinu. Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það telur að ekki séu uppfyllt öll skilyrði slyshugtaksins. Frumorsök þess að M hlaut meiðsl séu þau að hún sofnaði undir stýri og endaði á því að aka utan gangavegginn. Frumorsök líkamstjónsins eru þannig að rekja til innri orsaka í líkama M sbr. nánar umfjöllun félagsins.

Verði ekki fallist á ofangreind sjónarmið félagsins þá telur félagið að M þurfi að bera tjón sitt sjálf að hluta vegna stórkostlegs gáleysis sbr. 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 og sameiginlegra skilmála félagsins. M hafi sofnað undir stýri, allar líkur séu á því að hún hafi verið illa sofinn og að atvikið megi fyrst og fremst rekja til svefnleysis.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er bótaskylda fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir. M varð fyrir slysi í umrætt sinn sem fellur undir skilgreiningu á slyshugtakinu í vátryggingarétti þ.e. skyndilegur utanaðkomandi tjónatburður varð þess valdandi að hún slasaðist er hún ók á gangavegginn í kjölfar þess að hún hefur líklega dottað undir stýri. Vegna þessa missti hún stjórn á bifreið sinni.

Ekki er unnt að rekja aðdraganda slyss þessa til stórkostlegs gáleysis M við akstur bifreiðarinnar. Það að dotta undir stýri með þeim hætti sem lýst er í takmörkuðum gögnum máls þessa felur ekki í sér stórkostlegt gáleysi.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir hendi.

Reykjavík 2. ágúst 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 255/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar foreldra D

Drengur fór út á götu og lenti á reiðhjóli og hjólreiðamaður meiddist þ. 24.9.2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 6.6.2012 ásamt fylgiskjölum 1-8
2. Bréf V dags. 20.6.2012

Málsatvik.

M segir að hann hafi ekið á reiðhjóli sínu og séð drenginn D sem hafi litið aðeins til hægri og síðan hlaupið út á götuna og á framhjólíð á reiðhjóli M með þeim afleiðingum að M meiddist á hægri öxl. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu foreldra D og segir að það sé ljóst að D hafi ekki litið til beggja hliða áður en hann hljóp út á götuna og hafi hann því sýnt af sér aðgæsluleysi sem leiði til bótaskyldu. V hafnar bótaskyldu og segir að D hafi hlustað og litið til beggja hliða áður en hann hljóp út á akbrautina. Þá vísar V til þess að D hafi sagst í viðtali við lögfræðinga V vera þess fullviss að hann hafi litið til beggja hliða áður en hann hélt af stað yfir götuna. Af þeim ástæðum segir V að það sé ekki sannað að D hafi brotið gegn þeim skyldum sem á hann eru lagðar í umferðarlögum. Nr. 50/1987. V byggir einnig á því að M hafi ekki tekist að sýna fram á að D hafi sýnt af sér óaðgæslu í umrætt sinn. D er fæddur í desember 1998 og var því 11 ára á slysdegi.

Álit.

Af gögnum málsins liggur fyrir að M sem var á reiðhjóli varð fyrir slysi vegna þess að D hljóp skyndilega í veg fyrir reiðhjólíð. Fyrir liggja í málinu greinargóðar lýsingar M á atvikinu og afleiðingarnar koma fram í þeim læknisfræðilegu gögnum sem lögð hafa verið fram. Ljóst er miðað við þau gögn sem fyrir liggja að D gætti ekki nægjanlegrar varúðar áður en hann fór skyndilega út á götuna í veg fyrir reiðhjól M og sýndi af sér háttsemi sem leiðir til bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu þeirri sem M krefst bóta úr hjá V. Ekki hefur verið sýnt fram á eða gert sennilegt að M hafi hagað akstri sínum með óeðlilegum hætti í umrætt sinn.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu foreldra D hjá V.

Reykjavík 10.7.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 256/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A****Ágreiningur um hvort bifreiðinni A hafi verið ekið á M á bifreiðastæði þann 13.06. 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 07.06. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 02.06. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ágreiningur er um hvort bifreiðinni A hafi verið ekið á M þann 13.06. 2011. Eiganda A og M greinir á um atvik málsins sbr. fyrirliggjandi gögn.

M staðhæfir að A hafi í tvígang verið ekið utan í M á bifreiðastæði við Eskihlíð. M hafi verið að safna dósúm úr ruslatunnu á bifreiðastæðinu er þetta gerðist. Eigandi A kveðst hafa rætt við M á bifreiðastæðinu og tilkynnt honum að bannað væri að safna dósúm úr ruslatunnum. M hafi þá reiðst og hoppað á vélarhlíf A og slegið flösku í vélarhlífina. M staðhæfir að A hafi verið ekið á sig. Engin vitni voru að atviki þessu.

Vátryggingafélagið hafnar jbótaskyldu. Það vísar m.a. til þess að þeir áverkar sem vísað er til í læknisvottorði geti ekki talist fela í sér sönnun á þeim atvikum sem M byggir á.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun málskotsins.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er ósannað að bifreiðinni A hafi verið ekið á M.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 2. ágúst 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 257/2012**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Starfsmaður féll úr lausum stiga er hann vann við logsuðu í fiskeldiskeri þann 2.3.2009.****Gögn.**

117. Málskot, móttakið 7.6.2012, ásamt fylgigögnum.

118. Bréf X, dags. 25.6.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 2.3.2009 var M að störfum á vegum vinnuveitanda síns, vélsmiðjunnar V, í laxeldisstöð A. Samkvæmt tilkynningu V um vinnuslys til vátryggingafélags síns, X, dags. 1.5.2009, segir að M hafi verið að vinna í stiga í um 1,5 hæð. Hafi stiginn runnið til og M fallið. Í tilkynningu V til Vinnueftirlits ríkisins um slysið, dags. 14.3.2011, segir að M hafi verið að vinna í um 2 m stiga ofan í bleikjukari. Hann hafi verið u.þ.b. í miðjum stiganum þegar stiginn hafi runnið undan honum. Við slysið hlaut M áverka á vinstri fæti.

M kveðst hafa verið einn á staðnum ásamt yfirmanni sínum sem jafnframt sé eigandi V. Stigi sá sem M fékk í hendur er hann vann umrætt verk hafi á engan hátt hentað til verksins, þ.e. lausan stiga sem hann hafi þurft að nota ofan í bleikjukari. Verði slysið því rakið til ófullnægjandi verkstjórnar og vanbúnaðar stigans. M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Slysið var ekki tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins er það gerðist eins og skylt var skv. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum með síðari breytingum. Engin rannsókn fór því fram á tildrögum slyssins og aðstæðum á vinnustað. V hefur því sönnunarbyrði um málsatvik að því marki sem þau eru óupplýst en ætla má að hefðu verið upplýst ef rannsókn hefði farið fram strax í kjölfar slyssins. Því hefur V sönnunarbyrði um það að forsvaranlegt hafi verið að nota umræddan stiga við það verk sem M vann við jafnvel þótt ekkert athugasvert hafi verið við sjálfan stigann. X hefur m.a. hafnað bótaskyldu á grundvelli upplýsinga sem aflaði hjá V, en hefur neitað að afhenda M gögn sem hafa að geyma téðar upplýsingar. Í málinu verður því ekkert byggt á slíkum upplýsingum við mat á ábyrgð V. Eins og málið liggur fyrir hefur V ekki sýnt fram á að slysið verði ekki rakið ófullnægjandi vinnuaðstæðna eða ófullnægjandi verkstjórnar. V telst því bera ábyrgð á líkamstjóni M og þar með telst tjónið einnig bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu V hjá X. Ekki eru efni til að ætla að M sé á einhvern hátt meðábyrgur fyrir tjóninu. Bótaréttur hans verður því ekki skertur af þeim sökum.

Niðurstaða.

M á óskoraðan rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 10. júlí 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 258/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar A****Ágreiningur um hvort ekið hafi verið ekið á M í október 2010.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 07.06. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 21.06. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ágreiningur er um hvort bifreiðinni A, í eigu leigusala M, hafi verið ekið utan í M í október 2010 sbr. fyrirliggjandi gögn. Leigusalinn og M höfðu átt í illdeilum og lagði M fram kæru vegna líkamsárásar á hendur leigusalanum.

M heldur því fram að vátryggingartaki (leigusalinn) hafi m.a. “sest upp í bifreið sína, bakkað bifreiðinni í fyrstu en ekið síðan af stað og beint á sig. Kveður hann vátryggingartaka hafa ekið á hægri fótlegg sinn og hann farið á slysadeild til skoðunar...”

Vátryggingafélagið telur ósannað að vátryggingartaki hafi ekið á M. Félagið vísar og m.a. til þess að fram kemur í skýrslu lögreglu að M er “þekktur hjá lögreglu sem ofbeldisfullur fíkniefnanotandi “ Félagið telur ósannað að bifreiðin A tengist málinu en ekkert hafi verið lagt fram sem rennir stoðun undir það. Máli sínu til stuðnings vísar félagið til úrskurða nefndarinnar í málum 273/2011 og 219/2008.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann vísar til úrskurðar nefndarinnar nr. 55/2008, máli sínu til stuðnings.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ósannað er að umræddri bifreið hafi verið ekið á M.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 2. ágúst 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 259/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. slysatryggingar ökumanns A

Umferðarslys þ. 23.9.2006

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 8.6.2012 ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V dags. 25.6.2012 ásamt fylgiskjölum 1-2

Málsatvik.

M ók bifreiðinni A sem var ekið á vinstri akrein vestur Vesturlandsveg og aftan á jeppabifreið skammt vestan við Höfðabakkabru. M krefst bóta úr slysatryggingu ökumanns A og hafnar því að forsenda sé til að fella niður bótarétt að fullu vegna aksturslags M. Af hálfu M er sagt að ljóst sé að M hafi ekið töluvert yfir leyfilegum hámarkshraða en ekki verði á það fallist að bótaréttur M verði felldur niður miðað við það hvernig áreksturinn varð og aðdraganda hans, en M hafi hellað þegar jeppabifreiðin ók af miðakrein yfir á vinstri akrein í veg fyrir A. V hafnar bótaskyldu og vísar til hraðaútreiknings Magnúsar Þórs Jónssonar professors sem unnin var fyrir lögreglu þar sem líklegasti ökuhraði A sé talinn hafa verið um 178 km/klst þegar M byrjaði að hella, en 131 km/klst við áreksturinn sjálfan. V heldur því fram að M hafi í umrætt sinn sýnt af sér stórfellt gáleysi við aksturinn þannig að það réttlæti að fella niður bætur til hans að öllu leyti.

Álit.

Ljóst er af þeim gögnum sem fyrir liggja í málinu m.a. vitnisburðum fólks, að M gerðist sekur um stórfellt gáleysi við akstur A í umrætt sinn. Ofsaakstur M leiddi til þess slyss sem hér ræðir um. Miðað við framlögð gögn og aðstæður allar er heimilt að fella niður bætur til M að fullu sbr. 1.mgr. 90 gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns A hjá V.

Reykjavík 2.8. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 261/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar L

Kona datt niður tröppur þ. 23.9.2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 12.6.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-15
2. Bréf V dags. 22.6.2012

Málsatvik.

M segist hafa verið að ganga niður tröppur og fest hæl í stálstoppara sem er í tröppunum með þeim afleiðingum að hún féll niður nokkrar tröppur og meiddist. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu L hjá V. Af hálfu M er vísað til 13.gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og 42.gr. laganna sem og reglugerð nr. 581/1995. M segir að hún hafi fallið um stálkant á stiga niður í matsal vinnustaðarins. M segist hafa tilkynnt yfirmanni sínum um slysið en það hafi ekki verið tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins. V hafnar bótaskyldu og telur ekkert athugasvert við stigann sem um ræðir enda öll hönnun í samræmi við lög og byggingareglugerðir. Þá segir V að allir starfsmenn gangi stigann og aldrei fyrr hafi orðið slys í honum. Þá segir V að þó að slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins fyrr en 3 vikum eftir slysið þá leiði það ekki til þess að stiginn brjóti gegn lögum og reglugerðum um húsnæði vinnustaða. Þá vísar V til þess að stálstopparar séu í hverri tröppu stigans. Þá vísar V til þess að í tilkynningu um slysið sé hvergi getið um að hæl hafi fests eða rekist í stálstoppara.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á að stiginn sem um ræðir í máli þessu sé gerður með öðrum hættin en gildandi lög og reglur kveða á um. Þá hefur M ekki sýnt fram á að einhver atriði sem varða gerð stigans leiði til bótaskyldu af hálfu L og breytir þar ekki niðurstöðunni í þessu tilviki þó að Vinnueftirlit ríkisins hafi ekki verið tilkynnt um slysið fyrr en nokkru eftir að það gerðist. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu L hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu L hjá V.

Reykjavík 10.7.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 263/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/forsjármannstryggingar****Ágreiningur um bótaskyldu, fyrningu og krafa um frávísun.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 12.06. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 04.07. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ágreiningur er um bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ágreiningur er um hvort krafa M sé fyrnd.

Vátryggingafélagið telur kröfu M fyrnda sbr. ákvæði skilmála og 29. gr. eldri laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954.

Félagið gerir kröfu um frávísun máls þessa með vísan til þess að í bréfi félagsins til M, dags. 04.07. 2009, var gefinn ársfrestur til að leggja málið fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum eða stefna því fyrir dómstóla innan árs frá höfnarbréfi félagsins sbr. ákvæði 2. mgr. 51. gr. og 2. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Sá ársfrestur er liðinn að álitum félagsins.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Nefndin fellst ekki á kröfu vátryggingafélagsins um frávísun máls. Um afgreiðslu máls þessa gilda ákvæði eldri laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954.

Krafa M á hendur félaginu er ekki fyrnd. Sá 4 ára fyrningarfrestur sem um ræðir, í 29. gr. nefndra laga um vátryggingarsamninga, byrjaði ekki að líða fyrir en árinu 2009. Hafði M fyrir þann tíma ekki fengið niðurstöðu sérfræðings á tjóni sínu eða heildstætt mat á afleiðingum þess og ekki er við M að sakast hversu langan tíma hefur tekið að leggja mat á afleiðingar slyssins sem um ræðir. Af 1. mgr. 30. gr. nefndra laga leiðir að ekki er heimilt að semja um skemmri fyrningarfresti en kveðið er á um í 29. gr. Því getur 6 mánaða almennur fyrningarfrestur í skilmálum félagsins ekki komið til álita í máli þessu.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir hendi.

Reykjavík 2. ágúst 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 265/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. söluverndartryggingar

Tjón vegna viðgerða og endurbóta á skólplögn 2012

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 14.6.2012 ásamt fylgiskjölum 1-5
2. Bréf V dags. 5.7.2012 ásamt fylgiskjölum 1-2

Málsatvik.

M er með söluverndartryggingu hjá V, en hann keypti fasteign þá sem um ræðir þ.4.4.2007. M segir að borið hafi á rottugangi í desember 2011 þegar umfangsmiklar framkvæmdir voru í grunni í næsta húsi og við skoðun fagaðila hafi komið í ljós að vatn og skolp hafi lekið um gataða skolplöng í grunni hússins. M telur að um verulegan galla sé að ræða sem rýri verðgildi eignarinnar og krefst bóta úr söluverndartryggingu sinni hjá V. M telur aldur húseignarinnar eigi ekki að ráða því að ekki sé fallist á bótaskyldu í málinu. V hafnar bótaskyldu og telur ekki vera um galla að ræða sem rýri verðgildi eignarinnar miðað við 18.gr. kaupalaga nr. 40/2002. V bendir á að húsið hafi verið 51 árs gamalt þegar kaup fóru fram og búast megi við viðhaldi á frárennislögn á u.þ.b. 50 ára fresti og hafi ástand hússins verið í samræmi við aldur þess.

Álit.

Fyrir liggur að húsið sem M keypti var á kaupdegi rúmlega hálftrar aldar gamalt. Rúmum 4 árum eftir að kaup áttu sér stað kom í ljós að skólplögn var ekki í fullkomnu lagi. Ekki liggja fyrir gögn í málinu sem benda til annars en að um eðlilega endurnýjun og endurbætur sé að ræða á skólplögninni. Miðað við framangreint og fyrirliggjandi gögn er ekki sýnt fram á bótaskyldu V í málinu. M á því ekki rétt á bótum úr söluverndartryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr söluverndartryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 2.8. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 266/2012**M farþegi í A****og****Vátryggingafélagið X v/A****Ágreiningur um orsakatengsl í tengslum við umferðarslys á gatnamótum Borgarbrautar og Merkgíls á Akureyri 10.02. 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 14.06. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 19.07. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M var farþegi í umræddri bifreið. Ágreiningur er um hvort sýnt hafi verið fram á orsakatengsl milli slyssins og eymsla sem M telur sig búa við sbr. gögn.

Vátryggingafélagið vísar til þess að í skýrslu lögreglu sé þess getið að farþegar “kváðust ekki kenna sér þannig eymsla að þau þyrftu að leita sér aðhlyningar...” M leitaði til læknis 28.10. 2011 vegna líkamseinkenna vegna umrædds slyss sbr. fyrirliggjandi læknisvottorð. Félagið hafnar bótaskyldu það telur ósannað að orsakatengsl séu til staðar vegna slyssins. Vísað er til þess að M glímdi við stoðkerfiseinkenni fyrir slysið.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Mat nefndarinnar liggur í því að meta hvort meiri líkur eða minni eru á því að líkamstjón hafi orðið í árekstrinum 10. febrúar 2011. Í lögregluskýrslu er getið um minniháttar slys á fólki. Það má hins vegar sjá af gögnum málsins að M leitaði ekki til læknis fyrr en rúmum átta mánuðum eftir árekstur en að öðru leyti liggja takmörkuð læknisfræðileg gögn fyrir og lítil sem engin meðferð hefur verið vegna ætlaðra afleiðinga. Ekkert mat liggur fyrir um hvort orsakatengsl eru milli kvartana M í dag og árekstursins. Í ljósi þessara takmörkuðu gagna telst vafi um orsakatengsl í þessu máli verulegur. M telst ekki hafa leitt nægar líkur að því að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni sem rekja má til notkunar ökutækisins.

Þegar tekið er mið af ofanrituðu og takmörkuðum gögnum máls þessa er bótaskylda ekki fyrir hendi. Orsakatengsl eru ósönnuð.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 21. ágúst 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 268/2012**M ökumaður bifreiðar**

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar bifreiðar A**Ágreiningur um bótaskyldu (orsakatengsl) af völdum umferðaróhapps 12.01. 2012.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 14.06. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 28.06. 2012, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M krefst viðurkenningar á bótaskyldu vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu A vegna umferðaróhapps 12.01. 2012 í Hafnarfirði sbr. gögn málsins.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu þar sem það telur ekki vera orsakatengsl milli óhappsins og einkenna M. Ákoma á bifreiðunum var léttvæg og lýsingar á meiðslum M geti alls ekki orsakast af þeim.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Ekki er um það deilt að M á rétt á bótum að því marki sem hún hefur orðið fyrir tjóni við umrætt óhapp. Gögn málsins um líkamstjón M eru af skornum skammti og ekkert mat liggur fyrir á því hvert tjón hennar sé. Eins og mál þetta liggur fyrir hefur nefndin ekki forsendur til að taka afstöðu til þess hvort sannað teljist að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni í umrætt sinn. Er málið vanreifað að þessu leyti og ekki stutt nægilegum gögnum svo unnt sé að úrskurða í því. Samkvæmt því og með vísan til 3. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005 í B-deild Stjórnartíðinda, er máli þessu vísað frá nefndinni.

Niðurstaða.

Máli þessu er vísað frá.

Reykjavík 2. ágúst 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 269/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar búfjáreiganda

Umferðaróhapp þegar bifreið ók á kind þ. 25.5.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 14.6.2012.
2. Bréf V dags. 14.6.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-5.

Málsatvik.

M ók á kind þegar kindins hljóp í veg fyrir bifreið M. Bifreið M varð fyrir tjóni og krefst M bóta vegna alls tjóns sem hann varð fyrir úr ábyrgðartryggingu búfjáreiganda hjá V. M bendir á að lausaganga búfjár sé óheimil þar sem óhappið varð og viðkomandi búfjáreigandi beri ábyrgð á búfé sínu. V hafnar bótaskyldu og segir að samkvæmt lögreglusamþykkt viðkomandi svæðis sé lausaganga búfjár bönnuð í þéttbýli en að öðru leyti fari um lausagöngu búfjár samkvæmt vegalögum og lögum um búfjárhald sem og þeim reglum sem sveitarstjórn setji. Girt er beggja megin vegarins þar sem óhappið varð og mátti kindin því ekki vera á veginum. V telur að þrátt fyrir að kindin hafi ekki mátt vera á veginum verði það ekki rakið til sakar búfjáreiganda og vísar til þess að tjónið verði ekki rakið til sakar búfjáreiganda eða vanrækslu hans en búfjáreigandi hafi ekki vitað af kindinni á veginum.

Álit.

Ekki er ágreiningur um að girt var beggja vegna vegarins þar sem M ók og lausaganga búfjár því bönnuð samkvæmt ákvæðum vegalaga nr. 80/2007. Engin gögn liggja fyrir um ástand girðinga þannig að hægt sé að meta hvort vörslur búfjár voru fullnægjandi. Í málinu hefur ekki verið sýnt fram á gáleysi eiganda kindarinnar og þegar af þeim sökum á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu búfjáreigandans hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu búfjáreigandans hjá V.

Reykjavík 21.8. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 270/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Húseigendatryggingar

Vatnstjón frá svölum þ. 14.1.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 14.6.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-8
2. Bréf V dags. 26.6.2012.

Málsatvik.

Vatn flæddi inn um svalarhurð á íbúð M á 2. hæð í fjölbýlishúsi og varð M fyrir tjóni. M krefst bóta úr vatnstjónstryggingu húseigendatryggingar og byggir á því að hún eigi bótarétt sbr. grein 9.1.6 í vátryggingaskilmálum og segir að um yfirborðsvatn hafi verið að ræða sem hafi orsakað tjónið. V hafnar bótaskyldu með vísan til greinar 9.1.7 í vátryggingarskilmálum þar sem m.a. kemur fram að vátryggingin bæti ekki tjón vegna utanaðkomandi vatns frá svölum. Þá segir V að fram hafi komið að drenlög hafi verið stífluð sem hafi leitt til þess að vatn safnaðist fyrir á svölum við 2. hæð og í því sambandi bendir V á grein 9.1.12 í vátryggingaskilmálunum.

Álit.

Fyrir liggur að M varð fyrir vatnstjóni vegna þess að vatn kom frá svölum íbúðar hennar á 2. hæð í fjölbýlishúsi. Í grein 9.1.7 í vátryggingaskilmálum kemur fram að tjón eins og það sem um ræðir er undanskilið bótaskyldu. M á því ekki rétt á bótum úr húseigendatryggingunni hjá V vegna þessa tjóns.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr húseigendatryggingu hjá V.

Reykjavík 2.8. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 272/2012**M****og****vátryggingafélagið X v/ frítímaslysátryggingar.****Ágreiningur um rétt til dagpeninga úr frítímaslysátryggingu.****Gögn.**

119. Málskot, móttakið 15.6.2012, ásamt fylgigögnum.

120. Bréf X, dags 21.6.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 31.1.2012 féll M á vinstra hné er hann steig á klaka á leið sinni út úr bifreið. Hann hlaut áverka á hnénu og virðist hafa leitað á slysadeild Landspítalans 13.2.2012 af þeim sökum. Í læknisvottorði frá slysadeildinni segir að við slysið hafi hnéskel skallið í jörðu og eftir það verið með verki við áreynslu en ágætur í hvíld. Hann hafi tekið sér frí núna síðustu daga en þegar hann fór til vinnu 13.2.2012 entist hann ekki nema hálfan daginn. Í vottorðinu kemur fram að M hafi verið vinnufær að fullu (100%) fyrir slysið en ekki er þess getið að slysið hafi haft áhrif á vinnugetu hans. Samkvæmt tveimur vottorðum bæklunarlæknis, dags. 26.3. og 11.4.2012, er M sagður hafa verið óvinnufær með öllu af völdum slyssins frá slysdegi, 31.1.2012 til 15.5.2012.

M hefur krafist greiðslu dagpeninga úr frítímaslysátryggingu sem hann hefur í gildi hjá vátryggingafélaginu X. Við afgreiðslu málsins hjá X upplýstist að M hefur verið metinn til 75% örorku hjá Tryggingastofnun ríkisins og samkvæmt gögnum málsins verið á örorkulífeyri frá janúar 2011, en matið mun gilda til ágústloka 2013. X hefur hafnað kröfu M um greiðslu dagpeninga með vísan til gr. 3.2 í 4. kafla vátryggingarskilmála sem fjallar um slysátryggingu í frítíma, en í umræddu ákvæði segir að félagið bæti ekki tímabundinn starfsorkumissi sem er minni en 50% af eðlilegri starfsorku.

Álit.

Samkvæmt gr. 3.1 í skilmálum slysátryggingarinnar greiðir félagið dagpeninga ef slys veldur tímabundnum missi starfsorku. Greiðast dagpeningarnir í hlutfalli við starfsorkumissinn frá lokum biðtíma svo lengi sem vátryggður er óvinnufær og eins og nánar greinir í ákvæðinu. Skv. ákvæði í gr. 3.2., sem áður getur, greiðir félagið á hinn bóginn ekki tímabundinn starfsorkumissi sem er minni en 50% af eðlilegri starfsorku. Í þessu felst að bætur takmarkast við það að starfsorkumissir M af völdum slyssins sé a.m.k. 50% á mælikvarða heilbrigðs og vinnufærs manns. Ekkert liggur fyrir á hvaða forsendum M hefur verið metinn til 75% örorku hjá TR. Engin gögn eru heldur um það í málinu við hvað M starfaði fyrir slysið, hver vinnugeta hans hafi þá nákvæmlega verið og hvernig sú vinnugeta fær samrýmst hinni metnu örorku hjá TR. Krafa M er vanreifuð að þessu leyti og ekki studd nægilegum gögnum. Í ljósi þessa og með vísan til 3. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005, er máli þessu vísað frá nefndinni.

Niðurstaða.

Máli þessu er vísað frá.

Reykjavík, 10. júlí 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 276/2012
(M) og
(V) v. vagnakaskó tryggingar

Tjón á fellihýsi þegar vatn lak inn í það þ. 1.5.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 18.6.2012 ásamt fylgiskjali.
2. Bréf V dags. 27.7.2012.

Málsatvik.

M segir að tjón hafi orðið á fellihýsi sínu vegna þess að þak húss þar sem fellihýsið var geymt fór að leka og hafi því lekið ofan á þak fellihýsisins og niður með hlið og hafi töluvert vatn farið inn í fellihýsið. M gerir kröfu til bóta úr vagnakaskó tryggingu sinni hjá V. V hafnar bótaskyldu á þeim forsendum að tjónið falli ekki undir bótasvið vagnatryggingarinnar þegar hús lekur þar sem fellihýsi er geymt. Í því sambandi vísar V til 4.gr. váttryggingarskilmála umræddrar váttryggingar.

Álit.

Í 4.gr. váttryggingarskilmála váttryggingar þeirrar sem hér ræðir um segir að váttryggingin bæti tjón þau sem þar getur um og séu þau tæmandi talin. Tjón það sem M varð fyrir er ekki talið upp sem bótaskyld tjón skv. 4.gr. váttryggingarskilmálanna og á hann því ekki rétt á bótum úr vagnakaskó tryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr vagnakaskó tryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 21.8. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 278/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Frjálsrar ábyrgðartryggingar N

Maður ristarbrotnaði þegar lyftaragaffall féll á hann þ. 4.11.2011

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.19.6.2011 ásamt fylgiskjölum 1-7
2. Bréf V ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Lyftaragaffall féll úr um 1 meters hæð á vinstri fót M með þeim afleiðingum að hann ristarbrotnaði. M sem er flutningabílstjóri var að aðstoða eiganda N við að afferma vörubifreið og var notaður skotbómulyftari N við verkið og var lyftaranum stjórnað af starfsmanni N. Færa þurfti í sundur lyftaragaffla fyrir eina lyftuna alveg út á enda og segir M að eigandi N hafi beðið sig um aðstoð við það og hafi hann gert það en lyftaragaffallinn hafi farið út af brautinni og lent á fæti M með ofangreindum afleiðingum. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu N hjá V á grundvelli sakarreglu skaðabótaréttarins, reglum um vinnuveitendaábyrgð sbr. og lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980. V hafnar bótaskyldu og telur að M hafi beitt miklum kröftum við að ýta lyftaragafflinum í umrætt sinn. V segir að bæði stoppsplitti og hök hafi verið á lyftaranum og Vinnueftirlitið hafi aldrei gert athugasemdir við búnað lyftarans og rökstyðji ekki þá skoðun sína að endastopp eigi að vera á lyftaranum. Þá segir V að búnaður lyftarans brjóti ekki í bág við matskennda reglu greinar 2.5. í I. viðauka reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja og hvergi sé skýr regla um að endastopp eigi að vera á gaffallyfturum.

Álit.

Í umsögn Vinnueftirlits ríkisins um slysið segir að ekkert endastopp hafi verið á gaffalplani sem gæti komið í veg fyrir að gafflar færu út af enda og hafi það verið meginorsök slyssins. Fyrir liggur að ekki hafði áður verið gerðar athugasemdir við búnað umrædds lyftara. Ekki verður þó litið framhjá því að endastopp á gaffalplani lyftara er eðlilegt og nauðsynlegt öryggistæki sem vantaði á umræddan lyftara, með þeim afleiðingum sem hér ræðir um. Þá verður ekki séð að starfsmenn N hafi varað M við eða gert honum aðvart um að þetta öryggistæki skorti. N sýndi því vanrækslu við framkvæmd verksins þar sem lyftarinn sem um ræðir var ekki með öryggistæki sem telja verður nauðsynlegt og starfsmenn N gættu þess ekki þegar þeir fóru fram á aðstoð M við verkið að vara hann við hættunni af því að færa lyftaragaffalinn án þess að endastopp væri fyrir hendi. N ber því ábyrgð á tjóni M og á M rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu N hjá V

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu N hjá V.

Reykjavík 2.8 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 281/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Frjálsrar ábyrgðartryggingar S

Kona datt í hálfu fyrir utan vinnustað sinn þ. 22.1.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 21.6.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-7.
2. Bréf V dags. 16.6.2012 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M starfar hjá S og var á leið úr bifreið sinni í leið inn á vinnustað sinn þegar hún rann í hálfu við inngang og öklabrotnaði. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu S hjá V. M bendir á að slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlits ríkisins. Þá vísar M til nokkurra dóma Hæstaréttar sérstaklega dóms í máli nr. 198/2006. M vísar einnig til 23.gr. laga nr. 124/2009 skaðabótalaga og segir að vinnuveitandi beri alla sönnunarbyrði í vinnuslysamálum. M telur að gangstéttin þar sem M datt hafi verið vanbúin og hættuleg gangandi vegfarendum og vísar M til byggingarreglugerðar um gönguleiðir í því sambandi og 41.gr. reglugerðar nr. 581/1995. V hafnar bótaskyldu og hafnar þeirri staðhæfingu M að vinnuveitendur beri alla sönnunarbyrði í vinnuslysamálum. Þá telur V að ekki hafi verið um vinnuslys að ræða þar sem M hafi verið á leið í vinnu en hafði ekki hafið störf. Þá segir V að ósannað sé að gangstétt sú sem um ræðir hafi verið vanbúin og hættuleg vegfarendum og hitalögn undir henna hafi verið óvirk. V vísar til tölvupósts frá S þar sem segir að hitalögn undir gangstéttinni við hús S virki vel og hafi verið virk á slysdegi og engin klaki myndast þar sem hitalögnin sé. Í bréfi frá S segir ennfremur að slysið hafi verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins þ. 27. Janúar s.l. en slysið hafi orðið á sunnudegi og á mánudegi hafi verið rætt við M og síðar í vikunni til að fá nánari upplýsingar og síðan hafi aðstæður á slysstað verið skoðaðar

Álit.

M var á leið til vinnu sinnar hjá S þegar hún féll í hálfu og slasaðist á fæti. Ekki er fallist á það með V að ekki hafi verið um vinnuslys að ræða þar sem M var á leið til vinnu sinnar og er að ganga inn á vinnustaðinn. Af gögnum málsins verður ekki séð að gangstéttin þar sem M datt hafi verið vanbúin og engin gögn hafa verið lögð fram af hálfu M sem benda til þess. Slys M verður því miðað við fyrirliggjandi gögn ekki rakið til atvika sem vinnuveitandi hennar S ber skaðabótaábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu S hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu S hjá V.

Reykjavík 21.8. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 285/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. gæludýratryggingar

Krafa um endurgreiðslu dýralækniskostnaðar vegna eyrnabólgu hunds þ. 8.12.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 22.6.2012 ásamt fylgiskjölum nr. 1-5
2. Bréf V dags. 28.6.2012 ásamt fylgiskjali

Málsatvik.

Keypt var gæludýratrygging fyrir hundinn D í desember 2011 þurfti D að fara í aðgerð vegna kölkunar í eyrum og krafðist M að dýralækniskostnaður yrði endurgreiddur út tryggingunni. M segir að V hafi ekki gert neinar athugasemdir við töku tryggingarinnar á sínum tíma og eyrnabólga í febrúar árið 2009 sé ekki orsök aðgerðar í desember 2011 og höfnun V sé byggð á mjög frjálslægri túlkun þeirra á samningum og öðru sem þá varða. V hafnar bótaskyldu og segir að eyrnabólga hafi hrjáð umræddann hund áður en gæludýratryggingin tók gildi og þá sé hún undanskilin bótaskyldu. Í því sambandi bendir V á heilbrigðisvottorð fyrir hundinn dags. 27.2.2009 þar sem segir m.a. “tíkin er með eyrnabólgu á báðum eyrum” V bendir á vátryggingaskilmála þá sem hér um ræðir kafla 1. gr 4.2. þar sem segir að ekki sé bætt úr tjóni vegna atvika sem hafi komið upp eða greind eru áður en vátrygging tók gildi svo og sjúkdóma sem upp koma innan 30 daga frá gildistöku vátryggingar. V bendir á í þessu sambandi að eyrnabólga hafi hrjáð dýrið fyrir töku tryggingarinnar.

Álit.

Fyrir liggur að eyrnabólga hrjáði dýrið fyrir töku gæludýratryggingar þeirrar sem hér um ræðir. Með vísan til greinar 4.2. í 1. kafla vátryggingaskilmála á M því ekki rétt á bótum úr gæludýratryggingu sinni hjá V þar sem umrætt tjón er undanskilið þar sem að fyrir liggur að eyrnabólga hrjáði hundinn fyrir töku tryggingarinnar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr gæludýratryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 2.8. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 286/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Fjölskyldutryggingar.

Maður varð fyrir meiðslum þegar hann var úti að hlaupa þ. 31.12.2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 22.6.2012 ásamt fylgiskjali
2. Bréf V dags. 23.7.2012 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M var úti að hlaupa og segir í málskoti að hann hafi runnið til í hálfu sem hafi orðið til að vinstri fóturinn snérist um hnéliðinn og hafi hann fengið verk í hnjáliðinn í framhaldi af því og lýsing hans í tjónstilkynningu hafi verið ónákvæm. Í tjónstilkynningu þ.8.6.2011 segir M að hann hafi verið úti að hlaupa og eftir 7 km. hlaup hafi hann farið að finna fyrir verk í vinstra hné. M krefst bóta úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V. V hafnar bótaskyldu og telur að ekki hafi verið um skyndilegan utanaðkomandi atburð að ræða. V bendir á ósamræmi í málsatvikalýsingu í tjónstilkynningu og málskoti og vísar í því sambandi til dóms Hæstaréttar í máli nr. 47/2006 þar sem fyrsta lýsing á atviki er talin gilda.

Álit.

Gögn málsins eru afar takmörkuð. Miðað við lýsingu M á atvikinu í tjónstilkynningu var ekki neinum utanaðkomandi atburði til að dreifa varðandi meiðsli M og síðari lýsing M á atvikinu þar sem hann segir að hann hafi runnið í hálfu hefur enga stoð í gögnum málsins. M á því ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 21.8.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 291/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A

Ökumaður krefst bóta vegna líkamstjóns þegar bakkað var á bifreið hennar þ. 18.5.2010

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 27.6.2012 ásamt fylgiskjölum 1-11.
2. Bréf V dags. 9.7.2012 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Árekstur varð á bifreiðastæði World Class í Laugum. Bifreið M var kyrrstæð, þegar A sem tryggð er hjá V lögboðinni ábyrgðartryggingu, var bakkað framan á bifreið M. M krefst bóta vegna þess líkamstjóns sem hún segist hafa orðið fyrir við áreksturinn. M bendir á að hún hafi verið heilsuhraust fyrir slysið. Þá vísar M til vottorðs heimilislæknis um að hún hafi sannanlega tognað á hálsi í umræddu slysi. Þá bendir M á að þungri sendibifreið hafi verið bakkað á bifreið M henni algjörlega að övörum. M hafnar niðurstöðu Aksturs og öryggis um að ómöglegt sé að M hafi orðið fyrir líkamstjóni og gildi PC-Crash forritsins, sem hafi verið aflað einhliða af V og hafi sönnunargildi í samræmi við það. Þá vísar M til dóms Hæstaréttar í málinu nr. 107/2009. V hafnar bótaskyldu og telur ósannað að orsakatengsl hafi verið milli umferðaróhappsins þ. 18.5.2010 og þeirra meiðsla sem M kvarti undan. V bendir á að í tjónstilkynningu sem undirrituð sé af báðum ökumönnum sé merkt við að ekki hafi orðið slys á fólki. V segir M ekki hafa hnekk niðurstöðu Aksturs og öryggis. Þá bendir V á að M hafi fyrst leitað læknis þrem dögum eftir slysið.

Álit.

Ágreiningslaust virðist vera að M eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A, að því marki sem sannað telst að M hafi orðið fyrir líkamstjóni vegna árekstursins. M ber samkvæmt almennum sönnunarreglum, að sýna fram á að hún hafi orðið fyrir tjóni og hvert umfang þess er. M leitaði fljótt til læknis vegna einkenna og hefur verið í meðferð vegna þeirra. Skýrsla sú sem V byggir á frá fyrirtækinu Akstur og öryggi var aflað einhliða af V, en fram kemur í skýrslunni að höggkraftur við áreksturinn hafi verið lítill. Þó skýrslan lýsi litlum höggkrafti áreksturs verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem aflað er einhliða án þess að litið sé til annarra gagna. Ekki liggur fyrir sérstakt mat á því hvort orsakatengsl séu á milli einkenna sem M lýsir og árekstursins. Í málinu hafa verið lagðar fram upplýsingar um fyrra heilsufar M sem benda eindregið til að einkenni M megi rekja til umferðaróhappsins þ. 18.5.2010. Ljóst er þó að við endanlegt mat á líkamstjóni vegna slyssins þurfa ítarlegri læknisfræðilegar upplýsingar að liggja fyrir. M hefur leitt verulegar líkur að því að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni, sem rekja megi til notkunar ökutækis þótt ekki liggi fyrir endanlegt mat á umfangi tjónsins. M á því rétt á bótum úr hendi V vegna þess líkamstjóns sem hún sannanlega varð fyrir við áreksturinn.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum vegna þess líkamstjóns sem hún varð fyrir vegna slyssins þ. 18.5.2010.

Reykjavík 24.8.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 294/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A

Farþegi í bifreið há réttindalausum ökumanni undir áhrifum lyfja krefst bóta vegna líkamstjóns vegna umferðaróhapps þ. 7.10.2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 28.6.2012 ásamt fylgiskjölum 1-8.
2. Bréf V dags. 16.6.2012.

Málsatvik.

M var farþegi í A þegar bifreiðinni var ekið út af vegi henni velt og við það varð M fyrir líkamstjóni. Ökumaður A var réttindalaus í umrætt sinn og undir áhrifum lyfja. M gerir kröfu til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V viðurkennir bótaskyldu en vill skerða bætur til M um 2/3 vegna eigin sakar þar sem hann hafi vitað að ökumaður var réttindalaus. M telur að V hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína skv. 1.mgr. 31.gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004 og hafi glatað rétti til að bera ábyrgðartakmörkunina fyrir sig. Af hálfu M er á það bent að lögmaður hans hafi sett sig í samband við V þ. 3.10.2010 og fengið send gögn frá félaginu og síðan hafi gagnaöflun hafist og að henna lokinni hafi matsbeiðni vegna örorkumats verið send til V til undirritunar og hafi V samþykkt að standa að örorkumati og sent lögmanni M undirritaða matsbeiðni þ.22.2.2012. Örorkumat lá fyrir þ. 24.5.2012 og daginn eftir var bótakrafa send V en með bréfi til lögmanns M dags. 13.6.2012 hafi komið fram að V hefði ákveðið að M skyldi bera 2/3 tjónsins sjálfur. M bendir á að sú skylda hvíli á V skv. ofangreindri lagagrein að tilkynna ábyrgðartakmörkun án ástæðulass dráttar eftir að félaginu varð kunnugt um atvik sem gátu leyst það undan ábyrgð. Lögmaður M bendir á með tilliti til athugasemda við 31.gr. vátryggingasamningalaganna að nægjanlegt sé í þessu sambandi að vátryggingafélag tilkynni að til athugunar sé að bera fyrir sig ábyrgðartakmörkun. Þá bendir lögmaður M á að V hafi haft lögregluskýrslu í málinu undir höndum þ.3.11.2010 og hafi þá haft allar forsendur til að taka afstöðu og tilkynna um að félagið hygðist skerða bótarétt M vegna stórkostlegs gáleysis. Lögmaður M segir að slíka tilkynningu um takmörkun ábyrgðar hafi V ekki sent frá sér fyrr en 13.6.2012 þegar liðnir hafi verið 19 mánuðir frá því að V barst lögregluskýrsla vegna slyssins auk þess sem gagnaöflun hafi staðið í heilt ár með samþykki V. M telur því að V hafi glatað rétti til að bera fyrir sig ábyrgðartakmörkun sbr. 2.mgr.31.gr. laga um vátryggingasamninga.

V segir að félagið hafi ákveðið að skerða bætur til M vegna eigin sakar með bréfi dags. 16.6.2012 þar sem hann hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að taka sér far með ökumanni sem var réttindalaus og undir áhrifum ólölegra efna og verði M að bera hluta tjóns síns sjálfur sbr. 2.mgr. 88.gr. umferðarlaga nr. 50/1987. V hafnar því að hafa borið fyrir sig takmörkun bótaskyldu of seint. V bendir á að ekki hafi verið hægt að ráða í það með vissu hver ók bifreiðinni í umrætt sinn þegar félaginu barst lögregluskýrslan. V telur að í málum sem þessum sé fyrst mögulegt að bera fyrir sig ábyrgðartakmörkun eftir að matsgerð hefur verið lögð fram en hún hafi verið lögð fram þ.18.5.2012 en fram að því hafi ekki legið fyrir sönnun þess að ákveðnar afleiðingar hafi hlotist af umræddum tjónsatburði. Þá bendir V á að verði ekki fallist á að M eigi að bera 2/3 hluta tjóns síns sjálfur vegna eigin sakar þá telur V að hann eigi samt sem áður að bera einhvern hluta tjóns síns sjálfur.

Dagsetningar sem fram koma hér að ofan eru í samræmi við það sem segir í málskoti lögmanns M og bréfi V dags. 16.6.2012 þó með einni augljósri leiðréttingu.

Álit.

Í lögregluskýrslu 8.10.2010 viðurkennir ökumaður A að hafa ekið bifreiðinni og ljóst var samkvæmt skýrslunni að ökumaður var án ökuréttinda. Engin gögn varðandi tjónsatburðinn sjálfan bættust við eftir það nema læknisfræðileg gögn. Engin fyrirvari var gerður af hálfu V fyrir en höfnun félagsins á bótaskyldu að hluta barst þ.13.6.2012 eða 18 mánuðum eftir að V var kunnugt um málsatvik.

Ákvæði 31.gr. váttryggingasamningalaga nr. 30/2004 gilda um tilkynningarskyldu váttryggingarfélags í þessu tilviki V ef það hyggst bera fyrir sig rétt til takmörkunar á ábyrgð í heild eða að hluta skv. reglum IV.kafla laga um váttryggingasamninga. M gerir kröfu um bætur úr lögboðinni ábyrgðartryggingu A sem grundvallast á 1.mgr. 88.gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Takmörkun ábyrgðar byggist hins vegar á 2.mgr. 88.gr. umferðarlaga eins og fram kemur í málatilbúnaði V og er þar um að ræða skaðabótarréttarlega ábyrgðartakmörkun, en ekki takmörkun skv. IV. kafla laga um váttryggingasamninga. Eðli lögboðinnar ábyrgðartryggingar er þó þannig að eðlilegt er að meta tómlæti V í málinu í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í 31. gr. laga um váttryggingasamninga. Allt of langur tími leið þar til V tilkynnti M um að félagið hygðist bera fyrir sig ábyrgðartakmörkun. Í ljósi þess tómlætis er ekki unnt að fallast á að V geti borið fyrir sig efnistatriði 2.mgr. 88.gr. umferðarlaga við takmörkun á ábyrgð. M á því rétt á að fá tjón sitt bætt án ábyrgðartakmörkunar.

Niðurstaða.

M á rétt á að fá tjón sitt bætt að fullu úr ábyrgðartryggingu A.

Reykjavík 21.8.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 297/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Ábyrgðartryggingar ökutækis A

Bifreið var ekið aftan á bifreið, ágreiningur um líkamstjón þ. 7.9.2010.

Gögn.

1. Málskot móttækið þ. 28.6.2010 ásamt fylgiskjölum 1-12
2. Bréf V dags. 18.6.2012 ásamt fylgiskjölum 1-5

Málsatvik.

Bifreiðinni A sem er sendibifreið var ekið aftan á bifreið sem M ók þ.7.9.2010.. M segir að hún hafi kastast til við áreksturinn og fengið hnykk á hálsinn og högg á höfuðið vegna höfuðpúða. M leitaði til læknis daginn eftir áreksturinn og var greind með ofreynslu á hál- og brjóstthrygg auk tognunar á milli geislunga og bringubeins. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna þessa líkamstjóns, en M hefur ítrekað leitað til lækna vegna verkja sem hún telur stafa frá umræddum árekstri. M telur V ekki geta hafnað bótaskyldu úr hlutlægri ábyrgðarreglu á grundvelli vafa um orsakatengsl sérstaklega þegar sú afstaða er mótuð af gögnum sem V lét vinna einhliða fyrir sig. V hafnar bótaskyldu þar sem ósannað sé að þau einkenni sem M segist búa við í dag verði rakin til umferðaóhappsins. V bendir á að mjög takmarkað tjón hafi orðið á bifreið M og telur útilokað að hún hafi hlotið áverka við áreksturinn. Þá vísar V til niðurstöðu hraðaútreikninga sem félagið lét vinna fyrir sig. V telur að ekki séu orsakatengsl á mill umferðaróhappsins og þeirra verkja sem M segist búa við í dag.

Álit.

Takmörkuð læknisfræðileg gögn liggja fyrir í málinu og ljóst er að ákoma var mjög lítil á bifreið M við áreksturinn. Gögn um ætlaðan hraða A og höggkraftinn vegna árekstursins benda til þess að um mjög litla ákomu hafi verið að ræða og hraði A hafi verið mjög lítill. Þess ber þó að geta að gagna um ökuhraða og annað því tengt er aflað einhliða af V þannig að varhugavert er að draga of víðtækar almennar ályktanir um sönnunargildi þeirra gagna þó þau veiti mikilvæga vísbendingu um málsatvik. Nokkrar en ekki tæmandi upplýsingar liggja fyrir um fyrra heilsufar M. Í ljósi þeirra gagna sem liggja fyrir í málinu er vafi um orsakatengsl milli árekstursins og þeirra líkamlegu einkenna sem M lýsir sem afleiðingu árekstursins mjög mikill. M ber að sýna fram á að hún hafi orðið fyrir því tjóni sem hér um ræðir. Með vísan til fyrirliggjandi gagna telst M ekki hafa leitt nægar líkur að því að hafa orðið fyrir líkamstjóni sem rekja megi til notkunar A. M á því ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 21.8. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 301/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Ábyrgðartryggingar ökutækis A

Aftanákeyrsla á Arnarnesbrú ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns þ. 23.5.2009.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 29.6.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-5
2. Bréf V dags. 23.6.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-5

Málsatvik.

A var ekið aftan á bifreið M á Arnarnesbrú og daginn eftir leitaði M til lækni vegna einkenna daginn eftir og þar segir að M finni fyrir eymslum í hálsi og niður á milli herðablaða. M krefst bóta vegna líkamstjón úr ábyrgðartryggingu A hjá V og telur V ekki geta hafnað bótaskyldu úr hlutlægrri ábyrgðarreglu á grundvelli vafa um orsakatengsl sérstaklega þegar sú afstaða er mótuð af gögnum sem V lét vinna einhliða fyrir sig. V hafnar bótaskyldu þar sem ósannað sé að þau einkenni sem M segist búa við í dag verði rakin til umferðaóhappsins. V hafnar sönnunargildi læknisvottorðs frá 6.2.2012 og bendir á að mjög takmarkað tjón hafi orðið á bifreið M og telur útilokað að hún hafi hlotið áverka við áreksturinn. Þá vísar V til niðurstöðu hraðaútreikninga sem félagið lét vinna fyrir sig.

Álit.

Takmörkuð læknisfræðileg gögn liggja fyrir í málinu og ljóst er að ákoma var mjög lítil á bifreið M við áreksturinn. Gögn um ætlaðan hraða A og höggkraftinn vegna árekstursins benda til þess að um mjög litla ákomu hafi verið að ræða og hraði A hafi verið mjög lítill. Þess ber þó að geta að gagna um ökuhraða og annað því tengt er aflað einhliða af V þannig að varhugavert er að draga of víðtækar almennar ályktanir um sönnunargildi þeirra gagna þó þau veiti mikilvæga vísbendingu um málsatvik. Ekki liggja fyrir upplýsingar um fyrra heilsufar M. Í málinu liggur fyrir eitt læknisvottorð og beiðni um sjúkraþjálfun þar sem minnst er á annað óhapp. Í ljósi þeirra gagna sem liggja fyrir í málinu er vafi um orsakatengsl milli árekstursins og þeirra líkamlegu einkenna sem M lýsir sem afleiðingu árekstursins mjög mikill. M ber að sýna fram á að hún hafi orðið fyrir því tjóni sem hér um ræðir. Með vísan til fyrirliggjandi gagna telst M ekki hafa leitt nægar líkur að því að hafa orðið fyrir líkamstjóni sem rekja megi til notkunar A. M á því ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu A.

Reykjavík 21.8. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 304/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Ábyrgðartryggingar ökutækis A

Aftanákeyrsla á Miklubraut ágreiningur vegna líkamstjórns þ. 21.1.2011.

Gögn.

1. Málskot móttækið þ. 2.7.2011 ásamt fylgiskjölum 1-7.
2. Bréf V dags. 20.7.2012 ásamt fylgiskjölum 1-4

Málsatvik.

M var farþegi í aftursæti bifreiðar sem ekið var eftir Miklubraut í Reykjavík, þegar A var ekið aftan á bifreiðina. M leitaði til læknis þ.26.1.2011 og var sögð með tognun í háls hrygg. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V. Af hálfu M er sönnunartildi PC Crash skýrslu hafnað enda sé skýrslunnar aflað einhliða af V. Þá segir að jafnvel þó að ekki sé hakað við líkamstjón á fólki í tjónaskýrslu þá hafi afleiðingar slyssins ekki komið fram hvað M varðar fyrr en nokkru eftir áreksturinn. V bendir á að ekki sé hakað við að meiðsl hafi orðið á fólki í tjónaskýrslu. Þá bendir V á skýrslu Aksturs og öryggis varðandi hraða og krafta sem urðu við áreksturinn en áreksturinn hafi verið mjög vægur. Þá bendir V á að hvergi í gögnum málsins komi fram upplýsingar um fyrra heilsufar M. Þá segir V að læknisvottorð í málinu segi ekkert til um það hvort orsakatengsl séu milli þeirra eymsla sem M kvarti undan og árekstursins

Álit.

Takmörkuð læknisfræðileg gögn liggja fyrir í málinu og ljóst er að ákoma var mjög lítil á bifreiðinni sem M var farþegi í við áreksturinn. Gögn um ætlaðan hraða A og höggkraftinn vegna árekstursins benda til þess að um mjög litla ákomu hafi verið að ræða og hraði A hafi verið mjög lítill. Þess ber þó að geta að gagna um ökuhraða og annað því tengt er aflað einhliða af V þannig að varhugavert er að draga of víðtækar almennar ályktanir um sönnunargildi þeirra gagna þó þau veiti mikilvæga vísbendingu um málsatvik. Ekki liggja fyrir upplýsingar um fyrra heilsufar M. Í ljósi þeirra gagna sem liggja fyrir í málinu er vafi um orsakatengsl milli árekstursins og þeirra líkamlegu einkenna sem M lýsir sem afleiðingu árekstursins mjög mikill. M ber að sýna fram á að hún hafi orðið fyrir því tjóni sem hér um ræðir. Með vísan til fyrirliggjandi gagna telst M ekki hafa leitt nægar líkur að því að hafa orðið fyrir líkamstjóni sem rekja megi til notkunar A. M á því ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 21.8. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 307/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. fasteignatryggingar vegna vatnstjóns.

Leki úr lögnum í húsi þ. 13.6.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 2.7.2012 ásamt fylgiskjali 1-2
2. Bréf V dags. 12.7.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-4

Málsatvik.

M segist hafa tilkynnt um lagnaleka í húsi sínu þ.13. júní s.l. og krefst bóta úr vatnstjónstryggingu fasteignatryggingar sinnar hjá V vegna þess. M hafnar því að eirlagnir þar sem lekinn stafar frá séu komnar á endurnýjunartíma og lekinn hafi ekki verið ófyrirsjáanlegur,skyndilegur eða óvæntur. Þá segir M að lekinn sé inni í vegg og hans hafi fyrst orðið vart utandyra og sé því óvæntur. Þá byggir M á því að henni hafi ekki verið kunn sú afstaða V að félagið mundi ekki greiða frekari vatnstjón úr tryggingu þeirri sem hér ræðir um. V hafnar bótaskyldu og segir að M hafi ekki sýnt fram á neinar skemmdir á hinum vátryggða húsnæði af völdum vatnslekans en slíkt sé forsenda greiðsluskyldu skv. 1.gr. vátryggingaskilmála. Þá telur V að viðgerð á umræddri vatnslögn teljist til eðlilegs viðhalds sbr. 6.gr. vátryggingaskilmála. Þá byggir V á því að M hafi vanrækt viðhald á húsnæðinu þrátt fyrir ábendingar V um að slík vanræksla geti leitt til bótamissis skv. 6.gr. vátryggingaskilmála. Þá segir V að ekki hafi verið um ófyrirsjáanlegan, skyndilegan og óvæntan atburð að ræða. Loks segir V að lagnir hússins hafi gefið sig í þrjú skipti frá árunum 2009-2011 með þeim afleiðingum að tjón hlaust af.

Álit.

M hefur ekki sýnt fram á tjón vegna þess leka sem varð í húsi hennar þ.13. júní s.l. umfram það sem varðar lagfæringar á þeim lögnum sem lekinn stafar frá. M hefur ekki sýnt fram á eða lagt fram gögn af sinni hálfu sem sýnir að umræddur leki hafi verið skyndilegur, ófyrirsjáanlegur eða óvæntur. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr vatnstjónstryggingu fasteignatryggingar sinnar hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr vatnstjónstryggingu fasteignatryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík 21.8. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 309/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Sjúklingatryggingar L

Krafa um bætur úr sjúklingatryggingu læknis vegna meintra mistaka þ. 26.5.2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 3.7.2012 ásamt fylgiskjölum 1-17
2. Bréf V dags. 9.8.2012 ásamt fylgiskjölum 1-13

Málsatvik.

M gekkst undir aðgerð hjá L þar sem fjarlægt var hnúðar á sköflungsbeini hægri fótar og stífluður fitukirtill á hægri framhandlegg. M þurfti síðar að fara í frekari skurðaðgerð og telur að L hafi gert mistök við framkvæmd aðgerðarinnar þ. 26.5.2010. M telur m.a. hugsanlegt að smit hafi borist á milli handar og fótar. M krefst bóta úr sjúklingatryggingu L hjá V og segir að hann hafi orðið fyrir tjóni sem komast hefði hjá, ef L hefði hagað aðgerðinni eins vel og unnt hefði verið og leitað álits annarra sérfræðinga sem M tiltekur. M telur sig hafa orðið fyrir smiti vegna rangrar meðferðar af hálfu L. V hafnar bótaskyldu og bendir á að vinnulag L hafi verið hefðbundið í umrætt sinn og gætt hafi verið eðlilegra varúðarráðstafana m.a. til að koma í veg fyrir smit. Þá segir V að ekki hafi verið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir tjóni. Loks hafnar V öllum málsástæðum M sem byggjast á því að L hafi brotið gegn ákvæðum laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingar. Af hálfu M var lögð fram kvörtun til embættis landlæknis dags. þ. 2.7.2012.

Álit.

Ekki liggja fyrir fullnægjandi upplýsingar um meint tjón M vegna læknisaðgerðarinnar þ. 26.5.2010. Þá liggur fyrir að M hefur óskað eftir því að embætti landlæknis tæki umrætt mál skoðunar og úrskurðar. Ekki eru efni til þess að Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum kveði upp úrskurð í málinu þegar fyrir liggur að gagnaöflun í málinu er ekki lokið og er málinu því vísað frá.

Niðurstaða.

Málinu er vísað frá Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Reykjavík 24.8. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 311/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Húseigendatryggingar.

Vatn sprautast úr garðslöngu á hús þ. 3.júní 2012

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 4.7.2012 ásamt fylgiskjali.
2. Bréf V dags. 19.7.2012 ásamt fylgiskjali

Málsatvik.

Samtenging á garðslöngu sem notuð er til að vökvun gaf sig á grasflöt fyrir utan húsið með þeim afleiðingum að vatn fór niður í jarðveginn og komst í gegn um útvegg inn í húsið og eyðilagði parket í kjallara. M krefst bóta úr húseigendatryggingu sinni hjá V og telur sig eiga rétt til bóta miðað við ákvæði greinar 9.1.1. og greinar 9.1.7 í vátryggingaskilmálum. V hafnar bótaskyldu og telur tilvitnuð ákvæði vátryggingaskilmála sbr. ofangreint ekki leiða til bótaskyldu V.

Álit.

Gögn málsins eru mjög takmörkuð, en þar sem ekki er ágreiningur um atvikalýsingu kemur það ekki að sök. Tenging á vatnsslöngu sem var staðsett á grasflöt utan hússins gaf sig og var fullur vatnsþrýstingur á slöngunni. Vatn streymdi úr slöngunni niður í jarðveg og komst í gegn um útvegg hússins. Þar sem vatnið sem tjóninu olli streymdi úr slöngunni vegna þess að tenging á slöngunni utanhúss gaf sig verður ekki séð að skilyrði bótaskyldu samkvæmt grein 9.1.1. eða 9.1.7 vátryggingaskilmála húseigendatryggingarinnar séu fyrir hendi, þar sem upptök vatnsstreymisins voru utanhúss en ekki innanhúss og ekki var um grunnvatn að ræða heldur vatn sem strymdi úr vatnsslöngu á lóð hússins. Bótaskylda V er því ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr húseigendatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 21.8.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 313/2012**(M) og
(V) v. slysatryggingar ökumanns bifreiðar ZV-288 (A)****Réttur til skerðingar bótaréttar úr slysatryggingu ökumanns****Gögn.**

1. Málskot móttakið þann 6. júlí 2012 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V frá 10. ágúst 2012 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

M ók þann 21. desember 2010, um kl. 11:30, bifreiðinni A vestur Nýbýlaveg í aflíðandi beygju á móti Álfabrekku, þegar hann missti stjórn á bifreiðinni með þeim afleiðingum að hún skemmdist mikið og M slasaðist.

Í frumskýrslu lögreglunnar kemur fram að bifreiðin A hafi rekist utan í vegarkant vinstra megin, tekist á loft og kastast milli akreina yfir á þá hægri. Þá fór bifreiðin utan í vegrið hægra megin sem skemmdist talsvert. Bifreiðin staðnæmdist hálf í öfuga akstursátt móts við Nýbýlaveg 102.

Lengd heildar dragfara voru um 96 metrar en 36 metrar frá fyrsta dragfari að ákomu á vegarkanti vinstra megin. Taldi lögreglan að miðað við ummerki á vettvangi virtist sem bifreiðin hafi ekið nokkuð hratt en að hámarks hraði á veginum sé 50 km/klst. Var það mat lögreglumanna að líkur væri á því að bifreiðinni hefði verið ekið of hratt. Framburð vitnis um að bifreiðin A hafi skotist fram úr bifreið vitnisins og að bifreið A hafi verið ekið mun hraðar en bifreið vitnisins, sem var á 60 – 65 km/klst. er einnig að finna í frumskýrslu lögreglunnar.

Að lokum segir í fyrrgreindi lögregluskýrslu að bifreiðin A hafi verið mikið skemmd nánast allan hringinn og að brak hafi verið um víðan völl á vettvangi.

Þann 12. september 2011 óskaði lögmaður M eftir gögnum frá V. Lögregluskýrsla málsins var send til lögmannsins samdægurs og honum tjáð að verið væri að kanna hvort frekari gögn væru til staðar hjá lögreglu. Daginn eftir hafnaði V að greiða kostnað vegna gagnaöflunar í málinu án þess að tilgreina ástæðu þess.

Þann 3. nóvember 2011 sendi lögmaður M fyrirspurn á V um stöðu málsins og hvort V samþykkti bótaskyldu og frekari gagnaöflun í málinu. Þann 7. nóvember 2011 svaraði V sem skilja má þannig að engin frekari gögn hefðu borist og að V samþykkti hvorki bótaskyldu né greiðslu kostnaðar vegna gagnaöflunar að svo stöddu.

Þann 26. desember 2011 sendi lögmaður M samsvarandi fyrirspurn á V og hann gerði þann 3. nóvember 2011. Svar barst þann 27. desember 2011 um að engin gögn væru komin frá lögreglunni og að svo stöddu samþykkti félagið ekki að greiða fyrir gagnaöflun.

Þann 1. mars 2012 sendi lögmaður M lögregluskýrslur frá 23. desember 2010 og 12. janúar 2011 til V og óskaði eftir afstöðu félagsins til bótaskyldu og frekari gagnaafllana í málinu. Erindinu var svarað þann 2. mars 2012 á þann hátt að gagnaöflun væri enn í gangi og að ákvörðun um bótaskyldu lægi ekki fyrir. Eftir frekari fyrirspurn lögmannsins um gagnaöflun V var henni svarað á þann hátt að búið væri að senda málið í hraðaútreikning og að niðurstöður væru ekki komnar.

Það var svo þann 11. apríl 2012 sem V sendi lögmanni M afstöðu sína til málsins. Hún var á þá leið að viðurkenna bótaskyldu úr slysatryggingu ökumanns að 2/3 en skerða bótarétt um 1/3 vegna stórkostlegs gáleysis (hraðaksturs).

Álit.

M telur að V sé ekki stætt á að skerða bótarétt sinn úr slysatryggingu ökumanns vegna ákvæða 31. og 94. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Í framangreindum ákvæðum kemur fram að ef vátryggingafélag hyggst bera fyrir sig rétt til takmörkunar á ábyrgð í heild eða að hluta samkvæmt reglum IV. kafla laganna, t.a.m. vegna stórkostlegs gáleysis, skal það tilkynna vátryggingartaka eða vátryggðum um afstöðu sína án ástæðulauss dráttar eftir að félaginu varð kunnugt um atvik sem leyst gátu það undan ábyrgð.

Miðað við framangreinda málavexti telur nefndin að V hafi ekki uppfyllt ákvæði 31. eða 94. gr. laganna um afstöðu sína. V hefði getað upplýst lögmann M fyrr en gert var um að til athugunar væri að bera fyrir sig takmörkun á ábyrgð og að endanleg afstaða yrði tekin þegar fullnægjandi gögn hefðu borist. Þar sem þetta var ekki gert telur nefndin að V geti ekki borið fyrir sig meint stórkostlegt gáleysi M.

Niðurstaða.

V er óheimilt að skerða bótarétt M úr slysatryggingu ökumanns.

Reykjavík, 28. ágúst 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 316/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Ábyrgðartryggingar A

Ekið á barnavagn á bifreiðastæði þ. 5.6.2011. Ágreiningur um meint líkamstjón.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 6.7.2012 ásamt fylgiskjölum 1-9
2. Bréf V dags. 23.7.2012.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu segir M málsatvik vera þau ökumaður A hafi verið að leggja bifreiðinni í bifreiðastæði samhliða bifreið M, en M hafi staðið með barnavagn við hægra afturhorn bifreiðar sinnar og hafi A verið ekið á barnavagninn. Ökumaður A viðurkennir í lögregluskýrslu að hafa ekið á barnavagninn. Tveimur dögum eftir umferðaróhappið gaf M skýrslu hjá lögreglu og sagðist hafa meiðst á fæti í umrætt sinn þ.5.6.2011 en þess hafi hann ekki getið á þeim tíma en barnavagninn hafi lent á fæti M þegar A ók á hann. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V og bendir m.a. á fyrirliggjandi læknisvottorð um áverka á hægri ökla máli sínu til stuðnings. V samþykkti bótaskyldu vegna skemmda á barnavagni en hafnar bótaskyldu vegna meints líkamstjóns M og bendir á að í lögregluskýrslu komi fram hjá lögreglumanni að enginn væri slasaður. Þá bendir V á að M hafi ekki getið þess við lögreglu á vettvangi að ekið hefði verið á hann. Þá bendir V á læknisvottorð Jóns Baldurssonar þar sem fram kemur að við skoðun hafi hvergi verið að sjá neina bólgu eða teikn um beinbrot, en M hafi hins vegar verið með væg eymsli í baki og talið að M hafi tagnað á hægri ökla og mjóbaki. Þá telur V að erlend læknisvottorð sem lögð hafa verið fram hafi enga þýðingu varðandi ágreining í málinu.

Álit.

Þegar lögregluskýrsla var gerð vegna þess að ekið var á barnavagninn gerði M enga grein fyrir því að ekið hafi verið á hann eða hann hefði orðið fyrir líkamstjóni í umrætt sinn. Læknisvottorð vegna skoðunar á M skömmu síðar felur ekki í sér sönnun þess að atvik hafi orðið með þeim hætti sem M heldur fram. Miðað við fyrirliggjandi gögn hefur M ekki sýnt fram á eða sannað að hann hafi orðið fyrir því líkamstjóni sem hann gerir kröfu til að hann fái bætt úr ábyrgðartryggingu A. M á því ekki kröfu um bætur vegna meints líkamstjóns. Ekki er ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á barnavagni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 21.8. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 319/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar T

Kona datt um þrep á veitingastað og meiddist þ. 31.8.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 9.7.2011 ásamt fylgiskjölum 1-7
2. Bréf V dags. 23.7.2012 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M var á veitingastaðnum T og datt um þrep þegar hún var að koma af salerni hússins og meiddist. M segir mikið myrkur þar sem þrepið er. M krefst bóta úr slysaftryggingu T hjá V og vísar m.a. til 2.mgr. greinar 6.6.1 byggingarreglugerðar nr. 112/2012 og fleiri ákvæði reglugerðarinnar sem varða öryggi fólks, lýsingu o.fl. M byggir á því að aðstæður á veitingastaðnum T hafi ekki verið fullnægjandi í umrætt sinn og hafi eiganda T og starfsfólki verið ljós slyshætta sem var til staðar í húsnæðinu hvað varðar það þrep sem M datt um. V hafnar bótaskyldu og bendir á að M hafi í umrætt sinn verið á leið til baka af salerni þegar hún hafi hrasað og dottið um umrætt þrep. V telur að atvik það sem um ræðir verði ekki rakið til saknæmrar eða ólögmaðrar háttsemi T eða annarra atvika sem T ber skaðabótaábyrgð á. V bendir á að af hálfu M hafi ekki verið gerð nein úttekt á aðstæðum á T en M hafi verið í lófa lagið að afla þeirra gagna. Þá vísar V til þess að M hafi verið kunnug aðstæðum og hefði mátt vita að hún þyrfti að stíga niður þrepið á leið sinni til baka af salerni staðarins.

Álit.

Í málinu liggja ekki fyrir gögn sem sýna fram á að aðstæður á veitingastaðnum T hafi verið ófullnægjandi eða hættulegar. Þá liggur heldur ekki fyrir miðað við fyrirliggjandi gögn að búnaður veitingastaðarins hafi ekki verið í samræmi við gildandi byggingarreglugerð á slysdagi. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu T hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu T hjá V.

Reykjavík 21.8.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 322/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. bifreiðanna A og B

Árekstur bifreiða á Suðurlandsvegi þ. 18.5.2012

Gögn.

1. Málskot móttækið þ. 9.7.2012 ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V dags. 13.7.2012.

Málsatvik.

A og B var ekið eftir Suðurlandsvegi og var A ekið aftan á B. Ökumaður A segir að B hafi verið út í kanti og hafi hann ekið áfram en þá hafi B ekið af stað og verið þvert á akbrautina og segist ökumaður A þá hafa hemað en það ekki dugað til að koma í veg fyrir árekstur. Ökumaður A segir að ökumaður B hafi ætlað að taka U beygju þegar árekstur varð. Ökumaður B segir að A hafi ekið aftan á B.

Álit.

Í tjónstilkynningu sem báðir aðilar undirrita er merkt við tl. 8 hvað A varðar ”Ók aftan á hitt ökutækið í akstri á sömu akrein og í sömu átt”. Miðað við ákomu á bílunum verður ekki fullyrt að að B hafi beygt í veg fyrir A. Ekki liggur því annað fyrir en að ökumaður A hafi ekki gætt þess að hafa nægjanlegt bil á milli bifreiðanna og ber því alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök á árekstrinum.

Reykjavík 21.8.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 325/2012**M og
Vátryggingafélagið V-1) v. A og
Vátryggingafélagið V-2 v B****Árekstur á Snorrabraut í Reykjavík þ.11.11.2011.****Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 12.7.2011 ásamt fylgiskjölum 1-8
2. Bréf V-2 dags. 10.8.2012
3. Bréf V-2 dags. 30.8.2012.

Málsatvik.

B var ekið norður Snorrabraut í Reykjavík eftir vestari akrein, en A var ekið suður Snorrabraut og tók u-beygju inn á Snorrabraut með fyrirhugaða akstursstefnu til norðurs Snorrabraut þegar árekstur varð. Hámarkshraði á Snorrabraut þar sem áreksturinn varð eru 50 km/klst. Í lögregluskýrslu kemur fram að greinilega megi sjá að hraði B hafi verið langt umfram leyfilegan hámarkshraða á akbraut. Lagðir hafa verið fram af hálfu V-1 hraðaútreikningar sem sýna að líklegur hraði B sé áætlaður um 110-133 km/klst. M sem ók bifreiðinni B hafnar því að hafa ekið jafn hratt og niðurstaða hraðaútreiknings gefur til kynna og telur ekki vera orsakatengsl á milli árekstursins og meints ökuhraða og þá hafi A ekki virt forgang B í umrætt sinn. M bendir einnig á varðandi kaskótryggingu sína hjá V-2 að hann hafi ekki valdið umræddu tjóni af stórkostlegu gáleysi. M heldur því fram að hraði B hafi ekki getað verið meiri en 80 km/klst í umrætt sinn. M bendir sérstaklega á að A hafi beygt í veg fyrir B í umrætt sinn og beri því alla sök á árekstrinum. Ökumaður A segist hafa ætlað að taka u-beygju á grænu umferðarljósi og ekið rólega og ekki séð til ferða neinnar bifreiðar norður Snorrabraut og því haldið áfram í beygjuna og skyndilega fundið fyrir þungu höggi þegar áreksturinn varð. V-2 heldur því fram að ökumaður B hafi ekið allt of hratt í umrætt sinn og sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og hafnar því bótaskyldu úr kaskótryggingu B hjá V-2. V-1 telur ökumann B bera alla sök á árekstrinum þar sem hann hafi ekið allt of hratt og vísar V-1 sérstaklega til 2.mgr. 36.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 í því sambandi. Þá bendir V-1 á að sönnunargildi hraðaútreikninga sem félagið aflaði hafi ekki verið hnekk.

Álit.

Ökumaður sem ætlar að beygja á vegamótum ber að veita forgang þeirri umferð sem á móti kemur sbr. 6.mgr. 25.gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Ökumaður A virti ekki forgangsrétt B í umrætt sinn þegar hún beygði í veg fyrir hann í u-beygju á gatnamótum og gætti ekki nægjanlega að aðstæðum áður en hún beygði. Ökumaður B ber því sök á árekstrinum. Af öllum ummerkjum að dæma ók ökumaður B allt of hratt í umrætt sinn. Þó nokkur óvissa sé um nákvæman ökuhraða B og gagna um ökuhraða hafi verið aflað einhliða af V-1 þá verður ekki annað séð af virtum öllum gögnum málsins en ökumaður B hafi ekið langt yfir leyfilegum hámarkshraða á akbrautinni þar sem árekstur varð í umrætt sinn og ber því einnig sök á árekstrinum. Af ofangreindum ástæðum þykir rétt að skipta sök ökumanna til helminga. Ökumaður B ók allt of hratt í umrætt sinn eins og að framan greinir og þykir því hafa sýnt af sér stórkostlegt gáleysi sem leiði til þess að hann verði að þola skerðingu úr kaskótryggingu sinni hjá V-2 um 50% vegna stórkostlegs gáleysis.

Niðurstaða.

Hvor ökumanna um sig ber helmings sök á árekstrinum.

M verður að þola 50% skerðingu bóta úr kaskótryggingu sinni hjá V-2 vegna stórkostlegs gáleysis

Reykjavík 11.9. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 326/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Ábyrgðartryggingar A

Ekið aftan á bifreið. Ágreiningur um líkamstjón og orsakatengsl þ. 20.12.2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 12.7.2012 ásamt fylgiskjölum 1-21
2. Bréf V dags. 30.7.2012 ásamt fylgiskjölum 1-4

Málsatvik.

M ók bifreið sinni vestur Miklubraut í röð bifreiða þegar A ók aftan á kyrrstæða bifreið sem kastaðist á bifreiðina fyrir framan og sú bifreið kastaðist á bifreið M sem lenti aftan á bifreið sem var fyrir framan hann og varð tjón á framstuðara og afturstuðara bifreiðar M. Ekki er ágreiningur um bótaskyldu A vegna árekstursins, en ágreiningur í málinu varðar hvort orsakatengsl séu milli árekstursins og þeirra afleiðinga sem M heldur fram að hann sé haldinn vegna árekstursins. Með málskoti er lögð fram beiðni um dómkvaðningu matsmanna til að meta afleiðingar slyssins. V telur að ekki hafi verið færðar sönnur á að orsakatengsl séu til staðar á milli meintra líkamsáverka M og árekstursins.

Álit.

Ekki er ástæða til að rekja málsatvik, rök og sjónarmið aðila frekar en gert er hér að framan þar sem fyrir liggur að M hefur lagt fram beiðni sem dagsett er 29.3.2012 um dómkvaðningu matsmanna til að meta afleiðingar árekstursins þ.20.12.2010. Þar sem niðurstaða úr umbeðnu mati liggur ekki fyrir er ekki tímabært að fjalla um málið af hálfu Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum og er því vísað frá nefndinni af þeim sökum

Niðurstaða.

Málinu er vísað frá.

Reykjavík 21.8 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 330/2012**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um rétt til skerðingar bóta vegna stórkostlegs gáleysis.****Gögn.**

121. Málskot, móttakið 17.7.2012, ásamt fylgigögnum.

122. Bréf X, dags. 2.10.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 30.3.2012 var M farþegi í framsæti í bifreiðinni A er henni var ekið norður Reykjanesbraut og beygt til vinstri vestur Bústaðaveg. Skammt vestan gatnamótanna missti ökumaður A stjórn á bifreiðinni með þeim afleiðingum að hún fór yfir á rangan vegarhelming í veg fyrir bifreið sem var ekið austur Bústaðaveg og árekstur varð með bifreiðunum. M varð fyrir meiðslum við áreksturinn. Við rannsókn málsins kom í ljós að tetrahýdrókannabínól mældist í blóði ökumanns A í magninu 5,6 ng/ml. Í fyrirliggjandi matsgerð rannsóknarstofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði segir að tetrahýdrókannabínól sé í flokki ávana- og fíkniefna sem eru óheimil á íslensku forráðasvæði. Ökumaður telst því hafa verið óhæfur til að stjórna ökutæki örugglega þegar blóðsýnið var tekið, sbr. 2. mgr. 45. gr. a umferðarlaga nr. 50/1987 með síðari breytingum.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá X. X hefur viðurkennt rétt M til bóta að 1/3 hluta en telur að hann verði að bera sjálfur tjón sitt að 2/3 hlutum þar sem hann hafi sýnt stórkostlegt gáleysi með því að þiggja far með ökumanni sem var undir áhrifum ávana- og fíkniefna.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 88. gr. ufl. skal sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns. Þó má lækka eða fella niður bætur vegna líkamstjóns ef sá sem varð fyrir tjóni var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, sbr. 2. mgr. 88. gr. laganna. Ekki er um það deilt að ávana- og fíkniefnið tetrahýdrókannabínól mældist í blóði ökumanns A þannig að telst hafa verið óhæfur til að stjórna A örugglega. Á hinn bóginn liggur ekki fyrir með skýrum hætti í gögnum málsins að áhrif efnisins hafi sýnt einhver ytri einkenni í fari ökumannsins, svo sem í útliti, málfari eða lykt, þannig að M hafi mátt gera sér grein fyrir að hann væri undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Verður því ekki fullyrt, eins og mál þetta liggur fyrir, að sannað sé að M hafi mátt vita að ökumaðurinn hafi verið ófær til að stjórna A örugglega og þar með sýnt stórkostlegt gáleysi með því að þiggja far með henni í umrætt sinn. Eru því ekki skilyrði til að skerða bótarétt M. Hann telst því eiga rétt á óskertum bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Niðurstaða.

M á rétt á óskertum bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Reykjavík, 23. október 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 331/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar veitingastaðarins F

Kona datt og meiddist í hálfu á palli fyrir utan veitingastað þ. 5.11.2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 17.7.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-7
2. Bréf V dags. 27.7.2012 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M var gestur á veitingastaðnum F og var úti á tréþalli sem stendur við aðalingang F. Þegar M snéri sér við til að ganga inn á veitingastaðinn datt hún og meiddist. Rígt hafði umræddan dag og tekið að frysta með kvöldinu að sögn M og var tréþallurinn því mjög háll. V viðurkennir bótaskyldu en telur að M verði að bera helming tjónsins vegna eigin sakar. M krefst fullra bóta og vísar til þess að V hafi ekki tilkynnt að það ætlaði að bera fyrir sig skerðingu á bótarétti fyrir en þ.18.7.2011 eða rúmum 7 mánuðum eftir að félaginu barst tjónstilkynning. M vísar til l.mgr. 31.gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004 þar sem sú skylda er lögð á V að tilkynna tjónþola án ástæðulauss dráttar hvort félagið hyggist takmarka ábyrgð sína. M telur að V hafi ekki uppfyllt ákvæði ofangreindrar 31.gr. vátryggingasamningalaganna hvað þetta varðar. Þá byggir M á því að hún hafi ekki sýnt af sér aðgæsluleysi í umrætt sinn en F hafi hins vegar vanrækt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi gesta. V segir að engin tók hafi verið á því fyrir starfsfólk F að setja hálfuvarnir á umræddan tréþall í umrætt sinn en skyndilega hafi tekið að frysta. V segir að félaginu hafi borist tilkynning frá M þ. 13.1.2011 og þá hafi verið farið að afla gagna sem skipti máli við mat á bótaskyldu og hafi vottorð frá ákveðnum nafngreindum aðila ekki borist fyrir en 1. Júlí 2011. V telur því að félagið hafi tilkynnt M án ástæðulauss dráttar að félagið hygðist bera fyrir sig takmörkun á bótaskyldu. V bendir á að M hafi gengið um pallinn fyrir um kvöldið og verið á F í dagóðan tíma áður en slysið varð og verið fulljóst að hálka var úti.

Álit.

Ekki er ágreiningur um bótaskyldu en V telur rétt að M beri helming tjóns síns vegna eigin sakar þar sem hún hafi ekki sýnt þá aðgæslu sem henni hafi borið að sýna í umrætt sinn. Af hálfu V eru ekki lögð fram nein gögn sem benda til þess að M hafi sýnt af sér aðgæsluleysi sem eigi að leiða til þess að hún beri hluta tjónsins sjálf vegna eigin sakar. Þegar af þeirri ástæðu á M rétt á fullum bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu F hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á óskertum bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu F hjá V.

Reykjavík 21.8. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 333/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar A

Árekstur og meint líkamstjón farþega þ. 27.7.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 18.7.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-5
2. Bréf V dags. 8.8.2012 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M segist hafa verið farþegi í bifreið sem var kyrrstæð þegar A hafi ekið harkalega aftan á bifreiðina og M orðið fyrir þungu höggi. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A vegna líkamstjóns sem hún hafi hlotið við áreksturinn og vísar m.a. í læknisvottorð þar sem kemur fram að hún hafi verið með stöðugan bakverk milli herðablaða og niður í mjóbak. M hafnar því að áreksturinn hafi verið lítill og sönnunargildi skýrslu sem V leggur fram um hraða ökutækis byggt á svonefndu PC-Crash forriti. V hafnar bótaskyldu og segir ekkert liggja fyrir um það miðað við tjónaskýrslu að M hafi verið farþegi í umræddum bíl eða orðið fyrir tjóni. Þá bendir V á að engin gögn styðji það að M hafi orðið fyrir tjóni. V segir að Ósönnuð séu orsakatengsl á milli árekstursins og þeirra verkja sem M kvarti yfir og byggi kröfu sína á. M hafi sönnunarbyrðina fyrir því að hún hafi orðið fyrir tjóni, en það hafi M ekki sýnt fram á. Þá vísar V til þess að áreksturinn hafi verið vægur og gagna sem félagið aflaði í því sambandi.

Álit.

Mat nefndarinnar liggur í að skoða hvort meiri líkur eða minni séu á því að líkamstjón hafi orðið við áreksturinn. Í ljósi takmarkaðra gagna er verulegur vafi um orsakatengsl milli árekstursins og þeirra verkja sem M telur sig vera haldin. M hefur því ekki leitt nægjanlegar líkur eða sýnt fram á að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni sem rekja má til notkunar ökutækisins A. Af virtum gögnum málsins er bótaskylda ekki fyrir hendi og orsakatengsl ósönnuð.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V

Reykjavík 24.8.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 334/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar ökutækis****Ágreiningur um orsakatengsl vegna áreksturs 17.04. 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 18.07. 2012, ásamt m.a. læknisvottorði dags. 17.04. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 02.08. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M ók bifreið sinni eftir Miklubraut þann 17.04. 2011. Hann stöðvaði á ljósum við Háaleitisbraut í framhaldi þessa var ekið aftan á hana sbr. gögn málsins.

Ágreiningur er um hvort sýnt hafi verið fram á orsakatengsl milli árekstursins og eymsla sem M telur sig búa við sbr. gögn.

Vátryggingafélagið telur ósannað að orsakatengsl séu til staðar vegna slyssins sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. Það hafnar athugasemdum M sem fram koma í málskotinu.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann vísar til þess að hraðaútreikningur og tjón á bifreið geti aldrei tekið af allan vafa um hvort líkamstjón hafi orðið vegna umferðarslyss. Á endanum sé það í höndum matsmanna að leggja mat á hvort orsakatengsl séu til staðar. M telur “einsýnt að það mat muni leiða í ljós að skýr orsakatengsl séu milli slyssins og líkamstjónssins...” M fer fram á viðurkenningu á fullum bótarétti vegna slyssins.

Álit

Mat nefndarinnar liggur í því að meta hvort meiri líkur eða minni eru á því að líkamstjón hafi orðið í árekstrinum. Í ljósi takmarkaðra gagna máls þessa telst vafi um orsakatengsl verulegur. M telst ekki hafa leitt nægar líkur að því að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni sem rekja má til árekstursins.

Þegar tekið er mið af ofanrituðu og takmörkuðum gögnum máls þessa er bótaskylda ekki fyrir hendi. Orsakatengsl eru ósönnuð.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 4. september 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 337/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar ökutækis A

Árekstur og meint líkamstjón farþega þ. 1.2.2009.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 18.7.2011 ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V dags. 2.8.2012 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.

M var farþegi í bifreið sem ók eftir Miklubraut í Reykjavík þegar strætisvagninn A ók í hlið bifreiðarinnar. M leitaði til læknis samdægurs og segir að hún sé aum í hnakkafestum hálsvöðva og í hryggvöðvum og lendhrygg. M krefst bóta vegna meints líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu ökutækis A og vísar m.a. í læknisvottorð þar sem ofangreint kemur fram. M hafnar því að áreksturinn hafi verið lítill eða sönnunargildi svonefnds PC-Crash forrits. V hafnar bótaskyldu og segir engar sönnur hafi verið færðar á að orsakatengsl séu á milli meintra líkamsáverka M og árekstursins þ. 1.2.2009. V bendir á að áreksturinn sem um ræðir hafi ekki verið harður og vísar til niðurstöðu PC-Crash forrits um ökuhraða sem félagið lét vinna vegna málsins.

Álit.

Mat nefndarinnar liggur í því að skoða hvort meiri eða minni líkur séu á því að líkamstjón hafi orðið við áreksturinn. Í ljósi takmarkaðra gagna m.a. varðandi sjúkrasögu M eru verulegur vafi um orsakatengsl milli árekstursins og þeirra verkja sem M telur sig vera haldna vegna hans. M hefur ekki leitt nægjanlegar líkur að eða sýnt fram á hún hafi orðið fyrir bótaskyldu líkamstjóni sem rekja megi til notkunar ökutækis A í umrætt sinn. Af virtum gögnum málsins er bótaskylda ekki fyrir hendi og orsakatengsl ósönnuð.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 24.8. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 340/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar ökutækis TG-742 (A)

Árekstur og meint líkamstjón ökumanns þ. 17.6.2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 19.7.2012 ásamt fylgiskjölum 1-5.
2. Bréf V. dags. 3.8.2012 ásamt fylgiskjölum 1-2

Málsatvik.

M hafði stöðvað bifreið sína þegar A ók aftan á hana. Í læknisvottorði kemur fram að M hafi fengið einkenni frá hálsi með verkjaleiðni út í hægri handlegg, en M hafi áður lent í aftanákeyrslu en ekki sé vitað um einkenni. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A vegna meints líkamstjóns og telur V ekki stætt á að hafna kröfunni auk þess sem ekki sé hægt að leggja til grundvallar svokallað PC-Crash forrit við mat á hraða bifreiða. V hafnar bótaskyldu og telur ekki orsakatengsl á milli meintra líkamsáverka M og árekstursins. V vísar til þess að lítil ákoma hafi orðið á bifreið M við áreksturinn og ökuhraði lítill miðað við útreikning skv. PC-Crash forritinu. Þá vekur V athygli á að M eigi sögu um verki í háls hrygg og M hafi ekki fært sönnur á orsakatengsl milli meintra líkamsáverka og árekstursins.

Álit.

Mat nefndarinnar liggur í því að skoða hvort meiri eða minni líkur séu á því að líkamstjón hafi orðið við áreksturinn. Í ljósi takmarkaðra gagna m.a. varðandi sjúkrasögu M eru verulegur vafi um orsakatengsl milli árekstursins og þeirra verkja sem M telur sig vera haldna vegna hans. M hefur ekki leitt nægjanlegar líkur að eða sýnt fram á hún hafi orðið fyrir bótaskyldu líkamstjóni sem rekja megi til notkunar ökutækis A í umrætt sinn. Af virtum gögnum málsins er bótaskylda ekki fyrir hendi og orsakatengsl ósönnuð.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 24.8.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 344/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar A

Krafa um bætur úr slysatryggingu ökumanns vegna aftanákeyrslu þ. 14.4.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 20.7.2012 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V dags. 10.9.2012 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.

M ók Selásbraut til norðurs í umrætt sinn. Bifreiðin sem var á undan A bifreið M stöðvaði bifreið sína þegar lítill drengur fór yfir götuna og þá ók M aftan á bifreiðina. M krefst bóta úr slysatryggingu ökumanns og segist hafa orðið fyrir áverkum á hálsi, en engin gögn liggja fyrir í málinu sem sýna fram á það. Ólögleg fíkniefni mældust í þvagi M eftir áreksturinn en M segir það ekki skipta máli þar sem hann hafi ekki verið undir áhrifum sem gerðu hann óhæfan til að aka bifreið í umrætt sinn. Af hálfu M er vísað til nokkurra héraðsdóma til stuðnings bótakröfu M. Í málinu liggur fyrir matsgerð Rannsóknarstofnunar Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði dags. 29.4.2011, þar sem segir m.a. "Ökumaður telst því hafa verið óhæfur til að stjórna ökutæki örugglega þegar blóð- og þvagsýnin voru tekin sbr. 2.mgr. 45.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 m. síðari breytingum. " V hafnar bótaskyldu og segir að M hafi gerst sekur um stórkostlegt gáleysi með því að hafa verið undir áhrifum ávana- og fíkniefna við aksturinn í umrætt sinn. V vísar til ofangreindrar matsgerðar og telur engan vafa leika á því að samkvæmt umferðarlögum hafi M verið undir áhrifum ávana- og fíkniefna í umrætt sinn. V vísar til 2.mgr. 88 gr. umferðarlaga þar sem heimilt er að lækka eða fella niður bætur fyrir líkamstjón ef sá sem varð fyrir tjóni er meðvaldur að tjóninu af stórkostlegu gáleysi. Þá telur V þá dóma sem M vísar til ekki eiga við eða hafi verið breytt með dómi Hæstaréttar. V telur sannað með fyrirliggjandi gögnum að M hafi gerst sekur um stórkostlegt gáleysi í skilningi laga um vátryggingasamninga og 6.gr. skilmála slysatryggingar ökumanns.

Álit.

Í ljósi niðurstöðu matsgerðar Rannsóknarstofnunar Háskóla Íslands dags. 29.4.2011, sem ekki hefur verið hnekkt, sbr. og 2.mgr. 45.gr. umferðarlaga hefur ekki verið sýnt fram á að M hafi ekki verið undir áhrifum fíkniefna þannig að hann hafi verið hæfur til að aka bifreiðinni í umrætt sinn. M gerðist sekur um stórkostlegt gáleysi sem veldur því að heimilt er miðað við 1.mgr. 90.gr laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004, að fella niður bætur til M að öllu leyti. M á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns hjá V.

Reykjavík 25.9.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 345/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A

Ekið á bifreið. Ágreiningur um líkamstjón og orsakatengsl þ. 1.5.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 20.7.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-6
2. Bréf V dags. 13.8.2012 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið á bifreið sem M ók og telur hún sig hafa orðið fyrir líkamstjóni við slysið og bendir á lækisvottorð dags. 5. Júlí 2011 í því sambandi. Af hálfu M er því hafnað að hún hafi ekki orðið fyrir líkamstjóni þar sem litlar skemmdir hafi orðið á bifreið M. V hafnar bótaskyldu og segir að merkt sé við í tjónstilkynningu að engin slys hafi orðið á fólki. Þá segir V að M hafi ekki leitað til læknis fyrr en 9 dögum eftir áreksturinn og þá kvartað um verki á sömu stöðum og hún hafi hlotið áverka áður en ekkert mar eða áverkar hafi fundist við skoðun sem rekja mátti til slyssins. Þá segir V að umræddur árekstur hafi fyrst og fremst verið nudd á framstuðara og útilokað að jafn lítið tjón geti valdið líkamstjóni þeirra sem eru inni í bifreiðinni.

Álit.

Mat nefndarinnar liggur í því að skoða hvort meiri eða minni líkur séu á því að líkamstjón hafi orðið við áreksturinn. Í ljósi takmarkaðra gagna m.a. varðandi sjúkrasögu M eru verulegur vafi um orsakatengsl milli árekstursins og þeirra verkja sem M telur sig vera haldinn vegna hans. M hefur ekki leitt nægjanlegar líkur að eða sýnt fram á hann hafi orðið fyrir bótaskyldu líkamstjóni sem rekja megi til notkunar ökutækis A í umrætt sinn. Af virtum gögnum málsins er bótaskylda ekki fyrir hendi og orsakatengsl ósönnuð.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 11.9 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 346/2012**M****og****vátryggingafélagið X. v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Starfsmaður féll niður um gat í gólfi rafmagnsherbergis í húsbýggingu.****Gögn.**

123. Málskot, móttakið 20.7.2012, ásamt fylgigögnum.

124. Bréf X, dags. 17.8.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Málskotsaðili M var hinn 29.3.2010 við störf í svokölluðu rafmagnsherbergi í kjallara byggingar tónlistarhússins Hörpu. Gólfíð í herberginu var úr stálgrind sem hægt er að opna á ýmsum stöðum. Stóð M við vinnuborð og var að leita að rafmagnsefni. Steig hann þá til hliðar og féll niður um op í gólfinu um 60 cm og lenti með vinstri síðu á strengjum og kapalstiga.

M varð fyrir meiðslum við fallið og hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu vinnuveitanda síns, V, hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt gögnum málsins má ráða að engar fallvarnir voru við opið sem M féll niður um eða á annan hátt varað við hættu sem af opinu gat stafað, en slysið varð snemma morguns og unnið var við rafmagn í húsbýggingunni. Ekki liggur fyrir í gögnum málsins hver hafi opnað gólfíð eða hvenær það hafi verið gert. Í IV. viðauka við reglur nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð er fjallað um lágmarkskröfur um öryggi og heilsuvernd fyrir byggingarsvæði. Í B. hluta viðaukans er fjallað um sérstakar lágmarkskröfur sem gilda um vinnustaði á byggingarsvæðum. Skv. gr. 8.1 í þessum hluta viðaukans mega ekki nein göt vera á gólfum vinnustaða. Skv. gr. 33.2 í sama hluta skulu öll gólf, sem hætta getur verið á að menn falli niður um, vera umgirt handriði sem uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til handriða eða hleri settur yfir. Þá segir í gr. 33.5 að meðan gat er opið eða óvarið vegna flutnings eða umferðar, en sem annars er lokað eða með hlífðargrindum, skal vörður vera við gatið til að aðvara þá sem kunna að eiga þar leið um. Ljóst þykir að ákvæði þessi í reglum nr. 547/1996 voru brotin er gatið, sem M féll niður um, var skilið eftir opið og óvarið. Það átti þátt í því að M féll niður um opið. Ber V ábyrgð á þessum frágangi og ber af þeim sökum ábyrgð á því líkamstjóni sem M hlaut umrætt sinn. Vera kann að M hafi sýnt nokkurt gáleysi er hann steig ofan í opið án þess að gæta þess hvar hann steig. Aðgæsluleysi hans í þeim efnum verður þó ekki virt honum til stórkostlegs gáleysis. Er því ekki skilyrði til að skerða bótarétt hans vegna meðábyrgðar, sbr. 1. mgr. 21. gr. a. skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 124/2009 um breytingu á þeim. Tjónið bætist því að fullu úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist að fullu úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 11. september 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 348/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/A****og****Vátryggingafélagið Y v/B****Árekstur á gatnamótum þann 23.05. 2012 við Æðarnes og Blikanes.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 23.07. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 20.08. 2012.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 20.08. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Áreksturinn varð á gatnamótunum. B hafði A sér á hægri hönd en álítaefnið er hvort A hafi tekið of þrönga vinstri beygju og hvort B hafi ekki átt að víkja fyrir A.

Vátryggingafélag A telur að ökumaður A skuli bera 2/3 hluta sakar þar sem hann tekur vinstri beygju á rangan hátt þ.e. of þrönga og að ökumaður B skuli bera 1/3 hluta sakar þar sem honum bar að veita umferð frá hægri forgang.

Vátryggingafélag B telur að A hafi tekið vinstri beygju alltof þrönga.

Óþarft er að geta umfjöllunar A í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A 2/3 hluta sakar þar sem hann tekur vinstri beygju á rangan hátt þ.e. alltof þrönga. Ökumaður B ber 1/3 hluta sakar þar sem honum bar að veita umferð frá hægri forgang.

Niðurstaða.

A ber 2/3 hluta sakar og B 1/3 hluta sakar.

Reykjavík 11. september 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 350/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Ábyrgðartryggingar vinnuveitanda L

Maður slasast á hendi við vinnu með borðsög þ. 31.10.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 24.7.2012 ásamt fylgiskjölum nr. 1-8
2. Bréf V dags. 20.8.2012 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M var að saga álrör með borðsög og slasaðist þegar hann lenti með hægri hönd í sagarblaðinu. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu vinnuveitanda síns í umrætt sinn L. M byggir á því að þó hann hafi unnið hjá L í fimm ár þá hafi umrædd borðsög verið ný og M aðeins lítillega notað hana og ekki fengið kennslu eða leiðbeiningar um notkun sagarinnar. Þá telur M að frágangur við borðsögina og öryggishlíf hafi ekki verið fullnægjandi og upprunaleg öryggishlíf hefði verið fjarlægð og brotið hafi verið gegn 13.gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. M telur að L hafi brotið gegn þeim ákvæðum að gæta nægjanlega að öryggi hans við vinnu við borðsögina. Þá vísar M til þess að Vinnueftirlitinu hafi ekki verið tilkynnt um slysið tafarlaust og beri L því hallann af sönnunarskorti í málinu. V hafnar bótaskyldu og telur að slysið verði ekki rakið til saknæmrar eða ólögætrar háttsemi L. V hafnar því að umrædd sög hafi verið vanbúin og bendir á að engin gögn hafi verið lögð fram af hálfu M sem sýni fram á það. Þá segir V að umrædd sög sé CE merkt og uppfylli því kröfur sem gerðar eru til slíkra vela. Þá segir V að ekki sé ágreiningur um málsatvik, en engin vitni hafi verið að atvikinu sjálfu en frásögn M sé ekki dregin í efa. Þá segir V að búnaður umræddrar borðsagar sé óbreyttur. Þá vísar V til þess að M hafi haft langa reynslu í því að saga með sambærilegri sög og verkið hafi verið unnið með hefðbundnum vinnuáðferðum.

Álit.

Af hálfu M hefur ekki verið sýnt fram á vanbúnað á borðsög þeirri sem um ræðir eða önnur atvik sem leitt geta til bótaskyldu af hálfu L eða einhverra sem L ber ábyrgð á. M á því ekki miðað við fyrirliggjandi gögn rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu L hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu L hjá V.

Reykjavík 18.9.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 351/2012
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingarfélagið V-2 v. B

Árekstur á Hamarsvegi í Flóahreppi þ. 30.6.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 25.7.2012 ásamt fylgiskjali.
2. Bréf V-1 dags. 10.8.2012 ásamt fylgiskjölum 1-3
3. Bréf V-2 dags. 20.8.2012.

Málsatvik.

Árekstur varð milli A og B á Hamarsvegi, móts við Gerðar í Flóahreppi. Báðum bifreiðunum var ekið austur Hamarsveg og var B á undan A. Ökumaður A segist hafa séð hvar B ók á mjög lítilli ferð og hafi hann talið að ökumaður B hafi ætlað að hleypa sér framúr en þegar hann var í framúrakstri hafi B verið ekið til vinstri og árekstur orðið. Ökumaður B segist hafa ekið á mjög lítilli ferð og ákveðið að snúa við og gefið stefnuljós til vinstri. Ökumaður A segist ekki hafa séð neitt stefnuljós

Álit.

Ökumaður B beygir til vinstri án þess að huga nægjanlega að umferð sem á eftir kom og virti því ekki ákvæði 2.mgr. 17.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og ber því meginsök á árekstrinum. Ökumaður A gaf ekki hljóðmerki eða gerði að öðru leyti vart við að hann ætlaði að aka framúr B og þykir því einnig bera nokkra sök á árekstrinum. Við mat á sakarskiptingu þykir rétt að ökumaður B beri 2/3 sakar en ökumaður A beri 1/3 sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 1/3 sakar og ökumaður B ber 2/3 sakar

Reykjavík 11.2. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 353/2012**M****og****vátryggingafélagið X v/ slysatryggingar ökumanns bifreiðar.****Ágreiningur um kröfugerð og bótaskyldu (orsakatengsl) vegna umferðarslyss.****Gögn.**

125. Málskot, móttakið 26.7.2012, ásamt fylgigögnum.

126. Bréf X, dags 15.8.2012.

Málsatvik.

Hinn 8.8.2009 var bifreiðinni A ekið í veg fyrir bifreið sem mM ók eftir Borgarbraut á Akureyri. M leitaði M samdægurs á slysa- og bráðamóttöku Sjúkrahússins á Akureyri. Var hún greind þar með mar á handleggjum og í andliti. Einnig var hún greind með tognun og áreynslu á háls hrygg. Í mars 2012 leitaði M til heimilislæknis. Kvartaði hún þá um nokkuð langvarandi verki í handlegg hægra megin, frá hnakka og öxl niður í finger, dofna stundum allir finger. Hún hafi verið með klár „inpingement“ merki hægra megin og einnig tennisolnboga. Hún hafi verið með mikla verki í hálsi og höfði í um viku á eftir en þökkaleg þar á eftir. Verið með verk í hálsi af og til síðan þetta gerðist en verið óvenjuslæm undanfarna mánuði.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá X með tilkynningu 2.3.2011. X hefur hafnað bótaskyldu þar sem ósannað væri að M byggji við sjúkdómseinkenni sem rekja mætti til árekstursins 8.8.2009.

Álit.

Fyrir úrskurðarnefnd krefst M þess að X tilnefni matsmann, sem ásamt öðrum matsmanni tilnefndum af henni, til að meta þá áverka sem hún kveðst hafa hlotið í slysinu. Í 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005, er fjallað um starfssvið nefndarinnar, svo sem að úrskurða um ágreining varðandi bótaskyldu. Krafa M fyrir nefndinni fellur samkvæmt samþykktunum ekki undir starfssvið nefndarinnar. Kröfunni er því vísað frá. Fyrirliggjandi gögn um afleiðingar áverka þeirra sem M hlaut í umferðaróhappinu 8.8.2009 eru mjög af skornum skammti. Þannig liggur engin matsgerð fyrir um varanlegar afleiðingar slyssins. Af hinum takmörkuðu verður ekki ráðið að M hafi orðið fyrir líkamstjóni sem beri að bæta úr ábyrgðartryggingu A. M á því ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingunni.

Niðurstaða.

Vísað er frá kröfu M um að X tilnefni matsmann til að meta áverka hennar. M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A.

Reykjavík, 11. september 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 354/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/slysatryggingar ökumanns og eiganda bifreiðar****Ágreiningur um orsakatengsl í tengslum við fall af bifhjóli 08.09. 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 26.07. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 17.08. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M féll á bifhjóli sínu er hann tók í handbremsu þess er hann stöðvaði við rautt umferðarljós sbr. fyrirliggjandi gögn.

Ágreiningur er um hvort sýnt hafi verið fram á orsakatengsl milli óhappsins og eymsla sem M telur sig búa við sbr. fyrirliggjandi gögn.

Vátryggingafélagið telur ósannað að orsakatengsl séu til staðar vegna slyssins sbr. umfjöllun þess. Félagið vísar m.a. til þess að í tjónstilkynningu hafi M lýst meiðslum sem mari. Félagið telur að ekki hafi verið sýnt fram á orsakatengsl milli óhappsins og einkenna í hægri öxl sem M kvartar undan og rekur til óhappsins. M hafi ekki kvartað undan verkjum í öxl fyrir á árinu 2012. Hann hafi farið á heilbrigðisstofnun níu dögum eftir óhappið og þá kvartan undan eymslum í fæti.

Félagið útilokar ekki að M hafi hlotið einhver tímabundin einkenni en félagið er ekki reiðubúið að viðurkenna að M hafi hlotið varanleg meiðsl vegna óhappsins. Orsakatengsl séu ósönnuð.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann hafi ekki átt við meiðsl að stríða fyrir óhappið í hægri öxl. Hann hafi leitað sér lækniástoðar. Áverkarnir hafi ágerst. Hann telur orsakatengsl skýr. M fer fram á að matsmönnum verði falið að komast að niðurstöðu um orsakatengsl með mati sínu. Hann fer fram á að úrskurðarnefndin endurmeti afstöðu félagsins.

Álit

Mat nefndarinnar liggur í því að meta hvort meiri líkur eða minni eru á því að líkamstjón hafi orðið í árekstrinum. Í ljósi takmarkaðra gagna hefur M ekki leitt nægar líkur að því að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni sem rekja má til notkunar ökutækisins. Það er ekki hlutverk úrskurðarnefndar að kveða á um það að matsmenn skuli meta afleiðingar óhappsins. Það er aðila máls að gera grein fyrir afstöðu sinni og styðja mál sitt gögnum eftir atvikum þ.á m. með mögulegri aðkomu matsmanna.

Þegar tekið er mið af ofanrituðu og takmörkuðum gögnum máls eru orsakatengsl ósönnuð.

Niðurstaða.

Orsakatengsl eru ósönnuð.

Reykjavík 4. september 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 355/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Réttaraðstoðartryggingar fjölskylduverndartryggingar.

Meint mistök við meðferð skaðabótakröfu vegna flugslyss þ. 28.6.1996.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 26.7.2011 ásamt fylgiskjöllum 1-4
2. Bréf V dags. 8.8.2012

Málsatvik.

M lenti í flugslysi þ.28.9.1996 þegar flugvél þar sem hann var um borð nauðlenti. M leitaði til lögmanns til að annast um hagsmuni sína við að fá tjón sitt bætt. M segir að örorkumat hafi verið gert en við uppgjör hafi vátryggjandi borið fyrir sig fyrningarreglur loftferðalaga og tilkynning um þessi málalok hafi ekki borist honum fyrr en 10 ára fyrningarfræstur var liðinn. M hyggst því reka fyrir dómstólum kröfu á hendur lögmannsins sem hafði málið með hendi. M heldur því fram að hann hafi ekki verið farþegi í loftfari þegar slysið varð og ekki notandi loftfarsins sbr. lög nr. 34/1964 um loftferðir einkum greinar 30 og 34 svo og nógildandi lög um loftferðir nr. 60/1998 einkum 3.mgr. 17.gr. og 26.gr. M heldur því fram að sá sem sé notandi loftfar sé sá sem notar tækið sjálfur, en aðili sem sé staddur í farartæki en hefur ekki stjórn þess geti ekki verið notandi farartækisins. V hafnar bótaskyldu og vísar til g-liðar 2.gr. skilmála vátryggingar þeirrar sem hér ræðir um þar sem segir að tryggingin taki ekki til ágreinings sem varða vátryggðan sem eiganda eða notanda loftfars og í ákvæðinu sé tæmandi talning þeirra sem ákvæðið taki til þ.e. eiganda, stjórnanda og notanda. M hafi án nokkurs vafa verið notandi loftfarsins í umrætt sinn, en það sé hver sá sem notar viðkomandi farartæki.

Álit.

M var farþegi í loftfarinu sem nauðlenti og var því notandi loftfars. Réttaraðstoðartrygging fjölskylduverndartryggingar þeirrar sem hér um ræðir undanskilur notanda loftfars og á M því ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingu fjölskylduverndar hjá V.

Reykjavík 11.9.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 356/2012**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um bótaskyldu (orsakatengsl) vegna slyss á ökumanni eftir aftanákeyrslu.****Gögn.**

127. Málskot, móttekið 26.7.2012, ásamt fylgigögnum.

128. Bréf X, dags. 10.8.2012.

Málsatvik.

Hinn 13.10.2009 var bifreiðinni A ekið aftan á bifreiðina B sem M ók eftir Smiðjuvegi í Kópavogi. M kveður B hafa verið kyrrstæða er áreksturinn varð. M kveðst hafa kennt sér meina fyrst eftir slysið en ekki svo mikilla að hún hafi talið þörf á að leita sér læknis. Í desember hafi hún gert sér grein fyrir að hún hafi hlotið afleiðingar af völdum árekstursins, en þá hafi hún fundið verulega til í hálsinum.

Næstu mánuði hafi einkennin versnað jafnt og þétt, en þrátt fyrir það hafi hún harkað það af sér. Hún hafi svo leitað á Læknavaktina 11.9.2010 og til heimilislæknis nokkrum dögum síðar. Í vottorði heimilislæknis segir svo, orðrétt: „Mun hafa lent í umferðarslysi þann 13.10.2009 en hafði ekki samband við mig vegna þessa fyrr en tæpu ári seinna eða þann 20. september 2010. Nefndi aldrei þessa upptöku en hafði átt verra með svefn og það var vandamálið sem hún ræddi. Það er síðan 11. september sem hún leitar á Læknavaktina með nýtilkomin, slæman svima og er ráðlagt bólgueyðandi verkjalyf fyrir svefn. Hún kemur svo til mín þann 20. september. Þar segir: „Búin að koma sér upp gríðarlegri vöðvabólgu með læsingum og nánast óhreyfanleg í hálsi til hliðanna, nýkomin úr fríi en það bætti ekki úr skák, þarf að komast í sjúkrahjálfun.“ Í framhaldinu send í sjúkrahjálfun.“

Í vottorði sjúkrahjálfa segir að M hafi verið slæm af vöðvabólgu í mörg ár, en annars verið almennt hraust. Eftir umferðarslysið 13.10.2009 hafi hún verið mjög viðkvæm í hálsinum og stífnað upp, sérstaklega ef hún þarf að vinna mikið á tölvu. Í sólarlandaferð haustið 2010 hafi hún stífnað upp og verið ómöguleg. Helstu einkenni séu höfuðverkur, svimaeinkenni og vöðvabólga.

Hinn 20.7.2011 var M skoðuð af heila- og taugaskurðlækni. Í vottorði læknisins kemur fram í svari við tilteknum spurningum að hann telji M hafa fengið hálsþnykk í umræddu slysi, enda ekki aðrir áverkar eða atburðir í sögunni sem skýri umtalsverð einkenni hennar. Ennfremur búi M við verki og stirðleika í hálsþrygg, umtalsverða vöðvabólgu í herðum og nokkra verki neðst í mjóbaki og í rasskinnum, svo og umtalsverðan kvíða og spennu.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá Verði tryggingum hf. (hér eftir nefnt X). Félagið hafnaði bótaskyldu þar sem ósannað væri að sjúkdómseinkenni M mætti rekja til árekstursins.

Álit.

M leitaði fyrst til læknis tæpu ári eftir áreksturinn vegna þeirra einkenna sem hún kveðst nú búa við og hún rekur til umferðaróhappsins. Hún gat þess þó ekki við lækni þá að einkennin væri að rekja til þessa umferðaróhapps. Gögn um sjúkrasögu M eru af skornum skammti, en af gögnum málsins virðist mega ráða að núverandi einkenni eigi sér lengri sögu en frá umferðaróhappinu. Engin matsgerð liggur fyrir um það hvort eða að hve miklu leyti M hafi orðið fyrir líkamstjóni í umrætt sinn. Að öllu virtu verður ekki talið samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum að sýnt hafi verið

fram á að M hafi þá orðið fyrir líkamstjóni. Tjón hennar telst því ekki bótaskyld úr ábyrgðartryggingu A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Reykjavík, 11. september 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 357/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/ferða- og farangurstryggingar****Ágreiningur um bótaskyldu vegna þjófnaðar á munum á hótélíbúð á Tenerife 06.06. 2012, ágreiningur um umfang tjóns og upplýsingaskyldu.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 26.07. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 03.08. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Brotist var inn í herbergi M á hóteli erlendis sbr. fyrirliggjandi gögn. Ýmsum munum var stolið.

Vátryggingafélagið telur að ekkert liggi fyrir um að M hafi átt þá myndavél sem hún krefst að fá bætt. Félagið telur að M hafi gefið rangar upplýsingar í því skyni að fá bætur sem hún hafi ekki átt rétt á og hafnar félagið því bótaskyldu sbr. með vísan til ákvæðis 5.3 í 10. kafla skilmála. Félagið vísar og til úrskurðar Úrskurðarnefndar í máli 525/2011.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. takmarkaða umfjöllun í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. M hefur ekki sýnt fram á umfang þess tjóns sem hann telur að hafi orðið m.ö.o. hann hefur ekki sýnt fram á að hann eigi rétt á frekari bótagreiðslu.

Niðurstaða.

M hefur ekki sýnt fram á umfang þess tjóns sem hún heldur fram að hafi orðið.

Reykjavík 11. september 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 358/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Heimilisverndartryggingar.

Maður féll í stiga og braut kjálka og kinnbein auk tanna þ. 10. júní 2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 27.6.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-10
2. Bréf V dags. 2.8.2012.

Málsatvik.

M féll í stiga með þeim afleiðingum að hann kjálka- og kinnbeinsbrotnaði auk þess sem tannbrú brotnaði. M krefst bóta vegna tannbrots úr heimilisverndartryggingu sinni hjá V. Af hálfu M er bent á að um varanlega og góða viðgerð hafi verið að ræða á tönnum M þar sem notuð hafi verið svokölluð “implant” þar sem títan stiftum sé komið fyrir í gómi sjúklings í stað rota og tannbrýr smíðaðar á þá og með því móti sé hægt að nýta það tannbein sem fyrir er og styðja við þær tennur sem eftir standa. Af hálfu M er því haldið fram að um velviðgarðar tennur hafi verið að ræða sem löskuðust í slysinu og sé það bótaskyldt sbr. grein 6.1. í vátryggingaskilmálum Heimilisverndartryggingar M hjá V. V hafnar bótaskyldu og bendir á að samkvæmt vottorði tannlæknis M komi fram að “plantabré” hafi skekkst og brotnað og því þurft að smíða nýja brú og með vísan til þess teljist tennur M hvorki heilbrigðar né vel viðgerðar.

Álit.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem fyrir liggja í málinu var M með vel viðgerðar tennur þegar slysið varð. M hafði fengið svonefnt “implant” tannbrú fyrir slysið sem skekkist og brotnaði og þarf M að fá aðra tannbrú. Í grein 6.1. vátryggingaskilmála sem um ræðir segir m.a. “Félagið greiðir viðgerð á heilbrigðum og vel viðgerðum tönnum sem laskast eða brotna við slys”. Af gögnum málsins liggur fyrir að tennur M voru vel viðgerðar en hann hafði fyrir slysið látið gera dýra viðgerð á tönnum sínum og tannbrú sem var gerð í því sambandi brotnaði. M hefur því orðið fyrir tjóni á vel viðgerðum tönnum og á rétt á bótum úr heimilisverndartryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr heimilisverndartryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 25.9.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 360/2012**M****og****vátryggingafélagið X. v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um bótaskyldu (orsakatengsl) vegna slyss á ökumanni eftir aftanákeyrslu.****Gögn.**

129. Málskot, móttækið 1.8.2012, ásamt fylgigögnum.

130. Bréf X, dags. 24.8.2012.

Málsatvik.

Hinn 4.8.2010 var bifreiðinni A ekið aftan á bifreiðina B sem M ók vestur Laugaveg og var kyrrstæð við gatnamót Höfðatúns. M kvaðst hafa heyrt hemlahljóð og síðan fundið þungt högg koma á B. Ökumaður A kvaðst hafa verið að aka af stað, er hemlar hafi gefið sig með þeim afleiðingum að A hafnaði aftan á B. M býr við mænuskaða að völdum bifhjólaslyss 1994 og er lamaður fyrir neðan II. brjósthrýggjarlið. Slysdaginn, 4.8.2010, leitaði M á bráðamóttöku Landspítalans þar sem hann greindist með tognun og ofreyrslu á hálsþrygg, tognun og ofreyrslu á aðra og ótilgreinda hluta axlarrindar og rifbrot. Í samantektar- og álitskafla læknisvottorðs frá bráðamóttökunni segir að reiknað sé með að hann muni jafna sig af áverkunum, rifbeinsbrotið geti haft í för með sér töluverð óþægindi í einhverjar vikur en jafni sig að lokum. Þannig sé ekki sýnt fram á neina varanlega áverka af völdum slyssins. Í áverkavottorði bæklunarskurðlæknis, sem M leitaði til, kemur fram að eftir slysið 4.8.2010 virðist sem hálseinkenni og verkir í brjósthrýgg hafi heldur aukist og ekki verði sýnt fram á neina áverka sem greinanlegir séu á myndgreiningarrannsóknunum.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá X vegna þess líkamstjóns sem hann kveðst hafa orðið fyrir í slysinu. X fékk fyrirtækið D til að rannsaka umferðaróhappið frekar. Samkvæmt skýrslu D mun þyngdarkraftur á A við áreksturinn hafa verið 1,15 g og þyngdarkraftur á B 1,04 g. Með vísan til skýrslu D hafnaði X bótaskyldu þar sem ósannað væri að sjúkdómseinkenni M mætti rekja til árekstursins.

Álit.

Læknisfræðileg gögn um það líkamstjón sem M hlaut við áreksturinn 4.8.2010 eru af skornum skammti. Engin matsgerð liggur fyrir um það hvort eða að hve miklu leyti M hafi orðið fyrir líkamstjóni í umrætt sinn, einkum þegar litið er til fyrri sjúkrasögu hans. Að öllu virtu og miðað við fyrirliggjandi gögn verður ekki talið að sýnt hafi verið fram á að M hafi þá orðið fyrir líkamstjóni. Tjón hans telst því ekki bótaskyld úr ábyrgðartryggingu A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Reykjavík, 18. september 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 361/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar einstaklings****Ágreiningur um bótaskyldu vegna kertastjaka sem féll á borðplötu 12.08. 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 01.08. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 20.08. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Borð í eigu M mun hafa skemmt (brotnað) þegar tengdasonur hans missti þungan kertastjaka í eigu M á borðið en tengdasonurinn var að dekkja borðið sbr. fyrirliggjandi gögn.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það vísar að því að í málskotinu sé “ekki getið neinna málsástæðna sem M byggir málskot sitt á”. Eins og atvikum er lýst telur félagið að um óhappatilvik hafi verið að ræða. Ekkert í atvikalýsingu beri vott um saknæma háttsemi vátryggingartaka eða annarra atvika sem hann ber skaðabótaábyrgð á.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. takmarkaða umfjöllun í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ekki er unnt að draga þá ályktun, út frá takmörkuðum gögnum máls þessa, að rekja megi tjónið til saknæmrar háttsemi eða annarra atvika sem vátryggingartaki ber skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 4. september 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 362/2012
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingafélagið V-2 v. B

Árekstur bifreiða á Bitruhálsi í Reykjavík þ. 12.6.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 17.7.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-5
2. Bréf V-1 dags. 14.8.2012.
3. Tölvupóstsamskipti og bréf V-2 dags.4.9.2012.

Málsatvik.

Bifreiðunum var ekið úr gagnstæðum áttum eftir Bitruhálsi. Ökumaður A beygði til vinstri í veg fyrir B og árekstur varð. Ökumaður A segist hafa ætlað að beygja austur Fossháls og verið byrjaður að beygja en þá séð til ferða B koma á móti sér á rífandi siglingu og hafi reynt að koma í veg fyrir árekstur en ekki tekist. Ökumaður B telur sig hafa ekið á 70 km. hraða og skyndilega séð A og lent á vinstra afturhorni A. Af hálfu M er því haldið fram að ökumaður B hafi ekið allt of hratt og áreksturinn megi rekja til ofsaakesturs ökumanns B.

Álit.

Ökumaður A beygði til vinstri án þess að gæta nægjanlega vel að umferð sem á móti kom og ber því sök á árekstrinum. Hámarkshraði á akbraut þar sem áreksturinn varð eru 50 kílómetrar á klukkustund og viðurkennt og ljóst af gögnum málsins að ökumaður B ók töluvert yfir leyfilegum hámarkshraða og ber því einnig sök á árekstrinum. Við mat á sakarskiptingu að virtum gögnum málsins er ekki forsenda til að leggja sök á annan ökumann umfram hinn. Sök er því skipt til helminga.

Niðurstaða.

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík 18.9.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 363/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar A

Maður varð fyrir bíl á Höfðabakka og slasaðist þ. 14.12.2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 2.8.2012 ásamt fylgiskjölum nr. 1-5
2. Bréf V dags. 16.8.2012 ásamt fylgiskjölum nr. 1-5

Málsatvik.

M varð fyrir bifreiðinni A á Höfðabakka í Reykjavík. Ökumaður A segist hafa ekið á frekar lítilli ferð niður Höfðabakkann þegar M hafi hent sér fyrir bílinn líkt og af ásetningi og hafi hann reynt að sveigja A frá honum en það ekki tekist og M lent á hægri framhorni A. Vitnið María sem ók bifreið á eftir A segir að M hafi gengið út á götuna án þess að horfa í kringum sig og engu líkara en hann hafi ætlað að verða fyrir bíl og engu hefði mátt muna að hún æki yfir hann þar sem hann lá á götunni en náð að hemla og stöðva um 2 metra frá M. Annað vitni Þórunn segir að M hafi gengið rակleitt út á akbrautina án þess að líta til hægri eða vinstri og hafi komist klakklaust yfir hægri akreinina en orðið fyrir bifreið á vinstri akrein og segir vitnið að maðurinn hafi greinilega verið í mjög annarlegu ástandi og ökumaður A ekki átt möguleika á að koma í veg fyrir að rekast á M. Lögreglumaður ræddi við M á slysadeild og hefur eftir M að hann hafi ætlað að binda endi á þetta og segir lögreglumaður að nánar aðspurður um hvort hann hafi ætlað að binda endi á líf sitt þá hafi M jákað því. Þegar þetta samtal átti sér stað var M verulega ölvaður. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna þeirra meiðsla sem hann varð fyrir. Af hálfu M er vísað til 88.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og l. nr. 155/2007 og greinargerðar með þeim lögum. Þá er vísað til þess af hálfu M að ekki sé mark takandi á yfirheyrslu yfir M á slysadeild. Þá er af hálfu M vísað til dómaframkvæmdar og sérstaklega til dóma Hæstaréttar í málunum nr. 234/2004, 352/2007 og nr. 370/2005. Þá er bent á það af hálfu M að tjónvaldur hafi sönnunarbyrði fyrir eigin sök tjónþola og vísar M til dóms Hæstaréttar nr. 374/2010 í því sambandi. V hafnar bótaskyldu og byggir á því að slysið megi alfarið rekja til þeirrar háttsemi M að hafa gengið viljandi í veg fyrir aðvifandi bílaumferð í umrætt sinn. Þá vísar V til þess sem kemur fram í lögregluskýrslum frá ökumanni A og vitnum um aðdraganda slyssins. V telur liggja fyrir miðað við gögn málsins að M hafi gengið rösklega, jafnvel hlaupið viðstöðulaust út á götuna í veg fyrir A. V segir að af framburði vitna megi ráða að M hafi ætlað sér að verða fyrir A og fái það stuðning í framburði M á slysadeild þar sem hann talar um að hafa ætlað að enda þetta. Af hálfu V er fjallað um þá dóma Hæstaréttar sem lögmaður M vísar til og rakið að þeir eigi annað hvort ekki við eða séu ekki fordæmi hvað þetta mál varðar. Miðað við fyrirbyggjandi gögn telur V að atvik máls þessa séu með þeim hætti að rétt sé að fella niður bætur að öllu leyti til M, en verði ekki á það fallist þá gerir V kröfu til þess að M verði látinn bera verulegan hluta tjóns síns sjálfur.

Álit.

Samkvæmt 1.mgr. 88.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal sá sem ber ábyrgð á vélknúnu ökutæki bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla í tækinu eða ógætni ökumanns, en skv. 2.mgr. má lækka eða fella niður bætur vegna líkamstjóns ef sá sem fyrir tjóni varð var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða sórkostlegu gáleysi.

Af hálfu lögreglu var rætt við M skömmu eftir slysið þegar hann var ölvaður eins og fram kemur í lögregluskýrslu og öðrum gögnum málsins. Ekki var tekin önnur skýrsla af M og ekkert liggur annað fyrir af hans hálfu um aðdraganda slyssins en það sem kemur fram í málskoti og

greinargerð lögmans hans og læknisvottorðum. Miðað við það sem fyrir liggur í málinu þá telst það ósannað að M hafi kastað sér fyrir eða gengið fyrir A af ásettu ráði.

Fyrir liggur miðað við gögn málsins að M sýndi af sér stórkostlegt gáleysi þegar hann gengur rakið út á fjölfarna umferðargötu án þess að gæta nægjanlega að umferð og beint í veg fyrir aðvífandi bifreið. Miðað við framburð vitna og gögn málsins að öðru leyti verður M því að bera verulegan hluta tjóns síns sjálfur vegna stórkostlegs gáleysis í umrætt sinn. Rétt þykir að M fái tjón sitt bætt að 1/3 en beri 2/3 tjóns síns vegna stórkostlegs gáleysis.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V en skerða skal bætur til hans um 2/3 vegna stórkostlegs gáleysis M.

Reykjavík 18.9 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 364/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/A og B****Árekstur við framúrakstur a Suðurlandsvegi gegnt Drangshlíð 14.07. 2012.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 03.08. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 29.08. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ökumaður B ók á undan A. Hann kveðst hafa gefið stefnuljós til vinstri í átt að bændagistingu og beygt, í þann sama mund var A ekið fram úr B og árekstur varð. Ökumaður A kveðst ekki hafa séð stefnuljós á B.

Vátryggingafélagið vísar til þess að á vettvangi sé fullbrotin miðlína. Félagið telur að skipta skuli sök þannig að B beri 2/3 hluta sakar sbr. 15. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og A skuli bera 1/3 sakar þar sem ökumaður A gætti ekki nægjanlega að aðstæðum áður en hann hóf framúraksturinn. M telur að ökumaður B skuli bera alla sök sbr. umfjöllun í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum ber B 2/3 hluta sakar fyrir að gæta ekki nægjanlega að umferð sem á eftir kom og gefa stefnuljós tímanlega áður en hann beygði sbr. 15. gr. umferðarlaga. Ökumaður A ber 1/3 sakar þar sem hann gætti ekki nægjanlega að aðstæðum áður en hann hóf framúraksturinn. Hann hefði og átt að gefa hljóðmerki um framúraksturinn.

Niðurstaða.

B ber 2/3 hluta sakar og A 1/3 hluta sakar.

Reykjavík 11. september 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 365/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Hundaverndar

Ágreiningur um bótaskyldu vegna hnéskeļjalos á hundi þ. 24.5.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 3.8.2012 ásamt fylgiskjölum 1-4.
2. Bréf V dags. 24.8.2012 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M tryggði tík sem hann átti hundaverndartryggingu á árinu 2010 í apríl 2012 greindist tíkin með þriðju gráðu hnéskeļjalos í báðum hnjúm. M krefst bóta úr hundaverndartryggingu sinni hjá V og segir að tryggingin hafi verið keypt þar sem meiningin hafi verið að nota tíkina til ræktunar en til þess sé hún ekki hæf eftir að hafa verið greind með hnéskeļjalos. M byggir á að þau ákvæði vátryggingaskilmála sem V beri fyrir sig eigi við um vinnuhunda en tíkin hafi verið ætluð til ræktunar. Þá heldur M því fram og vísar til greinar 1.1. í vátryggingaskilmálum að umrætt tjón sé bótaskyldt. V hafnar bótaskyldu og segir tilvikinu falla utan við bótasvið tryggingarinnar. V segir að tíkin hafi verið tryggð sem ræktunarhundur og því eigi tilvísað ákvæði greinar 1.1. sem M vísar til ekki við í þessu tilviki. V vísar til þess að í vátryggingarskilmálum sem hér eigi við greinum 1.13.-1.18 komi fram bótasvið vegna ræktunarhunda og hnéskeļjalos það sem hrjáir tíkina falli ekki undir bótasvið áður nefndra ákvæða.

Álit.

Í vátryggingasamningum þeim sem hér um ræðir varðandi afnotamissi kemur fram að félagið greiði bætur í tilvikum sem vísað er til í greinum 1.13-1.18 vátryggingaskilmála. Hnéskeļjalos er undanskilin áhætta miðað við vátryggingarskilmála og á M því ekki rétt á bótum úr hundaverndartryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr hundaverndartryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 18.9. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 366/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar ökutækis A

Bifreið ekið aftan á aðra bifreið, ágreiningur um líkamstjón þ. 16.4.2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 3.8.2012 ásamt fylgiskjölum 1-16
2. Bréf V dags. 29.10.2012.

Málsatvik.

M var farþegi í A. A var ekið eftir Hringbraut í Reykjavík og aftan á aðra bifreið. M telur sig hafa orðið fyrir meiðslum við áreksturinn og krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A. Af hálfu M er vísað til læknisvottorða sem fyrir liggja í málinu varðandi meiðslu hennar og skýrslu sjúkraþjálfara. M telur ljóst að orsakatengsl séu á milli umferðarslyssins og meiðsla A. Af hálfu M er útreikningar í PC Crash forriti gagnrýndir. V hafnar bótaskyldu og bendir á að hraði A hafi verið lítill þegar árekstur varð og bifreiðin sem ekið var aftan á hafi verið á milli 20 og 30 km. hraða. V segir að læknisrannsóknir hafi ekki sannað ápreifanleg merki um líkamstjón og sjúkraskrá frá fyrrum heimalandi M liggja ekki fyrir. Af hálfu V er tekið fram að ein greiðsla sem innt hafi verið af hendi vegna tekjutaps M sé ekki viðurkenning á orsakatengslum.

Álit.

Takmörkuð læknisfræðileg gögn liggja fyrir í málinu og ljóst er að ákoma var mjög lítil á bifreið M við áreksturinn. Gögn um ætlaðan hraða A og höggkraftinn vegna árekstursins benda til þess að um mjög litla ákomu hafi verið að ræða. Þess ber þó að geta að gagna um ökuhraða og annað því tengt er aflað einhliða af V þannig að varhugavert er að draga of víðtækar almennar ályktanir um sönnunargildi þeirra gagna þó þau veiti mikilvæga vísbendingu um málsatvik. Nokkrar en ekki tæmandi upplýsingar liggja fyrir um fyrra heilsufar M. Í ljósi þeirra gagna sem liggja fyrir í málinu er vafi um orsakatengsl milli árekstursins og þeirra líkamlegu einkenna sem M lýsir sem afleiðingu árekstursins mjög mikill. M ber að sýna fram á að hún hafi orðið fyrir því tjóni sem hér um ræðir. Með vísan til fyrirliggjandi gagna telst M ekki hafa leitt nægar líkur að því að hafa orðið fyrir líkamstjóni sem rekja megi til notkunar A. M á því ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A.

Reykjavík 13.11.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 367/2012**M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um bótaskyldu (orsakatengsl) vegna slyss á öikumanni eftir árekstur.****Gögn.**

131. Málskot, móttakið 7.8.2012, ásamt fylgigögnum.

132. Bréf X, dags. 24.8.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 21.12.2011 var bifreiðinni A ekið aftan á kyrrstæða bifreið, B, á Reykjanesbraut á mótis við Bústaðaveg í Reykjavík. Við það kastaðist B aftan á aðra bifreið, D, sem M ók og mun einnig hafa verið kyrrstæð fyrir framan B.

Slysdaginn, 4.8.2010, leitaði M á slysa- og bráðadeild Landspítalans. Í læknisvottorði frá slysa- og bráðadeildinni segir að haft hafi verið eftir M að A hafi verið ekið á 100 km hraða er henni var ekið aftan á B. Þá hafi hún greinst með einkenni tognunar í háls- og brjóstþrygg. Í lokakafla læknisvottorðsins segir að flestir sem verði fyrir hálstögnun og tognun á brjóstþrygg af þessu tagi nái sér að fullu innan 4-6 vikna en lítill hluti sjúklinga sé með einkenni til lengri tíma. M mun ekki hafa leitað að nýju á slysa- og bráðadeildina vegna þessara áverka. Í áverkavottorði bæklunarskurðlæknis, sem M leitaði til, segir m.a. að A hafi verið ekið á 90-100 km hraða beint á B og verið harður árekstur. M hafi toгнаð á hálsi og baki. Hún sé verst í hálsinum og niður axlir.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá X vegna þess líkamstjóns sem hún kveðst hafa orðið fyrir í slysinu. X aflaði útreiknings á þyngdarhröðun ökutækjanna við áreksturinn. Samkvæmt útreikningnum var líklegasta gildi þyngdarhröðunar A í árekstrinum við B -2,28 g og B við sama árekstur 2,8 g. Í árekstrinum milli B og D var líklegasta gildi þyngdarhröðunar B -1,44 g og D 1,10 g. Samkvæmt útreikningnum mun hraði A, er hún rakst aftan á B, hafa verið 16,8 km á klst. Með vísan til þessa útreiknings hafnaði X bótaskyldu þar sem ósannað væri að sjúkdómseinkenni M mætti rekja til árekstursins.

Álit.

Læknisfræðileg gögn um það líkamstjón sem M hlaut við áreksturinn 21.12.2011 eru af skornum skammti. Engin matsgerð liggur fyrir um það hvort eða að hve miklu leyti M hafi orðið fyrir líkamstjóni í umrætt sinn. Samkvæmt málgögnum mun tiltölulega lítið tjón hafa orðið á bifreiðunum. Að öllu virtu og miðað við fyrirbyggjandi gögn verður ekki talið að sýnt hafi verið fram á að M hafi þá orðið fyrir líkamstjóni. Tjón hennar telst því ekki bótaskyld úr ábyrgðartryggingu A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Reykjavík, 18. september 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 368/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A****Ágreiningur um orsakatengsl í tengslum við árekstur á Dalvegi 02.12. 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 08.08. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 28.08. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

A var ekið í veg fyrir bifreið M sbr. fyrirliggjandi gögn.

Ágreiningur er um hvort sýnt hafi verið fram á orsakatengsl milli árekstursins og eymsla sem M telur sig búa við sbr. gögn.

Vátryggingafélagið telur ósannað að orsakatengsl séu til staðar vegna slyssins sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Mat nefndarinnar liggur í því að meta hvort sýnt hafi verið fram á að líkamstjón hafi orðið við áreksturinn. Í ljósi takmarkaðra gagna telst vafi um orsakatengsl í þessu máli verulegur. M telst ekki hafa sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni sem rekja má til áreksturs þessa.

Þegar tekið er mið af ofanrituðu og takmörkuðum gögnum máls þessa er bótaskylda ekki fyrir hendi. Orsakatengsl eru ósönnuð.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 18.09. 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 369/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. kreditkortatryggingar.

Ferðamaður varð fyrir reykeitrún og munatjóni þegar kviknaði í dvalarstað þ. 28.6.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 8.8.2012 ásamt fylgiskjölum nr. 1-5
2. Bréf V dags. 23.8.2012.

Málsatvik.

M sem hafði verið námsmaður í Noregi um nokkurra ára skeið var á ferð um Noreg ásamt föður sínum þegar kviknaði í húsi sem þeir voru í og urðu þeir fyrir reykeitrún og munatjóni. M stundaði nám í Noregi en segist hafa dvalið á Íslandi á heimili foreldra sína allt árið 2012. M er með skráð lögheimili í Noregi. M krefst bóta úr kortatryggingu sinni hjá V og byggir á því að hann hafi búið samfelld í rúma 180 daga hér á landi áður en slysið varð og dvalarland hans hafi því verið Ísland. Þá er á því byggt að M hafi verið sannanlega á ferðalagi með föður sínum sem greiddi alla ferðina með kreditkortinu sínu og M uppfylli því öll skilyrði til að fá bætur úr kortatryggingunni. V hafnar bótaskyldu og bendir á að korthafi sem búi utan Íslands sé tryggður skv. grein 1.1. vátryggingaskilmála þegar hann ferðast til annarra landa en ekki á ferðalögum innan dvalarlandsins. V bendir á að M hafi verið með skráð lögheimili í Noregi og verið enn við nám í Noregi þegar slysið varð og þess vegna verði dvöl í foreldrahúsum ekki flokkuð sem búseta vegna náms hér á landi. Þá liggja ekki fyrir í gögnum málsins að M hafi verið búinn að búa hér í 180 daga samfelld þegar tjónið varð.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á að Ísland hafi verið dvalarland eða heimili M þegar tjónið varð. M á því ekki rétt á bótum úr kreditkortatryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kreditkortatryggingunni hjá V.

Reykjavík 18.9. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 370/2012**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns af völdum umferðarslyss (orsakatengsl).****Gögn.**

133. Málskot, móttakið 9.8.2012, ásamt fylgigögnum.

134. Bréf X, dags 29.10.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 16.4.2010 var M farþegi í framsæti bifreiðarinnar A er henni var ekið aftan á aðra bifreið á Hringbraut við Nauthólsveg. Í lögregluskýrslu segir að nokkuð mikið sjáanlegt tjón hafi verið framan á A en ekki eins sýnilegt tjón aftan á bifreið þeirri sem A var ekið aftan á. M var flutt með sjúkrabifreið á slysa- og bráðadeild Landspítalans. Við komu á deildina kvartaði M undan miklum verkjum í hálsi, brjósthrygg og mjóbaki auk þess að hafa verið í miklu uppnámi. Engin áverkamerki sást við röntgenrannsókn. Var M greind með tognun í háls-, brjóst- og lendhrygg. Hún var svo útskrifuð á verkjalyfjum. Hinn 19.4.2010 leitaði M á heilsugæslustöð og var þá stíft að sjá í baki og með eymsli í vöðvum í hálsi og herðum. Hún fékk ráðleggingar um verkjalyfjanotkun og léttu hreyfingu og fékk vottorð um óvinnufærni 19.-23.4.2010. Jafnframt kom fram að M hafi leitað á heilsugæslustöðina vegna kvartana um óþægindi í hálsi eftir að hún lenti í árekstri 7.4.2004. Síðast hafi verið minnst á óþægindi í hálsi við komu í ágúst 2006. M leitaði á aðra heilsugæslustöð 3.5.2010 vegna versnandi verkja niður með hálsi og niður hægri handlegg að úlnlið og einnig í mjóbaki án útleiðslu. Var henni vísað í sjúkraþjálfun og gefin verkja- og bólgulyf.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá X. X aflaði útreiknings á þyngdarhröðun ökutækjanna við áreksturinn, en samkvæmt þeim útreikningi var líklegasta gildi þyngdarhröðunar A 2,09g og hinnar bifreiðarinnar 0,89g. M.a. með vísan til þessara útreikninga og annarra gagna málsins hafnaði X bótaskyldu.

Álit.

Af fyrirliggjandi gögnum þykir ljóst að A var ekið aftan á aðra bifreið í umrætt sinn og M hafi þá verið farþegi í A. M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá X að því marki sem hún hefur orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn, sbr. 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Útreikningar þeir sem X aflaði um þyngdarhröðun bifreiðanna eru haldnir tilteknum ágöllum þannig að á þeim verður ekkert byggt varðandi sönnunarfærslu í málinu. M leitaði á slysa- og bráðadeild Landspítalans og einnig annarra lækna þar sem hún lýsti verkjaástandi sínu sem hún telur að rekja megi til árekstursins. Á hinn bóginn liggur engin matsgerð fyrir í málinu um afleiðingar slyssins fyrir M og að teknu tilliti til fyrri sjúkrasögu hennar. Eins og málið liggur fyrir verður því að telja ósannað að M hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn sem leiði til bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Reykjavík, 13. nóvember 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 371/2012**M
og
vátryggingafélagið X v/ slysátryggingar ökumanns.****Bifreið fór yfir á rangan vegarhelming í veg fyrir annað ökutæki og ökumaður slasaðist.****Gögn.**

135. Málskot, móttækið 13.8.2012, ásamt fylgigögnum.

136. Bréf X, dags 10.11.2012.

Málsatvik.

Að morgni 17.12.2010 ók málskotsaðili M bifreið sinni, A, frá Akureyri til Húsavíkur. Er hann átti skammt ófarið inn í þéttbýli á Húsavík eða við svonefnt Sláturhúsleiti fór bifreið hans yfir á rangan vegarhelming og rakst þar á vörulyftara sem var ekið á móti A úr gagnstæðri átt. Myrkur var, stormur, eljagangur, hálka á akbraut og slæmt skyggni. Mikið sjáanlegt tjón er sagt hafa orðið á A og M varð fyrir meiðslum. M kvaðst hafa sofnað undir stýri skömmu fyrir óhappið og vaknað við það. Stjórnandi lyftarans kvaðst hafa séð A koma á móti sér og séð með nokkrum fyrirvara hvað verða vildi þegar A hafi skömmu fyrir áreksturinn verið ekið yfir á rangan vegarhelming án þess að dregið hafi verið úr hraða hennar. Lyftarinn hafi verið nánast kyrrstæður þegar áreksturinn varð.

Vegna meiðsla sinna hefur M krafist bóta úr slysátryggingu ökumanns A hjá X. Félagið hefur viðurkennt ábyrgð sína en að skerða beri rétt M til bóta að hálfu þar sem hann hafi valdið tjóninu með háttsemi sem beri að virða honum til stórfellds gáleysis.

Álit.

Fyrir liggur samkvæmt gögnum málsins að M sofnaði undir stýri er hann ók A. Leiddi það til þess að bifreiðin fór yfir á rangan vegarhelming í veg fyrir vörulyftara sem þar var á ferð. Ekkert bendir til að M hafi sofnað vegna atvika sem honum verður ekki kennt um. Slysið verður því rakið til háttsemi M og eftir atvikum öllum verður að virða honum þá háttsemi til stórkostlegs gáleysis, sbr. 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, sem hefur í för með sér að ábyrgð X á tjóni hans skerðist um 1/3, en bætist að 2/3 hlutum.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist að 2/3 hlutum úr slysátryggingu ökumanns A hjá X.

Reykjavík, 10. október 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 373/2012**M****og****Vátryggingafélag v/ábyrgðartryggingar sveitarfélags (H)****Vinnuslys er barn á hlaupahjólum rakst utan í starfsmann leikskóla 09.08. 2010.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 03.08. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 24.08. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það hafnar röksemd M um að hlaupahjólíð hafi verið hættulegt og til þess fallið að valda slysum sbr. fyrirliggjandi gögn. Það að barnið lenti óvart á M verði ekki metið vátryggingataka (H) til sakar. Félagið telur að reyndur starfsmaður líkt og M hafi mátt gera sér grein fyrir því að ástæða er til að vera á varðbergi þegar börn eru að leik á hlaupahjólum. Ósannað sé með öllu að lög eða reglur hafi verið brotnar.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er ósannað að rekja megi meiðsl M til sakar H eða starfsmanna hans eða aðstæðna sem hann ber skaðabótaábyrgð á. Hér var um óhappatilvik að ræða. Ekki hefur verið sýnt fram á að umrætt hlaupahjól hafi verið hættulegra en við má búast af slíku leiktæki.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 11. september 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 374/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Frjálsrar ábyrgðartryggingar U

Ökumaður ekur á vinnuvél sem var við vinnu á akbraut þ. 26.11.2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.14.8.2012 ásamt fylgiskjölum nr. 1-27
2. Bréf V dags. 3.9.2012 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M ók bifreið sinni til suðurs eftir Hlíðarfótarvegi og lenti í árekstri við vinnuvél sem er í eigu U. Vinnuvélin var í notkun þegar áreksturinn varð. M segir að töluverð sól hafi blindað sig og allt í einu hafi hann séð vinnuvélina á veginum og ekki tekist að koma í veg fyrir árekstur. Stjórnandi vinnuvélarinnar segist hafa þurft að staðsetja vinnuvélina á veginum þar sem hann vann við frágang vestan vegarins og hafi hann séð þar sem M ók bifreið sinni á talsvert mikilli ferð suður Hlíðarfót og svo hafi virst sem M hafi ekki séð vinnuvélina. Vitni segir að honum hafi sýnst að M hafi ekið á talsvert mikilli ferð í umrætt sinn. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu U og telur að slysið megi rekja til ófullnægjandi verkstjórnar og vinnubragða starfsmanna U. Þá er á því byggt að öryggisráðstafanir og merkingar hafi verið ófullnægjandi. Af hálfu M er á það bent að framkvæmdaheimild hafi ekki verið í gildi þegar slysið varð auk þess sem starfsmenn U hafi ekki gætt þess að hafa fullnægjandi öryggisráðstafanir eða farið að fyrirmælum varðandi framkvæmd verks. V hafnar bótaskyldu og bendir á að M hafi ekið of hratt og viðvörunarmerki þar sem á stóð “Vegavinna” hafi verið um 150 metrum norðan við slyssað. V bendir á að M beri að sól hafi blindað hann og hafi honum því borið að sýna sérstaka aðgát sem hann hafi ekki gert en aðstæður hafi í sjálfu sér ekki verið aðrar en við megi búast við akstur í þéttbýli.

Álit.

Starfsmenn U höfðu ekki gilt framkvæmdaleyfi og gættu þess ekki að hafa fullnægjandi varúðarmerkingar í umrætt sinn og bera því sök á árekstrinum. Af gögnum málsins virtum verður ekki annað séð en að M hafi ekið of hratt og ekki gætt þess að haga akstri sínum miðað við aðstæður einkum þegar hann blindaðist af sól. M ber því einnig sök á árekstrinum. Við mat á sakarskiptingu þykir rétt að M beri helming tjóns síns sjálfur vegna eigin sakar.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu U hjá V en ber helming tjóns síns sjálfur vegna eigin sakar.

Reykjavík 18.9.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 375/2012**M
og
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélags.****Telpa féll um girðingu á skólalóð.****Gögn.**

137. Málskot, móttakið 15.8.2012, ásamt fylgigögnum.

138. Bréf X, dags 3.9.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 28.9.2010 var M, 8 ára gömul, að leik á skólalóð tiltekins skóla sem er í eigu og er rekinn af sveitarfélaginu S. Er M var að hoppa yfir lága trégirðingu, um 40-60 cm á hæð, sem afmarkar trjábeð inni á skólalóðinni, mun hún hafa rekið annan fótinn í girðinguna og féll í jörðina. Við það hlaut hún slæman brotáverka á hægri handlegg við olnboga.

Af hálfu M er því haldið fram að umrædd girðing hafi umlukið beð með litlum gróðri og vegna hinnar lágu hæðar girðingarinnar hafi verið auðvelt fyrir börn að fara yfir girðinguna og þau ekki áttað sig á að girðingin hafi verið til að koma í veg fyrir að farið væri yfir gróðurbeðin. Hafi slyshætta miklu fremur stafað af girðingunni. Jafnframt hafi eftirlit með börnum á skólalóðinni ekki verið nægilegt. Slysið verði rakið til þessa og hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu S hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Ekkert hefur komið fram í gögnum málsins sem gefur til kynna að umrædd girðing og frágangur hennar hafi farið í bága við skráðar réttarreglur, þ. á m. ákvæði í reglugerð nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og eftirlit með þeim og reglugerð nr. 657/2009 um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða, eða hún hafi á annan hátt verið vanbúin eða hættuleg þannig að ábyrgð verði lögð á S vegna þess slyss sem M varð fyrir. Er slysið varð munu fimm starfsmenn skólans hafa verið við eftirlitsstörf á skólalóðinni. Ekkert hefur komið fram sem gefur tilefni til að ætla að slysið verði rakið til þess að of fáir starfsmenn hafi verið við eftirlit á lóðinni eða að þeir hafi ekki sinnt starfsskyldum sínum með viðunandi hætti. Að öllu virtu verður ekki séð að S beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni því sem M varð fyrir umrætt sinn. Tjónið fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu S hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá X.

Reykjavík, 25. september 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 376/2012**M****og****Vátryggingafélag v/kaksótryggingar A****Umferðaróhapp 24.01. 2012, ágreiningur umfang tjóns.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 20.08. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 10.09. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ágreiningur er um umfangs tjóns sem varð á A þegar bifreiðinni var ekið út af vegi 24.01. 2012. Félagið hefur fallist á bótaskylda að hluta og viðgerð farið fram en það hafnar því að tengja tjón á vél bifreiðarinnar hinu bótaskylda atviki sbr. fyrirliggjandi gögn.

Félagið getur þess m.a. að viðbótartjón máls þessa hafi ekki verið tilkynnt félaginu fyrr en í júlí 2012. Þá hafi M sagt að bifreiðin hafi farið að yfirhita sig og að skipta hafi þurft um hedd. Félagið telur það ekki tengjast umræddu tjónsatviki enda hafi verið um minniháttar áakstur að ræða sem ekki sé þess eðlis að valda skemmdum á heddi og heddpakningu.

Hafi heddpakning gefið sig við það að bifreiðin var í notkun í nokkra mánuði með lekan vatnskassa þá er það ekki sennileg afleiðing af tjónsatvikinu. Það sé á ábyrgð eiganda að fara strax með bifreiðina á verkstæði sérstaklega í ljósi þess að hitamælir hefur eftir tjónið án efa sýnt óeðlilega háan hita. Með vísan til ákvæis skilmála og 2. mgr. 27. gr. laga um vátryggingar-samninga telur félagið að umrætt tjón megi rekja til stórkostlegs gáleysis M og að rétt sé að fella niður bótaábyrgð.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum og fenginni afstöðu vátryggingafélagsins er ósannað að rekja megi tjón á heddpakningu/vél bifreiðarinnar til þess tjónsatburðar sem hér um ræðir.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 24. september 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 377/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Frjálsrar ábyrgðartryggingar A

M hrasaði og datt niður stiga þ. 13.11.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.20.8.2012 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V dags. 12.9.2012

Málsatvik.

M var við vinnu á sambyli og var á leið milli hæða og þegar hann var kominn upp á efstu stigaskör snéri hann sér við og ætlaði aftur niður þegar hann rann til og datt og meiddist á fæti. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V og byggir á því að aðstæður á vinnustað hafi ekki verið í samræmi við reglur laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað sbr. 13.gr. laganna. Þá bendir M einnig á 6.gr. byggingareglugerðar nr. 112/2012. Þá segir M að eftir slysið hafi verið sett upp handrið og ekki skipti máli þó hann hafi starfað lengi á umræddum vinnustað. V hafnar bótaskyldu og segir ósannað að slysið verði rakið til sakar A. V hafnar því að brotið hafi verið gegn lögum nr. 46/1980 eða 6.gr. byggingareglugerðar nr. 112/2012. V segir líka að uppsetning handriðs eftir á skipti engu máli enda ekki sýnt fram á að það hefði skipt einhverju máli í því tilviki sem hér ræðir um.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á af hálfu M að umræddur stigi hafi verið vanbúinn eða hættulegur. Engin gögn varðandi stigann liggja fyrir í málinu. Þá hefur ekki verið sýnt fram á brot A gegn ákvæðum laga nr. 46/1980. Miðað við fyrirliggjandi gögn á M því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 25.9.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 380/2012**M****og****Vátryggingafélag v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A****Sprenging í bifreið á bifreiðastæði við Njarðarvelli 11.05. 2012.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 21.08. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 03.09. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. Húsbifreiðin A mun hafa sprungið í loft upp á bifreiðastæði. Sprengingin mun hafa orðið vegna gass sem opið var fyrir sem var utan á bifreiðinni og tengt við ísskáp hennar. Glerbrot mun m.a. hafa kastast yfir aðra bifreið M þ.e. B. Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Orsakatengsl séu ekki fyrir hendi. Tjón á B verði ekki rakið til þeirrar sérstöku notkunar bifreiðar sem skaðabótaregla umferðarlaga tekur til. Bótaréttur sé ekki fyrir hendi.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. takmarkaða umfjöllun hans í málskotinu. Hann vísar til þess að “ég tel því að ég hafi skráð og tryggt bifreiðina eins og mér ber ef til tjóns kemur af völdum bíls sem er húsbíll með þeim búnaði sem honum fylgir eins og gasbúnaður.”

Lögreglan getur bifreiða sem staðsettar voru skammt frá A þ.á m. B. Fram kemur að engar sjáanlegar skemmdir voru á bifreiðunum en bifreiðin A var mikið skemmd.

Álit

Fyrirliggjandi gögn eru mjög takmörkuð. Ekki eru t.d. upplýsingar um að tjón hafi orðið á öðrum eigum en A.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er bótaskylda ekki fyrir hendi samkvæmt lögboðinni ábyrgðartryggingu bifreiðar A.

Samkvæmt vátryggingarskilmálum lögboðinnar ökutækjatrýggingar nær vátryggingin til sérhverrar skaðabótakröfu sem vátryggðum er skylt að vátryggja gegn samkvæmt umferðarlögum nr. 50/1987, sem eigandi eða umráðamaður hins vátryggða ökutækis, vegna tjóns er hlýst af notkun þess.

Ekki hefur verið sýnt fram á að rekja megi tjónsatburð máls þessa til notkunar ökutækisins í skilningi nefnds ákvæðis. Þá hefur og ekki verið upplýst um að gerð hafi verið bótakrafa á hendur M. Umfjöllun M í málskotinu er og mjög takmörkuð, sem fyrr segir.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 18. september 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 381/2012**M****og****Vátryggingafélag v/frítímaslyss****Slys í frítíma við húsbyggingu í nóvember 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 23.08. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 10.09. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M var að hjálpa vini sínum við byggingu húss og var að fara niður stiga er hann rann til og fékk á áverka á öxl sbr. gögn málsins. Málskotið upplýsir ekki um raunverulegt umfang aðstoðar M við við sinn.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það vísar til ákvæðis skilmála þar sem fram kemur að vátryggingin bætir ekki slys sem vátryggður verður fyrir í starfi, hvort sem um er að ræða launað starf eða arðbært starf í eigin þágu eða annarra sem atvinnuslyshætta fylgir.

Félagið telur að um arðbært starf hafi verið að ræða sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins.

M telur bótaskyldu fyrir hendi. Hann vísar máli sínu til stuðnings m.a. til dóms Hæstaréttar Íslands í máli 1. febrúar 1984 í máli nr. 17/1982.

Álit

Með hliðsjón af takmörkuðum gögnum máls þessa og með hliðsjón af framkvæmd dómstóla, sbr. nefndan dóm Hæstaréttar, er bótaskylda fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

M varð fyrir slysi í frítíma sínum. Ekki er um undanskilda áhættu að ræða þó hann hafi verið að aðstoða vin sinn við húsbyggingu. Þannig hefur ekki verið sýnt fram á að um arðbært starf hafi verið að ræða sem fellur undir undantekningarákvæði skilmála.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir hendi.

Reykjavík 18. september 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 383/2012**M****og****Vátryggingafélag X v/A****og****Vátryggingafélag Y v/B****Árekstur bifreiða við mætingu í blindbeygju þann 28.08. 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 27.08. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 17.09. 2012.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 04.09. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Áreksturinn varð í blindbeygju við mætingu bifreiðanna á Borgarvegi Húnaþingi vestra sbr. gögn málsins.

Vátryggingafélag A telur að ökumaður B eigi að bera ábyrgð á árekstrinum. Auðvelt hafi verið fyrir B að víkja fyrir A.

Vátryggingafélag B telur að ökumaður A eigi að bera ábyrgð á árekstrinum.

Tjónanefnd vátryggingafélaganna setti alla sök á ökumann A.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum og aðstæðum á vettvangi ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum. Hann gætti ekki þeirrar aðgæslu sem nauðsynleg er við þrönga blindbeygju. Miðað við gögn málsins var ökuhraði hans of mikill.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á ökumann B.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 10. október 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 384/2012**M****og****Tiltekir erlendir váttryggjendur v/stjórnendaábyrgðartryggingar þ.e.****Directors and Officers Liability Insurance (H)****Ágreiningur um bótaskyldu.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 20.08. 2012.
- 2) Bréf fulltrúa váttryggjenda til nefndarinnar, dags. 01.10. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

H hafnar bótaskyldu vegna sviksamlegs skorts á upplýsingum og rangri upplýsingagjöf við töku váttryggingarinnar sbr. fyrirliggjandi gögn.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

H veitir ekki samþykki sitt fyrir því að úrskurðarnefndin fjalli um málið og gerir kröfu um frávísun sbr. samþykktir nefndarinnar og fjölda fyrri álita í sambærilegum málum sbr. fyrirliggjandi gögn.

Álit

Með hliðsjón af því að H samþykkir ekki að úrskurðarnefndin fjalli um ágreiningsmál þetta er málinu vísað frá nefndinni sbr. samþykktir úrskurðarnefndar og nokkur fjöldi sambærilegra mála sem vísað hefur verið frá nefndinni.

Niðurstaða.

Frávísun.

Reykjavík 23.10. 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 386/2012**M og****Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar ökutækis A og Frjálsrar ábyrgðartryggingar S****Óhapp þegar verið var að hífa timburkurlara upp á festivagn þ. 13.10.2010****Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 30.8.2012 ásamt fylgiskjölum 1-8
2. Bréf V. Dags. 24.9.2012 ásamt fylgiskjölum 1-3.

Málsatvik.

M ætlaði að láta flytja timburkurlara og var vörubifreiðastjórinn S fenginn til þess að ferma hann upp á festivagn vörubifreiðarinnar A sem var með krana. S fékk auk þess aðra vörubifreið með krana til að aðstoða við ferminguna. Þegar S var að hífa timburkurlarann þá sökk stoðfótur A í jörina með þeim afleiðingum að A fór á hliðina og timburkurlarinn skall í jörðina og skemmdist mikið. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu S hjá V og bóta úr ábyrgðartryggingu A. M telur að þar sem notast var við A við fermingu og lestun og losun vörubifreiða væri þáttur í notkun vörubifreiða þá ætti M rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A sbr. 1.mgr. 88.gr. laga nr. 50/1987 umferðarlaga. Þá byggir M einnig á því að S hafi verið fenginn til verksins vegna reynslu sinnar og sérþekkingar. Ljóst hafi verið þegar til stóð að hífa timburkurlarann að hætta gat verið á því að stoðfætur vörubifreiðarinnar sykkju ofan í jarðveginn þar sem blautt hafi verið í veðri og vatnspollar höfðu myndast á svæðinu. M telur að S hafi borið að gera viðeigandi ráðstafanir m.a. setja fleka undir stoðfætur til þess að varna því að stoðfæturnir sykkju niður. Þá bendir M á að S hafi unnið verkið á eigin ábyrgð og hafi borið að tryggja M árangur af verkinu án þess að tjón yrði. Þá vísar M til dóma Hæstaréttar máli sínu til stuðnings. V hafnar bótaskyldu úr frjálsri ábyrgðartryggingu S og telur tjónið ekki verða rakið til saknæmrar háttsemi vátryggingartaka eða mönnum sem hann beri ábyrgð á heldur hafi verið um óhappatilvik að ræða. V bendir á að S hafi fengið óljósar upplýsingar frá M um þyngd timburkurlarans og hefði S þá gripið til sérstakra varúðarráðstafanna með því að kalla til annað öflugt tæki til hífingar á trjákurllaranum og hafi það verið gert umfram beiðni M og hafi S sýnt sérstaka aðgæsluskyldu með því. Þá segir V að S hafi verið fenginn að starfsstöð m sem hafi verið ýmist malbikað eða með þéttum malarjarðvegi og engin ummerki á vettvangi hafi því gefið S tilefni til að ætla að grípa þyrfti til sérstakra varúðarráðstafana. Þá segir V að S hafi ekki átt val um það hvar bifreiðinni var stillt upp auk þess sem stórir plattar hafi verið undir stoðfótum A. Þá segir V að fulltrúi Vinnueftirlitsins sem kallaður hefði verið á vettvagn hefði engar athugasemdir gert við framkvæmd verksins og ekki gert skýrslu um það. Loks bendir V á að verði það niðurstaðan að tjón M verði rakið til saknæmrar háttsemi S þá beri að skerða bætur til M vegna eigin sakar M þar sem M og starfsmenn M voru best fallnir til að þekkja aðstæður á vettvangi og hefðu þá átt að upplýsa S um aðstæður og /eða draga timburkurlarann á annað og traustara svæði. Varðandi lögboðna ábyrgðartrygginguna þá telur V að bótaskylda sé ekki fyrir hendi þar sem tjónið verði ekki rakið til sérstakrar notkunar bifreiðarinnar sem slíkrar heldur hafi tækið verið notað sem undirstaða krana og timburkurlarinn hafi legið á jörðinni og ekki hafi verið um fermingu að ræða heldur hafi átt að nota tvær vörubifreiðar til að hífa trjákurllara upp og flytja hann tiltekna leið ofan á festivagn sem var vörubifreiðunum óviðkomandi. Flutningur trjákurllarans af tveim krönnum upp á festivagn geti ekki fallið undir notkunarhugtak 1.mgr. 88.gr. umferðarlaga. Þá vísar V til dóma Hæstaréttar máli sínu til stuðnings.

Álit.

Í umrætt sinn var ökumaður A ekki að ferma sitt eigið ökutæki heldur voru tveir kranar notaðir við að flytja trjáakurlara sem lá á jörðinni yfir á tengivagn. Ekki var því um að ræða þá sérstöku notkun bifreiðar sem 1.mgr. 88.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 tekur til og tjónið því ekki bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu A.

Takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir í málinu um svæðið þar sem hífingin fór fram fyrir utan umsagnir aðila og ljósmyndir af vettvangi eftir að óhappið varð. Miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar liggur ekki fyrir að tilefni hafi verið til þess af hálfu S að kanna sérstaklega hvernig undirlagið var eða nota sérstakan búnað svo sem fleka undir stoðfætur áður en hífing var framkvæmd. Ekki hefur verið sýnt fram á að S hafi farið gegn venjulegum verklagsreglum við hífingar í tilvikum eins og þeim sem hér ræðir um eða sýnt af sér sagnæma háttsemi sem leiði til bótaskyldu af hans hálfu skv. frjálsri ábyrgðartryggingu hans hjá V. M á því ekki miðað við fyrirbyggjandi gögn rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu S hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V. M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu S hjá V.

Reykjavík 16.10.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 387/2012

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar sendibifreiðar
og
vátryggingafélagið Y v/ innbústryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á innbúsmunum við búferlaflutning.

Gögn.

139. Málskot, móttakið 5.9.2012, ásamt fylgigögnum.

140. Bréf Y, dags 20.9.2012.

141. Bréf X, dags 24.9.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 30.6.2012 er M fluttust búferlum úr Reykjanesbæ til Reykjavíkur fengu þau flutningafyrirtækið F til að flytja búslóðina með sendibifreiðinni A sem mun vera í eigu F. Var munum komið fyrir í A og að því er ráða má af gögnum málsins án þess að þeim hafi verið pakkað sérstaklega áður. Eftir að komið var í áfangastað í Reykjavík komu í ljós skemmdir á ýmsum munum sem höfðu verið fluttir með bifreiðinni.

M hafa krafist þess að fá tjónið bætt úr ábyrgðartryggingu A hjá X eða úr innbústryggingu þeirra hjá Y. Bæði félögin hafa hafnað bótaskyldu úr þeim vátryggingum sem M hafa krafist bóta úr.

Álit.

I.

Samkvæmt gögnum málsins var F gert viðvart hinn 9.7.2012 um að tjón hafi orðið á hluta þeirra búsmuna sem fluttur var með A eða níu dögum eftir að flutningurinn átti sér stað. Skemmdirnar komu í ljós að sögn M eftir að lokið var að afferma A í Reykjavík og ökumaður A hafði ekið á brott. Ekki er nákvæmlega vitað hvað olli skemmdunum.

Fyrir liggur að með samningi við M tók F að sér flytja búslóð M með A til Reykjavíkur í umrætt sinn. Um flutninginn gilda því lög um landflutninga nr. 40/2010, sbr. 1. mgr. 1. gr. laganna (lfl.). Í tilviki því sem hér um ræðir var F sem eigandi A jafnframt flytjandi búslóðarinnar, sbr. 1. tölul. 2. gr. lfl. Skv. 6. gr. lfl. skulu þau lög ganga framur umferðarlögum um ábyrgð á tjóni því sem varð á búslóðinni. Samkvæmt þessu ber að horfa til ákvæða lfl. við mat á því hvort F beri skaðabótaábyrgð gagnvart M vegna tjónsins. Síðan er sérstakt úrlausnarefni hvort bótaábyrgðin hafi stofnast með þeim hætti að tjónið fái bætt úr hinni lögmæltu ábyrgðartryggingu A hjá X.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að útfyllt hafi verið sérstakt fylgibréf um flutninginn eða upplýsingar sem eiga að koma fram í fylgibréfi, sbr. 2. mgr. 8. gr. lfl., hafi beinlínis verið gefnar með öðrum formlegum hætti. Flutningssamningurinn telst engu að síður gildur og er háður ákvæðum lfl., sbr. 11. gr. laganna.

Skv. 1. mgr. 19. gr. lfl. ber flytjanda að bæta tjón sem hlýst af því að vara skemmist eða glatast meðan á flutningi stendur nema hann sanni að hvorki hann né maður sem hann ber ábyrgð á eigi sök á tjóninu. M voru móttakendur búslóðarinnar á ákvörðunarstað í Reykjavík. Þegar móttakandi voru tekur við vöru án fyrirvara skal litið svo á að varan hafi verið afhent óskemmd og í samræmi við lýsingu í fylgibréfi þar til annað sannast, sbr. 29. gr. lfl. Skv. 30. gr. lfl. skal móttakandi tilkynna flytjanda um tjón á vörunni jafnskjótt og þess verður vart og í síðasta lagi þremur dögum eftir eftir móttöku vörunnar. Að öðrum kosti telst varan hafa verið afhent í því

ástandi sem lýst er í fylgibréfi, kvittun skv. 3. mgr. 7. gr. eða annarri móttökukvittun ef ekki eru færðar sannanir gegn því. Eins og málið liggur fyrir er ágreiningslaust að M gerðu engan fyrirvara um tjónið er þau tóku við búsmuninum við affermingu úr A og þau tilkynntu F fyrst um tjónið níu dögum eftir móttöku munanna. Var þá liðinn sá frestur sem þau höfðu til að tilkynna F um tjónið svo ábyrgð F yrði fortakslaust byggð á ábyrgðarreglu 29. gr. Af hálfu F hefur verið mótmælt að tjónið hafi orðið meðan á flutningnum stóð. Af gögnum málsins verður eigi talið sannað að tjónið hafi orðið þá. Að þessu virtu verður ekki talið að F beri ábyrgð á tjóni M á grundvelli lfl. Að þeirri niðurstöðu fenginni kemur ekki til frekari skoðunar hvort tjónið falli undir gildissvið ábyrgðartryggingar A.

II.

Í 8. gr. innbústryggingar þeirrar sem M hafa hjá Y eru í stafliðum A til M á sérstakri yfirlitsmynd talin upp þau tjónstilvik sem vátryggingin tekur til. Ekkert þessara tjónstilvika getur komið hér til álita nema þau tjónstilvik sem kunna að falla undir staflið C, þ.e. skemmdir á innbúi í ökutæki sem lendir í umferðaróhappi. Ekki liggur fyrir að tjón M megi rekja til þess að A hafi lent í umferðaróhappi meðan á flutningnum stóð. Ennfremur eru undir þessum tiltekna staflið undanþegin bótaskyldu tjón þegar um búferlaflutning er að ræða og tjón á munum þegar flutt er gegn gjaldi. Í ljósi þessa telst tjónið ekki bótaskyldt úr innbústryggingunni hjá Y.

Niðurstaða.

Tjón M, vegna skemmda á búsmunum bætist ekki úr ábyrgðartryggingu A hjá X né heldur úr innbústryggingu þeirra hjá Y.

Reykjavík, 10. október 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 388/2012**M****og****Vátryggingafélag v/slysátryggingar launþega vegna frítímaslyss****Ágreiningur um tilkynningarskyldu skv. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga í tengslum við slys M þann 05.05. 2008.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 04.09. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 24.09. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M slasaðist er hann féll niður um gat í gólfi fasteignar á árinu 2008 sbr. fyrirliggjandi gögn máls þessa. Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu með vísan til þess að ársfrestur skv. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga hafi verið “löngu liðinn” þegar krafa um bætur kom fram sem var ekki fyrir en 02.09. 2011. Í matsgerð kemur fram að matsmenn álíta að 3 mánuðum eftir slysið hafi afleiðingar þess að mestu verið komnar fram og telst stöðuleikapunktur hafa verið 08.08. 2008. M mun hafa verið óvinnufær í um 2 mánuði strax eftir slysið.

M telur sig hafa fyrst haft vitneskju um að varanlegar afleiðingar hefðu hlotist af slysinu 10.12. 2010 þegar hann leitaði til læknis. Vátryggingafélagið fellst ekki á að nokkurt nýtt hafi þá komið fram.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

M mun hafa verið óvinnufær í 2 mánuði strax eftir umrætt slys. Óvinnufærni hans gaf honum tilefni til að tilkynna vátryggingafélaginu um slysið. Þessa gætti hann ekki.

Þegar tekið er mið af framanrituðu og fyrirliggjandi gögnum verður að telja að ársfrestur M skv. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga hafi verið liðinn þegar hann setti fram kröfu um bætur í september 2011.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 23.10. 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 389/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Eignatryggingar lausafjár

Vatn lak inn á vöurlager og olli tjóni á honum þ. 7-9. júlí 2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 6.9.2012 ásamt fylgiskjölum 1-2
2. Bréf V dags. 24.9.2012 ásamt fylgiskjali

Málsatvik.

M segir að vatn hafi lekið inn á lager M og valdið tjóni á honum. M segir að vatn lak úr rennu sem staðsett er innan húsnæðisins sem liggur í stökk niður úr þaki hússins þar sem regnvatn safnast fyrir. M byggir á því að lekinn hafi komið úr rennu inni í húsnæðinu og því bótaskylda V fyrir hendi. V hafnar bótaskyldu og telur tjónið undanskilið í tryggingarskilmálum. V byggir á því að vatn sem hafi átt upptök sín utandyra hafi valdið tjóninu og undanskilin áhætta sé m.a. vegna skemmda af völdum vatns frá svölum, úr þakrennum eða frárennslisleiðslum.

Álit.

Tjón það sem um ræðir er undanskilið í vátryggingarskilmálum þar sem beinlínis er tekið fram að vátryggingin taki ekki til skemmda af völdum vatns frá svölum, úr þakrennum eða frárennslisleiðslum þeirra. M á því ekki rétt á bótum úr eignatryggingu lausafjár hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr eignatryggingu lausafjár hjá V.

Reykjavík 16.10.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 391/2012
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A
Og V-2 v. B

Árekstur bifreiða á Tangargötu í Vestmannaeyjum þ. 9.7.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 6.0.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-5.
2. Bréf V-2 dags. 28.9.2012.
3. Bréf V-1 dags 10.10.2012.

Málsatvik.

Árekstur varð á Tangargötu í Vestmannaeyjum milli bifreiðanna A og B. Ökumaður A segist hafa verið að bakka í bifreiðastæði þegar hægri framhurð B var opnuð og lenti í hægri hlið B. Ökumaður B segist hafa verið búin að stöðva á bifreiðastæðinu og síðan opnað hurðina og A bakkað á hana.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað séð en að hurð á B hafi verið opnuð í veg fyrir A þegar A var að bakka. Ökumaður B ber því alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök.

Reykjavík 23.10. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 393/2012**M****og****Vátryggingafélag v/ferðatryggingar****Ágreiningur um bótaskyldu ferðatafa.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 07.09. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 25.09. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélagið hafnar frekari bótaskyldu vegna ferðatafa þar sem ekki þykir sýnt að skilyrði skilmála séu uppfyllt. Félagið vísar til þess að M hafi þegar fengið bætur skv. grein 5.4 um ferðatöf en í því ákvæði er tekið á ferðatöfum sem geta orðið loftleiðina að flugvelli. Tilgangur með grein 5.5. sé aftur á móti sá að taka á töfum sem geta orðið á leið að flugvelli þegar farin er landleiðin.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu. Hann er ósammála túlkun félagsins. Hann telur framsetningu skilmála villandi.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að umræddir vátryggingaskilmálar félagsins séu það óskýrir í garð viðskiptavinar (vátryggðs) að túlka verði ákvæði þeirra með það í huga. Ekki er unnt að fallast á þá afstöðu félagsins að almenningsfarartæki taki ekki til flugvéla. Hafa ber hugfast að hugtakið “almenningsfarartæki” er notað bæði í grein 5.4 og 5.5. Vátryggður lenti í þeirri aðstöðu sem lýst er í grein 5.5 þ.e. hann missti af millilandaflugi vegna tafa á ferð á leið á flugvöll vegna seinkunar almenningsfarartækis. Vegna þessa getur hann gert kröfu um bætur skv. grein 5.5.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir hendi.

Reykjavík 23. október 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 394/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar A

Ekið aftan á bifreið í Faxafeni við Réttarholtsveg, líkamstjón, orsakatengsl þ. 27.4.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 6.9.2012 ásamt fylgiskjölum 1-11.
2. Bréf V dags. 24.11.2012 ásamt fylgiskjölum 1-3.

Málsatvik.

M segir málsatvik hafa verið þau að hún hafi verið í bifreið sinni á gatnamótum Faxafens og Réttarholtsvegar þegar A ók aftan á bifreið hennar og leitaði M á bráðamóttöku Landsspítalans daginn eftir vegna verkja í hálsi. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna tognunar á baki sem hún telur sig hafa hlotið við áreksturinn og vísar til framlagðra vottorða lækna o.fl. því til stuðnings og jafnframt þess að hún hafi verið heilsuhraust fyrir áreksturinn. Þá mótmælir M málatilbúnaði V í málinu og telur hann rangan. V hafnar bótaskyldu og telur að ekki hafi verið færðar sönnur á að orsakatengsl séu til staðar á milli árekstursins og þeirra eymsla sem M kvartar yfir. Þá vísar V til skýrslu Aksturs og öryggis ehf. varðandi höggþyngd á bifreið M við áreksturinn. Þá vísar V til þess að tjónþoli verði að sanna tjón sitt, en það hafi M ekki gert í þessu tilviki.

Álit.

Takmörkuð læknisfræðileg gögn liggja fyrir í málinu og ljóst er að ákoma var mjög lítil á bifreið M við áreksturinn. Gögn um ætlaðan hraða A og höggkraftinn vegna árekstursins benda til þess að um mjög litla ákomu hafi verið að ræða og hraði A hafi verið mjög lítill. Þess ber þó að geta að gagna um ökuhraða og annað því tengt er aflað einhliða af V þannig að varhugavert er að draga of víðtækar almennar ályktanir um sönnunargildi þeirra gagna þó þau veiti mikilvæga vísbandingu um málsatvik. Í ljósi þeirra gagna sem liggja fyrir í málinu er vafi um orsakatengsl milli árekstursins og þeirra líkamlegru einkenna sem M lýsir sem afleiðingu árekstursins mjög mikill. M ber að sýna fram á að hún hafi orðið fyrir því tjóni sem hér um ræðir. Með vísan til fyrirliggjandi gagna telst M ekki hafa leitt nægar líkur að því að hafa orðið fyrir líkamstjóni sem rekja megi til notkunar A. M á því ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V

Reykjavík 23.10 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 395/2012**M
og
vátryggingafélagið X v/ frítímaslysátryggingar.****Ágreiningur um hvort lögmælt tilkynningarfrests vegna slyss hafi verið gætt.****Gögn.**

142. Málskot, móttakið 6.9.2012, ásamt fylgigögnum.

143. Bréf X, dags. 1.10.2012.

Málsatvik.

Hinn 5.5.2010 féll M af hestbaki. Hún leitaði samdægurs á slysa- og bráðadeild Landspítalans. Hún mun við komu á deildina hafa verið með höfuðverk, stírðleika í hálsi og óþægindi í baki og fram í bringu við að anda djúpt. Við skoðun bar M sig vel og hafði eðlilega og góða hreyfigetu í hási og baki. Hún hafði ekki nein ytri áverkateikn á höfði eða andliti og eymslalaus yfir hryggindum í hálsi og baki. Tíu dögum síðar, eða 15.5.2010, var ekið aftan á bifreið M og leitaði hún þá aftur á slysa- og bráðadeildina. Í það sinn greindist hún með tognun og ofreynslu á háls- og lendhrygg. Hún fékk ráðleggingar og var þess vænst að öll einkenni myndu ganga til baka.

M hafði í gildi fjölskyldutryggingu með frítímaslysátryggingu hjá X. M tilkynnti um hestaslysið 5.5.2010 til X með skriflegri tjónstilkynningu 27.7.2012. Í tilkynningunni segir að afleiðingar slyssins hafi ekki verið metnar en hún kvartar undan eymslum í hálsi og baki. X hafnaði bótaskyldu þar sem hún hefði glatað rétti sínum til bóta skv. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 sökum þess hversu seint hún tilkynnti um slysið.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 124. gr. vsl. glatar sá sem á rétt til bóta úr slysátryggingu þeim rétti ef krafa er ekki gerð til vátryggingafélags innan árs frá því að hann fékk vitneskju um atvik sem hún er reist á. Samkvæmt fyrirliggjandi læknisvottorði verður ekki annað ráðið en að M myndi ná sér af þeim einkennum sem hún hafði eftir bæði slysin í maí 2010. Af gögnum málsins verður í reynd ekki ráðið að M búi við varanleg einkenni af völdum slyssanna, þ. á m. slyssins 5.5.2010. Þá verður heldur ekki fullyrt samkvæmt fyrirliggjandi gögnum að M hafi með öðru móti fengið vitneskju um að slysið hafi leitt til varanlegrar örorku. Að öllu virtu verður því ekki talið að M hafi glatað rétti sínum til bóta er hún tilkynnti um slysið.

Niðurstaða.

Réttur M til bóta úr frítímaslysátryggingu hjá X vegna slyss 5.5.2010 telst ekki glataður á grundvelli 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Reykjavík, 23. október 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 397/2012**Lögerfingjar (M) v/andláts G
og
vátryggingafélagið V v/líftryggingar**

Ágreiningur um bótaskyldu vegna andláts 04.11. 2010, ágreiningur um hvort um svik hafi verið að ræða við töku vátryggingar.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 07.09. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 08.10. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það vísar til þess að með læknanótu, dags. 10.12. 2010, sé staðfest að dánarorsök G hafi verið áfengistengdur lífrarsjúkdómur með undirliggjandi skorpulífur. Í sérfræðingánótu, dags. 12.11. 2009, er greint frá áfengisneyslu til fjölda ára sbr. umfjöllun félagsins. G hafi neitað því á umsókn um líftryggingu að hafa átt við áfengisvandamál að stríða vegna neyslu áfengis og/eða lyfja. Hann hafi og svarað því neitandi að hafa þurft að leita sér aðstoðar vegna slíkrar neyslu. Félagið telur að hann hafi ekki sagt rétt frá við töku vátryggingarinnar. Hann hafi með sviksamlegum hætti og vísvitandi gefið rangar og ófullnægjandi upplýsingar. Félagið hafnar bótaábyrgð með vísan til 1. mgr. 83. gr. og 2. mgr. 85. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

Álit

Vátryggingafélagið hefur sönnunarbyrði um að G hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína með sviksamlegum hætti.

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur vátryggingafélagið ekki sýnt fram á að G hafi með sviksamlegum hætti vanrækt upplýsingaskyldu sína við töku vátryggingarinnar. Engin gögn hafa verið lögð fram því til staðfestingar. Umrædd sérfræðingánóta breytir ekki ofanrituðu.

Með vísan til ofanritaðs er bótaskylda fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir hendi.

Reykjavík 23.10. 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 398/2012
M
og
Vátryggingafélagið V vegna sjúklingatryggingar S

Meðferð hjá sjúkraþjálfara í kjölfar slits á krossbandi í hægri hné þ. Okt. 2008

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 10.9.2012 ásamt fylgiskjölum nr. 1-8
2. Bréf V dags. 27.9.2012 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.

M krefst bóta úr sjúklingatryggingu sjúkraþjálfarans S og byggir á því að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni vegna rangrar sjúkraþjálfunarmeðferðar þegar krossband á hægri hné hans slitnaði og eigi hann rétt á bótum sbr. 1.tl.2.gr. sjúklingatryggingalaga nr. 111/2000. M lýsir því með hvaða hætti sjúkraþjálfunin hjá S var framkvæmd og hvaða áhrif hún hefði haft. Af hálfu M er á það bent að S hafi neitað að leggja fram afrit af þeim nótum eða gögnum sem kunna að vera til og varða meðferð M og hvað var gert í hverjum og einum sjúkraþjálfunartíma á þessu tímabili. V hafnar bótaskyldu og vísar til þess að eingöngu sé gerð krafa með vísan til 1.tl.2.gr. laga nr. 111/2000 og því umfjöllun V í samræmi við það. V segir að félagið hafi hafnað að láta af hendi skrifleg samskipti sín við vátryggingartakann S, en V veit ekki til þess að S hafi neitað M eða lögmanni hans um afrit af þeim gögnum sem S á um meðferðina sjálfa. Þá bendir V á að ekki hafi verið leitað álits annarra sjúkraþjálfara á því hvort að S hafi staðið rétt að meðferðinni eða ekki. V bendir á að ekkert bendi til að ekki hafi verið staðið rétt að endurhæfingu þannig að M hafi hlotið tjón af meðferðinni sjálfri og því ósannað að M hafi orðið fyrir bótaskyldu tjóni skv. lögum um sjúklingatryggingu.

Álit.

Í 2. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingar segir m.a.: Að bætur skuli greiða án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum rekja tjónið til einhvers eftirtalinna atvika og í 1.mgr. segir. “Ætla má að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði”

Miðað við ofangreint lagaákvæði sem M byggir kröfu sína á, þá er forsenda bótaskyldu í þessu tilviki að sýnt sé fram á tjón sem ætla megi að komast hefði mátt hjá samkvæmt nánari útfærslu eins og segir í 1.mgr. 2.gr. laganna sbr. hér að ofan. Í málinu liggja fyrir takmarkaðar upplýsingar um tjón M vegna sjúkraþjálfunar S og fyrir liggur að lögmanni hans hefur verið neitað um að fá mikilvæg gögn varðandi meðferðina. Þar sem M er í raun gert ókleyft að renna frekari stoðum undir kröfur sínar skv. 1.mgr. 2.gr. laga 111/2000 vegna neitunar V á að afhenda mikilvæg gögn í málinu verður ekki annað séð en sönnunarbyrðin fyrir því að M hafi ekki orðið fyrir tjóni vegna rangrar meðferðar af hálfu S færast yfir á V. Í samræmi við það verður ekki séð að V hafi með framlögðum gögnum sýnt fram á að M eigi ekki rétt á bótum sbr. 1.mgr. 2.gr. laga nr. 111/2000. M á því rétt á bótum úr sjúklingatryggingu S hjá V miðað við fyrirbyggjandi gögn og málatilbúnað í málinu.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr sjúklingatryggingu S hjá V.

Reykjavík 23.10. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 399/2012

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B
og
vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.

Árekstur á Hverfisgötu í Reykjavík við gatnamót Ingólfsstrætis hinn 22.6.2012.**Gögn.**

144. Málskot, móttakið 11.9.2012, ásamt fylgigögnum.

145. Bréf X, dags. 1.10.2012, ásamt fylgigögnum.

146. Bréf Y, dags 10.10.2012.

Málsatvik.

Bifreiðunum A og B var ekið austur Hverfisgötu og var A ekið á undan B. Vestan við gatnamót Hverfisgötu og Ingólfsstrætis rákust saman framanverð vinstri hlið A og hægri hlið B. Bjart var af degi og þurrt færi þegar áreksturinn varð.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið mjög rólega að gatnamótunum frekar hægra megin á akreininni. Kvaðst ökumaðurinn hafa hægt á sér til að athuga hvort laus bílastæði væru í Ingólfsstræti. Svo hafi ekki verið og hugðist hann þá aka áfram austur Hverfisgötu. B hafi þá komið á mun meiri hraða en A og verið ekið fram úr A með þeim afleiðingum að ökutækin strukust saman.

Ökumaður B kvaðst hafa verið á rólegri ferð þegar A hafi komið í hlið B. Hafi A verið „lullandi“ við gangstétt (fortóf) og B á akrein. Þá hafi ökumaður A gefið í og ekið beint inn í hlið B.

Álit.

Á Hverfisgötu, þar sem áreksturinn varð, er ein akrein til austurs. Nokkru vestan við gatnamótin eða neðar í götunni eru bifreiðastæði meðfram gangstéttarbrún, en þeim sleppir rétt vestan gatnamótanna. Áreksturinn varð er B var ekið vinstra megin fram úr A. Ökutækin voru bæði á ferð og þar sem þeim var báðum ekið á einni og sömu akreininni hefur ökumaður B sönnunarbyrðiðna um það að staðsetning A á akbrautinni eða aksturslag ökumanns A hafi að öðru leyti verið með þeim hætti að óhætt hafi verið og réttlæt看legt að aka þarna fram úr A. Eins og áður greinir kvaðst ökumaður A hafa ekið á hægri akrein þótt hann hafi verið nokkuð til hægri á akreininni. Samkvæmt þessu og öðru sem fyrir liggur í málinu verður að telja ósannað að aðstæður hafi verið með þeim hætti að ökumanni B hafi verið heimilt að aka fram úr A. Sök á árekstrinum verður því felld á ökumann B. Ekki eru efni til að leggja sök á ökumann A.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann B.

Reykjavík, 23. október 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 401/2012**M****og****Vátryggingafélag v/frítímaslysatryggingar****Tanntjón 07.08. 2012, ágreiningur um bótaskyldu.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 23.08. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 26.09. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Félagið vísar til þess að af tjónstilkynningu megi ráða að tanntjón M hafi verið afleiðing flogaveikiskasts sbr. fyrirliggjandi gögn. Félagið hafnar bótaskyldu með vísan til ákvæðis skilmála frítímaslysatryggingar þar sem fram kemur að “Félagið bætir ekki slys sem beint eða óbeint orsakast af sjóndepru, heyrnardeyfð, lömum, bæklun, geðveiki, flogaveiki ...” sbr. nánar ákvæðið. Félagið telur engu breyta þó M hafi fyrir mistök félagsins fengið sambærilegt tjón bætt á árinu 2009.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af takmörkuðum gögnum máls þessa er bótaskylda ekki fyrir hendi. Hér er um undanskilda áhættu að ræða.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 23. október 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 402/2012
M og
Vátryggingafélagið V-1) v. A og
Vátryggingafélagið V-2 v. B

Árekstur bifreiða á Landeyjarvegi við afleggjara að Sléttubóli þ. 31.7.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 9.9.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-3
2. Bréf V-1 dags. 1.10.2012
3. Bréf V-2 dags. 8.10.2012 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Árekstur varð á Landeyjarvegi við afleggjarann að Sléttubóli. Bifreið B var ekið fyrir framan A. Mikill rykmökkur kom frá veginum og var skyggni mjög lítið. Ökumaður A taldi að ökumaður B hefði ætlað að leggja út í hægri vegkanti og ákvað að aka fram úr B, en ökumaður B ætlaði að sveigja inn á afleggjarann og ók í hlið A. Ökumaður B segist hafa gefið stefnuljós til vinstri áður en hún ákvað að beygja og þegar hún hafi dregið úr hraða bifreiðarinnar þá hafi komið mikið ryk yfir bifreiðina og hún ekki séð neitt í augnablik og fundið fyrir að hún lent í árekstri við A.

Álit.

Fyrir liggur að mikill rykmökkur var á veginum í umrætt sinn og ökumaður A vissi af B fyrir framan sig. Ökumaður A tók ákvörðun um að aka framúr ökutæki B þó að skilyrði hafi ekki verið fyrir hendi miðað við aðstæður þar sem skyggni var mjög takmarkað vegna rykmökks. Ökumaður A ber því alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður A (VR-262) ber alla sök á árekstrinum.

Reykjavík 23.10. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 403/2012**M
og
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar veghaldara.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á bifreið af völdum bilunar í ristarhliði.****Gögn.**

147. Málskot, móttakið 11.9.2012, ásamt fylgigögnum.

148. Bréf X, dags 25.9.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 8.8.2012 ók málskotsaðili M bifreið sinni, A, af Laugarvatnsvegi inn á Reykjaveg áleiðis suður í átt að Biskupstungnavegi. Skömmu eftir að M hafði ekið inn á Reykjaveg ók hann yfir ristarhlið og kom þá mikið högg upp undir A. Kvaðst M hafa stöðvað og séð að pípa hafði losnað upp úr hliðinu og slegist upp í A með þeim afleiðingum að gírkassi hafi brotnað. Myrkur hafi verið og hann ekki séð að hliðið var skemmt. Þá kvaðst M hafa eftir bónda í nágrenninu að hliðið hafi verið búið að vera skemmt um töluverðan tíma og eftirlitsmenn á vegum V, veghaldara vegarins, hafi ekið margsinnis þarna um vegna eftirlits með vegagerð ofar í sveitinni.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X vegna þeirra skemmda sem urðu á A. Í tilkynningu V vegna atviksins segir að hluti af einum próffíl í ristarhliðinu hafi brotnað og slegist upp undir A þegar henni var ekið yfir hliðið. Ennfremur segir í tilkynningunni að einn milliklappi sem er soðinn á milli próffílanna í hliðinu hafi verið laus. Við það hafi prófillinn náð að hreyfast undan umferðinni. Það hafi myndast sprunga í próffílum og hann gefið sig þegar A var ekið yfir hliðið. V hafi ekki vitað af þessum veikleika í hliðinu. Tilkynnt hafi verið um atvikið morguninn eftir að það gerðist og hliðið hafi strax verið lagað. M.a. með vísan til þessarar tilkynningar V hefur X hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 56. gr. vegalaga nr. 80/2007 ber veghaldari vegar sem opinn er almenningi til frjálstrar umferðar ábyrgð á tjóni sem hlýst af slysi á veginum þegar tjónið er að rekja til gáleysis veghaldara við veghaldið og sannað er að vegfarandi hafi sýnt af sér eðlilega varkárni. Samkvæmt tilkynningu V um atvikið vissu starfsmenn hennar ekki um bilunina í ristarhliðinu fyrr en morguninn eftir og þá hafi strax verið gert við hana. Í ljósi þessa og af gögnum málsins að öðru leyti verður ekki ráðið að V hafi vitað um bilunina áður en M ók yfir hliðið. Verður því að telja ósannað að tjónið megi rekja til gáleysis V sem veghaldara vegarins. Af því leiðir að tjónið fæst ekki bætt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X vegna tjóns á A.

Reykjavík, 23. október 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 404/2012**M****og****Vátryggingafélag v/frítímaslysátryggingar****Meiðsl er M missteig sig og fótbrotnaði 02.07. 2011,
ágreiningur hvort um slys hafi verið að ræða.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 14.09. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 08.10. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Samkvæmt tjonstilkynningu M, dags. 03.08. 2011, missteig M sig. Í vottorði læknis segir að M snéri sig illa á hægri ökkla um nótt og dansaði á fætinum það sem eftir lifði nætur.

Vátryggingafélagið telur að atvikið falli ekki undir slyshugtak vátryggingarinnar. Það var ekkert utanaðkomandi sem olli meiðslum á ökkla M heldur eingöngu hans eigin hreyfing sem framkvæmd var “með vilja tjonþola (M)”. Slys sem verða vegna eigin hreyfingar þess sem slasast uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru skv. vátryggingarskilmálum og í vátryggingarétti.

M telur bótaskylda fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af takmörkuðum gögnum máls þessa er bótaskylda ekki fyrir hendi. Tjónsatvik máls þessa fellur ekki undir skilgreiningu vátryggingarskilmála á hugtakinu slys. Ekki var unskyndilegan utanaðkomandi atburð að ræða, líkt og krafist er skv. skilmálum þegar M missteig sig.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 23. október 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 405/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Frjálsrar ábyrgðartryggingar A

Bifreið varð fyrir tjóni þegar henni var ekið ofan í holu á malbiki þ. 15.1.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 17.9.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-4
2. Bréf V dags. 25.9.2012 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M segist hafa ekið ofan í ómerкта holu á aðrein frá Fífuhammsvegi að Reykjanesbraut og skemmt álfelgu á bifreiðinni. M krefst bóta og segir að A hafi vitað af holunni en ekki merkt hana og ágætis veður hafi verið dagana fyrir tjónið. Þá segir M ekki trúverðugt að snjóruðningur hafi legið yfir holunni. V hafnar bótaskyldu og segir ósannað að tjónið verði rakið til sakar A. A hafi ekki vitað af slæmri holu á umræddum stað. Þá bendir V á veðurskýrslur á þeim tíma sem um ræðir og vísar til þess að snjór og snjóruðningar hafi legið yfir holunni dagana fyrir óhappið. Þá bendir V á að M segi að tjónsatburðurinn hafi orðið þ. 15.1.2012 en M hafi ekki farið til lögreglunnar fyrr en 28.2.2012. eða einum og hálfum mánuði síðar og þá fyrst gefið skýrslu. V telur því vafa leika á því að óhappið hafi orðið þann dag sem M tiltekur.

Álit.

Miðað við fyrirbyggjandi gögn er ekki sýnt fram á sök A eða aðila sem A ber ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V

Reykjavík 23.10. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 406/2012**M
og
váttryggingafélagið X v/ frítímaslysáttryggingar.****Ágreiningur um hvort lögmæltis tilkynningarfrests vegna slyss hafi verið gætt.****Gögn.**

149. Málskot, móttakið 17.9.2012, ásamt fylgigögnum.
150. Bréf X, dags 28.9.2012.

Málsatvik.

Hinn 22.2.2010 rann M á hálfu og skall með hnakkann á húshorn. Við það missti hann meðvitund. Hann leitaði til heilsugæslulæknis um klukkustund síðar. Hann var þá með fulla meðvitund en lýsti miklum verkjum í hnakka, ógleði og sjóntruflunum. Var talið að M hefði fengið heilahristing og var honum ráðlagt að taka það rólega heima. Hinn 2.3.2010 leitaði M á bráðamóttöku Sjúkrahússins á Akureyri vegna höfuðverkjar, ógleði, breytingar á skapi auk þess sem honum fannst heyrn á hægri eyra og sjón á vinstra auga hafa versnað. Hann leitaði einnig á deildina rúmum mánuði síðar vegna höfuðverkjar og sjóntruflana á hægri auga. Í maí 2010 leitaði M til augnlæknis vegna sjóntruflana. Taldi lækurinn í vottorði sínu að „við höggið hefði getað orðið truflun á mjög vikvæmu jafnvægi milli augnanna sem leysti úr læðingi ójafnvægi í sjónsamhæfingu (visual co-ordination).“ Ákveðið var að freista þess að ráða bót á vandamáli þessi með laser aðgerð sem M gekkst svo undir 29.11.2011.

M hafði í gildi fjölskyldutryggingu með frítímaslysáttryggingu hjá X. M tilkynnti um slysið til X með skriflegri tjónstilkynningu 13.9.2011. X hafnaði bótaskyldu þar sem hann hefði glatað rétti sínum til bóta skv. 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 sökum þess hversu seint hann tilkynnti um slysið.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 124. gr. vsl. glatar sá sem á rétt til bóta úr slysáttryggingu þeim rétti ef krafa er ekki gerð til váttryggingafélags innan árs frá því að hann fékk vitneskju um atvik sem hún er reist á. Í september 2010, um ári áður en M tilkynnti um slysið til X, verður ekki annað ráðið en hann hafi þá verið til meðferðar hjá augnlækni vegna þeirra sjóntruflana sem hann hefur rakið til slyssins. Ekkert í gögnum málsins gefur til kynna að á því tímamarki hafi verið vitað að afleiðingar slyssins yrðu varanlegar. Að öllu virtu verður því ekki talið að M hafi glatað rétti sínum til bóta úr slysáttryggingunni er hann tilkynnti um slysið til X.

Niðurstaða.

Réttur M til bóta úr frítímaslysáttryggingu hjá X vegna slyss 22.2.2010 telst ekki glataður á grundvelli 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

Reykjavík, 23. október 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 408/2012
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingafélagið V-2 v. B

Árekstur á bifreiðastæði þ. 30.8.2012.

Gögn.

1. Málskot móttækið þ. 21.9.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-2
2. Bréf V-1 dags. 15.10.2012
3. Bréf V-2 dags. 22.10.2012 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Árekstur varð á bifreiðastæði við Lautasmára í Kópavogi. A var bakkað úr stöðureit þegar B ók um bifreiðastæðið og var árekstur með bifreiðunum. Ökumaður A segist hafa verið löngu hættur að bakka þegar áreksturinn varð og hafi ökumaður B ætlað að troða sér framhjá A og við það ekið á A. Ökumaður B segist hafa ekið eftir bílaplani og ætlað í stæði og ekki náð að afstýra árekstri. Vitni segist hafa séð að A bakkaði úr stæði og B hafi ekið vinstra megin við A og reynt að troða sér og farið fyrir A.

Álit.

Ökumaður A bakkaði úr bifreiðastæði þegar árekstur varð milli A og B sem var að aka eftir bifreiðastæðinu. Ökumaður A gætti ekki þeirrar varúðar sem mælt er fyrir um í 1.mgr. 17.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og ber alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök.

Reykjavík 6.11.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 410/2012**M v/bifreiðar****og****Vátryggingafélag v/ábyrgðartryggingar verkstæðis (K)****Ágreiningur bótaskyldu vegna viðgerðar á leka á smurolíu í september 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 21.09. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 10.10. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélagið telur að rekja megi skemmdir á túrbínu bifreiðarinnar til olíuleka. Félagið og þeir sem það hefur leitað til, telja að ölfurör hafi verið farð í sundur áður en bifreiðin kom til viðgerðar hjá K. Vegna þessa telur félagið að meint orsakatensl við viðgerð K séu ósönnuð. Því beri K ekki ábyrgð á skemmdum á túrbínu bifreiðarinnar. Fram kemur að K hafi hins vegar viðurkennt mistök við viðgerðina sem urðu þess valdandi að skemmdir urðu á olíupönnu og að K hafi boðist til að bæta tjón af þeim völdum.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. takmarkað umfjöllun í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af takmörkuðum gögnum máls þessa er bótaskylda ekki fyrir hendi. Ósannað er að rekja megi tjóns á túrbínu bifreiðarinnar til K.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 23. október 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 411/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar D

Bifreið varð fyrir tjóni þegar henni var ekið í holu þ. 28.12.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 24.9.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-3
2. Bréf V dags. 1.10.2012

Málsatvik.

M segist hafa ekið ómokaða götu og mikill snjór hafi verið sem hefði troðist í klakahryggi og hjólför og hafi hann reynt að fara eftir hryggjunum en svo halt hafi verið að bifreiðin rann ofan í holu þar sem brunnlok hafði brætt snjó og ís og við það hefði stuðarinn brotnað. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu D vegna tjónsins. M segir að holur eftir brunnlok séu aldrei merktar og engar aðvaranir en á hverjum morgni fari starfsmenn D um götur bæjarfélagsins til að athuga hvort akstursleiðir séu í lagi. V hafnar bótaskyldu og segir starfsmenn bæjarfélagsins kanna akstursleiðir og ekki hafi verið talin ástæða til bregðast við aðstæðum. Þá vísar V til 36.gr. umferðarlaga nr. 50/1987. V telur að ökumaður A hafi ekki gætt nægjanlega að sér við aksturinn.

Álit.

M tilkynnti um tjón sitt til lögreglu þ. 16.maí 2012 eða tæpum 5 mánuðum eftir að tjónið varð. Engar gögn hafa verið lögð fram í málinu sem sýna fram á bótaskyldu V úr ábyrgðartryggingu D. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu D hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu D hjá V.

Reykjavík 23.10.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 413/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. vinnuslyss.

Sjómaður slasast þegar hann féll niður stiga þ. 28.4.2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 24.9.2012 ásamt fylgiskjölum 1-13
2. Bréf Lex lögmansstofu vegna V dags. 9.10.2012.

Málsatvik.

M slasaðist við vinnu sína um borð í skipi við Afríkustrendur þ.24.4.2008, þegar hann féll niður stiga og lenti illa á hægra fæti. Áhöfn umrædds skips var með hópvátryggingu hjá V svokallaðri starfstryggingu. M fékk greiddar frá V kr. 400.000 í sjúkralaun og læknskostnað í janúar 2009. M reyndi að vinna áfram sem sjómaður en varð að hætta því í september árið 2009. Lögmaður M segir hann hafa verið í stöðugu sambandi við starfsmann V og gerði honum grein fyrir stöðu sinni og líkamlegu ástandi. Þá segir M að starfsmaður V hafi beðið hann um að bíða aðeins í byrjun nóvember 2011 þar sem hann væri að fara yfir málið. M gekkst undir mat hjá lækni að beiðni V þ. 18.júní s.l. og fékk V niðurstöðurnar sendar, en þar kemur fram að starfsorka M sem sjómanns er skert um 100%. V hafnaði bótaskyldu. M krefst bóta úr þeirri tryggingu sem hann var tryggður hjá V og byggir á því m.a. að hann hafi tilkynnt slysið inn til V þ.3.6.2008 eins og skilmálar tryggingarinnar kveði á um. Auk þess er á það bent að M hafi verið í stöðugu sambandi við starfsmann V og liggja frammi fjöldi tölvubréfa því til sanninda. M hafi því uppfyllt tilkynningaskyldu sína skv. grein 3.1. vátryggingaskilmála umað tilkynna slysið eins fljótt og með sanngirni er unnt. Þá telur M enga 3 ára fyrningarreglu vera til staðar varðandi tryggingu þá sem hér á við. Þá mótmælir M því að sú greiðsla sem hann fékk frá V á árinu 2008 sé lokagreiðsla þar sem hann hafi ekki gert fyrirvara. M bendir á að hann hafi fengið takmarkaðar upplýsingar frá V varðandi varanlega örorku hafi nánast engar verið og V hafi brugðist upplýsingaskyldu sinni gagnvart M. V hafnar bótaskyldu og segir að þeim hafi verið hafnað í ársbyrjun 2012. V segir að í matsgerð frá 27.6.2012 þar sem M er metinn til fullrar örorku komi ekki fram upplýsingar um hugsanlegan stöðugleikapunkt eða hvenær vátryggingartaki hefði mátt gera sé grein fyrir því að hann yrði hugsanlega óvinnufær til frambúðar. V telur að M hafi í síðasta lagi í September 2008 mátt gera sér grein fyrir að tjón hans kynni að fela í sér varanlega starfsorkuskerðingu en hafi ekki haft samband við V þrátt fyrir það. Þá vísar V til 1.mgr. 51. gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004 og 1.mgr. 124.gr. vátryggingasamningalaga. V segir að M hafi ekki haldið uppi neinum kröfum á hendur V frá því að hann fékk greitt í janúar 2009 fyrr en á árinu 2011.

Álit.

Ekki er ágreiningur um málsatvik hvað slys M varðar og bótaskylda var viðurkennd af V strax í upphafi og M greiddar bætur vegna þess tjóns sem fyrir hendi var og í ljós leitt á árinu 2008. Lögð hafa verið fram gögn í málinu sem sýna að töluverð samskipti hafa verið milli forsvarsmanns V og M allt frá því að slysið varð og M leitar iðulega eftir upplýsingum til forsvarsmannsins og ljóst að hann er að ræða um áframhald málsins og bótakröfu vegna varanlegs tjóns sem hann kunnir að hafa orðið fyrir. Þannig má m.a. vísa til tölvubréfs frá M til forsvarsmanns V í október 2010 sem verður ekki skilið með öðrum hætti en að M sé að láta vita af hugsanlega varanlegri örorku. Þá verða samskipti M og forsvarsmanns V ekki skilin með öðrum hætti en M tilkynni stöðugt um að hann mun leita eftir bótum vegna varanlegrar örorku reyndist hún vera fyrir hendi og leitar eftir upplýsingum frá V um hvað eina. Miðað við gögn málsins og þau samskipti sem áttu sér stað á milli aðila er ljóst að V var upplýst um að M hefði hlotið

varanlegt tjón af slysinu strax og það var ljóst. Einnig var V upplýst um að M mundi krefjast bóta þegar fyrir lægi hvert umfang tjónsins væri og farið fram á upplýsingar frá V í því sambandi. Af þeim sökum eiga ekki við ákvæði 1.mgr. 51.gr. og 1.mgr. 124.gr. laga um váttryggingasamninga nr. 30/2004 sem V ber nú fyrir sig í málinu. M gerði V grein fyrir því með fullnægjandi hætti að hann gerði kröfu vegna varanlegas tjóns sem hann hafði orðið fyrir í slysinu og aðilar höfðu síðan samband og samráð um það að hann leitaði til læknis til að fá tjón sitt metið. Þegar það mat lá fyrir gerði M kröfu án ástæðulauss dráttar. M á því rétt á bótum úr tryggingu þeirri sem hann var tryggður hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum frá V vegna slyssins sem hann varð fyrir þ. 28.4.2008

Reykjavík 30.10. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 415/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. A og B

Árekstur bifreiða á Heiðarvegi í Vestmannaeyjum þ. 27.7.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 25.9.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-5
2. Bréf V dags. 15.10.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-2
3. Bréf ökumanns A ódagsett ásamt ljósmyndum.

Málsatvik.

Ökumaður A segist hafa ekið niður Heiðarveg þegar farþegi í B hafi opnað vinstri afturhurð í veg fyrir A og árekstur orðið. Ökumaður B segir að bifreiðin hafi verið kyrrstæð og afturhurðin legið upp að hurðarstaf, en ökumaður A hafi ekið of hratt og ógætilega.

Álit.

Ekki verður annað séð að virtum öllum gögnum málsins, en að hurð á B hafi verið opnuð út í umferðina í veg fyrir A. Ökumaður B ber því sbr. 5.mgr. 27.gr. umferðarlaga nr. 50/1987, alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök á árekstrinum.

Reykjavík 6.11.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 416/2012**M
og
váttryggingafélagið X v/ frítímaslysáttryggingar.****Ágreiningur um rétt til verðbóta á slysabætur.****Gögn.**

151. Málskot, móttakið 25.9.2012, ásamt fylgigögnum.

152. Bréf X, dags. 22.10.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 26.11.2004 varð A, dóttir M, þá 10 ára gömul, fyrir slysi með þeim afleiðingum að tvær framtennur brotnuðu. Þegar slysið varð hafði M í gildi frítímaslysáttrygging hjá X. Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. í váttryggingarskilmálum frítímaslysáttryggingarinnar, sem í gildi voru á slysdegi, takmarkast greiðsla félagsins vegna bótaskyldra tannbrota við 5% af grunnváttryggingarfjárhæð örorku vegna hvers slyss. X kveður grunnváttryggingarfjárhæðina hafa numið 4.515.000 krónum í nóvember 2004 er slysið varð. Hámarksbætur vegna tannbrots á þeim tíma hafi því numið 225.750 krónum (4.515.000 x 5%) vegna hvers váttryggingaratburðar. Á tímabilinu 26.1.2005 til 19.6.2009 greiddi X samtals 91.544 krónur vegna tjóns A.

Í ágúst 2012 krafði M X um bætur vegna kostnaðar við tannviðgerð af völdum slyssins samtals að fjárhæð 220.940 krónur. M telur sig eiga að fá allan kostnaðinn bættan þar sem verðbæta ber váttryggingarfjárhæðina frá slysdegi til uppgjörsdags, ella séu greiddir vextir. Þessu hefur X hafnað og einungis greitt 134.206 krónur af fjárhæð þeirri sem krafín er. Fyrir úrskurðarnefnd hefur X krafist frávisunar málsins þar sem það snúist um ákvörðun bótafjárhæðar og félagið samþykki ekki að nefndin úrskurði um fjárhæð bóta, sbr. 2. mgr. 3. gr. samþykkt fyrir nefndina.

Álit.

Eins og málið hefur verið lagt fyrir úrskurðarnefnd verður að skilja málatilbúnað M á þann veg að krafist sé úrskurðar um að túlka beri váttryggingarsamning hans og X þannig að hin umdeilda váttryggingarfjárhæð skuli verðbætt frá slysdegi til uppgjörsdags. Í ljósi þessa verður eigi talið að nefndinni sé ætlað að úrskurða um bótafjárhæðir. Því þarf ekki sérstakt samþykki X til að nefndin geti tekið málið til úrskurðar. Málinu verður því ekki vísað frá.

Í skilmálum slysáttryggingarinnar er þess hvergi getið að váttryggingarfjárhæðin skuli verðbætt með einhverju móti. Í lögum er heldur ekki að finna ákvæði um skyldu X til að verðbæta fjárhæðina. Verður því að hafna kröfu M um að váttryggingarfjárhæðin skuli verðbætt. Þegar litið er til þess að slysið varð í gildistíð eldri laga um váttryggingarsamninga nr. 20/1954, og í þeim lögum var ekki að finna ákvæði um greiðslu vaxta af váttryggingarbótum fram að gjalddaga þeirra, er heldur ekki unnt að taka til greina kröfu hans um vexti af bótagreiðslunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum úr frítímaslysáttryggingu hjá X.

Reykjavík, 6. nóvember 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 417/2012**M v/bifreiðar B****og****Vátryggingafélag v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A****Ágreiningur um orsakatengsl í tengslum við árekstur 11.06. 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttekið 01.10. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 19.10. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M var ökumaður B sem lenti í árekstri við A. B var ekið út Fannafold þegar A var bakkað út úr heimreið á götunni og á B sbr. fyrirliggjandi gögn.

Ágreiningur er um hvort sýnt hafi verið fram á orsakatengsl milli árekstursins og eymsla sem M telur sig búa við sbr. gögn.

Vátryggingafélagið telur ósannað að orsakatengsl séu til staðar vegna slyssins sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Í ljósi takmarkaðra gagna telst vafi um orsakatengsl í þessu máli verulegur. M telst ekki hafa leitt nægar líkur að því að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni í umrætt sinn.

Þegar tekið er mið af ofanrituðu og takmörkuðum gögnum máls þessa er bótaskylda ekki fyrir hendi. Orsakatengsl eru ósönnuð.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 30. október 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 418/2012**Jóna Th. Viðarsdóttir (M)****og****Vátryggingafélagið V v. starfsábyrgðartryggingar lögmannsins L****Kaupmáli ógiltur vegna þess að vottun lögmanns fullnægði ekki formskilyrðum 80.gr. hjúskaparlaga nr. 31/1933 þ. 27.5.2011.****Gögn.**

1. Málskot móttakið þ.26.9.2012 ásamt fylgiskjölum 1-12
2. Bréf V dags. 22.10.2012 ásamt fylgiskjölum 1-3

Málsatvik.

Málavextir eru þeir að M og þáverandi eiginmaður hennar gerðu með sér kaupmála sem var saminn vottaður og undirritaður þ. 30. september 2009. Deilt var um gildi kaupmálans og með dómi Hæstaréttar í máli nr. 251/2011, sem upp var kveðinn þ. 27.maí 2011 var staðfestur úrskurður héraðsdóms Reykjavíkur frá 1. apríl 2011 þar sem ofangreindur kaupmáli var úrskurðaður ógildur þar sem vottun kaupmálans var ekki í samræmi við ákvæði 80.gr. laga nr. 31/1993. Í dómi Hæstaréttar í málinu segir m.a. :

“Í 80.gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993 er mælt fyrir um að vottun kaupmála skuli vera með tilgreindum hætti. Orðalag ákvæðisins hefur verið skýrt svo að kaupmáli sé því aðeins gildur að gætt sé þeirra aðferða við vottunina sem í ákvæðinu greinir, sbr. dóm Hæstaréttar 14. janúar 2008 í máli nr. 668/2007. Þar sem málsaðilar skrifuðu hvorki undir skjalið, sem deilt er um í málinu, í viðurvist C hæstaréttarlögmanns né könnuðust við undirskriftir sínar fyrir honum áður en hann staðfesti með vottun sinni að þau hafi undirritað kaupmála fullnægir vottun hans ekki formskilyrðum 80.gr. hjúskaparlaga. Með þessum athugasemdum en að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.”

Fyrir dómi í málinu bar L að sér væri kunnugt um formskilyrði kaupmála. L bar einnig að hann hafi í einhverri fljótfærni, vottað kaupmálann og ekki leitt hugann að formskilyrðunum fyrr en málið hafi verið komið af stað og hafi honum ekki heldur verið kunnugt um dóm Hæstaréttar í máli 668/2007 fyrr en þá.

M krefst bóta vegna ofangreindra mistaka L við vottun ofangreinds kaupmála, sem leiddi til að hann var ógiltur. M segir að eignir sem hafi átt að vera séreignir hennar og fallið utan skipta hafi því orðið hjúskapareignir og fallið undir opinber skipti á búi hjónanna við skilnað þeirra. M segir að eignir sem þannig voru ekki séreignir hennar eins og kaupmálinn hafi mælt fyrir um hafi verið að andvirði tæplega 100 milljónir. M telur sig því hafa orðið fyrir bótaskyldu tjóni vegna mistaka sem L varð sannanlega sekur um. Þá byggir M einnig á því að L hafi jafnvel af ásetningi staðið þannig að vottun kaupmálans að tryggja mætti nánnum viðskiptafélaga sínum þ.e. fyrrverandi eiginmanni M það að hægt yrði að ógilda kaupmálann, kæmi til skilnaðar. Þá mótmælir M þeirri fullyrðingu V að hún hafi ekki sýnt fram á fjárhagslegt tjón vegna mistaka L.

V hafnar bótaskyldu og segir að L hafi ekki sýnt af sér saknæma háttsemi með meintri vanrækslu sinni við vottun kaupmálans milli M og fyrrverandi eiginmanns hennar. Bent er á að L hafi gert kaupmálann fyrir vinahjón sín sem vinargreiða. Þá hafi hann einnig gert afturköllun á sama kaupmála enda hafi kaupmálinn aldrei átt að gilda ef til skilnaðar kæmi. Kaupmáli hafi fyrst verið gerður þ. 28. september 2009 og síðan hafi nýr kaupmáli verið gerður þ. 30. september 2009 þar sem sömu eignir voru tilgreindar og í hinum fyrri kaupmála. Þá segir V að L telji sig ekki hafa tekið að sér lögmannsstörf fyrir M. L ber að greiðasemi hans við leiðbeiningar um gerð kaupmála, vottun á skjöl o.fl. hafi ekki verið liður í störfum hans sem lögmaður fyrir M og þáverandi eiginmann hennar. Þá segir L að ekkert samningssamband hafi verið milli hans og M, ekkert endurgjald áskilið eða reikningur gerður. Þá segir L að hann hafi ekki vottað umræddan kaupmála

í starfi sínu sem lögmaður. Þá telur V ósannað að M hafi orðið fyrir tjóni vegna rangrar vottunar L. Þá segir V að aldrei hafi staðið til að M fengi þær eignir sem taldar voru upp í kaupmálanum dags. 30. september 2009. V segir að af sjálfu leiði að ógilding kaupmálans hafi því ekki leitt til neins tjóns fyrir M. Þá bendir V á að tjón sem framin séu af ásetningi séu undanskilin áhætta skv. grein 3.1. í váttryggingaskilmálum um ábyrgð L eða starfsmanna hans. Loks bendir V á að tjón M sé ósannað og óljóst. Kaupmálinn hafi verið gerður í þeim eina tilgangi að tryggja eignir fyrir skukdheimtumönnum eiginmanns M og hann hafi verið úrskurðaður gjaldþrota í janúar 2012. Eiginmaður M hafi því ekki verið borgunarmaður þegar kaupmálinn var gerður og hægt hefði verið að rifta honum af skiptastjóra þrotabús eiginmanns M ef til hefði komið. Þá segir V að M hafi ekki sýnt fram á tjón eða hvernig sú fjárhæð er reiknuð sem M nefnir sem tjón sem hún hafi orðið fyrir. V telur því að ósannað sé að M hafi orðið fyrir tjóni vegna meintrar saknæmrar háttsemi L.

Álit.

Dómur Hæstaréttar Íslands í máli nr. 251/2011 sem upp var kveðinn þ. 27. maí 2011 kveður á um að kaupmáli sá sem um ræðir í máli þessu sé ógildur sbr. úrskurð héraðsdóms Reykjavíkur í málinu sem upp var kveðinn þ. 1. apríl 2011. Kaupmálinn var ógiltur vegna þess að L hafði ekki hagað vottun kaupmálans í samræmi við ákvæði 80. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993. L sem er hæstaréttarlögmaður og starfar sem málflutningsmaður hefur borið að honum hafi verið kunnugt um formaskilyrði kaupmála en vottað hann með þeim hætti sem hann gerði í fljótferni og ekki leitt hugann að formaskilyrðum hjúskaparlaga hvað kaupmála varðar. L hefur þannig viðurkennt að hann hafi gert alvarleg mistök þar sem hann vottaði umræddan kaupmála ekki með réttum hætti eða sá til þess að það yrði gert eða mistökin lagfærð.

Þar sem L hefur viðurkennt fyrir dómi að honum hafi orðið á þau mistök sem leiddu til ógildingar kaupmálans þá ber han ábyrgð á því tjóni sem M kann að hafa orðið fyrir vegna þess.

Útilokað er að fallast á þau sjónarmið V að M eigi ekki rétt á bótum vegna mistaka L þar sem M og eiginmaður hennar hafi verið vinnuhjón L og hann hafi gert kaupmálann í greiðaskyni án þess að áskilja sér greiðslu fyrir gerð hans eða vottun. Ekki er dregið í efa að M og fyrrverandi eiginmaður hennar hafi verið vinnuhjón L. Það breytir þó ekki þeirri staðreynd að L tók að sér sérhæfða vinnu sem lögmaður fyrir M og eiginmann hennar. Þá vísaði L einnig til að hann gæti verið eini votturinn þar sem hann væri lögmaður. Útilokað er að fallast á það að handvömm lögmanns komi honum lítið eða ekkert við þegar hann vinnur störf sín sem lögmaður fyrir vini sína eða af greiðasemi við þann aðila sem biður hann að inna lögmannsstörf af hendi.

Af hálfu V er því haldið fram að umræddur kaupmáli hafi verið málamyndageringur sem ekki hafi átt að gilda kæmi til skilnaðar en gæti veitt vörn gagnvart skuldheimtumönnum. Ekkert liggur fyrir í málinu sem sýnir fram á réttmæti þeirra staðhæfinga. Þegar af þeim ástæðum er ekki hægt að taka mark á þeim fullyrðingum V.

Varðandi meint tjón M vegna ógildingar kaupmálans þá hafa ekki verið lögð fram gögn í málinu sem sýna fram á réttmæti fullyrðinga V varðandi það að M hafi ekki orðið fyrir tjóni og þá liggja ekki fyrir nein gögn af hálfu M sem sýna tölulega fram á tjón hennar.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu L að því marki sem hún hefur orðið fyrir tjóni vegna mistaka L. vegna kaupmála dags. 30. september 2009, sem leiddu til ógildingar hans.

Reykjavík 6.11. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 419/2012**M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar orkuveitu.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns af völdum bilunar í heitavatnslögn að sumarbústað.****Gögn.**

153. Málskot, móttakið 26.9.2012, ásamt fylgigögnum.

154. Bréf X, dags 16.10.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í ágúst 2012 kom í ljós bilun í kaldavatnslögn að sumarbústað í eigu málskotsaðila M). Bilunina, sem lýsti sér í minnkuðum þrýstingi, mátti rekja til bilunar á heitavatnslögn sem lá samhliða kaldavatnslögninni í sama skurðstæði á um 200 m kafla. M kveður heitavatnslögnina hafa bilað þrisvar sinnum á 15 árum. Hafi V sem eigandi lagnarinnar vanrækt viðhald hennar með saknæmum hætti og það sé orsök tjónsins.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Þótt umrædd heitavatsleiðsla hafi bilað þrisvar á 15 ára tímabili liggur ekkert fyrir í gögnum málsins sem gefur tilefni til að ætla að ástand lagnarinnar hafi verið með þeim hætti að kallað hafi á sérstakar endurbætur á henni eða endurnýjun hennar. Verður að telja ósannað að tjónið verði rakið til vanrækslu við eftirlit með heitavatnslögninni eða annarra atvika sem V getur borið ábyrgð á. Tjón M fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

Tjón M bætist ekki úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 6. nóvember 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 420/2012
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingafélagið V-2 v B

Árekstur bifreiða á Þjóðvegi 1 í Öxnadal þ. 2.7.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 27.9.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-5
2. Bréf V-1 dags. 17.10.2012.
3. Bréf V-2 dags. 29.10.2012.

Málsatvik.

Bifreiðin B sem dró eftirvagn var ekið aftan á bifreiðina A á Þjóðvegi 1 við Gloppu í Öxnadal í Eyjafirði. Báðum bifreiðunum var ekið til norðurs. Í lögregluskýrslu segir að aðstæður hafi verið nokkuð góðar þar sem áreksturinn varð og sól hafi verið og bjart veður. Ökumaður A segist hafa hægt á bifreiðinni og ætlað að stöðva út í kanti til að laga eitthvað í bifreiðinni, sem ekki liggur fyrir hvað var. Ökumaður A segist hafa ekið á milli 60 og 70 km. hraða þegar áreksturinn varð. Ökumaður B segir að A hafi skyndilega stöðvað á miðjum veginum og hann ekki náð að stöðva B. Með sama hætti ber farþegi í B.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á að A hafi stöðvað skyndilega þar sem bifreiðin var á akstri í Öxnadal í umrætt sinn. B ók aftan á A og gætti ökumaður B þess ekki að hafa nægjanlegt bil á milli bifreiðanna sbr. ákvæði 3.mgr. 14.gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Ökumaður B ber því alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður B (ZV-752) ber alla sök.

Reykjavík 13.11.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 424/2012
M og
Vátryggingarfélagið V v. ábyrgðatryggingar ökutækis A

Ekið aftan á kyrrstæða bifreið. Ágreiningur um líkamstjón þ. 18.8.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 1.10.2012 ásamt fylgiskjölum 1-8
2. Bréf V dags. 19.10.2012 ásamt fylgiskjölum 1-7

Málsatvik.

A var ekið aftan á kyrrstæða bifreið sem M ók. M segist hafa orðið fyrir líkamstjóni og krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V. Af hálfu M er á það bent að hann hafi leitað til læknis sama dag og áreksturinn varð og síðar til annarra lækna vegna verkja í mjóbaki, hálstognunar og tognunar á brjóst- og lendarhrygg. M telur V ekki geta hafnað bótaskyldu úr hlutlægrri ábyrgðarreglu á grundvelli vafa um orsakatengsl sérstaklega þegar sú afstaða er mótuð af gögnum sem V lét vinna einhliða fyrir sig. V hafnar bótaskyldu og telur ósannað að orsakatengsl séu á milli meintra líkamsáverka M og atviksins þ. 18.8.2011. Þá bendir V á skýrslu sem félagið lét vinna fyrir sig vegna árekstursins og unnin var af Aðstoð og Öryggi þar sem m.a. kemur fram að hraði ökutækisins sem ók á bifreið M hafi verið lítill.

Álit.

Takmörkuð læknisfræðileg gögn liggja fyrir í málinu og ljóst er að ákoma var lítil á bifreið M við áreksturinn. Gögn um ætlaðan hraða A og höggkraftinn vegna árekstursins benda til þess að um litla ákomu hafi verið að ræða og hraði A hafi verið lítill. Gagna um ökuhraða og annað því tengt er aflað einhliða af V þannig að varhugavert er að draga of víðtækar almennar ályktanir um sönnunargildi þeirra gagna þó þau veiti mikilvæga vísbendingu um málsatvik. Upplýsingar liggja ekki fyrir um fyrri heilsufar M. Í ljósi þeirra gagna sem liggja fyrir í málinu er mikill vafi um orsakatengsl milli árekstursins og þeirra líkamlegru einkenna sem M lýsir sem afleiðingu árekstursins. M ber að sýna fram á að hún hafi orðið fyrir því tjóni sem hér um ræðir. Með vísan til fyrirbyggjandi gagna telst M ekki hafa leitt nægar líkur að því að hafa orðið fyrir líkamstjóni sem rekja megi til notkunar A. M á því ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 6.11.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 425/2012**M
og
vátryggingafélagið X v/ húseigandatryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á þaki af völdum óveðurs.****Gögn.**

155. Málskoti, móttakið 1.10.2012, ásamt fylgigögnum.

156. Bréf X, dags 12.10.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M hafði í gildi húseigandatryggingu hjá X. Samkvæmt málskoti kveður M að þak á húseign hans á Sauðárkróki hafi orðið fyrir skemmdum í óveðri 1.10.2011. Hann hafi þá ekki getað kannað skemmdirnar en haft samband við X þar sem hann hafi fengið þau svör að láta gera við þakið um leið og hægt væri. Að lokinni viðgerð hafi hann svo aftur haft samband við X 27.10.2011, en þá hafi enginn hjá X kannast við tjónstilkynningu frá því í byrjun mánaðarins. X hafi svo miðað við að tjónið hafi orðið 27.10.2011, en þá hafi verið gott veður og tjóninu því hafnað.

X kveður ósannað að tjónið hafi orðið 1.10.2011 þar sem ekkert tjón hafi verið skráð á M á þeim tíma. Því til áréttingar að tjónsdagur hafi verið 27.10.2011 er vísað til þess að það sé sá dagur sem M hafi gefið upp sem tjónsdag í tjónstilkynningu sem hann hafi fyllt út á netinu og sent X.

Álit.

Samkvæmt gr. 2.8. í vátryggingarskilmálum húseigandatryggingar X bætir vátryggingin tjón á vátryggðri eign af völdum óveðurs, en með óveðri sé átt við þegar vindhraði nær 28,5m á sekúndu. Í tjónstilkynningu M til X segir að tjónið hafi orðið 27.10.2011. Engin gögn liggja fyrir í málinu um vindhraða þennan dag á Sauðárkróki, Sauðárkróksflugvelli eða öðrum stöðum í nágrenni Sauðárkróks. Jafnvel þótt miðað sé við að tjónið hafi orðið 1.10.2011, eins og M kveður í málskoti að sé hinn rétti tjónsdagur, náði vindhraði þann dag aldrei meiri vindhraða en 18,9 m/sek. á Sauðárkróksflugvelli, en í þessum efnun dugir ekki þótt mesta vindhviða hafi í eitt skipti þá um daginn mælst 30,6 m/sek. Frekari gögn liggja ekki fyrir í málinu um veðurhæð á Sauðárkróki umræddan dag. Að þessu athuguðu verður að telja ósannað að tjón á þaki húseignar M hafi orðið fyrir tjóni af völdum óveðurs í skilningi vátryggingarskilmála húseigandatryggingar X. Tjón M fæst því ekki bætt úr vátryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr húseigandatryggingu hjá X.

Reykjavík, 30. október 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 426/2012**M****og****Vátryggingafélag v/frítímaslysátryggingar**

Meiðsl er M var að reka hross 13.06. 2011, ágreiningur hvort um slys hafi verið að ræða.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 01.09. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 09.10. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Félagið getur þess að í tjónstilkynningu M kemur fram að hann hafi verið að reka hross og sennilega stigið vitlaust niður. Í læknisvottorði, dags. 07.12. 2011, segir “M leitar hingað þann 13.06. 2011. Hafði verið að hlaupa á eftir hrossi og datt framfyrir og meiddist á vinstri ökkla”. Félagið telur að bæði tjónstilkynning og “áverkavottorð” gefi til kynna að M hafi dottið án þess að utanaðkomandi atburður hafi valdið því. Félagið hafnar því bótaskyldu. Félagið vísar máli sínu til stuðnings til dóms Hæstaréttar í máli nr. 47/2006.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu. Hann kveðst hafa verið að hlaupa “fyrir hross í mjög grýttu landslandi og rek fótinn í þúfu eða grjót með þeim afleiðingum að ég ökklabrotna”.

Álit

Með hliðsjón af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á að um slys hafi verið að ræða samkvæmt skilgreiningu vátryggingarskilmála á hugtakinu slys. Ekki var unskyndilegan utanaðkomandi atburð að ræða, líkt og krafist er. M kveðst samkvæmt tjónstilkynningu hafa verið að “reka hross hlaupandi og steig sennilega vitlaust niður”. Gegn neitun vátryggingafélagsins er ekki unnt að leggja frásögn M sem fram kemur í málskotinu til grundvallar. Telja verður að M hafi misstigið sig í umrætt sinn sem fellur utan þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 30. október 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 427/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Búfjártryggingar

Ekið á kú og skemmdir á bifreið þ.19.7.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V dags.29.10.2012

Málsatvik.

M ók bifreið sinni á kú á Svarfaðardalsvegi og þurfti að aflífa kúna. Eigandi kýrinnar sagðist hafa verið að rekja kúr sínar heim til mjalta af beitilandi sem var austan við veginn og það hefði hann gert um fjölda ára með sama hætti og ekkert komið fyrir. M sagðist hafa ekið norður Svarfaðardalsveg á um 80 km. hraða og þegar hann hafi nálgast nafngreindan bæ hafi hann séð að verið var að reka kúr yfir veginn og heim að bænum og hafi flestar kýrnar verið komnar yfir, en hann hefði tekið eftir 5 kúm austan við veginn og þegar hann síðan kom að heimreið umrædds bæjar hafi hann allt í einu séð kú fyrir framan bifreiðina og bifreið sín lent á henni og skemmst. Engin hemlaför voru á vettvangi. M krefst bóta vegna skemmda á bifreiðinni og byggir á því að ekki hafi verið farið eftir samþykkt um búfjárhald í Dalvíkurbyggð nr. 799/2003. Þá vísar M til 2. og 3.mgr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þá telur M að ekki hafi verið staðið rétt að rekstri kúnna í umrætt sinn. Loks gerir M athugasemdir við lögregluskýrslu. V hafnar bótaskyldu og segir að málið snúist ekki um lausagöngu búfjár þar sem verið var að reka kýrnar yfir þjóðveginn þá hafnar V því að lögregluskýrsla sé röng. V bendir á að þjóðvegurinn liggi þvert í gegn um land bæjarins sem um ræðir og hafi kýrnar verið á beit austan við þjóðveginn, en húsfreyjan á bænum verið að ná í þær til mjalta og rekið þær yfir veginn eins og gert hafi verið í mörg ár. Þá telur V að umferðaróhappið megi rekja til M sjálfs sem hafi séð reksturinn og kúr sem voru austan við veginn en samt ekið á fyrrgreindum hraða og lent með vinstra framhornið á afturhluta kunnar sem M ók á. Þá bendir V á að M sé staðkunnugur. Þá telur V að þó svo að niðurstaðan verði sú að um saknæma háttsemi vátryggingartaka sé að ræða, beri að fella bætur til M niður vegna eigna sakar.

Álit.

M lýsir því að hann hafi séð að verið var að reka kýrnar yfir veginn þegar hann nálgæðist umræddan bæ og bar þá að aka með sérstakri varúð, sem M gerði ekki. M hefur ekki sýnt fram á að illa hafi verið staðið að rekstri kúnna yfir veginn þannig að leiddi til sakar vátryggingartaka. Þegar af ofangreindum ástæðum á M ekki rétt á bótum úr búfjártryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr búfjártryggingu hjá V.

Reykjavík 20.10.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 428/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Slysátrygging launþega

Starfsmaður stökk af vél sem hann var að hreinsa og tagnaði á ökkla þ. 1.2.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 2.10.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-7
2. Bréf V dags. 13.10.2012 ásamt vátryggingaskilmálum.

Málsatvik.

Í málsskoti lýsir M málavöxtum þannig að hann hafi verið að hreinsa ullarþvottavél og stokkið af henna niður á gólf. Fallhæðin var um einn metri og koma M illa niður á hægri ökkla og hlaut slæma ökklatögnun. Vinnuveitandi M var með slysátryggingu launþega hjá V og krefst M bóta úr tryggingunni. M byggir á því að um slys hafi verið að ræða og utanaðkomandi atburður hafi valdið áverkum hans og vísar M m.a. til umfjöllunar norrænna fræðimanna í lögfræði hvað það varðar. V hafnar bótaskyldu og vísar til þess að ágreiningur aðila lúti að því skilyrði slyshugtaksins hvort um “utanaðkomandi” atburð hafi verið að ræða. V telur að misstig eitt og sér falli ekki undir skilgreiningu vátryggingarskilmála um skyndilegan utanaðkomandi atburð. Þá vísar V einnig til þess að í seinni tíð hafi slyshugtakið verið rýmkað en það breyti því ekki að fara verði eftir skilgreiningum sem eru á slyshugtakinu þegar tjónsatburður eigi sér stað.

Álit.

Ekki er ágreiningur um málsatvik. M stekkur niður af vél þegar hann var við vinnu sína og meiðist á ökkla þegar hann lendir á gólfinu. Í dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 412/2011 sem upp var kveðinn þ. 23.2.2012 var komist að þeirri niðurstöðu að sá aðili sem varð fyrir tjóni ætti rétt á slysabótum þar sem ekki væri á því byggt að fall áfrýjanda yrði rakið til skyndilegs svimakasts og þá hefði ekki verið sýnt fram á að fallið megi að öðru leyti rekja til sjúkdóma eða annars innra ástands í líkama þess sem fyrir tjóninu varð. Með vísan til sömu sjónarmiða og rakin eru í ofangreindum dómi Hæstaréttar er því fallist á með M að líkamstjón hans hafi hlotist af skyndilegum utanaðkomandi atburði í skilningi vátryggingasamninga þeirra sem hér um ræðir og eigi hann því rétt á bótum vegna slyssins.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr slysátryggingu launþega hjá V.

Reykjavík 30.10.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 429/2012**M****og****vátryggingafélagið X v/ starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna galla á múrhúðun húsbyggingar.****Gögn.**

157. Málskot, móttækið 1.10.2012, ásamt fylgigögnum.

158. Bréf X, dags. 18.10.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M mun vera eigandi hússins A á Akureyri, sem er steinsteypt einbýlishús. Við byggingu hússins mun byggingarstjóri þess hafa verið B. M kveður múrverk á A vera gallað eða ónýtt. Múr sé sprunginn og laus frá einangrunarplasti. Undirbúningsvinnu fyrir múrverkið hafi verið áfátt. Telur M að vinnubrögð hafi verið óboðleg og B hafi brugðist eftirlitsskyldu sinni. Þessu til stuðnings vísar M til álits tilgreinds múrarmeistara þar sem segir að ljóst sé að múrverkið sé gallað þar sem múr sé laus frá einangrunarplasti. Líklegasta ástæða þess sé sú að einangrunarplast hafi ekki verið hreinsað nægjanlega vel og/eða það hafi náð að sólbrenna á milli þess sem það var hreinsað og þegar fyrsta lag múrsins var sett á. Múrefnið sjálft virðist hafa verið í góðu lagi en undirbúningur hafi verið ófullnægjandi.

M hefur krafist bóta úr starfsábyrgðartryggingu B hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Gögn málsins eru mjög af skornum skammti. Af hinum takmörkuðu verður ekki ráðið að sannað sé að skemmdir þær sem M kveður að hafi orðið á múrhúð A megi rekja til þess að B hafi vanrækt lögmaelt eftirlit sitt með byggingarframkvæmdunum er húsið var byggt. Af því leiðir að tjón hans fæst ekki bætt úr starfsábyrgðartryggingu B hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu B hjá X, Vátryggingafélagi Íslands hf.

Reykjavík, 6. nóvember 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 430/2012
M v. ábyrgðartryggingar ökutækja og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingafélagið V-2 v. B

Árekstur bifreiða í Andahvarfi í Kópavogi þ.27.4.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.4.10.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-3
2. Bréf V-1 dags. 29.10.2012.
3. Bréf V-2 dags. 17.10.2012.

Málsatvik.

Ökumaður A segist hafa ætlað að beygja upp að bílskúr við hús sitt og hafi verið hægra megin á götunni og síðan beygt til vinstri upp að skúrnum á mjög hægri ferð, þegar B hafi verið ekið framúr A vinstra megin. Ökumaður A tekur fram að öll ljós hafi verið kveikt á A. Ökumaður B segist hafa ekið inn í Andahvarf og þar hafi A verið kyrrstæð og ljóslaus og hafi hann ætlað að aka framúr A og verið kominn hálfur framfyrir A þegar A hafi skyndilega verið ekið af stað.

Álit.

Miðað við gögn málsins þá verður ekki annað séð en að ökumaður A hafi tekið vinstri beygju í átt að bílskúr sínum án þess að huga að umferð sem á eftir kom og ber því sök á árekstrinum sbr. 2.mgr. 15.gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Sú staðhæfing ökumanns B að A hafi verið með öll ljós slökkt hefur ekki verið sönnuð. Ökumaður B ákvað að aka framúr á þröngri íbúðargötu. Ökumaður B þykir ekki hafa sýnt nægjanlega varkárni við framúraksturinn miðað við aðstæður og ber því einnig nokkra sök á árekstrinum. Við sakarskiptingu þykir eðlilegt að ökumaður A beri 2/3 sakar og ökumaður B beri 1/3 sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 2/3 sakar og ökumaður B ber 1/3 sakar

Reykjavík 13.11.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þora Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 432/2012**M v/ farþegi í A****og****Vátryggingafélag v/B****Ágreiningur um orsakatengsl í tengslum við árekstur 10.07. 2011 á Þingvöllum.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 04.10. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 12.10. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M var farþegi í A þegar B var ekið aftan á bifreiðina A.

Ágreiningur er um hvort sýnt hafi verið fram á orsakatengsl milli árekstursins og eymsla sem M telur sig búa við sbr. gögn.

Vátryggingafélagið telur ósannað að orsakatengsl séu til staðar vegna slyssins sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Í ljósi takmarkaðra gagna telst vafi um orsakatengsl í þessu máli verulegur. M telst ekki hafa leitt nægar líkur að því að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni sem rekja má til B.

Þegar tekið er mið af ofanrituðu og takmörkuðum gögnum máls þessa er bótaskylda ekki fyrir hendi. Orsakatengsl eru ósönnuð.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 6. nóvember 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 433/2012

M
og
vátryggingafélagið X v/ kaskótryggingar bifreiðar.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns er vél bifreiðar bræddi úr sér eftir útafakstur.

Gögn.

159. Málskot, móttækið 4.10.2012, ásamt fylgigögnum.

160. Bréf X, dags. 29.10.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 5.9.2012 ók M bifreið sinni, B, eftir Skagavegi er hross fóru skyndilega fyrir A. Kvaðst M hafa náð að sveigja frá, en við það hafi A lent út af og högg hafi komið á hana. Svo hafi virst sem ekkert tjón hafi orðið á A og M hafi komið henni aftur upp á veg. Stuttu síðar hafi kviknað viðvörunarljós vegna olíu og þá kom í ljós að olía hafði farið af A. Olíuslóð hafi verið eftir A þar sem hún fór út af. Í málskoti kveðst M hafa ekið áfram, en þá hafi drepist á A og í ljós komið að vél hennar hafði brætt úr sér.

M hefur krafist bóta úr kaskótryggingu A hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu hvað varðar tjón á vél vegna úrbræðslu.

Álit.

Samkvæmt gr. 4.4 í vátryggingarskilmálum kaskótryggingar hjá X bætir vátryggingin tjón á ökutæki vegna útafaksturs. Af gögnum málsins verður að telja ljóst að við útafaksturinn hafi gat komið á olíupönnu undir vél A. Í kjölfar óhappsins hélt M ferð sinni áfram á A, en olía lak hins vegar af vélinni, viðvörunarljós kviknaði og síðan drapst á vélinni er hún hafði brætt úr sér. Þessar skemmdir á vélinni urðu ekki við það að A var ekið út af heldur nokkru síðar af völdum olíuþurrðar. Tjónið telst því ekki hafa orðið af völdum útafakstursins og fellur af þeim sökum ekki undir bótasvið gr. 4.4 í vátryggingarskilmálunum né heldur bótasvið annarra greina í skilmálunum að séð verður. Tjón af völdum þess að vélin í A bræddi úr sér bætist því ekki úr kaskótryggingunni.

Niðurstaða.

Tjón M vegna þess að vél í A bræddi úr sér bætist ekki úr kaskótryggingu hjá X.

Reykjavík, 13. nóvember 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 434/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar A

Aftanákeyrsla ágreiningur um líkamstjón þ. 10.7.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 4.10.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-12.
2. Bréf V dags. 12.10.2012

Málsatvik.

A var ekið aftan á bifreið sem M ók. M segist hafa orðið fyrir meiðslum við áreksturinn m.a. á hálsi, í kjálkum, herðum og baki. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna líkamstjóns. M vefengir þau gögn sem V hefur látið vinna vegna slyssins og telur þau ekki hafa gildi. Varðandi fyrra heilsufar segir M að hún hafi verið hraust fyrir umrætt slys. M telur ljóst að orsakatengsl séu á milli áverka hennar og slyssins þ. 10.7.2011. V hafnar bótaskyldu og telur ósannað að þau einkenni sem M segist búa við verði rakin til árekstursins. V vísar til gagna sem félagið lét vinna varðandi hraða á grundvelli svonefnds PC-crash forrits og þar komi fram að hraði A hafi verið tæpir 8 km á klukkustund þegar A lenti á bifreiðinni sem M ók. V hafnar því að orsakatengsl séu á milli þess smávægilega áreksturs sem félagið segir að hafi verið um að ræða og þeirra einkenna sem M lýsir sem afleiðingar árekstursins og M hafi ekki tekist að sanna að svo sé.

Álit.

Takmörkuð læknisfræðileg gögn liggja fyrir í málinu og ljóst er að ákoma var mjög lítil á bifreið M við áreksturinn. Gögn um ætlaðan hraða A og höggkraftinn vegna árekstursins benda til þess að um mjög litla ákomu hafi verið að ræða og hraði A hafi verið mjög lítill. Þess ber þó að geta að gagna um ökuhraða og annað því tengt er aflað einhliða af V þannig að varhugavert er að draga of víðtækar almennar ályktanir um sönnunargildi þeirra gagna þó þau veiti mikilvæga vísbendingu um málsatvik. Ekki liggja fyrir fullnægjandi upplýsingar um fyrra heilsufar M. Í ljósi þeirra gagna sem liggja fyrir í málinu er vafi um orsakatengsl milli árekstursins og þeirra líkamlegu einkenna sem M lýsir sem afleiðingu árekstursins mjög mikill. M ber að sýna fram á að hún hafi orðið fyrir því tjóni sem hér um ræðir. Með vísan til fyrirliggjandi gagna telst M ekki hafa leitt nægar líkur að því að hafa orðið fyrir líkamstjóni sem rekja megi til notkunar A. M á því ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 6.11.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 435/2012**M****og****Vátryggingafélag v/ábyrgðatryggingar F****Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á bifreið 05.02. 2012.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 04.10. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 25.10. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M kveðst hafa ekið bifreið sinni um Blómsturvellir þegar malbiksviðgerð í götunni virtist hafa losnað þegar bifreiðinni var ekið yfir hana og skall utan í bifreiðina þannig að rispur mynduðust sbr. fyrirliggjandi gögn.

Vátryggingafélagið hafnar bótaábyrgð. Ekki hafi verið sýnt fram á vitneskju starfsmanna F. Þeir hafi fengið upplýsingar um aðstæður eftir óhapp þetta og brugðist við. Vátryggingartaki hafnar því að viðhaldsskyldu hafi ekki verið sinnt. Félagið vekur athygli á því að atvikið var ekki tilkynnt til lögreglu fyrr en 9 dögum eftir óhappið. Einkennilegt þykir hvernig ójöfnur í veginum hafi getað orðið þess valdandi að rispa bifreiðina.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum, þ.á m. hveru langur tími líður þar til tjónið var tilkynnt til lögreglu, hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ósannað er að starfsmenn F hafi vitað um aðstæður ellegar vanrækt viðhaldsskyldur sínar.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 6. nóvember 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 436/2012
(M) v. A og
Vátryggingafélagið V v. Frjálsrar ábyrgðartryggingar X

Umferðaróhapp þegar bifreið ók í holu við vegarbrún þ. 21.8.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 5.10.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-9
2. Bréf V dags. 25.10.2012 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M segir að bifreiðin A hafi lent í skemmd á afrein frá Vesturlandsvegi –Ártúnsbrekku og inn á Sæbraut þannig að 2 felgur, 2 dekk og plast við síls bílsins hafi skemmst. Litlar upplýsingar liggja fyrir um málavexti hvað þetta varðar að öðru leyti, en fyrir liggja ljósmyndir af veginum þar sem óhappið varð og þar sést m.a. hola í vegkanti við og fyrir utan hvíta línu sem afmarkar akveginn. A krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu X hjá V og telur að X hafi ekki gætt lögboðins hlutverks síns varðandi eftirlit með veginum þar sem umferðaróhappið varð. V hafnar bótaskyldu og segir að starfsmenn X hafi ekki vitað af holunni á umræddum stað og tjónið á A verði ekki rakið til sakar af hálfu X eða starfsmanna X.

Álit.

Ekki liggur fyrri eða hefur verið sýnt fram á að starfsmenn X eða aðrir sem X ber ábyrgð á hafi vitað af holunni í vegakantinum þar sem umferðaróhappið varð, þannig að hægt hefði verið að lagfæra hana. Ekki er því sýnt fram á sök X eða eða aðila sem X ber ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 13.11.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 437/2012

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á Dalshrauni í Hafnarfirði til móts við hús nr. 8 og 11 þann 12.9.2011.**Gögn.**

- 161. Málskot, móttakið 8.10.2012, ásamt fylgigögnum.
- 162. Bréf X, dags. 17.10.2012.
- 163. Bréf Y, dags 12.11.2012.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið aftur á bak frá bifreiðastæði inn á Dalshraun. Bar þá að bifreiðina B sem var ekið eftir Dalshrauni. Rákust þá saman hægra afturhorn A og hægra framhorn B.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið A aftur á bak út á götuna. Gatan hafi verið auð og engin bifreið sjáanleg. Hann hafi svo stöðvað og verið búa sig undir að aka áfram þegar B hafi komið aðvífandi og verið ekið á A.

Ökumaður B kvaðst hafa komið frá líkamsræktarstöðinni Hress þegar A hafi skyndilega verið ekið í veg fyrir B.

Álit.

A var ekið út á Dalshraun frá bifreiðastæði. Samkvæmt 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal ökumaður sem ekur út á veg frá bifreiðastæði veita umferð í veg fyrir leið hans forgang. Á þessu varð misbrestur hjá ökumanni A. Hann á því sök á árekstrinum. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en B hafi verið ekið nokkurn spöl eftir Dalshrauni þegar áreksturinn varð. Ekki eru efni til að leggja sök á ökumann B. Ökumaður A ber því einn sök á því hvernig fór.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 20. nóvember 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 438/2012**M****og****Vátryggingafélagið V v/A****og****Vátryggingafélagið X v/B****Árekstur á Súðarvogi við Dugguvog 20.07. 2012.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 10.10. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 29.10. 2012.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 12.11. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélag A telur að B skuli bera alla sök á árekstrinum. Ökumenn eru ósammála um aðdraganda. Félagið telur framburð B misvísandi. Framburður A hafi verið sá sami frá upphafi þ.e. að hann hafi ekið eftir Súðarvogi að gatnamótum við Sæbraut þegar B var ekið framhjá og beygt til hægri með þeim afleiðingum að árekstur varð. Félagið telur að B hafi ekki gætt 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga með því að skipta um akrein.

Ökumaður B hafnar því að hann hafi skipt um akrein.

Vátryggingafélag B vísar til þess að biðskylda er fyrir umferð af Dugguvogi sem A ók eftir gagnvart umferð um Súðarvog.

Óþarft er að geta umfjöllunar M (A) í málskotinu.

Tjónanefnd vátryggingafélaganna skipti sök til helminga.

Álit

Ökumenn eru ósammála um aðdraganda áreksturs þessa. Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum verður ekki fullyrt um atvik málsins og því er sök skipt til helminga.

Niðurstaða.

Sök er skipt til helminga.

Reykjavík 20. nóvember 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 439/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Sjúklingatryggingar tannlæknis (T)

Líkamstjóni við tannaðgerð. Orsakatengsl. Fyrning þ. 11.9.2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.5.10.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-7
2. Bréf V dags. 5.11.2012

Málsatvik.

M fór í tannaðgerð hjá T þ.11.9.2008. M telur að hún hafi orðið fyrir taugaáverkum sem hafi komið í kjölfar þess að fjarlægður var jaxl hægra megin úr neðri kjálka M og krefst bóta úr sjúklingatryggingu T hjá V. M byggir á því að T hafi orðið á mistök þegar tönnin var fjarlægð og vísar í vottorð lækna sem lögð hafa verið fram sérstaklega vottorð Marinós P. Hafstein læknis dags. 19.10.2010. Í vottorði Jónasar Geirssonar tannlæknis dags. 24.2.2009 kemur ekkert óeðlilegt fram sem geti útskýrt kvartanir M. Í vottorði Guðmundar Á. Björnssonar munn- og kjálkaskurðlæknis dags. 10.3.2009 segir að við skoðun M vegna kvartana “ en eina sem fannst var talið vera beinflís sem þreyfaðist í tannstæðinu. Þann 9.janúar 2009 stóð til að fjarlægja flísina, en þá hafði hún líklega skilað sér út. Lítilleg eymsli en ekkert annað athugavert.” Í vottorði Marinós P. Hafstein dags. 19.10.2010 segir m.a. að M hafi fengið slæm hnakkafestumein eftir tanntökuna. V hafnar bótaskyldu og bendir á að M hafi fyrst kvartað undir eymslum í hnakka við Marinó P. Hafstein þ. 9. júlí 2009 eða um 10 mánuðum eftir aðgerðina og hafnar V því að orsakatengsl séu á milli tannaðgerðarinnar og umkvartana M í hnakka þar sem hún komi fyrst fram 10 mánuðum eftir aðgerðina. Þá telur V að einkenni sem M kvartar yfir verði ekki rakin til aðgerðarinnar og læknisfræðileg gögn í málinu bendi ekki til orsakatengsla milli verkja sem M lýsi og tannaðgerðarinnar. Þá telur V að meint krafa sé fyrnd sbr. 19.gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu, en fyrningartíminn sé fjögur ár, en með bréfi dags. 3.11.2008 hafi M talið sig hafa orðið fyrir tjóni vegna tanndráttarins.

Álit.

Miðað við þau gögn sem lögð eru fram af hálfu M verður ekki séð að henni hafi mátt vera ljóst á árinu 2008 að hún gæti átt rétt til bóta úr sjúklingatryggingu T hjá V og krafan því ekki fyrnd. Ekki hefur verið sýnt fram á að T hafi orðið á mistök við aðgerðina. Af þeim gögnum sem fyrir liggja í málinu hefur ekki verið sýnt fram á að um orsakasamband sé að ræða milli aðgerðarinnar 11.9.2008 og þeirra verkja sem M er haldin og krefst að fá bætur fyrir úr sjúklingatryggingu T hjá V. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu T hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu T hjá V

Reykjavík 20.11.2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 440/2012**M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar húseiganda.****Kona slasaðist er hún féll í stiga í húsi sem hún hafði tekið á leigu ásamt öðrum.****Gögn.**

164. Málskot, móttakið 7.10.2012, ásamt fylgigögnum.

165. Bréf X, dags. 24.10.2012.

Málsatvik.

Aðfaranótt 8.5.2011 féll M niður stiga og slasaðist í íbúðarhúsi að bænum A. M hafði ásamt samstarfskonum tekið húsið á leigu um helgi. Meðan á dvöl M stóð í húsinu hafði hún til afnota herbergi í kjallara þess. M missti meðvitund við slysið og mundi ekki eftir atvikum. Engin vitni voru að slysinu.

Samkvæmt rannsóknargögnum lögreglu mun sá hluti hússins þar sem stiginn liggur hafa verið byggður árið 1946. Stiginn liggur af efri hæð hússins niður í kjallara og er steinsteyptur og teppalagður. Í honum eru 10 þrep frá efri hæð niður á stigapall. Þar beygir stiginn í 90° til hægri þegar gengið er niður og ein trappa er svo af stigapallinum niður á kjallaragólfíð. Á gangi á efri hæð eru dyr með hurð þar sem gengið er niður stigann. Þröskuldur er í dyragættinni og stiginn tekur við í beinu framhaldi af honum. Breidd stigans frá vegg að handriði er 80 cm og handlisti áfastur veggnum liggur meðfram stiganum frá efri hæð niður á stigapallinn. Af fyrirbyggjandi ljósmyndum sést að hurðin í dyragættinni á efri hæðinni leggst að veggnum þegar dyrnar eru opnaðar. Það veldur því að handlistinn efst við dyrnar kemur ekki að notum. Ganghæð stigans er vel yfir 220 cm, en yfir neðsta stigaprepinu fyrir ofan stigapallinn lækkar lofthæðin niður í 168,5 cm, en veggur og gólfplata efri hæðarinnar gengur þar þvert yfir stigann. Á sjálfum stigapallinum er loftæðin svo 186 cm. Þá segir í skýrslu lögreglunnar að þó svo að ganghæðin sé lægri yfir neðsta þrepinu hefur hún áhrif á þá sem ganga niður stigann einu til þremur þrepum ofar þar sem viðkomandi þurfa að byrja að beygja sig niður áður til að sleppa undir vegg-/gólfbrúnina. Halli stigans mældist 45°. Halli þrepa í ganglínu er mismunandi. Mestur halli er 1,5% og minnstur 0%, en meðalhalli þrepanna tíu er 0,6%. Hæð og breidd þrepanna hafi verið mismunandi. Breiddin sé á bilinu 22,1 til 23,9 cm. Niðurstigið (hæð) hafi mælst mest 18,3 cm og minnst 15,2, en að jafnaði rúmlega 18 cm. Framstig þrepa hafi mælst á bilinu 18-20 cm, auk 4 cm útskots. Ekkert ljós mun hafa verið yfir stiganum sjálfum eða pallinum.

Eftir einum eigenda A er haft að húsið sé í eigu fjölskyldu fyrrum ábúenda að A og húsið hafi einungis verið nýtt innan fjölskyldunnar og sé ekki rekið sem gistihús. Húsið hafi af og til verið lánað vinum og kunningjum og þeim tengdum sem eftir því hafa leitað. Það hafi aldrei verið boðið til leigu.

M kveður stigann hafa verið vanbúinn þar sem hann hafi ekki fullnægt ákvæðum byggingarreglugerðar nr. 441/1998, sem í gildi var þegar slysið varð, eins og áskilið sé í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 585/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, en

í ákvæði þessu segir að húsnæði og búnaður gististaða skuli fullnægja kröfum laga og reglugerða á sviði hollustuhátta, byggingarmála, brunamála og um atvinnuhúsnæði. Þannig hafi tilskilin lágmarkslofthæð (220 cm) ekki verið yfir neðsta þrepinu né stigapallinum og halli stigans verið meiri en heimilt var (30°-36°). Einnig hafi framstig verið styttra en reglugerðin kvað á um (30 cm) og uppstig sömuleiðis verið lægra en reglugerðin sagði til um (20-22 cm). Þá hafi stórfelld hætta stafað af 3,2 cm háum þröskuldi í dyragættinni á efri hæð.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingarlið húseigandatryggingar sem eigendur A höfðu í gildi hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu. Kveður félagið ákvæði byggingarreglugerðar nr. 441/1998 ekki eiga við þar sem húsið hafi verið byggt löngu áður en sú reglugerð tók gildi. Ennfremur er hafnað öllum málatilbúnaði um að slysið megi rekja til vanbúnaðar stigans og að hann hafi ekki staðist ófrávíkjanleg reglugerðarákvæði. Þvert á móti hafi ýmsar endurbætur verið gerðar á húsinu í því skyni að það standist kröfur byggingarreglugerðar. M hafi áður gist í húsinu og hún hafi því ekki verið ókunnug aðstæðum í því.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald eru gististaðir þeir staðir þar sem boðin er gisting til lengri eða skemmri tíma gegn endurgjaldi, svo sem á hótelum, gistiheimilum, í gistiskálum, íbúðum og sumarhúsum, með eða án veitinga. Í athugasemdum við 3. gr. í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 85/2007 segir að undir frumvarpið falli öll gisting sem boðin er til sölu á gististöðum eða sem heimagisting, gegn hvers kyns endurgjaldi og er þar með leyfisskyld. Einnig segir að með gistingu sé átt við hvers kyns gistingu, hvort sem er í sérstöku húsnæði sem hannað er til slíkrar starfsemi svo sem hótél, gistiheimili og gistiskálar eða á einkaheimilum sem afmarkast við lögheimili leyfishafa eins og það er skilgreint í lögum. Þá segir í athugasemdunum að undir lögina falli jafnframt útleiga íbúða, sumarhúsa og annars konar húsnæðis þar sem gisting er boðin gegn endurgjaldi. Af sjálfu lagaákvæðinu og hvernig það er skýrt í lagafrumvarpinu verður að telja að undir það falli hvers konar gisting gegn endurgjaldi í húsakynnum sem talin eru upp í lögnum. Ekki hefur verið andmælt þeirri staðhæfingu M að í umrætt hafi hún ásamt öðrum tekið íbúðarhúsið að A á leigu gegn endurgjaldi. Um gistingu giltu því ákvæði laga nr. 85/2007, sbr. fyrrgreinda 1. mgr. 3. gr. laganna, svo og þau stjórnvaldsfyrirmæli sem af lögnum leiða.

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 585/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald skal húsnæði og búnaður gististaða fullnægja kröfum laga og reglugerða á sviði hollustuhátta, byggingarmála, brunamála og um atvinnuhúsnæði. Af ákvæði þessu verður ekki talið að eiganda A hafi verið skylt að endurbæta húsnæðið þannig að það væri í fullu samræmi við gildandi byggingarreglugerð á hverjum tíma. Engu að síður bar honum að gæta þess að ekki væri í svo veigamiklum atriðum vikið frá gildandi byggingarreglum að þeim sem hefðu leigt sér gistingu í húsinu væri sérstök hætta búin er þeir áttu leið um stigann á milli hæða. Eins og áður er lýst lækkaði ganghæð yfir stiganum verulega yfir neðsta þrepi fyrir ofan stigapallinn þar sem hún varð 168,5 cm. Þessi snögga lækkun ganghæðarinnar var ekki gefin til kynna með viðvörðunarkerkjum eða öðrum hætti. Þá var ekki ljós í stiganum. Gat það gert lækkunina enn hættulegri en ella fyrir þá sem leið áttu niður stigan, einkum eftir að skuggsýnt var orðið. Verður að telja þessa lækkun á ganghæðinni og að ekki hafi verið lýsing yfir stiganum sem vanbúnað á eigninni sem eigandi A ber ábyrgð á. Þá verður einnig að líta á það sem vanbúnað á eigninni að hurð við stigapallinn á efri hæðinni leggst upp að vegg og hylur

handlista efst í stiganum. Af þeim sökum er lítil eða engin handfesta í efstu þrepunum þegar gengið er niður stigann.

Ekki er vitað hvað olli því að M féll í stiganum og slasaðist. M missti meðvitund við slysið af völdum höfuðhöggs og man ekki eftir atvikum. Engum vitnum er til að dreifa. Við rannsókn lögreglu virðist ekkert hafa komið fram sem varpað getur ljósi á orsök þess að M féll. Af gögnum málsins verður ekki útilokað að slysið megi rekja til vanbúnaðar á eigninni sem hér að framan er lýst. Eins og hér stóð á þykir rétt að A beri hallann af því að ekki er ljóst hvað olli slysinu og beri af þeim sökum ábyrgð á líkamstjóni M. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að slysið verði rakið til atvika sem M ber ábyrgð á. Tjón hennar fæst því að fullu bætt úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist að fullu úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Reykjavík, 13. nóvember 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 442/2012**M****og****Vátryggingafélag v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs (hrepps)****Ágreiningur um bótaskyldu vegna hitaveituheimtaugar sem fór í sundur á skólastjórabústað í febrúar 2012.****Gögn.**

- 1) Málskot móttekið 12.10. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 24.10. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélagið hafnaði bótaskyldu með bréfi, dags. 01.06. 2012. M kvartar yfir þeirri ákvörðun félagsins.

Vátryggingafélagið telur mál þetta ekki tækt til úrskurðar þar sem rökstuðningur M sé afar rýr og í raun málatilbúnaður allur. M telji að bæta eigi tjón og eru rökin þau að það “hljóti að vera með öllu óeðlilegt að eigendur þeirra fasteigna sem tengd eru veitukerfi sveitarfélagsins þurfi að bera fjárhagslegt tjón sem verða kann vegna bilunar á veitukerfinu”. Félagið telur að visa eigi máli þessu frá nefndinni vegna þess hversu óljóst og illa upplýst það er sbr. e-liður 4. gr. samþykka úrskurðarnefndar í vátryggingamálum. Athygli er vakin á nánari umfjöllun félagsins í nefndu bréfi til nefndarinnar sem óþarft er að geta efnislega.

M er ósammála afstöðu félagsins sbr. takmarkaða umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Málatilbúnaður M þ.á m. rökstuðningur, er mjög rýr.

Samkvæmt e-lið 4. gr. samþykka úrskurðarnefndar nr. 1090/2005 fjallar nefndin ekki um mál sem er það ólóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óskýr að það er ekki tækt til úrskurðar.

Með hliðsjón af takmörkuðum gögnum máls þessa og nefndri 4. gr. samþykka er máli þessu vísað frá úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Mál sem vísað er frá á þessari forsendu er unnt að taka til meðferðar aftur, gegn greiðslu málskotsgjalds á ný, hafi nauðsynlegra upplýsinga verið aflað og kröfugerð skýrð.

Niðurstaða.

Málinu er vísað frá úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Reykjavík 13. nóvember 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 443/2012**M****og****vátryggingafélagið X v/ slysátryggingar ökumanns og kaskótryggingar bifhjóls.****Ágreiningur um bótaskyldu er stjórnandi bifhjóls missti stjórn á því.****Gögn.**

166. Málskot, móttækið 12.10.2012, ásamt fylgigögnum.

167. Bréf X, dags. 31.10.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 30.6.2012 ók M bifhjóli sínu, A, vestur Snæfellsnesveg. Missti M stjórn á hjólinu og kastaðist af því. Hann missti meðvitund og ekkert ert haft eftir honum um tildrög slyssins. Í lögregluskýrslu kemur fram að 135 m löng för hafi verið eftir A á veginum að staðnum þar sem það fór út af. Eftir það mun hjólið hafa runnið um 205 í vegkantinum. Að sögn vitna lenti A á kanti malarvegs, sem liggur að Snæfellsnesvegi, en við það kastaðist hjólið í loft upp. 6 m frá þeim stað lá A á jörðinni og M 9 m.

Fimm vitni í bifreið, sem var ekið vestur Snæfellsnesveg, kváðust hafa verið á 90 km hraða á klst., þegar A hafi verið ekið fram úr þeim „þrjónandi“, þ.e. framhjól A hafði lyfst frá jörðu. Er A hafi verið komið fram úr þeim hafi M látið framhjólíð niður en þá hafi A tekið að rása til á veginum um 200 m vegalengd uns það fór út af veginum hægra megin við akstursstefnu þess með afleiðingum sem að framan greinir.

M hefur krafist bóta úr slysátryggingu ökumanns og kaskótryggingu A hjá X. Að tilhlutan X var fyrirtækið B fengið til að reikna út líklegan hraða A þegar slysið varð. Samkvæmt skýrslu B er lægsti mögulegi hraði A talinn hafa verið 145 km á klst. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Af verksummerkjum á vettvangi og frásögn vitna þykir ljóst að M ók á miklum hraða fram úr bifreið í sömu andrá og hann lyfti framhjólí A frá jörðu. Þykir mega slá föstu að hraði A hafi verið nokkuð yfir 100 km á klst. Með þessu aksturslagi sýndi M háttsemi sem telst vera stórkostlegt gáleysi. Samkvæmt þessu og með vísan til viðkomandi ákvæða í vátryggingarskilmálum X, sbr. og 2. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga varðandi kröfu M um bætur kaskótryggingunni og 1. mgr. 90. gr. laganna varðandi bætur úr slysátryggingunni, hefur M fyrirgert rétti sínum til bóta úr báðum þessum vátryggingum.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysátryggingu ökumanns né úr kaskótryggingu A hjá X.

Reykjavík, 20. nóvember 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 444/2012**M****og****Vátryggingafélag v/slysátryggingar****Ágreiningur um brottfall bótaréttar vegna umferðaróhapps 30.06. 2012.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 12.10. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 17.10. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M mun hafa verið ökumaður bifhjóls sem ekið var eftir Snæfellsnesvegi nærri Grundarfjarðarbæ. Samkvæmt framburði vitna var aksturslag ökumanns þannig að hann ók á afturdekki bifhjólsins framúr ahnnarri bifreið á mikilli ferð og missti síðan stjórn á bifhjólinu sbr. gögn málsins.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu út slysátryggingunni með vísan til ákvæðis skilmála og 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, sbr. bréf félagsins, dags. 01.10. 2012. Félagið hafnaði með sama bréfi bótaskyldu úr kaskótryggingu og slysátryggingu ökumanns og eiganda.

Félagið telur mál þetta ekki tækt til úrskurðar sökum þess hve krafa M er óljós. Krafa hans sé órökstudd og þá fylgja engin gögn með málskotinu. Félagið hafnar bótaskyldu vegna þess að ökumaður hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi þegar hann missti stjórn á bifhjólinu.

M er ósammála afstöðu félagsins. Hann lætur þess getið að “við teljum að tjónþoli hafi ekki sýnt af sér svo mikið gáleysi, að það réttlæti ndurfellingu bóta, að fullu”.

Álit

Úrskurðarnefndin hefur hugað að aðild máls þessa að fengum viðbótarskýringum M, dags. 01.11. sl. Athygli vekur að vátryggingartaki er málskotsaðili en tjónþolinn (vátryggður) hefur ekki komið að málskotinu.

Kröfugerð M er óskýr í málskotinu, líkt og vátryggingafélagið vísar að í umföllum sinni til nefndarinnar.

Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. samþykpta nefndarinnar nr. 1090/2005, getur málskotsaðili verið vátryggingartaki, vátryggður, þar á meðal meðvátryggður, réttthafi bóta, tjónþoli og hver sá annar sem telur sig eiga rétt til bóta úr vátryggingu eða á annarra hagsmuna að gæta vegna vátryggingarsamnings samkvæmt lögum um vátryggingarsamninga.

M hefur ekki sýnt fram á hverra hagsmuna hann hefur að gæta vegna þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Umfjöllun M í málskotinu er óskýr, sem fyrr segir, og hún geymir ekki sérstaka umfjöllun tjónþolans þ.e. hins vátryggða.

Með hliðsjón af framanrituðu og með vísan til e – liðar 4. gr. samþykpta nefndarinnar er mál þetta ekki tækt til úrskurðar. Vegna þessa er málinu vísað frá. Mál sem vísað er frá á þessari forsendu er unnt að taka til meðferðar aftur, gegn greiðslu málskotsgjalds á ný, hafi nauðsynlegra upplýsinga verið aflað og kröfugerð skýrð.

Niðurstaða.

Málinu er vísað frá Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Reykjavík 13. nóvember 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 445/2012**M****og****Vátryggingafélag v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs (G)****Skemmdir á bifreið sem ekið var í holu 10.02. 2012.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 10.10. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 02.11. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M mun hafa ekið bifreið sinni í holu við bílastæði G. Við það skemmdist bifreiðin sbr. fyrirliggjandi gögn.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það telur að óhapp þetta verði ekki rakið til vanrækslu G. G hafi ekki haft vitneskju um skemmdina áður og hafi gert við hana um leið og tilkynnt var um hana. Ekkert í gögnum málsins sýni fram á sök G. Ósannað sé að vitni séu að því að umrædd hola hafi verið í lengri tíma. Ekki sé fyrirliggjandi frásögn vitnis. G hafi ekki vitað af umræddri skemmd og gat því ekki brugðist við áður en tjónið varð.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa er ósannað að rekja megi tjónsatburð máls þessa til vanrækslu G. Það vekur athygli að G hafi ekki vitað um ástand malbiksins á bílastæðinu en gögn máls þessa eru mjög takmörkuð, sem fyrr segir.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 20. nóvember 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 446/2012**M****og****Vátryggingafélag v/sjúkdómatryggingar****Ágreiningur um bótaskyldu vegna sjúkdóms barns.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 12.10. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 06.11. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ágreiningur er um skýringu skilmála.

Þann 24.06. 2011 mun félaginu hafa borist tjonstilkynning vegna dóttur M sem greins hafði með Rett's heilkenni sbr. fyrirliggjandi gögn. Með bréfi, dags. 09.11. 2011, hafnaði félagið bótaskyldu. Það telur að sjúkdómur hennar falli ekki undir bótaskyldu vátryggingarinnar sbr. nánar umfjöllun félagsins.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er bótaskylda ekki fyrir hendi. Ekki hefur verið sýnt fram á að umræddur sjúkdómur dóttur M falli undir bótaskyldu vátryggingarinnar. Umrædd vátrygging tilgreinir þá sjúkdóma sem bótaskyldir eru. Sá sjúkdómur sem fjallað er um í þessu máli er ekki meðal þeirra, að teknu tilliti til takmarkaðra gagna máls þessa.

M hefur sönnunarbyrði um að sjúkdómur dóttur sinnar falli innan upptalningar skilmála. Sú sönnun hefur ekki tekist.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 20. nóvember 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 447/2012
M
og
Vátryggingafélagi V v. lögboðinnar ábyrgðartryggingar A

Árekstur, ágreiningur um líkamstjón. Orsakatengsl þ. 7.9.2011

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 10.10.2012 ásamt fylgiskjölum 1-9
2. Bréf V dags. 30.10.2012 ásamt fylgiskjölum 1-4.

Málsatvik.

Bifreið M var kyrrstæð á Smiðjuvegi í Kópavogi þegar A var ekið aftan á bifreið M. Ökumaður A segist ekki hafa ekið á meira en 30 km. hraða, en hún hafi bremsað áður en áreksturinn varð. Ökumaður A segir að sjáanlegar skemmdir á A hafi verið beygla á númeraplötu. Ökumaður A segir að ekki hafi verið búið að fylla út í reitinn, slys á fólki, þegar M tók tjónstilkynninguna sem hún hafði þá undirritað. M segir að höggið hafi verið mikið og skemmdir á bíl hans hafi verið á afturstuðara. Farþegi í bifreið M segir að höggið við áreksturinn hafi verið mikið. M leitaði til læknis daginn eftir áreksturinn og þar er m.a. getið um væg eymsli í hryggsúlu og hálsi. Fram kemur einnig að M hafi fengið slæmt tak í bak og háls í október 2007. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna verkja sem hann er haldinn. Af hálfu M er því haldið fram að um mikið högg hafi verið að ræða við áreksturinn sem M hafi hlotið líkamstjón af þá vefngir M gildi PC crash forritsins sem lagt hefur verið fram af hálfu V. V hafnar bótaskyldu og telur orsakatengsl ósönnuð milli verkja sem M lýsir og árekstursins. V vísar til PC-crash forritsins um hraða o.fl. Þá vísar V til úrskurðar nr. 155/2012, Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum þar sem fjallað var um mál farþega í bifreið M og talið að tjón á bifreiðum bendi ekki til þess að mikið högg hafi verið í umrætt sinn. Þá bendir V á að engin gögn liggja fyrir um mögulegt líkamstjón M og möguleg orsakatengsl á milli umferðaróhappsins og þeirra einkenna sem M lýsir.

Álit.

Takmörkuð læknisfræðileg gögn liggja fyrir í málinu og ljóst er að ákoma var mjög lítil á bifreið M við áreksturinn. Gögn um ætlaðan hraða A og höggkraftinn vegna árekstursins benda til þess að um litla ákomu hafi verið að ræða og hraði A hafi verið mjög lítill. Þess ber þó að geta að gagna um ökuhraða og annað því tengt er aflað einhliða af V þannig að varhugavert er að draga of víðtækar almennar ályktanir um sönnunargildi þeirra gagna þó þau veiti mikilvæga vísbandingu um málsatvik. Nokkrar upplýsingar liggja fyrir um fyrra heilsufar M. Í ljósi þeirra gagna sem liggja fyrir í málinu er vafi um orsakatengsl milli árekstursins og þeirra líkamlegu einkenna sem M lýsir sem afleiðingu árekstursins mjög mikill. M ber að sýna fram á að hann hafi orðið fyrir því tjóni sem hér um ræðir. Með vísan til fyrirbyggjandi gagna telst M ekki hafa leitt nægar líkur að því að hafa orðið fyrir líkamstjóni sem rekja megi til notkunar A. M á því ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 20.10.2012.
Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 448/2012

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B
og
vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.

Árekstur á Grandagarði í Reykjavík til móts við hús nr. 14 hinn 22.4.2009.**Gögn.**

168. Málskot, móttakið 15.10.2012, ásamt fylgigögnum.

169. Bréf Y, dags. 29.10.2012, ásamt fylgigögnum.

170. Bréf X, dags 12.11.2012.

Málsatvik.

Bifreiðinn A var ekið efir Grandagarði til norðausturs. Rakst þá framendi hennar í vinstri hlið bifreiðarinnar B. Áreksturinn varð seint að kvöldi. Þá var myrkur, skýjað og blautt færi. Hámarkshraði á akbrautinni mun hafa verið 50 km á klst. Báðar bifreiðar skemmdust mikið. Áfengi í blóði ökumanns A mældist 0,8 prómill.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á 70-80 km hraða á klst. eða í mesta lagi á 90 km hraða á klst. Þótt hann efist um að hann hafi ekið svo hratt. Hann hafi svo ekki vitað fyrr en B hafi verið á miðri götunni og hafi hún komið frá hægri. Taldi ökumaðurinn að ökumaður B hafi verið að snúa við.

Ökumaður B slasaðist við áreksturinn og hefur ekkert getað borið um málsatvik.

Vitni sem var farþegi í A kvað það geta verið að ökumaður A hafi aðeins aukið eitthvað hraðann er þeir óku eftir Grandagarði en hann hafi ekki tekið eftir því. Hann hafi svo séð B koma frá húsi hægra megin við akstursstefnu þeirra og taka U-beygju og að ekki yrði komist hjá árekstri. Hann hafi pikkað í ökumanninn „því hann var ekki alveg að aka eftir þessu“ og hafi hann þá dregið úr hraða og minnir hann að A hafi rásað fyrst til vinstri og svo til hægri og áresktur svo orðið.

Fjögur vitni hafa borið að A hafi verið ekið mjög hratt eftir Grandagarði rétt áður en áreksturinn varð. Tvö vitnanna bera að A hafi verið ekið yfir 100 km hraða á klst.

Álit.

A var ekið langt yfir leyfilegum hraða og miðað við aðstæður allar þykir mega slá föstu að um ofsaakstur hafi verið að ræða. Þá var ökumaður A undir áhrifum áfengis þannig að hann gat ekki stjórnað bifreiðinni örugglega, sbr. 2. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Með aksturslagi sínu var ökumaður A stórhættulegur öðrum vegfarendum. Verður áreksturinn rakinn til þessa. Þegar litið er til þess hversu alvarleg sök ökumanns A er, eru ekki næg efni til að leggja sök á ökumann B miðað við fyrirbyggjandi gögn. Öll sök verður því lögð á ökumann A.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 20. nóvember 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 449/2012**M****og****Vátryggingafélag v/ábyrgðartryggingar byggingarstjórans H****Vinnuskúr fauk á húseign 17.12. 2010.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 13.10. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 26.10. 2012 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Því er haldið fram að H sem byggingarstjóri beri bótaábyrgð vegna ófullnægjandi frágangs á vinnustað og að verulega hafi skort á að farið hafi verið að ákvæðum laga og reglna um öryggi á vinnustað við byggingarframkvæmdir sbr. gögn máls þessa.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið telur bótaskyldu ekki fyrir hendi sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. Mjög vont veður hafi verið og ekki sýnt fram á vanrækslu H. Félagið telur að um sé að ræða óhapp sem enginn beri ábyrgð á. Veðurspá hafi ekki gefið tilefni til sérstakra ráðstafana.

Álit

Ekki hefur verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ósannað er að rekja megi tjón M til vanrækslu H.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 20. nóvember 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 450/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar strætisvagns

Kona meiddist í strætisvagni þ. 20.2.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 15.10.2012 ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V dags. 29.10.2012.

Málsatvik.

M segist hafa orðið fyrir slysi í strætisvagni, en hún hafi verið að rísa úr sæti sínu þegar vagnstjórinn hafi stoppað við biðstöð en snögglega hafi komið skrið á vagninn og hann kippst til og við það hafi M runnið á bleytupolli á gólfi vagnsins. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu H hjá V vegna meiðsla M og byggt er á ofangreindri málsatvikalýsingu V hafnar bótaskyldu og byggir m.a. á frásögn vagnstjóra strætisvagnsins sem segir að vagninn hafi verið stoppaður og M hafi hniðið niður eftir að hafa gengið nokkur skref í átt að opinni miðhurð strætisvagnsins. Í læknisvottorði kemur fram að M hafi hrasað á leiðinni út úr vagninum og fallið á vinstri hlið og einnig að borið hafi meira á dettni M síðasta árið. V telur því að fallið í umrætt sinn geti verið að rekja til líkamlegs ástands M. Þá hafnar V alfarið að M hafi runnið í bleytupolli eftir skrið á vagninum og byggir í því efni á frásögn vagnstjórans.

Álit.

Af hálfu M hafa ekki verið lögð fram gögn sem renna stoðum undir þá atvikalýsingu sem bótakrafa M er byggð á í máli þessu. Sú málsatvikalýsing er ekki í samræmi við það sem fram kemur í læknisvottorði dags. 20.2.2012 sama dag og óhappið átti sér stað eða lýsingu vagnstjóra. Þegar af þeim ástæðum á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu strætisvagnsins hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu strætisvagnsins hjá V.

Reykjavík 20.11.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 451/2012**M
og
vátryggingafélagið X v/ innbústryggingar – innbúskaskó.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á innbúsmunum af völdum veggjalúsar.****Gögn.**

171. Málskot, móttækið 15.10.2012, ásamt fylgigögnum.

172. Bréf X, dags. 29.10.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 7.10.2012 varð M þess var að veggjalús hafði tekið sér bólfestu í hjónarúmi á heimili hans. Eftir að meindýraeyðir hafði komið á vettvang og skoðað verksummerki voru rúmið, náttborð og kommóða talin ónýtt af völdum lúsarinnar.

M hefur krafist bóta úr svokallaðri innbúskaskó sem er viðbót við innbústryggingu sem hann hefur hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Í 9. kafla vátryggingarskilmála sem gilda um vátryggingu þá sem M hefur hjá X er fjallað um innbúskaskó. Í 4. gr. þessa kafla skilmálanna segir að vátryggingin bæti tjón af völdum skyndilegra og ófyrirsjáanlegra utanaðkomandi atvika á vátryggingartímabilinu, sem ekki eru bótaskyld samkvæmt ákvæðum 1. kafla skilmálanna um innbústryggingu. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en það hafi tekið nokkurn tíma fyrir veggjalúsina að koma sér fyrir í umræddum búsmunum þannig að þeir teldust vera ónýttir. Tjónið hefur því ekki gerst af völdum skyndilegs atviks, en það er skilyrði þess svo tjón geti verið bótaskyldt úr vátryggingunni. Af þessu leiðir að tjón M fæst ekki bætt úr umræddri vátryggingu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr innbúskaskóhluta innbústryggingar sinnar hjá X.

Reykjavík, 20. nóvember 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 452/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/A****og****Vátryggingafélagið V v/B****Árekstur gatnamótum Öldugötu og Lækjargötu 02.05. 2012,
ágreiningur um stöðu umferðarljósa****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 15.10. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 12.11. 2012, ásamt fylgiskjölum.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 17.10. 2012 og 12.11. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Áreksturinn varð á gatnamótum Öldugötu og Lækjargötu í Hafnarfirði. Ökumaður B var stopp á rauðu ljósi á Öldugötu með fyrirhugaða akstursteftu til hægri inn á Lækjargötu. Ökumaður A var að aka Lækjargötuna til austurs. Ökumaður B ók af stað þegar kom grænt ljós og hafnaði þá á hægri hlið A sem ók yfir gatnamótin.

Tjónanefnd vátryggingafélaganna skipti sök til helminga.

Vátryggingafélag B telur að ökumaður A skuli bera ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka yfir gatnamótin án þess að geta ekið yfir þau á grænu ljósi.

Vátryggingafélag A telur að ökumaður B skuli bera ábyrgð á árekstrinum sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins.

Óþarft er að geta umfjöllunar M (ökumanns B) í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er sök skipt til helminga sökum þeirrar óvissu sem er um stöðu umferðarljósa í umrætt sinn. Ekki þykir unnt að láta halla á annan ökumann umfram hinn.

Niðurstaða.

Sök er skipt til helinga.

Reykjavík 20. nóvember 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 453/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. ferðarofstryggingar heimilisverndartryggingar.

Krafa um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðarofs þ. 22.7.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.15.10.2012 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V dags. 29.10.2012 ásamt fylgiskjali

Málsatvik.

M og eiginmaður hennar fóru í orlofsferð til Spánar þ. 19.6.2012 og átti ferðin að standa í 14 daga. Á þriðja degi veiktist M og var lögð inn á sjúkrahús á 5.degi og ákvað M að fara heim eftir að ferðin hafði staðið í viku. M krefst bóta vegna ferðarofs og byggir kröfu sína á 6. kafla vátryggingarskilmála heimilisverndartryggingar þeirrar sem hún er með hjá V. Þá telur M að ferðin sé í raun rofin þegar farþegi sé lagður inn á sjúkrahús skv. fyrirmælum læknis. V hafnar bótaskyldu og bendir á 3.6. í vátryggingaskilmálum í þeim 6. kafla sem M vísar til þar sem kemur fram að skilyrði endurgreiðslu vegna ferðarofs sé að orlofsferð sé rofin skv. fyrirmælum læknis áður en ferðin sé hálfnuð eða vátryggður legið á sjúkrahúsi a.m.k. hálfan ferðatímann. V segir að M hafi ákveðið það sjálf að stytta ferðina og M hafi ekki orðið fyrir viðbótarútgjöldum vegna heimferðarinnar.

Álit.

M veiktist á 3.degi ferðar sinnar og var lögð inn á sjúkrahús. Hún ákvað sjálf að fara heim eftir vikuvöl erlendis án þess að fyrir liggi að henni hafi verið ráðlagt það af lækni. Miðað við orðalag greinar 3.6. í vátryggingaskilmálum þeim sem hér um ræðir á M því ekki rétt bótum úr heimilisverndartryggingu sinni hjá V þar sem orlofsferðin var ekki rofin skv. fyrirmælum læknis áður en ferðin var hálfnuð eða M legið á sjúkrahúsi helming ætlaðs ferðatíma.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr heimilisverndartryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 20.10.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 454/2012**M****og****vátryggingafélagið X v/ frítímaslysaftryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu og frest til lögfræðilegra aðgerða eftir að tjóni var hafnað.****Gögn.**

173. Málskot, móttekið 16.10.2012, ásamt fylgigögnum.

174. Bréf X, dags. 30.10.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 10.6.2010 féll M af reiðhjóli er hún var á ferðalagi í Sviss. Við fallið fékk M höfuðhögg og missti meðvitund. Hún var flutt á sjúkrahús þar sem hún dvaldist í sólarhring til rannsóknar og eftirlits. Eftir slysið var M óvinnufær í þrjá mánuði.

M hafði frítímaslysaftryggingu í gildi hjá X. M tilkynnti um tjónið til X með tilkynningu dags. 29.7.2011. Með bréfi X, dags. 16.9.2011, er M tilkynnt að tjónið sé ekki bótaskyldt úr slysaftryggingunni. Er vísað til þess að „þar sem enginn utanaðkomandi atburður verður til þess að þú dettur af hjólinu“ sé ekki fullnægt því skilyrði hugtaksins slys samkvæmt skilmálunum að utanaðkomandi atburður valdi meiðslum á líkama þess sem vátryggður er. Þá segir jafnframt í bréfinu að réttur til bóta glattist verði ekki krafist meðferðar hjá úrskurðarnefnd eða málinu stefnt fyrir dómstóla innan árs frá því að tilkynningin er móttækin, sbr. 2. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Þar kemur einnig fram að starfsfólk X veiti nánari upplýsingar um úrskurðarnefnd í vátryggingamálum og upplýsingar um nefndina megi og finna á heimasíðu félagsins. X kveður M hafa glatað rétti sínum til bóta þar eð hún krafðist ekki meðferðar fyrir úrskurðarnefnd fyrr en að liðnum ársfrestinum.

Álit.

Samkvæmt 2. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 glatar sá sem á rétt til bóta þeim rétti ef félag hefur hafnað kröfu um bætur í heild eða að hluta og hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd skv. 141. gr. laganna innan árs frá því hann fékk skriflega tilkynningu um höfnunina. Ennfremur segir í lagagrein þessari að í tilkynningu félagsins verði að koma fram hver lengd frestsins sé og hvernig honum verði slitið og lögfylgjur þess að það verði ekki gert.

Eins og áður getur var málskot M móttekið hjá nefndinni 16.10.2012 eða einu ári og einum mánuði eftir að bréf X um höfnun bótaskyldunnar var sent M. Ætla verður M hafi fengið bréfið innan mánaðar eftir að það var sent. Samkvæmt því hefur meira en eitt ár verið liðið frá því M fékk tilkynningu um höfnun tjónsins. Þá verður að telja að tilkynningin fullnægi kröfum laganna um það sem koma skal fram í henni. Af þessum sökum hefur M glatað rétti sínum til bóta úr slysaftryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frítímaslysaftryggingu hjá X.

Reykjavík, 20. nóvember 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 455/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. fjölskyldutryggingar

Kona datt í tröppum og slasaðist þ. 20.12.2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. ásamt fylgiskjölum 1-5
2. Bréf V dags. 6.11.2012

Málsatvik.

M féll í hálum tröppum og rófubeinsbrotnaði og fékk áverka á baki. M krefst bóta úr frítímaslysatriygingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V. Af hálfu M er því haldið fram að hún hafi ekki gert sér grein fyrir að hún hefði orðið fyrir varanlegu líkamstjóni fyrir en löngu eftir slys og því hafi slysið verið tilkynnt innan ársfrestsins sbr. 1.mgr. 124.gr. vátryggingasamningalaga nr. 30/2004 þegar slysið var tilkynnt V þ. 21.8.2011. V hafnar bótaskyldu og telur að miða eigi við hvenær endanleg greining líkamsáverkans sem liggur til grundvallar bótakröfu átti sér stað, en ekki huglæga afstöðu tjónþola. Af hálfu V er vísað til þess að við skoðun á slysadeild á slysdegi hafi komið fram að M var rófubeinsbrotin og 6.febrúar 2009 kvarti M undan verkjum við að setjast og sitja lengi vegna einkenna frá rófubeini skv. færslu í sjúkraskrá. V telur að tilkynning um slysið hafi borist allt of seint og löngu eftir að ársfresturinn skv. 1.mgr. 124. Gr. Vátryggingasamningalaganna var liðinn.

Álit.

Við skoðun á slysdegi var M greind með rófubeinsbrot. M kvartar síðan ítrekað um verki í rófubeini eftir því sem fram kemur í sjúkraskrá fljótlega eftir slysið. Miðað við fyrirliggjandi gögn verður ekki annað séð en að M hafi mátt og átt að gera sér grein fyrir að afleiðingar slyssins þ.20.12.2008 gætu orðið varanlegar, fljótlega eftir að slysið átti sér stað. Slysið var tilkynnt til V þ. 21.8.2011 og þá var ársfresturinn skv. 1.mgr. 124.gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004 löngu liðin. M á því ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 11.12.2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 456/2012**M****og****Vátryggingafélag v/kaskótryggingar bifreiðar****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á bifreið 27.08. 2012.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 16.10. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 06.11. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M ók bifreið sinni eftir Reykjanesbraut með fisk á leið til markaðar í Hafnarfirði. Þegar M bremsaði við umferðarljós fór farmurinn af stað og olli skemmdum á húsi bifreiðarinnar sbr. gögn málsins.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu.sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. Það telur að atvik máls þessa falli ekki undir þau tilvik sem vátryggingaskilmálar kveða á um að bótaskyld séu.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í gögnum málsins.

Álit

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa er bótaskylda ekki fyrir hendi. Tjón á bifreiðinni verður ekki rakið til atvika sem falla undir ákvæði skilmála kaskótryggingar.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 20. nóvember 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 457/2012
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingarfélagið V-2 v. B

Árekstur við útkeyrslu af bifreiðastæði þ. 7.8.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 17.10.2012 ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V-1 dags. 9.10.2012. ásamt fylgiskjölum 1-4
3. Bréf V-2 dags. 12.11.2012.

Málsatvik.

Árekstur varð milli A og B við útkeyrslu af bifreiðastæði Strax á Borgarbraut á Akureyri. A var ekið norður bifreiðastæðið og með fyrirhugaðan akstur inn á Borgarbraut og B var ekið af Borgarbraut og inn á bifreiðastæðið. Ökumaður A segist hafa ekið að útkeyrslunni og séð hvar B var ekið inn á bifreiðastæðið og hafi hann þá reynt að hemla en ekki getað komið í veg fyrir árekstur. Ökumaður B segist hafa beygt til vinstri inn á bifreiðastæðið og þá séð hvar A var ekið á móti B og hafi B verið mikið vinstra megin og þess vegna hafi árekstur orðið. M segir í rökstuðningi sínum með málskoti að það komi skýrt fram að hann hafi ekið í hægri beygju inn á bifreiðastæðið þó annað komi fram í lögregluskýrslu.

Álit.

Áreksturinn varð á bílaplani og er ákoma á A á miðri vinstri hlið, en á hægri framhorni B. Ekki hefur verið sýnt fram á að A hafi verið ekið með óeðlilegum hætti. Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður B ábyrgð á árekstrinum. Ökumanni B bar að veita umferð frá hægri forgang sbr. 4.mgr. 25.gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þessa gætti ökumaður B ekki og ber því alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

B ber alla sök.

Reykjavík 20.11.2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 458/2012**M
og
líftryggingafélagið X v/ sjúkdómatryggingar.****Ágreiningur um ábyrgð félagsins vegna rangrar upplýsingagjafar við töku
vátryggingar.****Gögn.**

175. Málskot, móttakið 17.10.2012, ásamt fylgigögnum.

176. Bréf X, dags 30.10.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Með vátryggingarumsókn, dags. 27.1.1997, sótti M um sjúkdómatryggingu hjá X. Í umsókninni svaraði M ýmsum spurningum varðandi heilsufar sitt. Þá m. svaraði M neitandi spurningum um hvort hann hafi háan blóðþrýsting, hvort hann hafi sjúkdóm eða vandamál í nýrum, hvort hann hafi fengið óeðlilegar niðurstöður blóðrannsóknna t.d. um hækkun blóðfitu eða blóðsykurs eða orðið fyrir einhverjum líkamlegum meiðslum, sem hafa krafist eða geta krafist lyflæknis- eða skurðlæknisrannsókna, aðgerða eða meðferða.

Hinn 19.12.2011 varð M fyrir hjartaáfalli og með bótakröfu, dags. 1.2.2012, krafðist M bóta úr sjúkdómatryggingunni hjá X. Í tengslum við afgreiðslu kröfunnar aflaði X afrits af sjúkraskrá M hjá heimilislækni 5 ár fyrir töku vátryggingarinnar. Með bréfi, dags. 10.4.2012, hafnaði X bótum úr vátryggingunni á þeim forsendum að hann hafi gefið rangar upplýsingar við töku vátryggingarinnar. Er í því sambandi vísað til þess að hann hafi greinst með hækkadan blóðþrýsting í janúar 1995, aftur í júní og september sama ár, vöðvabólgur í apríl 1996 og grun um nýrnasteina í júní 1996. Kveður X að á grundvelli vinnureglna um áhættumat í persónutryggingum hefði ekki verið unnt að samþykkja vátrygginguna ef þessar upplýsingar um fyrra heilsufar hefðu legið fyrir er vátryggingin var tekin. Þessar vinnureglur séu gefnar út af endurtryggjendum og ætlaðar vátryggingafélögum til viðmiðunar við áhættumat.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga er félagið laust úr ábyrgð ef vátryggingartaki eða vátryggður hefur sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína skv. 1. mgr. 82. gr. og vátryggingaratburður hefur orðið. Ella má fella ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta hafi vátryggingartaki eða vátryggður vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt, sbr. 2. mgr. 83. gr. Skal þá við mat á ábyrgð félagsins litið til þess hvaða þýðingu vanrækslan hefur haft fyrir mat þess á áhættu, til þess hve sökin var mikil, með hvaða hætti vátryggingaratburður hefur orðið og til atvika að öðru leyti, sbr. 3. mgr. 83. gr.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að M hafi með sviksamlegum hætti veitt rangar upplýsingar við töku vátryggingarinnar á sínum tíma. Engu að síður er ljóst að hann gaf ekki réttar upplýsingar um heilsufar sitt og var það í meira mæli en að það teljist hafa verið óverulegt. Á hinn bóginn hefur X ekki rökstutt með viðhlítandi hætti né lagt fram ótvíræð gögn um að það hefði ekki samþykkt vátrygginguna ef réttar upplýsingar hefðu

verið veittar. Þannig liggja t.d. engin gögn fyrir sem skýra hvers vegna heilsufar M, sem ekki var upplýst um í umsókninni, hafi átt að leiða til þess að M hefði verið synjað um váttrygginguna. Að öllu virtu verður á hinn bóginn að telja að sök M sé nokkur og hinar röngu upplýsingar kunni að hafa haft áhrif á þau kjör sem váttryggingin var veitt á. Ber því að skerða ábyrgð X um 1/3 og tjón M verði að sama skapi bæt看 að 2/3 hlutum.

Niðurstaða.

Tjón M bætist að 2/3 hlutum úr sjúkdómatryggingu hans hjá X.

Reykjavík, 20. nóvember 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 459/2012**M
og
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu bifreiðar af völdum slyss 27.9.2001.****Gögn.**

177. Málskot, móttakið 4.10.2012.

178. Bréf X, dags. 19.11.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 27.9.2001 varð M fyrir alvarlegu líkamstjóni er hann sem stjórnandi bifhjóls varð fyrir bifreið sem váttryggð var lögmælti ábyrgðartryggingu hjá X. Með matsgerð tveggja lækna, dags. 6.7.2005, var m.a. varanlegur miski M af völdum slyssins metinn 80% og varanleg örorka 100%. Hinn 25.11.2005 var líkamstjónið gert upp 25.11.2005 úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar, en við uppgjörið voru af hálfu M gerðir ýmsir fyrirvarar um rétt hans til frekari bóta. Hinn 23.6.2006 greiddi X bætur fyrir svonefnt annað fjártjón og 12.3.2008 voru M greiddar frekari bætur vegna varanlegrar örorku auk vaxta og innheimtuþóknunar. Við uppgjör bótanna naut M liðsinnis lögmanns.

Um það sem kvartað er yfir segir í málskotinu einungis að slysamálinu hafi verið lokað áður en sjúkdómsgreining lá fyrir. M hafi engin gögn frá X um slysamálið, en þætti vænt um að fá þau gögn.

Í bréfi X segir að frekari kröfur á hendur félaginu séu fyrndar á grundvelli 10 ára fyrningar skv. 99. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, en samkvæmt því ákvæði fyrnast allar bótakröfur samkvæmt XIII. kafla laganna á hendur þeim sem ábyrgð ber og váttryggingafélagi í síðasta lagi á tíu árum frá tjónsatburði. Jafnframt er þess getið í bréfi X að M eigi að hafa afrit af gögnum málsins nú þegar. Með bréfinu láti X fylgja afrit af helstu gögnum, þ.e. matsgerð og þrjár tjónskvittanir. Óski M eftir afriti af frekari gögnum geti hann óskað eftir því beint við félagið. Hingað til hafi hann ekki óskað eftir afriti af gögnum málsins.

Álit.

Samkvæmt e. lið 4. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sbr. auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005, fjallar nefndin ekki um mál sem er það óljóst, illa upplýst að það sé ekki tækt til úrskurðar. Þá skal málskotsaðili hafa lagt kröfur sínar fyrir hlutadeigandi tryggingafélag áður en hann getur leitað til nefndarinnar, sbr. 2. mgr. 5. gr. samþykktanna. Ekki verður með skýrum hætti ráðið af málskotinu hvaða kröfur það eru sem M hefur gert á hendur X og leitt hafa til ágreinings milli hans og félagsins. Ekki verður heldur ráðið að hann hafi gert slíkar kröfur á hendur félaginu. Í ljósi þessa og með vísan til þessara ákvæða í samþykktum fyrir nefndina verður ekki hjá því komist að vísa máli þessu frá úrskurðarnefnd.

Niðurstaða.

Máli þessu er vísað frá.

Reykjavík, 11. desember 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 460/2012**M****og****Vátryggingafélag v/bifreiðanna A og B****Árekstur 04.07. 2012 á gatnamótum Melteigs og Kirkjuteigs í Reykjanesbæ.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 18.10. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 05.10. 2012 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M ók bifreið A af kirkjuteigi inn á Melteig og lenti þá í árekstri við B sem ekið var eftir Melteigi.

M er ósammála afstöðu Tjónanefndar vátryggingafélaganna sbr. umfjöllun hans í gögnum málsins. Tjónanefndin lagði alla sök á A sem hafi átt að víkja fyrir umferð frá hægri.

Álit

Bifreiðinni A var ekið í hægri beygju inn á Melteig. Almennur umferðarréttur gildir á gatnamótunum og bar ökumanni A að víkja fyrir umferð frá hægri þ.á m. fyrir B.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á B miðað við fyrirliggjandi gögn.

Niðurstaða.

A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 20. nóvember 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 461/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. lögboðinnar ábyrgðartryggingar A
Árekstur, ágreiningur um líkamstjón, Orsakatengsl þ.19.2.2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.22.10.2012 ásamt fylgiskjölum 1-12
2. Bréf V dags. 8.11.2012.

Málsatvik.

Bifreið M var kyrrstæð við umferðarljós þegar A var ekið aftan á hana. M krefst bóta vegna líkamstjóns sem hann telur sig hafa hlotið við áreksturinn. Af hálfu M er hafnað niðurstöðu sem fengin er úr svonefndu PC-Crash forriti og vísar til læknisvottorða sem liggja fyrir í málinu um líkamstjón M, tilgreinda bandarískrar rannsóknar og norrænnar dómaframkvæmdar máli sínu til stuðnings. V hafnar bótaskyldu og segir að ekkert sjáanlegt tjón hafi orðið á bifreið M nema tjón á varadekksfestingu. Þá vísar V til rannsóknar Aksturs og Öryggis með svokölluðu PC Crash forriti sem sýni að um minni háttar árekstur hafi verið að ræða, en álitnið hefur ekki verið lagt fram við meðferð málsins. Af hálfu lögmans M er þó vísað til þess með sömu niðurstöðum. Þá bendir V á að M hafi haft bakverki allt frá 1990 og læknisvottorð Júlíusar Valssonar dags. 30.11.2011 feli ekki í sér neina sönnun enda sé læknirinn fenginn einhliða af lögmanni M. V hafnar því að orsakatengsl séu milli þeirra líkamlegu verkja sem M lýsir og árekstursins þ. 19.2.2010.

Álit.

Ljóst er að ákoma var mjög lítil á bifreið M við áreksturinn. Það sem fram kemur um ætlaðan hraða A og höggkraftinn vegna árekstursins benda til þess að um mjög litla ákomu hafi verið að ræða og hraði A hafi verið mjög lítill. Þess ber þó að geta að gögnin hafa ekki verið lögð fram í málinu og er það galli. En fram kemur bæði hjá lögmanni M og V samsvarandi tilvísun í niðurstöðuna. Þess ber einnig að geta að gagna um ökuhraða og annað því tengt er aflað einhliða af V þannig að varhugavert er að draga of víðtækar almennar ályktanir um sönnunargildi þeirra gagna þó þau veiti mikilvæga vísbendingu um málsatvik. Nokkrar en ekki tæmandi upplýsingar liggja fyrir um fyrri heilsufar M auk lýsinga á verkjum sem hún er haldin eftir áreksturinn. Í ljósi þeirra gagna sem liggja fyrir í málinu er vafi um orsakatengsl milli árekstursins og þeirra líkamlegu einkenna sem M lýsir sem afleiðingu árekstursins mjög mikill. M ber að sýna fram á að hún hafi orðið fyrir því tjóni sem hér um ræðir. Með vísan til fyrirliggjandi gagna telst M ekki hafa leitt nægar líkur að því að hafa orðið fyrir líkamstjóni sem rekja megi til notkunar A. M á því ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 20.11.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 462/2012

M
og
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.

Ágreiningur um bótaskyldu (orsakatengsl) vegna líkamstjóns af völdum
bifreiðaáreksturs.

Gögn.

179. Málskot, móttakið 22.10.2012, ásamt fylgigögnum.

180. Bréf X, dags 5.11.2012.

Málsatvik.

Hinn 19.2.2010 var bifreiðinni A ekið aftan á bifreiðina B sem M var farþegi í. Hinn 15.3.2011 leitaði M til heilsugæslulæknis vegna þreytuverkja í baki sem hún kvaðst rekja til árekstursins. Í símtali við lækinn 30.6.2011 kvartaði hún enn um slæmsku í mjóbakinu. Var hún þá send í röntgenrannsókn af mjóbakinu, en ekkert athugavert fannst við þá rannsókn. Þá leitaði M til gigtarlæknis 18.10.2011. Taldi læknirinn líklegt að áreksturinn í febrúar 2010 hafi valdið þeim einkennum sem hún þjáist af í mjóbakinu.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá X. X aflaði útreiknings fyrirtækisins D á hraða ökutækjanna og þeim þyngdarkrafti sem verkaði á ökutækin við áreksturinn. Í skýrslu D segir að sjáanlegar skemmdir á A eftir áreksturinn hafi verið brot í framhöggvara og beygla á vélarhlíf en á B hafi varadekkshlíf beyglast en að öðru leyti hafi ekki orðið skemmdir á henni. Er A talin hafa verið á 6 km hraða á klst. Þegar áreksturinn varð og B verið kyrrstæð. Þyngdarkraftur á A hafi verið 0,70 g og 0,80 g á B. X hafnaði bótaskyldu.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en M hafi fyrst leitað læknis rúmu ári eftir áreksturinn vegna þeirra einkenna sem hún telur að rekja megi til árekstursins. Læknisfræðileg gögn eru mjög takmörkuð og engin matsgerð liggur fyrir um líkamstjón M af völdum slyssins. Samkvæmt þessu og með vissri stoð í skýrslu D er ósannað að mjóbakseinkennum M verði rakin til árekstursins í febrúar 2010. Hún á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Reykjavík, 20. nóvember 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 463/2012**M****og****Vátryggingafélag v/frjálsrar ábyrgðartryggingar atvinnureksturs (J)****Vatnstjón 28.06. 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 19.10. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 13.11. 2012 ásamt fylgiskjöllum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vatn flæddi inn í íbúð M að Hringbraut upp um niðurfall í sturtu. Fullyrt er að losað hafi verið um stíflu að brunni fyrir utan húsið en stíflan var talin orsök lekans. J mun hafa sett viðkomandi brunn á tímabilinu 2009 til febrúar 2010 er unnið var við endurnýjun skolplagna.

Vátryggingafélagið hafnar bótakröfu M. Það telur ósannað að tjónið megi rekja til saknæmrar háttsemi J. J hafi fengið tæknifræðing sem nefndur er í gögnum málsins til þess að yfirfara greinargerð tiltekins byggingaverkfræðings um verk J sbr. fyrirliggjandi gögn. Bent er að er verki J lauk hafi einn af íbúum hússins lagt grunnlagnir sem tengdar eru inná lagnirnar frá J. Um er að ræða lagnir frá heinlætistækjum í nýju baðherbergi í fyrrverandi þvottahúsi í kjallaraíbúð. Efast er m.a. um að viðunandi halli hafi náðst sbr. gögn málsins. Vátryggingafélagið telur að ekki hafi verið sýnt fram á sök J. Ekki hafi verið gerð úttekt á þeirri vinnu sem gerð var í kjallaraíbúð tæplega hálfu ári eftir að vinnu J lauk. Félagið staðhæfir að vatn “flæddi upp um þær lagnir sem ekki voru lagðar af J og má því vel álykta að ekki sé nógu mikill halli á þeim lögnum” þrátt fyrir að öðru sé haldið fram. Félagið vísar til þess að það hafi fengið tvær umsagnir um verk J, “önnur umsögnin telur að tjónið megi rekja til vinnubragða þeirra við brunninn en hin umsögnin er í algjörrri andstöðu við þá fyrri og telur að ekki megi rekja tjónið til J”. Félagið telur að M hafi ekki sýnt fram á sök J og því geti sakarábyrgð ekki verið lögð á J samkvæmt meginreglum um sönnunarbyrði og sakarmat.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í gögnum málsins.

Álit

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa er ósannað að rekja megi vatnstjón M til sakar starfsmanna J. Ósannað er, líkt og vátryggingafélagið vísar til, hvað olli því vatnstjóni sem hér um ræðir. Breytir ekki framanrituðu þó fullyrt sé í gögnum málsins að Stíflupjónustan hafi grafið niður að brunni sem J setti og losað um stífluna.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 11. desember 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Sævar Þór Jónsson hdl.

Mál nr. 464/2012**M****og****Vátryggingafélag v/ábyrgðartryggingar verkstæðis B****Umferðaróhapp er ekið var á vör þann 23.07. 2012.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 22.10. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 06.10. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M kveðst hafa ekið bifreið sinni á vör sem stengdur hafði verið “út um verkstæðishurð þvert yfir heimkeyrslu og þar í bifreið sem stóð biluð..” sbr. nánar umfjöllun málskotsins.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Það hafi verið gáleysi að merkja ekki vörinn með varúðarmerkjum.

Vátryggingafélagið telur bótaskyldu ekki fyrir hendi sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. Félagið telur ósannað að B beri skaðabótaábyrgð á því að M ekið á dráttarvörinn sem um ræðir. Bæði vörinn og bifreiðin sem dregin var hafi átt að vera M sjáanleg að mati félagsins. Starfsmaður B hafi staðið á bifreiðastæðinu og veifað til M en M hafi ekki veitt honum athygli. M hafi “ekið hratt á bifreiðastæðinu og því sé atburðurinn og því sé atburðurinn að rekja til athafna hans sjálfs en ekki vanrækslu B”.

Álit

Með hliðsjón af takmörkuðum gögnum máls þessa er ósannað að rekja megi tjónsatburð máls þessa til vanrækslu starfsmanna B.

Niðurstaða.

B ber ekki skaðabótaábyrgð á tjónsatburði máls þessa.

Reykjavík 20. nóvember 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 465/2012
M og
Vátryggingarfélagið V v.Frjálsrar ábyrgðartryggingar O

Tjón á fasteign þegar heitt vatn frá hitaveitu fór á það þ. 22.8.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V dags.31.10.2012

Málsatvik.

Tjónamatsmaður V skoðaði Hellisgötu 32 í Hafnarfirði að ósk eiganda hússins vegna tjóns sem hann telur tilkomið vegna leka frá heitavatnslögn sem liggur frá húsinu Hraunbrún 2B sem er baka til við Hellisgötu 32. Tjónamatsmaður segir að mikill hiti hafi komið upp með sökkli hússins sem hafi verið orðinn mjög morkinn og hafi vatn lekið niður á frauðplast og einangrun bak við klæðningu. Plastparket var orðið upphleypt og að sögn hafði hitinn verið mikill í húsinu þar til að gert var við lögnina sem er í eigu O. M krefst bóta vegna tjónsins úr ábyrgðartryggingu O hjá V og bendir á að lögnin sem veldur tjóninu sé í eigu O. Eigandi hússins Hraunbrún 2 í Hafnarfirði segist hafa hringt í O um mánaðarmótin ágúst september 2011 til að tilkynna að þrýstifall hafi orðið í húsi hennar og við skoðun hafi komið í ljós að pípulögnin í húsinu var í lagi og engin breyting hefði orðið fyrr en lagfæringar hafi verið gerðar á heitavatnslögninni út í lóð mánaðarmótin júlí ágúst 2012. V hafnar bótaskyldu og segir að bilun hafi orðið á lögninni sem engum verði um kennt. O beri ekki hlutlæga ábyrgð á lögninni sem um ræðir og tjónið verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi af hálfu starfsmanna O. Þá kannast O ekki við kvörtun frá eiganda Hraunbrún 2B mánaðarmótin ágúst-september 2011, en kvörtun hafi komið frá eiganda Hraunbrún 2 vegna lítils þrýstings og hafi það verið lagað daginn eftir að kvörtun barst.

Álit.

Gögn málsins eru mjög takmörkuð. Eins og málið liggur fyrir þá hefur M ekki tekist að sanna að tjón á húsi M hafi orðið vegna saknæmrar háttsemi starfsmanna O eða öðrum sem O ber ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu O hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu O hjá V.

Reykjavík 20.11.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 466/2012**M****og****vátryggingafélagið X v/ starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna loftklæðningar sem hafði losnað.****Gögn.**

181. Málskot, móttækið 23.10.2012, ásamt fylgigögnum.

182. Bréf X, dags. 12.11.2012.

Málsatvik.

M eru eigendur íbúðarhúss í Reykjanesbæ. Í apríl 2011 kom í ljós að loftklæðning í húsinu var tekin að losna. Telja M að klæðningin hafi verið sett upp er V var byggingarstjóri á eigninni, en hann mun hafa látið af því starfi í nóvember 1999. Auk þess telja þau að V hafi ekki sinnt lögbundnum skyldum sínum sem byggingarstjóri og tjón þeirra af völdum þess að loftklæðningin hafi losnað sé því á ábyrgð V.

M hafa krafist bóta úr lögmælti starfsábyrgðartryggingu V hjá X vegna þess tjóns sem þau telja sig hafa orðið fyrir. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Í tjónstilkynningu M til X, dags. 4.4.2011, segir svo um tjónið: „Loftklæðningin er að losna byrjaði í holinu og svo í einu svefnherberginu og bendir allt til þess að þetta sé bara byrjunin.“ Engum frekari gögnum er til að dreifa um tjónið og orsakir þess. Engin gögn eru fyrir hendi sem sýna fram á að tjónið megi rekja til atvika sem V getur borið ábyrgð á sem byggingarstjóri meðan á byggingarframkvæmdum stóð. Við svo búið fæst tjón M ekki bætt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

Tjón M bætist ekki úr starfsábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 20 nóvember 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 467/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Frjálsrar ábyrgðartryggingar S

Maður slasaðist þegar stigi rann undan honum þ. 15.11.2009.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 23.10 ásamt fylgiskjölum 1-8
2. Bréf V dags. 9.11.2012.

Málsatvik.

M var við vinnu og var að fara ofan í kjallara í húsi þar sem hann vann við endurbyggingu og stækkun á húsinu. Þegar M ætlaði að fara niður stigann þá rann hann undan honum í bleytu af því er M segir með þeim afleiðingum að M féll og slasaðist. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu S sem var aðalverktakinn á vinnusvæðinu og segir að starfsmenn S hafi séð um að koma stiganum fyrir og beri ábyrgð á honum, en stiginn hafi ekki verið festur í umrætt sinn. M var starfsmaður annars félags en S þegar slysið varð, en M telur að það hafi verið í verkahring S að sjá um að tilkynna slysið til lögreglu og vinnueftirlits, en það var ekki gert. V hafnar bótaskyldu og telur að slysið megi rekja til óhappatilviljunar og/eða aðgæsluleysis M og til vara telur V að lækka eigi bætur til M vegna eigin sakar verði talið að M eigi rétt á bótum. V segir að M sé eigandi annars félags en S sem var að vinna við húsið. Stiginn sem um ræðir sé í eigu S og hafi hann ekki verið fastur en ekki vanbúinn að öðru leyti. V segir engan ágreining um atvik málsins. Ágreiningur í málinu segir V vera hvort S hafi borið ábyrgð á því að stiginn væri festur og telur V að M beri a.m.k. jafn ríka ábyrgð og S að gengið væri frá stiganum með tryggilegum hætti. Þá bendir V á að bæði eigandi S og M hafi mikla og langa reynslu af byggingarstarfsemi og fráleitt að M gæti gengið út frá því að S bæri alfarið ábyrgð á öryggi á vinnustað. V segir að í tilviki M og S þá sé ekki um samband starfsmanns og vinnuveitanda að ræða heldur samband tveggja jafnsettra fagmanna. Af þeim sökum segir V hafi það verið á ábyrgð M að ganga úr skugga um öryggi stigans áður en notkun hans hófst. Í ódagsettri yfirlýsingu Sæbjörns Vigfússonar kemur fram að slys M hafi orðið með þeim hætti sem hann lýsir og það hafi verið í verkahring S að festa stigann en það hafi gleymst. Í yfirlýsingu Hafþórs Þorbergssonar dags. 23.8.2012 að slysið hafi orðið með þeim hætti að stiginn hafi raunnið undan M og hann fallið niður með stiganum.

Álit.

Ekki er ágreiningur um málsatvik. Það er hins vegar ágreiningur um það hvort það var á ábyrgð S fremur en M að festa stigann sem um ræðir. Gögn málsins upplýsa ekki nægjanlega vel með hvaða hætti var staðið að framkvæmdum í húsinu sem um ræðir þá sérstaklega í kjallaranum sem M var á leið í þegar slysið varð. Þá liggja ekki fyrir fullnægjandi gögn sem sanna að það hafi verið á ábyrgð S að festa stigann sem um ræðir frekar en M. Ein ódagsett og óvottfest yfirlýsing einstaklings sem ekkert liggur fyrir um hvernig tengist málinu og aðilum, liggur fyrir í málinu. Í þessari yfirlýsingu segir að það hafi verið í verkahring S að festa stigann. Slík yfirlýsing ein og sér getur ekki talist fullnægjandi sönnun um ábyrgð S. Miðað við fyrirliggjandi gögn er því ekki nægjanlega sannað að það hafi verið á ábyrgð S frekar en tjonþola að festa umræddan stiga. Af þeim ástæðum verður ekki kveðið á um að M eigi rétt á bótum miðað við fyrirliggjandi gögn.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu S hjá V.

Reykjavík 11.12.2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 468/2012

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B
og
vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.

Árekstur á Hringveginum í Eyjafirði til móts við bensínstöð Atlantsolíu þann
27.3.2012.

Gögn.

183. Málskot, móttakið 23.10.2012, ásamt fylgigögnum.
184. Bréf Y, dags. 12.11.2012, ásamt fylgigögnum.
185. Bréf X, dags 20.11.2012.

Málsatvik.

Bifreiðunum A og B var ekið suður Hringveginn (Hörgárbraut) og var A ekið á undan B. Til móts við þjónustusvæði Atlantsolíu var A beygt til vinstri með fyrirhugaðan akstur til norðurs eftir aðrein að þjónustusvæðinu sem er staðsett austan Hringvegarins. Í sömu andrá var B ekið áleiðis fram úr A vinstra megin og rákust þá saman vinstra framhorn A og hægri hlið B.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á mjög litlum hraða og gefið stefnuljós til vinstri. Er hann hafi verið byrjaður að taka beygjuna hafi B verið ekið fram úr A og árekstur orðið.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á eftir A á 40-50 km hraða á klst., er allt í einu hafi verið dregið úr hraða A og stefnumerki gefið. Taldi ökumaðurinn að ökumaður A hafi ætlað að hleypa sér fram úr. Er hann hafi verið kominn upp að hlið A hafi henni verið beygt í veg fyrir sig og árekstur orðið. Ökumaðurinn kvaðst ekki geta sagt til um í hvora átt stefnumerki var gefið á A. Í síðari skýrslum hefur ökumaður B látið þess getið að A hafi verið sveigt til aðeins út í hægri kant áður en henni var beygt til vinstri.

Álit.

Ökumaður A kvaðst hafa gefið stefnumerki til vinstri áður en hann beygði í átt að aðreininni að þjónustusvæði Atlantsolíu austan vegarins. Ökumaður B kvaðst hafa séð að ökumaður A hafi gefið stefnumerki, en gat ekki sagt til um í hvora áttina það var gefið. Eins og mál þetta liggur fyrir verður að telja sannað að ökumaður A gefið stefnumerki til vinstri áður en hann beygði. Þá á síðari staðhæfing ökumanns B um að A hafi verið sveigt að hægri vegkanti áður en henni var beygt til vinstri ekki stóð í gögnum málsins að öðru leyti. Hún telst því ósönnuð. Skv. 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal aka vinstra megin fram úr öðru ökutæki. Þó skal aka hægra megin fram úr ökutæki ef ökumaður þess beygir til vinstri eða undirbýr greinilega vinstri beygju. Akstur ökumanns B vinstra megin fram úr A í umrætt sinn var því óheimill og verður áreksturinn rakinn til þess. Ekki verður séð að áreksturinn verði rakinn til aksturslags ökumanns A eða annarra atvika sem hann ber ábyrgð á. Eru því ekki efni til að leggja sök á hann. Öll sök á árekstrinum verður því lögð á ökumann B.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann B.

Reykjavík, 19. desember 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 469/2012**M****og****Vátryggingafélag v/frjálsrar ábyrgðartryggingar sveitarfélags (V)****Óhapp þegar M hjólaði á keðju við innkeyrslu að tjaldstæði 26.06. 2012.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 24.10. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 29.10. 2012 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M mun hafa hjólað á reiðhjóli að tjaldstæði. Keðja hafði lokað veginum að tjaldstæðinu.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í gögnum málsins. Ekki hafi mátt búast við að vegurinn væri lokaður með keðju. Vanræskla sé fyrir hendi, keðjan hafi verið ómerkt og vandséð. Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Félagið telur að lokun vegarins með umræddri keðju hafi verið “vel greinileg og því ekki unnt að fallast á að lokun sé vandséð, ómerkt eða samlit vegi”. Hér hafi verið um óhappatilvik að ræða sem V sem veghaldari ber ekki skaðabótaábyrgð á.

Álit

Óhappið varð að degi til um kl. 13. Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaábyrgð skv. þeirri vátryggingu sem hér um ræðir. Ósannað er að rekja megi óhappið til vanrækslu V eða starfsmanna hans. Verður að telja að keðjan hafi mátt vera greinileg hverjum þeim sem hjólar varlega og hugar að því sem framundan er.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 20. nóvember 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 470/2012
M v. ófjárráða dóttur sinnar
og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar sveitarfélagsins S

Stúlka handleggsbrotnaði þegar hún stökk úr rólu á leikvelli. þ. 28.9.2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 24.10.2012 ásamt fylgiskjölum 1-15
2. Bréf V dags. 6.11.2012 ásamt ljósmyndum

Málsatvik.

Dóttir M var við leik á útivistarsvæði við skóla sinn og var að róla í dekkjarólu og hoppa úr rólunni. Í málskoti segir að stúlkan hafi fípast eitthvað þar sem hún datt á jörðina og lenti á vinstri handlegg með þeim afleiðingum að hann brotnaði. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu S sem er sveitarfélagið sem rekur umræddan skóla og telur að undirlag við róluna sé mjög gróf möl. M telur að um vanbúnað hafi verið að ræða vegna þessa sem leiði til skaðabótaábyrgðar S á slysinu á grundvelli sakarreglunnar og ólögmætri háttsemi S þar sem S hafi sýnt af sér vanrækslu þar sem S hafi ekki bætt úr þekktum vanbúnaði leiksvæðisins. Þá segir M að S hafi ekki stuðlað að því að slysið og tildrög þess væri rannsakað. Þá byggir M á því að S beri ábyrgð á húsnæði og aðstæðum öllum sem ætluð séu nemendum og vísar m.a. í 5.gr. grunnskólalaga nr. 91/2008 sem og 1.mgr. 13.gr. laganna og reglugerð 657/2009 um búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða. Þá vísar M einnig til reglugerðar 942/2002 og aðalskoðun BSI á Íslandi árin 2009 og 2010. M telur að fall stúlkunnar hafi verið harðara vegna þess að undirlag rólunnar var ekki sem vera skyldi og telur líklegt að grjótt hafi orðið undir hendi stúlkunnar og stuðlað að alvarleika áverkans. V hafnar bótaskyldu og segir að bein orsakatengsl verði að vera á milli tjóns og þeirrar háttsemi sem haldið sé fram að sé saknæm og ólögmæt af hálfu S svo að til bótaskyldu hans geti komið. Þannig segir V að ekki sé nóg að sýna fram á að einhver vanbúnaður sé til staðar á skólalóð S ef líkamstjónið verði ekki rakið til þess eða hefði átt sér stað þó aðstæður hefðu verið með öðrum hætti. V segir að rólur þær sem um ræði séu af hefðbundinni gerð og ekkert athugasemdir við þær. Þá segir V að ómögulegt sé að leiða það í ljós við rannsókn eða skoðun á staðnum í kjölfar slyssins að annað undirlag við rólurnar hefði orðið til þess að stúlkan hefði ekki handleggsbrotnað eftir stökkið úr rólunni. Þá bendir V á skýrslu BSI á Íslandi vegna skounar 16.6.2010 og vísar til skýrslu heilbrigðisfulltrúa og annarra gagna málsins og telur að orsakatengsl milli óhappsins og aðbúnaðar á skólalóð S séu ósönnuð.

Álit.

Í læknisvottorði Arnar Ragnarssonar læknis dags. 18.1.2011, sem skoðaði stúlkuna sama dag og slysið varð kemur fram að stúlkan hafi dottið úr rólu og lent með vinstri handlegginn undir sér og sjáist strax aflögun á handleggnum rétt ofan við olnboga. Ekki er frekar rætt um orsök handleggsbrotsins í umræddu læknisvottorði. Í bréfi heilbrigðisfulltrúa á staðnum dags. 27.12.2011 segir að nokkuð nákvæm aðalskoðun BSI á Íslandi sem fór fram þ. 16. júní 2010 á leiksvæði og leiktækjum við umræddan skóla og þar hafi komið fram fjölmargar athugasemdir og síðan segir

”en þær sem snúa að málinu eru að dekk í rólum hafi verið ónýtt, en ekki er greint frá fallundirlagi.”

Heilbrigðisteftirlitið staðfestir að undirlag leikvallarins sé þjappaður jarðvegur og gróf mól.” Síðan segir í bréfi heilbrigðisfulltrúans, að óvíst sé að undirlagið sé orsök alvarleika slyssins.

Í málinu liggur ekkert fyrir um sýnir fram á orsakatengsl milli slyss stúlkunnar og aðstæðna eða vanbúnaðar á lóð skóla S sem hér ræðir um. Ekki hefur verið sýnt fram á að saknæmur vanbúnaður hafi verið til staðar á frágangi lóðar þar sem stúlkan datt eða jarðvegurinn þar sem stúlkan féll hafi verið þess valdandi eða meðvaldandi að hún handleggsbrotnaði. Þegar af þeim ástæðum á M ekki rétt á bótum fyrir hönd ófjárráða dóttur sinnar úr ábyrgðartryggingu S hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna ófjárráða dóttur sinnar úr ábyrgðartryggingu S hjá V

Reykjavík 20.11.2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 471/2012**M****og****Vátryggingafélag v/bifreiðanna A og B****Árekstur á Smiðjuvegi 14.09. 2012.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 24.10. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 20.11. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Áreksturinn varð við gatnamót við Smiðjuvegi. Ökumaður B kvaðst hafa ekið eftir Smiðjuvegi þegar A hafi verið ekið í veg fyrir sig. 24 metra hemlaför voru eftir B.

Vátryggingafélagið telur, líkt og tónanefnd vátryggingafélaganna, að skipta skuli sök þannig að A beri 2/3 hluta sakar þar sem hann hafi ekki virt biðskyldu og ökumaður B skuli bera 1/3 hluta sakar því hemlaför benda til þess að bifreiðinni hafi veirð ekið töluvert yfir leyfilegum hámarkshraða, sem er 50 km/klst.

M telur að áreksturinn hafi eingöngu orðið vegna mikils ökuhraða B.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum, þ.á m. ákomu á bifreiðunum, þykir rétt að skipta sök þannig að A beri 2/3 hluta sakar þar sem hann hafi ekki virt biðskyldu og ökumaður B beri 1/3 hluta sakar því hemlaför benda til þess að bifreiðinni hafi veirð ekið töluvert yfir leyfilegum hámarkshraða sem er 50 km/klst.

Niðurstaða.

A beri 2/3 hluta sakar og ökumaður B 1/3 hluta sakar.

Reykjavík 19.12. 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 473/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Forfallatryggingar

Krafa um bætur vegna þess að kona komst ekki í ferð til útlanda þ. 27.6.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 25.10.2012 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V dags. 30.11.2012 ásamt fylgiskjölum 1-6

Málsatvik.

M var með forfallatryggingu hjá V og fór ekki í ferð þ.27. júní 2012, sem hún hafði pantað vegna forfalla. M krefst bóta vegna forfalla og hafnar því að hún hafi ekki verið ferðafær vegna þess að hún sé með gangráð og segist M hafa ferðast út um allan heim eftir að hún fékk gangráðinn. M segir að fjölskyldumál hafi haft mikil áhrif á andlegt og líkamlegt atgervi hennar dagana fyrir brottför, en báðar mágkonur hennar hafi látist um þær mundir. V hafnar bótaskyldu og segir að M hafi glímt við hjartavandamál þegar staðfestingargjald vegna ferðarinnar var greitt og ekki séu komin fram gögn af hálfu M sem sýni fram á annað en að hún hafi verið haldin þeim veikindum sem M þjáðist af þegar staðfestingargjald var greitt vegna ferðarinnar. V vísar til greinar 7.2.1. vátryggingaskilmála í því sambandi.

Álit.

Í tjónstilkynningu segir að M hafi verið óferðafær um lengri tíma vegna hjartasjúkdóms. Í vottorði Ásgeirs Arnar Jónssonar læknis segir að M hafi ekki komist í umrædda ferð vegna hjartavandamála. Í málskoti gerir M hins vegar lítið úr því. Í vottorði Jóns V. Högnasonar hjartalæknis dags. 19.9.2012 segir að hann kannist ekki við að M hafi haft neinn þann hjartasjúkdóm sem hindri M í ferðalögum. Sama segir M raunar í málskoti. Af vottorði Gests Þorgeirssonar hjartalæknis frá 4.9.2012 kemur ekki fram að verulegar breytingar hafi orðið skyndilega á heilsufari M. Þá liggur fyrir að þegar M greiddi staðfestingargjald vegna ferðarinnar þá voru kunn heilsufarsvandamál hennar. M á því ekki rétt á bótum úr forfallatryggingu sinni hjá V sbr. grein 7.2.1. í vátryggingaskilmálum.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr forfallatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 19.12.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 476/2012

M
og
vátryggingafélagið X v/ slysatryggingar í frítíma.

Ágreiningur um gildissvið slysatryggingar.**Gögn.**

186. Málskot, móttakið 26.10.2012, ásamt fylgigögnum.

187. Bréf X, dags 14.11.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M hefur í gildi fjölskyldutryggingu hjá X sem felur m.a. í sér sérstaka slysatryggingu sem bætir líkamstjón af völdum slysa sem verða í frítíma. Hinn 18.2.2012 var M að æfa blak er hún varð fyrir meiðslum á hægri öxl. Í tjónstilkynningu til X, dags. 3.5.2012, lýsti hún atvikinu svo: „Var að spila blak, ætlaði að smassa yfir netið með hægri hendi, en fékk langa sendingu bolta utan vallar, stökk upp og teygði mig aftur til að ná boltanum, en þá small eitthvað í hægri öxlinni.“ Í lok apríl leitaði M til læknis. Við læknisrannsókn mun hafa komið í ljós áverki á sin og vöðva. Þurfti M að gangast undir aðgerð á öxlinni.

M hefur krafist bóta úr slysatryggingunni hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu. Telur félagið að áverkinn sem M hlaut á öxlinni teljist ekki hafa orðið af völdum skyndilegs utanaðkomandi atburðar eins og áskilið er svo um slys geti verið að ræða í skilningi vátryggingarskilmála. M hefur ekki fallist á afstöðu X.

Álit.

Samkvæmt 2. gr. í skilmálum þeim sem um slysatrygginguna gilda greiðir félagið nánar tilgreindar bætur vegna slyss sem vátryggður verður fyrir m.a. í frístundum. Þá segir að með orðinu slys sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans. Við meiðsl á útlimum er þess þó eingöngu krafist að um skyndilegan atburð sé að ræða sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en áverkinn sem M hlaut sé bundinn við hægri öxl hennar. Er því ekki um að ræða meiðsl á útlím, þ.e. í þessu tilviki handlegg hægri handar eða nánar framhandlegg að olnboga eða upphandlegg frá olnboga að öxl. Meiðslin verða því að hafa orðið við skyndilegan utanaðkomandi atburð. Eins og M lýsti atvikinu teygði hún sig aftur til að ná blakboltanum en þá small eitthvað í öxlinni. Meiðslin urðu því ekki af völdum utanaðkomandi atburðar. Af því leiðir að ekki hefur verið um slys að ræða í skilningi vátryggingarskilmálanna og bætist ekki úr vátryggingunni.

Niðurstaða.

Meiðsl M á hægri öxl bætast ekki úr frítímaslysatryggingu hjá X.

Reykjavík, 11. desember 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 477/2012**M****og****Vátryggingafélagið Y v/A****og****Vátryggingafélagið X v/B – bifhjól****Umferðaróhapp á Suðurlandsvegi við Skeiðarveg Selfossi 07.07. 2012,
álitaefnið hvort A hafi ekið í veg fyrir B.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 25.10. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 22.11. 2012.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 07.11. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ökumaður B ók bifhjóli sínu um Suðurlandsveg, hann missti stjórn á bifhjólinu og féll í götuna. Hann telur að A hafi ekið í veg fyrir B og/eða truflað þannig akstur B þannig að tjónsatburður máls þessa varð sbr. fyrirliggjandi gögn.

Vátryggingafélag A er sammála Tjónanefnd vátryggingafélaganna sem telur ósannað að A hafi verið ekið inn á Suðurlandsveg af Skeiðarvegi í veg fyrir B.

Vátryggingafélag B telur nægjanlega sýnt fram á að A skuli bera hluta ábyrgðar vegna máls þessa sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum þ.á m. frásögn vitnis, er ósannað að A hafi verið ekið í veg fyrir B eða verið orsakavaldur að því að ökumaður B féll af bifhjólinu.

Það var óheppilegt, en breytir ekki framanrituðu, að ökumaður A færði bifreið sína úr stað þrátt fyrir slysið. Hefði hann ekki gert það hefði það vissulega varpað fyllra ljósi á hvort bifreiðin A hafi verið komin inn á Suðurlandsveg.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ekki ábyrgð á því að ökumaður B missti stjórn á bifhjóli sínu.

Reykjavík 19.12. 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 478/2012**M****og****Vátryggingafélag v/ábyrgðartryggingar sveitarfélags (K)****Skemmdir á bifreið sem ekið var í holu á vegi þann 03.09. 2012. Ágreiningur um bótaskyldu.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 22.10. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 15.11. 2012 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M mun hafa ekið bifreið sinni eftir Dalvegi í Kópavogi. Dekkjabúnaður bifreiðarinnar skemmdist er ekið var ofan í holu á veginum. Gerð er grein fyrir skemmdum í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Félagið telur ósannað að starfsmenn K hafi vitað um vegskemmdina og ekki gert ráðstafanir. Orsök tjónsins verði ekki rakin til saknæmrar og ólögmatrar háttsemi J.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í gögnum málsins.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu vegna þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ósannað er að K (vátryggingartaki) eða starfsmenn hans hafi sýnt vanrækslu er leitt getur til bótaábyrgðar, miðað við takmörkuð gögn máls þessa.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 11. desember 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 479/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. A og B

Árekstur bifreiða í Þóristúni á Selfossi þ. 26.9.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.29.10.2012 ásamt fylgiskjölum 1-4.
2. Bréf V dags. 13.11.2012 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.

B var ekið á undan A eftir Þóristúni og beygði ökumaður B til vinstri inn að bifreiðastæði á sama tíma og A var ekið fram með B þannig að árekstur varð með bifreiðunum. Ökumaður A segir að B hafi verið stopp hægra megin við miðlínu vegar og hafi hún ekki séð stefnuljós eða merki um að ökumaður B ætlaði að beygja og því ekki séð neina fyrirstöðu og ekið áfram og reynt að beygja til vinstri þegar hún sá að B var að beygja í þá átt. Ökumaður A segist hafa gefið stefnuljós og verið að beygja til vinstri þegar hún hafi ekið á A, en hún hafi aldrei orðið hans vör fyrr en hann var komin upp að hlið B.

Álit.

Ökumaður B beygði til vinstri og segist hafa gefið stefnuljós áður en hún beygði. Ökumaður B gætti ekki nægjanlega vel að umferð áður en hún beygði til vinstri í veg fyrir A sem hafði hafið framúrakstur. Ökumaður B ber því megin sök á árekstrinum sbr. 2.mgr. 15.gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Ökumaður A sýndi ekki nægjanlega aðgæslu þegar hann hóf framúrakstur og ber því einnig sök á árekstrinum. Við mat á sakarskiptingu þykir rétt að A beri 1/3 sakar og B beri 2/3 sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 1/3 sakar og ökumaður B bere 2/3 sakar.

Reykjavík 11.12.2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 480/2012
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingafélagið V-2 v. B

Árekskur bifreiða í Grindavík þ. 12.10.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.29.10.2012 ásamt fylgiskjölum 1-2
2. Bréf V-1 dags. 22.11.2012
3. Bréf V-2 dags. 20.11.2012
4. Bréf ökumanns A dags. 2.11.2012.

Málsatvik.

A ók á undan B inn íbúðagötu og ætlaði ökumaður A að beygja til vinstri og segist hafa gefið stefnuljós og verið kominn í beygjuna þegar B var ekið framúr A og lent á vinstra framhorninu. Ökumaður A tekur fram að hámarkshraði í götunni séu 30 km. Ökumaður B segist hafa ekið á eftir A þegar hægt hafi verið á bifreiðinni og hún talið að A væri að beygja til hægri þar sem ekki hafi verið gefið stefnuljós og því hafi hún ekið framúr, en þá hafi A verið beygt til vinstri í veg fyrir B.

Álit.

Ökumenn greinir á um það hvort ökumaður A hafi gefið stefnuljós áður en hann beygði. Ökumaður A beygði til vinstri án þess að gæta að umferð sem á eftir kom og ber hann meginsök á árekstrinum sbr. 2.mgr. 15.gr. sbr.16.gr umferðarlaga nr. 50/1987, en þar er sú skylda lögð á ökumann sem ætlar að beygja að hann gangi úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra sem fara í sömu átt. Ökumaður B ók eftir íbúðargötu þar sem hámarks hraði er 30 km., án þess að sýna nægjanlega varkárni við framúrakstur og ber því nokkra sök á árekstrinum. Við mat á sakarskiptingu þykir rétt að ökumaður A beri 2/3 sakar en ökumaður B beri 1/3 sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 2/3 sakar og ökumaður B ber 1/3 sakar.

Reykjavík 19.12.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 483/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Ábyrgðartryggingar H

Þakplötur fuku af þaki húss og lentu á hjólhýsi og ollu tjóni þ. 10.4.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. ásamt fylgiskjölum
2. Bréf V dags. 17.12.2012 ásamt fylgiskjölum 1-12.

Málsatvik.

Mikinn vind gerði á suð-vesturluta landsins þar á meðal Akranesi þ.10.4.2011 þegar umrætt tjón varð. Um kl. 17 þann dag fuku þakplötur af fasteigninni H og lentu á hjólhýsi M og ollu tjóni á því. M krefst bóta og telur sig ekki eiga að greiða sjálfsábyrgð vegna tjónsins og telur að ábyrgðartrygginga húseignarinnar H eigi að bæta tjónið. M segir að ekkert aftakaveður hafi verið þegar tjónsatburðurinn átti sér stað en þakklæðning á H hafi verið fúin og laus frá grind og engir lausamunir hafi verið að fjúka þegar þetta gerðist. M hafnar bótaskyldu úr ábyrgðarlið húseigendatryggingar eiganda H, en tjón M er bætt úr vagnatryggingu M, en M telur sig eiga að fá fuller bætur eins og að framan greinir úr ábyrgðartryggingu H. V telur að eigandi H sé ekki skaðabótaskyldur vegna tjónsins. Vonskuveður hafi verið og vindhviður við höfnina á Akranesi hafi farið í 27-40 m á sekúndu á milli kl. 14 og 17 tjónsdaginn. Eigandi H segist ekki hafa vitað til að þakið væri svo illa farið að hætta stafaði af því. V telur ekki unnt að fullyrða að fokið megi rekja til bágborins ástands þaks. V hafnar því að úrskurðarnefnd fjalli um ágreining um fjárhæð bóta og vísar til 3.gr. samþykktu Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum í því sambandi.

Álit.

Af gögnum Veðurstofu sem lögð hafa verið fram liggur fyrir að mjög hvasst var umræddan dag. Ekki liggja fyrir gögn um vanbúnað á þaki H eða sá vanbúnaður hafi verið fyrir hendi hafi ollið því að þakplötur fuku af H. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu H hjá V. Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum hefur ekki heimild til að úrskurða um bótafjárhæðir nema með samþykki beggja aðila sbr. 3 samþykktu Úrskurðarnefndarinnar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu H hjá V.

Reykjavík 15.1.2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 484/2012**M****og****Vátryggingafélag v/slysatryggingar ökumanns****Ágreiningur um bótaskyldu vegna meiðsla við vélsleðaakstur í mars 2010.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 01.11. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 18.11. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Varðandi slys frá 17.04. 2010 sem getið er í málskotinu þá upplýsir vátryggingafélagið efnislega að það mál sé í vinnslu. Félagið telur óþarft á þessu stigi að úrskurðarnefndin fjalli um það mál því ágreiningur sé ekki fyrir hendi heldur varðar hann afleiðingar og ljóst að sá hluti málsins er ennþá til skoðunar.

Varðandi slysamál frá 23.08. 2010 þá hefur félagði ekki staðfest bótaskyldu vegna þessa máls þar sem félaginu hefur aðeins borist áverkavottorð en ekki önnur gögn. Félagið hefur ekki tekið afstöðu til bótaskyldu. Bótaskyldu hafi ekki “formlega verið hafnað”. Félagið telur óþarft a.m.k. á þessu stigi að fjallað verði um málið hjá nefndinni.

Félagið telur að svo virðist í báðum ofangreindum tilvikum hafi verið um einvhern misskilning að ræða milli lögmanns M og félagsins. Félagið kveðst ætla að vera í sambandi við lögmann M vegna þessa.

Félagið vísar síðan í umfjöllun sinni að ágreiningi aðila vegna slysamálsins frá því í mars 2010 (19. eða 20.2010). Félagið kveðst hafa tekið afstöðu til bótaskyldu út frá fyrirliggjandi gögnum í upphafi málsins. Ekkert í þeim gögnum hafi gefið til kynna annað en að M hafi orðið fyrir slysi í tengslum við notkun ökutækis í skilningi umferðarlaga. Síðan hafi fyllri upplýsingar borist sem hafi gefið félaginu tilefni til að hafna bótaskyldu sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. Félagið telur ósannað að M hafi lent í því tilviki sem hún lýsir í tjónstilkynningu og þannig ekki sýnt fram á að hún hafi slasast við noktun ökutækis þann 19.03. 2010 eða 20.03. 2010. Félagið vísar m.a. til þess að “hvergi kemur beinlínis fram í vottorðum að M hafi velt sleða sínum þann 19.03. 2010 eða 20.03. 2010. né hafi hún fallið af honum eða nokkuð annað gerst með slíkum hætti....” Félagið telur ekki forsendur til annars en að hafna bótaskyldu úr slysatryggingu ökumanns þar sem ósannað er að M hafi lent í bótaskyldu slysi í mars 2010.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í gögnum málsins.

Í tjónstilkynningu M vegna atviksins í mars 2010 segir M “Velti sleða í snjócrosskeppni og flaug mjög illa af sleðanum. Þetta eru 2 atvik sem áttu sér stað í sömu keppni. Ég lenti mjög illa í báðum tilvikum.”

Álit

Með hliðsjón af nefndri umfjöllun vátryggingafélagsins mun nefndin einungis fjalla um ágreining um hvort M hafi sýnt fram á að hún hafi lent í óhappi sem hún greinir frá í tjónstilkynningu, dags. 12.05. 2010.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu vegna þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ósannað er að M hafi lent í óhappi á sleða í mars 2010. Athygli vekur að engir sjónarvottar staðfesta fullyrðingu M um að hún hafi lent í því óhappi sem greinir í nefndri tjónstilkynningu.

Viðurkenning váttryggingafélagsins á bótaskyldu á fyrri stigum málsins, sem endurmetin var að fengnum viðbótarupplýsingum, breytir ekki ofanrituðu.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 19. desember 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Halldrímisdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 485/2012**M****og****Vátryggingafélag v/heimilistryggingar****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á síma sem settur var með þvotti í þvottavél
þann 05.09. 2012.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 02.11. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélags til nefndarinnar, dags. 19.11. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það vísar til ákvæðis skilmála þar sem fram kemur að tjónið skal eiga rætur að rekja til skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks á vátryggingatímabilinu. Félagið getur ekki fallist á að það skilyrði sé uppfyllt. Ljóst sé að síminn sem um ræðir hafi verið í nokkurn tíma í vélinni á meðan hún var í gangi og því ekki um skyndilegt atvik að ræða. Þá lítur félagið svo á að það að sími sé lagður í rúmföt sem eru síðan tekin saman og sett inn í þvottavél geti ekki talist til ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks. Gera verði þá kröfu til vátryggðs að ganga úr skugga um að ekkert sé í þvotti sem ekki má fara inn í þvottavél áður en hún er sett í gang. Félagið telur að jafnvel þó að um skyndilegt og ófyrirsjáanlegt utanaðkomandi atvik hafi verið að ræða þá bendir félagið á að samkvæmt skilmálum bætir félagið ekki tjón sem verður þegar vátryggður gleymir hlut, misleggur eða týnir. Líta megi svo á að það að síminn hafi legið í rúminu en síðan endaði í þvottavél með rúmfötum geti flokkast undir framanritaða undanskilda áhættu.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur M, gegn neitun vátryggingafélagsins, ekki sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ekki hefur verið sýnt fram á að rekja megi tjónsatburð máls þessa til skyndilegs utanaðkomandi atviks í skilningi þeirra skilmála sem hér um ræðir.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 19.12. 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 488/2012**M****og****Vátryggingafélag v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs (T)****Ágreiningur um viðgerð á bátsvél.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 06.11. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 20.12. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu. Hann telur að viðgerð hafi verið áfátt. Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það vísar til þess að M hafi farið “með sundurtekna bátsvél” í viðgerð til T og ætlaðist til þess að vélin yrði sett saman. M hafi verið ljóst frá upphafi að viðgerðin myndi taka lengri tíma en ætlað var. M hafi sjálfur séð um útvegum varahluta. Félagið telur að T geti hvorki tekið ábyrgð á þeim varahlutum sem M kom með né leyndum göllum sem mögulega voru til staðar áður en vélin kom til viðgerðar. Ekki hafi verið sýnt fram á að meintur olíuleki, skemmd á legum og ónothæfni vélar sé að rekja til saknæmrar háttsemi T. Ekki hafi verið sýnt fram á orsakatengsl milli vinnu T og þeirra skemmda sem M vísar til.

Álit

Fyrirliggjandi gögn eru mjög takmörkuð.

Þegar tekið er mið af framanrituðu og fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Orsakatengsl milli vinnu T við vélinu og þess tjóns sem M telur sig hafa orðið fyrir eru ósönnuð.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 22. janúar 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 489/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar A

Árekstur og orsakatengsl vegna líkamstjóns þ. 23.10.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.6.11.2012 ásamt fylgiskjölum 1-13
2. Bréf V dags. 23.11.2012 ásamt fylgiskjölum 1-8.

Málsatvik.

M var farþegi í bifreið sem A bakkaði á þ.23.10.2011 þannig að stuðari rispaðist og færðist til. M leitaði til læknis fjórum dögum síðar og segir læknirinn M hafa orðið fyrir hálsnykk í umræddum árekstri og verið slæmur af verkjum í hnakka og herðum og niður eftir hryggsúlu eftir slysið. Þá segir í læknisvottorðinu að M hafi ekki leitað til læknisins vegna stoðkerfisvandamála fyrir umrætt umferðaróhapp. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V og segir orsakatengsl milli tjónsatburðarins og meiðsla M jafnvel þó ekki hafi verið merkt við í tjón á fólki í slysinu. Þá dregur M skýrslu Aðstoðar og Öryggis ehf. úr forritinu PC Crash ekki hafa sönnunargildi. V hafnar bótaskyldu og bendir á að ekki sé merkt við slys á fólki í tjónstilkynningu, lítið tjón hafi orðið á bifreiðinni sem M var farþegi í og mat læknis M byggja á frásögn hans en engum hlutlægum gögnum um eðli árekstursins. Þá vísar V til skýrslu Aðstoðar og Öryggis byggða á PC Crash forritinu þar sem fram kemur að árekstur hafi ekki verið harður eða höggþungi mikill við áreksturinn. Þá bendir V á að M þurfi að sanna tjón sitt og bótagrundvöllur sé fyrir hendi en það hafi M ekki gert.

Álit.

Takmörkuð læknisfræðileg gögn liggja fyrir í málinu og ljóst er að ákoma var mjög lítil á bifreið M við áreksturinn. Gögn um ætlaðan hraða A og höggkraftinn vegna árekstursins benda til þess að um mjög litla ákomu hafi verið að ræða og hraði A hafi verið mjög lítill. Þess ber þó að geta að gagna um ökuhraða og annað því tengt er aflað einhliða af V þannig að varhugavert er að draga of víðtækar almennar ályktanir um sönnunargildi þeirra gagna þó þau veiti mikilvæga vísbendingu um málsatvik. Nokkrar en ekki tæmandi upplýsingar liggja fyrir um fyrra heilsufar M. Í ljósi þeirra gagna sem liggja fyrir í málinu er vafi um orsakatengsl milli árekstursins og þeirra líkamlegu einkenna sem M lýsir sem afleiðingu árekstursins mjög mikill. M ber að sýna fram á að hún hafi orðið fyrir því tjóni sem hér um ræðir. Með vísan til fyrirliggjandi gagna telst M ekki hafa leitt nægar líkur að því að hafa orðið fyrir líkamstjóni sem rekja megi til notkunar A. M á því ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 19.12.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 490/2012
M og
V v. Kaskó ökutækja tryggingar A

Hurð á bíl skemmdist þegar hún var opnuð þ. 22.8.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.6.11.2012 ásamt fylgiskjölum 1-3.
2. Bréf V dags. 19.11.2012 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.

M segir að farþegi í A hafi opnað farþegahurð áður en A hafði stöðvað og vindstrengur meðfram fjalli sem bifreiðin var við og skriðþungi A gert það að verkum að hurðin hafi opnast umfram stöðvun á hjörum og skemmst. M krefst bóta úr kaskó ökutækjategyggingu A hjá V. V hafnar bótaskyldu og segir að í tjónstilkynningu segir að hægri framhurð hafi fokið upp, en á síðari stigum málsins sé því haldið fram að farþegi hafi opnað hurðina þegar A var á ferð. V bendir á ákvæði í grein 4.8. í váttryggingaskilmálum þar sem það sé afmarkað með skýrum hætti að uppfok á hurðum sé aðeins bætt ef hurð fýkur vegna óveðurs, en vindhraði hafi verið lítill á þeim stað sem um ræðir í umrætt sinn. Þá telur V ósannað að óþekktur erlendur ferðamaður hafi opnað hurðina meðan A var á ferð.

Álit.

Samkvæmt upplýsingum sem fyrir liggja í bréfi frá Veðurstofu Íslands dags. 6.9.2012 um athugun á vindi við Reynisfjall 22.8.2012 kemur fram að vindur í mestu hviðu hafi verið 4.3 metrar á sekúndu. Samkvæmt gr.4.8. í váttryggingaskilmálum tryggingar þeirrar sem hér ræðir um, bætir váttryggingin tjón á ökutækinu vegna óveðurs en með óveðri er átt við að vindhraði nái 28.5 metrum á sekúndu samkvæmt vottorði Veðurstofu Íslands. Miðað við þau gögn sem fyrir liggja þá voru aðstæður á þeim stað sem óhappið varð ekki með þeim hætti að M eigi rétt á bótum úr kaskó ökutækjategyggingu A hjá V sbr. gr.4.8. váttryggingaskilmála þeirra sem hér eiga við.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kaskó ökutækjategyggingu A hjá V.

Reykjavík 11.12.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 491/2012**M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélags.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss í sundlaug.****Gögn.**

188. Málskot, móttækið 9.11.2012, ásamt fylgigögnum.

189. Bréf X, dags. 5.11.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Að kvöldi 28.3.2011 var M gestur í sundlaug sem rekin er af sveitarfélaginu S. Eftir að hafa verið í heitum potti við laugina fór M og stakk sér til sunds í lauginni. Stakk hann sér til sunds af sérstökum startpalli við braut nr. 4. Vildi þá ekki betur til en svo að hann skall á botni laugarinnar, fyrst olnbogi og síðan höfuð með þeim afleiðingum að mikill slinkur kom á háls og höfuð hans.

Í lögregluskýrslu er haft eftir M að hann hafi ekki séð nein skilti sem bönnuðu að stinga sér í sundlaugina. Hafi hann haldið að í lagi væri að stinga sér til sunds þar sem startpallar hafi verið við laugina til að stinga sér af.

Þá segir svo í lögregluskýrslunni: „Við hlið sundlaugarinnar voru skilti (sjá myndir nr. 4 og 5 í myndabeltinu) sem vörðu við grunnri laug og bönnuðu dýfingar. Eins og sést á mynd nr. 3 þá stendur á bakka laugarinnar að 1,7 metra dýpi er til botns þar sem M stakk sér til sunds en þar voru engar merkingar sem bönnuðu dýfingar.“

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu S hjá X vegna þess líkamstjóns sem hann hlaut í slysinu. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Dýpi laugarinnar þar sem M stakk sér til sunds er 1,7 m. Af gögnum málsins verður ekki ráðið með óyggjandi hætti að merkingum við laugina hafi verið áfátt, ekki verið í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í reglugerð nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum, sbr. einkum 1. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar, eða annarra atvika sem S getur borið ábyrgð á. Tjón M fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu S hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá X.

Reykjavík, 19. desember 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 493/2012
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingarfélagið V-2 v B

Árekstur bifreiða við bifreiðastæði Olís við Vífilsstaðaveg þ. 4.5.2012

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.8.11.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-6
2. Bréf V-1 dags. 21.11.2010.
3. Bréf V-2 dags. 14.12.2012 ásamt ljósmyndum.

Málsatvik.

Árekstur varð á Vífilsstaðavegi við Olís Garðabæ. Ökumaður B var að aka til vinstri úr úr bílastæði Olís þegar A var bakkað á B, en ökumaður A ætlaði að bakka á Vífilsstaðaveginum til að komast inn á bílplan Olís.

Álit.

Ökumenn beggja bifreiða hafa ríka aðgæsluskyldu við aðstæður eins og þær sem um var að ræða í máli þessu. Ökumaður A sem ætlaði sér að aka af einkalóð inn á veg þar að gæta að umferð um götuna og veita þeirri umferð forgang sbr. 2.mgr. 25 gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Sá sem ekur ökutæki afturábak skal ganga úr skugga um að það sé unnt án þóþæginda fyrir aðra sbr. 1.mgr. 17.gr. umferðarlaga. Þessa gætti ökumaður A ekki. Hvorugur ökumanna þykir hafa sýnt næga athygli og aðgátar við aksturinn og þykja ekki efni til að leggja sök á annan umfram hinn og er því sök skipt til helminga.

Niðurstaða.

Hvor aðili ber helming sakar.

Reykjavík 15.1.2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 494/2012**M****og****Vátryggingafélag v/ferðatryggingar****Ágreiningur um bótaskyldu, hvort um innbrot hafi verið að ræða 02.10. 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 08.11. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 20.11. 2012 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ágreiningur er um bótaskyldu úr farangurstryggingu. Samkvæmt tjonstilynningu er um að ræða þjófnað á myndavél og fleiri hlutum úr íbúð sem M dvaldi í á ferðalagi í Tékklandi. Þjófnaðurinn mun hafa átt sér stað að nóttu til og mun M hafa að sögn heyrt í þjófnum en ekki lagt í að fara fram úr herbergi sínu að kanna málið. Hann telur að íbúðin hafi verið læst og gluggar lokaðir og því hjóti þjófurinn að hafa haft lykil sbr. umfjöllun fyrirliggjandi gagna.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu með vísan til ákvæðis skilmála. Ósannað er að innbrot hafi átt sér stað og ósannað að þjófur hafi stolið lykli til að fara inn í íbúðina. Ekki liggi sönnun fyrir því að íbúðin hafi verið læst.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í gögnum málsins.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir. Ósannað er að rekja megi tjónsatburð máls þessa til innbrots.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 19.12. 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 496/2012

**M
og
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.**

Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns (orsakatengsl) af völdum umferðarslyss.

Gögn.

190. Málskot, móttækið 9.11.2012, ásamt fylgigögnum.

191. Bréf X, dags 21.12.2012.

Málsatvik.

M kveðst hafa orðið fyrir líkamstjóni í árekstri sem hann lenti í 5.2.2009. Kvartaði hann einkum um óþægindi í hálsi og baki. Hann hafði áður verið metinn með varanleg einkenni í hálsi og baki af völdum umferðarslyss á árinu 2007. Með matsgerð læknis og lögfræðings, dags. 31.8.2010, var komist að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið um versnum að ræða frá eldri einkennum og var ekki talið að orsakasamhengi væri á milli slyssins 5.2.2009 og einkenna hans er matið var framkvæmt. Með matsgerð dómkvadds matsmanns, dags. 17.10.2012, var m.a. komist að þeirri niðurstöðu að líklegasta þyngdarhröðun sem verkaði á M við áreksturinn hafi verið -1,7 g.

M hefur krafist bóta hjá X úr ábyrgðartryggingu þeirrar bifreiðar sem M lenti í árekstri við. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Ekki er um það deilt að X ber ábyrgð á líkamstjóni M að því marki sem hann hefur orðið fyrir slíku tjóni við áreksturinn. Samkvæmt fyrirbyggjandi matsgerð er talið að ekki séu orsakatengsl milli árekstursins og þeirra sjúkdómseinkenna sem M býr við. Matsgerð dómkvadds matsmanns um þá þyngdarhröðun sem verkaði á M við áreksturinn hnekkir ekki fyrri matsgerðinni um að M hafi ekki orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn. Við svo búið telst ósannað samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni við umræddan árekstur. Hann á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingunni hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum hjá X.

Reykjavík, 19. desember 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 497/2012**M****og****Vátryggingafélag v/heimilistryggingar vegna frítímaslyss****Meiðsl við fall úr rúmi á slysadeild 08.06. 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 09.11. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 21.11. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M var á slysadeild í umrætt sinn, hún var lögð á “dýnu á bedda” til þess að taka blóðprufu, hún datt á gólfíð sbr. fyrirliggjandi gögn. Hún hafði verið lögð inn vegna slappleika, taka átti blóðprufur.

M telur í síðari tíma frásögn að dýna á umræddum bedda hafi byrjað að skriða til og því hafi hún fallið á gólfíð. Í tjónstilkynningu kemur fram að hún hafi verið “lögð upp á dýnu í bedda til þess að taka blóðprufu. Skilin eftir ein í herberginu, datt á gólfíð og slasaðist. Lá á gólfinu í um tíu mínútur”.

Vátryggingafélagið telur ósannað að meiðsl M hafi orsakast af skyndilegum utanaðkomandi atburði og hafnar bótaskyldu sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. Það hafnar rökstuðningi M sem fram kemur í málskotinu og seinni tíma framburði hennar sem ekki sé í takt við upphaflega tilkynningu sem og áverkavottorð, að álitu félagsins.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að M hafi lent í slysi í umrætt sinn er hún féll af þeim “bedda” eða rúmi sem hún hafði verið lögð í. Ósannað er að rekja megi fall M til innra ástands í líkama M eða sjúkdómsástands hennar.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir hendi.

Reykjavík 19.12. 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 498/2012**M****og****vátryggingafélagið X v/ slysaftryggingar ökumanns bifhjól.****Ágreiningur um frádrátt eingreiðslu örorkubóta frá Tryggingastofnun ríkisins frá bótum fyrir líkamstjón.****Gögn.**

192. Málskot, móttakið 9.11.2012, ásamt fylgigögnum.

193. Bréf X, dags. 17.12.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 3.7.2007 varð M fyrir líkamstjóni er hann féll af bifhjóli sínu, A, er hann ók því vestur Dvergshöfða í Reykjavík. M var á leið til vinnu frá heimili sínu eftir að hafa komið við hjá kunningja sínum. Samkvæmt skýrslum lögreglu kvað M að bifreið hafi verið ekið í veg fyrir sig, en hann taldi að hann hafi ekki verið á of miklum hraða því að hann hafi verið rétt ókominn í vinnuna. Eftir einu vitni er haft að hann hafi ekið austur Dvergshöfða og beygt til vinstri norður Smiðshöfða. A hafi komið eftir Dvergshöfða úr gagnstæðri átt og taldi vitnið að því hafi verið ekið á 90-100 km hraða á klst. Eftir öðru vitni er haft að M hafi dottið af A eftir að bifreið hafi verið ekið Smiðshöfða til norðurs, en A hafi verið ekið mjög hratt og það myndi halda að því hafi verið ekið á 100-120 km hraða á klst. Þá kemur fram í skýrslu lögreglu að á götunni hafi mátt greina skriðför eftir hjálm M og að hann hafi runnið 46 m niður götuna. Einnig hafi mátt greina far í götunni þar sem A féll og hafi það verið 56,9 m frá þeim stað þar sem M lá.

Vegna afleiðinga slyssins hefur M verið metinn m.a. til 25 stiga varanlegs miska og 25% varanlegrar örorku samkvæmt matsgerð lækni og lögfræðings, dags. 26.4.2011.

Í kjölfar þess að matsgerðin lá fyrir krafðist M bóta fyrir líkamstjón sitt úr lögmæltri slysaftryggingu ökumanns A hjá X. Við uppgjör bóta úr slysaftryggingunni 3.7.2011 dró X frá bótunum áætlaða eingreiðslu örorkubóta frá Sjúkratryggingum Íslands (SÍ) að fjárhæð 2.500.000 krónur. Byggðist frádrátturinn á ákvæði 1. málsliðar 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum, en samkvæmt ákvæði þessu, eins og það orðaðist er slysið varð, dragast greiðslur sem tjónþoli fær frá almannatryggingum frá bótum fyrir líkamstjón.

Með tilkynningu sem barst SÍ 27.6.2011 var af hálfu M krafist slysaftryggingabóta skv. IV. kafla laga nr. 100/2007 um almannatryggingar. Með bréfi SÍ, dags. 8.7.2011, var kröfu M hafnað. Eru í bréfinu reifuð ákvæði 2. mgr. 27. gr. laga nr. 100/2007 um skilyrði þess að maður teljist vera í vinnu svo réttur til slysabóta geti stofnast samkvæmt lögnum. Síðan eru rakin atriði úr lögregluskýrslu um slysið og tildrög þess, þ.e. efnislega sömu atriði og eru rakin hér að ofan. Þá er vikið að 1. málslið 3. mgr. 27. gr. laganna þar sem segir að slys teljist ekki verða við vinnu ef það hlýst af athöfnum slasaða sjálfs sem ekki standa í neinu sambandi við vinnuna. Í lok bréfs SÍ segir svo, orðrétt: „Umsækjandi ók greitt og ógætilega og verður slys vegna ógætilegs aksturs. Þar sem allt bendir til þess að akstur í umrætt sinn hafi verið með þeim hætti að umsækjandi hafi brotið umferðarlög með háttsemi sýnu [sic] er það skoðun SÍ að atvik falli utan við bótasvið 27. gr.

almannatryggingarlaga. Ekki er hægt að sjá að slys það sem hér um ræðir teljist vinnuslys skv. lögum um almannatryggingar. Skilyrði til greiðslu bóta úr slysatryggingum almannatrygginga eru því ekki uppfyllt.“

Að fenginni höfnun SÍ krafðist M þess að X greiddi fjárhæðina sem dregin hafði verið frá uppgjöri vegna hinna ætluðu slysabóta frá almannatryggingum. X hefur hafnað þeirri kröfu.

Álit.

Samkvæmt a. lið 4. gr. samþykkt fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005, fjallar nefndin ekki um ágreining sem samkvæmt lögum heyrir undir stjórnvöld. Ágreiningur í máli þessu lýtur að því hvort X sé heimilt að draga frá greiðslu bóta fyrir líkamstjón tiltekna fjárhæð vegna slysabóta samkvæmt lögum um almannatrygginga sem X telur M eiga rétt á þrátt fyrir að SÍ hafi hafnað greiðslu bótanna. Ágreiningur þessi heyrir ekki undir stjórnvöld, jafnvel þótt við úrlausn ágreiningsins verði ekki hjá því komist að taka afstöðu til lögmætis synjunar SÍ um slysabætur til M. Þessu breytir ekki þótt SÍ eigi ekki aðild að máli þessu og úrskurðurinn bindi ekki SÍ.

Samkvæmt b. lið 2. mgr. 27. gr. laga nr. 100/2007 telst maður vera við vinnu þegar hann er í nauðsynlegum ferðum til vinnu og frá, enda sé aðeins um að ræða ferðir sem farnar eru samdægurs milli vinnustaðar og heimilis og matstaðar. Þá er tekið fram í 1. málslíð 3. mgr. 27. gr., eins og getið er í bréfi SÍ, að slys telst ekki verða við vinnu ef það hlýst af athöfnum slasaða sjálfs sem ekki standa í neinu sambandi við vinnuna.

Ekki virðist um það deilt að M var í nauðsynlegri ferð til vinnu frá heimili sínu þegar slysið varð. Er hann ók bifhjóli sínu umrætt sinn var hann því ótvírætt í vinnu í skilningi 2. mgr. 27. gr. laganna um almannatryggingar. Óhjákvæmilegur hluti þeirra vinnu var að stjórna A, bifhjólinu sem hann ók. Þótt leiða megi líkur að því samkvæmt skýrslu lögreglu um slysið að hann hafi ekið nokkuð hraðar en heimilt var verður ekki séð að stjórnun hans á A í umrætt hafi ekki staðið í neinu sambandi við vinnuna þannig að 1. málslíður 3. mgr. 27. gr. laganna geti átt við um stjórn hans á A. Verður því að telja að lagaskilyrði bresti fyrir þeirri ákvörðun SÍ að synja M um slysabætur.

Af gögnum málsins verður ekki séð að M hafi kært ákvörðun SÍ til úrskurðarnefndar almannatrygginga, sbr. 7.-9. gr. laga nr. 100/2007, eða höfðað dómsmál til að fá ákvörðuninni hnekkt. M hefur því ekki látið reyna á það til fullnustu að fá viðurkenndan rétt sinn til bóta úr slysatryggingu samkvæmt IV. kafla laga nr. 100/2007. Við svo búið verður að telja að X sé rétt að halda eftir fyrrgreindri fjárhæð við greiðslu bóta úr slysatryggingu ökumanns A vegna þeirra slysabóta sem telja verður að M eigi rétt á hjá SÍ vegna slyssins.

Niðurstaða.

Við uppgjör slysabóta til M,er X rétt að halda eftir fjárhæð vegna ætlaðs réttar hans til slysatryggingarbóta hjá Sjúkratryggingum Íslands.

Reykjavík, 15. janúar 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 499/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar A

Árekstur og orsakatengsl vegna líkamstjóns þ. 23þ10.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.12.11.2012 ásamt fylgiskjölum 1-12
2. Bréf V dags. 23.11.2012 ásamt fylgiskjölum 1-9

Málsatvik.

M var ökumaður bifreiðar sem A bakkaði á þ.23.10.2011 þannig að stuðari rispaðist og færðist til. M leitaði til læknis daginn eftir slysið og komu fram þreifieymsli í hnakkfestum. Á röntgenmynd sem tekin var af M þ.22.12. vegna kvartana um eymsli komu ekki fram merki um áverka, en fram kemur í gögnum frá lækni að M hafi verið slæm í hálsi áður. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V og segir orsakatengsl milli tjónsatburðarins og meiðsla M jafnvel þó ekki hafi verið merkt við í tjón á fólki í slysinu. Þá dregur M skýrslu Aðstoðar og Öryggis ehf. úr forritinu PC Crash ekki hafa sönnunargildi. V hafnar bótaskyldu og bendir á að ekki sé merkt við slys á fólki í tjónstilkynningu, lítið tjón hafi orðið á bifreiðinni sem M var farþegi í og mat læknis M byggi á frásögn hans en engum hlutlægum gögnum um eðli árekstursins og fyrir liggja að M hafi glímt við einkenni frá hálsi og herðum um margra ára skeið fyrir þetta atvik. Þá vísar V til skýrslu Aðstoðar og Öryggis byggða á PC Crash forritinu þar sem fram kemur að árekstur hafi ekki verið harður eða höggþungi mikill við áreksturinn. Þá bendir V á að M þurfi að sanna tjón sitt og bótagrundvöllur sé fyrir hendi en það hafi M ekki gert.

Álit.

Takmörkuð læknisfræðileg gögn liggja fyrir í málinu og ljóst er að ákoma var mjög lítil á bifreið M við áreksturinn. Gögn um ætlaðan hraða A og höggkraftinn vegna árekstursins benda til þess að um mjög litla ákomu hafi verið að ræða og hraði A hafi verið mjög lítill. Þess ber þó að geta að gagna um ökuhraða og annað því tengt er aflað einhliða af V þannig að varhugavert er að draga of víðtækar almennar ályktanir um sönnunargildi þeirra gagna þó þau veiti mikilvæga vísbandingu um málsatvik. Nokkrar en ekki tæmandi upplýsingar liggja fyrir um fyrra heilsufar M, m.a. að hún hafi haft verki í hálsi og herðum fyrir slysið. Í ljósi þeirra gagna sem liggja fyrir í málinu er vafi um orsakatengsl milli árekstursins og þeirra líkamlegu einkenna sem M lýsir sem afleiðingu árekstursins mjög mikill. M ber að sýna fram á að hún hafi orðið fyrir því tjóni sem hér um ræðir. Með vísan til fyrirbyggjandi gagna telst M ekki hafa leitt nægar líkur að því að hafa orðið fyrir líkamstjóni sem rekja megi til notkunar A. M á því ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík .

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 500/2012**M
og
vátryggingafélagið X. v/ slysátryggingar ökumanns.****Ágreiningur um rétt til að skerða bætur vegna stórkostlegs gáleysis.****Gögn.**

194. Málskot, móttakið 12.11.2012, ásamt fylgigögnum.

195. Bréf X, dags 6.12.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 19.12.2010 varð árekstur á Höfðabakka við gatnamót Stórhöfða í Reykjavík. Hafði M ekið norður Höfðabakka á bifreið sinni, A, er annarri bifreið sem ekið var úr gagnstæðri átt var beygt til vinstri í veg fyrir A. Við áreksturinn rakst A á ljósastaur á gatnamótunum og kastaðist áfram til norðvesturs og staðnæmdist 20,39 m frá ljósastaurnum. Ætluð hemlaför eftir vinstri hjól A að árekstrarstað mældust 28,44 m og eftir hægri hjól 30,63 m. Skrið og hemlaför eftir hægri hjól að ljósastaur mældust 13,03 m. Þá kemur fram í vettvangsskýrslu lögreglu að vegna ummerkja á vettvangi hafi vaknað grunur um að A hafi verið ekið langt umfram hámarks hraða í aðdraganda umferðaróhappsins. Því hafi verið tekin ákvörðun um að framkvæma bíltæknirannsókn á A til að afla nauðsynlegra gagna til að reikna mætti út hraða A. Að bíltæknirannsókninni lokinni var af hálfu lögreglu aflað álitsgerðar sérfræðings á hraða A. Í álitsgerð hans, dag. 2.6.2011, er komist að þeirri niðurstöðu að mögulegur lágmarkshraði A hafi verið 103 km á klst. og ætlaður hraði hafi verið 120 km á klst.

M varð fyrir líkamsmeiðslum við áreksturinn. A var tryggð lögboðinni slysátryggingu ökumanns hjá X. Álitsgerðin um hraða A barst X 21.9.2011. Hinn 30.3.2012 tilkynnti X að það myndi skerða bætur til M úr slysátryggingunni um 1/3 hluta þar sem hann hafi valdið árekstrinum með stórkostlegu gáleysi. M vill ekki una þeirri skerðingu.

Álit.

Skv. 1. mgr. 94. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga bar X að tilkynna M um skerðingu bóta vegna stórkostlegs gáleysis án ástæðulauss dráttar eftir að því var kunnugt um atvik sem gátu leyst það undan ábyrgð. X tilkynnti M um skerðingu bótanna rúmum sex mánuðum eftir að því hafði borist álitsgerðin um hraða A. Verður að telja að með þessum langa tíma sem leið hafi félagið ekki tilkynnt um skerðinguna án ástæðulauss dráttar. Vanrækti X upplýsingaskyldu sína að þessu leyti og getur því ekki borið fyrir sig umrædda ábyrgðartakmörkun, sbr. 2. mgr. 94. gr. vsl. M á því rétt á óskertum bótum úr slysátryggingunni.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist að fullu úr slysátryggingu ökumanns hjá X.

Reykjavík, 19. desember 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 501/2012**M****og****Vátryggingafélag v/starfsábyrgðartryggingar byggingarstjórans J****Ágreiningur um bótaskyldu vegna galla
við þéttingu glugga við byggingu húseignar.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 14.11. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélags til nefndarinnar, dags. 03.12. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það vísar til þess að fyrirliggjandi er stöðuúttekt, dags. 19.09. 2007, vegna byggingarstjóraskipta. Ekki hafi verið lögð fram matsgerð dómkvaddra matsmanna vegna gáleysis byggingarstjóra í starfi. Viðgerð var framkvæmd áður en félaginu var tilkynnt um málið og félagið fékk því ekki tækifæri til að athuga vettvang. Engin gögn hafi verið lög fram sem sýna fram á að ekki hafi verið byggt í samræmi við samþykktu upprætti eða lög eða reglugerðir.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu á grundvelli þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Vanræksla J í ósönnuð.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 19.12. 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 502/2012
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A
Vátryggingafélagið V-2 v. B

Árekstur á bifreiðaplani í Garðabæ þ. 11.10.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 14.11.2012 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V-1 dags. 21.11.2012 ásamt fylgiskjölum 1-4
3. Bréf V-2 dags. 23.11.2012 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.

Árekstur varð þegar báðum bifreiðunum var bakkað á bifreiðastæði. Ökumaður A segist hafa verið búin að bakka úr stæði og verið að leggja af stað áfram þegar B hafi bakkað aftan á A. Ökumaður A segir að ökumaður B hafi hætt við að leggja í þröngt stæði og ákveðið að bakka í annað stæði hinu megin á bifreiðastæðinu. Ökumaður B segist hafa verið aðb akka úr stæði til að leggja í annað og litið aftur fyrir sig og ekki séð neina bifreið en síðan lent fyrirvaralaust í árekstri við A og telur ökumaður B að ökumaður A hafi bakkað úr stæði á sama tíma og hún var að leggja af stað af bílastæði.

Álit.

Á framhlið tjónstilkynningar er merkt við reit af ökumönnum A og B þar sem segir að bifreiðinni hafi verið bakkað. Ekki er merkt við að reit sem segir að ökutæki hafi verið kyrrstætt. Af gögnum málsins má ráða að hvorugur ökumaður vissi af hinum þegar bifreiðum þeirra var bakkað. Að virtum gögnum málsins er ekki forsenda til að leggja sök á annann ökumann umfram hinn og er því sök skipt til helminga.

Niðurstaða.

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík 19.12.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Endurupptekið
Mál nr. 502/2012
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A
Vátryggingafélagið V-2 v. B

Árekstur á bifreiðaplani í Garðabæ þ. 11.10.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 14.11.2012 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V-1 dags. 21.11.2012 ásamt fylgiskjölum 1-4
3. Bréf V-2 dags. 23.11.2012 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.

Árekstur varð á bifreiðaplani. Ökumaður A segist hafa verið búin að bakka úr stæði og verið að leggja af stað áfram þegar B hafi bakkað aftan á A. Ökumaður A segir að ökumaður B hafi hætt við að leggja í þröngt stæði og ákveðið að bakka í annað stæði hinu megin á bifreiðastæðinu. Ökumaður B segist hafa verið aðb akka úr stæði til að leggja í annað og litið aftur fyrir sig og ekki séð neina bifreið en síðan lent fyrirvaralaust í árekstri við A og telur ökumaður B að ökumaður A hafi bakkað úr stæði á sama tíma og hún var að leggja af stað af bílastæði.

Álit.

Á framhlið tjónstilkynningar er merkt við reit af ökumönnum A og B þar sem segir að bifreiðinni hafi verið ekið út frá bílastæði,lóð. Ekki er merkt við að reit sem segir að ökutæki hafi verið kyrrstætt. Af gögnum málsins má ráða að hvorugur ökumaður vissi af hinum þegar bifreiðum þeirra var bakkað. Að virtum gögnum málsins er ekki forsenda til að leggja sök á annan ökumann umfram hinn og er því sök skipt til helminga.

Niðurstaða.

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík 29.1..2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 503/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/B****og****Vátryggingafélagið Y v/A****Árekstur á Smiðjuvegi þann 20.10. 2012.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 14.11. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 14.12. 2012.
- 3) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 23.11. 2012 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. Bifreiðunum var ekið aftur á bak. A bakkar úr stæði við Smiðjuveg 2 og kveðst vera kyrrstæður og að undirbúa sig til að taka af stað þegar B er bakkað á bifreið hans. B mun hafa ekið norður bifreiðaplanið í leit að stæði. Hann hafi ekið til baka og þá varð árekstur bifreiðanna.

Ökumaður A kveðst hafa verið búinn að bakka, verið kyrrstæður og ætlað áfram. Ökumaður B kveðst hafa verið að leita að stæði á bifreiðaplaninu og “ætlaði (að) bakka útúr bifreiðaplani og þá lendum við saman. Hætti við að fara áfram því það var meiri traffik og ætlaði að koma mér í burtu”. Óþarf er að geta viðbótarfrásagna ökumanna.

Vátryggingafélag B vísar til þess að samkvæmt eftirlitsmyndavél á vettvangi sem starfsmenn vátryggingafélaganna fengu að sjá telur félagið ljóst að A hafi verið kyrrstæð þegar B var bakkað á A. Ökumaður B beri því ábyrgð á árekstrinum.

Vátryggingafélag A hefur sömu afstöðu og vátryggingafélag B að lokinni athugun á þeirri myndbandsupptöku sem um ræðir. Upptakan hafi ekki fengist afhent “sökum persónuverndar” en tjónafulltrúar félaganna fóru á staðinn og fengu að sjá myndbandið. Þeir hafi verið sammála um að á myndbandinu sést að A bakkar úr stæði og lítur fyrir að vera stopp þegar B var bakkað á “sæmilegri ferð” og bakkaði á A.

M gagnrýnir að hann hafi ekki fengið að sjá myndbandið sem um ræðir og því skuli ekki taka mark á því sem þar kemur fram. Hann telur að skipta skuli sök.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður B ábyrgð á árekstri þessum fyrir að bakka á A, sem var kyrrstæð og við það að aka áfram.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 8. janúar 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 504/2012**M
og
vátryggingafélagið X. v/ farangurstryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu er stúlka á ferðalagi glataði munum á veitingahúsi.****Gögn.**

196. Málskot, móttakið 14.11.2012, ásamt fylgigögnum.

197. Bréf X, dags. 23.11.2012.

Málsatvik.

Hinn 20.10.2012 var M í námsferð í Berlín í Þýskalandi og stödd á veitingastað. Leið þá yfir M og ekki tókst að koma henni strax til meðvitundar. Var sjúkralið kallað til og hún flutt á nærliggjandi sjúkrahús. Veski M mun hafa orðið eftir á veitingastaðnum og er M hugaði að því morguninn eftir fannst það ekki og talið að því hafi verið stolið.

M hafði gilda greiðslukortatryggingu hjá X og hefur krafist bóta úr farangurstryggingarlið greiðslukortatryggingarinnar. X hefur hafnað bótaskyldu. Kveður félagið að skv. gr. 5.1 í skilmálum vátryggingarinnar sé vátryggt gegn tjóni sem verður á einkamunum m.a. af völdum þjófnaðar, en skilyrt sé að vátryggður hafi gætt fyllsta öryggis við vörslu hins vátryggða munar. Þá gildi sú varúðarregla að vátryggður skuli ekki skilja við hina vátryggðu muni eftirlitslaus á almannafæri og gæta þess að taka þá með þegar staður er yfirgefinn, sbr. gr. 5.5.2 í skilmálunum. Telur X að með því að hafa brotið varúðarreglur vátryggingarskilmálanna sé bótaréttur ekki fyrir hendi, sbr. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en ágreiningslaust sé að M hafi fallið í yfirlið á veitingastaðnum og verið flutt meðvitundarlaus á sjúkrahús og er hún ætlaði að vitja veskisins á veitingastaðnum morguninn eftir hafi verið búið að stela því.

Skv. 26. gr. vsl. getur félagið gert fyrirvara um að það skuli vera laust úr ábyrgð í heild eða að hluta ef varúðarreglum er ekki fylgt. Slíkan fyrirvara getur félagið þó ekki borið fyrir sig ef ekki er við vátryggðan að sakast eða sök hans er óveruleg eða það að vátryggingaratburður hefur orðið verður ekki rakið til brota hans. M varð viðskila við veski sitt og þá muni sem í því voru er hún var flutt meðvitundarlaus á sjúkrahús. Eins og hér stóð á er ekki við M að sakast að veskinu hafði verið stolið er hún hugðist vitja þess á veitingastaðnum næsta morgun. X getur því ekki borið það fyrir sig að M eigi ekki rétt á bótum úr farangurstryggingunni sökum þess að hún hafi brotið varúðarreglur. M á því rétt á fullum bótum fyrir farangurstjón sitt hjá X.

Niðurstaða.

M á rétt á óskertum bótum úr farangurstryggingarlið greiðslukortatryggingar hjá X.

Reykjavík, 19. desember 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 505/2012**M****og****Vátryggingafélag v/ábyrgðartryggingar hönnuðarins R****Ágreiningur um bótaskyldu vegna galla á byggingu húseignar.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 14.11. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélags til nefndarinnar, dags.27.11. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu varðandi þá liði sem fyrirliggjandi matsgerð máls þessa fjallar um sbr. umfjöllun þess í tölvupósti, dags. 15.11. 2011, og nefndu bréfi til nefndarinnar. Félagið telur ósannað að R beri skaðabótaábyrgð vegna þeirra galla og ávirðinga sem fram hafa komið.

M telur bótaskyldu fyrir hendi og vísar í því sambandi til fyrirliggjandi matsgerðar.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu á grundvelli þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ósannað er að hönnuðurinn R beri skaðabótaábyrgð vegna þeirrar umfjöllunar sem fram kemur í fyrirliggjandi matsgerð og vátryggingafélagið hefur tekið afstöðu til.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 8. janúar 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Sævar Þ. Jónsson hdl.

Mál nr. 506/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. slysátryggingar og slysátrygginar heimátryggingar v.
dagpeningagreiðslna

Maður datt í hálfu og slasaðist, þ. 30.11.2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.15.11.2012 ásamt fylgiskjölum 1-55
2. Bréf V dags. 3.9.2012
3. Bréf lögmáns M dags. 17.1.2013 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.

M varð fyrir slysi árið 2009 þegar hann féll af vinnupalli og fékk slysabætur m.a. vegna þess að hann var metinn óvinnufær. Þ. 30.11.2010 lenti M aftur í slysi þegar hann ran í hálfu á göngustíg við heimili sitt og lenti illa og fékk verki í hægri öxl. M krefst bóta vegna tímabundinnar örorku vegna síðara slyssins og vísar til matsniðurstöðu Sigríðar Thorlacius frá 15.5.2012 í því sambandi, en þar metur Sigríður tímabundna örorku M 50% frá 30.11.2012. M byggir á því að V beri að hlíta niðurstöðu ofangreinds mats og vísar til úrskurða Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum í málunum 230/2011,240/2011 og 348/2011. V hafnar bótaskyldu og vísar til þess að M hafi verið óvinnufær þegar síðara slysið varð. Þá vísar V til þess að M hafi farið í skoðun hjá trúnaðarlækni V þ. 24.11.2010 og hafi niðurstaðan verið sú að M væri enn óvinnufær til starfa sem rafvirki. V bendir á að M hafi verið óvinnufær þegar hann lenti í síðara slysinu og þess vegna telur V að hann eigi ekki rétt til dagpeninga vegna slyssins þ. 30.11.2010. Þá vekur V athygli á 14.gr. vátryggingaskilmála þar sem skilyrðið sé missir starfsorku. V telur fráleitt að M hafi haft 50% starfsorku þegar seinna slysið varð sem hafi skerst. V vísar til þess að félagið hafi greitt M vegna fyrra slyssins 100% dagpeninga frá 25.8.2009 til 22.8.2011 en það sé hámarksbótatímabil tryggingarinnar.

Álit.

Af hálfu M hefur ekki verið sýnt fram á að hann hafi verið vinnufær þegar síðara slysið átti sér stað. Miðað við upplýsingar um greiðslu dagpeninga frá V til M á tímabilinu og upplýsingar um greiðslu dagpeninga til M á tímabilinu verður ekki séð að M hafi sýnt fram á að hann eigi rétt á frekari bótum frá V. Miðað við fyrirbyggjandi gögn á M því ekki rétt á frekari bótum frá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum frá V.

Reykjavík 29.1.2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 507/2012**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um fyrningu bótakröfu vegna líkamstjóns af völdum umferðarslyss.****Gögn.**

198. Málskot, móttakið 15.11.2012, ásamt fylgigögnum.

199. Bréf X, dags. 3.12.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 8.1.2005 varð M fyrir líkamstjóni í umferðarslysi. Hún leitaði sama dag á slysa- og bráðadeild Landspítalans og greindist með tognun í hálsvöðvum. M varð svo einnig fyrir meiðslum í öðru umferðarslysi í maí 2006 auk þess sem hún bjó við geðræna sjúkdóma og afleiðingar enn eldri slysa. Var M einkum til meðferðar og eftirlits hjá heimilislækni. Eftir slysið í janúar 2005 hefur M verið lítið á vinnumarkaði og notið örorkustyrks. Með matsgerð læknis og lögfræðings, dags. 27.3.2012, var lagt mat á afleiðingar slyssanna í janúar 2005 og maí 2006. Samkvæmt niðurstöðu matsgerðarinnar var varanlegur miski af völdum slyssins í janúar 2005 metinn 15 stig og varanleg örorka 15%. Stöðugleikapunktur var talinn vera sex mánuðum eftir slysið eða 8.7.2005. Þá voru matsmenn spurðir sérstaklega hvenær tímabært hafi verið að meta afleiðingar slyssins. Svar matsmannanna var að tímabært hafi verið að meta afleiðingarnar ári eftir slysið eða 8.1.2006.

M hefur krafist bóta vegna slyssins 8.1.2005 hjá X úr ábyrgðartryggingu þeirrar bifreiðar sem slysinu olli. X hafnaði bótaskyldu á þeim forsendum að krafan væri fyrnd. M hefur ekki viljað una þeirri afstöðu X.

Álit.

Skv. 99. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 fyrnast bótakröfur vegna líkamstjóns, bæði á hendur þeim sem ábyrgð ber á tjóni og vátryggingafélagi, á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Kröfurnar fyrnast þó í síðasta lagi á tíu árum frá tjónsatburði. Miðað við niðurstöður matsmanna um stöðugleikapunkt af völdum slyssins og hvenær tímabært hafi verið að meta afleiðingar slyssins verður að leggja til grundvallar að M hafi átt þess kost að afla gagna til að staðreyna kröfu sína á árinu 2006 og leita fullnustu hennar á því ári. Verður ekki séð að slysið í maí 2006 eða eldri sjúkdómseinkenni hafi getað komið í veg fyrir það. Framangreindur fjögurra ára fyrningarfrestur hóf því að líða í lok árs 2006. Er bótakrafa var gerð á árinu 2012 var krafan því fallin niður vegna fyrningar. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingunni hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum hjá X vegna líkamstjóns af völdum umferðarslyss 8.1.2005.

Reykjavík, 19. desember 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 508/2012**M****og****Vátryggingafélag v/ábyrgðartryggingar ökutækis****Ágreiningur um fyrningu bótakröfu vegna líkamstjóns af völdum umferðarslyss.****Gögn.**

1. Málskot, móttækið 15.11.2012, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 03.12.2012.

Málsatvik.

Hinn 8.1.2005 varð málskotsaðili (hér eftir nefnd M) fyrir líkamstjóni í umferðarslysi. Hún leitaði sama dag á slysa- og bráðadeild Landspítalans og greindist með tognun í hálsvöðvum. M varð svo einnig fyrir meiðslum í öðru umferðarslysi í maí 2006 auk þess sem hún bjó við geðræna sjúkdóma og afleiðingar enn eldri slysa. Var M einkum til meðferðar og eftirlits hjá heimilislækni. Eftir slysið í janúar 2005 hefur M verið lítið á vinnumarkaði og notið örorkustyrks. Með matsgerð læknis og lögfræðings, dags. 27.3.2012, var lagt mat á afleiðingar slyssanna í janúar 2005 og maí 2006. Samkvæmt niðurstöðu matsgerðarinnar var varanlegur miski af völdum slyssins í janúar 2005 metinn 15 stig og varanleg örorka 15%. Stöðugleikapunktur var talinn vera sex mánuðum eftir slysið eða 8.7.2005. Þá voru matsmenn spurðir sérstaklega hvenær tímabært hafi verið að meta afleiðingar slyssins. Svar matsmannanna var að tímabært hafi verið meta afleiðingarnar ári eftir slysið eða 8.1.2006.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það telur kröfu M fyrnda sbr. 99. gr. umferðarlaga. Félagið telur að miða skuli upphafstíma fyrningar í síðasta lagi við 01.01. 2008 og krafa M verið fyrnd 01.12. 2012 sbr. 99. gr. umferðarlaga. Félagið hafnar umfjöllun M um að geðræn veikindi hafi áhrif á afgreiðslu máls þesssa. Félagið telur að miða skuli fyrningarfrest við það tímamark þegar tímabært var að meta afleiðingar umferðarslyssins og krafa M hafi byrjað að fyrnast þann 01.01. 2007 og verið fyrnd 01.01. 2011. Varðandi rof á fyrningu þá vekur félagið athygli á því að M hafi ekkert aðhafst er rofið gæti fyrningu kröfu sinnar. Félagið telur að teknu tilliti til fyrirbyggjandi gagna að krafa M hafi fynst þann 01.01. 2011 og í síðasta lagi 01.01. 2012, sem fyrr segir.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

Álit.

Skv. 99. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 fyrnast bótakröfur vegna líkamstjóns, bæði á hendur þeim sem ábyrgð ber á tjóni og vátryggingafélagi, á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Kröfurnar fyrnast þó í síðasta lagi á tíu árum frá tjónsatburði. Miðað við niðurstöður matsmanna um stöðugleikapunkt af völdum slyssins og hvenær tímabært hafi verið að meta afleiðingar slyssins verður að leggja til grundvallar að bótakrafa M sé fallin niður vegna fyrningar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum hjá váttryggingafélaginu, vegna líkamstjóns af völdum umferðarslyssins 2005.

19. desember 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 509/2012
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. ábyrgðartryggingar A og
Vátryggingafélagið V-2 v. fasteignatryggingar húsfélagsins H

Vatnstjón þegar vatni var hleypt niður af niðurfalli á svölum þ. 30.7.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 15.11.2012 ásamt fylgiskjölum 1-5
2. Bréf V-1 dags. 11.12.2012 ásamt fylgiskjölum 1-2.
3. Bréf V-2 dags. 10.12.2012

Málsatvik.

Tjón varð á íbúð M þegar vatn flæddi inn í hana þ. 23.7.2012 og telur M að það hafi verið þegar A var að koma fyrir dúk á svalir 5. hæðar Hjallalundar 20 á Akureyri. M segir að A hafi hleypt vatni niður frárennslið af svölunum sem hafi ollið tjóninu. Áður mun hafa stíflast á sama stað og í umrætt sinn. M krefst bóta og segir að teikningar af húsinu hafi ekki verið skoðaðar og ekki haft samráð við húsvörð eða íbúa hússins þegar A framkvæmdi verkið. M telur sig eiga rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A og einnig fasteignatryggingu H. V-1 hafnar bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A og vísar til þess að málið sé illa upplýst og bendir á að áður hafi flætt inn í íbúð M og eftir það skipt um ákveðnar lagnir í húsinu. Þá bendir V á að ekkert mat liggi fyrir á því af hvaða ástæðum þetta atvik gerðist eða af hverju A eigi að bera ábyrgð á þessu tjóni. Þá bendir V á að óupplýst sé hvernig ástand lagnanna hafi verið. V-2 hafnar bótaábyrgð úr fasteignatryggingu H hjá félaginu og segir að ekki þyki sýnt að atvikið eigi undir bótasvið tryggingarinnar og bendir á að umrædd vátrygging bæti ekki skemmdir af völdum vatns sem þrýstist úr skolp- eða frárennislögnum eða af völdum þess að lagnir geta ekki flutt allt það vatn er að berst.

Álit.

Mál þetta er afar illa upplýst og ekki liggur fyrir að A hafi vanrækt starfsskyldur sínar við framkvæmd verksins sem hann vann á 5 hæð hússins þannig að leiði til bótaskyldu. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V-1 miðað við fyrir liggjandi gögn. Fyrir liggur sbr. það sem segir í lok málsatvikalýsingar að miðað við lýsingu M á tjónsatburðinum þá er vatnstjónið ekki bótaskyldt úr fasteignatryggingu H miðað við fyrir liggjandi gögn og skýringar. M á því ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu A hjá V-1 og heldur ekki úr fasteignatryggingu H hjá V-2.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu A hjá V-1 og heldur ekki úr fasteignatryggingu H hjá V-2.

Reykjavík 15.1.2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 510/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Kaskótryggingar A

Farmur rann af palli bifreiðar og fram á hús hennar og olli tjóni þ. 22.6.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.19.11.2012 ásamt fylgiskjölum 1-2
2. Bréf V dags. 29.11.2012.

Málsatvik.

Samkvæmt tjónstilkynningu þ. 27.8.2012 sem vísað er til af bæði M og V en ekki lögð fram í málinu, rann farmur fram á hús við hemlun A með þeim afleiðingum að tjón varð á A. Bifreiðin A er tryggð með kaskótryggingu hjá V og gerir M kröfu um bætur vegna tjónsins sem hann varð fyrir við þetta atvik. M vísar sérstaklega til að V fari rangt með túlkun á vátryggingaskilmálum sbr. grein 6.9 skilmálar B-2. V hafnar bótaskyldu og segir að samkvæmt 4.gr. vátryggingaskilmála sé tiltekið hvaða tjónsorsakir vátryggingin nær til, en umrætt tilvik falli ekki undir neina slíka og sé því ekki bótaskyld.

Álit.

Við mat á bótaskyldu reynir ekki á skýringu á grein 6.9. í vátryggingaskilmálum þeim sem hér ræðir um. Grein 6.9 fjallar um það þegar tjón stafar af sandfoki eða þegar mól, aska, vikur eða önnur laus jarðefni fjúka á ökutækið. Ekkert slíkt á við í þessu tilviki. Í grein 4 eru talin upp í sex tölulíðum hvaða tjón kaskótryggingin bæti. Þar er um tæmandi talningu að ræða og það tjón sem hér ræðir um er undanskilið og því ekki bótaskyld úr kaskótryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu A hjá V.

Reykjavík 19.12.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 511/2012

M
og
vátryggingafélagið X v/ slysatryggingar ökumanns bifreiðar.

Ágreiningur um bótaskyldu (orsakatengsl) vegna líkamstjóns af völdum umferðarslyss.

Gögn.

3. Málskot, móttakið 19.11.2012, ásamt fylgigögnum.
4. Bréf X, dags 12.12.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 1.6.2007 missti M stjórn á bifreiðinni A sem hann ók á Heiðmerkurvegi með þeim afleiðingum að hún valt. M varð fyrir meiðslum og var fluttur á slysa- og bráðadeild Landspítalans. Hann var með skurð á höfði og væg eymsli í baki, miðja vegg. 11.11.2008 leitaði M til heimilislæknis vegna verkjar í hægra gagnauga. Almenn líðan M er þá sögð góð og þess ekki getið að hann búi við einkenni eftir umferðarslysið 1.6.2007. Í læknafrétt frá slysa- og bráðadeild Landspítalans, dags. 28.11.2010, er þess getið M hafi orðið líkamstjóni eftir átök við öryggisverði. Hafi verið lagður í gólfíð fengið hné í bak og verkjað mikið við það. Hinn 6.7.2011 leitaði M til heimilislæknis vegna verkja neðst í hálsi efst í brjóstþrygg. Hafi hann verið að finna þessa verki sem hafi verið að ágerast eftir slysið 1.6.2007. Við skoðun voru hreyfingar eðlilegar, eymsli „paravertebralt“ við mörk háls og brjóstþryggs.

M hefur krafist bóta úr slysatryggingu ökumanns A hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Læknisfræðileg gögn máls þessa eru mjög takmörkuð. Engar upplýsingar liggja fyrir um einkenni þau sem M kveðst hafa fengið við slysið og þróun þeirra allar götur frá slysinu uns hann leitaði til heimilislæknis í júlí 2011 eða rúmum fjórum árum eftir slysið. Engin matsgerð liggur fyrir sem staðreynir hvaða áverka M hafi hlotið við slysið. Samkvæmt þessu verðu að telja ósannað að sjúkdómseinkenni þau sem M kveðst búa við verði rakinn til umferðarslyssins 1.6.2007. Hann á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingunni hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu A hjá X.

Reykjavík, 15. janúar 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 512/2012**M
og
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar rafeindavirkjameistara.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna meintra mistaka við viðgerð á loftnetskapli.****Gögn.**

5. Málskot, móttakið 19.11.2012, ásamt fylgigögnum.
6. Bréf X, dags 1012..2012.

Málsatvik.

M fékk rafeindavirkjameistarann A hjá fyrirtækinu R til að athuga með bilun í örbylgjulofneti hjá M. Hafi A komist að þeirri niðurstöðu að kapall frá loftnetinu á þaki hússins niður í töfluskáp í hjólageymslu á 1. hæð væri ónýtur. Er A ætlaði að fjarlægja eldri kapalinn og draga nýjan í mun eldri kapalinn hafa slitnað og ekki tókst að fjarlægja hann úr lögninni. Af þessum sökum hafi þurft að leggja kapalinn utan á húsinu, inn um loftrist í ruslageymslu og þaðan í gegnum vegg inn í hjólageymsluna þar sem töfluskápurinn var.

Telur M að A hafi orðið á mistök við framkvæmdina og hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu R hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu þar sem tjón eins og hér um ræðir falli utan gildissviðs ábyrgðartryggingarinnar.

Álit.

Samkvæmt gr. 6.3. í váttryggingarskilmálum ábyrgðartryggingar þeirrar sem R hafði í gildi hjá X tekur váttryggingin ekki til ábyrgðar vegna skemmda á munum eða glötunar muna sem váttryggður tekur að sér að gera við, hreinsa, setja upp eða vinna við með einum eða öðrum hætti ef tjónið verður af verkinu eða við verkið. Í umrætt sinn var A að vinna við loftnetskapalinn og lögnina sem hann lá í í því skyni að gera við bilunina í loftnetinu. Ábyrgðartryggingin tekur því ekki til þeirra skemmda sem M kveður að A hafi valdið á lögninni. Þegar af þeirri ástæðu bætist tjónið ekki úr ábyrgðartryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu R hjá X.

Reykjavík, 19. desember 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 513/2012**M****og****Vátryggingafélag v/heimilisverndar vegna frítímaslyss****Ágreiningur um bótaskyldu, hvort um slys hafi verið að ræða þegar M féll heima hjá sér 14.01. 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 19.11. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélags til nefndarinnar, dags. 30.11. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Samkvæmt tjónstilkynningu féll (hrasaði) M á heimili sínu þegar hann var á gangi á svefnherbergisgangi sbr. fyrirliggjandi gögn.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Í læknaþréfi komi fram að M er með MS sjúkdóminn og gangi um með hækjur en M er orðinn spastískur í fótum. Félagið telur að það sé “hafið yfir allan vafa að tjónþoli (M) hafi fallið vegna sjúkdóms síns enda ljóst að umræddur sjúkdómur veldur sjúklingum miklum vandræðum við daglegar athafnir, svo sem gang. Ekkert í gögnum málsins bendir til þess að tjónþoli hafi fallið við skyndilegan utanaðkomandi atburð”.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu á grundvelli þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ósannað er að M hafi fallið við skyndilegan utanaðkomandi atburð.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 19.12. 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 514/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Kaskótryggingar bifreiðar A

Öxull bifreiðar brotnaði og hún varð fyrir skemmdum þ. 22.10.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.16.11.2012 ásamt fylgiskjölum 1-2
2. Bréf V dags.21.11.2012 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið um Hvalfjarðargöng og brotnaði öxull bifreiðarinnar með þeim afleiðingum að dekk fór undan A og hún skall í götuna og dekkið olli skemmdum á bifreiðinni. M krefst bóta úr kaskótryggingu A hjá V vegna tjóns sem varð á A vegna þessa óhapps. M gerir grein fyrir því að V sé tilbúið til að bæta skemmdir á yfirbyggingu A svo og dempara og stöðuhemilsbúnað en hafni bótaskyldu hvað varðar bremsudælu, öxul og bremsudisk og gerir M kröfu til að fá tjón á þeim hlutum einnig bætt úr kaskótryggingu A. V segist hafa viðurkennt bótaskyldu í málinu hvað varðar skemmdir sem urðu þegar A skall í götuna og þegar dekkið skall á bifreiðinni, en V hafnar að greiða fyrir bilun á bifreiðinni sem leiddi til umrædds tjóns. Í því sambandi vísar V til 4.gr. vátryggingarskilmála vegna kaskótryggingarinnar og segir bótaskyld atvik þar talin með tæmandi hætti. V segir að legan á A hafi bilað í umrætt sinn og það hafi leitt til þess að öxull A ofhitnaði og brotnaði en þá hafi dekkið farið af A og dekkið síðan brotið bremsudiskinn og bremsudæluna. V telur því með vísan til vátryggingaskilmála að félaginu beri ekki að bæta tjón vegna bilunar á legu og afleiðingu þeirra bilana þar sem það falli ekki undir bótasvið tryggingarinnar.

Álit.

Bótasvið kaskótryggingar þeirrar sem hér ræðir um er tæmandi talin í 4.gr. vátryggingaskilmálanna. Þar kemur fram að tjón vegna bilana er undanskilið og því ekki bótaskyld. Af þeirri ástæðu á M ekki rétt á frekari bótum umfram það tjón sem varð á A þegar bifreiðin skall á götuna og þegar dekkið skall á A. M á því ekki rétt á frekari bótum en V hefur þegar boðið vegna tjónsins.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum úr kaskótryggingu A hjá V en V hefur boðið fram vegna tjóns sem varð þegar bifreiðin skall á götuna og dekk bifreiðarinnar skall á A.

Reykjavík 22.1.2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 515/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. slysatryggingar

Maður féll á hálu gólfi þegar hann kom úr baði. Sönnun þ. 22.5.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.20.11.2012 ásamt fylgiskjölum 1-8
2. Bréf V dags. 4.12.2012.

Málsatvik.

M segist hafa fallið á hálu gólfi eftir að hann kom úr sturtu með þeim afleiðingum að hann hlaut áverka á hægri handlim, á andliti og tönnum. M krefst bóta úr slysatryggingu sinni hjá V vegna þessa. Af hálfu M er vísað til þess að V hafi viðurkennt bótaskyldu vegna slyssins með því að greiða M bætur vegna tjóns á tönnum sem varð í fallinu. Þá segir að M hafi fundið fyrir verkjum í hægri handlim en reynt að harka af sér og ekki leitað til læknis vegna þess fyrr en 31.10.2012. Þann 11.1.2012 var tekin röntgenmynd af M og þá kom fram brot á ölnarbeini í handleggnum. Af hálfu M er á því byggt að M hafi ekki fundið til verkja fyrir slysið þ. 22.5.2011. V hafnar bótaskyldu og segir að M hafi verið í töluverðum samskiptum við starfsfólk V eftir slysið vegna uppgjors á slysabótum vegna tannbrots og aldrei minnst á að hann hafi slasast á handlegg í slysinu og hafi V fyrst borist tilkynning um það þ. 30.1.2012. V segist hafa viðurkennt bótaskyldu úr slysatryggingu M hjá V vegna tannbrots en hafnað bótaskyldu vegna áverka á handlegg þar sem ósannað sé að M hafi hlotið þann áverka í slysinu þ. 22.5.2011. V bendir á að M hafi fyrst leitað læknis vegna þessa 5 mánuðum eftir slysið þ. 22.5.2011 og engin samtíma læknisfræðileg gögn staðfesti tengsl milli slyssins og áverka á handlegg. V telur því að það sé ósannað að M hafi hlotið það tjón á handlegg sem bótakrafa hans í málinu varðar.

Álit.

Ekki liggja fyrir samtíma læknisfræðileg gögn sem sýna fram á áverka á hægri handlegg M eftir slysið þ. 22.5.2011. M kvartar ekki vegna þessa og leitar ekki til læknis fyrr en rúmum 5 mánuðum eftir slysið. Miðað við fyrirliggjandi gögn er ekkert sem sýnir fram á eða sannar að M hafi hlotið umræddan áverka í slysinu. M á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sinni hjá V vegna áverka á hægri handlim.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna áverka á hægri handlim.

Reykjavík 19.12.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 516/2012**M
og
vátryggingafélagið X v/ slysatryggingar launþega.****Ágreiningur um hvort lögmæltis tilkynningarfrests vegna slyss hafi verið gætt.****Gögn.**

7. Málskot, móttakið 20.11.2012, ásamt fylgigögnum.
8. Bréf X, dags 10.12.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 14.10.2008 féll M í vinnu sinni niður af palli vöruflutningabifreiðar og lenti á hægri öxl. Þremur dögum síðar, eða 17.10.2008, leitaði M til læknis. Þreifiefymsli voru þá yfir hægri axlarparti og skertar hreyfingar. Ekki var áverkamerki að sjá og röntgenmyndir voru neikvæðar. Niðurstaða rannsóknar var að um tognun væri að ræða. Í mars 2009 var M skoðuð af bæklunarlækni vegna verkja í öxlinni annað slagið, svo sem við hreyfingar og álag og hún gat ekki legið á hægri hlið. Áleit læknirinn að um væri að ræða tognun og einkenni frá „supraspinatus“ vöðva. Fékk M almennar ráðleggingar og var send í sjúkraþjálfun. Var hún í sjúkraþjálfun um mánaðarskeið sumarið 2009. 19.8.2010 hafði móðir M samband við lækni sökum þess að þá var M alveg frá í öxlinni. Með matsgerð, dags. 26.4.2012, var varanlegur miski af völdum slyssins metinn 5 stig og varanleg örorka 5%.

Með tilkynningu 8.9.2010 var krafist bóta úr slysatryggingu launþega hjá X. X hafnaði bótaskyldu á þeim forsendum að hún hefði glatað rétti sínum til bóta skv. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 sökum þess hversu seint hún tilkynnti um slysið til X.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 124. gr. vsl. glatar sá sem á rétt til bóta úr slysatryggingu þeim rétti ef krafa er ekki gerð til vátryggingafélags innan árs frá því að hann fékk vitneskju um atvik sem hún er reist á. Um sumarið 2009 hafði M verið í sjúkraþjálfun vegna axlareinkenna sinna. Hvorki að lokinni sjúkraþjálfuninni né heldur í september, ári áður en slysið var tilkynnt X, verður ráðið með skýrum hætti af gögnum málsins að M hafi þá vitað að afleiðingar slyssins yrðu varanlegar. Að öllu virtu verður því ekki talið að M hafi glatað rétti sínum til bóta úr slysatryggingunni er hún tilkynnti um slysið til X.

Niðurstaða.

M, telst ekki hafa glatað rétti til bóta úr slysatryggingu launþega hjá X af völdum vinnuslyss 14.10.2008.

Reykjavík, 19. desember 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 517/2012**M****og****Vátryggingafélag v/ábyrgðartryggingar A****Ágreiningur um orsakatengsl í tengslum við árekstur 22.12. 2010.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 20.11. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 04.12. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M var ökumaður bifreiðar sem var kyrrstæð á Ásbraut við verslun við Haukatorg í Hafnarfirði.

Ökumaður bifreiðar A ók aftan á bifreið M.

Ágreiningur er um hvort sýnt hafi verið fram á orsakatengsl milli árekstursins og eymsla sem M telur sig búa við sbr. gögn.

Vátryggingafélagið telur ósannað að orsakatengsl séu til staðar vegna slyssins sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Í ljósi takmarkaðra gagna hefur M ekki sýnt fram á orsakatengsl milli áreksturs þess sem getið hefur verið og þeirra eymsla sem hún telur sig hafi orðið fyrir í umrætt sinn. Engin læknisfræðileg gögn eða matsgerð sýna fram á orsakatengsl í máli þessu.

Þegar tekið er mið af ofanrituðu og takmörkuðum gögnum máls þessa er bótaskylda ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 19. desember 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 518/2012**M****og****Vátryggingafélag v/hestaverndar – takmarkaðrar líftryggingar****Meiðsl á hesti í mars 2012, aflifun í október sama ár.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 21.11. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 10.12. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Viðkomandi hestur helstist og fékk ekki bata þrátt fyrir meðhöndlun dýralækna sbr. fyrirliggjandi gögn. Samkvæmt skilmálum greiðir félagið bætur ef hesturinn sem um ræðir deyr af völdum sjúkdóms eða slyss. Kveðið er á um það að félagið greiði bætur ef hesturinn er svo sjúkur eða slasaður að tafarlaus aflifun er ráðlögð af dýralækni þar sem lækni meðferð bryti í bága við dýraverndunarsjónarmið.

Félagið telur að framangreind skilyrði séu ekki uppfyllt. Í læknisvottorði er því lýst að hesturinn hafi verið meðhöndlaður með lyfjum og ráðlagt hvíld. Við síðari skoðun hafi komið í ljós eftir ráðlagða hvíld og lyfjameðferð og eftir röntgenmyndatöku hinn 01.10. sl. brot á griffilbeini á hægri fæti sbr. gögn málsins. Þá hafi aflifun verið ráðlögð. Félagið telur því skilyrði skilmála ekki uppfyllt. Það vísar og til ákvæði skilmála þess efnis að félagð greiðir ekki bætur ef aflífa þar hestinn vegna heltis. Einnig greiðir félagið ekki bætur ef hesturinn deyr eða aflífa þarf hann vegna brots eða sprungu í beinvef sbr. nánar skilmála.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu. Hann telur skilyrði skilmála um tafarlausu aflifun vera uppfyllta.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er skilyrði vátryggingarskilmála um tafarlausu aflifun uppfyllt í ljósi þess að gripið var til þessa þegar sjúkdómsgreining var framkvæmd í október 2012. Samkvæmt vátryggingarskilmálum greiðir félagið ekki bætur ef hestur deyr eða aflífa þarf hann vegna “heltis” og/eða “brots eða sprungu í beinvef sem sýnir merki um veikleika, beineyðingu, hrörnun eða gigt”. Fyrirliggjandi gögn verða ekki skýrð á þann veg að umrædd undanskilin áhætta eigi við. Ekki hefur verið sýnt fram á að aflífa hafi þurft hestinn sökum heltis.

Með vísan til framanritaðs og fyrirliggjandi gagna er bótaskylda fyrir hendi.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir hendi.

Reykjavík 15. janúar 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 519/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. frítímaslysáttryggingar M

Maður telur sig hafa orðið fyrir líkamstjóni vegna líkamsárásar þ. 9.9.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.22.11.2012 ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V dags. 6.12.2012.

Málsatvik.

M segist hafa orðið fyrir líkamstjóni þegar maður hafi ýtt tvisvar í sig þar sem hann var á vinnustað sínum og síðan ýtt í bakið á M og síðan ráðist á hann og slegið hann á vinstri öxlina og vinstra megin á háls. M krefst bóta vegna þessa og vísar til áverkavottorðs dags. 9.9.2011 og telur að áverkar þeir sem hann hafi orðið fyrir í líkamsárásinni séu bótaskyldir úr slysáttryggingu sinni hjá V. V hafnar bótaskyldu og segir að maður sá sem M nefnir að hafi ráðist á sig beri með þeim hætti um atvikið að M hafi hnippið í hann og þá hafi viðkomandi maður tekið í jakka M og síðan farið. Sérstaklega aðspurður neitar maðurinn því að hafa ráðist á M og neitar alfarið að hafa slegið M. V segir að ósannað sé að það hafi orðið slys í skilningi vátryggingarréttar sem sé bótaskyldt úr frítímaslysáttryggingu M hjá V. Þá sé ósannað hvað raunverulega hafi gerst í umrætt sinn þar sem aðilum M og manningnum sem M sakar um líkamsárás beri það mikið í milli.

Álit.

Að virtum gögnum málsins verður ekki séð að sönnun liggja fyrir um þau atvik sem M byggir kröfu sína á eða nokkur þau gögn liggja fyrir sem leiði til bótaskyldu úr frítímaslysáttryggingu M hjá V vegna þess atviks sem hér um ræðir.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frítímaslysáttryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 15.11.2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 516/2012**M
og
vátryggingafélagið X v/ slysátryggingar launþega.****Ágreiningur um hvort lögmæltis tilkynningarfrests vegna slyss hafi verið gætt.****Gögn.**

9. Málskot, móttækið 20.11.2012, ásamt fylgigögnum.
10. Bréf X, dags 10.12.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 14.10.2008 féll M í vinnu sinni niður af palli vöruflutningabifreiðar og lenti á hægri öxl. Þremur dögum síðar, eða 17.10.2008, leitaði M til læknis. Preifileymisli voru þá yfir hægri axlarparti og skertar hreyfingar. Ekki var áverkamerki að sjá og röntgenmyndir voru neikvæðar. Niðurstaða rannsóknar var að um tognun væri að ræða. Í mars 2009 var M skoðuð af bæklunarlækni vegna verkja í öxlinni annað slagið, svo sem við hreyfingar og álag og hún gat ekki legið á hægri hlið. Áleit lækurinn að um væri að ræða tognun og einkenni frá „supraspinatus“ vöðva. Fékk M almennar ráðleggingar og var send í sjúkrahjálfun. Var hún í sjúkrahjálfun um mánaðarskeið sumarið 2009. 19.8.2010 hafði móðir M samband við lækni sökum þess að þá var M alveg frá í öxlinni. Með matsgerð, dags. 26.4.2012, var varanlegur miski af völdum slyssins metinn 5 stig og varanleg örorka 5%.

Með tilkynningu 8.9.2010 var krafist bóta úr slysátryggingu launþega hjá X. X hafnaði bótaskyldu á þeim forsendum að hún hefði glatað rétti sínum til bóta skv. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 sökum þess hversu seint hún tilkynnti um slysið til X.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 124. gr. vsl. glatar sá sem á rétt til bóta úr slysátryggingu þeim rétti ef krafa er ekki gerð til vátryggingafélags innan árs frá því að hann fékk vitneskju um atvik sem hún er reist á. Um sumarið 2009 hafði M verið í sjúkrahjálfun vegna axlareinkenna sinna. Hvorki að lokinni sjúkrahjálfuninni né heldur í september, ári áður en slysið var tilkynnt X, verður ráðið með skýrum hætti af gögnum málsins að M hafi þá vitað að afleiðingar slyssins yrðu varanlegar. Að öllu virtu verður því ekki talið að M hafi glatað rétti sínum til bóta úr slysátryggingunni er hún tilkynnti um slysið til X.

Niðurstaða.

M, telst ekki hafa glatað rétti til bóta úr slysátryggingu launþega hjá X af völdum vinnuslyss 14.10.2008.

Reykjavík, 19. desember 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 520/2012

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B
og
vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.

Árekstur á Tryggvabraut á Akureyri hinn 19.9.2012.**Gögn.**

11. Málskot, móttakið 22.11.2012, ásamt fylgigögnum.
12. Bréf X, dags. 5.12.2012, ásamt fylgigögnum.
13. Bréf Y, dags. 14.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið austur Tryggvabraut hægra megin fram úr bifreiðinni B sem var við umferðareyju vinstra megi á þeim helmingi götunnar sem liggur til austurs. Rákust þá saman vinstri hlið A og hægra framhorn B.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á 20-30 km hraða á klst. fram hjá B sem hafi verið kyrrstæð og að hann taldi fyrir aftan aðra bifreið. B hafi svo verið ekið á hurð á vinstri hlið A.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á eftir annarri bifreið sem hafi ætlað að taka vinstri beygju, en stöðvað vegna umferðar á móti. Kvaðst ökumaðurinn því hafa hægt á bifreið sinni og stöðvað augnablik til að líta í spegil. Hann hafi enga bifreið séð og því beygt til hægri. Hafi B þá lent á A.

Álit.

Ökumaður B stöðvaði bifreið sína fyrir aftan aðra bifreið. Eftir að hafa litið eftir umferð ók hann svo af stað og beygði til hægri. Með því að aka til hliðar eins og hann gerði án þess að vita af ferðum A gekk hann ekki úr skugga um að það hafi verið unnt án hættu eða óþarfa óþæginda eins og honum bar, sbr. 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Telst ökumaður B því eiga sök á árekstrinum. Eins og hér stóð á eru ekki efni til að leggja sök á ökumann A.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann B, PP-838.

Reykjavík, 15. janúar 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 521/2012**M vegna bifreiðarinnar A****og****Vátryggingafélag v/ábyrgðartryggingar fjölskyldutryggingar
vegna reiðhjóls (B)****Umferðaróhapp á aðrein við bensínstöð við Öskjuhlíð þann 23.07. 2012.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 26.11. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 10.12. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M ók bifreið sinni á dreng sem hjólaði frá hægri í veg fyrir A.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingar. Ekki “þykir sýnt fram á að tjónið verði rakið til sakar reiðhjólamannsins”, sem fæddur er á árinu 1999. Þegar B kom hjólandi stíg sem þarna er og lenti á bifreiðinni hafi A að lögum borið að gæta að umferð frá hægri. Félagið vísar máli sínu til stuðnings til úrskurðar nefndarinnar í máli 289/2012 sem félagið telur sambærilegt.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu. Hann telur m.a. að B hafi hjólað á mikilli ferð beint í veg fyrir A inná aðreinina frá göngustíg sem liggur til hægri við akstursleið A.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er ljóst að B, sem fæddur er á árinu 1999, hjólar af göngustíg í veg fyrir bifreiðina. Virðist sem B hafi ekki haft stjórn á reiðhjóli sínu því hann birtist öikumanni A skyndilega þegar hann fer í veg fyrir A. Atvik máls þessa verða fyrst og fremst rakin til aðgæsluleysis B. Breytir ekki framanrituðu þó að ökumaður A hafi átt að gæta að mögulegri umferð frá hægri.

Niðurstaða.

B er ábyrgð á umferðaróhappi þessu.

Reykjavík 15. janúar 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 522/2012
M og
Vátryggingafélagið V-1 v.A og
Vátryggingafélagið V-2 v. B

Ekið á kyrrstæða bifreið við Furugerði í Reykjavík þ. 10.7.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 26.11.2012 ásamt fylgiskjölum 1-7
2. Bréf V-1 dags. 14.12.2012.
3. Bréf V-2 dags. 10.12.2012 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M segir að ekið hafi verið utan í kyrrstæða bifreið sína A við Furugerði í Reykjavík og telur að sendiferðabíllinn B sem var að koma með mat fyrir mötuneytið að Furugerði 1 hafi gert það. Ökumaður B segist hafa ekið þar um sem A var lagt og segist viss um að hann hafi ekki rekist utan í hann þar sem hann hafi keyrt framhjá honum og snúið við á bílastæðinu. Framkvæmd var mæling á ákomum á bifreiðunum A og B af fyrirtækinu Aðstoð og Öryggi og var niðurstaðan sú að hæð vörukassans passer við hluta af þeim skemmdum sem eru á A og er það mat þeirra að ákomur á A séu af völdum B en getur þess að ekki sé hægt að komast að óyggjandi niðurstöðu vegna aðstæðna sem kunnir að hafa verið fyrir hendi vegna lestunar og losunar B. V-2 hafnar bótaskyldu og telur ekki nægjanlega sannað að B hafi valdið tjóni á A og vísar m.a. til þess sem stendur í skýrslu Aðstoðar og Öryggis um að ekki sé hægt að komast að óyggjandi niðurstöðu í málinu. Þá er lagt fram bréf af hálfu V-2 frá fagaðila sem segir að mælingar passi hreint ekki saman og muni 7 sentimetrum auk þess séu engin ummerki sjáanleg á B.

Álit.

Fyrir liggur að V-2 sem tryggir B óskaði eftir því að Aðstoð og Öryggi tæki skýrslu af ökumanni B og gerður yrði samanburður á milli bifreiðanna. Niðurstaða úr þeirri könnun var sú að Aðstoð og Öryggi telur að ákomur á A sé af völdum B þó ekki sé hægt að fullyrða það með óyggjandi hætti. Miðað við þau gögn sem liggja fyrir í málinu og þá niðurstöðu Akstur og Öryggi að ákomur á A séu af völdum B þó það verði ekki fullyrt með óyggjandi hætti verður að telja að yfirgnæfandi líkur séu fyrir því að B sé valdur af tjóni A í umrætt sinn og á M því rétt á bótum úr bifreiðatryggingu B hjá V-2

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr bifreiðatryggingu B hjá V-2

Reykjavík 15.1.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 523/2012

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B
og
vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.

Árekstur á bifreiðastæði við Verslunarskóla Íslands þann 25.10.2012.**Gögn.**

14. Málskot, móttakið 26.11.2012, ásamt fylgigögnum.
15. Bréf X, dags. 5.12.2012.
16. Tölvuskeyti Y, dags 10.12.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið eftir akleið á bifreiðastæði við Verslunarskólann. Um svipað leyti var bifreiðinni B ekið aftur á bak úr stöðureit áleiðis út á akleiðina sem A var ekið eftir. Rákust þá saman hægra framhorn A og hægra afturhorn B.

Á forsiðu sameiginlegrar tjónstilkynningar ökumanna sem hlut eiga að máli segir svo: „Bíl B er bakkað úr stæði, stöðvar þegar hún sér bíl A beygja inn bílastæðin. Bílstjóri bíls A tekur of seint eftir bíl B og nær ekki að sveigja frá, lendir með framhorn á hægri afturhlið/horn bíls B.“

Í viðbótarupplýsingum ökumanns A kemur fram að hann hafi ekið inn á bifreiðastæðið sem liggja í hring. Hann hafi komið úr beygju og talið sig ekki hafa verið á óeðlilega miklum hraða en þó ekki löturhægt. Þegar hann hafi komið úr beygjunni hafi leiðin verið greið. Hann hafi ekki tekið eftir B fyrir en hann var kominn alveg upp að henni og hafi hann metið ástandið svo að vænlegra væri að beygja frá en hemla.

Álit.

Eins og ökumaður A hefur lýst tildrögum árekstursins kom hann úr beygju á akleið eftir bifreiðastæðinu og í framhaldinu hafi leiðin verið greið. Hann hafi ekki ekið löturhægt, þó ekki óeðlilega hratt. Hann hafi svo ekki séð B fyrir en hann var kominn alveg upp að henni. Samkvæmt þessu hefur ökumaður A ekki sýnt nægilega aðgæslu er hann ók eftir bifreiðastæðinu. Eins og hér stendur á hefur ökumaður A sönnunarbyrðina um það að áreksturinn verði rakinn til þess að B hafi verið ekið aftur á bak úr stöðureitnum í veg fyrir A. Sú sönnun hefur ekki tekist og telst ökumaður A því eiga sök á árekstrinum. Af fyrirbyggjandi gögnum verður ekki ráðið að áreksturinn verði rakinn til atvika sem ökumaður B ber ábyrgð á. eru því ekki efni til að leggja á hann sök.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 15. janúar 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.
Valgeir Pálsson hrl. Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 524/2012**M
og
váttryggingafélagið X v/ sumarhúsatryggingar.****Ágreiningur um lögmati niðurfellingar sumarhúsatryggingar vegna vanskila á iðgjaldi.****Gögn.**

17. Málskot, móttakið 26.11.2012, ásamt fylgigögnum.
18. Bréf X, dags 28.12.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 31.8.2001 komst á váttryggingarsamningur á milli M og X um fasteignatryggingu, sem síðar nefndist sumarhúsatrygging, vegna sumarhúss í eigu M. M eru búsett í Bandaríkjunum og því ekki með lögheimili hér á landi. Í váttryggingarskrárteini var heimili M skráð að Kirkjusandi í Reykjavík, þ.e. í höfuðstöðvum Íslandsbanka, en þar höfðu M stofnað bankareikning sem notaður var til greiðslu váttryggingariðgjaldsins samkvæmt greiðsluþjónustusamningi M við bankann.

Iðgjald fyrir váttrygginguna vegna ársins 2008 var ekki greitt. Í kjölfar greiðsludráttarins kveður X að send hafi verið áminningarbréf og síðan lokaadvörðun í samræmi við 1. mgr. 32. gr. og 1. mgr. 33. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 á hið skráða heimilisfang að Kirkjusandi. Er bréfin voru endursend var árangurslaust reynt að afla upplýsinga hjá bankanum um heimilisfang M í Bandaríkjunum. Einnig hafi verið kannaðir möguleikar hjá Íslandspósti að senda tilkynningarnar í pósti í sumarhús þeirra, en það hafi ekki verið unnt. Fór svo að váttryggingin var felld úr gildi 4.11.2008 vegna vanskilanna.

Í lok árs 2011 varð vatnstjón í sumarhúsinu er vatnsleiðslur frostsprungu eftir bilun í hitaveitu. Í kjölfarið leituðu M til X og kröfðust bóta vegna tjónsins. X hafnaði kröfu þeirra þar sem sumarhúsatryggingin hafði fallið úr gildi 4.11.2008 eins og fyrr getur. M hafa vilja ekki una afstöðu X. Þau telja að það hafi verið fyrir tilverknað X að heimili þeirra hafi verið skráð að Kirkjusandi, en það hafi verið mistök og gert án þeirra vitundar. X hafi ekki gætt hagsmuna M sem váttryggingartaka, sbr. 9. gr. vsl. Niðurfelling váttryggingarinnar hafi verið ólögmet og því beri að líta svo á að hún verið í gildi er tjónið varð í árslok 2011.

Álit.

X hafa hafnað því að hafa breytt heimilisfangi M í þjóðskrá. Upplýsingar um heimilisfangið hafi verið fengnar úr þjóðskrá sem er beintengd tölvukerfi X. Engar frekari upplýsingar liggja fyrir um það hvernig það mun hafa atvikast að heimilisfang M var skráð að Kirkjusandi. Gegn neitun X verður við það að miða að umrætt heimilisfang hafi verið svo í þjóðskrá af ástæðum sem X ber ekki ábyrgð á. Ekki verður annað ráðið en X hafi reynt að koma tilkynningum um vanskil á iðgjaldinu til M eins og af sanngirni má krefjast, einkum þegar litið er til ákvæðis í sameiginlegum skilmálum váttryggingarinnar um iðgjaldsgreiðslur að krafa um greiðslu iðgjalds er send á heimilisfang sem váttryggingartaki hefur tilgreint. Váttryggingin var því niður fallin þegar tjónið varð í sumarhúsinu. Greiðsluskylda er því ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

Sumarhúsatrygging M hjá X var fallin niður þegar vatnstjón varð í sumarhúsi þeirra í árslok 2011. Greiðsluskylda er því ekki fyrir hendi.

Reykjavík, 22. janúar 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 524/2012**M
og
vátryggingafélagið X v/ sumarhúsatryggingar.****Endurupptaka****Ágreiningur um lögmati niðurfellingar sumarhúsatryggingar vegna vanskila á
iðgjaldi.****Gögn.**

19. Beiðni M um endurupptöku, dags. 19.4.2013, ásamt fylgigögnum og tölvuskeyti frá 30.4.2013.
20. Bréf X, dags 8.5.2013.
21. Gögn er lágu frammi við uppkvaðningu fyrri úrskurðar í málinu.

Málsatvik.

Með málskoti, móttæknu 26.11.2012, kröfðust M þess að viðurkennt yrði að uppsögn X þann 4.11.2008 á fasteignatryggingu, sem síðar nefndist sumarhúsatrygging, vegna sumarhúss í eigu M, hafi verið ólögमत þannig að vátryggingin hafi verið í gildi er skemmdir urðu á eigninni af völdum vatns í lok árs 2011. Töldu M að fyrir mistök X og án þeirra vitundar hafi heimilisfang þeirra að Kirkjusandi í Reykjavík verið rangt skráð hjá félaginu og af þeim sökum hafi þeim ekki borist tilkynning um niðurfellingu vátryggingarinnar. M eru búsett í Bandaríkjunum.

Með úrskurði nefndarinnar 22.1.2013 var komist að þeirri niðurstöðu að sumarhúsatryggingin hafi verið fallin niður þegar tjónið varð og greiðsluskylda X hafi því ekki verið fyrir hendi. Í álitskafla úrskurðarins segir m.a. svo: „Gegn neitun X verður við það að miða að umrætt heimilisfang hafi verið svo í Þjóðskrá af ástæðum sem X ber ekki ábyrgð á. Ekki verður annað ráðið en X hafi reynt að koma tilkynningum um vanskil á iðgjaldinu til M eins og af sanngirni má krefjast, einkum þegar litið er til ákvæðis í sameiginlegum skilmálum vátryggingarinnar um iðgjaldsgreiðslur að krafa um greiðslu iðgjalds er send á heimilisfang sem vátryggingartaki hefur tilgreint.“ Í endurupptökubeiðni M er vísað til tölvuskeytasamskipta við Þjóðskrá, en samkvæmt þeim samskiptum sé upplýst að hið skráða heimilisfang þeirra hjá X sé ekki frá Þjóðskrá komið. Af hálfu X hafa ekki verið gerðar sérstakar athugasemdir við fram komnar athugasemdir Þjóðskrár, en áréttað að starfsmenn X hafi ekki tekið það upp hjá sjálfum sér að skrá fyrrgreint heimilisfang í sínum skráum.

Úrskurðarnefnd hefur ákveðið að verða við beiðni M um endurupptöku málsins.

Álit.

Þótt við það megi miða að fyrrgreint heimilisfang sé ekki komið úr Þjóðskrá og ekki liggi fyrir skýring á því hvernig það mun hafa atvikast að heimilisfangið var skráð hjá X með þeim hætti sem gert var, verður ekki fram hjá því litið að heimilisfangið var skráð með þessum hætti hjá X allar götur frá því vátryggingin var tekin á árinu 2001 og svo var enn þegar hún var felld niður vegna vanskila í nóvember 2008. Í skilmálum vátryggingarinnar, sem giltu á þeim tíma sem hún var í gildi, var ákvæði þess efnis að krafa um greiðslu iðgjalds verði send vátryggingartaka á það heimilisfang sem hann

hefur tilkynnt félaginu og sending tilkynningar eða greiðsluseðils jafngildi kröfu um greiðslu. Einnig er tekið fram að breytingar á heimilisfangi skuli tilkynna félaginu þegar í stað. Á þeim tíma sem váttryggingin var í gildi verður ekki séð að M hafi tilkynnt X um annað heimilisfang en þar var skráð. Í ljósi þessa og að öðru leyti með vísan til álits nefndarinnar

í fyrri úrskurði, sbr. það sem að framan greinir, eru ekki talin efni til að breyta fyrri niðurstöðu um að váttryggingin hafi verið niður fallin þegar tjónið varð í sumarhúsinu og greiðsluskylda hafi því ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

Sumarhúsatrygging M hjá X var fallin niður þegar vatnstjón varð í sumarhúsi þeirra í árslok 2011. Greiðsluskylda er því ekki fyrir hendi.

Reykjavík, 21. maí 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 526/2012**M****og****Vátryggingafélag v/almennrar slysátryggingar og fjölskyldutryggingar****Ágreiningur um hvort um slys hafi verið að ræða þann 18.09. 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 26.11. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 10.12. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Í tjónstilkynningu, dags. 01.12. 2011, lýsti M því yfir að hann hafi verið að kasta dýnu í gám þann 18.09. 2011, þegar hún hafi slegist til baka og lent harkalega á vinstri öxl sbr. fyrirliggjandi gögn.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það telur að ekki hafi verið sýnt fram á að um skyndilegan utanaðkomandi atburð hafi verið að ræða sem valdið hefur meiðslum á líkama M og gerst án vilja hans. Ekki hafi verið lýst skyndilegum atburði t.d. í læknisvottorði. Félagið vísar og til þess að M hafi glímt við einkenni í vinstri öxl og að þau geti komið án áverka. Engin vitni voru að umræddum tjónsatburði.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ósannað er að rekja megi umrædd meiðsl M til slyss í merkingu vátryggingarskilmála.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 15. janúar 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 527/2012

M vegna bifreiðarinnar A

og

Vátryggingafélag v/ábyrgðartryggingar fjölskyldutryggingar
vegna reiðhjóls (B)

Umferðaróhapp á bifreiðaplani við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri 02.10. 2012.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 29.11. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 12.12. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M, ökumaður A, beygði inn í stæði þegar B var hjólað frammeð bifreiðinni hægra megin þannig að árekstur varð.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu ábyrgðartryggingar fjölskyldutryggingar. Það telur að tjónið verði aðeins rakið til aðgæsluleysis af hálfu ökumanns A þegar A beygði inn að stæðinu án þess að taka eftir B og ók í veg fyrir B. Reiðhjólamaðurinn hafnar því að hafa séð stefnuljós á A. A hafi skyndilega beygt til hægri án þess að gefa stefnumerki.

Sjónarvottur, ökumaður bifreiðar sem ók um bifreiðaplanið, lýsir atvikum á líkan hátt og ökumaður A, að A hafi gefið stefnuljós til hægri inn í stæðið, hægir á sér og byrjar að beygja. Þá segir sjónarvotturinn “Hjólreiðamaðurinn hægir ekki á sér heldur tekur hægra megin framúr bílnum ... með þeim afleiðingum að hann hjólar á bílinn...Hann var líka nálægt bílnum, kannski einu skrefi frá...”

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ósannað er að rekja megi óhapp þetta til aðgæsluleysis reiðhjólamannsins. Ökumaður A virðist ekki hafa hugað nægjanlega að aðstæðum til hliðar við bifreið sína er hann beygði til hægri í áttina að stæði. Virðist hann hafa gefið stefnuljós um leið eða skömmu áður en hann beygði. Frásögn sjónarvott er skýrð á þann veg að B hafi verið nálægt bifreiðinni er henni var skyndilega beygt til hægri.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 8. janúar 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 528/2012**M og****Vátryggingafélagið V v. slysaftryggingar ökumanns og eiganda A þegar ekið var á B****Ekið aftan á kyrrstæða bifreið á Holtavörðuheiði þ. 1.2.2008.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið þ. 28.11.2012 ásamt fylgiskjölum 1-31
2. Bréf V dags. 17.12.2012. ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

A var ekið á tengivagn B. Ökumaður A segist hafa ætlað að aka framúr B sem var kyrrstæð og séð að það var að koma bifreið á móti og hafi M þá hemlað og A lent á tengivagni B. M segist hafa orðið fyrir meiðslum í slysinu og krefst bóta úr slysaftryggingu ökumanns A hjá V. Af hálfu M er rakið að verkir hafi farið versnandi frá slysinu og hafi sjúkdómsgreining læknis verið tognun og ofreynsla á lendhrygg auk þess sem talið er að um eftirstöðvar tognunaráverka sé að ræða í baki M. Af hálfu M er á það bent að ekkert í sjúkrasögu hennar geti skýrt þá verki sem hún er með frá baki en fyrir slysið hafi M ekki fundið fyrir slíkum einkennum. Þá er á það bent að bifreið M hafi verið óökuhæf eftir áreksturinn. V hafnar bótskyldu og segir að ekki hafi verið færðar sönnur á að orsakatengsl séu til staðar á milli meintra líkamsáverka M og atviksins þ. 1.2.2008. V bendir sérstaklega á dóm Hæstaréttar Íslands í máli 21/2010 og telur málsatvik þar um margt sambærileg og í þessu tilviki. Þá bendir V á að það sé tjónþola að færa sönnur á tjón sitt, að bótagrundvöllur sé fyrir hendi og orsakatengsl séu á milli tjónsins og hinnar bótskyldu háttsemi. Af hálfu V er sérstaklega bent á að M hafi leitað til læknis fjórum dögum eftir slysið en síðan ekki fyrr en rúmum tveimur árum síðar vegna þess, en í millitíðinni leiti M til lækna en kvarti ekki undan meiðslum vegna umferðarslyss þess sem hér ræðir um.

Álit.

Miðað við fyrirliggjandi gögn eru orsakatengsl milli núverandi ástands M og umferðarslyssins þ.1.2.2008 ósönnuð og á M því ekki rétt á bótum úr slysaftryggingu ökumanns og eiganda A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysaftryggingu ökumanns og eiganda A hjá V.

Reykjavík 15.1.2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 529/2012

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar létta bifhjólsins A
og
vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á Glerárgötu á Akureyri við gatnamót Grænugötu þann 29.9.2012.**Gögn.**

22. Málskot, móttakið 28.11.2012, ásamt fylgigögnum.
23. Bréf Y, dags. 20.12.2012.
24. Bréf X, dags 14.1.2013.

Málsatvik.

Létta bifhjólinu A var ekið suður Glerárgötu og hugðist stjórnandi þess beygja til vinstri áleiðis vestur Grænugötu. Rakst þá bifreiðin B aftan A. Áreksturinn varð á vinstri akrein Glerárgötu.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið eftir Glerárgötu á vinstri akrein og verið að hægja á sér til að beygja. Hann hafi verið með stefnumerki. Þá hafi B verið ekið aftan á A.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið eftir vinstri akrein Glerárgötu á lítið eitt meiri hraða en umferðin á hægri akrein. Rétt áður en komið var að gatnamótum Grænugötu hafi A verið sveigt yfir á vinstri akrein án þess að stjórnandi þess hafi gefið stefnuljós og án þess að hafa lítið aftur fyrir sig. Um leið hafi hann hemlað snögglega. Kvaðst ökumaður B hafa hemlað um leið og hann sá hvað var að gerast og hafi hann ýtt einu sinni við A sem þá hafi verið á ferð en lagðist svo á hliðina. Hemlaför eftir B hafi verið 10,7 m á lengd og hafi B stöðvað 2,2 m sunnan við enda umferðareyju sem skilur að umferð á Glerárgötu í gagnstæðar áttir.

Álit.

Ökumenn greinir verulega á um tildrög árekstrarins. Af gögnum málsins verður ekki ráðið hvort áreksturinn verði rakinn til þess að A var sveigt í veg fyrir B eða B hafi verið ekið aftan á A sem hafi verið ekið á undan B á vinstri akrein Glerárgötu. Verður því að telja ósannað samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hvor ökumanna eigi sök á árekstrinum. Samkvæmt þessu og með vísan til 89. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal hvor ökumanna bera helming sakar.

Niðurstaða.

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 29. janúar 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 531/2012**M****og****Vátryggingafélag v/bifreiðarinnar A og bifhjólsins B****Umferðaróhapp á gatnamótum Eiðisgranda og Öldugranda 12.05. 2012.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 29.11. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 20.12. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Miðað við fyrirliggjandi gögn var bifreiðinni A ekið í veg fyrir bifhjólið B, þegar A var beygt af Öldugranda inn á Eiðisgranda.

Grunur er um of hraðan akstur B sbr. umfjöllun fyrirliggjandi gagna og niðurstöður hraðaútreiknings um ætlaðan ökuhraða B. Ætlaður hraði B er 81 km/klst.

Vátryggingafélagið telur að umræddum hraðaútreikningi hafi ekki verið hnekkkt. Félagið vekur athygli á því að M viðurkenni í málskotinu að hafa ekið yfir leyfilegum hámarkshraða. Það telur orsakatengsl vera á milli ökuhraðans og óhappsins. Félagið telur að skipta skuli sök þannig að A beri 2/3 hluta sakar fyrir að aka í veg fyrir B og að B skuli bera 1/3 hluta sakar fyrir að aka yfir leyfilegum hámarkshraða.

M er ósammála afstöðu félagsins. Hann gagnrýnir trúverðugleika hraðaútreikningsins.

Álit.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A 2/3 hluta sakar fyrir að aka í veg fyrir B. B ber 1/3 hluta sakar fyrir að hafa ekið yfir leyfilegum hámarkshraða.

Lagt er til grundvallar að B hafi verið ekið yfir leyfilegum hámarkshraða og að það hafi átt sinn þá í óhappinu.

Niðurstaða.

A ber 2/3 hluta sakar og B 1/3 hluta sakar.

Reykjavík 29. janúar 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 532/2012**M****og****vátryggingafélagið X v/ slystryggingar ökumanns bifreiðar.****Ágreiningur um skerðingu bóta og tímafrest félagsins til að tilkynna um slíka skerðingu.****Gögn.**

25. Málskot, móttakið 29.11.2012, ásamt fylgigögnum.

26. Bréf X, dags. 28.12.2012, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Hinn 11.9.2010 ók M bifreiðinni A vestur Hringbraut í Reykjavík. Er hann kom að brú, þar sem Bústaðavegur í framhaldi af Snorrabraut liggur yfir götuna, missti M stjórn á A með þeim afleiðingum að hún kastaðist utan í vegrið og brúarstöpul og valt í framhaldi af því í loftköstum. Af því sem fram kemur í vettvangsskýrslu lögreglu má ráða að brak úr bifreiðinni hafi dreifst um nokkuð stórt svæði. Af framburði vitna sem getið er í lögregluskýrslu verður ekkert ráðið um hraða A. Í sérstakri framburðarskýrslu sem tekin var af M 13.9.2010 kvaðst M hafa gefið í er hann ók af stað við gatnamót Miklubrautar og Lönguhlíðar og verið kominn á 110-1120 km hraða á klst. er hann kom í aflíðandi beygju til vinstri vestur að Hringbraut. Þar hafi bifreiðin látið erfiðlega að stjórn og vinstra framhjóll rekist í kantstein og hann misst stjórn á A með fyrrgreindum afleiðingum.

M hefur leitað eftir bótum úr slysatryggingu ökumanns A hjá X. X kveður lokarannsóknarskýrslu lögreglu í málinu hafa borist 14.5.2012. Hún hafi ekki tekið af öll tvímæli um það hvernig slysið bar að höndum og þátt M í því. Því hafi verið leitað til verkfræðimenntaðs sérfræðings til leggja mat á hver hraði A hafi verið þegar slysið varð. Matsgerðin hafi legið fyrir 6.9.2012. Niðurstaða hennar hafi verið að A hafi verið ekið að lágmarki á 127 km hraða á klst., að hámarki á 172 km hraða á klst., en ætlaður hraði sé 148 km á klst. Með bréfi 10.9.2012 hafi X tilkynnt lögmanni M að bótum úr slysatryggingunni hafi verið hafnað þar sem M hafi valdið tjóninu af stórkostlegu gáleysi. M vill ekki una afstöðu X auk þess sem tilkynning um höfnun tjónsins hafi borist of seint, sbr. 94. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki með vissu ráðið hvenær framburðarskýrsla M barst X. Hún var ekki lögð fram fyrir úrskurðarnefnd með vettvangsskýrslu lögreglu og öðrum gögnum sem M hefur lagt fyrir nefndina. Hún barst hins vegar sem fylgiskjal með athugasemdum X. Verður við það miðað að hún hafi borist X með lokarannsóknarskýrslu lögreglunnar í maí 2012. Þótt X hafi ekki tilkynnt um höfnun bóta til M fyrr en í september 2012 í kjölfar þess að matsgerð um hraða A lá fyrir verður ekki talið, eins og hér stóð á, að X hafi sent tilkynninguna án ástæðulauss dráttar eins og áskilið er skv. 1. mgr. 94. gr. vsl.

Leyfilegur hámarkshraði á Hringbraut, þar sem slysið varð, er 60 km á klst. M kvaðst hafa ekið á allt að 120 km hraða á klst. eða á tvöföldum leyfilegum hraða. Það fær stóð í fyrirbyggjandi matsgerð að M hafi ekið á þessum mikla hraða. Slysið varð á fjölfarinni

umferðarleið. Um ofsaaðstur var að ræða þar sem M setti sjálfan sig og aðra vegfarendur í mikla hættu. Með þessu aksturslagi sýndi M háttsemi sem verður virt til stórkostlegs gáleysis. Ber af þeim sökum að skerða rétt hans til bóta úr slysatryggingunni. Eftir atvikum öllum þykir rétt að skerða bótarétt hans um 2/3 hluta þannig að hann fái tjón sitt bætt að 1/3 hluta.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist að 1/3 hluta úr slysatryggingu A hjá X.

Reykjavík, 22. janúar 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 534/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. slysátryggingar sjómanna

Sjómáður hlaut slynk á öxl þ.23.1.2011. Fyrning sbr. 2.mgr.124.gr. l. nr. 30/2004.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.14.1.2012 ásamt fylgiskjölum 1-6.
2. Bréf V dags. 21.12.2012 ásamt fylgiskjölum 1-6.

Málsatvik.

M segir málsatvik vera þau að við vinnu sína um borð í skuttogara þ. 23.1.2011, hafi hann slasast á öxl þar sem hann var að eiga við fiskikar og hafi hann tilkynnt skipstjóra um þetta þ. 10.2.2011. M leitaði til læknis þ. 23.3.2011 vegna þessa atviks og í vottorði sem lagt er fram frá Úlfari Gunnarssyni dags. 14.10.2011 segir að M hafi verið verkjaður allt frá slysdegi í janúar. M krefst bóta úr slysátryggingu sjómanna. V hafnar bótaskyldu og telur að meiðsli M verði ekki rakin til utanaðkomandi atburðar og uppfylli ekki skilyrði til þess að teljast slys. Þá vísar V til mismunandi lýsinga M á tjónsatvikinu og vísar til þess að fyrsta lýsingin falli ekki undir það að teljast vera utanaðkomandi atvik. Þá bendir V á að málskostfrestur 2.mgr. 124.gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004 hafi verið liðinn þegar málskotið barst Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum þar sem tilkynning V um höfnun kröfunnar hafi borist lögmanni M þ.11.nóvember 2011 og hafi því fresturinn runnið út þ. 12.nóvember 2012 sbr. 2.mgr. 124.gr. sbr. 3.mgr. 142.gr. laga um vátryggingasamninga.

Álit.

Lögmanni M var tilkynnt með bréfi M þ. 11.11.2011 að kröfu M væri hafnað og jafnframt var bent á að unnt væri að skjóta afstöðu félagsins til Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum eða dómstóla en verði það ekki gert innan árs frá tilkynningunni þá falli niður réttur til þess að hafa uppi frekari kröfur af þessu tilefni sbr. 2.mgr. 124.gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004. Samkvæmt því sbr. 2.mgr.124.gr. laga um vátryggingasamninga rann þá ársfresturinn út þ. 12.nóvember 2012. Máskot M barst Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum þ. 14.11.2012 og málskotsgjald var greitt þann sama dag. Í 2.mgr. 124.gr. laga um vátryggingasamninga segir: "Hafni félagið kröfu um bætur í heild eða að hluta glatar sá sem rétt á til bóta þeim rétti ef hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd skv. 141. gr. innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um höfnunina. Í tilkynningu félagsins verður að koma fram hver lengd frestsins sé og hvernig honum verði slitid og lögfylgjur þess að það verði ekki gert. [Lög um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, nr. 14/1905](#), gilda eftir því sem við getur átt um slit á frestum." Þar sem málskot barst Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum eftir að ársfresturinn skv. 2.mgr. 124.gr. laga um vátryggingasamninga var liðinn getur Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum ekki tekið mál þetta til efnismeðferðar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum skv. málskoti þessu úr slysátryggingu sjómanna sbr. 2.mgr. 124.gr. laga um vátryggingasamninga.

Reykjavík 22.1.2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Endurupptekið mál**Mál nr. 534/2012****M****og****Vátryggingafélagið V v. slysátryggingar sjómanna****Sjómaður hlaut slynk á öxl þ.23.1.2011. Fyrning sbr. 2.mgr.124.gr. l. nr. 30/2004.****Gögn.**

1. Málskot móttakið þ.14.1.2012 ásamt fylgiskjölum 1-6.
2. Bréf V dags. 21.12.2012 ásamt fylgiskjölum 1-6.

Málsatvik.

M segir málsatvik vera þau að við vinnu sína um borð í skuttogara þ. 23.1.2011, hafi hann slasast á öxl þar sem hann var að eiga við fiskikar og hafi hann tilkynnt skipstjóra um þetta þ. 10.2.2011. M leitaði til læknis þ. 23.3.2011 vegna þessa atviks og í vottorði sem lagt er fram frá Úlfari Gunnarssyni dags. 14.10.2011 segir að M hafi verið verkjaður allt frá slysdegi í janúar. M krefst bóta úr slysátryggingu sjómanna. V hafnar bótaskyldu og telur að meiðsli M verði ekki rakin til utanaðkomandi atburðar og uppfylli ekki skilyrði til þess að teljast slys. Þá vísar V til mismunandi lýsinga M á tjónsatvikinu og vísar til þess að fyrsta lýsingin falli ekki undir það að teljast vera utanaðkomandi atvik. Þá bendir V á að málskostfrestur 2.mgr. 124.gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004 hafi verið liðinn þegar málskotið barst Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum þar sem tilkynning V um höfnun kröfunnar hafi borist lögmanni M þ.11.nóvember 2011 og hafi því fresturinn runnið út þ. 12.nóvember 2012 sbr. 2.mgr. 124.gr. sbr. 3.mgr. 142.gr. laga um vátryggingasamninga.

Álit.

Lögmanni M var tilkynnt með bréfi M þ. 11.11.2011 að kröfu M væri hafnað og jafnframt var bent á að unnt væri að skjóta afstöðu félagsins til Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum eða dómstóla en verði það ekki gert innan árs frá tilkynningunni þá falli niður réttur til þess að hafa uppi frekari kröfur af þessu tilefni sbr. 2.mgr. 124.gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004. Samkvæmt því sbr. 2.mgr.124.gr. laga um vátryggingasamninga rann þá ársfresturinn út þ. 12.nóvember 2012. Máskot M barst Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum þ. 14.11.2012 og málskotsgjald var greitt þann sama dag. Upplýst er hins vegar að lögmaður M sendi málið til Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum þ. 8.nóvember 2012 og bað um upplýsingar um hvernig ætti að greiða málskotsgjaldið. Því bréfi var ekki svarað fyrr en nokkru síðar og barst greiðsla málskotsins sama dag. Miðað við þessar upplýsingar þá liggur fyrir að málið barst Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum innan ársfrestsins skv. 2.mgr. 124.gr. laga um vátryggingasamninga og er því málið tekið til efnismeðferðar.

Að virtum öllum gögnum málsins hefur M ekki sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir bótaskyldu slysi þegar hann var við vinnu sína þ. 23.1.2011 um borð í skuttogaranum. M á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna hjá V.

Reykjavík 22.1.2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 535/2012

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar veghaldara.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á bifreið eftir að henni var ekið í holu á vegi.

Gögn.

- 27. Málskot, móttækið 4.12.2012, ásamt fylgigögnum.
- 28. Bréf X, dags 19.12.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 16.1.2012 ók M bifreið sinni, A, eftir Arnarnesvegi í Kópavogi. Myrkur hafi verið og gatan illa upplýst. Hann hafi þá ekið ofan í holu á veginum með þeim afleiðingum að tvö dekk hægra megin á A sprungu og felgu skemmdust.

M kveður V sem eiganda vegarins bera ábyrgð á tjóninu. Hann hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X. X kveður V ekki hafa vitað af umræddri holu í veginum þegar tjónið varð og hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 56. gr. vegalaga nr. 80/2007 ber veghaldari vegar sem opinn er almenningi til frjálstrar umferðar ábyrgð á tjóni sem hlýst af slysi á veginum þegar tjónið er að rekja til gáleysis veghaldara við veghaldið og sannað er að vegfarandi hafi sýnt af sér eðlilega varkárni. Ekki er um það deilt að Arnarnesvegur, þar sem tjónið varð, er í eigu V og viðhald hans því á höndum V. Af fyrirliggjandi gögnum verður á hinn bóginn ekki ráðið að V hafi vitað eða mátt vita um skemmd þá í veginum sem M kveður að hafi valdið tjóninu á A þá er tjónið varð. Verður að telja ósannað að tjónið megi rekja til gáleysis V við veghaldið. Af þeim sökum ber V ekki ábyrgð á tjóni M og það verður því heldur ekki bætt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X, vegna tjóns á A.

Reykjavík, 22. janúar 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 536/2012**M
og
váttryggingafélagið X v/ lausafjártryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna þjófnaðar á lausafé (verkfærum) úr bifreið.****Gögn.**

29. Málskot, móttakið .2012, ásamt fylgigögnum.
30. Bréf X, dags .2012.

Málsatvik.

Snemma að morgni 7.3.2012 kom A á lögreglustöð til að tilkynna um þjófnað á bifreiðinni B í eigu M, þar sem hún hafi staðið fyrir utan heimili hans. Hann hafi skilið kveikjulaslykla eftir í kveikjulasnum í bifreiðinni og hún hafi verið ólæst. Þá kvað A að rafmagnsverkfæri hafi verið í bifreiðinni.

Daginn eftir fannst B en öll verkfæri voru horfin úr henni. Með tölvuskeyti til lögreglu 24.5.2012 kvað A það ekki rétt að kveikjulaslyklar hafi verið í B þegar henni var stolið. Þess í stað hafi þeir verið inni í íbúð hans.

M hefur krafist bóta vegna þjófnaðar á verkfærunum úr B úr lausafjártryggingu hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu með vísan til brots á varúðarskyldu.

Álit.

Engin haldbær skýring hefur komið fram á þeirri frásögn A að kveikjulaslyklar að B hafi verið í íbúð hans þegar B var stolið en ekki í kveikjulasnum og B verði ólæst þegar henni var stolið eins og hann skýrði frá í upphafi hjá lögreglu. Eins og málið liggur fyrir verður ekki hjá því komist að miða við upphaflega frásögn A um að lyklarnir hafi verið í kveikjulasnum B og hún verið ólæst þegar henni var stolið og um leið þeim verkfærum sem í henni voru.

Ekki virðist vera um það deilt að innbrotþjófnaðartrygging sú sem M hefur hjá X tekur til umrædds þjófnaðar á verkfærum úr B. Í skilmálum innbrotþjófnaðartryggingarinnar, 5. gr., er kveðið á um þá varúðarreglu að dyr og aðrir inngangar skulu vera tryggilega læstir og gluggar lokaðir og kræktir aftur þegar geymslustaður er mannlaus. Ljóst er samkvæmt því sem áður greinir að B var ólæst og mannlaus þegar henni var stolið ásamt þeim verkfærum sem í henni voru. Með því var af hálfu M brotin varúðarregla 5. gr. skilmálanna og verður þjófnaðurinn rakinn til þessa. Telst sökin það veruleg að M á ekki rétt á bótum úr váttryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr lausafjártryggingu hjá X.

Reykjavík, 15. janúar 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 537/2012**M vegna reiðhjóls**

og

Vátryggingafélag v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A**Umferðaróhapp á gatnamótum Höfðabakka og Strengs/Bæjarháls þann 09.07. 2009.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 03.12. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 10.12. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Á slysdegi var M, þá 14 ára, á leið heim úr vinnu ásamt bróður sínum. Hann var á hlaupahjól. Þegar þeir komu að nefndum gatnamótum fór M yfir götuna en þá var A ekið á hann. Bróðir M hafði stöðvað för sína yfir gatnamótin vegna þess að rautt ljós logaði á götuvatnum sem þarna er. M hafði ekki áttáð sig á stöðu götuvatans ellegar á umferðinni.

Vátryggingafélagið skerðir bótarétt M um ¼ hluta úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar með vísan til 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga vegna stórkostlegs gáleysis M. M hafi farið yfir þunga umferðargötu á rauðu ljósi. Máli sínu til stuðnings vísar félagið til dóms Hæstaréttar í máli nr. 352/2007. Það telur sanngjarnt að skerða bótarétt M um ¼ hluta.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann telur rangt að skerða bótarétt sinn um ¼ hluta, tjónsaburð máls þessa megi ekki rekja til stórkostlegs gáleysis M.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum þykir mega rekja tjónsburð máls þessa til stórkostlegs gáleysis M, sem var 14 ára á tjónsdegi. Hann virðist hafa farið í veg fyrir bifreiðina án þess að huga að stöðu umferðarljósa og umferðar. Þykir rétt að skerða bótarétt hans um ¼ hluta með vísan til 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir hendi en rétt þykir að skerða bótarétt M um ¼ hluta sakar.

Reykjavík 8. janúar 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 538/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. almennrar slysatryggingar

Vinnuslys þegar maður reyndi að stöðva bifreið sem rann af réttigabekk þ. 8.3.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 4.12.2012 ásamt fylgiskjölum 1-5
2. Bréf V dags. 13.12.2012

Málsatvik.

M var að vinna við bifreið sem var uppi á réttigabekk þegar bifreiðin fór úr gir og rann af bekknum. Bifreiðin stefndi að dyrum sem voru lokaðar og reyndi M að stöðva bifreiðina en svo fór að vinstri hendi hans klemmdist á milli hurðarinnar og bifreiðarinnar. M leitaði til læknis eftir slysið og fékk hefðbundnar ráðleggingar næst leitaði M til læknis 22.3.2011 og lýsti þá dofa ofan við olnboga og var aumur við snertingu en fékk aftur greiningu mar á olnboga. M fór síðan til læknis þ. 23.10.2012 og lýsti verkjum í olnboga og við þá læknisskoðun kom í ljós minnkuð hreyfigeta M m.a. M er með almenna slysatryggingu hjá V og tilkynnti um slysið þ. 14.9.2012 og krafðist viðurkenningar á bótaskyldu V vegna slyssins. Af hálfu V er rakið að tilkynningarfrestur skv. 124.gr. vátryggingarsamningalaga nr. 30/2004 hafi ekki verið liðinn þegar slysið var tilkynnt og M hafi ekki getað gert sér grein fyrir alvarleika slyssins og varanlegum áhrifum þess fyrr en jafnvel þ. 23.10.2012. V hafnar bótaskyldu og segir að tilkynning um slysið hafi borist til félagsins þ.14.9.2012 og telur V að tjónþola hafi verið ljóst að umræddir áverkar gætu verið varanlegir eftir að dofi og mar á olnboga sem greint var 22.3.2011 lagaðist ekki á næstu vikum. Þá vekur V athygli á því að M leitaði ekki til læknis frá því í 22.3.2011 til 23.10.2012 og telur V fráleitt að miða frest við að ný einkenni hafi komið fram við þá læknisskoðun. Þá segir V að ljóst sé að V hafi upplifað daglega verki og dofa í 6 mánuði áður en frestur hans til að tilkynna ran út. V telur einsýnt að M hafi mátt vera ljóst fyrir 14.9.2011 að ekki var allt með felldu.

Álit.

Miðað við fyrirliggjandi gögn og þær ráðleggingar sem M fékk við læknisskoðanir eftir slysið er ekki hægt að fallast á að M hafi mátt vita um að slysið mundi leiða til varanlegs tjóns fyrr en nokkru síðar. Miðað við gögn málsins verður ekki annað séð en að M tilkynni V um slysið innan þess frests sem kveðið er á um í 124.gr. laga um vátryggingsamninga nr. 30/2004. Má því rétt á bótum úr almennri slysatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr almennri slysatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 15.1.2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 539/2012**M****og****Vátryggingafélag v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A****Ágreiningur um hvort um stórkostlegt gáleysi farþega hafi verið að ræða og um skerðingu á bótarétti vegna slyss 10.06. 2012.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 05.12. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 21.12. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum var M farþegi í A sem var ekið vestur eftir Útnesvegi á Snæfellsnesi. Samkvæmt framburði ökumanns hljóp eitthvað fyrir bifreiðina sem olli því að hann missti stjórn á bifreiðinni með þeim afleiðingum að hún fór út af veginum og fór nokkrar veltur. M mun ekki hafa verið í bílbelti.

Félagið telur að M hafi sem farþegi í bifreiðinni orðið meðvaldur af tjóni sínu með stórkostlegu gáleysi og því sé rétt að hann beri 1/3 hluta tjóns síns sjálfur sbr. umfjöllun félagsins sem óþarft er að rekja.

M er ósammála afstöðu félagsins sbr. umfjöllun hans í gögnum málsins.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er bótaskylda fyrir hendi gagnvart M. Ekki er tilefni til að skerða bótaskyldu gagnvart honum. Það að M mun ekki hafa verið í bílbelti í umrætt sinn veldur því ekki að hann hafi af stórkostlegu gáleysi verið meðvaldur af tjóni sínu. Það var vissulega gáleysi af hans hálfu að vera ekki í bílbelti en það er ekki stórkostlegt gáleysi í því tilviki sem hér um ræðir.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir hendi.

Reykjavík 22. janúar 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 540/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. málskostnaðartryggingar

Málskostnaðartrygging. Ágreiningur um hvort M sé eigandi fasteignar þ. 4.7.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 6.12.2012 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V dags. 11.1.2013 ásamt fylgiskjali

Málsatvik.

M var aðili að dómsmáli varðandi útgreiðslu bóta vegna vatnsréttinda vegna Kárahnjúkavirkjunar og fékk M greiddar bætur samkvæmt niðurstöðu dómsins. M var gert að greiða fjármagnstekjuskatt vegna bótanna sem hann fékk tildæmar og sættir M sig ekki við það og hyggst höfða mál þar sem hann vill láta reyna á rétt sinn til endurgreiðslu oftekinna skatta og krefst þess að málskostnaður hans verði greiddur úr málskostnaðartryggingu sinni hjá V. M vísar til þess að málið sem um ræðir varði skattalega stöðu hans. Einnig er vísað til þess að M hafi ekki verið eigandi fasteignar sem málið varði frá 2002 og þess að langsótt sé að rýra tryggingarvernd M þar sem liðin séu um 10 ár frá því að M átti fasteign. V hafnar bótaskyldu þar sem ágreiningur sá sem málskotsaðili stendur í varði hann sem fasteignareiganda enda væri málið ekki til staðar ef M hefði ekki átt tiltekna jörð. Þá vísar V til vátryggingaskilmála grein 25.9 þar sem fram kemur að vátryggingin bæti ekki málskostnað sem varði vátryggðan sem eiganda fasteignar.

Álit.

Mál það sem um ræðir og M hyggst bera undir dómstóla varðar hann sem eiganda fasteignar. Hefði M ekki verið eigandi nafngreindar bújarðar á sínum tíma hefði hann ekki átt rétt á bótum þeim sem honum voru tildæmar og fjármagnstekjuskattur lagður á. Þar sem vátryggingaskilmálar mæla ótvírætt fyrir um það að tryggingin taki ekki til mála sem varði vátryggingataka sem eiganda fasteignar á M ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 29.1.2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 541/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. sjúkdómatryggingar

Krafa um bætur vegna kransæðastíflu, ágreiningur v. skerðingar bóta þ. september 2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 6.12.2012 ásamt fylgiskjölum 1-9
2. Bréf V dags. 18.12.2012 ásamt fylgiskjölum 1-11.

Málsatvik.

M sótti um sjúkdómatryggingu hjá V þ. 24.8.2002. Þ.31.10.2011 óskaði M bóta vegna kransæðastíflu og hjartaþræðingar í kjölfarið. V viðurkennir bótaskyldu vegna þessa en vill skerða bætur um 66% vegna rangra upplýsinga M við töku tryggingarinnar, en M krefst óskertra bóta. M telur sig hafa gefið réttar upplýsingar við töku tryggingarinnar og vísar til ráðlegginga sem M hafi fengið við töku tryggingarinnar og útfyllingu umsóknar. M segist hafa fyllt út umsóknina samviskusamlega og í góðri trú. Þá segir M að verði það niðurstaðan að um vanrækta upplýsingaskyldu sé að ræða í skilningi 2.mgr.83.gr. laga nr. 30/2004 vátryggingasamningalaga, þá beri ekki að skerða bætur til M um meir en 50% sbr. 2.mgr. 6.gr. eldri vátryggingasamningalaga nr. 20/1954. Þá er vísað til þess af hálfu M að líta verði til þess hve mikil sök vátryggingataka sé í tilvikum sem þessum. Þá vísar M til að líta verði til með hvaða hætti vátryggingaratburður hafi orðið og í öllu falli sé sú skerðing sem V telji að eigi að vera mjög harkaleg niðurstaða. Af hálfu V er vísað til þess að M hafi gefið rangar upplýsingar við töku tryggingarinnar og vísar til atriða úr sjúkraskrá M í því sambandi og segir að hefðu heilsufarsupplýsingarnar legið fyrir við töku tryggingarinnar um asma, öndunarferasýkingar og lyfjainntöku vegna þeirra vandamála hefði V ekki samþykkt vátryggingaumsókn M án álags á grundvelli vinnureglna um áhættumat. Þá vísar V til þess að vanræksla M á upplýsingagjöf hafi veruleg áhrif á mat félagsins og þessi vanræksla M jaðri við svik af hans hálfu. sbr. 1.mgr. 83.gr. vátryggingasamningalaga. V telur því af þessum ástæðum og fleirum sem félagið tiltekur heimilt að skerða bætur með þeim hætti sem gert var og með sömu rökum sé heimilt að breyta iðgjaldinu.

Álit.

Af gögnum málsins er ljóst að M gaf ekki réttar upplýsingar við töku tryggingarinnar og verður að þola skerðingu bóta vegna þeirrar vanrækslu samkvæmt kröfu V. Spurning er um hvað sé sanngjarnt að skerða bætur til M mikið vegna þessarar vanrækslu og þykir eðlilegt að M verði að þola skerðingu bóta um 50% vegna vanrækrar upplýsingaskyldu að virtum öllum gögnum málsins.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr sjúkdómatryggingu sinni hjá V en verður að þola skerðingu bóta um 50% vegna rangrar upplýsingagjafar.

Reykjavík 22.1.2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 542/2012**M
og
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar einstaklings.****Ágreiningur um bótaskyldu er hjólreiðamaður skall á bifreið.****Gögn.**

31. Málskot, móttakið 7.112.2012, ásamt fylgigögnum.
32. Bréf X, dags. 10.1.2013.

Málsatvik.

Hinn 20.8.2012 ók M bifreið sinni, A, til norðurs eftir bifreiðastæði við Sóltún 8 í Reykjavík. Við Sóltún stöðvaði M. Bar þá að B sem kom hjólandi til vesturs eftir gangstétt meðfram Sóltúni að sunnanverðu. Skall hann á hægri hlið A með þeim afleiðingum að nokkrar skemmdir urðu á hliðinni.

Í tilkynningu M um atvikið segir að B hafi komið hjólandi á gangstétt og lent á A sem hafi stöðvað á götuhorni. B hafi ekki náð að stöðva og lent á A.

Í tjónstilkynningu B um atvikið, dags. 20.8.2012, segir að hann hafi verið á reiðhjóli á gangstétt og ekki náð að stöðva A var stöðvuð á horni. Hafi hann lent á A. Þá kemur fram í tilkynningunni að hann telji klaufaskap hafa valdið tjóninu og hann sjálfur sé valdur að því.

B nýtur váttryggingarverndar sem meðváttryggður samkvæmt fjölskyldutryggingu hjá X, þ. á m. ábyrgðartryggingu einstaklings. M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingunni vegna þeirra skemmda sem urðu á A. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

A var kyrrstæð á akbraut við götuhornið þegar B kom hjólandi eftir gangstéttinni. Þótt svo virðist sem A hafi ekki verið lengi stöðvuð þegar óhappið varð, verður engu að síður ekki fram hjá því litið að B náði ekki að stöðva í tæka tíð er hann kom að akbrautinni. Hvað sem líður þeim hraða sem B var á sýndi hann ekki næga aðgát er hann kom hjólandi að horninu. Annað verður heldur ekki ráðið af tilkynningu þeirri sem B gaf eftir óhappið. Verður því að telja nægilega í ljós leitt að skemmdir þær sem urðu á A verði raktar til sakar B. B ber því ábyrgð á tjóninu og það er því bótaskyldt úr ábyrgðartryggingunni hjá X.

Niðurstaða.

Tjón M vegna skemmda á A er bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu einstaklings hjá X.

Reykjavík, 29. janúar 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 543/2012

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Tjón á bifreið er dyr voru opnaðar á annarri bifreið á bifreiðastæði.**Gögn.**

33. Málskot, móttakið 10.12.2012, ásamt fylgigögnum.
34. Bréf X, dags 14.1.2013.
35. Bréf Y, dags. 15.1.2013.

Málsatvik.

Hinn 12.9.2012 voru bifreiðirnar A af tegundinni Land Rover LR3 og bifreiðin B af tegundinni Hyundai Getz kyrrstæðar í stöðureitum á bifreiðastæði við verslunarmiðstöðin Fjörð í Hafnarfirði. B var í stöðureit hægra megin við A.

Í lögregluskýrslu sem ökumaður B gaf hjá lögreglunni á Suðurnesjum kvaðst hann hafa verið á leið að bifreið sinni er hann hafi séð ökumann A setja barn í barnabílstól við hægri afturdyr A og hafi hurð A legið í vinstri afturhurð B. Hafi hann bedið ökumann A að fara varlega og færa hurðina af B, en ökumaðurinn hafi ekki sagt neitt og hurðin á A hafi skolið aftur á B. Ökumaður A hafi síðan farið inn í bifreiðina og ekið á brott.

Í lögregluskýrslu er haft eftir ökumanni A að hann kannaðist við að hafa verið að setja barn í bílstól í A og að hurð A hafi legið utan í næstu bifreið. Hann kvað ólíklegt að hurðin á A hafi getað rispað eða dældað B. Þá kvaðst ökumaður A ekki kannast við að ökumaður B hafi rætt við hann og því hafi hann ekið á brott. Í málskoti kvaðst ökumaðurinn muna það greinilega að hann hafi sagt við lögreglu að hann hafi lagt hurð A að B en ekki á hana.

Er B var skoðuð af lögreglu hafi greinilega mátt sjá fjórar rispur í 86 cm hæð á vinstri afturhurð og dældir í 75 cm hæð og 93 cm hæð fyrir ofan og neðan rispurnar. Við skoðun á A sást ákoma aftast á plastkanti sem er áfastur hægri afturhurð. Ekki var hægt að segja til um það með vissu hvort um nýja ákomu eða gamla hafi verið að ræða.

Álit.

Af gögnum málsins þykir ljóst að ökumaður A hafi opnað vinstri afturdyr bifreiðarinnar til að koma barni þar fyrir í aftursæti og við hægri hlið A hafi B verið kyrrstæð. Ákomustaðir á bifreiðunum voru ekki bornir saman. Ekki verður séð að nein frekari rannsókn hafi farið fram á því hvort skemmdir á B verði raktar til þess að hægri afturhurð A hafi rekist í B en greinir í skýrslu lögreglu. Af rannsókn lögreglunnar einni og sér verður ekki fullyrt að skemmdirnar á B verði raktar til A. Gegn neitun ökumanns A liggur ekki fyrir viðhlítandi sönnun fyrir því að hann hafi verið valdur að tjóninu sem varð á B. Tjónið fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu A.

Niðurstaða.

Tjón á B bætist ekki úr ábyrgðartryggingu A.

Reykjavík, 5. febrúar 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 544/2012**M****og****Vátryggingafélag v/ábyrgðartryggingar A (verslunar)****Ágreiningur um bótaskyldu vegna meiðsla
sem M hlaut er hún rakst á rennihurð verslunar þann 24.04. 2012.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 11.12. 2012.
- 2) Bréf vát.félagsins til nefndarinnar, dags. 21.01. 2013 og tölvupóstur, dags. 25.01. 2013.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M meiddist er hún rakst á rennihurð við inngang verslunarinnar A. M telur að rekja megi meiðsl sín til vanbúðar verslunarinnar sbr. umfjöllun í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Samkvæmt lýsingu í tjónstilkynningu og myndbandsupptöku af slysinu, varð slysið með þeim hætti að M gekk inn í verslunina á eftir öðrum manni. Geisli sjálfvirkrar hurðar nam M ekki og lokaðist hurðin því á M. Við höggið kveðst M hafa hlotið meiðsl í hægri öxl, hálsi og höfuð hægra megin, auk þess sem gleraugu eyðilögðust.

Starfsmaður verslunarinnar skrifaði í tjónstilkynningu að skynjari hurðarinnar hafi ekki verið nógu næmur. Í kjölfar tjónstilkynningar aflaði félagið upplýsinga frá vátryggingartaka ásamt myndbandsupptöku af slysinu. Af hálfu vátryggingartaka er staðhæft að ekki hafi verið um að ræða bilun í hurðinni eða skynjarabúnaði hennar. Hins vegar er vel þekkt að upp geti komið tilvik þar sem skynjarar rennihurða nái ekki að nema manneskju sem er stödd upp við hurðina og gengur greiðlega inn rétt á eftir annarri manneskju. Ekki mun alfarið unnt að koma í veg fyrir slíkt. Hér er því ekki um saknæman vanbúnað að ræða, heldur óhappatilvik sem vátryggingartaka var ómögulegt að koma í veg fyrir. Með vísan til ofangreinds og afstöðu vátryggingartaka til skaðabótakröfunnar telur félagið ekki unnt að fallast á greiðslu úr ábyrgðartryggingunni.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Hér var ekki um vanbúnað hurðarinnar að ræða heldur óhappatilvik. Virðist skynjari hurðarinnar ekki hafa náð að nema M við hurðina því hún var stödd upp við hurðina á hlið og gekk greiðlega á eftir annarri manneskju.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 5. febrúar 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 546/2012**M****og****Vátryggingafélag v/kaskótryggingar A****Umferðaróhapp er A fauk út af vegi þann 10.09. 2012 við ána Kolgrímu í Suðursveit.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 12.12. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 07.01. 2013.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ökumaður A, erlendur ferðamaður, staðnæmdist við brú við umrædda á þegar vindkviða mun hafa feykt bifreiðinni á hliðina sbr. fyrirliggjandi gögn.

Vátryggingafélagið telur að skerða skuli bótarétt M um helming sbr. umfjöllun þess í bréfi til nefndarinnar.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er bótaskylda fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir. Ekki er unnt að fallast á að rekja megi tjónsatburð máls þessa til stórkostlegs gáleysis ökumanns bifreiðarinnar. Ekki er unnt að staðhæfa að vindstyrkur hafi í umrætt sinn farið yfir 24,5 metra á sekúndu. Fyrirliggjandi mæling veðurathugunar var um 22 km frá vettvangi máls þessa. Vissulega mun hafa verið hvasst í veðri en ekki hefur verið sýnt fram á að ökumaður bifreiðainnar hafi brotið þannig gegn varúðarreglu skilmála að það réttlæti skerðingu á bótarétti.

Almennt orðuð viðvörðun sem send var með SMS breytir ekki ofanrituðu. Hafa ber einnig frásögn aðila í huga um að umrætt SMS hafi ekki skilað sér til aðila máls þessa.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir hendi.

Reykjavík 29. janúar 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 547/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. slysaftryggingar launþega hjá A

Starfsmaður segist hafa runnið og fallið aftur fyrir sig þ. 8.9.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 12.12.2012 ásamt fylgiskjölum 1-9
2. Bréf V dags. 21.1.2012 ásamt fylgiskjölum 1-4.

Málsatvik.

M var starfsmaður hjá A og segist hafa runnið í bleyti þar sem hann var við vinnu sína og hafi fallið aftur fyrir sig um einn metra og skolið á bakið. M var einn við störf þegar atvikið gerðist. M leitaði til læknis 12 dögum eftir þetta atvik og krefst bóta vegna þess líkamstjóns sem hann telur sig hafa orðið fyrir. M krefst bóta úr slysaftryggingu launþega hjá A og telur A hafa vitað af slysinu fljótlega eftir að það átti sér stað. M telur að þar sem A hafi endurgreitt honum óvinnufærnivottorð vegna vinnuslyss liggi fyrir að A hafi vitað af slysinu í síðasta lagi tveim vikum eftir að það átti sér stað. Þá vísar M til 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum varðandi rannsókn Vinnueftirlits ríkisins og hafi A gerst sekur um vanrækslu á tilkynningarskyldu. V hafnar bótaskyldu og telur að meint atvik hafi ekki átt sér stað og eymslin sem M kvartar undan verði ekki rakin til þess atviks sem M krefst bóta fyrir. V bendir á að A hafi fengið vitneskju um meint slys löngu eftir að það hafi átt að eiga sér stað og eftir að M hafi sagt upp störfum. Þá vísar V til þess að fyrir liggi vottorð um atvik sem M segist hafa gerst 15.9.2011 þar sem M segist hafa dottið í kjallaratröppum og í umboði lögmanns M segi að slysið hafi átt sér stað 12.9.2011 en á því sé byggt í málinu að það hafi verið þ. 8.9.2011. V telur ósannað að það meiðslu M verði rakin til þess atviks sem M heldur fram að hafi valdið honum líkamstjóni og rekur V nokkur atriði í því sambandi m.a. að dagsetning meinst slyss sé á reiki, engin sjónarvottur hafi verið að óhappinu og ekki sé sýnt fram á orsakatengsl milli verkja og meints óhapps auk nokkurra annarra atriða.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt nægjanlega fram á það af hálfu M að hann hafi orðið fyrir því slysi sem hann heldur fram í máli þessu að hann hafi orðið fyrir þ. 8.9.2011 eða að líkamsáverkar hans séu vegna þess óhapps. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr slysaftryggingu launþega A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysaftryggingu launþega A hjá V

Reykjavík 5.2.2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 548/2012**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Starfsmaður slasaðist við að taka niður ljósamastur áföstu ljósavél.****Gögn.**

36. Málskot, móttækið 13.12.2012, ásamt fylgigögnum.

37. Bréf X, dags. 4.1.2013.

Málsatvik.

Hinn 18.11.2010 var M að störfum við gerð varnargarðs undir Traðarhyrnu í Bolungarvíkurkaupstað á vegum vinnuveitanda síns, V. Um kl. 10.30 að morgni vann M við að taka niður ljósamastur áföstu sérstakri ljósavél sem var útbúin sem tengitæki. Mastrið er þrískipt og þegar það er fellt úr uppréttri stöðu er það dregið saman með stálvírurum og síðan er því slakað niður einnig með stálvír úr lóðréttri stöðu í lárétta stöðu og leggst þannig ofan á ljósavélina. Í umrætt sinn hafði M dregið mastrið saman og hugðist fella það niður á ljósavélina. Vegna mikils vindstyrks sem hélt á móti lagðist mastrið ekki niður. Tók M þá utan um mastrið til að toga það niður. Var þá kominn nokkur slaki á vírinn sem leiddi til þess að mastrið féll niður og M klemmdist á vinstri handlegg á milli mastursins og ljósavélarinnar. Brotnaði hann á vinstri upphandlegg og einnig á þumalfingri hægri handar.

Samkvæmt umsögn Vinnueftirlits ríkisins var ljósavélin og búnaður hennar CE merkt. Í niðurlagi umsagnarinnar kemur fram að gera skuli leiðbeiningar um hvernig skuli reisa og fella mastrið með tilliti til vindhraða og annarra veðurskilyrða.

M kveðst aldrei áður hafa fellt niður mastrið. Hann hafi aldrei fengið leiðbeiningar um það hvernig fella ætti mastrið, þ. á m. við þær veðuraðstæður sem voru á slysstaðnum í umrætt sinn, en V hafi verið ljós sú hætta sem var til staðar þegar mastrið var fellt við slíkar aðstæður. M.a. á grundvelli þessara sjónarmiðar hefur M krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

X hefur hafnað bótaskyldu. Að fengnum upplýsingum frá V kveður X að það hafi einungis verið á verksviði nánar tilgreindra starfsmanna V að taka mastrið niður, þ.e. verkstjóra, flokkstjóra og tækjamanns á staðnum. Annar starfsmaður V hafi einungis beðið M um að slökkva á ljósavélinni. Hann hafi ekki fengið fyrirmæli um að taka mastrið niður og við það hafi hann farið úr fyrir verksvið sitt.

Álit.

Eins og málið liggur fyrir verður að telja ósannað að M hafi fengið fyrirmæli um að fella mastrið eða að slíkt hafi átt að vera í hans verkahring. Verður því heldur ekki talið að slysið verði rakið ófullnægjandi verkstjórnar né þess að ekki hafi verið settar leiðbeiningar eins og Vinnueftirlitið gerði kröfu um. Að öllu athuguðu telst líkamstjón M ekki bótaskyld úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 22. janúar 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 549/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Ökutækja-kaskótryggingar bifreiðarinnar A

Bifreið varð fyrir tjóni þegar hún fór ofan í holu þ. 10.7.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.13.12.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-6
2. Bréf V dags. 14.1.2013.

Málsatvik.

M segir í tjónstilkynningu að A hafi verið ekið ofan í stóra holu á veginum og orðið fyrir tjóni. Í bréfi framkvæmdastjóra M segir að málavextir hafi verið þeir að ekið hafi verið litla hækkun á veginum en handan hækkunarinnar hafi komið hlykkur á veginn og hafi ökumaður B klossbremsað en ekki tekist að stöðva A og A farið út af veginum og hoggið niður í hvarf eða dæld. Þá segir að upphafleg tilkynning um tjónsatvik hafi ekki verið rétt. M krefst bóta úr ökutækja-kaskótryggingu sinni hjá V vegna tjóns á A. V hafnar bótaskyldu og vísað er til tjónstilkynningar og atvikalýsingar í henni og höfnunar félagsins í framhaldi af tjónstilkynningunni. V telur ekki hægt að leggja síðari atvikalýsingu á tjóninu til grundvallar. V vísar að öðru leyti til greinar 2.4. í vátryggingaskilmálum þeim sem um ræðir.

Álit.

Leggja verður upprunalegu tjónstilkynningu til grundvallar hvað málavexti ræðir og samkvæmt málavaxtalýsingu í tjónstilkynningunni er ljóst að tilvikið er ekki bótaskyldt sbr. grein 2.4. í vátryggingaskilmálum.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ökutækja-kaskótryggingu vegna A hjá V.

Reykjavík 29.1.2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 552/2012**M****og****vátryggingafélagið V v/slysatryggingar ökumanns****Ágreiningur um hvort um stórkostlegt gáleysi hafi verið að ræða og um brottfall bótaréttar vegna slyss 30.05. 2012.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 17.10. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 04.01. 2013.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum mun ökumaður A hafa ekið bifreið sinni norður Ólafsfjarðarveg. Hann missti stjórn á bifreiðinni í aflíðandi hægri beygju sbr. fyrirliggjandi gögn. Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það telur að rekja megi tjónsáburð máls þessa til stórkostlegs gáleysis ökumanns í aðdraganda atviksins og bótaréttur sé ekki til staðar úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A. Félagið telur að ökuhraði hafi verið langt yfir leyfilegum hámarkshraða og með gáleysislegum hætti sbr. nánar umfjöllun félagsins í gögnum málsins. Félagið vísar til ákvæðis 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 sbr. og 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 og 1. mgr. 12. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Félagið telur að færðar hafi verið fram sönnur með fullnægjandi hætti að umferðarslysið sé að rekja til stórkostlegs gáleysis ökumanns bifreiðarinnar, hann hafi ekið “langt yfir leyfilegum hámarkshraða, var ekki í bilbelti og hagaði akstri bifreiðarinnar með gáleysislegum hætti í aðdraganda atviksins.” Bótaréttur sé því ekki fyrir hendi.

M er ósammála afstöðu vátryggingafélagsins í máli þessu.

Álit

Í málskotinu lætur M þess getið að hann er ósammála höfnum vátryggingafélagsins á bótaskyldu. Hann rökstyður ekki frekar afstöðu sína.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður að telja rétt að rekja megi tjónsáburð máls þessa til stórkostlegs gáleysis ökumanns bifreiðarinnar. Ökuhraði virðist hafa verið alltof mikill og ökumaðurinn hugði ekki nægjanlega að aðstæðum. Með hliðsjón af framanrituðu og fyrirliggjandi gögnum og 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 fellur bótaskylda niður.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 22. janúar 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 553/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. áhafnartryggingar S

Snúningur kom á hægri öxl sjómanns og hann varð fyrir meiðslum þ. 25.4.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.18.12.2012 ásamt fylgiskjölum 1-8
2. Bréf V dags. 3.1.2013.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu segir að M hafi verið að kasta út dreka á grásleppunetum og fundið að eitthvað gerðist í upphandlegg og í hægri öxl. Í læknisvottorði kemur fram að M hafi átt við veruleg vandamál að stríða með hægri axlarliðiðinn frá árinu 2006 og jafnvel fyrr en ekki hafi verið að sjá að sinar hafi slitnað eða verið skemmdar en í læknisvottorðinu segir að ef um heila sin hefði verið að ræða þá hefði hún ekki slitnað við það átak er sin M slitnaði. M krefst bóta úr áhafnartryggingu bátsins sem hann var á þegar hann varð fyrir meiðslunum. V hafnar bótaskyldu og leggur til grundvallar í því sambanedi lýsingu í tjónstilkynningu vottorð læknis og vísar til að síðar sé talað um að undiralda hafi verið þegar M kastaði drekanum út. M telur rétt að leggja til grundvallar þau gögn sem næst eru umræddu atviki og telur félagið að samkvæmt þeim sé ekki um neinn utanaðkomandi atburð að ræða sem valdi meiðslum M og eigi hann því ekki rétt á bótum.

Álit.

Af tjónstilkynningu og vottorði Guðna Arinbjarnar læknis dags. þ.15.10.2012 verður ekki séð að utanaðkomandi atvik hafi valdið meiðslum M þannig að M eigi rétt á bótum úr áhafnatryggingu bátsins S hjá M. M á því ekki rétt á bótum úr áhafnatryggingu S

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr áhafnartryggingu S.

Reykjavík 22.1.2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 554/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. slysatryggingar sjómanna hjá F

Sjómaður fékk slink á bakið og meiddist. Sönnun og orsakatengsl þ. 20.9.2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.18.12.201 ásamt fylgiskjölum 1-21
2. Bréf V dags. 14.1.2013 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M segist hafa slasast við vinnu sína þ.20.9.2010 þegar hann var að hala niður grandara, sem festist í tromlunni og rykkti honum til þannig að M fékk slink á bakið og féll aftur fyrir sig niður í rennu á þilfarinu. Þetta var í upphafi veiðiferðar og leitaði M til læknis þegar skipið kom í land þ. 27.9.2010, en þar minnst M ekki á ofangreint atvik. M leitaði aftur til læknis þ. 18.10.2010 vegna verkja í mjóbaki og nokkru síðar kom í ljós við segulómun að M var með brjós-klos. Af hálfu M er vísað í framburð Helga Þórs Emilssonar sem segist hafa orðið vitni að ofangreindu atviki og krefst M bóta úr slysatryggingu sjómanna F hjá V vegna ofangreinds atviks. V hafnar bótaskyldu og bendir á að M hafi ekkert talað við skipstjóra þegar þetta atvik hafi átt sér stað, en í skipsdagbók sé ritað þ. 16.10.2010 að M kvarti yfir eymslum í fæti sem hann reki til meiðsla að kvöldi 20.9.2010. Þá vísar V til þess að M hafi leitað til lækna vegna verkja í mjóbaki þ.27.9. og 18.10.2010 en í hvorugt skiptið sé minnst á slys eða áverka sem einkennin verði rakin til. Þá vísar V til framburðar Helga Þórs Emilssonar og segir að sá framburður stangist á við staðreyndir málsins og það sem aðrir áhafnarmeðlimir segi um meint atvik og engin skipsfélaga M kannist við óvinnufærni hans eða kvartanir vegna verkja í þeim tús skipsins sem um ræðir. Þá bendir V á að M hafi farið í tvær veiðiferðir eftir þá veiðiferð sem meint slys hafi átt að eiga sér stað.

Álit.

Ekki er nægjanlega sannað miðað við fyrirliggjandi gögn að líkamsáverka M megi rekja til meints atviks em lýst er að hafi átt sér stað þ. 20.9.2010. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna úr tryggingu F hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna úr tryggingu F hjá V.

Reykjavík 5.2.2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 555/2012

M
og
váttryggingafélagið X v/ slysatryggingar ökumanns og eiganda bifhjóls.

Ágreiningur um lögmæti niðurfellingar slysatryggingar ökumanns og eiganda
bifhjóls.

Gögn.

38. Málskot, móttækið 19.12.2012, ásamt fylgigögnum.
39. Bréf X, dags. 18.1.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 30.4.2009 X samkvæmt lista frá Umferðarstofu beiðni A um að váttryggja bifhjól hans, B. Var váttryggingin gefin út frá og með 29.4.2009. Hinn 21.5.2009 lést A í slysi er hann ók A á Hringbraut í Reykjavík. A lét eftir sig unga dóttur, M.

M hefur krafist bóta fyrir missi framfæranda úr slysatryggingu ökumanns og eiganda hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu þar sem váttryggingin hafi verið fallin niður vegna vanskila er slysið varð. Kveður X að greiðsluáskorun, sbr. 2. mgr. 32. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 og 2. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 424/2008 um lögmæltar ökutækjatrýggingar, hafi verið send A hinn 30.4.2009, þar sem krafist var greiðslu iðgjalds fyrir váttrygginguna innan 7 daga frá móttöku áskorunarinnar ella myndi váttryggingin verða felld úr gildi í samræmi við III. kafla reglugerðarinnar. Hinn 8.5.2009 hafi váttryggingin verið felld úr gildi og það tilkynnt M og Umferðarstofu.

Álit.

Af hálfu X hafa verið lögð fram gögn sem varpa ljósi á það hvernig staðið var að niðurfellingu váttryggingarinnar. Að öllum gögnum virtum þykir mega slá föstu að í kjölfar þess að beiðni um váttrygginguna barst X hinn 30.4.2009 var A send greiðsluáskorun skv. 2. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 424/2008, sbr. og 2. mgr. 32. gr. vsl. Er iðgjaldið var ekki greitt innan tilskilins frests var váttryggingin felld niður 8.5.2009 og það tilkynnt með ábyrgðarbréfi til A auk þess sem Umferðarstofu var tilkynnt um niðurfellinguna eins og kveðið er á um í lokamálslið 2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar. Váttryggingin hafði því verið felld niður með lögmætum hætti er slysið varð 21.5.2009. Af þeim sökum getur M ekki sótt bætur úr váttryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir missi framfæranda úr slysatryggingu ökumanns og eiganda B hjá X.

Reykjavík, 5. febrúar 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 556/2012
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingafélagið V-2 v. B

Árekstur bifreiða á Höfðabakka við Bíldshöfða þ. 19.11.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 19.12.2012 ásamt fylgiskjölum 1-2
2. Bréf V-1 dags. 10.1.2013.
3. Bréf V-2 dags. 28.1.2013 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Árekstur varð á milli A og B á Höfðabakka við Bíldshöfða. Ökumaður A segist hafa ekið Höfðabakka til suðurs á vinstri akrein og segist ekki skilja né muna alveg hvað gerðist en taldi líklegt að hann hefði verið að reyna að koma í veg fyrir árekstur með því að aka upp á kant vinstra megin og síðan yfir á öfugan vegarhelming og þaðan áfram yfir á réttan vegarhelming og síðan að húsi þar sem hann fékk aðstoð. Ökumaður B segist hafa ekið á miðakrein og ætlað að fara yfir á vinstri akrein og gefið stefnuljós til vinstri en ekki verið byrjaður að beygja þegar hann fann högg þegar A hafi verið ekið utan í vinstra framhorn B og hafi ökumaður A stöðvað smá stund og síðan verið ekið yfir kantinn og áfram Höfðabakka til suðurs á öfugum vegarhelmingi og síðan áleiðis upp í Hraunbæ.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið hvor ökumaður fór yfir á akrein hins. Ekki eru efni til þess miðað við gögn málsins að leggja sök á annan ökumann umfram hinn. Sök skiptist því til helminga.

Niðurstaða.

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík 8.2.2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 557/2012**M****og****Vátryggingafélag v/slysátryggingar sjómanns****Ágreiningur hvort um vinnuslys hafi verið að ræða þann 23.04. 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 21.12. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 14.01. 2013.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Atvikum er lýst m.a. í skipsdagbók þannig að “Þegar átti að fara að sleppa uppúr miðnætti kom einn hásetinn (M) og mátti sig varla hreyfa vegna sársauka er virkaði á milli herðablaða, kvaðst M hafa dottið í landganginum, er hann var að koma um borð...” sbr. nánar fyrirliggjandi gögn.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það telur að M hafi ekki lent í slysi í merkingu skilmála. Engum utanaðkomandi atburði sé til að dreifa sbr. umfjöllun félagsins í gögnum málsins. Félagið hafnar umfjöllun M í málskotinu um að vátryggingartaki þurfi að bera hallann af því að hafa ekki tilkynnt atvikið til Vinnueftirlitsins.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum verður lagt til grundvallar að M hafi hrasað í umrætt sinn líkt og gögn málsins gefa til kynna. M virðist hafa runnið til og dottið með þeim afleiðingum sem um getur. Hér var um vinnuslys að ræða samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir hendi.

Reykjavík 5. febrúar 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 558/2012

M
og
váttryggingafélagið X v/ slysatryggingar ökumanns.

Ágreiningur um bótaskyldu (orsakatengsl) vegna líkamstjóns af völdum umferðarslyss.

Gögn.

40. Málskot, móttakið 28.12.2012, ásamt fylgigögnum.

41. Bréf X, dags 14.1.2013.

Málsatvik.

Hinn 16.12.2006 ók M bifreiðinni A vestur Tryggvabraut á Akureyri og beygði til vinstri áleiðis suður Glerárgötu. Bar þá að aðra bifreið úr gagnstæðri átt og árekstur varð með bifreiðunum. Í lögregluskýrslu segir að áreksturinn hafi ekki verið mjög harður, en báðar bifreiðir verið óökufærar eftir óhappið. Í febrúar 2007 kvaðst M hafa verið farið að finna fyrir óeðlilegri þreytu og verkjum í baki og hálsi sem hafi endað með því að hún hafi leitað til heimilislæknis og hann hafi sent hana í sjúkrahjálfun. Í fyrirbyggjandi læknabréfi kemur fram að M hafi leitað til heimilislæknis 27.2.2007. Þar segir að M hafi fengið hnykk fram á við í púðann og síðan verið með áreynslubundna verki í háls hrygg og brjósthygg. Við skoðun hafi hún verið með vöðvaeymsli í hálsi og herðum og „paravertebralt thorakalt“. Mun M hafa verið í sjúkrahjálfun í 15 skipti frá mars til ágúst 2007. Einnig mun hún hafa leitað til kiropraktors í 26 skipti frá mars 2011 til ágúst 2012.

M hefur krafist bóta úr slysatryggingu ökumanns A hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Ekki virðist um það deilt að M eigi rétt á bótum úr slysatryggingu A að öllum bótaskilyrðum fullnægðum, þ. á m. að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn. Ekkert liggur fyrir í gögnum málsins um þá áverka sem M varð fyrir í slysinu að frátöldu því sem fram kemur í fyrrgreindu læknabréfi vegna komu til heimilislæknis 27.2.2007. Þótt M hafi í framhaldi verið í sjúkrahjálfun og leitað til kiropraktors fjórum árum síðar verður ekkert ráðið hvort M hafi hlotið líkamstjón við áreksturinn sem veitir henni rétt til bóta úr slysatryggingunni. Engin matsgerð liggur fyrir um líkamstjón hennar. Er því ósannað að M hafi hlotið líkamstjón í umræddu umferðaróhappi sem er bótaskyld úr slysatryggingu ökumanns A hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns A hjá X.

Reykjavík, 29. janúar 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 562/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar skipsins A

Kona féll aftur fyrir sig um borð í skipi og fótbrotnaði þ. 1.6.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.28.12.2012 ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V dags.13.2.2013 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.

M var farþegi í skipinu A í umrætt sinn og var í röð fyrir utan salerni en við hlið þess er óvarinn stigi og steig M á brún stigans og féll aftur fyrir sig og fótbrotnaði. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V og telur að forsvarsmenn A hafi vanrækt að tryggja öryggi viðskiptavina. Af hálfu M er sagt að M hafi verið búin að fá sér fjóra bjóra þegar atvikið varð en ekki fundið fyrir áfengisáhrifum og því ekki undir áfengisáhrifum. Af hálfu M er á því byggt að gera verði sérstaklega ríkar kröfur til öryggisráðstafana á ákveðnum stöðum eins og þeim sem hér um ræðir þar sem um skemmtanahald sé að ræða en í því tilviki sem hér ræðir um hafi verið dimmt í ganginum og stigaopið því sérstaklega hættulegt. Þá vísar M til ljósmynda og þess að nú hafi verið sett upp reipi við opið til að fyrirbyggja slys. V hafnar bótaskyldu og telur slysið ekki falla undir bótasvið vátryggingarinnar þar sem að skipið hafi verið bundið við bryggju þegar slysið varð. Þá telur V að ekki hafi verið sýnt fram á yfirsjónir eða vanrækslu vátryggingartaka, starfsmanna hans eða annarra sem hann ber ábyrgð á. Þá bendir V á að stiginn sem um ræðir sé ekki falinn heldur greinilegur og sé ekki nálægt salerni sem sé fram við brú en stiginn við útganginn. Þá bendir V á að slysið hafi orðið að sumri til og stór gluggi sé við stigann sem hleypi inn birtu og því ósannað að dimmt hafi verið við stigann. V bendir einnig á að allur öryggisútbúnaður hafi verið samkvæmt reglum um farþegaskip og sé báturinn tekinn út af Siglingamálastofnun árlega í samræmi við lög nr. 47/2003 um eftirlit með skipum og engar athugasemdir hafi verið gerðar við skipið.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á það af hálfu M að öryggisbúnaði skipsins hafi verið ábótavant eða nokkur þau atvik hafi verið fyrir hendi sem leiði til sakar vátryggingartaka eða þeirra sem hann ber ábyrgð á. Þegar af þeim ástæðum á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 5.2.2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 563/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Heimilisvernd/Innbúskaskó.

Tjón á málverki vegna flutninga þ. 5.3.2012

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.28.12.2012 ásamt fylgiskjölum 1-2
2. Bréf V dags. 11.1.2013

Málsatvik.

Málverk var flutt innpakkað og sett inn í herbergi og lagt upp við ofn. Málverkið stóð í einhvern tíma upp við ofninn og þoldi ekki hitann og sprakk og á því voru upphleyptar bólur og för eftir bylglupappa og var málverkið metið ónýtt. M krefst bóta úr Innbústryggingu sinni hjá V og telur að tjónið hafi verið skyndilegt, óvænt og ófyrirséð. V hafnar bótaskyldu og segir að málverkið hafi verið við heitan ofn í 19 daga sem varð til þess að það eyðilagðist. V segir að skemmdir á málverkinu hafi orðið á löngum tíma og því ekki um skyndilegan atburð að ræða. V vísar til greinar 4.9. þar sem fram kemur að tjón af völdum skyndilegra og ófyrirsjáanlegra utanaðkomandi atvika séu bótaskyld og telur tjón M ekki falla undir það.

Álit.

Eins og atvikum er lýst í máli þessu verður ekki annað séð en málverkið skemmist vegna þess að það er geymt við heitan ofn í marga daga. Ekki er annað leitt í ljós en að málverkið hafi verið að skemmast í nokkurn tíma og því fyrir það girt að um skyndilegan tjónsatburð sé að ræða. Með vísan til greinar 4.9. í vátryggingaskilmálum þeim sem um ræðir á M því ekki rétt á bótum úr innbústryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr innbústryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 29.1.2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.